

**ÚRSKURÐARNEFND  
Í  
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

**Samantekt úrskurða 2015**

**Síðast uppfært 12.2.2016**

**Mál nr. 1/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.****Ágreiningur um sönnun fyrir líkamstjóni sem leiðir til bótaskyldu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags 12.1.2015.

**Málsatvik.**

Að morgni 6.6.2014 ók málskotsaðili (hér eftir nefndu M) bifreið (hér eftir nefnd A) norður Sægarða í Reykjavík og beygði til vinstri vestur Vatnagarða. Bar þá að bifreið úr gagnstæðri átt og rakst hún aftast í hægri hlið A. M kenndi eymsla eftir áreksturinn og leitaði til heimilislæknis þá um morguninn. Í læknisvottorði hans kemur fram að M hafi kvartað undan verkjum í hálsi. Verkir hafi ekki verið í baki, handleggjum eða kvið. Við skoðun hafi hreyfingar verið eðlilegar í hálsi en eymsli í hnakkavöðvum. Hún hafi verið þunguð og gengin 26 vikur. Engar blæðingar hafi verið frá fæðingarvegi og engir samdrættir. Við endurkomu 10.6. kvartaði M undan höfuðverk og verkjum í hálsi, hnakka og herðum. Að öðru leyti hafi ekkert markvert verið við skoðun. Hinn 17.7. fékk M tilvísun í sjúkraþjálfun vegna viðvarandi verkja í háls hrygg, herðum og höfði. Auk beiðni um sjúkraþjálfun liggur fyrir vottorð v/ fjarvista, dags. 17.7.2014, þar sem tilgreind er óvinnufærni með öllu tímabilið 17.7.-27.7.2014 svo og annað fjarvistavottorð, dags. 19.8.2014, um algera óvinnufærni vegna vinnuslyss 18.8.-10.9.2014.

Á hádegi á slysdag leitaði M einnig á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hún kvaðst kvarta yfir vægum verk í hnakka og fann fyrir einhverjum vægum svima. Öll lífsmörk reyndust eðlileg, en einhver væg eymsli í vöðvafestum aftan á hnakka en skoðun á hálsi annars eðlileg. Í lok vottorðsins kemur fram að M hafi verið mjög einkennalítill við skoðun og ekkert virtist hafa komið fyrir fóstrið, einungis mjög væg eymsli aftan á hnakka en ekki teljandi tognunareinkenni í hálsi.

B var vátryggð hjá V á vátryggingafélaginu V. Hinn 30.7.2014 tilkynnti M um slysið til V. Að tilhlutan V var aflað útreiknings fyrirtækisins Aðstoðar og Öryggis (hér eftir nefnt B) á þeim þyngdarkröftum sem verkuðu á þær bifreiðar sem lentu í árekstrinum. Samkvæmt útreikningi B, dags. 2.9.2014, nam þyngdarkrafturinn sem verkaði á hvora bifreið 0,25 g. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

**Álit.**

Ekki er um það deilt að A var vátryggð lögmæltri slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V er áreksturinn varð 6.6.2014 og að M hafi þá verið ökumaður A. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi verið vægur. Af læknisfræðilegum gögnum málsins má ráða að M hafi fundið fyrir smávægilegum meiðslum í hnakka og í hálsi af völdum árekstursins strax sama dag. Einnig hafði hún nokkur einkenni við lækni skoðun 10.6.2014. Þótt einkenni hafi ekki verið alvarleg og bendi jafnvel fremur til að um tímabundin einkenni hafi verið að ræða fremur en varanleg verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni við áreksturinn þótt engin afstaða verði að öðru leyti tekin um umfang þess. Tjónið telst bótaskyldt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

**Niðurstaða.**

M telst hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V.

Reykjavík, 17. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 2/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins X.**

**Sönnun atviks um borð í strætisvagni 7. maí 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 1. febrúar 2015 ásamt tölvupóstsamskiptum V og eiganda X.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir að M tilkynnti með tjónstilkynningareyðublaði dags. 14. maí 2014 til V um líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir um borð í tilgreindum strætisvagni (X) þann 7. maí 2014. Einnig liggur fyrir afrit skráningar eiganda X á kvörtun M sem barst símleiðis kl. 17:29:45 þann 7. maí 2014 skv. upplýsingum í tölvupósti til V frá starfsmanni eiganda X. Þar kemur fram að M kveðst hafa séð ökumann X tala í síma án handfrjáls búnaðar þegar hann hafi stoppað harkalega og hún hafi við það náð að hendast til hliðar og hlotið þannig líkamstjón og lýsir nánar mari á vinstri síðu. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi leitað til slysadeildar að morgni 8. maí 2014 þar sem hún var greind m.a. með áverka vinstra megin líkama en þar er atvikum lýst þannig að M hafi flogið úr sæti sínu þegar ökumaður strætisvagnsins X hemlaði skyndilega. Einnig liggur fyrir tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands dags. 1. september 2014 þar sem atvikum er lýst þannig að M hafi kastast til í strætisvagni og fengið áverka vinstra megin líkama.

M telur að hún hafi axlað sönnunarbyrði sína vegna atviks sem hún lýsir skv. ofansögðu þó hún hafi ekki látið ökumann X vita af atburðinum. Vísar M til þess að ökumaður X hafi verið að tala í síma og ekki verið aðgengilegur þess vegna. M hafi hins vegar látið eiganda X vita strax sama dag og hún hafi farið á slysadeild morguninn eftir atvikið þar.

V vísar til skilmála ábyrgðartryggingar ökutækis þar sem kemur fram að félagið greiði bætur að gefnum skilyrðum 1. mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem áskilur að sannað sé tjón sé rakið til notkunar ökutækis. V telur að M hafi ekki fært nægar sönnur á atvik þau sem hún lýsir einhliða, mismunandi tímasetningar séu tilgreindar í gögnum málsins um hvenær atvikið á að hafa átt sér stað og því sé ekki ljóst í hvaða strætisvagni það hafi gerst. V telur upplýsingar í gögnum málsins stangast á og þar sem hún hafi ekki tilkynnt ökumanni X um atvikið hafi ekki komið fram nægilega skýr sönnun á því að tjón hennar megi rekja til notkunar X.

**Álit.**

Þegar skaðabótakrafa er gerð ber sá, sem hana setur fram, sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í málinu liggur fyrir að M tilkynnti starfsmanni eiganda X símleiðis að hún hefði orðið fyrir líkamstjóni í tilgreindum strætisvagni, leið 24, síðdegis 7. maí 2014, eða innan við tveimur klukkustundum frá því að atvikið átti sér stað m.v. allar fyrirliggjandi tímasetningar. Starfsmaður eiganda X hefur staðfest að símtalið átti sér stað og ekki kemur annað fram í gögnum en að X hafi verið það ökutæki sem hafi verið á leið 24 á umræddum tíma, m.v. framlögð gögn um skráningu atviks hjá eiganda X. Ekki verður séð að tilgreining tímasetninga, þar sem munar einhverjum mínútum í frásögn M af nákvæmri tímasetningu atviksins, hafi úrslitaáhrif um sönnun þess. Þessu til viðbótar leitaði M sér læknishjálpar að morgni 8. maí 2014 á slysadeild, eða strax morguninn eftir. Í þeirri lýsingu, sem höfð er eftir M á slysadeild, er ekki sá blæbrigðamunur að það dragi úr sönnun þess atviks sem hér er um deilt. Telst M því hafa fært nægar sönnur að því að hún hafi þann 7. maí 2014 orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til

notkunar ökutækisins X. Það er vert að geta þess að nefndin tekur ekki afstöðu til mögulegs umfangs líkamstjónsins.

**Niðurstaða.**

Sannað er að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í ökutækinu X þann 7. maí 2014, en ökutækið var þá tryggt með ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík 17. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 3/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Túlkun undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála vegna tjóns 16. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. janúar 2015.

**Málsatvik.**

Ágreiningur kom upp milli M og samningsaðila hans um efndir kaupsamnings á helmingshlut í einkahlutafélagi þann 16. desember 2014. Þá urðu vanefndir á greiðslu kaupverðs þannig að uppi er ágreiningur um greiðslu og hyggst M höfða mál á hendur samningsaðilanum til efnda samningsins.

M telur að greiða eigi bætur úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar þar sem hann standi í ágreiningi sem falli undir gildissvið vátryggingarinnar. Ágreiningurinn lúti að sölu á hlutafé í félagi sem hann á 50% í en varði ekki atvinnu hans hjá félaginu eða framtíðarstörf. Undanþága í skilmálum félagsins eigi því ekki við um aðstæður hans.

V telur að ágreiningur sá sem kominn er upp milli M og samningsaðila hans sé í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur M og falli því undir undanþáguákvæði gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum. V vísar til umfjöllunar um M á vefsíðu sem og að M sé skráður framkvæmdastjóri þess einkahlutafélags sem málið varðar.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort ágreiningur sem M hyggst fara með fyrir dómstóla sé þess eðlis að hann varði atvinnu eða embættisrekstur M, en slíkur ágreiningur er sérstaklega undaskilinn ábyrgð V í ákvæði 25.5 í vátryggingarskilmálum sem gilda um fjölskyldutryggingu M hjá V. Þegar litið er til þess að um var að ræða sölu á 50% hlut í einkahlutafélagi þar sem M starfar sem framkvæmdastjóri og eftir því sem best verður séð á ennþá nokkurn hlut í, er ekki hægt að líta öðruvísi á en að ágreiningur um efndir kaupsamnings á slíku félagi sé í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur M í skilningi gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum V. Skilyrði til greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar eru því ekki til staðar.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 10. febrúar 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 4/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frítímaslysátryggingar fjölskylduþryggingar.**

**Maður slasast í ryskingum 18.4.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 13.2.2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt lögregluskýrslu var M sleginn í andlitið svo hann rotaðist, kjálkabrotnaði og tennur brotnuðu. Vitni segja að M hafi verið að espa þann sem sló M og hrinda honum til og hafi sá þá slegið M eitt högg í andlitið. M segir að hann og sá sem sló hann hafi átt í orðaskiptum sem hafi endað með því að maðurinn sló hann. M krefst bóta úr fjölskylduþryggingu sinni hjá V og byggir á því að hann hafi orðið fyrir líkamsárás. M mótmælir því að hann hafi verið þátttakandi í handalögmálum heldur hafi verið um orðaskipti að ræða milli M og áráðarmannsins. V hafnar bótaskyldu og vísar til samhljóða framburðar fjögurra vitna hjá lögreglu en af frásögn þeirra verði ekki annað ráðið en að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum og beinlínis átt frumkvæðið að þeim. V telur að umrætt atvik falli undir grein 4.13. í vátryggingaskilmálum vátryggingarinnar um handlögmál en verði ekki á það fallist að sú grein eigi við þá er vísað af hálfu V til 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga og 13. gr. VI. kafla vátryggingaskilmála tryggingarinnar.

**Álit.**

Í grein 4.13 í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um segir: "Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða; Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði". Í lögregluskýrslu vegna atviksins bera fjögur vitni með þeim hætti að M hafi verið í ryskingum við aðilann sem sló hann. Ekki hafa verið bornar brigður á trúverðugleika vitnanna. Samkvæmt því var M þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn og á því ekki rétt á bótum með vísan til ákvæðis í grein 4.13 í vátryggingaskilmálum V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingar fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 3.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 5/2015**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B.**

**Afgreiðslustúlka datt og slasaðist þ. 31.5.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 7.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 19.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5

**Málsatvik.**

M vann sem afgreiðslustúlka hjá B og var á leið með drykkjarföng á bakka frá bar sem staðsettur er innanhúss, að bar sem er staðsettur utan dyra. Þegar M fór út um dyr og steig á viðarpall fyrir utan rann hún til og datt illa á bakið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V og telur að vinnuáðstæður hafi verið óforsvaranlegar á fasteign B og fyrirsvarsmenn B hafi vanrækt að halda gönguleiðum starfsfólks greiðum og öruggum. M segir að rignt hafi á slysdaginn og pallurinn þar sem M datt hafi verið blautur og háll. Upplýst er að fræst hafi verið í pallinn þar sem M datt til að minnka slyshættu en M telur að slík ráðstöfun dugi ekki til að varna hálkumyndun og bendir á aðrar leiðir sem ættu að geta gefið betri árangur. M byggir á því að aðbúnaður á vinnustað hafi ekki verið í samræmi við reglur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað og vísar M aðallega til 13. gr. laganna og VI. kafla laganna. Þá segir M að hún hafi ekki verið upplýst um þá slyshættu sem var bundin við starf hennar og vísar hún í því sambandi til 14. gr. ofangreindra laga. Þá byggir M á því að B hafi ekki fylgt reglum nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar. M byggir einnig á því að vinnuveitandi hafi ekki útvegað henni viðeigandi skóbúnað og hafi hún sem sumarstarfsmaður hjá B ekki fengið samsvarandi skóbúnað og fast starfsfólk B. Loks vísar M til þess að B hafi ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

V hafnar bótaskyldu og telur að vinnuáðstæður hafi verið forsvaranlegar og slys M verði ekki rakið til vanrækslu af hálfu fyrirsvarsmanna B að halda gönguleiðum greiðum og öruggum. Í því sambandi vísar V til þess að rákir hafi verið fræstar í pallinn þar sem M datt og það hafi gefið góða raun og pallurinn orðið mun stamari en áður og alls ekki hálli en almennt gerist með timburpalla í bleytu. Þá segir V að eftir að rákirnar hafi verið fræstar í pallinn hafi hvorki starfsfólk né gestir slasast fyrr en M datt. V bendir á að M hafi verið búin að vinna í mánuð hjá B þegar slysið varð og búin að gera sér grein fyrir aðstæðum á vinnusvæðinu og fullfær um að meta aðstæður. V telur að reglur 499/1994 eigi ekki við í þessu tilviki og fráleitt að skór sumarstarfsfólks séu sleipari en fastráðins starfsfólks, en munurinn í skóbúnaðinum feli í sér að skór sem fastráðið starfsfólk fái veiti betri stuðning við bakið. V telur atvik málsins liggja ljós fyrir og séu nægjanlega upplýst og óumdeilt hvernig aðstæður voru og atvik að slysinu.

**Álit.**

Fyrir liggur að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Atvik málsins eru þó óumdeild og auðvelt að afla sönnunar um það hvort gerð pallsins sem M steig út á þegar hún datt sé forsvaranleg eða ekki. Fullyrt er af hálfu B og á því byggt af V að M sé sú eina sem hafi orðið fyrir slysi á umræddum palli eftir að rákir voru fræstar í hann og engin andmæli eru við þeirri staðhæfingu. Ekkert liggur



fyrir um að pallurinn hafi verið óforsvaranlegur vegna gerðar gólfefnis eða ófullnægjandi frágangs og verður það ekki lagt til grundvallar þó að Vinnueftirlitið hafi ekki verið kallað á staðinn í kjölfar slyssins.

M hefur ekki sýnt fram á að stjórnendur B eða aðrir sem B ber ábyrgð á hafi vanrækt að fara að lögum nr. 46/1980 eða gerst sekir um brot sem leiddu til þess að B slasaðist. Miðað við það sem fyrir liggur í málinu verður slys M rakið til óhappatilviks en ekki til vanbúnaðar eða þess að öryggismálum hafi verið ábótavant. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 10.2.2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 6/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar ökutækis**

**Umferðaróhapp þegar maður datt á bifhjóli 19.2.2014. Eigin sök.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 8.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 15.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6

**Málsatvik.**

M segist hafa ekið vélhjóli austur Sæbraut og stöðvað á rauðu ljósi og verið að taka af stað aftur á grænu ljósi þegar hann hafi dottið á hjólinu. M segir að hjólið hafi enn verið í fyrsta gir þegar hann hafi dottið og ástæða þess að hann datt hafi verið laus mól og óhreinindi á götunni. Vitni segir að M hafi verið að pota sér á milli ökutækja og þetta hafi verið glannalegt og M verið að leika sér. Annað vitni segir að M og ökumaður Porsche bíls hafi verið að spyrna á leiðinni að ljósunum og síðan hafi M verið að gefa hjólinu inn og ætlað að spyrna þegar hann hafi dottið. Þriðja vitnið ber með sama hætti og síðastnefnt vitni um að ökumenn Porsche bifreiðarinnar og M hafi verið að spyrna af stað þegar M hafi dottið. M krefst bóta úr kaskótryggingu bifhjólans hjá V. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að bera helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar þar sem hann hafi ekið mjög glannalega í umrætt sinn samkvæmt sögn vitna. Hámarkshraði þar sem slysið var er 60 km/klst og skv. hraðaútreikningum sem V aflaði þá hafi M ekið mun hraðar eða á allt að 111 km. hraða áður en það féll á hliðina. Þá bendir V á að tjónið hafi orðið við bestu aðstæður á beinum fjölförnum vegi á þurru malbiki og ekkert bendi til að slysið megi rekja til utanaðkomandi atvika annarra en aðgæsluleysis M sjálfs.

**Álit.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að M var að taka af stað á mótörhjóli sínu eftir að hafa stöðvað við umferðarljós og ekki er í ljós leitt að um hann hafi ekið af stað af stórkostlegu gáleysi þegar hann féll á hjólinu þar sem vitni lýsa háttsemi hans þegar hann tók af stað ekki skýrlega í fyrirliggjandi gögnum. Þeir hraðaútreikningar sem V leggur fram er skjal sem einhliða er aflað af hálfu V án þess að M hafi haft möguleika til þess að hafa athugasemdir við forsendur útreikninganna. Ekki verður byggt á umræddu gagni einu og sér varðandi sönnun ökuhraða M þegar tjón varð. V ber sönnunarbyrði um að það geti takmarkað ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis skv. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Slík sönnun hefur ekki tekist m.v. fyrirliggjandi gögn og á M því rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingu bifhjólans síns hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 17.2.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 7/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamsmeiðsla við aftanákeyslu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags 20.1.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 24.4.2013 var bifreið (hér eftir nefnd A) ekið aftan á kyrrstæða bifreið sem málskotsaðili (hér eftir nefndur M) ók á Áslandi við Ásbraut í Hafnarfirði. Samkvæmt gögnum málsins mun lítið tjón hafa orðið aftan á bifreið þeirri sem M ók, en ekkert tjón á A. M kenndi eymsla eftir áreksturinn og leitaði samdægurs til læknis á heilsugæslustöð. Við þá skoðun er skráð í sjúkraskrá að hann hafi verið stífur við hreyfingar um hálsliði og átt erfitt með „extension og rotation“. Eymsli hafi verið „paravertebralt“ upp hálsinn og í hnakkafestum. Hann leitaði einnig á heilsugæslustöðina 15.8.2013 vegna einkenna og óskað þá eftir beiðni í sjúkrahjálfun.

Einnig liggur fyrir læknisvottorð frá sömu heilsugæslustöð þar sem gerð er grein skráningum í sjúkraskrá M með tilliti til stoðkerfiseinkenna frá árinu 1999. Þar kemur m.a. fram í skráningu hinn 17.8.2000 að M eigi eldri sögu um óhapp í júdó þar sem hann hafi skolið niður og hugsanlega fengið á sig slink og þá um sumarið haft vaxandi verki í herðum og hálsi og höfuðverk bæði í hnakka og enni. Hinn 24.4.2001 er skráð að M sé einlægt með óþægindi í hálsinum, en hann hafi lent í aftanákeyslu sumarið áður. Í komu 25.2.2013 hefur M kvartanir frá hálsi sem stífni og festist, hann hafi haft slæma vöðvabólgu í þrjár vikur. Er einnig frá því greint að ekið hafi verið aftan á hann 13 árum áður og átt í vanda með hálsinn, en farið reglulega til sjúkrahjálfa og það haldið einkennum niðri.

Vegna slyssins 24.4.2013 leitaði M eftir bótum hjá Sjúkratryggingum Íslands. Í „tillögu að matsgerð til ákvörðunar örorku“, dags. 17.11.2012, sem unnin var fyrir stofnunina af tilgreindum lækni er gerð grein fyrir sjúkrasögu M svo sem að ofan greinir. Segir í niðurstöðukafla tillögunnar að ekki sé hægt að útiloka að M hafi versnað við áreksturinn og „rétt að meta miska, vegna slyssins þann 24.04.2013, 4% og slysaörorkuna 4%.“ Í ákvörðun yfirtryggingalæknis, dags. 12.12.2014, segir að í tillögunni sé forsendum örorkumats rétt lýst og að rétt sé metið með vísan til miskataflna örorkunefndar. Sé tillagan því réttur grundvöllur ákvörðunar SÍ um að varanleg læknisfræðileg örorka M vegna slyssins 24.4.2013 sé hæfilega ákveðin 4%.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Að beiðni X var af hálfu fyrirtækisins Aðstoðar og Öryggis (hér eftir nefnt B) reiknaður út þyngdarkraftur sem verkaði á bifreið þá sem M var farþegi í er áreksturinn varð og taldist hann vera 0,37g. M.a. með vísan til þessa útreiknings og gagna málsins að öðru leyti hefur V hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Eins og að ofan greinir liggur fyrir álitgerð læknis auk ákvörðunar yfirtryggingalæknis Sjúkratrygginga Íslands um að læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins 24.4.2013 er metin 4%. Rökstuðningur í matinu verður að teljast rýr í roðinu. Hins vegar liggja engin læknisfræðileg gögn fyrir í málinu sem beinlínis hnekkja þessu mati. Þá má vissulega á það fallast að ekki verði annað ráðið en það högg sem hlaust við áreksturinn hafi verið mjög vægt eins og útreikningar B

gefa til kynna. Af þeim útreikningi verður þó ekki komist að einhlítri niðurstöðu um það að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Þegar litið er til fyrirliggjandi gagna, og þá einkum áðurnefndra gagna frá Sjúkratryggingum Íslands, verður að telja nægilega sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þótt ekki verði tekin afstaða til þess hvort um varanlegt líkamstjón sé að ræða eða einungis tímabundið. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni við téðan árekstur sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 9/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið v/kaskótryggingar A og B.**

**Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna útafaksturs 8. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. janúar 2015 ásamt gögnum, veðurvottorði og stormviðvörðun frá Veðurstofu Íslands, stormviðvaranir Vegagerðarinnar, umfjöllun fjölmiðla um væntanlegt óveður 8. desember, viðtal við forvarnafulltrúa Eimskips í Morgunblaðinu 13. desember 2014, upplýsingar úr ökutækjaskrá um stærð og gerð ökutækja, varúðarviðmið og tölvupóstur frá Eimskip.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að vöruflutningabifreiðin A ásamt tengivagninum B fóru út af Vesturlandsvegi undir Hafnarfjalli rétt eftir kl. 20 að kvöldi 8. desember 2014. Þar kemur einnig fram að vegur hafi verið mjög háll og snjólág yfir öllu. Ökumaður sagðist á vettvangi að hann hefði ekið framhjá skilti Vegagerðarinnar skammt sunnan Borgarfjarðarbrúar og þar hafi komið fram að vindur væri 18 m/sek og í hviðum 34 m/sek. Hann hafi ákveðið að halda ferð sinni áfram þar sem bifreiðin hafi verið fulllestuð.

M telur að háttsemi ökumanns M hafi ekki verið þess eðlis að hún hafi verið langt út fyrir það sem telja má réttilega og gætilega hegðun við umræddar aðstæður. M telur að líta verið til þess að fleiri bifreiðar hafi verið á ferð á sama stað í umrætt sinn, þ.á.m. lögreglubifreið, strætóbifreið, bifreiðar frá Landflutningum og Vegagerðinni, sem var rétt á undan bifreið M, nokkur þyngd hafi verið á farmi sem ætti að draga úr hættu og bifreiðin sem og tengivagn hafi verið búin nýjum vetrardekkjum þar af nagladekkjum að framan. Einnig vísar M til þess að akstur hafi ekki verið í andstöðu við svokölluð varúðarviðmið Samgöngustofu. M bendir einnig á að vindhviða hafi feykt bifreið og tengivagni M út af veginum, hálka hafi verið yfir öllum veginum á þeim stað sem bifreiðin fór útaf sem og hefði hún lent í mýri sem hafi leitt til þess að bifreiðin fór á hliðina, eitthvað sem hefði ekki gerst hefði jarðvegur verið traustari. Þessar aðstæður allar telur M hafa áhrif á sakarmat og draga úr því að hægt sé að leggja til grundvallar að ökumaður bifreiðar M hafi sýnt háttsemi sem feli í sér veruleg frávik frá því sem eðlilegt telst í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

V telur að háttsemi ökumanns bifreiðar M hafi verið stórkostlega gálaus í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga og heimild sé til samsömunar sé fyrir hendi í 3. mgr. 29. gr. sömu laga. V vísar til umfangsmikilla gagna um veðurviðvaranir vegna umrædds landssvæðis frá Veðurstofu og Vegagerð sem birtust víðsvegar, bæði á heimasíðum umræddra stofnana sem og í fréttatímum og fréttamiðlum með góðum fyrirvara. Það hafi verið mikilvægt fyrir ökumann bifreiðar M að meta aðstæður í heild og í ljósi þess að hann er atvinnubílstjóri megi gera ríkari kröfur til hans en annarra ökumanna. Einnig vísar V til ítarlegra varúðarviðmiða sem það hefur gefið út vegna vinds fyrir stór ökutæki. Þar komi m.a. fram að líta verði til vindstyrks í hviðum og að veðurstöðvar sem mæla slíkan styrk nái einungis til tiltekinna svæði og verði að reikna með því að vindur geti mælst sterkari, sérstaklega á þekktum sviptivindastað eins og undir Hafnarfjalli. Þetta hafi verið sérstaklega nauðsynlegt þar sem hálka hafi verið á veginum og þannig erfiðara að bregðast við. Í ljósi allrar þeirrar umfjöllunar sem hafði verið um komandi veðurofsa og þess að gögn liggja fyrir um að önnur flutningafyrirtæki hafi stöðvað för bifreiða sinna metur V það svo að það að aka Vesturlandsveg undir Hafnarfjalli í greint sinn hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu ökumanns bifreiðar M og því geti V takmarkað ábyrgð sína um helming þannig að helmingur tjóns M greiðist úr kaskótryggingum hans hjá V.

**Álit.**

Í málinu liggja fyrir umfangsmikil gögn um veðurspá á því svæði sem ökumaður bifreiðar M ók um kl. rúmlega 20 að kvöldi 8. desember sl. Þau gögn eiga það sameiginlegt að vara með ákveðnum og eindregnum hætti við veðurofsa á svæðinu frá kl. 18 sama dag og fram eftir kvöldi. Nægur tími var því til að gera ráðstafanir í tíma varðandi fyrirhugaðan akstur á þeim tíma. Hér liggur fyrir að meta þá háttsemi ökumanns bifreiðar M að aka Vesturlandsveg undir Hafnarfjalli þrátt fyrir þessar viðvaranir og þrátt fyrir að skilti sýndi 18-34 m/sek vindstyrk á þar nálægt í þeirri færð sem ætla mátti að væri. Um er að ræða heildarmat á aðstæður og háttsemi þarf að fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt er til þess að teljast stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga. Þegar litið er til þessa alls verður ekki annað ráðið en að viðvaranir hafi verið þess eðlis að ökumanni bifreiðar M hefði átt að vera algjörlega ljóst fyrirfram að varhugavert væri að aka undir Hafnarfjalli á þessum tíma. Það staðfesta ótal fréttir af veðurspá, stormviðvaranir yfirvalda sem ekki hefði átt að fara framhjá ökumönnum á þessu svæði. Við þessar aðstæður verður að telja fyrirfram ljóst að hætta er á ferðum og verður ökumaður því að gera sérstakar ráðstafanir til að afla sér upplýsinga um ferðaöryggi. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar M hafi metið með hliðsjón af vindstyrk á skilti Vegagerðarinnar (18-34 m/sek) og því að aðrar bifreiðar væru á ferðinni að öruggt væri að aka áfram. Fyrirnefndar stormviðvaranir gerðu þær kröfur til ökumanna sem þarna voru á ferðinni að gera frekari ráðstafanir en að treysta eigin mati á aðstæðum. Með því að tryggja ekki öryggi bifreiðar og farms með afgerandi hætti, t.d. að kanna hversu margar bifreiðar hefðu farið um svæðið áður en ökumaður bifreiðar M lagði í það, kanna aðstæður frekar hjá Veðurstofu eða Vegagerð eða öðrum vegfarendum, sýndi ökumaður bifreiðar M háttsemi sem víkur verulega frá því sem ætlast má til af atvinnubílstjóra. Hann telst hafa sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hann tók þá ákvörðun að aka um Vesturlandsveg undir Hafnarfjalli við þessar aðstæður. Telst V því geta takmarkað ábyrgð sína með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga en ekki er ágreiningur um að samsömun með ökumanni og váttryggingartaka sé heimil, sbr. 3. mgr. 29. gr. sömu laga. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V en V getur takmarkað bætur við helming þess tjóns sem M varð fyrir.

**Niðurstaða.**

Bætur til M úr kaskótryggingu hjá V takmarkast við helming þess tjóns sem varð 8. desember 2014.

Reykjavík 10. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 11/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B.**

**Maður skarst á framhandleggjum þegar rúða sem hann var að fjarlægja brotnaði þ.  
27.8.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.12.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6 og bréf dags. 2.2.2015.
2. Bréf V dags. 26.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4 og bréf dags. 9.2.2014

**Málsatvik.**

M vann við að taka niður gler-millivegg. Fjarlægja þurfti rúður úr veggnum og voru notaðar sogskálar við verkið. Þegar M ætlaði að losa neðri hluta glersins úr falsinu brotnaði glerið og M skarst illa á framhandlegg. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V. M segist hafa fengið litla sem enga leiðsögn um framkvæmd verksins og ekki fengið hlífðarbúnað. M vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og viðeigandi reglugerða. Þá vísar M til þess að í umrætt sinn hafi honum og samstarfsmanni hans verið sagt að flýta sér að klára verkið, en það sé vítavert gáleysi miðað við eðli verksins. M vísar til 65. gr. ofangreindra laga varðandi áhættumöt. V hafnar bótaskyldu og segir að M sé húsasmíðameistari sem hafi byrjað að vinna hjá B á miðju ári 2012, en unnið lengi við fag sitt. M hafi fengið fullnægjandi leiðbeiningar og framkvæmt sambærileg verk nokkrum sinnum áður en slysið varð. Þá segir V rangt að M hafi verið sagt að flýta sér við framkvæmd verksins og M hafi ekki staðið til boða viðeigandi persónuhlífar enda fái allir starfsmenn B vinnufatnað við hæfi. V telur að slys M verði ekki rakið til atriða sem B ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsaðstæðum hafi verið ábótavant, skort á verkstjórn eða leiðbeiningar við framkvæmd verksins. Þá er ósannað að farið hafi verið fram á það við M og starfsfélaga hans að þeir flýttu sér sérstaklega með umrætt verk og viðeigandi persónuhlífar hafi ekki staðið M til boða við framkvæmd verksins. Ekkert er því fram komið sem sýnir fram á bótaskyldu B eða aðila sem B ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 10.2.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur L. Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 12/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á bílastæði við verslun Bónuss í Borgarnesi 31. 7. 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 12.01.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags 8.12.2014 (sic).
3. Bréf V-2 dags. 3.2.2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var báðum bifreiðum ekið afturábak er árekstur varð milli þeirra. Ökumaður B kvaðst í frumskýrslu hafa verið nær alveg búinn að bakka út úr stöðureit er árekstur hafi orðið en ökumaður A kvaðst hafa ekið afturábak og ekki séð hina bifreiðina og árekstur hafi orðið. Á grundvelli þessara gagna var sök skipt til helminga í Tjónanefnd vátryggingafélaganna.

Fyrir nefndinni liggja hins vegar nú tvær nýjar lögregluskýrslur þar sem fram kemur að ökumaður B hafi ekki verið að aka afturábak heldur áfram inn í stæði. Í annarri af þeim skýrslum kemur jafnframt fram að lögreglumaður sem gerði frumskýrsluna hafi þá tekið rangt eftir og frumskýrsla hans sé því byggð á misskilningi hans. Hið rétta sé að ökumaður B hafi verið að aka áfram inn í stæði þegar A hafi verið ekið afturábak og á bifreið hans.

V-2 gerir ekki sérstakar athugasemdir í málinu og V-1 telur að í ljósi nýrra gagna beri ökumaður A að fullu ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekki nægjanlega að sér við akstur afturábak.

**Álit.**

Í ljósi fyrirbyggjandi gagna er ljóst að ökumaður A gætti ekki nægilega að sér er hann ók afturábak úr stæði og á bifreið B sem var að aka áfram inn í stæði. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 24.2.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 13/2015****M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara V og v/ kaskótryggingar  
bifreiðarinnar A.****Bifreið varð fyrir skemmdum þegar henni var ekið um veg þar sem unnið var að viðgerð.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 15.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags 20.1.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að kvöldi 21.7.2014 ók málskotsaðili (hér eftir nefndur M) bifreiðinni A vestur Siglufjarðarveg. Á nokkurra kílómetra kafla vestan Strákaganga vann V að endurbótum á veginum vegna jarðsigs. Um 11 km vestan gangnanna mun M hafa rekið A niður með þeim afleiðingum að vélarpúði (mótorpúði) og svokölluð AC-dæla urðu fyrir skemmdum. Í lögregluskýrslu um atvikið segir að þar sem óhappið varð hafi verið búið að fræsa upp malbik og var mölin mjög holótt og gróf og malbiksbrúnir beittar. Þar segir enn fremur að sjö kílómetrum vestan Strákaganga séu upp vegmerkingar mjög áberandi þar sem ökuhraði er lækkaður. Merkingar hafi síðan verið af og til næstu fjóra kílómetra að þeim stað þar sem óhappið varð.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem varð á A við óhappið. Einnig hefur M krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X vegna tjónsins. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu V og einnig hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingunni þar eð tjónið sé undanþegið bótaskyldu úr vátryggingunni.

**Álit.**

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Samkvæmt ákvæði þessu verður veghaldari því aðeins gerður ábyrgur fyrir tjóni sem verður á vegi að fullnægt sé þeim skilyrðum annars vegar að sýnt sé fram á að tjónið verði rakið til þess að veghaldarinn hafi sýnt gáleysi við veghaldið, þ. á. m. í tengslum við viðhald vegarins, og hins vegar að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Af gögnum málsins verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að skilyrðum þessum hafi verið fullnægt þegar umrætt tjón varð á A. V ber því ekki ábyrgð á tjóninu og af því leiðir að tjónið telst ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Í 2. gr. í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um kaskótryggingu A eru í fimm tölusettum málsgreinum tilgreind þau tjónstilvik sem vátryggingin tekur til. Samkvæmt gr. 2.4 bætir vátryggingin „hvers konar önnur tjón á hinu vátryggða ökutæki, sem verður vegna skyndilegra og óvæntra, utanaðkomandi atvika en þó með undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálum þessum.“ Í 3. gr. skilmálanna eru ákvæði er varða undanþágu frá bótaskyldu. Segir þar í gr. 3.5 að vátryggingin bætir ekki „[h]vers kyns tjón sem verða á undirvagni ökutækis og hjólbörðum þegar ökutæki rekst niður í akstri svo sem á hryggi eftir veghefla, hraðahindranir, ristarhlið, holur í malbiki, jarðföstu grjóti eða torfæru hvort sem er utan vega og slóða eða ekki. Hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, girrkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins sem og skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman. Hið sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri.“

Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ágreiningur sé með aðilum um að skemmdir á A hafi orðið af völdum höggs er bifreiðin tók niðri á veginum. Var þannig um að ræða skyndilegt, óvænt og utanaðkomandi atvik sem fellur undir gr. 2.4 í váttryggingarskilmálunum. Kemur þá til skoðunar hvort undanþáguákvæðið í gr. 3.5 eigi hér við og X geti fírið sig bótaskyldu í skjóli þess. Hefur X sönnunarbyrðina um það að svo sé. Samkvæmt ákvæðinu bætir váttryggingin ekki tjón á undirvagni eða hjólbörðum ökutækis þegar það rekst niður í akstri eins og nánar greinir í ákvæðinu, m.ö.o. það takmarkast við tjón sem verður á undirvagni eða hjólbörðum hins váttryggða ökutækis, svo og bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins. X kveður skemmdir á vélarpúða og AC-dælu vera skemmdir á undirvagni A. Á hinn bóginn kveður M að svo sé ekki. Engra gagna nýtur við í málinu um það hvort þeir í hlutir í A sem urðu fyrir skemmdum séu hlutar af undirvagni bifreiðarinnar eða tilheyri undirvagninum með óyggjandi hætti þannig að bilun á þeim falli undir undanþáguákvæðið. Gegn andmælum M verður við svo búíð að telja ósannað að hinir skemmdu hlutir tilheyri undirvagni A. Getur X því ekki leyst sig undan ábyrgð með vísan til greinar 3.5 í váttryggingarskilmálunum. Tjónið telst bótaskyldt úr kaskótryggingunni.

**Niðurstaða.**

M ábyrgðartryggingu V váttryggingafélaginu X vegna tjóns á bifreiðinni A.

Tjónið bætist hins vegar úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 10. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 17/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V v/innbrotstryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Gildissvið váttryggingar vegna innbrots 5. júní 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 29. janúar 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi tilkynnt um innbrot og þjófnað úr geymslu íbúðar sinnar sumarið 2014. Í sömu skýrslu er haft eftir M að hann telji að einhver hafi orðið sér út um lykil af geymslunni og farið inn. Frekari gögn sýna að M fékk starfsmann hjá lásasmiðafyrirtæki til að skoða lykil/láshús það sem var á geymslu M. Í skýrslu hans koma fram þær ályktanir að eitthvað annað en lykill hafi verið notaður á umrætt láshús, t.d. stálvír, og líklega hafi það tekist þar sem ekki hafi verið um flókið láshús að ræða.

M telur að skilyrði váttryggingarskilmála um innbrot séu uppfyllt með skýrslu starfsmanns lásasmiðafyrirtækisins sem sýni að ummerki hafi verið á láshúsi um að það hafi verið opnað með öðru en lykli.

V vísar til þess að skilyrði gr. 4.6 um skýr og greinileg merki um innbrot séu ekki uppfyllt auk þess sem ekki liggja fyrir sönnun um að umræddir hjólbarðar hafi verið teknir. Ekki sé hægt að vísa til skoðunar á láshúsi þar sem ekki sé ljóst hvenær ummerki sem þar fundust hefðu komið til.

**Álit.**

Í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V kemur fram í gr. 2.3.2 að hjólbarðar bifreiða í eigu váttryggðra njóti váttryggingaverndar sem innbú. Bótasvið váttryggingarinnar er frekar skilgreint í 4. gr. skilmálanna. Þar kemur fram í gr. 4.6 að váttryggingin taki til innbrota en m.a. séu skilyrði fyrir greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Einnig kemur fram að læsa beri tryggilega stöðum sem váttryggingin tekur yfir þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur beri að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Í váttryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem geyma ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli váttryggingartaka og váttryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í váttryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr.e. í lögnum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til váttryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli váttryggðan hlut. Varúðarregla í skilmálum V gefur þau fyrirmæli til M að hann læsi tryggilega stöðum sem váttryggingin tekur yfir og loki gluggum og kræki aftur og gangi þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Verður skilyrði um greinileg og ótvíræð merki um innbrot ekki skilin öðruvísi en að það séu í raun frekari fyrirmæli um geymslu innbús í skilningi 2. gr. laga um váttryggingarsamninga. Verða því tilvitnuð atriði í orðalagi gr. 4.6 ekki skilin öðruvísi en svo að þau séu í raun og í heild sinni fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann á að geyma váttryggðan hlut og fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um váttryggingarsamninga um 26. gr. laganna.

Í málinu liggur fyrir að M tilkynnir til lögreglu að hjólbarðar hafi horfið úr geymslu hans. Ekki er ástæða til að efast um sannleiksgildi skýrslu M hvað það varðar og að hjólbarðarnir hafi verið teknir ófrjálstri hendi. Á V hvílir sönnunarbyrði um það hvort M hafi brotið gegn ofangreindri varúðarreglu um að váttryggður hlutur sé geymdur í læstu húsnæði. Ekkert hefur komið fram í

málinu sem bendir til þess að geymsla M hafi verið ólæst og verður því að leggja til grundvallar að hún hafi verið læst. Skýrsla starfsmanns lásafyrirtækis skýtur frekari stoðum undir það að lás geymslunnar hafi verið opnaður án lykils og með aðferðum sem fela í sér innbrot í skilningi gr. 4.6 í váttryggingarskilmálum V. Ummerki í láshúsi um að átt hafi verið við það, líklega með stálvír, styðja þetta. Teljast því skilyrði váttryggingarskilmála uppfyllt til greiðslu bóta til handa M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr innbrotstryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 10. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 18/2015**  
**M og**  
**V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B.**

**Starfsmaður meiddist þegar hann steig í bleytu á verkstæðisgólfi þ. 7.3.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 14.1.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 30.1.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-2

**Málsatvik.**

M starfsmaður B segist hafa stigið í snjóbleytu á verkstæðisgólfi og snúningur komið á líkama hans og hann slasast. M segist hafa verið yfirmaður á verkstæðinu í tvö ár og reglan hafi verið sú að þegar búíð hafi verið að gera við bifreið hafi starfsmanni borið að sópa öllum snjó og bleytu í niðurföll áður en byrjað væri að gera við nýja bifreið. M segir að lítið hafi verið að gera og slysið átt sér stað á almennri gönguleið um verkstæðið. M segist hafa verið í öryggisskóm með háлкуverjandi sólum. M vísar til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki fallið í umrætt sinn og því ekki orðið fyrir sérstöku höggi á öxlina. V segir B ekki kannast við þá reglu um þrif eftir viðgerð hvernar bifreiðar, en starfsfólk þrifi gólfið hins vegar reglulega. V bendir á að snjóað hafi allan daginn sem slysið varð og óhapp M kalli ekki á það að Vinnueftirlitinu sé tafarlaust gert viðvart. V mótmælir því að M hafi verið í öryggisskóm með háлкуverjandi sólum í umrætt sinn. V telur því að um óhappatilvik sé að ræða en verði ekki rakin til saknæmrar háttsemi B.

**Álit.**

Vinnueftirlit ríkisins var ekki tilkynnt um slysið og engar upplýsingar liggja fyrir um verkstæðisgólfið og frágang þess. Þeirra upplýsinga var V þó í lófa lagið að afla við meðferð málsins. Ekki er um það deilt að bleyta var á verkstæðisgólfinu og ágreiningur er um hvaða verklagi hafi átt að fylgja við þrif á gólfinu. Upplýst er að snjókoma var allan þann dag þegar slysið varð og því brýn þörf á að gæta vel að þrifum á verkstæðisgólfi en ekki er upplýst að svo hafi verið gert eða eðlilegum vinnureglum hafi verið fylgt í því sambandi. Í málinu liggur ekki heldur fyrir úttekt á starfsaðstöðu eða hvort þrif hafi verið fullnægjandi og verður að líta svo á að V beri hallann af þeim vafa. Verður slíkur vafi ekki túlkaður öðruvísi en að slys M geti allt eins verið vegna þess að vinnureglum var ekki fylgt í greint sinn. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 10.2.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 19/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar útgerðar X.**

**Líkamstjón um borð í skipi 21. júní 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 16. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

M var við við vinnu fyrir fyrirtæki sitt um borð í skipi X þann 21. júní 2012. Nánar tiltekið var M, skv. tjónstilkynningu hans sjálfs dags. 15. ágúst 2012, að setja upp tölvuskjái og rafmagnskassa þegar hann rann af upphækkuðum palli við svokallaðan hausara og festi fótinn, með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hásin.

M telur slys sitt rakið til ófullnægjandi vinnuaðstæðna um borð í skipinu og telur að X sem eigandi skipsins beri ábyrgð á slíkum aðstæðum. M bendir einnig á að X hafi vanrækt að tilkynna um slys M til viðeigandi yfirvalda og beri því hallann af sönnunarstöðu í málinu þannig að leggja verði frásögn M til grundvallar um aðstæður sem uppi voru. M telur að pallur sá sem hann stóð á hafi verið vanbúinn þannig að ekki hafi verið grind utan um pallinn til að varna því að fólk gæti dottið á milli palls og tækis. Einnig bendir M á að X hafi látið laga aðstæður eftir slys M.

V bendir á að skip X hafi verið bundið við bryggju í nokkra mánuði þegar slys M varð og hafi slysið orðið þegar verið var að vinna að endurbótum í skipinu og hafi aðstæður í því tekið mið af þeim. V telur að aðstæður hafi ekki verið ófullnægjandi heldur eins og við mátti búast þar sem framkvæmdir eiga sér stað. V telur að X hafi ekki haft upplýsingar um afleiðingar slyss M þannig að X hafi ekki borið skylda til að tilkynna um slysið til viðeigandi yfirvalda. M hafi verið starfsmaður eigin fyrirtækis en ekki starfsmaður X og hafi X því ekki haft upplýsingar um eðli meiðsla hans eða fjarveru frá vinnu eins og t.d. skilyrði 79. gr. laga nr. 46/1980 gera ráð fyrir og það hafi staðið fyrirtæki M nær að tilkynna um slysið til yfirvalda.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að framkvæmdir hafi átt sér stað um borð í skipi X, Örfirisey RE 4, þegar M kom þar að til vinnu. Slys M varð, skv. lýsingum hans sjálfs í tjónstilkynningu, þegar hann rann af vinnupalli og festist á milli hans og tækis sem þar var. Þó ekki hafi verið sérstök grind utan um pallinn, eins og síðar var sett upp, þegar M slasaðist verður ekki séð að slíkar ráðstafanir hafi verið nauðsynlegar á því stigi framkvæmda sem skipið var. Ekki verður heldur séð að það sé þannig ágreiningur um málsatvik að máli skipti við mat á sök X. Það stóð fyrirtæki M nær að tilkynna um slys hans í ljósi tengsla og upplýsinga um óvinnufærni. Verður ekki af ofansögðu sannað að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 20/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Járnplata féll á mann sem var að opna hurð á gám 1.3.2013**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 15.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-14.
2. Bréf V dags. 2.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M var bílstjóri fyrir A og var að flytja brotamálma og þegar hann opnaði seinni hurð á krókagám datt þung járnplata út úr bílnum og lenti á fæti M þannig að hann slasaðist á hægri rist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að slys M megi rekja til ófullnægjandi verklags, öryggisráðstafanna, skorts á persónuhlífum, verkstjórnar og annarra atvika. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna sem A beri ábyrgð á en slysið verði fyrst og fremst rakið til óhappatilviljunar. Þá vísar V til þess að M hafi verið í öryggisskóm með stáltám og hafi skóbúnaður uppfyllt almennar kröfur sem starfið krafðist. Einnig segir V að Vinnueftirlitið hafi ekki verið kallað til fyrir en á mánudegi vegna þess að M hafi lokið við tæmingu gámsins á föstudegi og taldi sig ekki hafa slasast alvarlega en meiðsli hans hafi komið í ljós um þá helgi. Þá segir V að gámurinn sé enn til staðar og ekkert til fyrirstöðu að skoða hann.

**Álit.**

Í málinu ber M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjóns hans megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að líkamstjón M verði rakið til þess að A hafi brotið gegn lögum eða reglum um öryggi á vinnustað og ekki verða gerðar þær kröfur til A að starfsmenn umgangist einungis nýja gáma við störf sín eða að læsingarbúnaður á fyrirliggjandi gámi hafi verið ófullnægjandi m.v. aðstæður. Ekki hefur því verið sýnt fram á að slys M hafi orðið vegna atvika sem A eða starfsfólk A beri ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.2. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 22/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Stekkjarbakka í Reykjavík þann 12.12.2014.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 19.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 21.1.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, dags. 21.1.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið austur Stekkjarbakka á vinstri akrein í átt að Höfðabakka. Þá var bifreiðinni B ekið norður Stekkjarbakka í átt frá Álfabakka og beygt til hægri eftir sérstakri beygjurein áleiðis austur Stekkjarbakka í sama mund og A var ekið þar. Rákust þá saman hægri hlið A og vinstri hlið B.

Ökumaður A kvað ökumann B hafa tekið víða beygju er hann beygði austur Stekkjarbakka og farið inn á vinstri akrein götunnar og þar hafi árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa verið kominn á Stekkjarbakka á leið til austurs þegar A hafi verið beygt utan í B. Í málskoti kveður ökumaður B að dekk hafi sprungið á A og við það hafi ökumaður A misst stjórn á bifreiðinni og til þess verði áreksturinn rakinn.

**Álit.**

Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að bifreiðirnar hafi stöðvast nokkurn spöl austan gatnamótanna þar sem B var beygt til hægri áleiðis austur Stekkjarbakka, en á þeim gatnamótum hvíldi biðskylda á ökumanni B gagnvart umferð til austurs. Engum vitnum að árekstrinum er til að dreifa og eru ökumenn einir til frásagnar um tildrög hans. Ekki er gjörla ljóst af gögnum málsins hvar bifreiðirnar voru nákvæmlega staðsettar þegar þær rákust sama. Miðað við staðsetningu þeirra eftir áreksturinn verður að telja ósannað að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður B hafi ekki virt biðskyldu er hann beygði til austurs. Ekki verður heldur ráðið hvor ökumanna hafi valdið árekstrinum. Þá verður að telja ósannað samkvæmt gögnum málsins að áreksturinn verði rakinn til þess að dekk hafi sprungið á A. Að öllu virtu og með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður sök skipt að jöfnu á milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 10. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 23/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Tjón á bifreið þegar ruslaflát runnu á hana þ. 12.1.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 3.2.2015.

**Málsatvik.**

M segist hafa verið við vinnu sína hjá A og lagt bifreið fyrir utan vinnustaðinn, en við vinnustaðinn séu tvö stór sorpílát á hjólum í eigu A. M segir að aðkeyptur þjónustuaðili sjái um að losa sorpílátin og þá séu bremsur á þeim losaðar og þau látin rúlla að bifreið og sorpið tæmt í hana. M segir að sorpílát hafi fokið í miklu roki á bifreið sína sunnudagskvöldið 12.1.2014 og valdið tjóni á bifreiðinni, en tveim dögum áður hafi starfsmaður þjónustuaðilans tæmt sorpílátin og hvorugt sorpílátanna hafi verið í bremsu umrætt sunnudagskvöld þó að starfsmaður þjónustuaðilans segist hafa sett þau í bremsu eftir losun þeirra. M segir að bæði sorpílátin hafi runnið annað á bílinn sinn en hitt út á götu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að starfsfólk A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem hafi leitt til þess að umrætt tjón varð á bifreiðinni. V hafnar bótaskyldu og segir ekki vera ljóst af hverju sorpílátin hafi runnið, en miðað við upplýsingar og gögn sem fyrir liggi í málinu verði tjónið ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna A og ekkert liggi fyrir um það af hverju umrædd sorpílát runnu af stað.

**Álit.**

Ekki liggur fyrir hvað olli því að umrædd sorpílát runnu af stað í miklu roki og annað olli því tjóni sem hér um ræðir, þegar það lenti á bifreið í umsjá M. Ekki hefur verið sýnt fram á, að starfsfólk A eða aðrir sem A ber ábyrgð á beri ábyrgð á því tjóni sem hér um ræðir. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.3. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 24/2015****M****og****X f.h. erlends váttryggingafélags Y v/ lífeyristryggingar.****Aðild erlends váttryggingafélags að samningi um úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.****Frávísun.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 14.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 2.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Af gögnum málsins má ráða að málskotsaðili (hér eftir nefndur M) hafi gert samning við X um viðbótarlífeyrissparnað í samræmi við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og inngreiddum iðgjöldum mun hafa verið ráðstafað til greiðslu á lífeyristryggingu hjá þýska váttryggingafélaginu Y.

Með umsókn, dags. 30.6.2014, óskaði M „eftir að fá greitt út **allt** endurkaupsvirði sem laust er til útborgunar úr samningi mínum að hámarki ISK 9.000.000.- í samræmi við lög.“ Ágreiningur virðist vera á milli M og um fjárhæð þeirrar greiðslu sem koma skal til útborgunar. Þeim ágreiningi hefur M skotið til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Hvorki X né Y eiga aðild að nefndinni og telja að vísa beri málinu frá.

**Álit.**

Samkvæmt 1. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Hvorki X né Y eiga aðild að þessu samkomulagi og hafa ekki fallist á að málið verði tekið fyrir af nefndinni. Þegar af þeirri ástæðu heyrir málið ekki undir nefndina og ber að vísa því frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 17. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 25/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Nýbýlavegi í Kópavogi austan Furugrundar hinn 13.10.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 9.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með fjórum bifreiðum, A, B, C og D, sem öllum var ekið austur Nýbýlaveg. D mun hafa verið ekið fremst og verið kyrrstæð vegna umferðar. Næst kom C og ökumaður hennar mun hafa náð að stöðva fyrir aftan D. Þá kom B og skall aftan á C sem við það kastaðist aftan á D. Loks rakst A aftan á B sem við það skall aftur aftan á C. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Lítið tjón er sagt hafa orðið á D og A en mikið á B og C.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 40-45 km hraða á klst. og skyndilega séð bifreiðar sem voru kyrrstæðar fyrir framan hann. Hann hafi reynt að hemla en ekki náð að stöðva og lent aftan á B.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 40-50 km hraða á klst. á eftir C sem hafi verið hemlað snögglega. Hann hafi ekki náð að hemla í tæka tíð og því ekið aftan á C. Þá hafi verið ekið aftan á B þannig að hún kastaðist aftur á C.

Ökumaður C kvaðst hafa ekið á litlum hraða á eftir D. Skyndilega hafi hann tekið eftir að búið var að stöðva D og hann hafi því þurft að nauðhemla. Þegar C var orðin kyrrstæð hafi hann heyrt hemlahljóð fyrir aftan sig og í kjölfarið heyrt skell. Síðan hafi verið ekið aftan á C. Þá hafi hann heyrt annan skell.

**Álit.**

Eins og málið liggur fyrir snýst ágreiningur, sem hér er til úrlausnar, einvörðungu um sakarskiptingu á milli ökumanna A og B, þ.e.a.s. að hve miklu leyti tjón á B skuli bætt úr ábyrgðartryggingu A. Eins og fyrr segir skall B aftan á C með þeim afleiðingum að C skall aftan á D. Ætla má að höggið sem þá varð á milli B og C hafi verið nokkuð þungt. Hvorki frásagnir ökumanna né önnur málgögn sýna fram á annað. Þótt B hafi skolið að nýju aftan á C við það að A var ekið aftan á B er ósannað skv. gögnum málsins að við þann árekstur hafi meira tjón orðið framan á B en þegar hafði orðið við fyrri áreksturinn. Ökumaður A ber ábyrgð á tjóni aftan á B, en ökumaður B ber alla ábyrgð á tjóni framan á B.

**Niðurstaða.**

Tjón aftan á B bættist úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Ökumaður B ber einn ábyrgð á tjóni framan á B.

Reykjavík, 3. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 26/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins X.**

**Gildi fyrirvara við skaðabótauppgjör vegna umferðarslyss 5. febrúar 2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 2. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir að M fékk greiddar bætur skv. skaðabótalögum nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X í nóvember 2013. Í apríl 2014 voru settar fram frekari kröfur af hálfu M vegna bóta fyrir varanlega örorku og vísað til fyrirvara sem gerður var við bótauppgjör milli hennar og V í nóvember árið áður. Ágreiningur er um gildi þess fyrirvara sem settur var en í málinu liggur fyrir afrit tjónsuppgjörstillögu á eyðublaði frá V sem dagsett er 9. nóvember 2013. Ekki verður annað séð en að þar hafi verið handskrifað að uppgjörstillaga sé „samþykkt f.h. tjónþola með fyrirvara“.

M telur að nægilega skýr fyrirvari hafi verið settur við uppgjör milli M og V í nóvember 2013 til þess að hún geti nú haft uppi kröfur um aðra árslaunaviðmiðun skv. 7. gr. skaðabótalaga en gert var í áðurnefndu uppgjöri. M telur að fyrirvarinn hafi verið greinilegur og gerður við bótauppgjörið í heild og þess vegna verði að fjalla efnislega um frekari kröfur hennar um bætur fyrir varanlega örorku.

V telur að umræddur fyrirvari hafi verið verið almennt orðaður og beri M hallann af því að hafa ekki orðað hann með skýrari hætti, sbr. efnislega niðurstöðu í máli Hæstaréttar nr. 576/2013 um hver beri hallann af óskýrum fyrirvara. V bendir einnig á að það verði að skoða gögn málsins í heild sinni, þ.á.m. að krafa M um bætur fyrir varanlega örorku hafi verið byggð á 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og að það hafi efnislega verið fallist á þá kröfu í uppgjörstillögu V. Fyrirvarinn hafi verið settur einhliða fram af lögmanni M og beri M hallann af því að hann hafi ekki verið skýr. V bendir einnig á að m.v. upplýsingar sem það hafi um tekjusögu M sé ekki sannað að aðstæður M hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. þannig að fallast megi á kröfur M ef fyrirvarinn er talinn vera nægilega skýr til að leggja hann til grundvallar.

**Álit.**

Í málinu er meginálitaefnið það hvort gerður hafi verið fyrirvari við bótauppgjör M og V þannig að M geti gert frekari kröfur um greiðslu bóta fyrir varanlega örorku skv. skaðabótalögum. Nánar tiltekið felst í því hvort fyrirvarinn, „samþykkt f.h. tjónþola með fyrirvara“, nái til þeirrar breytingar sem orðið hefur á forsendum kröfugerðar M frá því að bótakrafa var gerð þann 14. október 2013 þar til frekari kröfur voru gerðar með bréfi dags. 14. apríl 2014.

Þegar samningsfyrirvari við bótauppgjör er skýrður verður að leggja til grundvallar að sá sem fyrirvarann gerir greini skýrlega um hvað fyrirvari er gerður. Almennit orðalag, líkt og lögmaður M notaði á uppgjörseyðublaði V, verður síðan að skýra með hliðsjón af samskiptum samningsaðila. Í gögnum málsins verður ekki séð að lögmaður M hafi haft önnur sjónarmið en þau að uppgjör bóta til handa M fyrir varanlega örorku taki mið af árslaunum skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þegar bótakrafa var fyrst sett fram. Féllst V efnislega á þá kröfu og ekki er sýnt fram á að frekari samskipti hafi átt sér stað um þá viðmiðun. Þar sem ekki var ágreiningur um umræddar forsendur árslauna verður ekki með góðum vilja litið svo á að það almenna orðalag, sem lögmaður M notar við uppgjör bóta í nóvember 2013, sé hægt að skilja þannig að ágreiningur hafi verið um forsendur árslauna við uppgjör bóta með samningi M og V. Verður M því að bera

hallann af því að hafa ekki orðað umræddan samningsfyrirvara með skýrari hætti og telst hann ekki hafa náð til árslaunaviðmiðunar við uppgjör bóta fyrir varanlega örorku. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 17. febrúar 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 27/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ bifreiðarinnar A**  
**og vátryggingafélagið V2 v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur við gatnamót Flatahrauns og Helluhrauns 18. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 22. janúar 2015 ásamt gögnum, tölvupósti frá ökumanni bifreiðar B dags. 20. janúar 2015, upplýsingar úr ökutækjaskrá um bifreið A og úrskurður nefndarinnar í máli nr. 27/2014.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A og B við gatnamót Flatahrauns og Helluhrauns í Hafnarfirði þannig að bifreið A var ekið gegn biðskyldu af Helluhrauni inn á Flatahraun til austurs þegar bifreið B, sem var ekið austur Flatahraun, var ekið aftan á bifreið A.

M telur að hann sem ökumaður bifreiðar A þekki aðstæður á vettvangi vel. Hann hafi verið búinn að sinna biðskyldu fyrir umferð um Flatahraun þegar árekstur varð og telur að hann hafi orðið um þrjár bíllengdir frá gatnamótunum. M telur að ökumaður B beri því alla sök á árekstrinum fyrir að aka aftan á bifreið A.

V2 telur að M hafi átta að veita umferð um Flatahraun forgang vegna biðskyldu og beri M því alla sök vegna árekstursins. V telur ósannað að áreksturinn hafi orðið það langt frá gatnamótum að máli skipti við sakarskiptingu.

**Álit.**

Ljóst er af fyrirmælum 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að M sem ók gegn biðskyldumerki af Helluhrauni á Flatahraun átti að veita ökumönnum um Flatahraun forgang, þ.á.m. ökumanni bifreiðar B. Í skýrslu M kemur fram að hann hafi ekið hægt í beygju inn á Flatahraunið sökum færðar. Ekki liggur fyrir með nákvæmum hætti var árekstur varð og ber M hallann af sönnunarskortum um að áreksturinn hafi átt sér stað í þeirri fjarlægð frá gatnamótunum að hann hafi verið búinn að sinna umræddri biðskyldu þegar árekstur varð. M sem ökumaður bifreiðar A ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 3. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 28/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.**

**Starfsmaður sem ók rafmagnssópi slasaðist þegar hún ók á öryggisgirðingu þ. 3.4.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 11.2.2015 ásamt ljósmyndum.

**Málsatvik.**

M ók rafmagnssópi og ók sópnun of nálægt öryggishandriði. Þegar M ætlaði að sveigja frá varð hægri upphandleggur á milli veltigrindar sópsins og öryggishandriðsins með þeim afleiðingum að M slasaðist. M segist hafa verið að aka umræddum sóp í fyrsta skipti. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A og byggir á því að verkstjórn hafi verið áfátt og hún hafi fengið litla sem enga leiðsögn um framkvæmd starfsins. M segir öryggisútbúnað sópsins hafa verið ófullnægjandi. M bendir á gr. 23.a í skaðabótalögum nr. 50/1993 og greinargerðar með frumvarpi til breytingalaga nr. 124/2009. Loks byggir M á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við akstur skráningarskylds vélknúins ökutækis sbr. 88. gr. 1. ml. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987. V hafnar bótaskyldu og segir rangt og ósannað að sópurinn hafi ekki látið að stjórn, en M hafi hallað sér út fyrir veltigrind tækisins. V segir að M haldið störfum áfram eftir slysið og því hafi A ekki verið skylt að tilkynna atvikið umsvifalaust til Vinnueftirlitsins. V hafnar því að slys M verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar eða skorts á þjálfun enda sé sópurinn einfaldur í notkun. V hafnar því að sópurinn hafi ekki verið búinn í samræmi við lög og reglur enda hafi hann fengið fullnaðarskoðun til ársins 2015. Þá hafnar V að í gr. 23.a skaðabótalaga felist hlutlæg ábyrgðarregla. V segir að sópurinn sem M notaði sé ekki skráningarskylt ökutæki í skilningi umferðarlaga og bendir m.a. á reglugerð 751/2003.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi vegna vanbúnaðar á tækinu sem hún vann á í umrætt sinn eða slysið megi rekja til skorts á verkstjórn eða leiðbeininga. Tækið sem M vann á er ekki skráningarskylt ökutæki og því eiga ákvæði 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ekki við. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að slys hennar megi rekja til atvika sem varða sök A eða aðila sem A ber ábyrgð á og ekki er sýnt fram á vanbúnað eða galla eða bilunar í rafmagnssópnum sem um ræðir þá á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3.3. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 29/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V1 vegna bifreiðarinnar A**  
**og váttryggingafélagið V2 vegna bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Holtavegi þann 8. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1, ódagsett, ásamt gögnum.
3. Tölvubréf V2 dags. 9. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs A og B kemur fram hjá ökumanni B að hann hafi verið að aka suður Holtaveg og hugðist aka hann áfram í suðurátt framhjá útkeyrslu frá Holtagörðum. Hafi bifreið A verið stopp við útkeyrsluna en svo allt í einu ekið af stað út á Holtaveg og í veg fyrir bifreið B. Kveðst ökumaður B hafa nauðhemað og sveigt til hliðar en engu að síður lent aftan á bifreið A.

Í sömu tjónstilkynningu kveðst ökumaður bifreiðar A (M) hafa verið stopp við útkeyrsluna frá Holtagörðum inn á Holtaveg og var að bíða eftir umferðinni um Holtaveg. Kveðst M hafa ætlað að aka beint yfir gagnamótin og inn á Skútuvoginn en þar sem það var ekki hægt beygði M til hægri upp Holtaveg. Þurfti M að stöðva bifreiðina um leið og hún var komin inn á Holtaveg sökum bílaraðar. Þegar M var nýkomin inn á Holtaveg var ekið aftan á bifreið A.

**Álit.**

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem ætlar að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensinstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl, veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Bifreið A var að koma af bifreiðastæði (eða svipuðu svæði) og ætlaði inn á Holtaveg. Bifreið A bar því að veita bifreið B forgang þar sem bifreið B var að aka suður Holtaveg. Gögn málsins bera ekki með sér að bifreið B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður eða gáleysislega á einhvern hátt. Verður slíkt að teljast ósannað.

Miðað við framangreint verður að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A sem ók í veg fyrir bifreið B með þeim afleiðingum að árekstur varð.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 24. febrúar 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur L. Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 30/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar ökutækis.**

**Tjón á bifreið 22. nóvember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. janúar 2015.
3. Afrit tjónstilkynninga M sent með tölvupósti frá V dags. 24. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá M hvar hún lýsir atvikum þannig hún hafi ekið til vinstri af þjóðvegi 1 inn á plan við Grenivíkuraflleggjara. Þar hafi bifreið hennar tekið niður þegar hún ók yfir ramp sem hún lýsir að hún hafi ekið yfir. Þegar ekið hafði verið smá spöl til viðbótar hafi bifreiðin stöðvast og orðið óökufær. Í viðbóartilkynningu kemur fram að þar sem bifreiðin hafi farið út af rampi og út af vegi sé um útafakstur að ræða.

M telur að greiða eigi tjón á bifreið sinni úr kaskótryggingu hennar hjá V þar sem um útafakstur sé að ræða sem nái undir vátrygginguna.

V telur að ósannað hvernig tjón á bifreið M bar að og telur ekki ljóst að það megi rekja til tjónsatviks sem fellur undir kaskótryggingu þess. Einnig bendir V á að þó tjónsatvik væri sannað og félli undir vátrygginguna tæki undanþáguákvæði gr. 7.4. í vátryggingarskilmálum til atviksins þar sem um akstur á ósléttri akbraut sé að ræða og tjón á undirvagni sem félagið undanskilur sérstaklega með umræddu ákvæði. Einnig vísar V til gr. 6.1. í sömu skilmálum.

**Álit.**

Til þess að um bótaskyldu sé að ræða úr kaskótryggingu V þarf tjón á bifreið M að vera rakið til tjónsorsaka sem raktar eru í 4. gr. vátryggingarskilmála V. Þar má nefnda árekstur, áakstur, útafakstur, veltu o.fl. Í lýsingu M af tjónsatviki verður ekki annað ráðið en að hún hafi ekið inn á plan við svokallaðan Grenivíkuraflleggjara. Það að aka inn af þjóðvegi 1 inn á umrætt plan telst ekki útafakstur í merkingu 4. gr. vátryggingarskilmála V og má til skýringa vísar til 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem vegur er skilgreindur m.a. sem vegur, gata, götuslóði, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. Af myndum sem m.a. er hægt að nálgast á vefnum www.ja.is af umræddu svæði verður ekki annað séð en að svæðið sem M ók inn á falli undir skilgreininguna vegur og að aka inn á það sé því ekki útafakstur. Verður ekki séð að aðrar tjónsorsakir kaskótryggingarinnar ná til atviksins og á M því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 3. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 31/2015****M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda V.****Starfsstúlka í líkamsræktarstöð varð fyrir meiðslum er loftfímleikahringur losnaði.****Gögn.**

3. Málskot, móttakið 21.1.2015, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf X, dags 20.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Málskotsaðili (hér eftir nefndur M) starfaði hjá líkamsræktarstöðinni V bæði við ræstingar og kennslu í loftfímleikum („pole-fitness“). Hinn 9.2.2012 kom M til starfa í starfsstöð V. Mun hún í fyrstu hafa unnið við ræstingar en að því loknu kvaðst hún hafa farið að undirbúa kennslu í loftfímleikum þar sem hún hafi verið að byrja að kenna svokallaða „aerial hoop“ tíma. Er M hafi verið að æfa sig í loftfímleikahring hafi losnað bolti eða skrúfa sem hélt hringnum í loftinu með þeim afleiðingum að hún féll í gólfið úr um tveggja metra hæð og hlaut áverka í andliti og á hægri öxl.

Að kvöldi slysdags kveðst M hafa sett tilkynningu um atvikið á síðu tilgreinds hóps á samskiptamiðlinum Facebook. Kveðst hún hafa lýst slysinu og atvikum á nákvæman hátt og hvatt til þess að aðbúnaður yrði lagaður. Bað hún samstarfsfólk sitt að taka sína tíma og sjá um þrif á húsnæðinu þar sem hún sæi sér ekki fært að mæta til vinnu næstu daga á eftir. Eigandi V hafi verið í fyrrgreindum hópi á Facebook og honum hafi því átt að vera ljóst að M hafi verið frá vinnu í nokkra daga eftir slysið. Honum hafi því borið að tilkynna um atvikið til Vinnueftirlits ríkisins svo rannsókn á slysinu gæti farið fram.

Í tilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 20.7.2012, kveður M að hún hafi umrætt sinn verið hangandi á hvolfi í loftfímleikahring, er hringurinn hafi afskrúfast úr loftinu og hún dottið á andlitið og öxl. Tilkynningin er undirrituð af fyrirsvarsmanni V, en ekki verður ráðið hvenær hann undirritaði tilkynninguna.

Í tölvuskeyti 12.1.2015 til M kveður nánar tilgreindur aðili að M hafi komið til hans eftir slysið og öll verið lemstruð. Hann kveðst hafa skoðað búnað og festingar loftfímleikahringins. Greinilegt hafi verið að ekki hafi verið gengið nægilega vel frá festingum í lofti til að koma í veg fyrir að búnaðurinn gæti losnað við notkun. Allavega hefði hann aldrei samþykkt svona frágang.

Hinn 10.7.2012 varð eldsvoði í húsnæði V og hætti V rekstri eftir það.

M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hafnaði bótaskyldu. Með tölvuskeyti lögmanns M 13.11.2012 var X tilkynnt að M hefði haft samband „og vill ekki fara lengra með málið.“ Kvaðst lögmaðurinn því hafa lokað málinu. Telur X að M hafi með þessu gefið einhliða skuldbindandi viljayfirlýsingu (loforð) til X um lok málsins. Sé M bundin af þessari yfirlýsingu samkvæmt reglum um gildi loforða. Málinu sé því lokið og greiðsluskylda X sé því ekki fyrir hendi.

**Álit.**

Í tilkynningu lögmanns M til X hinn 13.11.2012 segir það eitt að M vilji ekki fara með málið lengra. Ekki er fyllilega ljóst af hvaða ástæðum tilkynningin var send að öðru leyti en því að lögmaður M upplýsti að hann hefði lokað málinu. Að því verður að gæta að tilkynningin var send í kjölfar tilkynningar X í tölvuskeyti hinn 29.10.2012 um að M hafi verið verktaki hjá V og hún falli því ekki undir launþegatryggingu V. Verður ekki séð að í tilkynningunni hafi í reynd falist annað eða meira en að ekki myndi verða um frekari rekstur málsins af hálfu viðkomandi lögmanns hvað varðar heimtu bóta úr téðri launþegatryggingu. Verður tilkynningin ekki skýrð svo að með henni hafi M afsalað sér rétti til að krefjast skaðabóta úr hendi V að því marki sem slíkur réttur kann að vera fyrir hendi. Bótaskyldu X verður því ekki hafnað á þeim grundvelli að M hafi afsalað sér rétti til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu V.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að fyrirsvarsmáður V hafi fengið vitneskju um slysið, hvorki í gegnum færslu á Facebook eða með öðrum hætti, þannig að hann hafi átt þess kost að tilkynna um slysið strax eftir slysið eins og lög mæla fyrir um. Sönnunarbyrði um atvik máls að því leyti sem þau eru óljós eða óupplýst verður því ekki varpað yfir á V. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu hvornig það gerðist að loftfímleikahringurinn losnaði úr festingum sínum í loftinu. Umsögn þess aðila sem skoðaði aðstæður eftir slysið dugir ekki sem sönnun þess að festingum hafi verið áfátt. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi festingar búnaðarins eða annarra atvika sem V getur borið fébótaábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X.

Reykjavík, 10. mars 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 32/2015**  
**M og**  
**V v. slysatryggingar sjómanna.**

**Sjómaður meiddist á hendi þ. 15.5.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-33
2. Bréf V dags

**Málsatvik.**

M segir málsatvik vera þau að hann hafi verið við vinnu sína sem stýrimaður í bor í rækjubáti þegar járnlá sem er hluti af stálrennu féll ofan á vinstri hönd hans. M segist hafa leitað til heilsugæslunnar á Hólmavík sama dag og greindi læknir M með brot á nökkvabeini vinstri handar. Í skipsdagsbók þ. 16.5.2014 segir að M hafi farið á heilsugæslustöð til að láta líta á hendi vegna mikilla eymsla og hafi vinstri höndin verið sett í gips. M krefst þess að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr slysatryggingu sjómanna og segir að fyrir liggi fullgild sönnun um slysið og afleiðingar þess. Þá telur M að starfslokasamningur sem hann gerði við útgerð skipsins skipti ekki máli varðandi bótaskyldu. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að meint atvik sem leiddi til þess að M slasaðist hafi verið með þeim hætti, sem lýst er í málskoti og bendir í því sambandi til mismunandi lýsinga M á atvikinu sem fram kemur í umboði til lögmanna sem M leitaði til. V segir að engin vitni hafi verið að umræddu atviki. Þá vísar V til að M hafi hlotið áverka á vinstri hendi þ. 29.4.2014 og greinst hafi brot á hnúalið þumals. Þá telur V að ósannað sé að áverkar á vinstri hendi verði raktir til þess atviks sem M byggir bótakröfu sína á. V vísar einnig til starfslokasamnings sem M gerði við útgerð skipsins og telur samninginn fullgildan og verði ekki vikið til hliðar.

**Álit.**

Af læknisfræðilegum gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu liggur fyrir að M varð fyrir slysi þegar hann var við störf sem sjómaður þ. 15.5.2014. Af gögnum málsins og bókun í skipsdagsbók daginn er sannað að umrætt atvik hafi átt sér stað. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna vegna þess. M slasaðist á vinstri hendi rúmum hálfum mánuði fyrir slysið sem hér ræðir um. Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um nákvæmar afleiðingar hvors slyss fyrir sig. Umfang þess tjóns sem M varð fyrir í slysinu þ. 15.5.2014 liggur því ekki fyrir þó bótaskylda sé fyrir hendi vegna slyssins.

Á því er byggt af hálfu V að með starfslokasamningi sem M gerði við útgerð skipsins þar sem slysið varð hafi M afsalað sér rétti til tryggingabóta úr slysatryggingu sjómanna. Í starfslokasamningnum segir að um lokauppgjör sé að ræða milli M og útgerðarinnar sem feli í sér lokauppgjör á slysalaunum, starfslokalaunum og hverjum öðrum fjár-slysa- eða starfskröfum sem hafa(eða gætu haft) með starfssamband M og vinnuveitanda hans að gera. Umræddur starfslokasamningur hefur ekki þýðingu varðandi kröfu M um bætur úr slysatryggingu sjómanna. Samningurinn er á milli M og útgerðar skipsins og varðar lögskipti útgerðarinnar en ekki kröfu M á hendur þriðja aðila.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V, en umfang tjónsins er óljóst miðað við fyrirliggjandi gögn.

Reykjavík 24.3.2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 33/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X.**

**Fjárhæð bóta vegna tjóns á bifreið 17. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. febrúar 2015.
3. Tölvupóstur M dags. 19. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð milli bifreiðar M og bifreiðar sem tryggð er lögmæltum ökutækjatrýggingum hjá V. Ekki er ágreiningur í málinu um að V eigi að greiða bætur vegna tjóns á bifreið M heldur með hvaða hætti eigi að greiða slíkar bætur.

M telur að greiða eigi bætur vegna tjóns á bifreið hans sem geri hann eins settan eins og hann var fyrir áreksturinn. M telur að taka eigi tillit til minniháttar ryðbletts og að það hafi verið rispur verið á bifreiðinni fyrir Til samkomulags hefur M lagt til að V borgi fyrir viðgerð á bifreiðinni en viðgerð á stuðara verði skilin eftir.

V vísar til almennra reglna skaðabótaréttar um að ekki eigi að bæta gamalt með nýju og telur að fullnaðarviðgerð á bifreið M feli í sér að hann fái tjón sitt ofbætt. V vísar einnig til þess að sönnunarbyrði hvíli á M um hvað tilheyri því tjóni sem hann eigi að fá bætt og hvað hafi verið komið til áður. V leggur til að helmingur „fullnaðarviðgerðar“ verði greiddur vegna tjóns M.

**Álit.**

Í málinu liggja ekki fyrir ítarleg gögn um eðli þess tjóns sem varð í árekstrinum 17. desember 2014 og hvaða skemmdir voru á bifreið M fyrir. Á V hvílir sú skylda skv. 2. mgr. 9. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 að sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar. Í gögnum málsins verður ekki séð að V hafi sinnt þeirri skyldu sinni með fullnægjandi hætti gagnvart M. Þegar litið er til þessarar skyldu verður V að bera hallann af sönnunarskortum um réttar bætur vegna tjónsins, en M telst hafa mætt sönnunarbyrði skv. almennum sönnunareglum skaðabótaréttarins um að hann hafi orðið fyrir tjóni. M.v. þau gögn sem lögð hafa verið fram af hálfu beggja aðila og á meðan frekari rökstuðningur og sundurliðun bóta frá V liggur ekki fyrir, verður að fallast á kröfu M um greiðslu bóta vegna tjónsins sem fellst í samkomulagsboði hans um að viðgerð verði framkvæmd og greidd fyrir utan viðgerð á stuðara bifreiðar hans.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V sem nemur viðgerð og málun á efri parti og ljósi en ekki á stuðara bifreiðar M.

Reykjavík 17. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur L. Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 34/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Víkurvegi í Reykjavík þ. 25.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 9.2.2015
3. Bréf V-2 dags. 12.2.2015

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á Víkurvegi við gatnamótin inn á Gagnveg. Umferð um gatnamótin er stýrt með umferðarljósum. Ökumaður B, sem ók á undan A segist hafa ekið Víkurveg til suðurs og ætlað að beygja til hægri inn á Gagnveg og gefið stefnuljós. Ökumaður B segist ekki hafa náð beygjunni heldur runnið framhjá vegna hálfu og stöðvað B sem hafi verið kyrrstæð þegar A ók á B. Ökumaður A segist hafa ekið á eftir B og séð þegar ökumaður gaf stefnuljós og hafi hann þá ekið áfram en séð að B var kyrrstæð á miðjum gatnamótunum og hafi hann þá hemlað en sökum hálfu hafi hann lent aftan á B.

**Álit.**

Ökumaður A gætir ekki nægjanlega vel að umferð fyrir framan sig og sýndi ekki þá varúð sem var nauðsynleg við þær akstursaðstæður sem báðir ökumenn lýsa að hafi verið í umrætt sinn. Ökumaður A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 3.3. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 35/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar veghaldara S**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar ökutækisins A.**

**Bifreið ekið á festingu fyrir umferðarskilti.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags 9.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Síðdegis 21.1.2015 ók málskotsaðili (hér eftir nefnd M) bifreið sinni A vestur Lækjargötu í Hafnarfirði og hugðist beygja til vinstri suður Suðurgötu. Kvaðst M hafa verið að horfa eftir umferð og á ekið yfir litla umferðareyju fyrir umferðarmerki á gatnamótunum, en hvorki skilti né staur hafi verið á umferðareyjunni. Skemmdir hafi orðið á höggvara A og jafnvel undir henni við það að A var ekið á festingu fyrir staurinn sem bar umferðarmerkið.

M kveður umferðarmerkið ekki hafa verið sjáanlegt á vettvangi og ljóst að búið hafi verið að fjarlægja það af undirstöðu sinni. Kveður M S bera ábyrgð á þeim aðstæðum sem voru á vettvangi og varð þess valdandi að tjón varð á A. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V og úr kaskótryggingu A hjá sama félagi. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu S, en með tölvuskeyti til M hinn 22.1.2015 viðurkenndi félagið bótaskyldu úr kaskótryggingunni.

**Álit.**

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá ber veghaldari vegar, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni, sbr. 56. gr. vegalaga.

Af gögnum málsins er ekki ljóst hvernig umferðarskiltið hvarf af undirstöðu sinni á gatnamótunum, þar sem óhappið varð. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að S hafi átt tók á að gera ráðstafanir til að bregðast við hinum hættulegu aðstæðum á gatnamótunum, sbr. fyrrgreind fyrirmæli 2. mgr. 43. vegalaga. Skilyrði bótaskyldu skv. 56. gr. laganna eru því ekki fyrir hendi. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S. V féllst á bótaskyldu úr kaskótryggingunni án fyrirvara um að ábyrgðin væri að einhverju leyti takmörkuð vegna undanþáguákvæða í vátryggingarskilmálum. Tjón á A bætist því að fullu úr kaskótryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón á bifreiðinni A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá V. Tjónið bætist að fullu úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 3. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 36/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á Fífuhammsvegi í Kópavogi þ. 8.10.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 19.2.2015.
3. Bréf V-2 dags. 13.2.2015.

**Málsatvik.**

Ökumaður bifreiðar A segist hafa ekið þeirri bifreið hægt vestur Fífuhammsveg og gleymt að gefa stefnuljós áður en hún tók U beygju í þeim tilgangi að geta ekið Fífuhammsveg til austurs, en þá hafi árekstur orðið þegar B ók inn í hlið A. Ökumaður A segist hafa gætt að umferð og þetta hafi ekki verið nein skyndiákvörðun hjá sér. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A og hafi A verið beygt allt í einu til vinstri án þess að gefa stefnuljós og B lent í vinstri hlið A.

**Álit.**

Bannað er taka U-beygju á þeim stað þar sem ökumaður A hugðist taka U-beygju í umrætt sinn. Ökumaður A gaf ekki stefnuljós eða gaf með neinum hætti til kynna að hún hygðist beygja til vinstri í umrætt sinn og gætti ekki nægjanlega að því að hún gæti beygt án þess að valda hættu eða óþægindum fyrir aðra og ók þannig gegn fyrirmælum í 1. mgr.17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þetta fær stoð í staðsetningu ákomu í hlið bifreiðar A. Ekki þykir sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt eða ógætilega í greint sinn. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 17.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 37/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysatryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Maður féll í stiga 10.6.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 29.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 24.2.2015.

**Málsatvik.**

M segist hafa dottið í tröppum í stigagangi og lent á vinstri mjöðm og fengið mikinn verk í mjöðmina. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að það eina sem finnst um hugsanlegt samband milli slyssins og mjaðmavandamáls M sé símtal hans við lækni 29.9.2014 þar sem M minnst á þetta atvik. V segir að skv. læknisvottorðum sé M kominn með verk í vinstri mjöðm strax 27.3.2014 og minnst ekki á slysið í ítrekuðum læknisheimsóknum fyrst 16.7.2014 til 7.9.2014 en í síðasta tilvikinu segi að um sé að ræða sjöttu komu M á tveim vikum vegna verkja í vinstri mjöðm og sneiðmynd sýni mikið slit og aðgerð hafi verið flýtt vegna slæmra verkja. V telur ósannað að eymsli M í mjöðm megi rekja til þess að hann hafi fallið í stiga þ. 10.6.2014 þar sem hann minnst ekkert á umrætt atvik í fjölmörgum læknisheimsóknum eftir slysið.

**Álit.**

Í læknisvottorði dags. 19.12.2014 kemur m.a. fram að M hafi leitað til læknis þ.27.3.2014 og þá kominn með verk í vinstri mjöðm og röntgen mynd sýndi verulega "arthrosu" með brjósklækkun. Síðar segir að um sé að ræða mjúkpartakalkanir og festumein við festusvæðið á "trochanter minor". Af framangreindu liggur fyrir að M er kominn með verk í vinstri mjöðm rúmum tveim mánuðum fyrir slysið. Sú staðreynd að M var kominn með verk í vinstri mjöðm rúmum tveim mánuðum fyrir slysið og það að hann minnst ekki á slysið við lækna í ítrekuðum læknisheimsóknum frá því að slysið varð til loka september gerir það að verkum að ekkert liggur fyrir sem gefur til kynna að mjaðmaverkir M hafi versnað við fallið þ. 10.6.2014. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 17.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 38/2015****M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsleka í baðherbergi í fjölbýlishúsi.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Málskotsaðili (hér eftir nefnd M) býr á 2. hæð í fjölbýlishúsi (hér eftir nefnt A). Í ljós komu rakaskemmdir í lofti baðherbergis hjá M. Skemmdirnar mátti rekja til vatnsnotkunar í baðherbergi á 3. hæð fyrir ofan íbúð M. Við athugun kom í ljós að frágangur við baðkar í íbúðinni á 3. hæð var ábótavant og vatn náði að leka niður með baðkarinu.

Hinn 24.11.2014 var tjónið tilkynnt X, en svo virðist sem fjölbýlishúsið að A sé vátryggt með húseigendatryggingu hjá X, þ. á m. sérstakri ábyrgðartryggingu sem bætir beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem eiganda húseignar eða húseignarhluta vegna skaðabótaábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum.

Við athugun X á aðstæðum mun hafa komið í ljós að lekið hafði frá baðkarinu um allnokkurt skeið og veggdúkur á veggjum baðherbergisins hafði verið farinn að losna. X hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingarinnar með vísan til gr. 17.9 í vátryggingarskilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda, en samkvæmt því ákvæði bætir vátryggingin ekki tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.

**Álit.**

Í máli þessu liggur fyrir að M er að gera kröfu um skaðabætur úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar hjá X vegna skaðabótaábyrgðar sem eigandi íbúðarinnar á 3. hæð kann að bera gagnvart M. Telja verður ljóst samkvæmt gögnum málsins að langvarandi leki frá baðherberginu á 3. hæð hefur valdið rakaskemmdunum í baðherbergisloftinu hjá M. Tjónið verður þannig rakið til langvarandi vatnsleka frá íbúðinni á 3. hæð sem eigandi íbúðarinnar kann eftir atvikum að bera ábyrgð á. X var því heimilt að bera fyrir sig fyrrgreinda undanþáguheimild í vátryggingarskilmálunum. M getur því ekki leitað bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingarinnar hjá X. Með þessari niðurstöðu er hins vegar ekki tekin afstaða til þess hvort M eigi skaðabótakröfu á hendur eiganda íbúðarinnar þar sem tjónið á rætur sínar að rekja.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar hjá X.

Reykjavík, 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 39/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Tjón vegna sóðavatns á tölvu og síma 20. október 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. apríl (sic) 2015 ásamt gögnum; tjónstilkynning og samskipti við tjónþola sem og vátryggingarskilmálar.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning til V dags. 27. október 2014 þar sem M lýsir tjóni sínu með eftirfarandi hætti: „Tölva&sími voru í tösku sem settur var í vatnsbrúsi sem af e-jum ástæðum fór á hliðina & lak.“ M lýsir atvikinu nánar þannig að sóðavatn hafi verið sett í vatnsbrúsa úr hörðu plasti með mjög þéttu plastloki og stút og sett ofan í tösku, þegar hreyfing hafi komið á töskuna hafi kolsýra í sóðavatninu þrýst stút vatnsbrúsans upp þannig að tjón varð á síma og tölvu.

M telur að tjónsatvikið falli undir 10.gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar V þar sem kemur fram að vátryggingin taki til tjóna sem eigi rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. M telur að V verði að bera hallann af því að orðið ófyrirsjáanlegt sé ekki skýrt frekar í skilmálum vátryggingarinnar og bendir á að það verði að skilja orðið þannig að það sé ófyrirsjáanlegt að tjón verði fyrir vátryggingartaka á þeirri stundu sem tjónið verður.

V telur hvorki skilyrði um skyndilegt eða ófyrirsjáanlegt atvik uppfyllt og bendir á að í fyrstu tilkynningu M hafi komið fram að vatnsbrúsi hafi farið á hliðina en M hafi síðan breytt framburði sínum þannig að tjón sé rakið til þess að þrýstingur hafi valdið því að tappi brúsans opnaðist. Einnig telur V að vatn hafi lekið úr brúsanum í nokkurn tíma sem og að það sé ekki ófyrirsjáanlegt að vatn geti lekið úr vatnsbrúsa, sama hvor ástæðan sé sem M hefur vísað til.

**Álit.**

Í vátryggingarskilmálum V fyrir innbúskaskótryggingu kemur fram að vátryggingin bæti tjón á lausafjármunum sem verða vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika. Í máli M varð tjón á slíkum munum þegar sóðavatn lak úr vatnsbrúsa yfir tölvu og síma hennar. Ekki er ástæða til að draga í efa frásögn M af því að hún hafi komið umræddum vatnsbrúsa fyrir í tösku sinni þannig að hann hafi verið lokaður. Það að brúsin opnist við það að fara á hliðina eða við hreyfingu telst að mati nefndarinnar ófyrirsjáanlegt í almennum málskilningi og verður að túlka vafa um þýðingu orðsins M í hag þar sem um er að ræða túlkun á vátryggingarskilmálum sem V semur einhliða og er því í lófa lagið að afmarka áhættu sína með skýrari hætti en gert er. M á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 3. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 40/2015****M****og****vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A  
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Kringluna í Reykjavík þann 12.12.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags 17.2.2015.
3. Bréf V2, dags. 17.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir akleið á efri hæð bifreiðastæðis að vestanverðu við Kringluna og beygt til vinstri áleiðis vestur eftir akleið í átt út af bifreiðastæðinu. Þar rákust saman A og bifreiðin B sem hafði verið ekið til austurs þessa sömu akleið. Í skýrslu lögreglu um áreksturinn kemur fram að yfirborðsmerkingar á akleiðinni þar sem áreksturinn varð gefa til kynna að þar skuli einungis ekið í þá átt sem A var ekið. Hins vegar gefi engin umferðarmerki það til kynna að einungis sé leyfilegt að aka í þá átt. B var ekið á móti þeirri akstursstefnu sem yfirborðsmerkingarnar gáfu til kynna. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á A en lítið á B.

Ökumaður A kvaðst ekki vita hversu hratt hann ók en taldi sig ekki hafa ekið hraðar en á 20 km hraða á klst. Hann hafi tekið beygjuna og heyrt flaut frá B. Hann hafi reynt að hemla en ekki tekist það í tæka tíð. Hann kvaðst ekki hafa treyst sér til að fullyrða að B hafi þá verið kyrrstæð.

Ökumaður B kvaðst ekki hafa náð að beygja áleiðis út af efri hæð bifreiðastæðisins og því beygt til hægri inn á akleiðina þar sem áreksturinn varð í því skyni að taka stærri hring til að komast út af stæðinu. Hann kvað bifreið sína hafa verið kyrrstæða og verið að bíða eftir að bifreiðir færu fram hjá svo hann gæti beygt. A hafi þá komið í beygjuna til vinstri á miklum hraða. Hann hafi flautað.

**Álit.**

Ökumaður A vissi ekki hvort B hafi verið á ferð eða kyrrstæð þegar áreksturinn varð. Eins og aðstæðum var háttað verður við það að miða að B hafi verið kyrrstæð eins ökumaður hennar hefur staðhæft. Ekki verður ekki talið að áreksturinn megi rekja til akstursstefnu B eða staðsetningar hennar að öðru leyti á akbrautinni. Verður áreksturinn rakinn til gáleysis ökumanns A er hann beygði til vinstri án þess að gæta nægilega að B fyrir framan sig. Verður öll sök á árekstrinum lögð á ökumann A. Myndskeið úr eftirlitsmyndavél af akstri A á bifreiðastæðinu breytir ekki þessari niðurstöðu.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 10. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 41/2015**  
**M og**  
**V v/ slysatryggingar launþega X.**

**Líkamstjón við vinnu 24. maí 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um líkamstjón M. Í lögregluskýrslu er aðdraganda þess lýst þannig að M hafi verið að ganga á bryggju og þá dottið. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 2. september 2013 kemur fram að hægri fótur M gaf undan og M datt með þeim afleiðingum að „hnéskelin fór“. Í ódagsettum vitnisburði vitnis kemur fram að M hafi dottið í stiga. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M hafi runnið til þegar hann var að ganga niður tröppur og dottið á hné með þeim afleiðingum að sin vinstri hnéskeljar slitnaði.

M telur að líkamstjón hans uppfylli skilgreiningu váttryggingarskilmála á slysi, en hvorki í lögregluskýrslu né læknisvottorðum hafi komið fram að hægri fótur M hafi gefið sig. M vísar til nýlegrar réttarframkvæmdar um túlkun slyshugtaks váttryggingaréttar og telur atvikið í takt við t.d. Hrd. 412/2011 sem og eldri og nýlega héraðsdóma. Einnig vísar M til að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt mál M sem slys skv. sama hugtaki.

V telur sýnt af gögnum fá M sjálfum, eða tilkynningu hans til Sjúkratrygginga Íslands, að orsök falls hans sé að hægri fótur hans hafi gefið sig. Aðrar lýsingar af atburðinum hnekki ekki þeirri lýsingu. Einnig vísar V til þess að upplýsingar séu í læknisfræðilegum gögnum málsins um óþægindi M í hnjám fyrir umrætt atvik og styðji það lýsingu í áðurnefndri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. V telur fordæmisgildi héraðsdóma þeirra sem M vísar til takmarkað og telur atvik ekki sambærileg við Hrd. 412/2011. V telur því ósannað að líkamstjón M sé rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi váttryggingarskilmála V.

**Álit.**

Í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í máli nr. 412/2011, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi váttryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfs um að hægri fótur hans hafi gefið sig og valdið því að hann datt og hlaut líkamstjón á vinstra fæti. Aðrar lýsingar á atburðinum hnekkja ekki umræddri lýsingu atvika og verður hún því lögð til grundvallar. Þessi lýsing M bendir eindregið til þess að fall hans sé hægt að rekja til innra ástands í líkama hans en ekki til utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er í skilgreiningu váttryggingarskilmála V á orðinu slys. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingu launþega.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 42/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V v/ ábyrgðarliðar fasteignatrygginga X.**

**Líkamstjón áhorfanda á knattspyrnuleik 14. september 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. janúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. febrúar 2015 ásamt afriti bréfs V dags. 23. desember 2014 sem og myndum af handriði.

**Málsatvik.**

Í málinu liggja fyrir lýsingar af tjónsatburði í málskoti M og svarbréfum V. Af þeim gögnum má ráða að M hafi verið áhorfandi á knattspyrnuleik í áhorfendastúku á Þórsvelli á Akureyri. Stúkan er afgirt með handriði og varð M fyrir líkamstjóni þegar hann féll yfir handriðið, niður á steypa stétt. Hlaut M nokkuð líkamstjón af.

M telur að aðstaða í áhorfendastúku á Þórsvelli uppfylli ekki kröfur byggingareglugerðar nr. 441/1998 um frágang handriða. M bendir á að ekki sé ágreiningur um að handriðið á vellinum sé 82 cm að hæð en bendir á að í gr. 202.15 í byggingarreglugerðinni sé áskilin hæð handriða 100 cm. Það sé því augljóslega brotið gegn ákvæðinu og ekki sé hægt að líta svo á að steypur kantur undir handriðinu sé hluti af því. Einnig telur M að brotið hafi verið gegn gr. 202.13 í byggingarreglugerð þar sem handrið hafi ekki verið klætt sérstakri klæðningu eins og boðið er í umræddri grein.

V vísar til þess að umbúnaður í áhorfendastúku Þórsvallar sé í fullu samræmi við gr. 202.15 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 þar sem umrætt handrið sé í 117 cm hæð frá gólfi stúkunnar og nái því 17 cm lengra en áskilin 100 cm hæð ákvæðisins. Einnig vísar V til þess að í gr. 202.13, sem M heldur fram að hafi verið brotið gegn, sé vísað til þess að handrið þurfi að vera klætt sérstakri klæðningu sé það einungis með láréttum rimlum og gefi möguleika á klifri barna. V vísar því á bug að umrætt handrið sé þess eðlis að það hafi þurft að klæða sérstaklega.

**Álit.**

Gögn málsins geyma myndir af vettvangi og ágreiningur er um hvort handrið við áhorfendastúku sé í samræmi við ákvæði 202.15 og 202.13 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Af umræddum myndum verður ekki annað ráðið en að handrið það sem um er deilt nái 117 cm frá gólfi og verður að líta svo á að steinsteypur kantur á gólfi sé hluti þess. Er það því í fullu samræmi við gr. 202.15 í umræddri byggingareglugerð. Hvað varðar mögulegt brot á gr. 202.13 verður ekki ráðið af gögnum málsins að sérstök klæðning hafi verið nauðsynleg m.v. aðstæður, þess þá heldur að orsakatengsl séu milli þess að hún hafi ekki verið til staðar og slyss M. Ekki liggja því fyrir gögn sem sýna fram á að brotið hafi verið gegn ákvæðum byggingarreglugerðar í áhorfendastúku Þórsvallar og X ber því ekki skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X.

Reykjavík 10. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 43/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frítímaslysáttryggingar.**

**Kona rann til með höfuðið við líkamsæfingar og meiddist þ. 26.8.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 3.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 16.2.2015

**Málsatvik.**

M var að gera jógaæfingu þegar hún rann til með höfuðið og fékk hnykk á hálsinn. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V og byggir á því að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi 19. gr. vátryggingaskilmála þeirra sem um ræðir. Af hálfu Mer tekið fram að slysið hafi orðið vegna atvika sem gerðust utan líkama hennar en stafi ekki af afleiðingum atvika sem hafi gerst innan líkama M. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða sbr. 19. gr. vátryggingaskilmála tryggingar M hjá V. V segir að ekkert utanaðkomandi hafi valdið meiðslum á líkama M heldur hafi hún orðið fyrir ofreynslu eða tognun við æfingar en ekkert í gögnum málsins bendi til að M hafi orðið fyrir slysi.

**Álit.**

M varð fyrir líkamstjóni við líkamsæfingar. Ágreiningur er um það hvort líkamstjónið sem M varð fyrir falli undir hugtakið slys skv. 19. gr. vátryggingaskilmála frítímaslysáttryggingarinnar, sem eða ekki. Ekkert er fram komið eða sýnt fram á af hálfu M að um óvænt eða skyndileg utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða í umrætt sinn eða að líkamstjón M verði rakið til ákomu eða utanaðkomandi áhrifa. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 44/2015****M  
og  
váttryggingafélagið V v/ fjölskyldutryggingar.****Bakpoka með ljósmyndaáhöldum o.fl. stolið á dyrapalli við heimili váttryggðs.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags 18.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 28.11.2014 kom málskotsaðili (hér eftir nefndur M) heim til sín og bar fjóra innkaupapoka auk bakpoka með ljósmyndaáhöldum, tölvu o.fl. sem hann kvaðst nota í tengslum við aukavinnu sína. Segir í málskoti að um leið og hann gekk að tröppunum hafi útidyrnar opnast og ung dóttir hans og hundur komið á móti honum. Eiginkona hans hafi í sömu andrá verið á leið út úr húsinu. Hann hafi lagt innkaupapokana og bakpokann frá sér efst á tröppunum við dyrainnganginn og tekið dóttur sína upp. Þá hafi hundurinn, sem eigi til að hlaupa í burtu, horfið fyrir húshorn og hafi hann farið á eftir hundinum með dótturina í fanginu. Er hann hafi komið til baka um 5-7 mínútum síðar hafi hann lagt dóttur sína frá sér og ætlað að taka upp innkaupapokana og bakpokann. Hafi hann þá tekið eftir að bakpokinn var horfinn.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V og hefur krafist bóta fyrir það tjón sem hann varð fyrir vegna hvarfs bakpokans. Í tjónstilkynningu sinni tilgreinir M sjö muni sem hafi verið í bakpokanum að verðmæti á bilinu 10.000 til 350.000 krónur, samtals að verðmæti 1.000.000 krónur. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Einn liður í fjölskyldutryggingu M hjá V er innbústrygging sem m.a. tekur til tjóns vegna þjófnaðar úr grunnskóla eða ólæstri íbúð. Að öðru leyti tekur innbústryggingin til tjóns vegna þjófnaðar. Ljóst er að bakpoka M var stolið af dyrapallinum fyrir utan íbúðina. Af þeim sökum getur tjónið ekki fallið undir innbústrygginguna og fæst tjónið því ekki bætt úr þessum lið fjölskyldutryggingarinnar.

Einn annar liður fjölskyldutryggingarinnar er svokölluð innbúskaskótrygging. Samkvæmt þeirri váttryggingu bætist tjón á váttryggðum lausamunum ef tjónið er að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Undanskilið er m.a. tjón á munum sem eru skildir eftir á almannaferi. Skv. 9. gr. váttryggingarskilmálanna tekur innbúskaskótryggingin til lausafjármuna sem tilheyra innbúi hinna váttryggðu, sbr. 1. og 2. gr. í innbústryggingunni. Skv. 2. gr. tekur innbústryggingin til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna váttryggðu. Með almennu innbúi er átt við lausafjármuni, sem fylgja almennu heimilishaldi og eru í dæmaskyni taldir upp ýmsir munir sem taldir eru fylgja almennu heimilishaldi. Með sérgreindu innbúi er svo m.a. átt við málverk, listaverk, myndavélar, upptökuvélar, sjónauka, hljóðfæri, hljómtæki, útvarps- og sjónvarpstæki og tölvur ásamt fylgihlutum til framangreindra tækja. Verður samkvæmt þessu ekki betur séð en þeir munir sem voru í bakpoka M teljist til sérgreinds innbús sem váttryggingin tekur til, en ekki verður ráðið af gögnum málsins að þessir munir séu undanskildir í váttryggingunni fyrir það eitt að M noti þá að einhverju leyti í atvinnuskyni. Verður því að líta svo á að innbúskaskótryggingin taki til þeirra muna sem voru í bakpoka M. Þá verður einnig að telja að hvarf pokans hafi orðið af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atburðar. Af því

leiðir að tjónið telst bótaskyldt úr vátryggingunni nema til komi önnur atvik er leitt geta til þess að ábyrgð V falli niður í heild eða að hluta.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að frá götu liggur gangstétt nokkurn spöl inni á lóð við hús það, sem M býr í, að tröppum upp á dyrapall fyrir framan útidyrnar. Í tröppunum eru átta þrep upp á dyrapallinn og þar á vinstri hönd þegar gengið er upp tröppurnar myndast eins konar skot fyrir framan dyrnar. Þar mun M hafa lagt bakpokann frá sér er hann fór á eftir hundinum. Verður ekki litið svo á, eins og aðstæður voru þarna, að M hafi skilið pokann eftir á almannafæri í skilningi undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna. Verður bótaábyrgð V því ekki felld niður með vísan til þessa ákvæðis.

Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, sbr. og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2006, losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi. M skildi bakpokann eftir fyrir framan útidyrnar, en í pokanum var ýmis konar búnaður að verðmæti ein milljón króna. Enginn gætti pokans er M hvarf á braut á eftir hundinum. Þannig var pokinn án nokkurrar umsjár í um 5-7 mínútur. Þegar litið er til þess hversu mikil verðmæti voru í pokanum og hversu lengi M var í burtu verður að telja að M hafi sýnt stórfellt gáleysi. Eftir atvikum öllum verður að telja rétt að bætur úr innbúskaskótryggingunni skerðist af þessum sökum um helming.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt á bótum að helmingi úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 10. mars 2015.

---

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 45/2015****M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður í álveri brenndist á fæti er álsletta lenti ofan í skó hans.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 4.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 8.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var að störfum í álveri V og var að hella áli úr ausu í mót vegna sýnatöku. Er hann ætlaði að tæma afganginn úr ausunni slettist bráðið álið á klæðnað M og komst einhverra hluta vegna ofan í skó hans á hægri fæti. Varð hann fyrir alvarlegum skaða á fætinum og varanlega læknisfræðileg örorka hefur verið metin 20%.

M telur að ekki hafi verið gætt nægra varúðarráðstafana þegar sýni voru tekin og persónuhlífar hafi ekki verið fullnægjandi við framkvæmd verks eins og hér um ræðir. Þannig hafi ekki verið gætt ýmissa ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum né heldur ákvæða í reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum eða í reglum nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa, sbr. ákvæði í reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Ekkert liggur fyrir um það að ausa sú sem M notaði umrætt sinn hafi að einhverju leyti verið áfátt eða slysið verði með einhverju móti rakið til þess að verklag eða verkstjórn við framkvæmd verksins hafi ekki verið fullnægjandi. Samkvæmt því sem liggur fyrir um hlífðarbúnað þann sem M notaði, svo sem skó og buxur, verður ekki annað ráðið en að hann hafi átt að duga, sé hann rétt notaður, til að koma í veg fyrir að bráðið ál geti komist ofan í skó starfsmanns. Ekki er tilefni til að ætla að M hafi ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar um notkun hlífðarbúnaðarins. Að öllu virtu verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Af því leiðir að líkamstjón M telst ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 24. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 46/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ slysaftryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Líkamstjón vegna falls við bensínstöð 20. apríl 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 3. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning M sjálfrar um atvik líkamstjóns hennar þann 20. apríl 2014. Þar kemur fram að M hafi gengið á eftir afgreiðslustúlku fyrir framan bensínstöð þar sem hún þurfti að sveigja framhjá vörum sem hafði verið stillt upp þar fyrir framan. M hafi síðan ekki vitað fyrr en hún rankaði við sér á stéttinni þar sem hún hafði skolið harkalega fram á höku og hendur og kveðst ekki muna hvernig hún féll. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi hlotið sár á höfði og höku, liðhlaup á fingri og mar á öxlum og upphandleggjum.

M telur að líkamstjón M sé hægt að rekja til slyss í skilningi vátryggingarskilmála V þar sem hún hafi sennilega skrikað fótur eða rekið sig í áður en hún féll. M telur einnig að V hafi ekki gert líklegt að eitthvað innra með henni hafi leitt til fallsins. M vísar til nýlegrar dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands þ.á.m. Hrd. 412/2011 máli sínu til stuðnings og telur V ekki hafa uppfyllt sönnunarbyrði sína um að fall hennar sé hægt að rekja til sjúkdóma eða annars innra með henni.

V vísar til þess að M geti ekki gert grein fyrir því hvernig það atvikaðist að hún féll í greint sinn. V bendir einnig á að í læknisfræðilegum gögnum málsins komi fram að skömmu fyrir umrætt atvik hafi M einnig fallið án skýringa og þá sé einnig haft eftir M að hún hafi fallið ítrekað heima við. V telur að með hliðsjón af umræddum gögnum verði ekki fallist á bótaskyldu vegna kvartana og einkenna frá hnakka, höfði, hálsi, öxlum og mjöðm en hefur fallist á bótaskyldu vegna líkamstjóns M á útlimum með vísan til gr. 26.3 í vátryggingarskilmálum.

**Álit.**

Í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í máli nr. 412/2011, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfrar um að hún viti ekki hvað það hafi verið sem orsakaði fall hennar. Í frekari lýsingum M sjálfrar, sem fá stoð í læknisfræðilegum gögnum málsins, má sjá að hún hafði ítrekað fallið fyrir umrætt atvik án skýringa. Það bendir eindregið til þess að fall hennar 20. apríl 2014 sé hægt að rekja til innra ástands í líkama hennar en ekki til utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er í skilgreiningu vátryggingarskilmála V á orðinu slys, vegna líkamstjóns sem er ekki á útlimum vátryggðs. M á því ekki rétt á bótum vegna annars en líkamstjóns sem hún hlaut á útlimum.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu fjölskyldutryggingar hjá V nema vegna tjóns á útlimum.

Reykjavík 17. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur L. Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 47/2015****vátryggingafélagið X vegna ferðasjúkrakostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Synjun um greiðslu sjúkrakostnaðar á ferðalagi erlendis.****Gögn.**

- 1) Málskot, mótttekið 5.2.2015, ásamt fylgiskjölum
- 2) Bréf X, dags. 26.2.2015

**Málsatvik.**

Málskotsaðili leitaði sér lækninga á Bangkok Hospital Pattaya á Tælandi vegna óþæginda í ristli meðan á ferðalagi hans stóð þar ytra. Telur hann sig eiga rétt á greiðslu úr fjölskyldutryggingu sinni vegna sjúkrakostnaðar á ferðalagi erlendis.

X hefur hafnað greiðsluskyldu sökum þess að ekki hafi verið um bráð veikindi að ræða og vísar þar til álits læknis á vegum neyðarþjónustufyrirtækis sem vísað er til í vátryggingarskilmálum V.

Málskotsaðili kvartar yfir synjun X og telur að hann eigi rétt til greiðslu lækniskostnaðar og vísar til læknisvottorða máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Mál þetta varðar túlkun ákvæði 61. gr. vátryggingarskilmála X, nánar tiltekið hvort inntak þess takmarkist við bráð veikindi og slys á ferðalagi. Ákvæðið ber með sér að félagið greiði bætur vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings sem vátryggingin tekur til, þar á meðal læknis- og sérfræðikostnað o.fl. vegna þess að vátryggður veikist eða slasast á ferðalagi.

Í ákvæðinu segir ekki berum orðum að greiðslur úr tryggingunni miðist eingöngu við slys og bráð veikindi né ber orðalag þess að öðru leyti það með sér að slík takmörkun felist í því. Slíkar takmörkunarreglur er heldur ekki að finna í öðrum ákvæðum skilmálanna. Verður X að bera hallann af þögn ákvæðisins hvað þetta varðar. Af þessum sökum er fallist á greiðsluskyldu lækniskostnaðar M úr fjölskyldutryggingu hans.

**Niðurstaða.**

Málskotsaðili á rétt á greiðslu vegna sjúkrakostnaðar á ferðalagi úr ferðasjúkrakostnaðarlið fjölskyldutryggingar.

Reykjavík, 14. apríl 2015

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Sævar Þór Jónsson hdl.

**Mál nr. 48/2015**  
**M og**  
**V v. fjölskyldutryggingar O.**

**Farþegi í bifreið missti tak á bílhurð sem hann opnaði í roki þ. 10.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.2.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags.4.3.2015

**Málsatvik.**

M segir að vonskuveður hafi verið umrætt sinn og eiginmaður váttryggingataka hafi beðið um far að heimili sínu, og verið ekið að brekku fyrir neðan heimilið, og þegar hann opnaði vinstri afturhurðina hafi hann misst hana í rokinu og hurðin skemmst það mikið að hún sé trúlega ónýt. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu O eiginkonu farþegans og segir að hann hefði átt að sýna meiri aðgæslu þegar hann opnaði hurðina þar sem hann átti að gera sér grein fyrir veðuraðstæðum. V hafnar bótaskyldu og segir engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu M sem sýni fram á gáleysi eiginmanns váttryggingataka. V segir að gögn málsins benda til þess að atvikið megi rekja til skyndilegrar og óvæntrar vindhviðu. Þá segir V að atvikið verði ekki rakið til atvika eða ástæðna sem váttryggingataki beri ábyrgð á heldur sé hér um óhappatvik að ræða.

**Álit.**

Gögn málsins eru afar takmörkuð. Ekki liggja fyrir í gögnum málsins upplýsingar um hvernig veðrið var nákvæmlega, þó ekki sé dregið í efa að vonskuveður hafi verið þegar óhappið varð. Í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki sýnt fram á að eiginmaður váttryggingartakans O hafi sýnt af sér gáleysi þegar hann opnaði hurðina á bifreið M eða beri af öðrum ástæðum bótaskyldu á þeim skemmdum sem á henni urðu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu O hjá V.

Reykjavík 24. 3. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 49/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 19. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 7. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. febrúar 2015 ásamt tjónstilkynningu, umsögn X og tölvupósti V til M dags. 27. janúar 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hún hafi ekið bifreið sinni ofan í holu á Mýrargötu í Reykjavík þann 19. janúar 2015 kl. 21.50. M kveðst ekki hafa séð holuna vegna myrkurs og það hafi ekki verið merkingar á götunni til að vara við holunni sem hafi verið það djúp að tjón hafi orðið á bifreið hennar við að aka ofan í holuna.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið hennar þar sem ekki hafi verið varað við umræddri holu. M vísar til þess að hola hafi myndast á sama stað mánuði áður og sú viðgerð sem hafi átt sér stað þá hafi greinilega ekki verið nægilega góð þar sem holan hafi myndast á sama stað aftur. M vísar til þess að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita af því að augljós hætta væri á holumyndum á umræddum stað þar sem holan hafði myndast stuttu áður og full ástæða hafi verið til þess að fylgjast sérstaklega með.

V bendir á að skv. 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 beri veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á því tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Í umræddri grein felist því ekki svokölluð hlutlæg ábyrgð veghaldara á tjónum sem verð á vegum hans. V telur ósannað að viðgerð á holu á sama stað mánuði áður hafi verið ófullnægjandi eða að tjón M megi rekja til gáleysis starfsmanna X við eftirlit á umræddum stað. Strax hafi verið brugðist við tilkynningu um umrædda holu þegar hún kom til X.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Mýrargötu. M ber sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar veghaldarans X vegna tjónsins. Ljóst er af gögnum málsins að ekki hafði verið tilkynnt um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki liggur heldur fyrir að viðgerð á sama stað mánuði áður hafi verið ófullnægjandi m.v. aðstæður. Ekki liggja heldur fyrir gögn sem sýna að starfsmenn X hafi vanrækt eðlilega eftirlitsskyldu sína með umræddum vegi þannig að sýnt sé gáleysi þeirra við störf sín. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt skv. 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 vegna tjóns á bifreið M og á hún því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 51/2015**  
**M og**  
**V v/ starfsábyrgðartryggingar endurskoðanda X.**

**Skaðabótaábyrgð endurskoðanda vegna ráðgjafar og skattframtal fyrirtækis.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf lögmanns V dags. 23. mars 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 14. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að Ríkisskattstjóri hafi á árinu 2011 gert athugasemdir við skattframtal M vegna ársins 2008. Eftir frekari samskipti milli M og skattýfirvalda kvað Ríkisskattstjóri upp úrskurð 1. mars 2013 þar sem ákveðið var að úthlutun arðs til M á árinu 2007 úr félagi sem hann átti hafi farið gegn ákvæðum gildandi hlutafélagalaga og væri rétt að líta á umræddar arðgreiðslur sem launatekjur M á því ári skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt 90/2003. Þetta leiddi til endurálagningar opinberra gjalda og M skaut málinu til Yfirskattanefndar sem staðfesti efnislega niðurstöðu Ríkisskattstjóra með úrskurði sínum 12. mars 2014. M greiddi umrædd opinber gjöld og álag í mars 2013 með fyrirvara um endurskoðun umræddrar ákvörðunar.

M telur að mistök hafi átt sér stað hjá X varðandi ráðgjöf og skattskil M í tengslum við sölu M á félagi í hans eigu á árinu 2007. Fyrst og fremst lúti þau mistök að því hvernig skattskilum var háttað, en M bendir á að bæði Ríkisskattstjóri og Yfirskattanefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu að úthlutun arðs og hvernig gerð var grein fyrir henni á skattframtali 2008 hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga. Það hafi leitt til tjóns fyrir M sem bæti hafi komið fram í formi álags á opinber gjöld sem og að hann hafi ráðstafað fjármunum, t.d. til fyrirframgreidds arfs til barna hans, sem hann hefði ekki gert hefði rétt verið farið að. M bendir einnig á að viðurkennt hafi verið f.h. X að mistök hafi átt sér stað við færslu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag þar sem ranglega hafi verið skráður endurmatsreikningur í stað yfirverðsreiknings/lögbundins varasjóðs og ranglega yfirfært neikvætt óráðstafað eigið fé þess félags. M telur að ráðgjöf X hafi leitt til tjóns fyrir hann sem nemur þeim opinberu gjöldum og álagi sem hann þurfti að greiða, byggt endanlega á niðurstöðu Yfirskattanefndar á árinu 2014.

V telur í fyrsta lagi að ef einhver saknæm háttsemi hafi átt sér stað af hálfu X þá hafi hún átt sér stað í síðasta lagi á árinu 2003 og sé krafa vegna þess því fyrnd, sbr. tilvísun til almennra fyrningalaga í váttryggingarskilmálum starfsábyrgðartryggingar endurskoðanda, en skv. þágildandi lögum nr. 14/1905 fýrnist skaðabótakröfur á 10 árum. V vísar til þess að yfirfærsla einstaklingsrekstrar M yfir í hlutafélag hafi miðast við 1. janúar 2003 og verði því upphaf fyrningafrests ekki miðuð við aðra dagsetningu. Arðsúthlutun á árinu 2007 megi rekja til umrædds gernings og því verði röksemdir M ekki skildar öðruvísi en að krafa hans hafi orðið til 1. janúar 2003. Einnig vísar V til þess að ákvörðun um úthlutun arðs sé ekki í höndum X sem endurskoðanda heldur hjá því félagi sem á í hlut. Það hafi því ekki verið á forræði X að ákveða hvort arður væri greiddur út. Einnig vísar V til þess að X hafi ekki tekið að sér að veita söluráðgjöf vegna sölu á einkahlutafélagi M á árinu 2007 þegar arður var greiddur út. X geti því ekki borið skaðabótaábyrgð á afleiðingum ákvörðunar M sjálfs varðandi sölu á einkahlutafélagi hans árið 2007. Einnig vísar V til þess að ekki sé sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni í skilningi skaðabótaréttarins



**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að M þurfti að greiða opinber gjöld á árinu 2013, sem og álag vegna þeirra, í tengslum við ákvörðun skattfyrvalda um að arðsúthlutun úr einkahlutafélagi í hans eigu skildi reiknast honum sem launatekjur í skilningi laga um tekjuskatt, en M hafði ekki gefið umræddar tekjur upp í skattframtali sínu 2008. Það liggur einnig fyrir að ákvörðun um greiðslu arðs var á forræði stjórnar einkahlutafélagsins sem átti í hlut og M sem hluthafa þess félags en ekki X sem endurskoðanda félagsins eða M sjálfs.

M ber sönnunarbyrði um að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða af hálfu endurskoðanda X í tengslum við þjónustu X við M. Það að endurálagning opinberra gjalda hafi farið fram sýnir ekki eitt og sér að endurskoðandinn X hafi gert mistök í þjónustu sinni við M. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki unnt með nægilega skýrum hætti að fullyrða hver samskipti starfsmanna X og M voru í tengslum við færslu á skattframtali hans 2008. Ekki er því unnt að slá því föstu að ráðgjöf X til M hafi verið þess eðlis að meta megi starfsmönnum X til sakar, þó strangt sakarmat sé viðhaft. Telst því M ekki hafa sýnt fram á að skilyrði séu til skaðabótaábyrgðar X og greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu endurskoðanda.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu endurskoðanda hjá V.

Reykjavík 21. apríl 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 52/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Kona varð fyrir líkamstjóni af völdum vistmanns á sambýli.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjóvár-Almennra trygginga hf., dags 24.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 1.7.2014 var málskotsaðili (hér eftir nefnd M) á ferð í verslunarmiðstöðinni Smáralind í Kópavogi er hún varð fyrir líkamstjóni af völdum tæplega 31 árs gamals manns, A, sem samkvæmt gögnum málsins býr við þroskahömlun, alvarlega einhverfu með mikla þráhyggju og verulegan hegðunarvanda. Í skýrslu lögreglu um atvikið kemur fram að A var á ferð í Smáralind með tveimur tilsjónarmönnum. Hafi A hlaupið frá þeim og er þeir náðu að snúa sér við hafi þeir séð A hlaupa að M, sem hafi komið úr gagnstæðri átt, og hent sér á hana. Við það hafi M skolið harkalega með höfuðið í gólfið og síðan hafi A sparkað í tvígang í höfuð M þar sem hún lá í gólfinu. M hlaut m.a. áverka á höfði og hefur átt við áfallastreitu að stríða eftir atvikið.

M býr á sambýli sem rekið er af sveitarfélagi (hér eftir nefnt S), en sambýlið er rekið samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum nr. 1054/2010 og framtíðarsýn S í málefnum fatlaðs fólks. Fram kemur í gögnum málsins að komið hafi fyrir að árekstrar hafi orðið á milli A og starfsfólks sambýlisins og hann oft sýnt ofbeldisfulla tilburði gagnvart starfsfólkinu. Árið fyrir umrætt atvik hafi verið honum erfitt og hann verið undir stöðugu eftirliti starfsfólks heimilisins samhliða meðferð hjá geðlækni. Hann hafi ekki áður sýnt tilburði að ráðast á ókunnugt fólk þegar hann er á ferðinni með starfsmönnum sambýlisins og ekkert í hegðunarsögu hans hafi gefið vísbendingu um að hann gæti ráðist fyrirvaralaust á ókunnuga manneskju. Markmið með rekstri sambýlisins sé að vistmenn séu virkir þátttakendur í samfélaginu og þeir ráði eins miklu um eigið líf og unnt er, en starfsmenn sambýlisins eru beðnir um að vera meðvitaðir um líðan vistmanna og hvort rétt sé að þeir fari þar sem fjölmenni er. A fari oft með starfsmönnum sambýlisins í bæjarferðir bæði til að versla og njóta afþreyingar. Umræddan dag hafi starfsmenn metið stöðu A þannig að ekkert væri því til fyrirstöðu að hann væri í fjölmenni, en forstöðumaður sambýlisins hafi þó metið það svo að til að gæta fyllsta öryggis þyrftu tveir starfsmenn að fylgja honum.

M kveður það vart geta verið í samræmi við starfsreglur, í ljósi þess hegðunarvanda sem A bjó við, að hann hafi getað valdið henni jafn alvarlegum áverkum og raun ber vitni. Ekki geti verið um annað að ræða en gáleysi þegar fatlaður einstaklingur sem A er í umsjá tveggja gæslumanna geti valdið áverkum eins og M varð fyrir. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V fyrir það tjón sem hún varð fyrir við atvikið. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki um það villst að A hljóp frá tilsjónarmönnum sínum skyndilega og fyrirvaralaust og réðst á M án þess að hún hafi nokkuð til sakar unnið eða átt þess kost að verja sig. A býr við alvarlega fötlun sem meðal annars kemur fram í miklum hegðunarvanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks er markmið laganna að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Við framkvæmd laganna skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í 8. gr. laganna, sbr. 1. tölul. sömu greinar, er mælt fyrir um að veita skuli fötluðu fólki

þjónustu sem miðar að því að gera því kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra. Stoðþjónustu þessa skal veita á hverju svæði með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún m.a. miðast við þarfir fyrir þjónustu á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þess til sjálfstæðs heimilishalds, en um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum X. kafla laganna. Þar segir í 24. gr. að sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðu fólki kost á liðveislu og með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

Öll beiting nauðungar í samskiptum við fatlað fólk er bönnuð nema veitt hafi verið undanþága á grundvelli 12. gr. eða um sé að ræða neyðartilvik skv. 13. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Í 1. mgr. 11. gr. téðra laga er kveðið á um það að nauðung samkvæmt lögnum sé athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum. Til nauðungar telst meðal annars skv. a. lið 2. mgr. sömu gr. líkamleg valdbeiting, til dæmis í því skyni að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur skaði sjálfan sig eða aðra, eða valdi stórfelldu tjóni á eignum sínum eða annarra. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að tilefni hafi verið til að fá undanþágu frá banni við beitingu nauðungar í tilviki A á grundvelli 12. gr. laganna sbr. og reglugerð nr. 971/2012 um undanþágunefnd um bann við beitingu nauðungar gagnvart fötluðum einstaklingi. Ekki verður heldur séð að neyðartilvik í skilningi 13. gr. laganna hafi skapast fyrir en í þeirri andrá sem A hljóp frá tilsjónarmönnum sínum og olli M skaða.

Að framangreindu virtu og þegar litið er til þeirrar skyldu sem hvíldi á S lögum samkvæmt að gera A kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra, svo og þeirra takmörkuðu heimilda til að beita hann hvers konar nauðung, verður ekki annað ráðið en ferð með A í Smáralind umrætt sinn og tilhögun ferðarinnar hafi verið samræmi við lög. Eins og hér stóð á þykir ekki hafa verið sýnt fram á að það verði rakið til gáleysis tilsjónarmanna A að þeim hafi ekki tekist að halda aftur af A áður en hann hafði valdið M tjóni. Tjón það sem M varð fyrir verður því ekki rakið til atvika sem S getur borið skaðabótaábyrgð á. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins S hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 53/2015****M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Bifreiðarstjóri slasaðist við að losa tengivagn frá dráttar bifreið.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 10.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 9.3.2015.

**Málsatvik.**

M starfar sem bifreiðarstjóri hjá V, eiganda dráttar bifreiðarinnar A og tengivagnsins B. Hinn 30.8.2012 varð M fyrir meiðslum á vinstri hendi er hann vann við að aftengja B frá A. Í skýrslu sem M gaf hjá lögreglu lýsti hann atvikum svo að B hafi farið að renna aftur á bak er hann opnaði krókinn. Bremsur B höfðu bilað án þess að hann hafi vitað af því, en B eigi að læsast í bremsur um leið og hann er aftengdur og loftþrýstingur fari af hemlunum. Hann hafi því hlaupið til og náð í spýtukubb til að setja fyrir hjólin á B. Þá hafi verið komið það mikið skrið á B að hann hafi runnið yfir kubbinn. Hann hafi tekið kubbinn upp aftur og sett á nýjan leik fyrir hjólin en ekki náð að sleppa kubbnum áður en B rann á hann. Við það klemmdust langatöng og baugfingur vinstri handar undir kubbnum þannig að taka varð bein framan af báðum fingrum.

Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið kemur fram að B hafi verið í smá halla þegar M hafi opnað krókinn sem tengdi B við A. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar eftirlitsins var talið að orsök slyssins mætti rekja til þess B eigi að læsast í bremsu um leið og hann er aftengdur, en það hafi ekki gerst og því hafi hann runnið af stað.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X, sem og úr ábyrgðartryggingu vegna B hjá X.

**Álit.**

Af hálfu X er upplýst að hjá félaginu er ekki í gildi nein ábyrgðartrygging er tekur til ábyrgðar vegna B. Í málinu kemur því einungis til úrlausnar ágreiningur málsaðila um rétt M til bóta úr slysatryggingu ökumanns A.

Í 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1998 um breytingu á þeim, er mælt fyrir um slysatryggingu ökumanns og eiganda. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar skal hver ökumaður sem stjórnar vátryggingarskyldu ökutæki tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr. laganna. Skal vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

A var kyrrstæð þegar slysið varð og ekkert liggur fyrir um að aflvél hennar hafi verið gangi né heldur að hún hafi verið notuð til að aftengja B frá A. Er M hafði losað B frá A reyndist hemlabúnaður B í ólagi svo hann rann niður halla sem hann var í. M freistaði þess að stöðva ferð B með því að setja kubb fyrir hjól hans. Við það slasaðist hann. Orsök slyssins var því sú að B fór að renna undan halla vegna bilunar í hemlabúnaði hans.

Slysið verður því ekki rakið til aksturs A, sérstaks búnaðar hennar eða eiginleika sem ökutækis. Þá var slysið heldur ekki í neinum tengslum við affermingu A þannig að það verði talið hafa hlotist af notkun A eða við stjórn hennar, sbr. 88. gr. og 92. gr. umferðarlaga. Slysatrygging ökumanns A telst

því ekki taka til slyssins. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut umrætt sinn.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 31. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 54/2015**  
**M og**  
**V1 vegna bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp við Blikaás 14. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 26. febrúar 2015.
3. Bréf V1 dags. 12. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í sameiginlegri tjónstilkynningu vegna umferðaróhapps kemur fram að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak þegar árekstur varð, ökumaður bifreiðar A ók eftir akstursleið götu en ökumaður bifreiðar B að því er virðist út frá bifreiðastæði. Af myndum á sömu tjónstilkynningu má ráða að ákoma hafi orðið á stuðara og bretti vinstra megin aftan á bifreið A en á afturstuðara og ljósi á hægra afturhorni bifreiðar B.

M, sem ökumaður A, telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið aftur á bak á bifreið A sem hafi þá verið kyrrstæð. M vísar til þess að hann hafi fyllt tjónstilkynningu ranglega út m.t.t. upplýsinga um að bifreið A hafi verið kyrrstæð en það hafi þó verið þannig.

Bæði váttryggingafélög, V1 og V2, vísa til tjónstilkynningar og telja að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

**Álit.**

Í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður sem ekur aftur á bak skuli ganga úr skugga um að það sé gert án óþæginda fyrir aðra. Ljóst er af gögnum málsins að báðir ökumenn óku aftur á bak fyrir áreksturinn og bar þeim báðum að fylgja fyrirmælum fyrrnefndrar 1. mgr. 17. gr. Ekki liggur fyrir fullnægjandi sönnun á því að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi verið búinn að stöðva bifreið sína fyrir áreksturinn eða að það hafi verið gert það löngu áður að máli skipti við sakarskiptingu. Verður því að líta svo á að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér og verður ekki lögð meiri sök á annan en hinn.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli bifreiða A og B.

Reykjavík 14. apríl 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 55/2015**  
**M og**  
**X vegna líkamstjóns.**

**Fall af reiðhjóli og akstur óþekktis ökutækis 25. júní 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf X dags. 23. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að lögregla var boðuð til M þar sem hann sat á bekk við Vogatungu nær Hrauntungu. M kvaðst hafa verið á reiðhjóli og hjólað vestur Hrauntungu og ætlað inn á Vogatungu þegar óþekktri bifreið var ekið norður Vogatungu, en M hafi ekki séð bifreiðina fyrr en of seint og hann þá hemlað og beygt, og við það misst stjórn á hjólinu og dottið. Einnig liggja fyrir lýsingar af tjónsatviki í tjónstilkynningum til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlits. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M fótbrotnaði og þurfti að gangast undir aðgerð vegna brotsins.

M telur að líkamstjón hans verði rakið til notkunar óþekktis ökutækis og X sé greiðsluskylt vegna þess í samræmi við 3. mgr. 18. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008, sbr. 2. mgr. 20. gr. sömu reglugerðar. M bendir á að allar þær tilkynningar sem liggja fyrir um tjón M gefi allar til kynna að óþekktri bifreið hafi verið ekið í veg fyrir M og líkamstjón hans sé því hægt að rekja til notkunar þeirrar bifreiðar í skilningi 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Verði að leggja þær til grundvallar og þannig greiða bætur vegna líkamstjóns M.

X telur að ekki sé komin fram fullnægjandi sönnun um að líkamstjón M sé hægt að rekja til notkunar óþekkrar bifreiðar. X vísar til þess að það séu misvísandi upplýsingar í gögnum málsins um staðsetningu óhapps, engin vitni séu að atburðinum, auk þess sem ekki sé sýnt fram á að M hafi átt umferðarrétt um gatnamót þau sem hann hjólaði.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans sé hægt að rekja til notkunar óþekkrar bifreiðar í skilningi 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, sbr. greiðsluskyldu X í 3. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar. Það þýðir að M þarf að sýna fram á að það séu alla vega meiri líkur en minni að líkamstjón hans sé eingöngu rakið til óþekkrar bifreiðar en ekki annarra atvika. Í gögnum málsins koma á einhvern hátt fram misvísandi upplýsingar um nákvæma staðsetningu óhapps M. Engin vitni eru af atburðinum og M getur ekki gefið nákvæmar skýringar á því með hvaða hætti hann hafi átt umferðarrétt gagnvart þeirri óþekktu bifreið sem hann kveður hafa ekið í veg fyrir sig. Að þessu virtu telst M ekki hafa sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að líkamstjón hans sé hægt að rekja til notkunar óþekkrar bifreiðar í skilningi áðurnefndrar reglugerðar. Ekki hefur því stofnast greiðsluskylda hjá X vegna líkamstjóns M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum frá X á grundvelli reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar.

Reykjavík 17. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 56/2015**  
**M og**  
**V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar F.**

**Maður féll af vinnupalli og slasaðist þ. 12.3.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12.2.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-18
2. Bréf V dags. 22.3.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M slasaðist við vinnu hjá F þ.12.3.2008 er hann féll af vinnupalli svokölluðum hjólapalli niður á steinsteypt gólf. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V og segir að pallurinn hafi verið vanbúinn, m.a. hafi verið ófullnægjandi fallvarnir á pallinum. Þá byggir M á því að hann hafi ekki fengið nauðsynlega fræðslu um framkvæmd verksins og verkstjórn hafi verið ábótavant. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram m.a. að orsök slyssins megi rekja til þeirra samverkandi þátta að fallvarnir á pallinum voru algerlega ófullnægjandi, hann var ekki í bremsu og starfsmaðurinn hafði ekki fengið neina kennslu né þjálfun hjá fyrirtækinu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi mikla reynslu af störfum eins og þeim sem hann var að vinna í umrætt sinn en þrátt fyrir það hafi M ekki sett hjól vinnupallsins í bremsur, en það sé ástæða þess að slysið varð. Þá segir V að gólfborð vinnupallsins hafi verið í 100 cm hæð frá gólfi og pallurinn því ekki vanbúinn hvað fallvarnir snerti. V segir gáleysi M sé orsök þess að slysið varð en aðstæður á vinnustað hafi verið góðar.

**Álit.**

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins vegna slyssins kemur m.a. fram að orsök þess megi rekja til þeirra samverkandi þátta að fallvarnir á pallinum hafi verið algerlega ófullnægjandi og pallurinn hafi ekki verið í bremsu. Þeim fullyrðingum um orsök slyssins sem fram koma í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins hefur ekki verið hnekkð og ber F því ábyrgð á því að vinnupallurinn sem M hafði til afnota við verk sitt var vanbúinn svo sem að framan getur. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V. M var vanur störfum þeim sem hann vann í umrætt sinn og hefur ekki sýnt fram á að hann hafi sett vinnupallinn í bremsu áður en hann hóf notkun hans, en það að vinna á hjólapalli sem er ekki í bremsu er vægast sagt varhugavert. Með því að gæta ekki að því að setja hjól vinnupallsins í bremsu áður en M hóf störf á honum sýndi M af sér gáleysi sem leiðir til þess að hann ber 1/3 tjónsins sjálfur vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V en ber 1/3 tjónsins sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 14.4.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 57/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið festist og skemmdir urðu á kúplingu hennar þ. 25.1.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.6.2.2015.
2. Bréf V dags. 19.2.2015 ásamt fylgisjölum 1-3

**Málsatvik.**

M festi bifreið sína í snjó og telur að V beri ábyrgð á að mokstursvél hafi ekki verið þar til staðar, en hún hafi verið á leið að Brjánslæk. M telur að það hafi leitt til þess að kúpling bifreiðarinnar bilaði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að óhappið verði ekki rakið til gáleysis A. A segir að snjóblásari hafi verið á því svæði þar sem M festi bifreið sína til kl. 17 þann dag en eftir það hafi veður versnað og þegar starfsmenn A hafi frétt af þeim vandræðum hafi strax verið sent tæki til að aðstoða bifreiðar sem voru fastar. V segir ósannað að tjón M verði ekki rakið til vanrækslu A eða nokkurra sem A beri ábyrgð á. Þá segir V að engin gögn hafi verið lögð fram um fjártjón M og tjón hennar því ósannað.

**Álit.**

Engin gögn liggja fyrir um skemmdir á kúplingu í bifreið M. Ekkert liggur fyrir um orsakatengsl milli þess að M festi bifreið sína þann 25.1.2015 og skemmdar á kúplingu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að A eða aðrir sem A ber ábyrgð á hafi gerst sekir um bótaskylda vanrækslu í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 58/2015****M  
og  
vátryggingafélagið X /v/ húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka á hjúkrunarheimili.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 23.2.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í janúar 2013 komu í ljós vatnsskemmdir í baðherbergi á efstu hæð á hjúkrunardeild öldrunarheimilis en húseignin er í eigu málskotsaðila (hér eftir nefndur M). Loftklæðning var opnuð og sást þá að frárennslisrör gekk upp úr vegg og upp í gegnum loftplötuna og virtist vatn hafa seytilað niður meðfram rörinu. Fyrir ofan baðherbergið er loftræstisamstæða í loftræstirými sem er klætt af frá þakrýminu að því er ráða má af gögnum. Mælingar sýndu að rörið sem leitað var að væri utan þessa rýmis. Þegar klæðningin var rofin kom í ljós að frárennslisrörið var opið og ófrágengið í þakrýminu og hafði valdið miklum skemmdum á þakviðum á þessu svæði auk þess sem rakinn hafði safnast saman og lekið á löngum tíma niður með rörinu og valdið skemmdum á baðherberginu sem áður er getið.

M hefur krafist bóta vegna tjóns á fasteigninni af völdum vatnslekans úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingar sinnar hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt vátryggingarskilmálum þeim sem um vatnstjónstrygginguna gilda bætur vátryggingin skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um langvarandi vatnsleka hafi verið ræða frá opnu og ófrágengnu vatnsröri. Eins hér stóð á verður tjónið á fasteign M ekki rakið til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum eins og áskilið er í fyrrgreindu skilmálaákvæði. Af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingarinnar hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingar sinnar hjá X.

Reykjavík, 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 59/2015**  
**M og**  
**V-1 v. ábyrgðartryggingar hönnuðar H og**  
**V-2 v. ábyrgðartryggingar byggingarstjóra B.**

**Gallar í íbúðarhúsi. Starfsábyrgðartrygging hönnuðar og/eða byggingarstjóra 2013-2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 9.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 26.2.2015
3. Bréf V-2 dags. 12.3.2015

**Málsatvik.**

Í málinu kemur fram að M hafi orðið ítrekað vör við rakablett við loft á neðri hæð raðhúss sem hún keypti nýtt árið 2009. Var verkfræðistofan Efla fengin til að skoða húsið. Niðurstaða Eflu var, að þar sem veggur við einangrun svalagólfs sé ekki einangraður séu líkur á því að vatn þéttist og leiti svo inn í húsið á óþéttum steypuskilum og valdi rakaskemmdum og útfærslan á milliveggnum sé ekki heppileg vegna hættu á rakapéttingu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu hönnuðar og byggingarstjóra. Vátryggingafélag H, hafnar bótaskyldu og segir mats aflað einhliða af M, en í niðurstöðu Eflu komi fram að aðalorsök lekans sé vegna óþéttra steypuskila sem geti myndast ef illa tekst til að steypa gólf og þakplötu og á því beri H ekki ábyrgð og tjónið verði því ekki rakið til mistaka H sem hönnuðar. Þá segir V-1 að deilimynd af steypuskilum, sem vísað sé til í álit Eflu og gerðar athugasemdir við, sé ekki komin frá H heldur öðrum aðila sem H beri ekki ábyrgð á. Ábyrgð H nái því ekki til deilimyndarinnar og hafi hann ekki áritað þá teikningu. V-2 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B sem byggingarstjóra og segir að húsið hafi verið byggt í samræmi við teikningar, þar á meðal sá veggur sem vísað er til í skýrslu Eflu. Þá segir V-2 að ekkert komi fram í skýrslunni eða öðrum gögnum málsins, sem bendi til þess að tjónið verði rakið til vanrækslu eða mistaka B.

**Álit.**

Til þess að greiðsluskylda komi til úr starfsábyrgðartryggingu hönnuðar eða byggingarstjóra þarf að sýna fram á skaðabótaábyrgð hvors um sig og sönnunarbyrði hvílir á þeim sem heldur slíku fram, þ.e. á M. Aðalgagn málsins er skaðunarskýrsla Eflu, sem M aflaði einhliða. Í athugasemdum vátryggingafélaga H og B er ekki með beinum hætti dregið í efa að gallar á raðhúsinu, sem þar er fjallað um, séu fyrir hendi. Þá vísa bæði H og B til niðurstöðu Eflu og telja sig ekki bera ábyrgð á gallanum sem þar er vísað til.

Hvað varðar hönnuðinn H verður að sýna fram á að teikningar hafi ekki verið í samræmi við þær faglegu kröfur sem gera má til slíkra. Með fyrirliggjandi gögnum er ekki sýnt fram á að sú hönnunarútfærsla á deilimynd sem verkfræðistofan Efla gerir athugasemdir við og telur orsök framkomins galla sé komin frá hönnuði hússins eða aðila sem hann ber ábyrgð á.

Hvað varðar byggingarstjóran B verður að sýna fram á að hann hafi vanrækt umsjónar- og eftirlitsskyldur sínar til að skaðabótaábyrgð hans komi til. Umræddar skyldur felast annars vegar í því að sjá til þess að byggt sé í samræmi við samþykktar teikningar, lög og reglur og byggingarframkvæmdin sé tæknilega og faglega framkvæmd. Í málinu kemur ekki skýrt fram að byggingarstjóra hafi mátt vera ljóst að steypuskil voru með þeim hætti sem skýrsla Eflu gefur til kynna og að það sé hægt að meta honum það til sakar.

Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur því hvorki verið sýnt fram á ábyrgð H og/eða B á þeim galla sem um er að ræða. M á því hvorki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra eða hönnuðar.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu hönnuðar eða byggingarstjóra.

Reykjavík 31.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 60/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar hópibifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Melatorgi í Reykjavík við nyrðri gatnamót Suðurgötu þann 14.11.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 4.3.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags 4.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hópibifreiðinni A var ekið suður Suðurgötu að Melatorgi með fyrirhugaðan akstur um vinstri akrein hringtorgsins (innri hring) og síðan austur Hringbraut. Þá var bifreiðinni B ekið hægra megin við A suður Suðurgötu og síðan á hægri akrein (ytri hring) hringtorgsins áleiðis vestur Hringbraut. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstri hlið B við afturhjóla. Ökumenn voru ekki sammála um hvar áreksturinn varð.

Ökumaður A kveður áreksturinn hafa orðið þegar ökutækin voru rétt komin inn í hringtorgið. Hann hafi verið með A beina og ekki verið byrjaður að beygja þegar B hafi komið hægra megin við A og farið utan í hana. Hann hafi stöðvað þegar hann hafi verið kominn inn á akreinina.

Ökumaður B kvaðst hafa lent í samstuði við A sem hafi verið vinstra megin við sig þegar hann hafi verið að koma inn í hringtorgið. Hann hafi verið byrjaður að beygja út úr hringtorginu þegar árekstur varð, en A hafi farið yfir á ytri akreinina utan í B.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekkert ráðið um staðsetningu ökutækjanna og ökumenn eru einir til frásagnar, en þá verður ráðið að B hafi verið ekið hægra megin fram með A í sömu andrá og ökutækjunum var ekið inn á hringtorgið. Einungis ein akrein er á Suðurgötu í suðurátt þar sem ökutækjunum var ekið að hringtorginu. Af framburðum ökumanna og gögnum málsins að öðru leyti verður ekki með neinni vissu ráðið hvað olli árekstrinum, svo sem að A hafi verið beygt til hægri í hlið B eða akstur B hægra megin fram með A. Verður ekki séð að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Eftir atvikum öllum verður ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Úrskurðir um tilvik á sama stað eru ekki einhlít fordæmi um það hvernig skipta beri sök í máli þessu, enda verður í hverju tilviki að skoða hvað telst upplýst um málsatvik m.a. samkvæmt framburði ökumanna og vitna, ef vitnum er til að dreifa, svo og hvað liggur fyrir í hverju máli um staðsetningu ökutækja þegar árekstur verður. Í úrskurðum þeim sem vísað hefur verið til verður ekki séð að fyrirliggjandi upplýsingar um atvik, sem þar hafa verið til skoðunar, hafi verið með sama hætti og um getur í máli því sem hér er til úrlausnar, jafnvel þótt um sama árekstrarstað sé að ræða. Í þeim fæst því ekki nægileg leiðbeining um það hvernig leiða beri þetta mál til lykta.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 24. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 61/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar sjómanna X.**

**Sönnun líkamstjóns um borð í skipi í ágúst 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. mars 2015 ásamt fyrri bréfi V dags. 23. janúar 2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 11. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að tjónsdagur sé 13. ágúst 2012 en jafnframt að M hafi orðið fyrir slysi 12. desember sama ár. Í greinargerð M sjálfs sem er ódagsett kemur fram að atvik hafi orðið um miðjan ágúst og er það lagt til grundvallar í umfjöllun nefndarinnar. M sjálfur lýsir atvikum þannig að hann hafi verið við störf um borð í Aðalsteini Jónssyni SU 11 og fallið í stiga á leið niður í vinnslusal. M kveðst hafa tekið mikið af verkjalyfjum til að komast í gegnum túrinn en síðar um haustið leitað til læknis vegna einkenna, m.a. í öxl, sem hann rekur til umrædds atviks. Umrætt atvik var ekki skráð í skipsdagbók skipsins. Í málinu liggja fyrir lögregluskýrslur vegna framburða samstarfsmanna M. Í framburðum þeirra kemur fram að enginn hafi séð M detta eða vitað af umræddu atviki fyrir utan að einn skipverji mundi eftir að M hafi kvartað undan eymslum í umræddum túr og mögulega hefði hann dottið.

M telur fullsannað með framburði M að hann hafi dottið í stiga um borð í skipi X og þannig hlotið líkamstjón. Einnig vísar M til þess að á útgerðinni X hafi hvílt tilkynningarskylda um umrætt atvik, sem hún hafi ekki sinnt, og verði hún að bera hallann af sönnunarskorti atvikið þess vegna.

V telur ósannað af þeim gögnum sem liggja fyrir að M hafi hlotið líkamstjón með þeim hætti sem hann lýsir, hann hafi ekki tilkynnt um atvikið til skipstjóra og enginn skipverja geti staðfest að umrætt atvik hafi átt sér stað. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem M leitaði til læknis með í lok ágúst 2012 hafi ekki verið sértæk fyrir slysaáverka auk þess sem M hafi átt langa sögu um stoðkerfisáverka fyrir það atvik sem hann lýsir að hafi átt sér stað í ágúst 2012.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni um borð í skipi X um miðjan ágúst 2012 og leitaði hann til læknis vegna einkenna sem hann rekur til þessa í lok ágúst sama ár. M tilkynnti ekki um atvikið til skipstjóra eða tryggði sér með öðrum hætti sönnun á því að hann hafi dottið með þeim hætti sem hann lýsir. Enginn skipverja sem með honum voru í túrnum geta staðfest að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir. Á M hvílir sönnunarbyrði um að einkenni þau sem hann leitaði til læknis vegna í lok ágúst 2012 sé ótvírætt hægt að rekja til þess atviks sem hann lýsir. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að hann hafi mætt þeirri sönnunarbyrði og verður því ekki viðurkennd greiðsluskylda úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 63/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna forfallatryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Forföll í ferð í desember 2014 og undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M og eiginkona hans keyptu utanlandsferð þann 7. nóvember 2014 en fyrirhuguð brottför var áætluð 7. desember sama ár. Þegar til kom gat eiginkona M ekki farið í umrædda ferð vegna veikinda. Í læknisvottorði dags. 16. janúar sl. kemur fram að læknir eiginkonu M staðfestir að hún hafi verið í meðferð vegna sjúkdóms þegar ferð var pöntuð en hann hafi ekki gert athugasemdir við áður nefnd ferðaplön. Hann staðfestir einnig frekari veikindi í desember 2014.

M telur að greiða eigi bætur úr forfallatryggingu hjá V þar sem eiginkona hans hafi verið ferðafær þegar ferð var pöntuð og það sé staðfest af hennar lækni með vottorði dags. 16. janúar sl. M telur að það eigi að túlka undanþáguákvæði gr. 2.8. í vátryggingarskilmálum í samræmi við þær upplýsingar.

V vísar til þess að í gr. 2.8. í lið A, sem tilgreinir forfallatryggingu í fjölskyldutryggingu félagsins, komi fram að vátryggingin bæti ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna: „Sjúkdóms sem var fyrir hendi áður en vátryggingin var tekin eða var til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur.“ V telur að sjúkdómur eiginkonu M hafi verið til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur og þegar af þeirri ástæðu sé bótaréttur ekki fyrir hendi úr vátryggingunni.

**Álit.**

Í forfallatryggingu fjölskyldutryggingar M kemur fram að fyrirframgreiddur ferðakostnaður sé endurgreiddur komi fram forföll vátryggðra af tilgreindum ástæðum, þar á meðal vegna veikinda. Í gögnum málsins kemur fram að M og eiginkona hans gátu ekki farið í fyrirhugaða utanlandsferð vegna veikinda. Í gögnum málsins kemur enn fremur fram að þau veikindi hafi verið tengd sjúkdómi sem eiginkona M var haldinn þegar ferðakostnaður var greiddur þann 7. nóvember 2014. Undanþáguákvæði gr. 2.8. í lið A í forfallatryggingu vátryggingarskilmála V segir berum orðum að vátryggingin greiði ekki bætur vegna sjúkdóms sem var til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur. Umrætt ákvæði er sett fram með hlutlægum hætti og vísar til sjúkdóma sem voru til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur og gefur ekki tilefni til mats á því hvort sjúklingur var á þeim tíma ferðafær eður ei. Í ljósi þess að sjúkdómur var fyrir hendi þann 7. nóvember 2014 telst undanþáguákvæði gr. 2.8. í vátryggingarskilmálum eiga við um aðstæður M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 17. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 64/2015**  
**M og**  
**V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á bílastæði við Smáralind í Kópavogi 29.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.02.2015 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-1 dags 11.03.2015 auk fylgiskjala.
3. Bréf V-2 dags. 16.03.2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt tjonstilkynningu var bifreið A ekið afturábak eftir akstursleið bifreiðastæðis í Smáralind. Bifreið B var ekið afturábak úr stæði en áður en hann náði að aka áfram varð árekstur milli bifreiðanna. Á sameiginlegri framhlið tjonstilkynningar kveðst hvorugur ökumaður hafa verið kyrrstæður. Ökumaður B kvaðst í frumskýrslu hafa verið við það að taka af stað áfram þegar áreksturinn varð. Ökumaður A kvaðst hafa ekið afturábak og ekki séð hina bifreiðina og árekstur hafi orðið. Á grundvelli þessara gagna var sök skipt til helminga í Tjónanefnd. váttryggingafélaganna. Fyrir nefndinni liggur ný greinargerð ökumanns bifreiðar B. V-2 gerir ekki sérstakar athugasemdir í málinu og V-1 telur rétt að skipta sök til helminga.

**Álit.**

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Engar nýjar upplýsingar eru fram komnar sem hnekkja því sem fram kemur í upphaflegri tjonstilkynningu. Í ljósi fyrirliggjandi gagna er ljóst að hvorugur ökumaður gætti nægilegrar aðgæslu við aksturinn og bera þeir jafna sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík 14.4.2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 65/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut við Sæbraut þ. 19.11.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 17.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 5.3.2015.
3. Bréf V-2 dags. 25.2.2015.

**Málsatvik.**

Umferðaróhapp varð á Reykjanesbraut við Sæbraut þegar ökumaður A skipti af miðakrein yfir á vinstri akrein þar sem B var ekið. Ökumaður B sveigði þá til vinstri og lenti upp á rennusteini og umferðareyju og varð fyrir tjóni. Ekki varð snerting með bifreiðunum. Nánari tildrög voru þau að A var ekið frá frárein Miklubrautar og inn á miðakrein og síðan skipt yfir á vinstri akrein í veg fyrir B með fyrrgreindum afleiðingum. Ökumaður A segist hafa verið að koma af Miklubraut inn á Reykjanesbraut til norðurs og hafi síðan skipt af miðakrein yfir á vinstri akrein og þá heyrð bremsuhljóð og skruðninga en ekki séð B, sem ökumaður A telur að hafi verið ekið á ofsahraða. Ökumaður A segist ekki muna hvort hann gaf stefnumerki áður en hann beygði yfir á vinstri akrein. Ökumaður B segist hafa ekið á vinstri akrein Reykjanesbrautar til norðurs og hraði sinn hafi verið um 80 km. í umrætt sinn. Ökumaður B segist hafa veitt A athygli þar sem bifreiðin hefði nálgast frá hægri og þegar A hafi verið við hlið B hafi A verið sveigt skyndilega til vinstri án þess að stefnumerki væri gefið og hefði hann þá snarhemað og sveigt til vinstri til að koma í veg fyrir árekstur. Farþegi í B segist bara hafa séð þegar A hafi komið frá hægri fyrir framan B og hún hafi gargað á bílstjóran sem hafi hemað og sveigt til vinstri.

**Álit.**

Ökumaður A skipti um akrein í veg fyrir B án þess að gæta nægjanlega vel að aðstæðum og og braut með því gegn ákvæðum 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/1987, umferðarlaga og ber því alla sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður þannig að það hafi áhrif á sakarmat.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A (MR-S14) ber alla sök.

Reykjavík 24.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 66/2015**  
**M og**  
**V v. ábyrgðartryggingar G.**

**Tjón á bifreið þegar ruslailát runnu á hana þ. 12.1.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 10.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4.

**Málsatvik.**

M segist hafa verið við vinnu sína hjá og lagt bifreið fyrir utan vinnustaðinn, en við vinnustaðinn séu tvö stór sorpílát á hjólum í eigu vinnustaðarins. M segir að aðkeyptur þjónustuaðili G sjái um að losa sorpílatin og þá séu bremsur á þeim losaðar og þau látin rúlla að bifreið og sorpið tæmt í hana. M segir að sorpílat hafi fokið í miklu roki á bifreið sína sunnudagskvöldið 12.1.2014 og valdið tjóni á bifreiðinni, en tveim dögum áður hafi starfsmaður G tæmt sorpílatið og hvorugt sorpílatanna hafi verið í bremsu umrætt sunnudagskvöld þó að starfsmaður þjónustuaðilans segist hafa sett þau í bremsu eftir losun þeirra. M segir að bæði sorpílatin hafi runnið annað á bílinn sinn en hitt út á götu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá V og telur að starfsfólk G hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við losun úr sorpílatinu og ekki sett þau í bremsu eftir losun, sem hafi leitt til þess að umrætt tjón varð á bifreiðinni. V hafnar bótaskyldu og segir starfsmenn G segja að þeir hafi læst dekkjum sorpílatins þ.e.sett það í bremsu og skilið við það með fullnægjandi hætti. V telur ósannað að starfsmenn G hafi gleymt að setja sorpílatin í bremsu eftir losun. Þá segir V að ekki hafi verið sýnt fram á hvort ílátin voru í bremsu eða ekki þegar þau byrjuðu að renna og nefnir nokkur atriði sem gætu hafa valdið því að sorpílatin runnu af stað en ekkert þeirra sé á ábyrgð starfsfólks G.

**Álit.**

Ekki liggur fyrir hvað olli því að umrædd sorpílat runnu af stað í miklu roki og annað olli því tjóni sem hér um ræðir, þegar það lenti á bifreið í umsjá M. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn G hafi sýnt af sér vanrækslu við störf sín þegar þeir losuðu umrædd sorpílat eða beri ábyrgð á því að þau runnu af stað og ollu tjóni á bifreið M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.3. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 67/2015**  
**M og**  
**V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.**

**Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 29. desember 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2015.
3. Tölvupóstsamskipti V og X, send með tölvupósti 25. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M til V dags. 5. janúar 2015 kemur fram að hann hafi ekið bifreið sinni ofan í holu á Dalvegi í Kópavogi þann 29. desember 2014 kl. 19:45. Einnig liggur fyrir tilkynning til lögreglu dags. 31. desember 2014 um atvikið. M lýsir holunni sem stórrí og lýsir tjóni á dekki og felgu bifreiðar sinnar eftir að hann ók í holuna.

M telur að umrædd hola hafi verið 1mx60cm að stærð og um 30 cm djúp og ályktar út frá því að hola hafi verið einhverja daga að myndast. Dekki á bifreið hans hafi verið ný og sé tjón á þeim eingöngu hægt að rekja til þess að hola í malbiki götunnar hafi verið til þess fallin að skapa hættu. M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna vanrækslu á eftirliti með götum bæjarins og að það hefði átt að vera búíð að gera ráðstafanir vegna umræddrar holu fyrr.

V bendir á að starfsmenn X sem sinna eftirliti með götum hafi hætt störfum kl. 17 þann dag sem M varð fyrir tjóni en tjónið hafi ekki orðið fyrr en kl. 19:45. V vísar auk þess til samskipta við starfsmann X þar sem kemur fram að ekki hafi legið fyrir upplýsingar hjá X um umrædda holu fyrr en 30. desember 2014 og þá hafi strax verið gerðar ráðstafanir til að gera við hana. V telur af framansögðu að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt vanrækslu við ráðstafanir vegna holu á þessum stað þar sem þeim hafi ekki verið kunnugt um hana, né heldur að sýnt sé fram á að almennt hafi eftirlit verið vanrækt.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Dalvegi í Kópavogi. M ber sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar sveitarfélagsins X vegna tjónsins. Ljóst er af gögnum málsins að ekki hafði verið tilkynnt um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki liggja heldur fyrir gögn eða frekari upplýsingar sem sýna fram á að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína gagnvart mögulegum skemmdum á þessum stað. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt vegna tjóns á bifreið M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 31. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 69/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Sönnun atburðar og afleiðinga í tengslum við umferðaróhapp 4. júní 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið ökumaður bifreiðar sem ók austur eftir Akrafjallsvegi og við gatnamót á veginum hafi M ætlað að taka vinstri beygju til norðurs inn á Akranesveg. Rétt áður en M hafi ætlað að beygja hafi hún séð til bifreiðarinnar X koma á mikilli ferð á eftir sér og kveðst M hafa hennar til að koma í veg fyrir árekstur og þá séð bifreiðina X aka á umferðarskilti og yfir umferðareyju áður en sú bifreið lenti utan vegar. Ökumaður bifreiðar X kveðst hafa verið að aka á vinstri akrein Akrafjalls vegar þegar M hafi, sem ökumaður bifreiðar sem var fyrir framan hann, beygt áleiðis til vinstri í veg fyrir hann. Þá kveðst ökumaður bifreiðar X hafa ekið lengra til vinstri til að forðast árekstur og endað utan vegar.

M heldur því fram í málskoti að þegar bifreiðin X fór framhjá hennar bifreið hafi orðið snerting með bifreiðunum með þeim afleiðingum að M hafi ekið bifreið sinni út af veginum og við það hlotið líkamstjón. M hafi hins vegar ekið bifreið sinni aftur upp á veg áður en lögregla kom og því hafi þær upplýsingar ekki komið fram í lögregluskýrslu. M vísar til þess að hún hafi leitað til læknis eftir atvikið og í læknisvottorði dags. 10. júní 2013 komi fram að hún hafi fengið hnykk á háls við útafaksturinn. M telur að hún eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X þar sem tjón hennar sé rakið til aksturslags ökumanns þeirrar bifreiðar sem hafi ætlað að taka framúr við gatnamót og hafi með því ekið utan í bifreið M sem hafi við það ekið út af.

V telur ósannað að það hafi orðið snerting með bifreiðunum og vísar til þess að ekkert komi fram í lögregluskýrslu um það auk þess sem ekkert komi heldur fram um útafakstur bifreiðar M í þeirri skýrslu. Ekki hafi heldur komið fram nokkrar upplýsingar um mögulegt líkamstjón M í lögregluskýrslu. Gögn málsins sýni heldur ekki ummerki á bifreiðunum sem sýni að þær hafi lent saman eða önnur ummerki á vettvangi óhappsins sem bendi til þess að bifreið M hafi lent utan vegar eins og bifreiðin X. V telur með hliðsjón af þessu að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið er til notkunar bifreiðarinnar X.

**Álit.**

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðar, í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, beri sönnunarbyrði um það. Þegar litið er til gagna málsins, sérstaklega lögregluskýrslu, er ljóst að engar upplýsingar eru þar um að snerting hafi orðið með bifreið M og bifreiðinni X þann 4. júní 2013. Ljóst er af skýrslunni að bifreiðinni X var ekið út af vegi en alls óljóst er að bifreið M hafi einnig lent utan vegar. Engar upplýsingar liggja heldur fyrir um ummerki á bifreiðunum eða á vettvangi um slíka atburðarás. Ummæli, sem höfð eru eftir M, um snertingu bifreiðanna, útafakstur hennar bifreiðar og líkamstjóni í kjölfar þess, hafa því enga stöð í frumgögnum málsins. Einnig verður að líta til þess að upplýsingar í læknisvottorði lýsa almennum einkennum. Getur þetta, án frekari sönnunargagna, ekki orðið grundvöllur bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og hefur M ekki fullnægt sönnunarbyrði sinni um að hún hafi við umræddar aðstæður orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar bifreiðarinnar X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 70/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar S.**

**Slys á skíðasvæði 2. febrúar 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. mars 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 14. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið við skíðaiðkun 2. febrúar 2013 á svæði sem S rekur í Böggvisstaðafjalli á Dalvík. M ákvað að renna sér af skíðasvæði í fjallinu sjálfu niður að bílastæði við skíðaskála S. Í málinu virðist ekki vera ágreiningur um hvaða leið M skíðaði eða þar sem hún hafi komið niður hafi leiðir skíðamanna verið að hluta varðar með öryggisneti. M varð hins vegar fyrir líkamstjóni þegar hún skíðaði til hliðar við umrætt net og fram að stalli við bílastæðið. Þar sem M fór fram af stallinum var ekki hins vegar ekki öryggisnet og kveðst M ekki hafa séð að hún hafi verið að fara fram af fyrr en of seint.

M telur að S beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu með því að hafa vanrækt að vara við stalli þeim sem M fór fram af, t.d. með öryggisneti. M kveðst hafa verið allan tímann á leið sem hafði verið troðin og þannig hafi hún mátt ætla að leiðin hafi verið ætluð til skíðaiðkunar. Leið M á bílastæði við skíðaskála hafi verið eðlileg og það hefði mátt búast við því að gestir skíðasvæðisins færu úr fjallinu og niður að bíl sínum eftir skíðaiðkun. Þess vegna hafi verið brýnt að vara við öllum hættum á skíðasvæðinu en ekki bara hluta þeirra. Einnig bendir M á að forsvarsmönnum S hafi verið kunnugt um líkamstjón hennar þegar það varð en þrátt fyrir það hafi ekki verið gerðar ráðstafanir til að tryggja sönnun um aðstæður, t.d. með því að kalla til lögreglu eða að taka myndi, heldur farið í það strax að ryðja umræddum stalli í burtu. S verði að bera hallann af sönnunarskortum um aðstæður þess vegna og vísar M til dómafordæma máli sínu til stuðnings. M vísar einnig til nýlegra mynda af skíðasvæðinu sem sýna að S hefur ekki rutt til snjó í sambærilegan stall aftur. Það styðji einnig við röksemdir M um að aðstæður, eins og þær voru 2. febrúar 2013, hafi verið hættulegar.

V telur fyrir hönd S að ekki sé sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fyrir hendi hjá S vegna aðbúnaðar á skíðasvæðinu. Ekki liggja fyrir sérstök sönnunargögn um aðstæður og hafi M auk þess verið að skíða fyrir utan hefðbundna skíðaleið þegar tjón varð. Stallur sá sem M skíðaði niður af hafi komið til vegna snjóruðnings af bílastæði og hafi verið um 0,8 m á hæð og aflíðandi niður. V bendir á að skv. upplýsingum frá S hafi aðstæður verið með þessum hætti í um tvo mánuði og það hafi M mátt vita, en hún sé gjörkunnug aðstæðum. Einnig bendir V á að ógjörningur sé að varða allar leiðir með neti á skíðasvæði sem þessu og að skíðamenn verði alltaf að sýna aðgát. Einnig mótmælir V því að vanrækt hafi verið að setja öryggisnet á þann stað sem tjón M varð þar sem þar hafi verið komið út fyrir troðna leið og leið sem almennt var skíðuð.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að M varð fyrir líkamstjóni þegar hún kveðst hafa skíðað niður af stalli sem var á skíðasvæði í umsjá S. Ágreiningur er um hvort umræddur stallur hafi verið innan hefðbundinnar troðinnar skíðaleiðar eða fyrir utan hana auk þess sem það liggja ekki fyrir staðfestar upplýsingar um hversu hár stallurinn var á tjónsdegi. Í ljósi aðstæðna og verulegs líkamstjóns M, sem var ljóst strax á vettvangi, verður að telja að það hafi staðið S nær að tryggja sér sönnun um aðstæður á vettvangi og ber því S hallann af því að hafa rutt stallinum í burtu án

Þess að láta rannsaka frekar aðstæður og mögulega orsök líkamstjóns M. Með hliðsjón af lýsingu M af vettvangi verður að telja að hún hafi verið á troðinni skíðaleið þegar tjónið varð og verður að gera þær kröfur til S að augljósar hættur séu merktar eða varðar á slíkum leiðum á opnu skíðasvæði. Með því að hafa öryggisnet á hluta svæðis en ekki alla leið að umræddum stalli máttu skíðaiðkendir ætla að ekki væri um viðlíka aðstæður að ræða, þó ekki væri um að ræða algengustu skíðaleiðina að bílastæðinu. Verður því S talið bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Þegar lítið er til þeirrar niðurstöðu verður þó einnig að líta til þess hvort M sjálf hafi sýnt gáleysi við skíðaiðkun sína. Verður þá lítið til þess að almennt verði skíðaiðkendir að sýna aðgát og geti ekki búist við að á leið þeirra verði ekki einhverjar misfellur, sérstaklega þegar skíðað er niður að bílastæði eða viðlíka áfangastað. Telst M heldur ekki hafa sýnt nægilega aðgát við skíðaiðkun sína, en af gögnum málsins má ráða að veðuraðstæður hafi verið þannig að nægt útsýni hafi verið framundan. Með vísan til atvika allra er rétt að M beri þriðjung tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V vegna líkamstjóns en ber þriðjung tjóns síns sjálf.

Reykjavík 30. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 71/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður í skólaseli varð fyrir meiðslum er hún rann til í háлку á skólalóð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 18.3.2015.

**Málsatvik.**

Laust eftir kl. 13 hinn 14.11.2013 var M að fylgja nemendum á milli húsa á lóð grunnskólans í sveitarfélaginu S sem starfræktur er af sveitarfélaginu. Rann þá M í háлку á skólalóðinni. Við það datt hún og varð fyrir meiðslum á hægri öxl. M kveðst hafa kl. 12 beðið um að salt eða spæni yrði dreift yfir svæðið en það hafi ekki verið gert þar sem hvorugt efnið hafi verið til. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) 5.12.2013.

M kveður slysið mega rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna skólans. Samkvæmt gögnum frá Veðurstofnunni um veður á Eyrarbakka hafi rigning og fjögurra stiga hiti verið á slysdegi en deginum áður hafi hiti verið um frostmark og jörð þakin snjó að verulegu leyti. Með því að tilkynna um slysið til VER svo seint sem raunin var hafi eftirlitið ekki getað sinnt lögmæltri skyldu sinni til að kanna orsakir slyssins. Með því að hafa ekki gert ráðstafanir til að uppræta hálkuna hafi ekki verið fullnægt þeim öryggiskröfum sem mælt er fyrir um m.a. í 1., 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, sbr. og 3. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði mun M hafa orðið óvinnufær af völdum slyssins 22.11.2013 eða átta dögum eftir að það gerðist. Verður ekki séð að skylda til að tilkynna VER um slysið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, hafi stofnast fyrr en þá. Var þá um seinan að rannsaka aðstæður á vettvangi. Gögn um veður á Eyrarbakka slysdaginn og eftir atvikum dagana á undan geta ein og sér ekki sagt mikið um aðstæður á grunnskólalóðinni í S um það leyti sem M slasaðist. Starfsmenn skólans munu ekki hafa kannast við erindi M um að ráðstafanir hafi þurft að gera til að eyða háлку á lóðinni. Af frásögn M má ráða að háлка sú er hún rann á hafi fyrst myndast á skólalóðinni um hádegisbil er hún taldi þörf á ráðstöfunum til að eyða háلكunni. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins að öðru leyti um háلكumyndunina og aðstæður á skólalóðinni þar sem slysið varð. Að öllu virtu verður ekki talið sannað að slys M megi rekja til vanrækslu starfsmanna skólans að bregðast við háلكunni eða annarra atvika sem S getur borið ábyrgð á. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 72/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar K.**

**Vinnuslys 2. september 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. mars 2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 17. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir í málinu kemur fram að M hafi slasast um borð í skipi sem hann var að vinna við. M var að vinna við að skera í sundur þvottaker og þurfti að nota slípirokk við verkið. M kveðst fyrst hafa notað lítinn slípirokk en skipt yfir í stærri þegar hann þurfti. M sagði að spenna hafi komið á járn slípirokksins með þeim afleiðingum að skífa hans hafi náð að festast í smá stund og þegar hún losnaði hafi komið högg á slípirokkinn með þeim afleiðingum að M missti hann í andlitið á sér og slasaðist. Vinnueftirlit ríkisins kom á vettvang og í skýrslu þess kemur fram að M hafi ekki fengið skipulega fræðslu af hálfu vinnuveitanda síns en haft var eftir verkstjóra að brýnt hafi verið fyrir starfsmönnum að nota andlitshlíf þegar stærri slípirokkar væru notaðir. Þegar Vinnueftirlitið kom á slysstað fannst andlitshlíf við hlið M en hafði einungis notað öryggisgleraugu við verkið.

M telur að K beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þar sem verkstjórn og vinnufyrirkomulag hafi verið ófullnægjandi í greint sinn þar sem margir hafi verið að saga sama karið á sama tíma sem hafi skapað hættulegar aðstæður. Einnig vísar M til þess að honum hafi ekki verið fenginn viðeigandi hlífðarbúnaður þar sem einungis ein andlitshlíf hafi verið á staðnum og fleiri en einn hafi verið að vinna við slípirokka. Auk þessa hafi M ekki fengið nægilegar leiðbeiningar um framkvæmd verksins. Einnig vísar M til tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglna sem settar eru með stoð í þeim lögum máli sínu til stuðnings.

V telur að vinnulag við umrætt verk hafi verið fullnægjandi og að viðeigandi persónuhlífar hafi verið til staðar fyrir M til að nota og ekki sé sannað að einungis ein andlitshlíf hafi verið á staðnum enda komi það ekki fram í skýrslu Vinnueftirlits. V telur að slys M verði fyrst og fremst rakið til þeirra aðferða sem hann sjálfur beitti við vinnuna. Ekki stoði að fyrir M að vísa til ófullnægjandi leiðbeininga því hann hafi haft bæði nám og reynslu að baki sem dugðu til að vinna verk sem þetta á réttan hátt.

**Álit.**

M slasaðist þegar járn í slípirokki festist um stund og losnaði síðan með þeim afleiðingum að högg kom á slípirokkinn þannig að hann hentist í andlit M. Ekki hefur verið sýnt fram á að ástæða þess að járníð festist sé vegna annars en stjórnar M á slípirokknum. Þegar mat er lagt á hvort verkstjórn og tilhögun vinnu hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 verður að hafa í huga að það verk sem M vann sem starfsmaður K var nokkuð einfalt og að M hafi haft bæði aldur og reynslu til þess að meta að nauðsynlegt væri við verk sem þetta að nota viðeigandi andlitshlíf. Ekki þykir annað sannað skv. skýrslu Vinnueftirlits en að slík hlíf hafi verið fyrir hendi og M hafi sjálfur valið að nota hana ekki. Að þessu sögðu verður ekki talið nægilega sannað að líkamstjón M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandi hans, K, ber skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík 8. maí 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 73/2015**  
**M og**  
**V v. fasteignatryggingar.**

**Vatnsleki veldur skemmdum á húsi á árinu 2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20. febrúar 2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V dags. 27. mars 2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M segist hafa orðið var við vonða lykt og leka í kjallara húss síns árið 2008. M rekur í skýrslu sinni m.a. hvernig þau mál þróuðust. M telur að vatnslögn hússins leki og krefst bóta úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að lekinn sé ekki vegna skyndilegs óvænts leka úr vatnsleiðslum heldur sé um langvarandi utanaðkomandi smáleka að ræða, en það hafi verið staðfest bæði af starfsmönnum V og verktaka, sem sendir hafi verið til leikaleitar, en slíkur leki sé ekki bótaskyldur úr fasteignatryggingu M hjá V.

**Álit.**

Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á að lekinn í íbúðarhúsi M sé frá vatnslögn hússins. Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu verður hins vegar ekki annað ráðið en að um utanaðkomandi leka sé að ræða, en lekinn stafir ekki frá lögnum hússins. Vatnstjónstrygging fasteignatryggingar M hjá V tekur ekki til langvarandi utanaðkomandi smáleka eins og virðist vera um að ræða í fasteign M. M á því ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.4. 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 74/2015**  
**M og**  
**V v. ábyrgðartryggingar U.**

**Slys þegar maður festist á milli fiskikara þ. 8.1.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-21
2. Bréf V dags. 16.3.2015.

**Málsatvik.**

M vann hjá Ó og klemmdist á milli fiskikara og varð fyrir meiðslum. Körin eru í eigu U, sem sér um þrif á körunum, viðgerðir og viðhald. M segist hafa ætlað að kanna hvort fiskikassar í fiskikari efst í fjögurra kassa stæðu væru ætlaðir öðru fyrirtæki og hafi M og annar maður stigið sitt hvoru megin upp á brík neðsta karsins í stæðunni en við það hafi þrjú kör fallið niður og tvö kör lent ofan á vinstra fót M. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu U hjá V og segir að slysið megi rekja til vanbúnaðar á fiskikari þar sem ófullnægjandi viðgerð hafi verið á einu horni þess, en það hafi leitt til þess að stæðan féll. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að á einu horni neðsta karsins hafi verið gömul viðgerð og það horn greinilega gleiðara en það hafi átt að vera og telur Vinnueftirlitið það eina af ástæðum þess að körin féllu. V hafnar bótaskyldu og telur umrætt fiskikar hafa verið í fullkomnu lagi til þeirra nota sem framleiðandi þess og notandi Ó hafi mátt gera ráð fyrir og það sé rangt að ljóst hafi verið að karið væri í óforsvaranlegu ástandi. Þá segir V að lyftari hafi verið til staðar og M sem vönnum starfsmanni hafi mátt vera ljóst að hann ætti ekki að klifra upp á stæðu fiskikassa enda það sérstaklega bannað. V segir að slysið verði ekki rakið til ófullnægjandi viðgerðar. V bendir á að það sé ekki talið óforsvaranlegt að gera við skemmdir á fiskikörum og hlutlæg ábyrgð af gæðum slíkra viðgerða verði ekki lögð á forsvarsmenn U. Þá bendir V á að ekki sé um sök að ræða hjá U, starfsmönnum U eða þeim sem U ber ábyrgð á.

**Álit.**

Í gögnum málsins er ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að orsakasamhengi sé á milli þess að eitt horn fiskikars var gleiðara en það átti að vera og slyssins. Þá verður ekki séð að umrætt kar hafi verið vanbúið til þeirra nota sem það var ætlað til eða að U hafi mátt vita um að meintir vankantar á fiskikarinu hafi verið fyrir hendi. Þegar af framangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu U hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu U hjá V.

Reykjavík 31.3.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 75/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns við aftanákeyrslu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 9.3.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 28.1.2014 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók. Ekkert tjón mun hafa orðið á A en rispur aftan á B.

Daginn eftir, eða 29.1.2014, leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss vegna verkja aftan í hálsi og niður á milli herðablaða vinstra megin. Í áverkavottorði yfirlæknis deildarinnar segir að M hafi verið með einkenni mest frá vinstri hliðlægum hálsvöðvum og var áverkinn talinn mildur. Ekki voru gerðar röntgenrannsóknir en M var ráðlagt að fara til eftirlits hjá heimilislækni „ef hún væri á leið í vítahring“. Taldi læknirinn ólíklegt að M væri óvinnufær eftir atvikinu.

M leitaði tvívegis til heimilislæknis á heilsugæslustöð vegna einkenna sem hún rakti til slyssins. Leitaði hún fyrst til hans 24.2.2014 vegna slæmra verkja í vinstra herðablaði sem leiddi upp í háls og út í handlegg. Kvæðst M hafa verið slæm af verkjum í fjóra daga eftir slysið. Hún hafi verið heima hjá í þrjú daga en farið svo til vinnu. Daginn fyrir komuna til læknisins hafi hún læstst í hálsi og ekki farið til vinnu þann dag sem hún leitaði til læknisins. Við skoðun hafi hún verið aum í hnakkafestum og í vöðvum aðlægt hryggsúlu vinstra megin í hálsi. Hún hafi einnig verið aum yfir festu „m. levator scapulae“ og efsta hluta „romboid“ vöðva við vinstra herðablað. Hafi hún fengið beiðni í sjúkraþjálfun og bólgueyðandi lyf til að vinna á einkennum hálstognunar. M leitaði aftur til læknisins 16.4.2014 vegna einkenna sem hún bjó þá enn við. Í vottorði læknisins segir að M hafi aldrei leitað á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna umferðarslyss. Í ljósi þess verði að teljast líklegt að einkenni hennar frá hálsi og vinstri handlegg megi rekja til slyssins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X aflaði skýrslu hjá fyrirtækinu D um þá þyngdarkrafta sem verkuðu á ökutækin við áreksturinn. Samkvæmt skýrslu D nam sá þyngdarkraftur sem verkaði á A 0,75 g og 0,68 g sem verkaði á B. Einkum með vísan til skýrslu D telur X ósannað að sjúkdómseinkennum M megi rekja til árekstursins og hefur því hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

M leitaði á slysideild daginn eftir áreksturinn vegna verkjaeinkenna aftan í hálsi og niður á milli herðablaða. Einnig leitaði hún tvívegis til heimilislæknis og hefur jafnframt verið í sjúkraþjálfun. Af gögnum málsins þykir nægilega í ljós leitt að M hafi orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn þótt umfang þeirra hafi ekki verið tilgreint nákvæmlega með matsgerð. Af skýrslu D þykir varhugavert að fullyrða að M hafi ekki orðið fyrir neinu líkamstjóni. Samkvæmt þessu telst M hafa orðið fyrir einhverju líkamstjóni sem er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

**Niðurstaða.**

M telst hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 31. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 76/2015**  
**M og**  
**V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Sönnun tjónsatviks og líkamstjóns haustið 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning lögmanns M fyrir hennar hönd um atvik líkamstjóns hennar dags. 11. janúar 2013. Þar segir að M hafi rekið sig í járn sem stóð út úr hillu eða geymsluhillurekka í geymsluherbergi á heimili sínu. Járníð hafi rekist í hægri öxl M og hafi hún öxlin bólgað upp og vökvi farið inn í liðinn. Ekki er tiltekin nákvæm dagsetning atviksins en tilgreint að það hafi orðið haustið 2012. M kveðst hafa hlotið líkamstjón við umrætt atvik sem hafi haft viðtæk áhrif á heilsu hennar.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón við umrætt atvik sem rekja má til slyss í skilningi vátryggingarskilmála V og vísar til læknisfræðilegra gagna því til stuðnings. Læknisvottorð sýni að hún hafi fengið mar og tognun á öxl sem styðji lýsingu hennar á atvikum og að matsgerð sem liggja fyrir í málinu styðji að einkenni M geti verið eftir áverka. Einnig vísar M til þess að ekki sé hægt að skýra einkenni hennar með öðru, m.t.t. heilsufarssögu hennar, en til umrædds atviks.

V vísar til þess að framkvæmt hafi verið mat á mögulegum áverkum M og eðli líkamstjóns hennar. Þar komi fram einkenni M ásamt niðurstöðum myndrannsókna teljist ekki sértæk fyrir áverka og útlit myndrannsókna bendi til að breytingar sem þar hafi sést hafi verið marga mánuði eða ár að þróast. V telur að upplýsingar í læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu hrindi ekki umræddu mati þess sérfræðings sem framkvæmdi umrætt mat og sé því ekki sannað að M hafi hlotið líkamstjón sem stafar af atviki sem lýst er í tjónstilkynningu til V.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að M lýsir því að haustið 2012 hafi hún orðið fyrir því að reka sig í járn og þannig meiðst á öxl. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað til heimilislæknis í september 2012 vegna verkja í öxl án tengingar við tiltekið atvik. Í október sama ár leitaði M til sérfræðings í bæklunarlækningum og hjá honum kemur fram að M reki verki til þess að hún hafi rekið sig í. Í matsgerð sérfræðings um afleiðingar þessa kemur hins vegar fram einkenni M ásamt niðurstöðum myndrannsókna teljist ekki sértæk fyrir áverka og einkenni hennar oft af öðrum ástæðum en vegna áverka, nema takist að sýna fram á bráðaeinkenni við atburðinn. Staðfesting slíkra einkenna liggur ekki fyrir og veruleg óvissa er um hvenær atvik þau sem M lýsir áttu sér stað. Slíkur vafi leiðir til þess að sönnunarbyrði vegna orsakatengsla hefur ekki verið mætt og hefur M því ekki sýnt fram á að einkenni hennar sé hægt að rekja til slyss.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 31. mars 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur L. Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 77/2015**  
**M og**  
**V v/ ábyrgðarliðar fasteignatryggingar X.**

**Tjón á bifreið 20. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. mars 2015 ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M lagði bifreið sinni í bílastæði við [..]götu á Sauðárkróki þann 19. desember 2015. M lýsir atvikum þannig að daginn eftir hafi hlánað og snjór runnið af þaki hússins við hliðina, þ.e. [..]götu, og valdið tjóni á bifreið M.

M telur að sök vegna tjónsins sé alfarið hjá X, eiganda húseignar að [..]götu. V telur f.h. X í fyrsta lagi að ekki sé sannað að snjór af þaki hafi lent á bifreið M þar sem bifreið hans hafi verið lagt í bifreiðastæði hússins við hliðina. Fjarlægð milli húsanna sé slík að ekki sé ljóst að snjór geti runnið alla þá leið auk þess sem ekkert vitni sé að atburði þeim sem M lýsir heldur einungis vitnisburður um að snjór hafi runnið af þakinu en ekki hvar hann lenti. Einnig bendir V á að misræmi sé í skýrslu M um hvar tjónið hafi orðið á bifreiðinni og ekki sé heldur sýnt fram á í hverju vanræksla X sem húseiganda felist.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá M um að íbúi í húsi að [..]götu hafi heyrt snjó renna af þaki [..]götu og að tjón hafi orðið á bifreið M við það. Ekki kemur fram í gögnum málsins að nokkur hafi séð þetta gerast. Í ljósi þess, sem og fjarlægðar milli bifreiðastæðis við [..]götu og húseignarinnar að [..]götu, verður ekki talið nægilega sannað að snjór hafi runnið af þakinu og á bifreið M þannig að tjón hafi orðið á bifreiðinni. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem telur að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Þau gögn og upplýsingar sem liggja fyrir í málinu duga ekki til sönnunar skaðabótaábyrgðar X og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík 14. apríl 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 78/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. sjúkratryggingar**

**Krafa um bætur úr sjúkratryggingu vegna liðagigtar.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V 1.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-12

**Málsatvik.**

Í vottorði Sigurðar Inga Sigurðssonar heimilislæknis M dags. 26.9.2013 vegna beiðni V um upplýsingar úr sjúkraskýrslum M segir m.a. að M hafi komið fyrst á stofu til læknisins vegna liðverkja þ.12.3.2012 og hafði einnig snúið sér til Júlíusar Valssonar læknis vegna sama. Samkvæmt læknafréfi Árna Jóns Geirssonar yfirlæknis dags. 27.3.2014, segir að hann hafi hitt M á árinu 2013 í læknafréfinu segir að M haf veikst skyndilega um mitt ár 2010 samkvæmt frásögn M. M krefst bóta úr sjúkratryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 4.1. í vátryggingaskilmálum og segir að til að M eigi rétt á bótum úr sjúkratryggingunni þá þurfi ákveðin þrjú skilyrði af tilgreindum fimm að hafa verið til staðar fyrir 26.janúar 2012 eftir að M hafi náð 60 ára aldri, sem M gerði þ.18.3.2011, en svo virðist sem miðað sé við endurnýjun tryggingarinnar eftir 60 ára afmælisdaginn. V segir að hafi sjúkdómur ekki verið greindur fyrir umrædda dagsetningu þá gildi ofangreind ákvæði. M uppfylli ekki þrjú af þeim fimm skilyrðum sem til þurfi að koma til þess að um bótaskyldu V sé að ræða og því eigi M ekki rétt á bótum úr sjúkratryggingunni.

**Álit.**

V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að M hafi ekki uppfyllt þrjú af fimm skilyrðum sem eru tilskilin til að um bótaskyldu sé að ræða úr sjúkratryggingu M hjá V þ. 26. janúar 2012 samkvæmt grein 4.1 í vátryggingasamningum fyrir sjúkratrygginguna. M hefur ekki fært sönnur á að hún hafi uppfyllt þrjú af þeim fimm skilyrðum sem um ræðir miðað við skilyrði vátryggingarinnar um bótaskyldu með tilvitnuðum gögnum og þá hefur hún ekki sýnt fram á að sjúkdómur hennar hafi verið kominn fram fyrir umrædda viðmiðunardagsetningu þ. 26. janúar 2012. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 79/2015**  
**M og**  
**V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B.**

**Kona lenti í umferðarslysi þ. 18.5.2012 og 10.12.2012. Líkamstjón. Orsakasamhengi.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 16.3.2015

**Málsatvik.**

M lenti í umferðarslysi þ.18.5.2012 þegar M ók aftan á bifreið. Síðara slysið varð með þeim hætti að B ók aftan á bifreið þar sem M var farþegi. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi leitað til læknis sama dag og fyrra slysið varð vegna þess að hún hafi fengið hnykk á bakið. Ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn um þá læknisheimsókn. Eftir seinna slysið leitaði M ekki til læknis strax en tók verkjalyf. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðanna A og B vegna þess líkamstjóns sem hún hafi orðið fyrir við ofangreinda árekstra og vísar til gagna málsins sem sýni að M hafi orðið fyrir tjóni í maí 2012 og síðan aftur í desember 2012. V hafnar bótaskyldu og bendir á að um tvö aðskilin mál sé að ræða. Varðandi slysið þ.18.5.2012 segir V að mjög lítið tjón hafi verið á bifreiðinni sem M ók á og ekki liggi fyrir upplýsingar um tjón á bifreið M einnig sé merkt við nei í tjónstilkynningu í reit fyrir slys á fólki varðandi slysið. V hafnar því að M geti byggt bótakröfu á læknisskoðun þar sem engin gögn liggja fyrir um skoðunina eða hvers vegna hún var. M hafi ekki leitað læknis aftur fyrr en þ. 10.6.2014. Þá vísar V einnig til þess að M hafi komið á bráðadeild spítalans í Fossvogi þ. 17.3.2013 og þar sé skráð að um sé að ræða bakverki án sögu um áverka. Varðandi síðara slysið segir V að ekki liggi fyrir upplýsingar um farþega í bifreiðinni og ekki sé merkt við upplýsingar um slys á fólki. V telur ósannað að M hafi verið farþegi í bifreiðinni og M hafi fyrst leitað læknis vegna þessa 18 mánuðum síðar. V segir því ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við síðari áreksturinn.

**Álit.**

Ekki liggja fyrri gögn af hálfu M sem sýna fram á það með óyggjandi hætti að þeir verkir sem hjá hana í dag verði raktir til þeirra umferðarslysa sem hún lenti í þ. 18.5. og 10.12.2012. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A og B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A og B hjá V.

Reykjavík 14.4.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 80/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um hvort meiðsl ökumanns megi rekja til tiltekins áreksturs.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 26.1.2013 ók M bifreið sinni, A, aftan á kyrrstæða bifreið á Sæbraut í Reykjavík. Í lögregluskýrslu er sagt að mikið sjáanlegt tjón hafi orðið á A en lítið á hinni. Ekki er þess getið í lögregluskýrslunni að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn.

M leitaði á slysa- og bráðadeild Landspítalans 19.4.2013 einkum vegna bakverkja og sýkingar í andliti og munn. Kvaðst M hafa verið með stöðugan verk í öllu bakinu, en fyrir hafi hún verið með óskilgreindan bakverk, verið í sjúkrahjálfun og fengið verkjalyf hjá heimilislæknis en allt komið fyrir ekki. Í læknafréfi vegna komu M á deildina umrætt sinn kemur fram að M sé öryrki eftir fleiri umferðarslys og auk þess vefjagigt. Þá segir m.a.: „Engin klínísk einkenni fyrir brjóslokosi eða spinal steosu. Ekki spondylolisthesa. Spurning um psoas spasma?? Mjög erfitt að setja greiningu á þetta króníska bakverkjavandamál og útskýri fyrir sjúkling að ég hef aðeins aðstöðu til að greina akút vandamál. Engin rauð flögg hér til að elta akút.“

Hinn 8.5.2013 mun M hafa leitað til heimilislæknis síns vegna mjóbaksverkja auk þess sem hún væri líka „aum framantil, sárir verkir þar voru nýtilkomnir eftir slysið.“ Hún leitaði einnig til læknisins vegna bakverkja 23.9.2013 og 5.2.2014. Í vottorði læknisins kemur fram að M hafi orðið fyrir nokkrum umferðarslysnum á undan slysinu í janúar 2013, þ.e. í nóvember 2003, september 2004, júní 2006 og október 2007. Hún eigi sér langa sögu um bakverki og vefjagigt.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

M leitaði fyrst á slysa- og bráðadeild Landspítalans 19.4.2013 eða tæpum þremur mánuðum eftir áreksturinn vegna verkja í öllu bakinu. Hún leitaði síðan til heimilislæknis í þrjú skipti, 8.5. og 23.9.2013 og 5.2.2014. Þar er þess getið að hún eigi langa sögu um bakverki og vefjagigt. Þar er þess enn fremur getið að hún hafi lent í fjórum umferðarslysnum á árunum 2003, 2004, 2006 og 2007.

Ljóst er að M hefur átt við vefjagigtar- og bakeinkenni að stríða um langt skeið, m.a. af völdum eldri umferðarslysa. Af læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ekki greint með neinni vissu að hún hafi orðið fyrir meiðslum sem hafi valdið verkjaeinkennum umfram það sem hún hafði fyrir slysið 26.1.2013. Í þessu sambandi ber þess að geta að ekkert mat liggur fyrir í málinu á þeim meiðslum sem M kann að hafa hlotið við áreksturinn eða, eftir atvikum, þeim einkennum sem hún býr við af völdum þeirra. Telst því ósannað að M búi við einkenni sem rekja megi til umferðarslyssins 26.1.2013. Hún á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 14. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 82/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. lögboðinnar slysáttryggingar**  
**ökumanns og eiganda bifreiðar.**

**Árekstur þegar bifreið ók yfir á rangan vegarhelming. Stórkostlegt gáleysi.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 27. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Bifreið M ók yfir á rangan vegarhelming og á bifreið sem ók eftir þeirri akrein. M segir að hún hafi verið að senda smáskilaboð úr farsíma sínum þegar áreksturinn varð. Ökumaður bifreiðarinnar sem M ók á segist hafa séð að bifreið M var ekið yfir á rangan vegarhelming og hafi hann þá hægt á bifreið sinni og ekið út í kantinn eins langt og hann komst en það ekki dugað til. Tvö vitni bera að M hafi ekið bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming og í veg fyrir bifreiðina sem hún ók á. M krefst bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökumanns og eiganda og vísar til ákvæða 92. gr. og 94 gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og segir að V hafi ekki tilkynnt M það skriflega án ástæðulauss dráttar að félagið telji sig vera laust úr ábyrgð. Þá telur M að hún hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur sig hafa tilkynnt M það með viðeigandi hætti án óeðlilegs dráttar. V vísar til 2. og 3. mgr. 88.gr umferðarlaga nr. 50/1987 um heimild til að lækka bætur eða fella niður hafi sá sem hlut eigi að máli verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi og telur V að um slíkt hafi verið að ræða af hálfu M.

**Álit.**

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hún sendi skilaboð úr farsíma sínum þegar hún var í akstri á fjölförnum vegi þar sem ökuhraði er almennt mikill. Vegna þess stórkostlega gáleysis sem M hefur V heimild til að takmarka ábyrgð sína vegna líkamstjóns M. Vakin er athygli á því að lagaheimild vátryggingafélaga til skerðingar bóta vegna slysáttryggingar ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki er að finna í lögum um vátryggingarsamninga en ekki í 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nánar tiltekið er slíkt ákvæði í 1. mgr. 90. gr. laganna varðandi persónutryggingar og sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 27. gr. laganna um skaðatryggingar. Efnislega eru öll þessi ákvæði þó sambærileg varðandi heimildir vátryggingafélags til takmörkunar á ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs/tjónþola. Verður að telja skilyrði þeirra uppfyllt í málinu og að teknu tilliti til allra aðstæðna þykir rétt að V greiði M 1/3 hluta tjónsins en 2/3 tjónsins beri M sjálf vegna stórkostlegs gáleysis.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum sem nemur 1/3 tjóns hennar en ber 2/3 tjónsins sjálf.

Reykjavík 12.5. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 81/2015**  
**M og**  
**V v/ brunatryggingar húseigna**

**Eldsvoði 28. apríl 2014 og uppgjör bóta.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. mars 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 25. mars 2015.

**Málsatvik.**

Eldsvoði varð þann 28. apríl 2014 í kennslustofum sem komið var fyrir við X í Reykjavík. Í gögnum málsins kemur fram að kennslustofurnar voru skv. opinberri skráningu Fasteignamats ríkisins merktar með svokölluð fastanúmeri sem Z. Þegar eldsvoðinn átti sér stað var RR þinglýstur eigandi fasteignar með umræddu fastanúmeri. Í málinu liggja auk þess annars vegar fyrir gögn um kaupsamning og afsal dags. 2. júlí 2013 þar sem R selur M umræddar kennslustofur. Í því skjali kemur fram að kennslustofurnar séu seldar til brottflutnings og án nokkurra lóðarréttinda sem og að þær teljist lausafé, sbr. 3.gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Einnig kemur þar fram að stefnt sé að flutningi kennslustofanna af lóð R fyrir 30. júlí 2013 en það hafði hins vegar ekki gerst þegar eldsvoðinn varð. Hins vegar liggur fyrir yfirlýsing f.h. R dags. 3. júlí 2014 þar sem borgin „...framselur því allan kröfurétt til brunabóta til [M] vegna krafna sem stofnast eftir afhendingu stofanna þ.á.m. vegna brunatjóns sem verð 28. apríl 2014 á hluta umræddra kennslustofa.“

M telur greiðsluskyldu V vera fyrir hendi þar sem félagið hafi viðurkennt með tölvupósti starfsmanns þess þann 5. júlí 2013 að brunatrygging væri í gildi þrátt fyrir eigendaskipti að fasteigninni með fastanr. Z. Þess vegna geti V ekki borið fyrir sig 2. mgr. 1. gr. vátryggingarskilmála brunatryggingar húseigna um að vátryggingin hafi fallið niður við eigendaskipti. Einnig bendir M á að V hafi viðurkennt greiðsluskyldu gagnvart R með tölvupósti dags. 27. maí 2014. Þar sem framsal kröfuréttar hafi átt sér stað með skjali dags. 3. júlí 2014 eigi M rétt til greiðslu þeirra bóta.

V telur að vátrygging hafi fallið brott við eigendaskipti og vísar til 2. mgr. 1. gr. vátryggingarskilmála þar sem það komi fram, þó með takmörkun 1. mgr. 40. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að vátrygging gildi alltaf í 14 daga gagnvart nýjum eiganda. Eigendaskipti áttu sér stað í júlí 2013 og tjón varð ekki fyrr en í lok apríl 2014 og umræddir 14 dagar því liðnir á þeim tíma. Einnig vísar V til þess að þó litið sé svo á að vátrygging sé í gildi verði að líta til ákvæða laga nr. 48/1994 um brunatryggingar og vátryggingaskilmála varðandi mat á tjóni. Í 4. mgr. 14. gr. vátryggingarskilmála komi fram að ef húseign eyðileggist alveg þá skuli meta sérstaklega hvort matsfjárhæð sé í samræmi við raunverulegt fjártjón húseiganda. Einnig komi fram í 2. mgr. 3. gr. laga um brunatryggingar að ef undanþága sé veitt frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar hærra en markaðsverð sé hægt að miða bótafjárhæð við markaðsverð. Það fái einnig stoð í 5. mgr. 15. gr. vátryggingarskilmála V. V telur ljóst af gögnum málsins að umræddar kennslustofur verði ekki endurbyggðar á þeim stað sem þær voru og vísar um það til kaupsamnings M og R. Það verði því að líta til umræddra ákvæða við ákvörðun bóta. Einnig vísar V til þess að félagið hafi gert ítrekaðar tilraunir til sátta við M án árangurs.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort brunatrygging húseigna hafi verið í gildi hjá V þann 28. apríl 2014 þegar kviknaði í kennslustofum á lóð R.. Þegar litið er til opinberrar skráningar og tilgreiningu Fasteignamats ríkisins á svokölluð fastanúmeri Z í fasteignaskrá, verður ekki annað séð en að umræddar kennslustofur hafi verið skilgreindar sem húseign í skilningi 1. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994 og eigandi húseignarinnar skyldugur til að kaupa brunatryggingu skv. sömu grein. Af 4. gr. laganna sem og reglugerð nr. 809/2000 má sjá að vátryggingafélögum eru settar mjög þröngar skorður hvað það varðar að fella niður lögboðnar brunatryggingar. Þegar litið er til þess er ekki unnt að fallast á að kaupsamningur og afsal milli R og M dags. 2. júlí 2013 hafi gert það að verkum að brunatrygging húseignar féll niður samdægurs. Sérstaklega þegar litið er til þess að vitneskja V um þann kaupsamning kom ekki fram fyrr sumarið 2014 eða eftir að tjónið varð og starfsmaður félagsins hafði staðfest að vátrygging væri í gildi gagnvart R. ekki verður heldur séð af gögnum málsins að V hafi fellt vátrygginguna niður og endurgreitt iðgjöld frá eigendaskiptum. Líta verður til 1. gr. vátryggingarskilmála V vegna brunatryggingar húseigna kemur fram að vátryggingin sé „til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda vátryggðrar húseignar.“ Þegar tjón varð var Re vátryggingartaki vátryggingarinnar og að því að best verður séð þinglýstur eigandi hennar. Réttur til vátryggingarbóta stofnaðist því til handa Rá tjónsdegi. Samkvæmt yfirlýsingu borgarinnar um framsal kröfuréttar dags. 3. júlí 2014 hefur M öðlast rétt R til kröfu um bætur úr brunatryggingunni. Er ekki unnt að líta öðruvísi á en að bótaskylda sé því fyrir hendi úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Skv. 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags. Í 2. mgr. 3. gr. sömu samþykktar kemur hins vegar fram að nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Í þessu máli liggur ekki fyrir skýrt samþykki um ákvörðun bótafjárhæðar af hálfu V. Því má bæta við að ekki liggja heldur fyrir ítarleg gögn um mat á raunverulegu fjártjóni M. Verður því ekki fjallað frekar um fjárhæð bóta heldur eingöngu úrskurðað um bótaskyldu V.

**Niðurstaða.**

Viðurkennt er að M eigi rétt á bótum úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 82/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. lögboðinnar slysáttryggingar**  
**ökumanns og eiganda bifreiðar.**

**Árekstur þegar bifreið ók yfir á rangan vegarhelming. Stórkostlegt gáleysi.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 27. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Bifreið M ók yfir á rangan vegarhelming og á bifreið sem ók eftir þeirri akrein. M segir að hún hafi verið að senda smáskilaboð úr farsíma sínum þegar áreksturinn varð. Ökumaður bifreiðarinnar sem M ók á segist hafa séð að bifreið M var ekið yfir á rangan vegarhelming og hafi hann þá hægt á bifreið sinni og ekið út í kantinn eins langt og hann komst en það ekki dugað til. Tvö vitni bera að M hafi ekið bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming og í veg fyrir bifreiðina sem hún ók á. M krefst bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökumanns og eiganda og vísar til ákvæða 92. gr. og 94 gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og segir að V hafi ekki tilkynnt M það skriflega án ástæðulauss dráttar að félagið telji sig vera laust úr ábyrgð. Þá telur M að hún hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur sig hafa tilkynnt M það með viðeigandi hætti án óeðlilegs dráttar. V vísar til 2. og 3. mgr. 88.gr umferðarlaga nr. 50/1987 um heimild til að lækka bætur eða fella niður hafi sá sem hlut eigi að máli verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi og telur V að um slíkt hafi verið að ræða af hálfu M.

**Álit.**

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hún sendi skilaboð úr farsíma sínum þegar hún var í akstri á fjölförnum vegi þar sem ökuhraði er almennt mikill. Vegna þess stórkostlega gáleysis sem M hefur V heimild til að takmarka ábyrgð sína vegna líkamstjóns M. Vakin er athygli á því að lagaheimild vátryggingafélaga til skerðingar bóta vegna slysáttryggingar ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki er að finna í lögum um vátryggingarsamninga en ekki í 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nánar tiltekið er slíkt ákvæði í 1. mgr. 90. gr. laganna varðandi persónutryggingar og sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 27. gr. laganna um skaðatryggingar. Efnislega eru öll þessi ákvæði þó sambærileg varðandi heimildir vátryggingafélags til takmörkunar á ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs/tjónþola. Verður að telja skilyrði þeirra uppfyllt í málinu og að teknu tilliti til allra aðstæðna þykir rétt að V greiði M 1/3 hluta tjónsins en 2/3 tjónsins beri M sjálf vegna stórkostlegs gáleysis.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum sem nemur 1/3 tjóns hennar en ber 2/3 tjónsins sjálf.

Reykjavík 12.5. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 84/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v. sjúkratryggingar.****Krafa um bætur vegna þunglyndis og einbeitingarskorts o.fl. þ. 15.12.2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.26.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V 8.4.2016

**Málsatvik.**

M fór í aðgerð vegna heilaæxlis árið 2011. Eftir það fór að gæta verulegs þunglyndis hjá M. Í læknisvottorði Einars Guðmundssonar geðlæknis, dags. 22.8.2014 segir að M hafi þjádast af þunglyndi frá barnæsku en verið án lyfja og meðferðar, en eftir aðgerðina hafi þunglyndið versnað og M farið í fyrstu þunglyndismeðferðina eftir aðgerðina. Þá segir í læknisvottorðinu að einbeitingaskortur M, minnistap, skjálfti og höfuðvandamál sé afleiðing heilaæxlisins en það sé jafnframt ein aðal ástæða þess að M ræður ekki lengur við þunglyndið án meðferðar. M krefst bóta úr sjúkratryggingu sinni hjá V vegna þunglyndisins og þeirra kvilla annarra sem lýst er hér að framan. V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 3.4 í vátryggingaskilmálum þar sem segir m.a. að félagið greiði ekki bætur vegna sjúkdóms sem hafi sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi. V segist hafa greitt M fulla dagpeninga fyrir tímabilið október 2011 til júlí 2013.

**Álit.**

M hefur verið með sjúkratryggingu hjá V frá því í mars 1990 og gerir kröfu til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og tímabundins missi starfsorku. Í læknisvottorðum Einars Guðmundssonar geðlæknis dags. 5.8.2014 og 22.8.2014 er staðhæft að starfsgeta M sé verulega skert eftir skurðaðgerð vegna æxlis í höfði. Í vottorði Einars dags. 22.8.2014 kemur fram að M hafi þjádast af þunglyndi frá barnæsku en verið án lyfja og meðferðar ekkert frekar liggur fyrir í málinu um það atriði. Ekki verður séð að þunglyndi hafi háð M að nokkru marki fyrr en eftir að hann fór í skurðaðgerð vegna höfuðæxlis. Ekki liggur fyrir að M hafi haft vitneskju um að hann var haldinn þunglyndi þegar hann tók sjúkratrygginguna hjá V í mars 1990 enda kemur fram í ofangreindu læknisvottorði að þunglyndi M hafi ekki háð honum fyrr en eftir skurðaðgerðina vegna æxlis í höfði. Af þeim gögnum sem fyrir liggja verður ekki ráðið að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína til V við töku sjúkratryggingarinnar þannig að það leiði til þess að ábyrgð V falli niður í heild eða að hluta sbr. 83. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Verður heldur ekki lagt til grundvallar að V hafi með nægilega skýrum hætti sýnt fram á að undanþáguákvæði gr. 3.4. í vátryggingarskilmálum eigi við í málinu þar sem gögn málsins sýna ekki með óyggjandi hætti að sami sjúkdómur sem veldur óvinnufærni M í dag hafi sýnt einkenni áður en vátryggingin var tekin. M á því rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V vegna þeirrar tímabundnu og varanlegru örorku sem hann kann að hafa orðið fyrir í samræmi við vátryggingarsamning hans um sjúkratryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8.5. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 85/2015**  
**M og**  
**V v. bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á Vesturlandsvegi þ. 22.6.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.2.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á Vesturlandsvegi við afleggjara að bensínstöð Atlantsolíu. Báðum bifreiðunum var ekið áleiðis norður Vesturlandsveg. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til vinstri að bensínstöð Atlantsolíu og hafi hann hægt á A og gefið stefnuljós til vinstri og þegar hann var að beygja hafi B sem var í framúrakstri ekið á A. Ökumaður B segir að A hafi verið ekið frekar hægt en A hafi haft fellihýsi í dragi. Ökumaður B segist hafa verið að aka framúr A og þegar hann hafi verið við hlið A þá hafi A verið beygt til vinstri í hlið B.

**Álit.**

Ökumaður A gætti ekki nægjanlega að umferð áður en hann beygði til vinstri og ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B gætti ekki nægjanlegrar varúðar við framúrakstur í umrætt sinn og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar en ökumaður B 1/3 sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 14.4. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 86/2015**  
**M**  
**og vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar L**

**Afleiðingar aðgerðar á hné þann 1. nóvember 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2015.
3. Bréf V dags. 28. apríl 2015.

**Málsatvik.**

M kveðst hafa lent í frítímaslysi þann 6. ágúst 2012, þar sem hún snéri upp á vinstra hné með þeim afleiðingum að liðþófi í hnénu skaddaðist. V telur ósannað að M hafi lent í slysi þar sem engin samtímagögn eru til staðar sem sanna slíkt.

Samkvæmt læknisvottorði frá heilsugæslustöðinni Sólvangi dagsettu 3. apríl 2014 kemur fram að M hafi komið til skoðunar þar þann 17. ágúst 2012. Þar ræddi M um liðverki og jafnframt kom fram að sterk ættarsaga væri um slitgigt. Kvartaði M um eymsli í mjöðm. M var í kjölfarið send í myndgreiningu. M kom aftur á heilsugæslustöðina þann 29. ágúst 2012 en í sjúkraskrárfærslu þeirrar heimsóknar kemur fram að M sé með verulegt slit í vinstra hné og byrjandi slitbreytingar í hægra hné. Einnig kemur þar fram að M sé með slit í höndum og hafi verki í mjöðmum. M fór í segulómun á vinstra hné þann 27. september 2012 en í niðurstöðum hennar kemur m.a. fram að það séu slitbreytingar með lækkuðum liðbilum og vægum nabbamyndunum á liðbrúnum og að væg vökvasöfnun væri í liðnum.

Óumdeilt er að M fór í aðgerð á hné þann 1. nóvember 2012 hjá L. Samkvæmt gögnum frá LSH var M flutt á bráðadeild þann 13. nóvember 2012 vegna gruns um sýkingu á vinstra hné eftir aðgerðina. Mun M hafa fengið mikla verki um nóttina og var einnig með hita. Var M greind með liðsýkingu í vinstra hné og var sett í sýklalyfjameðferð. Var M lögð inn á smitsjúkdómadeild til 18. nóvember 2012 og fékk svo sýklalyf í æð til 24. nóvember 2012.

M hafði samband við heilsugæsluna þann 25. febrúar 2013 vegna verkja í vinstra hné. Var M ráðlagt að fara til aðgerðarlæknisins L til að láta tappa vatni af liðnum. M fór í segulómun á vinstra hné þann 18. apríl 2013 og í röntgen þann 20. apríl 2013. Röntgenrannsóknin sýndi að breytingar væru í mediala tibia condylnum sem vel gætu samrýmst beindrepi. Var slík niðurstaða staðfest í álitu sóttvarnarlæknis þann 26. júní 2014. Þann 17. febrúar 2014 var gerð liðskiptaaðgerð á vinstra hné M.

Í málskoti kemur fram að M telur sig eiga rétt til bóta skv. 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þar komi fram að greiða eigi bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum megi rekja til þess að tjón af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bóta laust. M telur að skilyrði til greiðslu bóta á grundvelli þessa liðar séu uppfyllt þar sem ljóst sé að sýkingin og beindrepið hafi hlotist af fyrrgreindi aðgerð L og ósanngjarnt sé að M þoli það bóta laust.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði 4. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt. Í málinu sé þó ekki ágreiningur um að orsakatengsl séu milli aðgerðarinnar sem L framkvæmdi þann 1. nóvember 2012 og sýkingarinnar sem M fékk í kjölfar hennar.

**Álit.**

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort skilyrði 4. tl. 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til

sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Þegar tekið er mið af öllum fyrirbyggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að ekki liggi fyrir með óbyggjandi hætti hvort og hversu mikið umrædd sýking leiddi til tjóns fyrir M. Miðað við gögn málsins var M komin með langt gegna slitgigt í vinstra hnéð og brjóska vantaði á sköflungshlutann. Hugsanlega hefði M því hvort sem er þurft á liðskiptaaðgerð að halda þrátt fyrir sýkinguna. Sökum þessarar óvissu og að ekki liggur fyrir óbyggjandi sönnun þess efnis verður ekki hægt að fullyrða að sýkingin hafi leitt til tjóns fyrir M.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 3. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 87/2015**  
**M**  
**og**  
**X v/ sjúkdómatryggingar.**

**Ágreiningur um rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu vegna heilablóðfalls.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 2.3.2015, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf X, dags. 17.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 16.9.2004 var M lögð inn á heila- og taugaskurðlækningadeild Landspítala háskólasjúkrahúss til skurðaðgerðar á höfði. Í læknaþreffi frá deildinni, dags. 26.9.2014, segir að tölvusneiðmynd af höfðinu hafi sýnt „um 50 ml blæðingu, lobar blæðingu parietalt vi. megin sem nær inn að ventricle kerfinu og þrýstir á vefinn þar í kring og veldur það miðlínutilfærslu upp á nokkra mm og þröngt í basal cisternum.“ Enn fremur segir í læknaþreffinu að eftir aðgerðina hafi M verið „með hæ. hemiparesu, nokkuð málstol og verulegt gaumstol ásamt hemianopsiu. Hún fór síðan hægt og rólega að sýna neurologískan bata, minni dysphasia en áfram gaumstol og hemianopsia til hæ. Eftir að blóðþrýstingurinn náðist niður og í viðunandi gildi þá fluttist hún á almenna deild heila- og taugaskurðeildar...“.

Með tjónstilkynningu, dags. 19.12.2014, hefur M krafist bóta úr sjúkdómatryggingu sem hún hefur haft í gildi hjá X frá árinu 2000. Samkvæmt 8. gr. skilmála sem gilda um sjúkdómatrygginguna telst váttryggingaratburður einungis verða ef váttryggður m.a. greinist með einhvern þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í greininni og eru nánar skilgreindir þar. Meðal sjúkdóma sem þar eru taldir upp er „heilaáfall/slag (Stroke)“. Nánar er sjúkdómurinn skilgreindur svo í greininni: „Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu og blóðrek. Skilyrði er einkenni varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.“ Með tölvuskeyti til lögmanns M, dags. 2.2.2015, fór X þess á leit að fá afrit af sjúkraskrá M fyrir tímabilið 1995 til 2000, svo og nýtt vottorð frá heila- og taugasérfræðingi að því er virðist samkvæmt nánar tiltekinni forskrift. Bauðst félagið til að afla þessara gagna ef það fengi undirritaða yfirlýsingu um leyfi til að afla þeirra.

**Álit.**

Ekki er að sjá samkvæmt gögnum málsins að X hafi fengið í hendur þau gögn sem það óskaði eftir með tölvuskeytinu 2.2.2015. Skortir vottorð læknis eða önnur sambærileg gögn sem taka af öll tvímæli um að M hafi fengið heilaáfall/slag sem samræmist skilgreiningu þeirri sem getur í 8. gr. váttryggingarskilamálanna, svo og gögn sem X hefur lögvarða hagsmuni af að fá til að geta gengið úr skugga um að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi ekki verið veittar við töku váttryggingarinnar á sínum tíma. Þannig liggur ekki fyrir með skýrum hætti að heilablæðing sú sem hún fékk í september 2014 leiði til greiðslu bóta úr váttryggingunni. Er málið óljóst og illa upplýst að þessu leyti og þess vegna ekki tækt til úrskurðar. Samkvæmt þessu og með vísan til e. liðar 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, er málinu vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða.**

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 88/2015****M og  
V vegna bifreiðar A og bifreiðar B.****Árekstur á Hörðuvöllum, við lögreglustöðina á Selfossi.****Gögn.**

1. Málskot K móttakið þann 5. mars 2015 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt lögregluskýrslu varð áreksturinn með þeim hætti að vinstri hliðar beggja bifreiða rákust saman þegar þær mættust á Hörðuvöllum á Selfossi. Gerðist atvikið þann 8. janúar 2015.

Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka Hörðuvöllina til norðurs en hafi verið að nema staðar við biðskyldu, á leið inn Árveg til austurs, þegar hún fann að bifreið B rakst utan í sína bifreið. Kveðst ökumaður A hafa verið á 5 – 10 km/klst. þegar áreksturinn varð.

Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið Árveg til austurs og beygði svo inn Hörðuvöllina til suðurs. Heyrði hún svo allt í einu einhver læti og var það þá þegar bifreiðarnar rákust saman. Taldi ökumaður bifreiðar B að báðir ökumenn hefðu misreiknað sig á gatnamótunum.

**Álit.**

Með málskoti fylgdu myndir sem sýna afstöðu bifreiðanna eftir áreksturinn. Snjór var á akbrautinni og því enga miðlínu að sjá fyrir ökumennina. Við þær aðstæður verður að sýna sérstaka aðgát þegar bifreiðar mætast. Ekki er hægt að sjá á myndunum með óyggjandi hætti að önnur bifreiðin sé þannig staðsett að ljóst sé að annar ökumaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi. Myndirnar sýna því ekki með óyggjandi hætti að annar ökumaðurinn eigi meiri sök á árekstrinum en hinn.

Í ljósi þess að ekki verður séð á gögnum málsins að annar ökumaðurinn eigi meiri sök á árekstrinum en hinn verður að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga í málinu.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 89/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar læknisins L.**

**Gildissvið sjúklingatryggingar m.t.t. lækniáðgerðar 4. febrúar 2011.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. mars 2015 ásamt læknisvottorði L dags. 11. janúar 2011.
3. Bréf lögmanns M dags. 25. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu kemur fram að M varð upphaflega fyrir líkamstjóni við slyss þann 12. október 2008 þegar hún sparkaði í einhvern hlut og fann fyrir einkennum í rist. M leitaði til lækna vegna þessara einkenna og var metin til varanlegrar lækniþjálfunar örorku vegna þessa líkamstjóns á árinu 2009 og aftur á árinu 2011. M var vísað til L af heimilislækni sínum á árinu 2010 og framkvæmdi hann tvær aðgerðir á fæti M, í október 2010 og 4. febrúar 2011.

M telur að við seinni aðgerð L í febrúar 2011 hafi hún orðið fyrir frekara tjóni en leiða má af slysi því sem hún leitaði lækninga vegna og varð á árinu 2008. M vísar fyrst og fremst til álits sérfræðings í bæklunarlækningum á árinu 2013 sem telur að „eitthvað hafi farið úrskeiðis“ í aðgerð sem L framkvæmdi í febrúar 2011 og vísað er til þess að taugamælingar sem gerðar hafi verið fyrir aðgerð, á árinu 2009 og 2. febrúar 2011 hafi verið eðlilegar en ekki mæling sem gerð hafi verið eftir aðgerð eða þann 7. júlí 2011. M telur að skilyrði bæði 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 séu uppfyllt og m.t.t. vægra sönnunarkrafna í lögnum hafi stofnast bótaskylda úr sjúklingatryggingu L hjá V vegna afleiðinga aðgerðarinnar í febrúar 2011.

V rekur sjúkrasögu M vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir á árinu 2008 og afleiðingar þess og þau einkenni sem skráð eru í læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu. V bendir á að M hafi haft þónokkur einkenni þegar hún leitaði fyrst til L og áður en sú aðgerð, sem hér er ágreiningur um, hafi verið framkvæmd hafi M haft nokkra verki í rist. V vísar einnig til þess að áður en taugamæling var gerð í júlí 2011, þar sem niðurstöður bentu til ofurnæmi og óeðlilegrar sársaukasvörunar á ristinni, hafi heimilislæknir M á árinu 2009 komist að svipaðri niðurstöðu, þ.e. að auk tognunar á rist hafi M hlotið skaða á húðtaug sem hafi sambærileg einkenni og lýst er í taugamælingu í júlí 2011. Einnig vísar V til mats matsmanna um að M hafi hlotið umræddan skaða á húðtaug strax við slysið 2008 og hafi afleiðingar þess verið metnar í matsgerðum. Af þeim ástæðum telur V ekki sýnt að þau einkenni sem M lýsir nú séu rakin til annars en upphaflegs áverka og ósannað að orsakatengsl séu milli þeirra og lækniáðgerðar þeirrar sem M gekkst undir hjá L í febrúar 2011.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt í tengslum við þá meðferð og greiningu sem M fékk sem sjúklingur hjá L þann 4. febrúar 2011. Í lögum nr. 111/2000 eru bótareglur tilgreindar í 1.-4.tl. 2. gr. laganna en sönnunarkröfur eru vægari en almennt í skaðabótarétti. Það þarf þó að liggja fyrir að tjón sé að öllum líkindum hægt að rekja til einhverra atvika sem koma fram í fyrrgreindum bótareglum 1.-4.tl. 2. gr. laganna.

Í þessu máli reynir fyrst og fremst á hvort að öllum líkindum megi rekja tjón M til þess að rannsókn eða meðferð hefði mátt framkvæma með öðrum hætti en gert var eða mat sem síðar er gert hafi leitt í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með annarri meðferðaraðferð en gert var en hefði gert sama gagn við meðferð sjúklings. Einnig hvort orðið hafi fylgikvillar af aðgerð hjá L og

Þeir séu þess eðlis að ósanngjarnt sé að M þoli þá bótafast þrátt fyrir vægari sönnunarkröfur í lögum um sjúklingatryggingu en almennt í skaðabótarétti ber M sönnunarbyrði um að umrædd skilyrði 1. og/eða 4. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt. Það sönnunargagn sem M vísar helst til er læknisvottorð sérfræðings sem telur að „eitthvað hafi farið úrskeiðs“ við læknisaðgerð þá sem L framkvæmdi í febrúar 2011. Af gögnum málsins verður ekki frekar ráðið hvað þetta „eitthvað“ er nákvæmlega en ályktun dregin af taugamælingum að áverki hafi þá komið á taug í fæti M. Í öðrum læknisvottorðum og matsgerðum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að hluti áverka M vegna slyssins á árinu 2008 hafi verið taugaskaði og einkennum hans lýst og þau metin. Verður með hliðsjón af því ekki talið nægilega ljóst að M hafi hlotið einhver viðbótareinkenni eftir aðgerð hjá L í byrjun febrúar 2011 eða að þær aðstæður séu uppi að að öllum líkindum megi rekja einhver slík einkenni til meðferðar eða vanhöld á meðferð hjá L. Að sama skapi teljast ekki líkandi til þess að M hafi hlotið fylgikvilla í skilningi 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af þessu verður því ekki ráðið að meðferð M hjá L hafi verið með þeim hætti að skilyrði 1., 4. eða annarra töluliða 2.gr. laga um sjúklingatryggingu teljist uppfyllt. Verður því ekki fallist á að M hafi sýnt fram á að hún eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 90/2015**  
**Borgþór Helgason (M) og**  
**vátryggingafélagið V1 v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Ásvegi í Rangárþingi þ. 16.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 3.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 24.3.2015
3. Myndband

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Ásvegi í Rangárþingi Ytra. Ökumaður B segist hafa ekið suður Ásveg í roki og mikilli hálfu en vegna aðstæðna á vegi hafi hann ekki getað haldið áfram för sinni og skilið B, sem er vörubifreið, eftir hægra megin á veginum með stöðuljósin kveikt. Ökumaður A segist hafa ekið suður Ásveg og hafi veitt stöðuljósum B athygli og taldi að B væri ekið hægt, en þegar hann nálgast B þá hafi hann séð að hún var kyrrstæð og hafi hann þá reynt að hemla en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

**Álit.**

Ökumaður A sá B fyrir framan sig á veginum og taldi að bifreiðinni væri ekið hægt. Myndband sem liggur fyrir í málinu sýnir að þokkalega sést til stöðuljósa B það löngu áður en árekstur varð að ökumaður A átti að geta gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður A gætti því ekki nægjanlega að sér við aksturinn og að fyrir framan hann var kyrrstæð eða hægfara bifreið. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 8.5. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 91/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Sönnun atburðar og afleiðinga í tengslum við umferðaróhapp 4. júní 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið farþegi í bifreið sem ekið var austur eftir Akrafjallsvegi og við gatnamót á veginum var þeirri bifreið ekið til norðurs í fyrirhugaða vinstri beygju inn á Akranesveg. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni þeirrar bifreiðar sem M var farþegi í að rétt áður hafi hún séð til ferða bifreiðarinnar X sem hafi komið á mikilli ferð á eftir og hemlaði hún í til að koma í veg fyrir árekstur og sá þá bifreiðina X aka á umferðarskilti og yfir umferðareyju áður en sú bifreið lenti utan vegar. Ökumaður bifreiðar X kveðst hafa verið að aka á vinstri akrein Akrafjalls vegar þegar M hafi, sem ökumaður bifreiðar sem var fyrir framan hann, beygt áleiðis til vinstri í veg fyrir hann. Þá kveðst ökumaður bifreiðar X hafa ekið lengra til vinstri til að forðast árekstur og endað utan vegar.

M heldur því fram í málskoti að þegar bifreiðin X hafi farið framhjá þeirri bifreið sem hann var farþegi í hafi orðið snerting með bifreiðunum með þeim afleiðingum að hún hafi farið út af veginum og við það hafi M hlotið líkamstjón. Þeirri bifreið hafi hins vegar verið ekið aftur upp á veg áður en lögregla kom og því hafi þær upplýsingar ekki komið fram í lögregluskýrslu. M vísar til þess að hann hafi leitað til læknis daginn eftir atvikid og vísar til læknisvottorða varðandi afleiðingar atviksins. M telur að hann eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X þar sem líkamstjón hans sé rakið til aksturslags ökumanns þeirrar bifreiðar sem hafi ætlað að taka framúr við gatnamót og hafi með því ekið utan í bifreið, sem M var farþegi í, sem hafi við það ekið út af.

V telur ósannað að það hafi orðið snerting með bifreiðunum og vísar til þess að ekkert komi fram í lögregluskýrslu um það auk þess sem ekkert komi heldur fram um útafakstur bifreiðar M í þeirri skýrslu. Ekki hafi heldur komið fram nokkrar upplýsingar um mögulegt líkamstjón M í lögregluskýrslu. Gögn málsins sýni heldur ekki ummerki á bifreiðunum sem sýni að þær hafi lent saman eða önnur ummerki á vettvangi óhappsins sem bendi til þess að bifreið M hafi lent utan vegar eins og bifreiðin X. V telur með hliðsjón af þessu að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið er til notkunar bifreiðarinnar X.

**Álit.**

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðar, í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, beri sönnunarbyrði um það. Þegar litið er til gagna málsins, sérstaklega lögregluskýrslu, er ljóst að engar upplýsingar eru þar um að snerting hafi orðið með bifreið sem M var farþegi í og bifreiðinni X þann 4. júní 2013. Ljóst er af skýrslunni að bifreiðinni X var ekið út af vegi en alls óljóst er að bifreið sem M var farþegi í hafi einnig lent utan vegar. Engar upplýsingar liggja heldur fyrir um ummerki á bifreiðunum eða á vettvangi um slíka atburðarás. Ummæli, sem höfð eru eftir M, um snertingu bifreiðanna, útafakstur þeirrar bifreiðar sem hann var farþegi í og líkamstjón í kjölfar þess, hafa því enga stoð í frumgögnum málsins. Einnig verður að líta til þess að upplýsingar í læknisvottorðum lýsa almennum einkennum. Getur þetta, án frekari sönnunargagna, ekki orðið grundvöllur bótaskyldu



úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og hefur M ekki fullnægt sönnunarbyrði sinni um að hann hafi við umræddar aðstæður orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar bifreiðarinnar X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 92/2015**  
**M og**  
**V v. húftryggingar fiskiskips yfir 300 brúttótonnum.**

**Krafa um bætur úr húftryggingu fiskiskips vegna tjóns á gír þ. 4.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 27.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4

**Málsatvik.**

M segir að gír skips hans hafi bilað vegna þess að sjór komst inn í hann í desember 2014. M segir að vélstjóri hafi vitað af sjó í olíu í september 2014 og viðhaldi í vélarrúmi hafi verið ábótavant, en húftrygging hans hjá V taki til tjóns sem verði vegna yfirsjónar eða vanrækslu skipverja eða þriðja manns. M krefst bóta úr húftryggingu sinni hjá V og telur að með því að fara með skipið reglulega í skoðun hafi nægjanlegu viðhaldi verði sinnt. Þá segir M að bilunin á gírnum hafi verið vegna skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar þar sem pakkdós hafi bilað eða gat hafi komið á olúkæli og því sé tjónið bótaskyldt úr grein 6.2 í váttryggingaskilmálum tryggingarinnar. V hafnar bótaskyldu og segir að óumdeilt sé að vatn hafi verið í gírhúsinu í lengri tíma og gírin hafi lekið olíu, en óljóst sé hvað olli því. V segir að M hafi ekki sýnt fram á með mati eða með öðrum hætti að tjónið falli undir trygginguna. V segir tjón vegna ófullnægjandi viðhalds, fúa, þreytu, tæringar slits eða annarra sambærilegra orsaka séu undanskilin í váttryggingaskilmálum aðila skv. grein 9.3. V telur miðað við fyrirliggjandi gögn að tjónið verði rakið til tæringar og slits. V segir að tjónið hafi orðið í desember 2014 vegna þess að vatn var á gírnum í lengri tíma og ljóst strax í september að þörf var á tafarlausum aðgerðum. Tjónið verði því einnig rakið til ófullnægjandi viðhalds.

**Álit.**

M vissi í september 2014 að gera þurfti við umræddan gír, þar sem þá lá fyrir að gírin lak miklu magni af olíu. Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram gögn sem sanna staðhæfingar hans um hvað olli lekanum á gírnum, en miðað við gögn málsins þá varð tjónið á gírnum í desember 2014 vegna ófullnægjandi viðhalds og verður rakið til tæringar eða slits, en slík tjón eru undanskilin bótaskyldu skv. grein 9.3 í váttryggingaskilmálum V. M á því ekki rétt á bótum úr húftryggingu fiskiskipa yfir 300 brúttótonn hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu fiskiskipa yfir 300 brúttótonn hjá V.

Reykjavík 21.4.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 93/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.****Ágreiningur um sönnun þess hvort áverka á upphandlegg megi rekja til falls á bifhjóli.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Með ódagsettri tilkynningu til X tilkynnti M um að hann hefði orðið fyrir meiðslum, „brot á collum anatomicum á hægri humerus“, hinn 29.1.2014 á bifhjólínu A í hringtorgi við Gömlu-Hringbraut og Sóleyjargötu í Reykjavík. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í læknabréfi frá deildinni, dags. 30.1.2014, segir að M sé með „kronískt verkjasyndrome“ eftir slysi á hálsi og hrygg. Hann hafi dottið niður stiga og fallið á hægri öxlina og komið á deildina mjög verkjaður og hafi líklega brot á hægri upphandlegg. Hinn 6.2.2014 gekkst M undir aðgerð vegna brotsins og í aðgerðarlýsingu segir að M hafi dottið á mótörhjóli en ekki í tröppum heima hjá sér eins og standi í „journal“ slysideildar. Svínað hafi verið fyrir hann á hringtorgi og hann fallið á handlegginn og fengið mikil óþægindi frá öxlinni.

Í skýrslu vitnis, dags. 23.2.2015, kemur fram að það hafi verið að hjálpa M og fjölskyldu hans við að tæma bílskúr við Háaleitisbraut. Hafi M þurft að fara með A í eigu bróður hans á Baldursgötu og beðið vitnið að aka þangað og hitta M þar, en M hafi ætlað að aka A þangað. Skömmu eftir að vitnið kom á Baldursgötu hafi M komið þangað en hafi þá orðið fyrir slysi og kvartað undan verkjum í öxl. A hafði orðið fyrir skemmdum og hafi M sagt að atvikið hafi orðið í hringtorgi á leiðinni á Baldursgötu.

X hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns A þar sem ósannað væri að slysið hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram.

**Álit.**

Í tjónstilkynningu til X er þess getið að slysið hafi orðið í hringtorgi á gatnamótum Sóleyjargötu og Gömlu-Hringbrautar. Í sjúkraskrá slysa- og bráðadeildar Landspítalans var við komu M þangað skráð að hann hafi orðið fyrir meiðslum við að detta í stiga. Í aðgerðarlýsingu þegar gert var að áverkanum 6.2.2014 er þess á hinn bóginn getið að M hafi hlotið áverkann er hann féll af bifhjóli á umræddum gatamótum. Vitni, sem hitti M skömmu eftir atvikið á stað þar sem þeir höfðu mælt sér mót, bar á sama veg í skýrslu sem það gaf rúmu ári eftir að atvikið átti að hafa gerst. Það sá ekki atvikið gerast heldur gat það einungis borið um frásögn M síðar. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvernig skráning um atvikið í sjúkraskrá slysideildarinnar kom til. Ekkert liggur heldur fyrir að um mistök í skráningu gæti verið að ræða. Eins og hér stendur á þykir ekki nægilega í ljós leitt að meiðsl M megi rekja til þess að hann hafi dottið af A þannig að hann eigi rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M er ekki bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 94/2015**  
**M og**  
**V v/ kaskótryggingar ökutækis.**

**Útafakstur síðsumars 2013. Ágreiningur um tjón.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M dags. 31. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi ekið bifreið sinni útaf vegi í Aðaldalshrauni haustið 2013 og þá hafi orðið tjón á bifreiðinni, annars vegar á ytra byrði bifreiðarinnar og hins vegar tjón á rafkerfi sem hafi hins vegar ekki komið endanlega fram fyrr en haustið 2014. M telur ljóst að útafakstur bifreiðarinnar hafi leitt til tjóns á rafkerfi og falli það tjón því óumdeilanlega undir gildissvið váttryggingarskilmála V. Í bréfi lögmanns M dags. 31. mars 2015 kemur auk þess fram að það sé V að sanna að undanþáguákvæði váttryggingarskilmála eigi við og það hafi V ekki gert. Einnig má skilja það bréf þannig að M vilji rekja tjón á rafkerfi bifreiðar M til þess að viðgerð á vegum V hafi ekki verið nægilega vel úr garði gerð.

V hafnar því að tjón á rafkerfi bifreiðar M sé hægt að rekja til útafaksturs sem átti sér stað ári áður en umrætt tjón kom fram og vísar til nokkurra fyrri úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að M tilkynnti V um tjón á bifreið sinni haustið 2014. Þá vísaði M til atviks sem átti sér stað um ári áður. Ekki liggur fyrir nákvæmlega með hvaða hætti það varð annað en að M hafi ekið út af vegi og við það orðið tjón á ytra byrði bifreiðar hans sem hafi svo leitt til tjóns á rafkerfi síðar. V hefur samþykkt að greiða bætur vegna tjóns á ytra byrði bifreiðarinnar og telur það sýnt að slíkt tjón sé hægt að rekja til útafaksturs en telur ósannað að tjón á rafkerfi bifreiðarinnar sé hægt að rekja til þess atburðar.

M ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón það sem hann varð fyrir sé hægt að rekja til tjónsatburðar sem skilgreindur er í gildissviðsákvæðum váttryggingarskilmála V. Þó V hafi lagt til grunvallar að tjón hafi orðið á ytra byrði bifreiðar M við útafakstur verður ekki séð að skýr orsakatengsl séu milli þess tjóns og tjóns á rafkerfi bifreiðarinnar. Verður M að bera hallann af því og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V vegna þess tjóns úr kaskótryggingu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 21. apríl 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 95/2015**  
**M og**  
**V v. réttaraðstoðartryggingar**

**Krafa um bætur úr réttaraðstoðartryggingu vegna ágreinings um skattlagningu  
bifreiðahlunninda þ. 12.12.2013**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 24.3.2015 (ranglega skráð 2014)

**Málsatvik.**

Með úrskurði ríkisskattstjóra 12. desember 2012 var hækkaður útsvarsstofn M vegna meintrar hlunnindanotkunar M á bifreið í eigu vinnuveitanda hans. M krefst bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V og segir að túlka beri ákvæði 50. gr. váttryggingaskilmála aðila þröngt og það eigi ekki við sökum þess að grundvöllur málatilbúnaðar M fyrir dómi sé vegna ágreinings M við íslenska ríkið vegna skattlagningar. V hafnar bótaskyldu og telur ágreininginn í málinu vera í tengslum við atvinnu og/eða embættisrekstur M auk þess sem málið varði hann sem eiganda og notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis og málið sé því ekki bótaskyld sbr. ákvæði 50. gr. váttryggingaskilmála.

**Álit.**

Í tl. b í 50. gr. váttryggingaskilmála réttaraðstoðartryggingar M hjá V segir að tryggingin taki ekki til ágreinings sem sé í tengslum við atvinnu- eða embættisrekstur váttryggðs. Þó ágreiningur í máli M gegn íslenska ríkinu varði skattlagningu þá verður ekki framhjá því komist að það er vegna atvinnu og embættisreksturs M þar sem ágreiningur snýst um hvort M hafi notað bifreið vinnuveitanda síns bæði í vinnu og persónulega þannig að honum hafi borið að greiða skatt af slíkum hlunnindum. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.4.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 96/2015

M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A  
og  
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið sem hafði verið lagt við gangstétt.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 24.3.2015.
3. Bréf Y, dags .2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 23.1.2015 gaf D, eigandi B, skýrslu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um að hún hafi að kvöldi 13.1.2015 lagt B við gangstétt við heimili sitt að A-götu 14, þar sem engin bifreiðastæði hafi verið á lausu sem oft gerist og þá hafi fólk lagt á þeim stað þar sem hún lagði B. Daginn eftir hafi hún svo veitt því athygli að ekið hafði verið á vinstra framhorn B. Taldi hún nágretta sinn, M, eiganda A, sem býr að A-götu 12, hafa ekið á B. Kvað hún tjón hafa verið á hægri afturhorni A sem passaði við það tjón sem var á B, þ.e. hæð og sjáanlegt tjón. Hafi hún tekið ljósmynd af skemmdunum á afturhorni A. Síðar hafi verið búið að lagfæra umræddar skemmdir á A.

Í samtali við lögreglu kvaðst M ekki hafa ekið á B, en vísaði á E, unnusta sinn. E kvaðst heldur ekki kannast við að hafa bakkað á B. Í fyrstu vildu M og E ekki kannast við að skemmdir hafi verið á afturhorni A. Í óundirritaðri og ódagsettri skýrslu sem virðist stafa frá M og E sameiginlega segir að A hafi verið ekið utan í staur fyrir utan verslun á Selfossi 10.1.2015. Hafi A verið óviðgerð fyrir utan heimili þeirra í 10 daga er þeim hafi áskotnast nýr stuðari í sama lit og daginn eftir hafi verið skipt um stuðara. Þau kváðu lögregluna hafa verið búna að slá föstu að A hafi verið bakkað á B og þannig valdið skemmdunum. Það hafi valdið því að þau hafi fyrst neitað því að skemmdir hafi verið á A.

Í fyrirbyggjandi skýrslum lögreglu kemur fram að við skoðun á B megi sjá að í skemmdinni er svartur litur, en í stuðara A megi sjá á ljósmynd að svart plast eða gúmmí er í honum. Hæð í skemmdina á B hafi mælst 65-70 cm. Þá hafi verið bornar saman ljósmyndir sem D tók á vettvangi af A bæði áður og eftir að gert hafði verið við hana. Hægri horn á stuðara A hafi brotnað og sjá megi sprungu í plastinu. Hæð á ákomu á B passi við hægri horn A.

D hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X vegna skemmdanna á B. M, sem eigandi A, sættir sig ekki við að vera gerð ábyrg fyrir tjóninu.

**Álit.**

Ljóst er að skemmdir voru á hægri afturhorni A 24.1.2015 eða daginn eftir að D kvaðst hafa lagt B við gangstétt við heimili sitt. Ekki er ljóst hvernig þær skemmdir komu til og villandi framburður M og E í fyrstu um að engar skemmdir hafi verið á A dregur úr trúverðugleika staðhæfingar þeirra um að skemmdirnar hafi orðið við annað tilefni. Á hinn bóginn hafa ákomustaðir á bifreiðunum ekki verið bornir saman þar sem D kveður að B hafi staðið þegar ekið var á hana. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um aðstæður á vettvangi eða undir hvernig kringumstæðum það á að hafa gerst að A hafi verið bakkað á B. Þar sem rannsókn er áfátt að þessu leyti og gegn eindreginni neitun M og E telst ekki nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins að M sé ábyrg fyrir því tjóni sem um ræðir á B.

**Niðurstaða.**

M ber ekki ábyrgð á tjóni á B, bifreiðinni ND-E16.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 97/2015****M og  
váttryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar lögmansins A****Gögn.**

1. Málskot móttækið þann 6. mars 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 30. apríl 2015.

**Málsatvik.**

M gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu hæstaréttarlögmansins A í tengslum við störf hans í þágu M vegna umferðarslyss sem hann varð fyrir þann 14. maí 2004, þegar hann var átta ára gamall. Þann 21. febrúar 2006 var A veitt umboð vegna málsins. Þann 22. febrúar 2007 lá fyrir matsgerð tveggja matsmanna um afleiðingar umferðarslyssins, sem A hafði aflað einhliða, og vildi váttryggingafélagið ekki una þeirri matsgerð. Niðurstaða matsins var 10% varanlegur miski og 10% varanleg örorka. A sendi váttryggingafélaginu þann 24. febrúar 2007 bótakröfu sem byggði á matsgerðinni. Váttryggingafélagið sendi tilboð sitt til bóta þann 27. febrúar 2007 en það miðaðist við 8% varanlegan miska og 8% varanlega örorku.

Þann 1. mars 2007 sendi A váttryggingafélaginu bréf. Þar kom fram að A hefði rætt málið við foreldra M og að þau væru ekki tilbúin til að slá af kröfum sínum skv. matsgerðinni. Enn fremur kom fram að ef váttryggingafélagið teldi að miða ætti við 8% í stað 10% þá ætti það að greiða inn á kröfuna í samræmi við það.

Þann 7. mars 2007 virðist váttryggingafélagið hafa greitt inn á tjónið með greiðslu til A. Þann 9. mars 2007 gerir A svo skilagrein til M eða foreldra hans vegna innágreiðslu váttryggingafélagsins. Í bréfi A til váttryggingafélagsins þann 10. mars 2007 kemur fram að þar sem váttryggingafélagið ætli með málið fyrir Örorkunefnd eða í dómkvatt mat muni hann biða eftir því.

Þann 15. mars 2007 óskaði váttryggingafélagið eftir álitni Örorkunefndar á afleiðingum umferðarslyssins. Mun annar lögmaður á lögmansstofu A hafa mætt með M og móður hans á matsfundinn sem haldinn var þann 11. maí 2007. Álitnið lá svo fyrir þann 27. júní 2007 en niðurstaða þess var 10% varanlegur miski og 10% varanleg örorka. Svo virðist sem ekkert hafi gerst í málinu þar til á árinu 2012 en þá tók annar lögmaður við málinu.

A virðist ekki hafa fengið niðurstöðu Örorkunefndar senda til sín frá váttryggingafélaginu þegar hún lá fyrir. Virðist A heldur ekki hafa fylgt málinu eftir í allan þennan tíma. Þann 26. júlí 2012 greiddi váttryggingafélagið bætur til M á grundvelli niðurstöðu Örorkunefndar, þó án viðurkenningar á bótaskyldu. Váttryggingafélagið hafnaði að greiða dráttarvexti sem krafðir voru í málinu vegna dráttarins og vísaði til ábyrgðar A vegna þeirra.

M gerir kröfu til að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A þar sem ekki sé sýnt fram á saknæma háttsemi A.

**Álit.**

Fram kemur í málskoti til nefndarinnar að móður M hafi, þegar á leið, fundist samskipti sín við A versna. Mun þeim hafa sinnast á árinu 2010 og fór þá móðir M að leita til nokkurra lögmanna til að fá þá til að taka málið að sér í stað A. Það var ekki fyrr en á árinu 2012 sem formleg lögmanskripti fóru fram og málið fór frá A. Skv. málskoti kemur einnig fram að móðir M hafi haft samband við váttryggingafélagið beint, án milligöngu A, en fengið fáleg svör og henni bent á

að allar upplýsingar ættu að fara í gegnum A. Ekki kemur fram hvort móðir M hafi fengið þær upplýsingar að álit Öorkunefndar lægi fyrir.

Ljóst er að váttryggingafélagið hefði átt að láta lögmanninn A vita þegar álit Öorkunefndar lá fyrir, enda var það váttryggingafélagið sem bað um álit eftir að hafa hafnað að gera upp á grundvelli mats tveggja aðila sem A aflaði einhliða. Fram kemur í bréfi V til nefndarinnar að A hafi talið réttast að stefna málinu en að móðir M hafi ekki viljað það og hafi ætlað að skoða málið sjálf og hugsa framhaldið. Svo virðist sem A hafi farið að efast um umboð sitt gagnvart M í ljósi þeirra samskipta sem hann átti við móður M. Þótt formleg afturköllun hafi ekki komið frá forsvarsmönnum M taldi A að hann væri ekki lengur með málið fyrir M.

Að þessu virtu og þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á með nægjanlegum hætti að A hafi vanrækt skyldur sínar sem gagnvart M. Ekki hefur verið sýnt fram á gáleysi af hálfu A og á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 98/2015**  
**M og**  
**V v/ ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 14. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. mars 2015 ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M kemur fram að bifreið M hafi verið ekið í holu á Vesturlandsvegi við Grjót-  
eða Hestháls þann 14. febrúar kl. 18:45 og við það hafi orðið tjón á dekki og felgum  
bifreiðarinnar.

M telur að umrædd hola hafi verið gríðarstór og X hljóti að bera ábyrgð á tjóni vegna hennar.

V bendir á að starfsmenn X sem sinna eftirliti með götum hafi fengið tilkynningu um umrædda  
holu kl. 19:15 þennan dag og en vitneskja um holuna hafi ekki verið fyrir hendi hjá X fyrir þann  
tíma. V bendir á að 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 feli ekki í sér hlutlæga ábyrgð veghaldara á tjóni  
sem verður á vegum heldur þurfi að sýna fram á gáleysi veghaldara við veghaldið til þess að til  
bótaábyrgðar stofnist. Ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vitað af umræddri holu eða  
átt að vita af henni og þess vegna hafi ekki stofnast skaðabótaábyrgð af hálfu X.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Vesturlandsvegi. M ber  
sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar veghaldarans X vegna tjónsins. Ljóst er af  
gögnum málsins að ekki hafði verið tilkynnt um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki  
liggja heldur fyrir gögn eða frekari upplýsingar sem sýna fram að starfsmenn X hafi vanrækt  
eftirlitsskyldu sína gagnvart mögulegum skemmdum á þessum stað. Að þessu sögðu telst ekki  
sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt vegna tjóns á bifreið M og á hann því ekki  
rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 21. apríl 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 99/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna farangurstryggingar greiðslukortatryggingar.**

**Hvarf farangurs á ferðalagi 9. september 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2015.
3. Tjónstilkynning M til V dags. 3. nóvember 2014.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M til V dags. 3. nóvember 2014 segir að jakka M hafi verið stolið úr rútu þegar hann var á ferðalagi erlendis og vísar M til lýsingu farastjóra af tjónsatviki. Í þeirri lýsingu kemur fram að M hafi lagt jakka, ásamt veski og heyrnartækjum í boxi, í hillu fyrir ofan sæti í rútu sem hann ferðaðist í og jakkinn hafi svo verið horfinn þegar hann ætlaði að ná í hann. Í lýsingu fararstjórans kemur einnig fram að leitað hafi verið í öðrum rútum án árangurs af jakkanum.

M telur að bæta eigi tjón hans úr farangurstryggingu vegna þjófnaðar og telur að hann hafi ekki skilið jakkann eftir á almannafæri í skilningi undanþáguákvæðis í gr. 5.2.2 vátryggingarskilmálum umræddrar tryggingar. M hafi þurft að setja handfarangur sinn í upp í farangursgeymslu í rútnni og ekki sé hægt að líta á það sem almannafæri.

V vísar til þess að með því háttalagi M að skilja jakka ásamt innihaldi eftir í umræddri farangursgeymslu í rútnni og sofna síðan eigi undanþáguákvæði gr. 5.2.2 við og því sé greiðsluskylda V ekki fyrir hendi.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir lýsing fararstjóra og M á því að M hafi ekki fundið jakka sinn, ásamt innihaldi, eftir að hafa sofnað í rútuferð á ferðalagi erlendis. Einnig fylgja upplýsingar um að leitað hafi verið í öðrum rútum af jakkanum. Til þess að til greiðsluskyldu geti komið úr farangurstryggingu M þarf að sýna fram á að tjón hans verði rakið til einhverra þeirra tjónsatburða sem tilgreindir eru í gr. 5.1 í vátryggingarskilmálum. Þar kemur fram að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum, m.a. vegna þjófnaðar. Í málinu liggur ekki fyrir með nægilega skýrum hætti að um hafi verið að ræða þjófnað í skilningi ákvæðisins. Orðalag í fylgigögnum tjónstilkynningar bendir frekar til þess að M hafi orðið viðskila við jakkann og óvíst er hvar það hafi gerst í ljósi þess að leitað var á öðrum stöðum en í umræddri rútu. Verður því ekki talið sýnt að um þjófnað hafi verið að ræða og þarf því ekki að fjalla frekar um undanþáguákvæði gr. 5.2.2 í vátryggingarskilmálum.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr farangurstryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík 8. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 101/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 vegna bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla þ. 24.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V-1 dags. 30.3.2015.
3. Bréf V-2 dags. 25.3.2015. ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

Árekstur varð á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla. Bifreiðunum A og B var ekið eftir bifreiðastæðinu gegnt hvor annarri. A var ekið norður eftir bifreiðastæðinu og beygt til austurs en B var ekið vestur eftir bifreiðastæðinu með fyrirhugaða akstursstefnu til suðurs. Árekstur varð með bifreiðunum í beygju sem var á akstursleiðinni. Ökumaður A segir að þegar hann var kominn í beygjuna hafi hann séð B koma á móti og hafi verið við að stoppa þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja til vinstri en séð bíl koma í beygjunni og bremsað en árekstur hafi samt orðið.

**Álit.**

Ökumaður A hafði bifreiðina B sér á hægri hönd og bar að veita umferð frá hægri forgang sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þess gætti ökumaður A ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 21.4. 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 102/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ ferðatryggingar samkvæmt kreditkortí.****Síma stolið úr vasa manns sem staddur var erlendis á námskeiði.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Frá 31.1. til 1.3.2015 dvaldist A, sonur M, á barþjónanámskeiði í Barcelona á Spáni. Hinn 18.2. var síma stolið úr vasa hans er hann tók þátt í „karnivalgöngu“.

Krafist hefur verið bóta vegna þjófnaðarins úr farangurstryggingarlið ferðatryggingar samkvæmt kreditkortí sem M hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni.

**Álit.**

Ekki virðist um það deilt að A teljist eftir atvikum geta haft stöðu vátryggðs samkvæmt umræddri ferðatryggingu. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í 1. gr. í vátryggingarskilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda þar sem segir að vátryggður sem fer til vinnu eða náms sé einungis vátryggður á útleið og heimleið.

Í inngangi skilmálanna segir að ferðatryggingin veiti vernd fyrir algengum tjónum sem verða á ferðalögum. Samkvæmt 11. gr. skilmálanna, er lýtur að farangurs- og innkaupatryggingu, er vátryggt gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Í f. lið 1. gr. skilmálanna, sem varðar gildissvið vátryggingarinnar, segir að vátryggður sem fer til vinnu eða náms sé einungis vátryggður á útleið og heimleið, eins og áður greinir. Samkvæmt Íslenskri orðabók, 3. útg. 2002, merkir orðið nám í því samhengi sem hér um ræðir „það að tileinka sér, læra, lærdómur, skólaganga“. Samkvæmt sömu heimild merkir orðið námskeið „(stutt) kennslutímabil (óháð skólakerfinu)“. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en A hafi verið á námskeiði þann tíma sem hann dvaldist í Barcelona. Þótt um tilöxlulega stutt námskeið hafi verið að ræða og að því er virðist utan hefðbundins skólakerfis verður engu að síður að líta svo á að A hafi verið við nám er tengdist tiltekinni starfsgrein. Með vísan til f. liðar í 1. gr. vátryggingarskilmálanna var A því einungis vátryggður á útleið og heimleið en ekki meðan á sjálfri dvölinni í Barcelona stóð. Hann var því ekki vátryggður þegar síma hans var stolið. Hann á því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Sonur M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu hjá X.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 103/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.****Maður fór veg fyrir konu á reiðhjóli á gangstétt sem féll við það á bifreið.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.4.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins um málsatvik stóð M á gangstétt við heimili sitt og var að klippa hekk. Mun hann þá hafa bakkað út á gangstéttina og fípað dóttur sína sem í sömu andrá kom hjólandi eftir gangstéttinni. Skall þá dóttirin utan í bifreið sem virðist hafa verið lagt við gangstéttina. M gerir kröfu um að tjón sem varð á bifreiðinni bætist úr ábyrgðartryggingu einstaklings sem er einn vátryggingarliður í heimilistryggingu hans hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Lýsing á tildrögum óhappsins er ekki mjög greinargóð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi á óvarlegan eða annan gálauslegan hátt fært sig til á gangstéttinni þannig að háttsemi hans teljist hafa verið saknæm. Skortir því skilyrði þess að M hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart eiganda bifreiðarinnar. Af því leiðir að tjón á umræddri bifreið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingarlið heimilistryggingar M hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón á bifreið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingarlið heimilistryggingar M hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 104/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur reiðhjóls og bifreiðar þ. 13.8.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 10.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V dags. 30.3.2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðinni A og reiðhjóli við gatnamót Bjarkargötu og Hringbrautar þann 13. ágúst 2014. Ökumaður A sagðist hafa stöðvað við hús í Bjarkargötu til að hleypa út farþega og síðan ekið suður og hægt á bifreiðinni eða stöðvað hana þegar hann var að koma að Hringbrautinni og litið til hægri og vinstri og svo ekið af stað. Rétt á eftir hafi vegfarandi á reiðhjóli komið hjólandi og farið á hægri framhorn A. Umræddur vegfarandi segist hafa reynt að beygja frá bifreiðinni þegar hún sá hana, en bifreiðin hafi samt farið í vinstri hlið reiðhjóls hennar.

**Álit.**

Ökumaður A segist hafa hægt á bifreið sinni eða stöðvað hana þegar hann kom að gatnamótum Hringbrautar og Bjarkargötu og litið til hægri og vinstri og síðan ekið af stað í sama mund og reiðhjóli var ekið yfir gatnamótin og árekstur varð. Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ber ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Um að ræða hlutlæga bótaábyrgð eiganda ökutækisins og ekki er annað að sjá en að tjón á reiðhjólinu megi rekja til notkunar bifreiðar A og verður V því, sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar, að bæta það tjón sem á reiðhjóli eða vegfaranda varð. Í 2. og 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga kemur fram að bætur megi lækka eða fella niður vegna háttsemi þess sem fyrir tjóni varð ef háttsemin telst vera gáleysi, ef um munatjón er að ræða, eða stórkostlegt gáleysi, ef um líkamstjón er að ræða. Þegar litið er til gagna málsins telst ekki fyllilega sannað að háttsemi vegfaranda á reiðhjóli hafi verið með þeim hætti að hann hafi sýnt gáleysi og þurfi þannig að sæta lækkun bóta.

**Niðurstaða.**

Stofnast hefur greiðsluskylda að fullu úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík 30.4.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 105/2015**  
**M og**  
**V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.**

**Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 11. mars 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. mars 2015 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstsamskipti V og X, send með tölvupósti 25. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M til V móttakin 12. mars 2015 kemur fram að bifreið M hafi verið ekið ofan í holu á Reykjavíkurvegi inn að bensínstöð Skeljungs þann 11. mars 2015 kl. 16:00. M lýsir holunni sem stórrí og að hún hafi náð yfir breidd vegarins.

M vísar til þess í málskoti að hann hafi haft samband við starfsmann hjá X sem hafi tjáð honum að hann væri ekki sá fyrsti sem lenti í tjóni á sama stað. Einnig vísar M til þess að umrædd hola hafi verið lengi á þessum stað. M telur tjón á bifreið sinni þar af leiðandi á ábyrgð X.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt vanrækslu við ráðstafanir vegna holu á þessum stað þar sem þeim hafi ekki verið kunnugt um hana, né heldur að sýnt sé fram á að almennt hafi eftirlit verið vanrækt. M hafi ekki lagt fram gögn sem styðja það að starfsmenn X hafi vitað um holuna og verði ekki á því byggt. Einnig vísar V til þess að ekki liggi fyrir hvernig aksturslag ökumanns bifreiðar M hafi verið og að hann hafi ekið í samræmi við ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. M ber sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar sveitarfélagsins X vegna tjónsins. Ljóst er af gögnum málsins að ekki liggja fyrir gögn sem staðreyna að tilkynnt hafi verið um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki liggja heldur fyrir gögn eða frekari upplýsingar sem sýna fram á að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína gagnvart mögulegum skemmdum á þessum stað. ekki dugar að vísa til ótilgreindra símtala án frekari sönnunargagna. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt vegna tjóns á bifreið M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 21. apríl 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 106/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ frítímaslysaftryggingar.****Ágreiningur um hvort svo langt væri liðið frá slysi að tjónþoli ætti ekki rétt á að fá örorkumat.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 31.3.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 26.7.2011 féll M af hjólabretti og brotnaði á hægri ökkla og gekkst degi síðar undir aðgerð. M var vátryggður samkvæmt heimilstryggingu hjá V. Einn þáttur í heimilstryggingunni var frítímaslysaftrygging. Tilkynnt var um slysið til V með tjónstilkynningu, dags. 9.8.2011. Hinn 1.9.2011 voru M greiddir dagpeningar úr slysaftryggingunni. 17.2.2015 var V sent umboð lögmanns sem gætti hagsmuna M. Degi síðar, eða 18.2.2015, er lögmanni M tilkynnt um þær dagpeningagreiðslur sem V hafði innt af hendi. Einnig var nánari grein gerð fyrir skilyrðum dagpeningagreiðslna og greiðslu sjúkrakostnaðar, svo og ákvæðum skilmála um öflun læknisvottorða og þátttöku félagsins í greiðslu fyrir læknisvottorð. Hinn 8.3.2015 var V sent lokavottorð fyrir M og 10.3. voru V send drög að matsbeiðni. Með bréfi V, dags. 11.3.2015, hafnaði V greiðsluskyldu úr slysaftryggingunni þar sem þrjú ár og sjö mánuðir væru liðnir frá slysdegi, sbr. gr. 5.5 í 5. kafla vátryggingarskilmála þeirra sem um vátrygginguna gilda.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 5.5 í 5. kafla heimilstryggingarinnar hjá V, þar sem fjallað er um slysaftryggingu í frítíma, ákveðst örorka vegna slyss í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá, annars síðar, þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, þó ekki síðar en þremur árum eftir slysið. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þegar M fór þess á leit að örorka hans yrði metin voru liðin meira en þrjú ár frá slysinu. Frestur hans til að fá örorkuna metna var þá liðinn. Af því leiðir að réttur M til örorkubóta úr slysaftryggingunni er fallinn niður.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á örorkubótum úr frítímaslysaftryggingu hjá V.

Reykjavík, 30. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 107/2015**  
**M og**  
**V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið ók í holu á aðrein að Sæbraut í Reykjavík og dekk og felga skemmdust þ. 19.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.3.2015 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags.26.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M segist hafa ekið niður Smiðjuveg í gegn um hringtorgið yfir brúna yfir Reykjanesbraut og að ljósum þar sem M beygði til vinstri niður að Reykjanesbraut í átt að Sæbraut en neðst á aðreininni ók M í holu í malbikinu og dekk rifnaði og felgan varð ónýtt. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að starfsmenn A hafi sýnt af sér vanrækslu þar sem þeir hafi ekki fyllt upp í holuna, en erfitt hafi verið að forðast hana. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að sú skylda hvíli á ökumanni M í þessu tilviki að sýna eðlilega varkárni við akstur, en ósannað sé að svo hafi verið. V hefur eftir starfsmönnum A að þeim hafi ekki verið kunnugt um holuna þegar M varð fyrir tjóni, en gert hafi verið við holuna fljótlega eftir það. V vísar til þess að ábyrgð A byggist á almennu bótareglunni og um bótaskyldu A í tilviki sem þessu sé ekki að ræða, en tjónþoli M í þessu tilviki beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið verði rakið til sakar A. V segir að ekkert í málinu leiði líkur að því að um saknæma háttsemi A hafi verið að ræða eða starfsmanna A.

**Álit.**

Af hálfu A er því haldið fram að tilkynning um holuna sem M ók í hafi ekki borist til A fyrr en eftir að óhappið átti sér stað og starfsmenn A hafi ekki vitað af henni fyrr en tilkynning barst. Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á vanrækslu eða gáleysi starfsmanna A eða aðilum sem tengjast A og ber hann því ekki sök á því óhappi sem M varð fyrir. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.4. 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 108/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ sumarhúsatryggingar.****Skemmdir á sumarhúsi og innbúsmunum er heitt vatn lak frá leiðslum hússins.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 26.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 3.1.2015 kom í ljós að sumarhús í eigu M svo og innbúsmunir, höfðu orðið fyrir skemmdum er heitt vatn hafði lekið frá blöndunartækjum sem höfðu gefið sig. Enginn hafði verið í húsinu frá desemberbyrjun svo ekki var vitað með vissu hversu lengi vatnið hafði lekið. Sonur M var síðast í húsinu áður en tjónið varð og kveður M að hann hafi lokað fyrir heitt og kalt vatn að húsinu og tæmt lagnir þegar hann fór frá húsinu. Sé sonur hennar þess fullviss að hann hafi lokað fyrir vatnið því það sé ávallt gert þegar farið er frá húsinu og sérstaklega sé gætt að því að vetri til þegar frosthætta er. Lokað sé fyrir heitt neysluvatn með kúluloka í dæluhúsi við sjálft sumarhúsið. Ekki sé vitað hver opnaði fyrir vatnið.

M hafði í gildi sumarhúsatryggingu hjá X sem tekur bæði til tjóns á sjálfri húseigninni og innbúi. Með tjónstillkynningu 13.1.2015 gerði M kröfu um bætur úr vátryggingunni. X hafnaði bótaskyldu með vísan til 25. gr. í vátryggingarskilmálunum þar sem segir að það sé skilyrði fyrir bótaskyldu vegna tjóns sem verður á tímabilinu 1. október til 30. apríl að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi neysluvatnslagna (heitt og kalt neysluvatn) og þær ásamt viðtengdum tækjum séu tæmdar. Einnig segir í ákvæðinu að varúðarregla þessi gildi einungis ef þess er getið í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í fyrirliggjandi samriti vátryggingarskírteinis fyrir tímabilið 1.10.2014-1.10.2015 er þessarar varúðarreglu getið.

**Álit.**

Fyrirgreind varúðarregla í 25. gr. vátryggingarskilmálanna heyrir undir húseigendatryggingarlið sumarhúsatryggingarinnar. Enga samsvarandi reglu er að finna í innbústryggingarlið vátryggingarinnar. Hún kemur því ekki til álita við mat á ábyrgð X úr þeim lið. Skv. 11. gr. skilmálanna bætir vátryggingin skemmdir á innbúi m.a. af völdum vatns sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins. Ekki er um það deilt að vatn það sem olli tjóninu streymdi skyndilega og óvænt úr leiðslum hússins. Tjón á innbúsmunum í sumarhúsi M fellur því undir bótasvið vátryggingarinnar og ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem skert getur rétt M til bóta. Hún á því rétt á óskertum bótum fyrir það tjón sem varð á innbúsmunum.

Í 26. laga um vátryggingarsamninga eru fyrirmæli um takmarkanir á heimildum vátryggingafélags til að bera fyrir sig varúðarreglu þegar til tjóns hefur komið. Í ákvæðinu segir að félagið geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Jafnvel þótt tjónið megi rekja til þess að ekki hafi verið lokað fyrir vatnsaðstreymi að húsinu verður ekki ráðið af gögnum málsins að við M sé að sakast í þeim efnum. X getur því ekki hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að M hafi brotið umrædda varúðarreglu.

Skv. 60. gr. vátryggingarskilmálanna, sbr. b. lið 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004, getur X einnig glatað rétti sínum til bóta ef brot á tæðri varúðarreglu má rekja til „háttsemi maka vátryggðs sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu varanlegu sambandi.“ Ekkert í málgögnum gefur tilefni til að ætla að X geti komist hjá bótaskyldu með vísan til þessa ákvæðis, enda er slíku heldur ekki haldið fram af hálfu X. Að öllu framangreindu virtu getur X ekki borið fyrir sig gagnvart M að brotin hafi verið sú varúðarregla sem greinir í 25. gr. vátryggingarskilmálanna. M á því einnig

óskertan rétt til bóta húseigendatryggingarlið sumarhúsatryggingarinnar vegna þess tjóns sem varð á húsinu.

**Niðurstaða.**

M á óskertan rétt á bótum innbús- og húseigendatryggingarliðum sumarhúsatryggingar sinnar hjá X.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 109/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V v/ frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Sönnun tjónsatviks 17. apríl 2010 og afleiðinga þess.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2015.

**Málsatvik.**

Með tjónstilkynningu dags. 10. október 2013 tilkynnti M um atvik sem hún kveður hafa átt sér stað 17. apríl 2010. Atvikinu lýsir hún þannig að hún hafi verið að stíga upp úr heitum potti hafi hún runnið til í frosinni bleytu í tröppu við pottinn og dottið. M lýsir því að hún hafi rotast og þegar hún hafi rankað við sér hafi hún haft veruleg einkenni í vinstri úlnlið, læri og öxl. Í læknisvottorði frá slysaveild Landspítala Háskólasjúkrahúss, sem hún leitaði til 18. apríl 2010, kemur fram að M hafi verið greind með tognun og ofreynslu á axlarlið og fingur. Í málinu liggja einnig fyrir ýmsar upplýsingar um heilsufar M og veikindi sem hún hefur verið í meðferð vegna síðan vegna röskunar á hormónastarfsemi og hún telur einkenni umrædds atviks.

M telur að skýr orsakatengsl séu á milli tjónsatviksins 17. apríl 2010 og vísar þar aðallega til læknisvottorðs sérfræðilæknis dags. 18. mars 2014 þar sem kemur fram að greining á einkennum M sé heiladingulsbilun sem sé afleiðing af höfuðhöggi sem hún hafi fengið í apríl 2010 og jafnvel hafi það haft frekari afleiðingar á heilsu M. Einnig vísar M til þess að einkenni þau sem hún á við að stríða í dag hafi komið fram stuttu eftir höfuðhöggið sem hún lýsir í tjónstilkynningu til V. Því til viðbótar vísar M til þess að vinkona hennar hafi vottorð um atburðinn sjálfan með sérstakri yfirlýsingu. M telur því nægilega sannað atburðurinn hafi átt sér stað og valdið umræddum einkennum. Einnig vísar M til þess að það hafi fyrst verið í upphafi árs 2013 sem henni var ljóst að þau einkenni sem hún rekur til höfuðhöggsins gætu verið varanlega og í raun ekki endanlega fyrr en með fyrrnefndu vottorði sérfræðilæknis dags. 18. mars 2014 sem það var endanlega ljóst. Því hafi tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki verið runnin út þegar hún tilkynnti tjónið til V í október 2013.

V bendir í fyrsta lagi á að félagið hafi ekki talið sig hafa nægilega ítarleg læknisfræðileg gögn til að taka endanlega afstöðu til málsins í ljósi þess að það sé læknisfræðilega flókið, sérstaklega að átta sig á orsakatengslum milli mögulegs höfuðhöggs M og heiladingulsbilunar og einkenna sem lýst sé í þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja nú fyrir. Þar sem málið sé komi til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum telur V þó að af þeim gögnum sem nú þegar liggja fyrir að ekki sé hægt að fallast á bótaskyldu úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar. Annars vegar vegna þess að ekki sé nægilega sannað að orsakatengsl séu milli höfuðhöggs þess sem M lýsir að hafi átt sér stað í apríl 2010 og þeirra sjúkdómseinkenna sem hún hefur nú. Höfuðhöggsins og mögulegrar tengingar við einkenni M sé ekki getið í læknisfræðilegum gögnum fyrr en sex mánuðum síðar og varpi það, ásamt almennri læknisfræðilegri óvissu, nægilegum vafa á málið til að teljast ósannað. Einnig vísar V til þess að ef orsakatengsl séu mögulega sönnuð þá hafi verið tilkynnt of seint um slysið í skilningi tjónstilkynningafrests þess sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem einkenni hafi komið fram og möguleg tenging við höfuðhöggið haustið 2010. Þegar slysið var tilkynnt til V í október 2013 hafi því ársfrestur umrædds ákvæðis verið liðinn.

**Álit.**

Í málinu er annars vegar ágreiningur um hvort sannað sé að M hafi fengið höfuðhögg í slysi þann 17. apríl 2010 sem leitt hafi til víðtækra einkenna á heilsu hennar, þ.e. hvort orsakatengsl séu milli höggsins og einkenna. Hins vegar, ef orsakatengsl eru sönnuð, hvort tjónstilkynning, sem barst til V þann 14. október 2013 hafi borist innan árs frá því að M vissi um atvik sem krafa hennar er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Hvað varðar sönnunarkröfur sem gerðar eru vegna orsakatengsla eru ljóst að upplýsingar um tjónsatvik M koma fram í hennar eigin tjónstilkynningu og ódagsettri yfirlýsingu vinkonu hennar. Þær upplýsingar bera með sér að M hafi fengið höfuðhögg og rotast um stund. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M leitaði á slysadeild 18. apríl 2010 þar sem hún er greind með áverka á öxl og fingri en ekkert er tilgreint varðandi höfuðhögg. Í læknabréfi sérfræðilæknis dags. 22. mars 2011 virðist fyrst koma fram upplýsingar um að möguleg tengsl geti verið milli höfuðhöggs í apríl 2010 og einkenna og greiningu á „diabetis insipidus“ sem M var greind með í ágúst 2010. Í vottorði sama sérfræðilæknis dags. 18. mars 2014, og M hefur vísað til sem sönnunargagns, kemur ekki fram skýr rökstuðningur um með hvaða hætti höfuðhögg geti leitt til sjúkdóms M. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar eða frekari upplýsingar um hvort og þá með hvaða hætti sjúkdómurinn geti komið fram vegna utanaðkomandi höggs. Á meðan þær upplýsingar liggja ekki fyrir og rökstuðningur sérfræðilæknis í vottorði dags. 18. mars 2014, er ekki afdráttarlaus eða skýr verður umrætt vottorð eitt og sér ekki lagt til grundvallar sem sönnunargögn um orsakatengsl milli höfuðhöggs og sjúkdóms/einkenna M.

Verður því ekki fallist að á með fyrirliggjandi gögnum sé sannað að orsakatengsl séu milli höfuðhöggs M, sem hún og vinkona hennar lýsa svo, og sjúkdómseinkenna M. Þegar af þeirri ástæðu er því ekki hægt að fallast á greiðsluskyldu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 110/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ vatnstjónsliðar fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er vatnstjón varð í bílskúr sem var innréttaður til íbúðar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19. mars 2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 7. mars (svo) 2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 5.3.2014 var V tilkynnt um vatnstjón í bílskúr í fasteign M í Reykjavík. Mun utánaliggjandi pípa hafa sprungið og tjón orðið á parketi og milliveggjum úr gífsi. Bílskúrin er innréttaður sem bílskúr.

M hefur krafist bóta úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V kveður fasteignatrygginguna einungis taka til þess tjóns sem fellur undir brunabótamat fasteigna samkvæmt þjóðskrá. Samkvæmt brunabótamati er húsnæðið, sem tjónið varð í, skráð sem bílskúr. Viðbætur og breytingar á bílskúrnum séu til þess fallnar að gera hann að íbúðarhúsnæði og falli því ekki undir brunabótamatið. Vátryggingarfjárhæð og iðgjöld taki mið af brunabótamati fasteigna. Fasteignahlutar og viðbætur við fasteignina sem ekki falla undir brunabótamat eru því ekki vátryggðir nema endurmat hafi farið fram. Svo hafi ekki verið í því tilviki sem hér um ræðir. Tjón á parketinu og milliveggjum fáið því ekki bætt úr vátryggingunni. Hefur V því hafnað bótum með vísan til 40. og 43. gr. í skilmálum vátryggingarinnar sem í gildi voru þegar vátryggingaratburður varð, sbr. og 1. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994.

**Álit.**

Í 40. gr. í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingarinnar er svofellt ákvæði um vátryggingarfjárhæð: „Vátryggingarfjárhæð miðast við brunabótamat húseignarinnar að því er tekur til eignarhluta vátryggingartaka eins og það er á hverjum tíma. Endurmat skal tilkynna félaginu.“ Þá segir svo í 43. gr. skilmálanna um aukna áhættu: „Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð hins vátryggða. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.“

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar segir svo um vátryggingarfjárhæð húsa: „Vátryggingarfjárhæð húseignar skv. 1. mgr. 1. gr. skal nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Þjóðskrá Íslands annast virðingu húseignar samkvæmt matskerfi og verklagsreglum stofnunarinnar. Heiti þeirrar gerðar er brunabótamat. Er markmið matsins að finna vátryggingarverðmæti húseignarinnar á þeim tíma er virðing fer fram. Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Matið skal skrá í fasteignaskrá þar sem því skal viðhaldið.“

Ekki verður séð að tjón það sem varð á húseign M verði rakið til utanaðkomandi breytinga á vátryggðri áhættu sem 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 tekur til. Í 1. mgr. 25. gr. þeirra laga er á hinn bóginn svohljóðandi ákvæði um rétt vátryggingafélags til að bera fyrir sig fyrirvara vegna breytinga á vátryggðri áhættu: „Félagið getur gert fyrirvara um að ábyrgð þess á vátryggingaratburði skuli lækka að tiltölu ef ákvörðun iðgjalds er skýrlega háð því hvernig hinn vátryggði hlutur er notaður og að fylgt sé ákvæðnum varúðarreglum.“

Enga varúðarreglu er að finna í framangreindum vátryggingarskilmálum V um það að notkun bílskúrsins skuli vera með sérstökum hætti. Ekki verður heldur séð að V hafi gert sérstakan fyrirvara um lökkun ábyrgðar skv. 25. gr. vsl. ef áhætta eykst sökum þess að slíkri varúðarreglu um notkun bílskúrsins er ekki fylgt. Af þeim sökum getur félagið ekki hafnað bótum með vísan til 43. gr. skilmálanna. Engin haldbær rök hafa heldur komið fram í þá veru að í ákvæðum 40. gr.

vátryggingarskilmálanna um vátryggingarfjárhæð og 2. gr. laga nr. 48/1994 um mat á brunatryggðum húseignum geti falist slík takmörkun á ábyrgð félagsins að það geti á þeim grundvelli hafnað bótum úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingarinnar til M. Að öllu virtu verður ekki séð að lagalegar forsendur séu fyrir höfnun V á bótum til M. Verður því að fallast á það með M að tjón hans sé bótaskyldt úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 111/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið varð fyrir tjóni utan við verkstæði þ. 30.1.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 28.4.2015.

**Málsatvik.**

M fór með bifreið sína í viðgerð hjá A. M segir að þegar hann hafi farið að athuga með bifreiðina hafi henni verið ólöglega lagt og orðið fyrir tjóni þar sem hún var rispuð og beygluð og hliðarhurð stíf. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að starfsmenn A hafi sýnt af sér gáleysi og auk þess látið hjá líða að tilkynna sér um tjónið og hafi hann þá tekið lykla af bifreiðinni. V hafnar bótaskyldu og segir að A eða starfsfólki A sé ekki um að kenna að bifreið M varð fyrir tjóni. Komið hafi verið með bifreiðina til viðgerðar 5.11.2013 og þá hafi vantað varahluti sem M hafi tekið að sér að kaupa og ákveðið að skilja bifreiðina eftir við verkstæði A meðan M útvegaði þá. M hafi síðan komið á verkstæði A um miðjan janúar 2014 og tekið lykla að bifreiðinni, en ekki gert upp áfallinn viðgerðarkostnað og á þeim tíma hafi M ekki gert neinar athugasemdir við ástand bifreiðarinnar en haft samband þ. 30. janúar 2014 og spurst fyrir um tjón á bifreiðinni en ekki aðhafst neitt eftir það fyrr en bifreiðin var fjarlægð í nóvember 2014. V segir bifreið M ekki hafa verið í vörslu eða til viðgerðar hjá A frá þeim tíma að M tók að sér að útvega tiltekna varahluti og hafi M verið í sjálfsvald sett að færa bifreiðina eða koma henni annarsstaðar fyrir.

**Álit.**

Ekki virðist ágreiningur um það að M hafi tekið lykla að bifreið sinni um miðjan janúar 2014 og þá hafi bifreiðin ekki verið tjónuð. Meðan A geymdi lykla bifreiðarinnar og M átti eftir að gera upp áfallinn viðgerðarkostnað verður að líta svo á að bifreiðin hafi verið í vörslum A, en eftir að M tók lyklana án þess að A gerði nokkrar athugasemdir við það liggur ekki fyrir eða telst sannað að A hafi haft bifreiðina í sínum vörslum og þá ekki á þeim tíma þegar tjónið varð. M hefur ekki sýnt fram á að tjón á bifreið hans megi rekja til saknæmrar háttsemi A og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

A á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 13.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 112/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.**

**Árekstur bifreiða á Flugvallarvegi á Egilsstöðum þ. 24.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.3.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 1.4.2015 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Flugvallarvegi við Egilsstaðaflugvöll. Ökumaður bifreiðar B ók eftir Flugvallarvegi að gatnamótum Flugvallarveggar og Þjóðveggar nr. 1 og segist hafa verið kyrrstæður þegar ökumaður bifreiðar A hafi komið akandi inn á Flugvallarveg frá Þjóðvegi nr. 1 og hafi þá ekið á framhorn bifreiðar B. Ökumaður bifreiðar A segist hafa ætlað að snúa við á Flugvallarvegi og ekið inn á gangstéttina og verið kominn aðeins inn á akrein bifreiðar B þegar árekstur varð og segir að ökumaður B hafi ekki náð að stöðva B og ekið á A.

**Álit.**

Ökumaður A ók í umrætt sinn inn á gangstétt eða skarð á umferðareyju sem ætluð er gangandi vegfarendum og síðan í veg fyrir B. Með aksturslagi sínu braut ökumaður A gegn ákvæðum 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem hann gætti ekki nægjanlega að því að hann gæti snúið ökutækinu án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð. Telst hann því bera alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 30.4.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 113/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á dekkjum bifreiðar 2. mars 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu kemur fram að M kveðst hafa ekið norður Höfðabakka við Vatnsveituveg og hafi þar lent á kanti í malbiki sem hafi skorið dekk bifreiðar hans í sundur. Skýrslunni fylgja myndir af bifreiðinni og dekkjum hennar.

Ekki kemur skýrt fram í málskoti á hverju málatilbúnaður M byggir en af afstöðu V má ráða að M hafi gert kröfu í ábyrgðartryggingu X vegna ætlaðrar skaðabótaábyrgðar X sem veghaldara en V telur að greiðsluskylda þess sé ekki fyrir hendi. Það byggir V á því að starfsmenn X hafi ekki verið kunnugt um aðstæður á tjónsstað og engar tilkynningar hafi borist beint til X vegna umrædds atviks. Ekki hafi því verið sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt varðandi X og þegar af þeirri ástæðu hafi ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir einhliða frásögn M af því að hann hafi ekið utan í kant á tilgreindum stað sem hafi skorið í sundur dekk á bifreið hans. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvar tjónið varð á götunni, ekki liggur fyrir mynd af umræddum kanti eða nokkuð sem getur upplýst hvort hann geti talist vanbúinn. Verður því ekki talið sýnt af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu að tjón hafi orðið vegna vanrækslu starfsmanna X vegna viðhalds götunnar eða annarra atvika sem X getur borið ábyrgð á sem veghaldari.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 8. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 115/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar veghaldarans B.****Skemmdir á hjólabúnaði bifreiðar er henni var ekið í holu í malbiki í hringtorgi.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 27.3.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 29.12.2014 kl. 16.15 ók M fólksbifreið sinni (A) austur Suðurlandsveg inn í hringtorg og hugðist aka áleiðis suður Breiðholtsbraut. Var þá A ekið í djúpa holu í malbikinu og við það beyglaðist felga og stýrisbúnaður mun hafa gengið úr lagi að því er M telur. Skömmu áður en M varð fyrir tjóninu á A, eða um kl. 15.55, mun veghaldarinn, Vegagerðin (B), hafa fengið spurnir af holunni og samkvæmt upplýsingum B mun þegar hafa verið farið af stað í viðgerð á holunni.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 er kveðið á um viðhald vega og hvernig bregðast skuli við vegskemmdum. Segir í lagagreininni að veghaldari beri ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þar segir einnig að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Í gr. 56. gr. laganna er svo kveðið á um *bótaábyrgð veghaldara, en samkvæmt þessari grein laganna ber veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.*

Kl. 15.55 hafði B verið tilkynnt um holuna og þegar í stað var farið í viðgerð á henni að sögn B. Þannig munu um 20 mínútur hafa liðið frá því B frétti af holunni uns skemmdir urðu á A. Með tilliti til þess hversu skammur tími leið þarna á milli verður ekki talið að starfsmenn B hafi getað komið því við að bregðast við áður en tjónið varð, sbr. 43. gr. vegalaga. Með tilliti til þessa og gagna málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrðum bótaskyldu skv. 56. gr. laganna hafi verið fullnægt. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 30. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 116/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar X.**

**Bruni í bifreið 23. maí 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. apríl 2015 ásamt tjonstilkynningu, vátryggingarskilmálum, kröfubréfi dags. 2. febrúar 2015 og höfnunarbréfi (tölvupósti) dags. 4. júní 2014 og myndum.

**Málsatvik.**

Í tjonstilkynningu dags. 30. maí 2014, sem liggur fyrir í gögnum málsins, kemur fram að kviknað hafi í rafgeymi bifreiðar M á keyrslu en ekki sé vitað um skemmdir þar sem þá hafi bifreiðin ekki verið ræst. Í lögregluskýrslu kemur fram að lögreglan hafi komið á vettvang tjons á tjonsdegi og þá hafi ökumaður og farþegi bifreiðarinnar staðið fyrir aftan bifreiðina með farangurrými opið. Þær lýstu atvikum þannig að þær hefðu fundið undarlega lykt og séð lítinn loga í teppi farangursrýmis bifreiðarinnar. Þær hefðu slökkt eldinn með handslökkvitæki. Þegar slökkvilið kom á staðinn mátu starfsmenn þess aðstæður þannig að vír sem lægi milli póla rafgeymis hefði brætt úr sér við annan pólinn og teppi sem yfir honum lá hafi sviðnað með þeim afleiðingum að það þyrfti að aftengja rafgeyminn og væri þess vegna ekki hægt að aka bifreiðinni áfram.

M telur að vír hafi dottið úr hundabúri sem hafi verið í farangursgeymslu bifreiðarinnar og farið utan í rafgeymi hennar með ofangreindum afleiðingum. Einnig vísar M til skýrslu slökkviliðs vegna tjonsins þar sem komi fram að líklegt hafi verið m.v. aðstæður að eldur hafi náð að loga í farangursgeymslunni. Þannig falli tjon á bifreiðinni undir gildissvið vátryggingarskilmála kaskótryggingar V. Einnig vísar M til þess að 4. og 10. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og telur að V hafi ekki upplýst M um verulegar takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

V vísar í fyrsta lagi til þess að 2. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingar, þar sem gildissvið vátryggingarinnar er m.a. tilgreint sem tjon sem verður á ökutæki vegna eldsvoða (enda verði eldur laus), sé takmarkað með 3. gr. sömu skilmála þar sem koma fram undanþágur frá bótaskyldu. Nánar tiltekið vísar V til þess að í gr. 3.1. komi fram að vátryggingin bæti ekki „*vélarbilun, þ.e. neins konar vélfræðilegar eða rafmagnsfræðilegar bilanir og tjon sem stafa t.d. af: galla í efni, hönnunargalla, smíðagalla, mistökum við uppsetningu, titringi vanstillingu, rangri staðsetningu, losun vélarhluta, óeðlilegum spennum, brotum af völdum málmþreytu, miðflóttakrafti, varmaleiðni, smurningstregðu, yfirspennu af hvaða orsökum sem er, einangrunargalla, skammhlaupi, rafleiðslum sem einangrunin hefur farið af, neistamyndun eða öðrum innbyggðum göllum og bilunum.*“ V telur að tjon það sem varð á bifreið M þann 23. maí 2014 sé hægt að rekja til skammhlaups og neistamyndunar milli plús- og mínuspóla rafgeymisins sökum þess að vír úr hundabúri lá ofan á rafgeyminum. Þar sem gr. 3.1. taki til bilana og annarra tjona sem stafa af þeim orsökum eigi hún ótvírætt við í máli þessu. Þar að auki vísar V til 2. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, þar sem kveðið er á um að rafgeymir bifreiðar skulið vera festur og byrgður þannig að ekki sé hætt á skammhlaupi við eðlilega notkun bifreiðarinnar.

Þessu hafi ekki verið fylgt varðandi ökutæki M og liggi þannig enn frekar fyrir að gr. 3.1. um hlutlæga ábyrgðartakmörkun V eigi við í málinu.

#### Álit.

Í málinu er ágreiningur um gildissvið kaskótryggingar bifreiðar M hjá V. Af gögnum málsins verður ekki annað sé en að það sé nægilega sannað að eldur hafi orðið laus í farangursrými bifreiðarinnar þann 23. maí 2014 og það hafi valdið tjóni á bifreiðinni. Atvikið telst því falla undir gildissvið váttryggingarinnar eins og það er skilgreint í 2. gr. váttryggingarskilmála, nánar tiltekið gr. 2.1. um tjón vegna eldsvoða.

Eftir stendur því að taka afstöðu til þess hvort hlutlæg ábyrgðartakmörkun í undanþáguákvæði gr. 3.1. eigi við um mál M eins og V hefur haldið fram. Þegar til þess er litið hvernig túlka beri slík ákvæði í váttryggingarskilmálum verður að líta til þess að staðlaðir váttryggingarskilmálar, eins og váttryggingarskilmálar V um kaskótryggingu ökutækja eru, eru samdir einhliða af váttryggingafélaginu og ber það sönnunarbyrði um að atvik séu með þeim hætti að undanþáguákvæði eigi við. Þegar litið er til orðalags gr. 3.1. í þeim váttryggingarskilmálum sem hér eiga við verður að líta til orðalags og hvort það sé nægilega skýrt að félagið hafi með hlutlægum hætti undanskilið sig greiðsluskyldu vegna þess tjóns sem M varð fyrir. Í tilvitnuðu orðalagi gr. 3.1. kemur orðið „*vélarbilun*“ fyrir í upphafi ákvæðisins sem og kemur fram í lok ákvæðisins orðin „*eða öðrum innbyggðum göllum og bilunum*“ og inn á milli eru tilgreindar tilteknar orsakir, t.d. skammhlaup og neistamyndum.

Með þessu orðalagi gefur ákvæðið til kynna að undanþágan eigi fyrst og fremst við ef verði vélarbilun eða önnur bilun af tilteknum orsökum og notkun orðsins „*tjón*“ í ákvæðinu verður því túlkuð með víðtækari hætti en að það verði að vera um tjón vegna vélarbilunar að ræða til þess að undanþáguákvæðið eigi við. Verður V að bera hallann af því að umrætt undanþáguákvæði er ekki skýrara hvað það varðar að undanskilja öll möguleg tjón vegna skammhlaups. Í þessu máli liggur ekki fyrir að tjón hafi orðið vegna vélarbilunar heldur vegna þess að eldur varð laus í farangursrými bifreiðar M. Af þeim sökum verður ekki fallist á að sýnt sé að undanþáguákvæði gr. 3.1. eigi við í málinu. Verður því fallist á greiðsluskyldu V úr kaskótryggingu bifreiðar M.

#### Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 117/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Í.**

**Bifreiðastjóri ók ofan í holu á bifreiðastæði þ. 25.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.23.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags.27. mars 2015 ásamt fylgiskjölum 1-5.

**Málsatvik.**

M, sem er leigubifreiðarstjóri, var að skila af sér farþegum við hótél í Reykjavík og þegar hann ók af bifreiðastæði hótelsins og inn á annað bifreiðastæði ók hann ofan í holu og við það sprungu bæði fram- og afturdekk. Samkvæmt lögregluskýrslu var M búinn að færa bifreiðina af vettvangi þegar lögregla kom þangað og því ekki hægt að skoða hana nánar. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V og segir að þessi hola hafi verið búin að vera lengi til staðar og um tíma hafi verið keila yfir henni. V hafnar bótaskyldu og segir að engin gögn liggja fyrir um nákvæma staðsetningu holunnar eða staðfesting á að hún hafi verið á lóð Í og því ekki sýnt fram á það af M að Í beri ábyrgð á tjóni hans. Þá segir V að samkvæmt upplýsingum Í þá hafi þeim ekki verið kunnugt um að hola væri á bifreiðaplani þeirra.

**Álit.**

Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem sýna staðsetningu holunnar sem olli tjóni á bifreið hans. Þannig liggur ekki fyrir hvort holan var á lóð Í eða ekki. Þar sem ekki liggur fyrir sönnun í málinu um að umrædd hola hafi verið á lóð Í þá verður bótaskylda ekki lögð á Í, þegar af þeirri ástæðu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 30.4. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 118/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Réttur farþega til bóta vegna umferðarslyss 8. nóvember 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2015.

**Málsatvik.**

M var farþegi í bifreiðinni X þegar ökumaður hennar missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af vegi á Snæfellsnesi og hefur M gert kröfu um greiðslu bóta fyrir það líkamstjón sem hann kveðst hafa hlotið. Í lögregluskýrslum kemur fram að ökumaður bifreiðarinnar var undir áhrifum áfengis þegar blóð hans var rannsakað eftir slysið, sem og M sjálfur. Í frumskýrslu lögreglu vegna málsins er haft eftir ökumanni bifreiðarinnar að hann muni ekkert eftir aðdraganda óhappsins en haft eftir M að bifreiðinni hafi verið ekið á löglegum hraða og það hafi verið vindhviða sem hafi feykt henni út af veginum. Í sérstakri framburðarskýrslu ökumanns bifreiðarinnar kemur fram hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn heldur hafi hann drukkið áfengi eftir slysið. Ekki liggur fyrir sérstök framburðarskýrsla af M vegna málsins. Í lögregluskýrslum er líka haft eftir vitnum að þau hafi komið á vettvang strax eftir óhappið og haft samskipti við bæði M og ökumann bifreiðarinnar X og hafi þeir ekki verið að drekka heldur hafi verið að falast eftir bílfari til Reykjavíkur áður en lögregla kom á vettvang.

M telur að hann eigi fullan rétt til bóta vegna líkamstjóns og bendir á að V hafi sönnunarbyrði um að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við að taka sér far með bifreiðinni X. Ekki hafi komið fram nægilega skýr sönnunargögn um að hann hafi vitað að ökumaður bifreiðarinnar X hafi verið undir áhrifum áfengis.

V telur fullsannað að ökumaður bifreiðarinnar X hafi verið undir áhrifum áfengis þegar M slasaðist og telur framburð ökumanns um áfengisneyslu eftir slysið ótrúverðugan með vísan til framburðar vitna um háttsemi hans eftir slysið. V telur að M hafi ekki átt að geta dulist að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og með því að taka sér far með bifreiðinni hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hefur V því skert bætur til M um 2/3 hluta tjónsins.

**Álit.**

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort háttsemi M þar sem hann var farþegi í bifreið sem fór út af megi jafna til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Slíkt gáleysi er þess eðlis að það þarf að fela í sér alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem M bar að viðhafa en þegar um almennt gáleysi er að ræða. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber V sönnunarbyrði um að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með háttsemi sinni og að orsakatengsl séu milli slíkrar háttsemi og tjóns M.

Í málinu liggja fyrir lögregluskýrslur vegna þess atviks sem er grundvöllur bótakröfu M. Ekki kemur fram með skýrum hætti hvernig samskiptum M við ökumann bifreiðarinnar X var háttað áður en þeir lögðu upp í ökuferð þá sem endaði með þeim hætti að ökumaður bifreiðarinnar ók henni út af veginum. Þó liggi fyrir að bæði M og ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis eftir umferðarslysið verður ekki af því einu slegið föstu að þeir hafi verið saman við áfengisneyslu eða að M hafi vitað að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis. Þó margt bendi til þess að M hefði átt að verða ástands ökumannsins var verður ekki af þeim gögnum sem liggja fyrir, sérstaklega þegar ekki liggur fyrir framburður M um þau samskipti eða ítarlegri gögn um

þau, ráðið að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hann tók sér far með bifreiðinni X í greint sinn. Í ljósi þess að V ber sönnunarbyrði um að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi verður slíkur gagnaskortur ekki túlkaður þannig að fullnægjandi sönnun hafi komið fram um að samskipti M við ökumanninn hafi verið með þeim hætti að hann hafi mátt vita um ástand ökumannsins. Miðað við gögn málsins á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 30. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 119/2015****K og  
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar M.****Vinnuslys í eldhúsi Markar hjúkrunarheimilis þann 7. mars 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 23. mars 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 8. apríl 2015.
3. Viðbótar athugasemdir frá málskotsaðila 13. apríl 2015.

**Málsatvik.**

K kveðst hafa orðið fyrir vinnuslysi þann 7. mars 2013 á hjúkrunarheimili sem hún starfaði hjá á þeim tíma. Kveðst hún hafa gengið inn í borðstofu/eldhús hjúkrunarheimilisins þar sem hún rann í bleytu/fitu á gólfinu, féll á gólfið og fékk áverka í hné. Telur K að fyrir mistök starfsmanna hjúkrunarheimilisins, sem höfðu verið að skammta vistmönnum mat, hafði bleyta/fitu leki á gólfið. Vissi K ekki af bleytunni/fitunni og hafði aldrei lent í neinu sambærilegu áður. Telur K að hjúkrunarheimilið beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar en hjúkrunarheimilið er með ábyrgðartryggingu hjá V.

K vísar máli sínu til stuðnings m.a. í atvikaskráningu frá hjúkrunarheimilinu, tjónstilkynningu til V og tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands. Enn fremur vísar K til þess að vitni hafi verið að atvikinu og að viðkomandi vitni hafi fyllt út fyrrgreinda atvikaskráningu. K telur enn fremur að hjúkrunarheimilið hafi ekki séð til þess að slysið hafi verið rannsakað með ítarlegum hætti og hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins eins og lög geri ráð fyrir.

V hefur hafnað því að hjúkrunarheimilið eigi að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni K vegna atviksins. Vísar V m.a. til þess að það sé ekki rétt að vitnið hafi skrifað undir atvikaskráninguna heldur hafi K sjálf skrifað hana og svo fengið undirritun hjá deildarstjóra hjúkrunarheimilisins. Tilkynningin til Sjúkratrygginga Íslands sé gerð einu og hálfu ári eftir meintan atburð og að þar sé bætt við þeirri lýsingu á atburðinum frá atvikaskráningunni að bleytan/fitan hefði lekið á gólfið þegar tekið var úr matarvagni.

Kemur einnig fram í svari V að K hafi ekki hætt vinnu strax eftir slysið og ekki leitað til læknis fyrr en þremur mánuðum eftir meint atvik. Þess vegna voru ekki ekki skilyrði skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 að tilkynna um atvikið til Vinnueftirlits og verður því að byggja á hefðbundnum sönnunarreglum í málinu.

**Álit.**

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögsmæta háttsemi tjónvalds.

Af atvikaskráningunni má ráða að K hafi sjálf fyllt út skjalið. Það er undirritað af hennar hálfu og deildarstjóra hjúkrunarheimilisins en er ódagsett. Meint vitni hefur ekki gefið sérstakan vitnisburð heldur er nafn vitnisins einungis nefnt í atvikaskráningunni, en vísað í hana í tilkynningu til V og til Slysatrygginga Íslands. Þá er ekki að sjá að vitnið hafi ritað nafn sitt sjálf á atvikaskráninguna. Sönnunarbyrði fyrir því að um slys hafi verið að ræða hvílir á K. Engin haldbær gögn styðja með nægilegum hætti að atvikið hafi átt sér stað eins og K lýsir í atvikaskráningunni og öðrum tilkynningum. Þar sem K hætti ekki vinnu strax eftir slysið bar hjúkrunarheimilinu ekki að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

Miðað við allt framangreint verður að telja að það sé ósannað að K hafi orðið fyrir slysi í skilningi skilmála slysatryggingar X hjá V.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 8. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 120/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á Garðarsbraut á Húsavík þ. 11.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 8.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5.
3. Bréf V-2 dags. 8.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók niður Stóragarð og beygði inn á Garðarsbraut og fljótlega eftir að ökumaður A ók inn á Garðarsbraut og ætlaði fljótlega á eftir að beygja til vinstri inn á bílastæði. Ökumaður B ók eftir Garðarsbraut og segir að A hafi svinað fyrir sig inn á Garðarsbraut frá biðskyldu og hafi hann sveigt yfir á vinstri akbraut til þess að koma í veg fyrir árekstur en þá hafi A beygt til vinstri og segir ökumaður B að hann hafi reynt að sveigja frá en ekki náð að koma í veg fyrir árekstur.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi ekið rakleiðis af Stóragarði inn á Garðarsbraut í veg fyrir B og beygt síðan nánast tafarlaust til vinstri. Ekki verður séð að ökumaður A hafi gætt að aðvifandi umferð eða aðstæðum að öðru leyti og ber því sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 8.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 121/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v/bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp á Sæbraut 15. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 9. apríl 2015.
3. Bréf V2 dags. 27. apríl 2015.

**Málsatvik.**

M ók bifreið A á hægri akrein Sæbrautar og skipti um akrein yfir á þá vinstri þegar bifreið B var ekið með sama hætti inn á vinstri akrein og lenti hægra framhorn bifreiðar B á vinstri afturhluta bifreiðar A. Á vettvangi mældust 25 metra löng hemlaför eftir bifreið B. Í skýrslu M sem ökumanns bifreiðar A kemur fram að hún hafi séð bifreið B „... í speglinum og gaf stefnuljós til vinstri og var að skipta þegar hann var ótrúlega fljótur að ná mér og við rekumst saman.“ Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á eftir bifreið A og verið að skipta um akrein frá hægri yfir á vinstri þegar bifreið A „... skiptir yfir á vinstri ég sá ekki stefnuljós og reyni að svegja (sic) frá og fer uppá (sic) kant en rekumst saman, var á c.a. 60 km hraða.“

M telur meðal annars að árekstur megi rekja til til þess að bifreið B hafi verið ekið allt of hratt m.v. aðstæður og að hann hafi átt að gæta varúðar vegna umferðar fyrir framan sig á vinstri akrein. Einnig vísar M til þess að bifreið B hafi, m.v. staðsetningu hemlafara, hafið hemlun á hægri akrein og hafi átt að geta stöðvað bifreið sína fyrr en hann gerði ef hann hefði verið á eðlilegum hraða. Einnig vísar M til þess að ekki komi fram upplýsingar um gæði hjólbarða á B eða ástand hemla eða hemlagetu.

V1 telur að áreksturinn megi fyrst og fremst rekja til hraðaksturs bifreiðar B og ógætni hans við akreinaskipti. Ekki sé hægt að byggja á ákomum á bifreiðunum að fullu vegna þess að bifreið B hafi verið ekið upp á kantstein rétt fyrir áreksturinn. Einnig telur V að ekki hvíli rikari skylda á M varðandi akreinaskipti þar sem báðir ökumenn hafi verið að skipta um akrein í greint sinn. Það sem skilji á milli sé hins vegar hraðakstur ökumanns bifreiðar B og þess vegna eigi hann að bera alla sök á árekstrinum. V2 telur sýnt af gögnum málsins að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi skipt um akrein í veg fyrir ökumann bifreiðar B og beri M því alla sök á árekstrinum.

**Álit.**

Í gögnum málsins kemur fram að báðir ökumenn hafi skipti frá hægri akrein yfir á þá vinstri og bar þeim báðum við þær aðstæður að gæta þess að það væri gert án óþæginda fyrir aðra, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í sömu lögum kemur fram að ökuhraða eigi að miða við aðstæður og með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Þegar litið er til framburðar M, sem ökumanns bifreiðar A, í tjónstilkynningu er ljóst að hún sá bifreið B í baksýnispeglum áður en hún skipti um akrein og verður að leggja aukna aðgæsluskyldu á ökumann í þeim aðstæðum að gæta þess að akreinaskiptin séu án óþæginda fyrir bifreið B sem á eftir kom. Telst M því bera meginhluta sakar vegna árekstursins. Af skýrslu um hemlaför og aksturslag ökumanns bifreiðar B má ráða að ökuhraði hennar hafi verið allnokkur en ökumaðurinn sjálfur kveðst hafa verið á 60 km/klst hraða. Slíkur hraði við akreinaskipti á nokkuð fjölfarinni götu telst ökumanni bifreiðar B til sakar og þykir rétt af aðstæðum öllum að hann beri fjórðung hennar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar A ber  $\frac{3}{4}$  hluta sakar en ökumaður bifreiðar B  $\frac{1}{4}$  hluta sakar.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 122/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar dýralæknis.****Hryssa drapst eftir að dýralæknir hafði verið að undirbúa hana til sónarskoðunar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.3.2015, ásamt fylgigögnum og frekari athugasemdum, dags. 26.3.2015.
2. Bréf V, dags. 29.4.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í júlí 2014 hafði dýralæknir (D) tekið að sér að sæða hryssu (A) í eigu M. Hinn 25. júlí er D var að búa A undir sónarskoðun þurfti hann að hreinsa saur úr endaparmi hennar. Steig þá A aftur á bak, en við það féll felling í endaparminum yfir þumalfingur D með þeim afleiðingum að rifa kom á þarminn og saur komst inn í kviðarholið. Lóga varð hryssunni vegna óviðráðanlegrar sýkingar í kviðarholinu.

M kveður að ekki hafi staðið til að sónarskoða A í umrætt sinn heldur aðra hryssu, systur A og mjög líka henni. Telur M að D hafi því tekið A í misgripum til sónarskoðunar í staðinn fyrir systur hennar. Enn fremur hafi D ekki staðið faglega að undirbúningi sónarskoðunarinnar. Hann hafi mátt vita að A myndi hreyfa sig í básnum og hann hafi átt að fela þumalfingur sinn í lófa sínum þegar hann fór með höndina upp í endaparminn en ekki láta hann standa út í loftið. Hafi D því ekki sinnt störfum sínum m.a. í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr eða 1. gr. og 6. gr. siðareglna Dýralæknafélags Íslands. Þá kveður M að D hafi ekki haldið skrá um aðgerðina eins og bar samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum reglugerðar nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum. Þá kveður M jafnframt að í sérstakri áritun í ábyrgðartryggingarskírteini það sem veitir D vátryggingarvernd hjá V felist að ekki sé gert að skilyrði að sagnæm háttsemi hafi valdið tjóni svo komi til greiðslu bóta úr vátryggingunni.

Í ódagsettu vottorði hefur D lýst atvikum svo að hann hafi verið að undirbúa sónarskoðun á A og hafi verið að hreinsa saur úr endaparmi hennar. Þá hafi A bakkað í básnum með þeim afleiðingum að felling í endaparminum small yfir þumalputta D og þarmurinn rifnaði. A hafi strax verið meðhöndluð með bólgueyðandi lyfjum og sýklalyfjum í æð, auk þess sem henni var gefin vökví og næring í æð og tekin af fóðrum. Í fyrstu virtist meðhöndlunin ætla að bera árangur en í lok annars dags hrakaði henni og lést hún í framhaldi af því úr lífhimnubólgu. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Um ábyrgðartryggingu þá sem veitir D vátryggingarvernd samkvæmt vátryggingarsamningi við V gilda almennir skilmálar V um ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar. Samkvæmt gr. 4.1.1 í skilmálunum bætir vátryggingin beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, en með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Í greinum 4.2 til 4.13 er að finna ákvæði sem á ýmsan hátt takmarka bótasvið vátryggingarinnar. Í gr. 4.3.2 er ákvæði þess efnis að vátryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi. Þá segir í gr. 4.3.3 að vátryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Í vátryggingarskírteini því sem hér á við er svofelld áritun:

„SÉRSKILMÁLI FYRIR DÝRALÆKNA Þrátt fyrir ákvæði gr. 4.3.2 váttryggingarskilmála fyrir ábyrgðartryggingar vegna atvinnurekstrar greiðir félagið bótakröfur vegna tjóns er verður á dýrum þeim sem váttryggingartaki hefur stundað sem dýralæknir, enda valdi tjónið dauða dýranna....

Sérstök athygli er þó vakin á að váttryggingin tekur ekki til vörsluábyrgðar váttryggðs nema samið sé um það sérstaklega, sbr. gr. 4.3 skilmálanna.“

Þótt í upphafi áritunarinnar sé einungis vísað til gr. 4.3.2 í skilmálunum, verður engu að síður að skilja áritunina svo að ábyrgðartryggingin taki til skaðabótaábyrgðar váttryggðs, sbr. gr. 4.1.1 í skilmálunum, ef um dauða dýrs er að ræða sem váttryggður hefur í vörslum sínum og verið að stunda í lækningaskyni. M.ö.o. undanþáguákvæði greina 4.3.2. og 4.3.3 í skilmálunum standa ekki í vegi fyrir útvíkkun bótasviðsins að þessu leyti, enda hefur V ekki hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að atvikið falli utan bótasviðs váttryggingarinnar. Í árituninni felst hins vegar ekki að V hafi tekið á sig ríkari ábyrgð en leiðir af ábyrgð váttryggðs samkvæmt reglum skaðabótaréttarins.

Engar matsgerðir né sérfræðilegar álitserðir óvilhallra aðila af öðru tagi liggja fyrir í málinu varðandi læknisverk það sem D innti af hendi og leiddi síðan til dauða A. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að undirbúningur sónarskoðunarinnar hafi verið með óforsvaranlegum og ótilhlýðilegum hætti eða D hafi með öðrum viðhaft ófagleg vinnubrögð þannig að hann hafi bakað sér skaðabótaábyrgð. Þá verður heldur ekki ráðið að D hafi tekið A til sónarskoðunar í misgripum fyrir aðra hryssu eða hann hafi ekki fært skrár um læknisverkið og atvikið sem leiddi til dauða A með fullnægjandi hætti þannig að til skaðabótaábyrgðar hans hafi stofnast. Miðað við fyrirliggjandi gögn telst tjón M því ekki vera bótaskyld. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélaginu V.

Reykjavík, 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 123/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar í frítíma.****Ágreiningur um hvort maður hafi orðið fyrir meiðslum með þátttöku í handalögmálum.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 10.4.2015.

**Málsatvik.**

Aðfaranótt 1.1.2014 var M gestkomandi á heimili A og B foreldra D, unnustu E, vinar M. Einn annar gestur, F, mun hafa verið inni á heimilinu og langt mun hafa verið liðið á nóttina þegar atvik urðu sem mál þetta snýst um. B og D munu þá hafa verið gengnar til náða. Áfengi mun hafa verið haft um hönd meðal heimilisfólks og gesta.

Þegar þarna var komið sögu kveðst M í skýrslu hjá lögreglu hafa sagt E að þegja, en við það hafi E trompast og ráðist á M og kýlt hann föstu hnefahöggi sem hafi lent á vinstra auga. Hafi þá allt farið í uppnám í stofunni. A hafi tekið M afsíðis til að ræða við hann og fá hann til að sættast við E. Stuttu síðar hafi M farið að tala við E og viljað vita hvers vegna E hafi slegið hann. Þá hafi A blandað sér í þá umræðu. M hafi ekki verið sáttur við það og ýtt lítillaga við A. Í sömu andrá hafi E kýlt M öðru sinni föstu höggi á vinstri vanga á sama stað og fyrra höggið. Í kjölfarið hafi E farið inn í herbergi til D. M kvaðst hins vegar hafa farið út og hafi A og F farið út með honum og hafi þeir rætt saman fyrir utan húsið í um 10 mínútur, en þá hafi hann lagt af stað heim til sín. Er hann hafði gengið í um 2-3 mínútur eftir gangstíg hafi E komið hlaupandi á eftir honum og stoppað hann þar sem hann hafi viljað ræða málin frekar. Hafi E sagst hafa séð eftir að hafa kýlt M og viljað fá fyrirgefningu hans. M hafi ekki verið tilbúinn til að fyrirgefa E. Við það hafi E orðið mjög reiður og starað í augu M. E hafi svo spurt M „hvort hann ætli að enda þetta svona“ og hafi M svarað því játandi. Hafi E þá skallað M skyndilega af miklu afli í ennið og hann fallið á gangstíginn. Hafi E sparkað einu sinni í andlit M fyrir neðan nef. Við það hafi M vankast og minnir hann að E hafi eftir það kýlt hann tvisvar í andlitið. E hafi svo séð eftir þessu og hjálpað M að risa á fætur og fylgt honum heim. Við þetta mun M hafa hlotið skrapáverka og mar á enni og kinn auk brots á vinstri efri framtönn.

Fyrir lögreglu hefur E skýrt frá atvikum umrædda nótt á þann veg að M hafi staðið upp og byrjað að „kyrkja“ hann með því að taka með lófanum fyrir munn og nef hans. Hann hafi ekki áttað sig á því hvort M hafi verið að grínast þar til þetta hafi farið að verða vont. Sagðist E ekki hafa gert neitt og verið alveg rólegur. M hafi síðan byrjað að segja honum að halda kjaftri og endalaust verið að segja honum að þegja. Þeir hafi verið mjög góðir vinir, en þetta kvöld hafi M verið mjög undarlegur. Kvað E að þeim M hafi lent saman þarna inni og farið að rífa hvor í annan. Hafi A þá reynt að skakka leikinn og tekið M afsíðis og rætt við hann í um 20 mínútur. Hafi A þá beðið E að koma og spurt hvort þeir vildu ekki sættast þar sem M væri að fara heim til sín. Hann hafi tekið í hönd M en M þá spurt hvers vegna þeir hafi verið að rifast. Hafi A þá sagt að komið væri nóg, en M hafi þá rífið í A og ýtt honum aftur fyrir sig upp að hurð og sagt honum að þegja. Að svo búnu hafi M ætlað að ráðast á E og hafi þeim þá aftur lent saman og rífið í hvorn annan og tekið hvorn annan hálstaki. E kvaðst ekki hafa kýlt M þarna inni á heimilinu, en slegið hann utan undir með flötum lófanum. Hafi A og F, ásamt E, farið út með M til að tala við hann á göngustígnum. A og F hafi svo farið inn enda hafi þeir M og E verið orðnir rólegir. Þeir hafi svo gengið áleiðis heim til M. Hafi M farið að segja E að hann „væri búinn að reykja svo mikið „gras“ að hann væri dópisti.“ Hafi E reynt að „hugga [M] með því að segja að hann væri enginn dópisti.“ Hafi M þá sagt „jú víst“ og ýtt hausnum á sér í E og hrint honum frá sér og ætlað að rjúka í hann. Hafi E þá rífið í M og þeir þá endað saman þarna. Kvað E að M hafi byrjað að skalla sig eða ýta höfði sínu í sig og hrint sér, en hann hafi varið sig. Hafi hann rífið í M og tekið hann niður í jörðina. Að svo búnu hafi þeir gengið hvor í sína áttina, en E hafi þá séð eftir þessu og hlaupið til baka og fylgt M heim til sín.

A kvað stimpingar hafa verið á milli M og E um nóttina á heimili hans, en hann geti ekki sagt til um hvor hafi átt upptökin. Hann hafi reynt að skilja þá í sundur og róa þá. Þeir hafi hins vegar rokið saman aftur utandyra og hann skilið þá aftur að. M hafi svo lagt af stað fótgangandi heim til sín, en komið aftur að vörmu spori og beðið A að koma út að ræða við sig. A hafi þá farið út og gengið með M áleiðis heim til hans, um 50-100 m. Nokkru síðar mun E hafa komið að máli við A og tjáð honum að hann hafi farið á eftir M og taldi að hann hafi brotið í honum tönn. Að svo búnu hafi E fylgt M heim til sín.

F sem var gestkomandi á heimili A og B umrædda nótt kvaðst ekki muna atvik nákvæmlega. M hafi tekið E hálstaki, en það „hafi verið áður en öll lætin hafi byrjað.“

M er vátryggður samkvæmt slysatryggingu í frítíma hjá V og hefur krafist bóta úr slysatryggingunni vegna þeirra áverka sem hann varð fyrir og að framan greinir. V hefur hafnað bótaskyldu.

#### **Álit.**

Samkvæmt inngangsákvæði í vátryggingarskilmálum slysatryggingarinnar hjá V greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir eins og segir í skilmálunum. Í 8. gr. skilmálanna eru ákvæði sem takmarka greiðsluskyldu V, en skv. gr. 8.6 eru ekki bætt slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þessa ákvæðis í skilmálunum.

Nokkrir fleiri gáfu skýrslu fyrir lögreglu en greinir hér að framan, svo sem foreldrar M, svo og B og D. Ekki er talin ástæða til að rekja framburði þeirra sérstaklega í úrskurði þessum. Af gögnum málsins verður að telja ljóst, m.a. af framburðum þeirra A og F, að stimpingar hófust með þeim M og E inni á heimili A þar sem M tók E m.a. hálstaki. Reynt var án mikils árangurs að skilja þá að og sætta áður en E veitti M þá áverka sem hann hlaut á gangstígnum er M var á leið heim til sín. Engin vitni virðast hafa verið að því hvað þá fór á milli þeirra. Lýsa þeir atvikum hvor með sínum hætti. Hvað sem því líður verður ekki fram hjá því lítið að þeir höfðu tekist á og erfitt reyndist að skilja á milli þeirra. Verður að líta á átök þeirra og atvikið á gangstígnum, þegar E veitti M umrædda áverka, sem eina órofa heild. Þannig varð M fyrir meiðslunum með þátttöku í handalögmálum. Leiðir það til þess að M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 124/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar**

**Ágreiningur um greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar þ. 6.3.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 27.4.2015

**Málsatvik.**

M fékk hnykk á bakið í vinnu sinni, þegar hann var að bera ísskáp en M var þá sendibifreiðastjóri og síðar sama ár féll hann í hálfu þegar hann var að ýta hjólavagni einnig við starf sitt. Stefndi sem er með starfstryggingu hjá tryggingarfélaginu H leitaði eftir því að tryggingafélagið greiddi bætur en því hafnaði tryggingarfélagið og fór M þá fram á að framkvæmt yrði sameiginlegt mat á afleiðingum slyssins en engin viðbrögð bárust frá H við þeirri ósk og fékk M því Sigurð Thorlacius til að meta tjónið og í matsgerð hennar er staðfest niðurstaða heimilislæknis M um algeran starfsorkumissi og krafði M tryggingarfélagið H um bætur í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar, en engin viðbrögð bárust frá H og höfðaði M því mál á hendur H. M er með málskostnaðartryggingu hjá V og krefst viðurkenningar bótaréttar úr þeirri tryggingu og segir ágreining málsins vera vegna bótaskyldu úr sérstakri sjúkra- og slysatryggingu. Þannig taki ágreiningur málsins til þess hvort M sé óvinnufær og hvort tryggingin nái einungis til slysa eða einnig sjúkdóms. M áréttar því að ekki sé um ágreining að ræða við H um eitt eða neitt sem varðar starf hans eða embætti. V hafnar bótaskyldu og segir að málskostnaðartryggingin taki ekki til ágreinings sem sé í tengslum við atvinnu eða embætti vátryggðs og atvik málsins gerist óumdeilanlega þegar M var að sinna atvinnu sinni.

**Álit.**

Í 45. gr. vátryggingarskilmála vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 46 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð viðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 47. vátryggingaskilmála. Þegar metið er hvort réttarlegur ágreiningur, sem upp er kominn milli M og vátryggingafélagsins Liberty Corporate Capital Limited, vegna Liberty Syndicate 4472, um greiðsluskyldu þess vegna vátryggingarsamnings um starfstryggingu, tengist atvinnu eða embættisrekstri M í skilningi gr. 47.3, verður að líta til þess að hlutlægar ábyrgðartakmarkanir sem þessar eru hluti af stöðluðum samningsskilmálum vátryggingafélagsins. Í máli M gegn vátryggingafélaginu Liberty Corporate Capital Limited, vegna Liberty Syndicate 4472, er ekki að sjá annað en réttarlegur ágreiningur þess máls takmarkist við túlkun vátryggingarsamnings sem í gildi er þeirra á milli. Tengsl þess réttarlega ágreinings við atvinnu M eða embættisrekstur eru því fjarlæg og atvinna M langt í frá nauðsynlegt skilyrði þess að ágreiningur sem þessi stofnist. Í ljósi stöðu V, sem þess aðila að vátryggingasamningnum um málskostnaðartrygginguna sem einhliða semur umrætt undanþáguákvæði gr. 47.3, verður að túlka þann vafa vátryggingartakanum í hag. Að teknu tilliti til að réttarlegur ágreiningur takmarkist við túlkun vátryggingarsamnings hans við Liberty Corporate Capital Limited, vegna Liberty Syndicate 4472, telst málskostnaðartrygging M taka til þess ágreinings, að því gefnu að önnur skilyrði í skilmálum vátryggingarinnar séu uppfyllt, en ekki

virðist ágreiningur um það. M á því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskylduþryggingar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 13.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 125/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar eiganda búfjár (X).**

**Tjón á bifreið þegar henni var ekið á hross 9. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Af gögnum málsins má ráða að bifreið M hafi verið ekið á hross í eigu X 9. janúar 2015 og hafi orðið tjón á bifreiðinni við áaksturinn.

M telur að X sem eigandi hrossins og tveggja annarra, sem sloppið hafi úr girðingu skömmu áður, beri ábyrgð á tjóni á bifreið sinni þar sem lausaganga hrossa hafi verið bönnuð í sveitarfélaginu. Tjónið hafi orðið í myrkri og V hafi, þrátt fyrir tilkynningu um tjónið strax, ekki kannað aðstæður fyrr en mörgum vikum eftir tjónið.

V vísar til gagna frá X í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 14. apríl sl., án þess að leggja þau gögn sérstaklega fram. Hjá V kemur fram að umrædd hross hafi verið í girðingu sem hafi verið skipt í tvö hólf. Girðing neðra hólfins hafi fennt í kaf en hrossin hafi slitið girðingu efra hólfins og þannig sloppið út á veg án vitneskju X sem hafi ekki getað brugðist við þess vegna. Í bréfinu er einnig vísað til þess að X hafi kannað aðbúnað hrossanna nokkrum dögum áður vegna óróleika í þeim sökum flugelda. Þá hafi girðing verið í lagi og verði tjón M því ekki rakið til sakar X sem ekki hafi getað gert frekari ráðstafanir en hann gerði.

**Álit.**

Ágreiningur málsins snýst um hvort X, sem eigandi hrossa þar sem lausaganga búfjár er bönnuð, hafi tryggt vörslur hrossanna nægilega vel m.v. aðstæður. Verður þar að líta til þess sem tilgreint er í bréfi V og haft eftir X að óróleiki hafi verið í hrossum hans nokkrum dögum áður en tjónið varð. Það gefur til kynna að ástæða hafi verið til að fylgjast sérstaklega með hrossunum næstu daga á eftir. Sérstaklega þegar litið er til þess að ekki er hægt að skilja lýsingu V af aðstæðum öðruvísi en að hrossin hafi átt að vera innan tvöfaldrar girðingar, þ.e. í neðra hólf sem hafi verið girt í kringum, sem hafi síðan verið girt með efra hólfinu. Það að snjóalög voru þannig að girðing neðra hólfins hafi fennt í kaf gerir vörslur órólegra hrossa ótryggari en ella. Það leggur frekari aðgæslukröfur á X sem eiganda þeirra og m.v. lýsingu af aðstæðum og þekktis óróleika telst X ekki hafa tryggt vörslur hrossanna nægilega vel í greint sinn. Telst hann því bera skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 8. maí 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 126/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v/bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp á Hverfisgötu í Reykjavík 9. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 27. apríl 2015.
3. Bréf V2 dags. 14. apríl 2015 ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis og álitni tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nefndarinnar nr. 107/2015.

**Málsatvik.**

Í málgögnum kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A hafi ekið aftur á bak úr bifreiðastæði við hús á Hverfisgötu í Reykjavík áleiðis út á götuna þegar bifreið A lenti á armi steypudælu sem var föst við bifreið B á sama stað. Tjón varð á bifreið A.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem armar sem stóðu út úr bifreið B hafi verið ómerktir, myrkur hafi verið og rigning og því erfitt að sjá þá. M vísar til reglna um merkingar á vinnuvélum og telur að bifreið B hafi ekki verið nægilega vel merkt og beri eigandi hennar því ábyrgð skv. umferðarlögum á tjóni á bifreið A.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins. V2 vísar hins vegar til þess að viðvörunarljós hafi verið kveikt á bifreið B og stoðfótur sem M hafi ekið utan í hafi verið áberandi, hár og breiður á upplýstri Hverfisgötunni. V2 telur að áreksturinn sé eingöngu hægt að rekja til þess að M hafi ekki gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig eins og henni bar skv. fyrirmælum 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig telur V2 að í þeim reglum sem M vísar til í málskoti komi það beri að merkja vinnuvél ef sérstök ástæða sé til og viðvörunarljós á bifreiðinni sjálfri hafi fullnægt þeirri skyldu.

**Álit.**

Í skýrslu M sjálfrar á vettvangi kemur fram að hún hafi sé viðvörunarljós á bifreið B áður en hún ók aftur á bak úr bifreiðastæði út á Hverfisgötu. Það lagði sérstaka skyldu á M að gæta varúðar auk þeirrar almennu skyldu sem kemur fram í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Verður að telja að viðvörunarljós á bifreið B hafi verið nægileg tilgreining á því að verið var að nota bifreiðina sem vinnuvél og þær merkingar sem M vísar til í málskoti hafi því ekki sérstaka þýðingu við sakarmat. Verður öll sök á árekstrinum því lögð á M sem ökumann bifreiðar A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 127/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar F.**

**Starfsmaður skarst á hendi þ. 6.7.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 13.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4.

**Málsatvik.**

M var við vinnu hjá F og var að skera plastklæðningu utan af rörum þegar krókahnífur sem hann notaði ran til og hann skarst á handarbaki. M var með hanska sem veittu litla sem enga vörn. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns F og segir að honum hafi ekki verið útvegaðir hanskar með viðeigandi mótstöðu. M segir að til staðar hafi verið sandblásturshanskar en ómögulegt hafi verið að nota þá við það verk sem hann var að vinna í umrætt sinn. M vísar til þess að Vinnueftirliti ríkisins hafi ekki verið tilkynnt um málið. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi leitað til læknis eftir slysið en snúið aftur til vinnu eftir það og ekki verið óvinnufær eftir slysið. V segir að M og öðrum starfsmönnum hafi verið útvegaðir þykkir hanskar til að nota við þennan verkþátt sem M var að vinna en M hafi valið að nota aðra hanska án vitneskju verkstjóra. V segir að umrætt verk hafi verið einfalt og áhættulítið og slys M verði ekki rakið til sakar F heldur sé um óhappatilviljun að ræða.

**Álit.**

Fyrir liggur að M stóð til boða fullnægjandi persónuhlífar, sem hann heldur fram að hafi ekki verið hægt að nota við verkið sem hann var að vinna, en engar sönnur eru færðar á þá staðhæfingu. M var ekki frá vinnu nema þann tíma sem hann fór til að láta gera að sári sínu eftir slysið, þannig að F bar ekki skylda til að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins. Ekki er sýnt fram á í málinu að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar eða persónuhlífa eða annars sem F ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 8.5. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 128/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á vegamótum á Biskupstungnavegi þann 24.2.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 13.4.2015.
3. Bréf V2, dags 8.4.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt því sem ráðið verður af fyrirliggjandi gögnum var B ekið eftir Biskupstungnabraut en A var beygt af ótilgreindum vegi inn á Biskupstungnabraut til vinstri. Biðskylda mun hafa hvílt á ökumanni A gagnvart umferð á Biskupstungnabraut. Rákust þá saman framanverð vinstri hlið A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi, en snjór og ísing á veginum þar sem áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa verið kominn a.m.k. 25 m eftir Biskupstungnabraut þegar B hafi komið stjórnlaust í hlið A. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um framburð ökumanns B um tildrög árekstursins.

**Álit.**

Á afstöðumynd af vettvangi á sameiginlegri tjonstilkynningu, sem báðir ökumenn hafa undirritað, verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið við vegamótin þar sem A var ekið inn á Biskupstungnabraut. Á ökumanni A hvíldi biðskylda gagnvart umferð á vegi þeim sem hann ók inn á. Verður áreksturinn rakinn til þess að ökumaður A virti ekki forgangsrétt B á Biskupstungnabraut. Af gögnum málsins verður ekki talið nægilega sannað að áreksturinn verði rakinn til þess að B hafi runnið stjórnlaust í hlið A eftir að A var komin inn á réttan vegarhelming Biskupstungnabrautar miðað við fyrirhugaða akstursstefnu hennar. Að öllum gögnum virtum eru ekki næg efni til að fella sök á ökumann B. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 8. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 129/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ frítímaslysátryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Líkamstjón vegna læknismeðferðar 10. febrúar 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 27. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði læknismeðferðar hjá heimilislækni sínum í febrúar 2014 og telur sig hafa þar orðið fyrir tjóni sem jafna má til slyss í skilningi vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar hjá V. Nánar tiltekið að tjónsatburður hafi orðið þegar heimilislæknir M sprautaði lyfinu Depo-Medrol í festur hægra megin á spjaldhrygg M. Sú stunga hafi leitt til mikillar blæðingar inn á gluteal vöðva og hafi sú blæðing haft í för með sér líkamstjón M.

M telur að um sé að ræða vátryggingaratburð skv. g.lið 62. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og óheimilt sé fyrir vátryggingafélag að semja sig undan ákvæðum laganna í persónutryggingum, sbr. 63. gr. þeirra. Einnig vísar M til þess V beri sönnunarbyrði fyrir því að undanþáguákvæði vátryggingarskilmála eigi við í málinu og vísar til þess að hlutlægar ábyrgðartakmarkanir séu ekki heimilar í persónutryggingum og að það fái stoð í frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga. M telur að gr. 4.14.-4.19. séu slíkar ábyrgðartakmarkanir í vátryggingaskilmálum V og eigi þær því ekki við í máli M. Einnig vísar M til þess að V hafi ekki gætt upplýsingaskyldu sinnar í samræmi við lög um vátryggingarsamninga sem og að túlka eigi óskýr ákvæði vátryggingarskilmála vátryggingartaka í hag. Í því samhengi bendir M á 36.gr. a og b samningalaga nr. 7/1936 og að V hafi ekki gætt þess að undanþáguákvæði væru tilgreind á vátryggingarskirteini M. Einnig skorar M á V að leggja fram starfsleyfi sitt skv. lögum um vátryggingarstarfsemi nr. 56/2010 og að ef starfsleyfi sé fyrir hendi þá sé fjölskyldutrygging M lögboðin trygging sem hafi þurft sérstakt samþykki Fjármálaeftirlitsins áður en hún hafi verið boðin fram.

V telur að við mat á því hvort blóðgúll, sem hafi safnast fyrir í gluteal vöðva M, hafi orðið til vegna þess að heimilislæknir sprautaði lyfi í vöðvafestur í spjaldhrygg M, verði að líta til þess að téður heimilislæknir hafi í skýrslu sinni sagt svo frá að ekki hafi verið sprautað í æð og engar vísbendingar hafi komið fram um slíkt þegar M var hjá læknum. Það sé því ekki sannað að sprautan sem slík hafi orsakað líkamstjón M. V telur að gögn málsins sýni að mikil blóðþyning M hafi mögulega leitt til líkamstjóns hans en ekki utanaðkomandi atvik eins og gerð sé krafa um í 3. gr. vátryggingarskilmála þar sem gildissvið vátryggingarinnar sé skilgreind með hefðbundnu slyshugtaki vátryggingaréttar. V telur að frekari tilvísun M til ákvæða laga um vátryggingarsamninga eigi ekki við í málinu.

**Álit.**

Í vátryggingarskilmálum þeim sem eiga við í málinu er gildissvið frítímaslysátryggingar skilgreint í 3. gr. þess hluta sem varðar þann hluta tryggingarinnar. Þar kemur fram að með hugtakinu slyss sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Í 4. gr. sama hluta skilmálanna kemur síðan fram að V greið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir m.a. í frístundum með tilteknum undanþágum sem tilgreindar eru í öðrum töluliðum 4. gr. Gildissvið vátryggingarinnar er því afmarkað í umræddum vátryggingarskilmálum og verður 63. gr. laga um vátryggingarsamninga ekki skilin þannig að hún setji vátryggingafélögum skorður við að afmarka gildissvið vátrygginga með þeim hætti sem V gerir í gr. 3 og 4 í vátryggingarskilmálum sínum. Það þýðir að M þarf að sína fram á að

Líkamstjón hans sé rakið til skyndilegs og utanaðkomandi atburðar sem gerist án vilja hans. Þegar lyfi var sprautað í vöðvafestingar í spjaldhrygg M þann 10. febrúar 2014 var hann sjálfur, eðli málsins samkvæmt, á staðnum ásamt heimilislækni sínum sem sprautaði. Heimilislæknirinn kveðst hafa gætt þess sérstaklega að sprauta lyfinu ekki í æð og ekkert hafi komið fram sem benti til þess. Ekki liggur heldur fyrir af hálfu M að það hafi gerst. Í vottorði læknis sem síðar kom að meðferð M hefur því verið haldið fram að myndun blóðgúls þess sem hefur leitt til líkamstjóns M sé afleiðing þess að sprautað hafi verið í æð hjá M. Engin frekari gögn styrkja það álit læknisins og verður það eitt og sér ekki lagt til grundvallar við sönnun. Í frekari læknisfræðilegum gögnum málsins kemur einnig fram að vandamál M vegna of mikillar blóðþynningar hafi haft áhrif á myndun blóðgúlsins. M ber sönnunarbyrði um að líkamstjón hans sé rakið til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 3 í váttryggingarskilmála og eru gögn málsins ekki óyggjandi um að líkamstjónið hafi stafað eingöngu af títtnefndri sprautu. Telst mögulegt líkamstjón M því ekki nægilega skýrlega rakið til gildissviðs 3. gr. váttryggingarskilmála frítímaslysáttryggingar M hjá V. Önnur ákvæði váttryggingarskilmála, laga um váttryggingarsamninga eða samningalaga skipta ekki máli við úrslausn málsins.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 130/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 vegna bifreiðarinnar A**  
**og vátryggingafélagið V2 vegna bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á hringtorgi á Vesturlandsvegi 17. febrúar 2015. .**

**Gögn.**

1. Málskot ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 15. apríl 2015.
3. Bréf V1 dags. 20. apríl 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B í hringtorgi á Vesturlandsvegi þar sem bifreið A var ekið í innri hring hringtorgsins og bifreið B, sem var búin tengivagni, í ytri hring hringtorgsins. Ágreiningur er um hvor ökumanna hafi ekið á hvora bifreið.

M telur sem ökumaður bifreiðar A að bifreið B hafi verið ekið yfir akreinalínu í ytri hring hringtorgsins og þannig utan í bifreið A sem hafi verið eins langt til vinstri á akbrautinni eins og unnt var. Vísar M til ljósmyndar af bifreið A því til stuðnings og kveður myndina sýna staðsetningu bifreiðarinnar við áreksturinn. M vísar einnig til skýrslu ökumanns bifreiðar B um að hann hafi ekki séð bifreið A fyrr en árekstur varð auk þess sem bifreið hans sé stór og líkur á að hann hafi „skorið“ hringtorgið og farið inn á akrein bifreiðar A.

Bæði vátryggingafélög V1 og V2 líta svo á að ósannað sé hvor ökumanna hafi farið yfir á akrein hins. V1 bendir þó á að líklegra sé að ökumaður bifreiðar B, sem var í ytri hring hringtorgsins, hafi farið yfir á innri akrein.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir framburður ökumanna bifreiða A og B sem báðir telja að þeir hafi ekið á réttri akrein við akstur í hringtorg og árekstur hafi ekki getað orðið með þeim hætti að þeir hafi farið inn á akrein hins heldur hafi því verið öfugt farið. Við mat á sönnun þegar framburðir stangast á verður að líta á hvort önnur sönnunargögn geti skorið úr um nákvæma staðsetningu árekstursins. Þó M, sem ökumaður bifreiðar A, vísi til þess að bifreið hans hafi ekki verið færð frá nákvæmum árekstrarstað þegar myndir voru teknar er ekkert sem styður það í öðrum gögnum málsins og verður því ekki með óyggjandi hætti hægt að leggja til grundvallar að árekstur hafi orðið á innri akrein hringtorgsins. Með hliðsjón af ofansögðu er ekki sannað hvar árekstur varð og verður sök skipt til helminga milli ökumanna A og B.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga milli ökumanna A og B.

Reykjavík 8. maí 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 131/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. brunatryggingar húseigna.**

**Ágreiningur um greiðslu lögmansþóknunar vegna brunatryggingar húseigna.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2015. ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 27.4.2014

**Málsatvik.**

Sumarbústaður M brann 19.3.2014. V bætti M tjónið með því að greiða eftirstöðvar láns sem hvíldi á sumarbústaðnum, en neitar að greiða þóknun vegna lögmansaðstoðar. M segir að V hafi viðurkennt bótaskyldu vegna tjónsins en óljóst hafi verið við hvað skyldi miða og svo hafi um samist á milli aðila fyrir tilstilli lögmans M að V mundi greiða eftirstöðvar áhvílandi láns. M vísar til þess að skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga eigi vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið og því haldið fram að þetta ákvæði taki líka til lögmansþóknunar, sem sé sannað fjártjón þegar lögmansaðstoðar sé þörf. V hafnar að greiða lögmansþóknun og vísar til þess að ekkert komi fram um það efni í vátryggingaskilmálum brunatryggingar hjá félaginu. Þá segir V að aldrei hafi verið ágreiningur milli V og M um uppgjör bóta og því verði ekki séð að nauðsyn hafi borið til fyrir M að fá aðstoð lögmans.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu snýst um greiðslu lögmansþóknunar vegna uppgjörs brunatjóns. Ekki var ágreiningur um bótaskyldu milli aðila heldur með hvaða hætti bæta skyldi tjónið og virðist þar helst hafa skort á upplýsingar frá M og afstöðu varðandi framtíð eignarinnar. Núverandi lögmaður M leiðrétti misskilning um framtíð hússins og nokkru síðar bauð V bætur sem lögmaður M samþykkti f.h. hans. Greiðsla bóta og samningar um bætur virðast því hafa dregist án þess að ágreiningur væri fyrir hendi og verður ekki betur séð en á það hafi skort að upplýsingar bærust frá M um fyrirætlanir hans, en þegar þær lágu fyrir þá bauð V fram bætur sem voru samþykktar. Verður því ekki fullyrt að í málinu hafi verið uppi ágreiningur sem kallaði sérstaklega á aðstoð lögmans. M á því ekki rétt á greiðslu lögmansþóknunar vegna uppgjörs á brunatryggingu í máli þessu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á greiðslu þóknunar vegna aðstoðar lögmans vegna uppgjörs brunatryggingar í málinu.

Reykjavík 13.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 132/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar.****Mótor eyðilagðist er bifreið var ekið í stóran vatnspoll á götu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8. apríl 2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 28.4.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M lýsir aðstæðum svo að hinn 19.1.2015 hafi mikið vatnsverður verið í Grindavík eftir mikla snjósöfnun dagana áður og mikil snjóbráð hafi fylgt vatnsveðrinu. Á Ránargötu við Víkurbraut hafi myndast djúpur pollur. Vegna rigningar og myrkurs hafi ekki verið greinilegt hversu djúpur pollurinn var og skall bifreið hans, A, í pollinum á um 30 km hraða á klst. Vatn skvettist upp í loftsiú A með þeim afleiðingum að mótor eyðilagðist. M telur pollinn hafa myndast vegna vatnsflóðs í götunni. Hefur M krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 4.5 í skilmálum kaskótryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð og aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða. Vatnsagi á götunni vegna leysingavatns virðist hafa myndað allstóran poll á götunni að öllum líkindum sökum þess að niðurföll hafa verið stífluð eða fráveitukerfi sveitarfélagsins hefur ekki annað því að koma vatni af götum. Þótt stór pollur, og eftir atvikum nokkuð djúpur, hafi myndast við þessar kringumstæður, var vatnið á sjálfri götunni þar sem ætíð má búast við nokkurri vatnssöfnun svo sem í leysingum. Er hér ekki um flóð að tefla í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í skilmálum. Kaskótryggingin tekur því ekki til tjónsins. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr kaskótryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón M á bifreið hans bætist ekki úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 133/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.**

**Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 13. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2015 ásamt útprentun úr veðurstöð vegna 12.-13. febrúar 2015.
3. Tölvupóstur starfsmanns X dags. 11. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu dags. 27. febrúar 2015 kemur fram að þann 25. febrúar, eða tveimur dögum áður, hafi M komið á lögreglustöð og lýst tjóni, sem hafi orðið á bifreið hans þann 13. febrúar 2015, þegar hann ók upp götuna Skógarlind og lenti ofan í holu eða malbiksskemmd í götunni. Af lýsingu M má ráða að ekki hafi verið sérstakar merkingar á vettvangi til þess að vara við umræddum aðstæðum á vettvangi. Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá X vegna málsins og kom fram í svörum í tölvupósti að ekki sé að finna tilkynningu um umrædda skemmd í malbiki á Skógarlind í þar til gerðu kerfi hjá X en gert hafi verið við skemmd á þessum stað 16. febrúar 2015.

M vísar til þess í málskoti að hann hafi haft samband við starfsmann hjá X sem hafi tjáð honum að hann væri ekki sá fyrsti sem lenti í tjóni á sama stað. Einnig vísar M til þess að umrædd hola hafi verið lengi á þessum stað. M telur tjón á bifreið sinni þar af leiðandi á ábyrgð X.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt vanrækslu við ráðstafanir vegna holu á þessum stað þar sem þeim hafi ekki verið kunnugt um hana, né heldur að sýnt sé fram á að almennt hafi eftirlit verið vanrækt. M hafi ekki lagt fram gögn sem styðja það að starfsmenn X hafi vitað um holuna og verði ekki á því byggt. Einnig er vísað til þess að veður hafi verið mjög vont sama dag og M varð fyrir tjóni, asahláka sem gerði það að verkum að það voru að koma undan snjó og svelli skemmdir í malbiki víðs vegar. Starfsmenn X hafi sinnt störfum sínum af fremsta megni þennan dag og brugðist við ábendingum.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu í götunni Skógarlind í Kópavogi. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að M beri sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar sveitarfélagsins X vegna tjónsins séu fyrir hendi. Ljóst er af gögnum málsins að ekki liggja fyrir gögn sem staðreyna að tilkynnt hafi verið um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki liggja heldur fyrir gögn eða frekari upplýsingar sem sýna fram að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína gagnvart mögulegum skemmdum á þessum stað. Ekki dugar að vísa til símtals án frekari sönnunargagna. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt vegna tjóns á bifreið M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 12. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 134/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v. bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut við Fitjar þ. 16.2.2015**

**Gögn.**

1. Málskot dagsett þ. 2.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 27.4.2015
3. Bréf V-2 dags. 27.4.2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Reykjanesbraut við Fitjar. A var ekið inn á Reykjanesbraut frá Fitjum og beygt til austurs, en B var ekið austur Reykjanesbraut. Árekstur varð með ökutækjunum skömmu eftir að A ók inn á Reykjanesbraut í veg fyrir B. Ökumaður A segir að hann hafi verið búinn að aka 50-70 metra frá gatnamótunum þegar árekstur varð. Ökumaður B segir að A hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir B. Engar nýjar upplýsingar koma fram í bréfum þeirra vátryggingafélaga sem eiga í hlut.

**Álit.**

Ökumaður A virti ekki stöðvunarskyldu og ók í veg fyrir B. Ekki telst nægilega sannað að áreksturinn hafi orðið það langt frá gatnamótum að máli skipti við sakarskiptingu eða að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt gáleysi við aksturinn. Ökumaður A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 12.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 135/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar veghaldarans B.****Bifreið varð fyrir skemmdum er henni var ekið ofan í holu í malbiki á götu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8. apríl 2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.4.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Um kl. 23:45 hinn 13.3.2015 ók M bifreið sinni A, frá Landspítalanum um Snorrabraut og yfir mislæg gatnamót Hringbrautar og Bústaðavegar. Mun þá mikið högg hafa komið á bæði hjól hægra megin er þau lentu ofan í stórru holu í götunni. Báðar felgur beygluðust og hjólkoppar brotnuðu og týndust.

B mun vera eigandi vegarins þar sem tjónið varð, og sér um viðhald hans. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þess tjóns sem varð á A. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007, sem fjallar um *viðhald vega og vegskemmdir*, ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Í 56. gr. laganna er fjallað um *bótaábyrgð veghaldara*. *Þar segir að* veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

Samkvæmt fyrirbyggjandi umsögn B um tjónið hafði B verið látin vita hinn 14.3.2015 kl. 15:30 af „svakalegri holu á rampi af Bústaðavegi niður á Hringbraut (bleika slaufan).“ Kl. 19:00 mun verktaki hafa farið á vettvang til að gera við holuna. Samkvæmt þessu verður ekki séð að B hafi verið tilkynnt um skemmdir í veginum á þeim slóðum, þar sem M varð fyrir tjóninu á bifreið sinni, fyrr en nokkuð var liðið á næsta dag eftir að tjónið varð. Þannig liggur ekki fyrir að B hafi fengið vitneskju um skemmdir í veginum í tæka tíð áður en tjónið varð á A. Hefur því ekki verið sýnt fram að fullnægt sé skilyrðum 56. gr. laga nr. 80/2007 til að fella bótaskyldu á B. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 136/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Tilkynningarfrestur vegna slyss 19. september 2011.**

**Gögn.**

1. Málskot dags. 8. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf lögmanns M dags. 1. júlí 2015 ásamt læknisvottorði dags. 1. júní 2015.
3. Bréf V dags. 7. júlí 2015 ásamt áverkavottorði dags. 12. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu kemur fram að 16. apríl 2014 var tilkynnt um slys M sem átti sér stað 19. september 2011. Atvikum var þannig lýst í tjónstilkynningu: „*Er að skoða gæði trjádrumba, ca 3metra langur, heldur honum í lóðréttri stöðu, er hún missir takið og drumburinn fellur og sporreist þannig að annar endinn skýst upp á milli fóta hennar og hún lyftist upp.*“ M leitaði til lækni þremur dögum síðar og kom fram við skoðun kvensjúkdómalæknis að M hafi fengið blóðgúl á skapabarm og bólgu sem hafi síðan hjaðnað næstu daga á eftir en M hvött til að hafa samband ef ástandið versni. Í vottorði dags. 1. júní 2015 kemur fram að M hafi leitað til sérfræðings vegna áverkans og hann meti það svo að hún hafi fengið húðtaugaskaða við slysaáverkann með tilgreindum afleiðingum. Í vottorðinu kemur einnig fram að sérfræðingurinn metur það svo að þær afleiðingar sem hlotist hafi af áverkanum hafi ekki orðið ljósar fyrr en rúmlega tveimur árum eftir áverkann sjálfan.

M telur með hliðsjón af gögnum málsins, þá aðallega sérfræðiáliti í læknisvottorði dags. 1. júní 2015, að hún hafi ekki vitað um atvik sem krafa hennar um bætur fyrir varanlega örorku í fjölskyldutryggingu hennar er reist á fyrr en seint á árinu 2013. Sá ársfrestur sem kveðið er á um í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi því ekki verið liðinn þegar hún tilkynnti V um tjónið þann 16. apríl 2014.

V telur að það komi fram í læknisvottorðum að einkenni M eftir tjónsatvikinu í september 2011 hafi verið viðvarandi eftir það, þ.e. dofa og tilfinningaleysi. Telur V að M hafi því strax á árinu 2011 eða í síðasta lagi á árinu 2012 vitað um atvik sem krafa hennar er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. V vísar til þess að það sé einhliða frásögn M að einkenni hafi breyst um tveimur árum eftir atvikinu í september 2011 og sé því ekki hægt að taka mið af þeim tímapunkti. Einnig skorar V á M að leggja fram gögn frá öllum þeim læknum sem hún hefur leitað til.

**Álit.**

Í málinu liggja fyrir tvö læknisvottorð, annað vegna komu M til lækni nokkrum dögum eftir tjónsatvikinu og hitt er nýlegt og felur í sér umfjöllun þess sérfræðings sem M leitaði síðar til vegna einkenna sinna. Verður ekki séð að í málið vanti frekari gögn, en misskilningur virðist hafa komið upp um nafn sérfræðings þess sem M leitaði til. Við mat á því hvenær M voru atvik sem krafa hennar er reist á ljós verður að líta til þess að það liggur fyrir sérfræðiálit um að afleiðingar áverka þess sem M fékk í september 2011 geti ekki hafa verið fullljósar fyrr en rúmlega tveimur árum eftir áverkann. Því sérfræðiáliti hefur ekki verið hnekkt með læknisfræðilegum rökum. Verður því ekki litið svo á að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þann 16. apríl 2014.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysátryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 137/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.**

**Vinnuslys 21. nóvember 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. apríl 2015 ásamt gögnum, þ.á.m. höfnunarbréf V dags. 5. janúar 2015, umsögn borgarlögmanns dags. 9. desember 2014, umsögn skólastjóra dags. 24. október 2014 og 17. nóvember 2014, tilkynning til Vinnueftirlits ríkisins dags. 18. desember 2012, myndir af vettvangi og tölvupóstur frá embætti borgarlögmanns dags. 21. nóvember 2014 og svar skólastjóra dags. 24. nóvember 2014.

**Málsatvik.**

M var við vinnu sína sem húsvörður í grunnskóla þegar hann datt á hjólastólarampi í húsnæði skólans. M var að ganga um rampinn með stól í fanginu og í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að gólfíð hafi verið blautt og í halla, sökum fyrrnefnds hjólastólaaðgengis. Í frekari gögnum málsins kemur einnig fram að skólaliðar hafi verið nýbúnir að skúra gólf á þeim stað sem M datt.

M telur X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyss hans þar sem aðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi. M vísar til ýmissa ákvæði laga um öryggi, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum máli sínu til stuðnings, sem og 1.mgr. 12. gr. laga um grunnskóla og reglugerð þeim tengdum varðandi öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem X þarf að tryggja að séu fyrir hendi sem vinnuveitandi. M vísar til þess að það hafi ekki verið í verkahring skólaliða að skúra rampinn þar sem M datt og hafi því ekki mátt búast við að hann væri blautur. Auk þess hafi ekki mátt búast við því að þrifum á þeim tíma sem M datt, eða um kl. 15:20. Ekki hafi heldur verið varað við bleytunni eins hefði átt að gera til að gæta fyllsta öryggis á vinnustaðnum og vísar M þar til Hrd. 104/2012 þar sem var verið að skúra gólf í verslunarmiðstöð án þess að vara við hættu. M telur að aðstæður í grunnskóla séu sambærilegar við þær aðstæður og verði því að líta á að skólaliðar þeir sem svona stóðu að málum hafi sýnt saknæma háttsemi sem X ber ábyrgð á sem vinnuveitandi. Einnig vísar M til þess að tilkynning til Vinnueftirlits ríkisins hafi borist of seint þannig að ekki hafi verið hægt að láta rannsaka aðstæður á vettvangi með nægilega ítarlegum hætti og verði X því að bera hallann af því að ekki var hægt að rannsaka aðstæður betur.

V telur að nokkur vafi sé um málsatvik m.v. lýsingar slyssins í læknisvottorðum og í raun óvíst að gólf hafi verið blautt þegar M datt í húsnæði X. V vísar einnig til þess að M hafi ekki gert yfirmönnum sínum vart um slysið fyrr en 23. nóvember 2012 og því hafi skylda 79. gr. laga nr. 79/1980 um að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins ekki verið vanrækt á slysdegi eins og M heldur fram. Almennar sönnunarreglur verði því að gilda og M ber skv. þeim sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið ófullnægjandi á slysdegi. V vísar auk þess til stöðu M innan skólans þar sem hann hafi sinnt verkstjórn gagnvart skólaliðum, verið gjörkunnugur aðstæðum innan skólans sem húsvörður og hafi því mátt vera ljóst að ef þörf væri á sinntu skólaliðar þrifum á umræddum stað. Einnig vísar V því á bug að aðstæður í skólahúsnæði síðla dags og í verslunarmiðstöð sem opin er almenningi séu sambærilegar, eins og M hefur vísað til. Auk þessa vísar V til þess að M hafi borið að gæta eðlilegrar aðgætni og varúðar þar sem hann var að ganga með stól í fanginu þegar slysið varð og gat því síður stuðst við handrið sem hafi verið á umræddum rampi.



**Álit.**

Í lögum og reglum kemur fram að vinnuveitendur eigi að gæta þess að aðstæður á vinnustöðum séu öruggar og heilsusamlegar og það er áréttað sérstaklega í lögum um grunnskóla. Þessar almennu skyldar leiða til þess að vinna varðandi aðstæður sem geta skapað hættu, t.d. eins og þegar bleyta er á gólfum, verður að skipuleggja með öryggi nemenda og starfsmanna í huga. Ekki verður séð að það skipulag sem var um þrif í Hlíðaskóla á umræddum tíma hafi almennt verið þess eðlis að það hafi skapað sérstaka hættu. Verður þar lagt til grundvallar að það verklag hafi verið að þrif væru skipulögð í gegnum ræstingafyrirtæki en skólaliðar sæju um önnur þrif ef nauðsynlegt væri. Ekki verður annað séð en að M hafi í ljósi stöðu sinnar verið í þeirri aðstöðu að skipuleggja vinnu skólaliða og er ekki sýnt að vinna þeirra þennan dag hafi verið í bága við verklagsreglur.

Í málinu er ágreiningur um hvort X hafi átt að tilkynna um slysið skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 til Vinnueftirlits ríkisins á slysdegi. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi ekki upplýst með skýrum hætti um atvik og líkamstjón sitt fyrr en 23. nóvember 2012. Verður X því ekki talið bera hallann af því að rannsókn fór ekki fram á aðstæðum strax og verður að telja að M beri sönnunarbyrði um að aðstæður á vettvangi slyss hans hafi verið ófullnægjandi. Þegar litið er til þess að M var gjörkunnugur aðstæðum á vettvangi og verklagi verður að telja að honum hafi mátt vera ljóst, þegar hann koma að umræddum rampi, hvort það væri nýbúið að skúra hann. Af gögnum málsins verður ekki nægilega ráðið að nauðsynlegt hafi verið að setja upp sérstakar viðvaranir á vettvangi vegna þessa. Verður X því ekki talið bera skaðabótaábyrgð á slysi M og greiðsluskylda hefur því ekki stofnast úr ábyrgðartryggingu sveitarfélags hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélags X hjá V.

Reykjavík 12. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 138/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur við framúrakstur á Hringvegi í Hörgársveit við Steðja þann 23.11.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.5.2015.

**Málsatvik.**

A og B var ekið suður Hringveg við Steðja í Hörgársveit og var A ekið á undan B. Er B var ekið áleiðis fram úr A varð árekstur með bifreiðunum með þeim afleiðingum að báðar bifreiðirnar fóru út af og ultu vestan vegarins. Bjart var af degi og mjög mikil ísing á veginum þegar óhappið varð. Við skoðun á vettvangi fannst brot úr hægri afturfelgu B á þeim stað þar sem skriðför eftir bifreiðirnar hófust auk þess sem svarta eftir gúmmi á brettakanti yfir hægri afturhjól B. Á A var „töluvert nudd“ á vinstra framhjól og felga marín. Að áliti lögreglu þótti samkvæmt þessu nokkuð greinilegt að vinstra framhjól A hafi rekist í hægri afturhjól B.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að þegar bifreiðirnar hafi verið samsíða á veginum hafi A lent í einhverri ójöfnu á veginum með þeim afleiðingum að hann hafi misst bifreiðina eitthvað til hliðar og hún rekist utan í B. Hafi báðar bifreiðir snúist á veginum og oltið vestan við hann. Í tölvuskeyti 9.2.2015 kveður ökumaðurinn að ekki sé rétt eftir sér haft í lögregluskýrslunni. Kveður hann B hafa verið við afturhorn A og hann hafi séð B alveg í „rassgatinu“ á A, svo hafi hann misst stjórn. Kvað hann högg hafa komið á A og hún losnað að aftan eins og hún hafi lent í ójöfnu. Sjáanlegt tjón hafi verið á afturkanti/afturhorni A og því greinilegt að B hafi rekist í afturhjól A.

Ökumaður B kvað A hafa verið ekið á undan sér á um 70-80 km hraða á klst. og hafi hann ákveðið að aka fram úr henni. Þegar hann hafi verið byrjaður framúraksturinn hafi hann tekið eftir að ökumaður A hafi verið í vandræðum með bifreiðina sem hafi leitað yfir á vinstri vegarhelming. Kvaðst ökumaður B hafa farið eins langt til vinstri og hann þorði en samt hafi A lent utan í B sem við það hafi snúist á veginum og síðan út af honum hægri megin og oltið.

Í tölvuskeyti 23.2.2015 lýsti farþegi í A atvikum svo að hún hafi fundið fyrir eins konar höggi, eins konar dæld í veginum, sem varð til þess að hún fór að fylgjast með veginum. Hafi hún séð ökumann A „berjast við bílinn“ og örstuttu síðar hafi hún séð B samhliða A og hafi ökumaður B einnig verið „að berjast við bílinn sinn.“ Svo hafi komið högg á A sem hafi orðið til þess að ökumaður A hafi alveg misst stjórn á A og ekið inn í hlið B, en svo hafi virst sem B hafi verið farin að sveigja mikið til hægri jafnvel eins og hann væri að reyna að aka fyrir framan A.

**Álit.**

Samkvæmt framburði beggja ökumanna og farþega í A og gögnum málsins að öðru leyti þykir mega slá föstu að högg hafi komið á A í sömu andrá og B var ekið áleiðis fram úr A, en við það missti ökumaður A stjórn á bifreiðinni. Ekki verður séð að högg þetta tengist B eða akstri hennar áleiðis fram úr A. Í kjölfar þess að ökumaður A missti stjórn á bifreiðinni varð árekstur með bifreiðunum. Verður áreksturinn rakinn til þess að ökumaður A hafði ekki fulla stjórn á bifreið sinni. Verður honum því gefin sök á árekstrinum. Af gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B verður talinn bera ábyrgð á. Verður honum því ekki gefin sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 141/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ vatnstjónsliðar fasteignatryggingar.**

**Tjón vegna vatns 14. mars 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á húseign M í miklu vatnsveðri og telur M að það hafi orðið vegna úrhellisrigningar, nánar til tekið þannig að tún í kringum hús M hafi farið á flot sem hafi svo leitt til þess að vatn flæddi inn í afrennislögn frá rotþró, hún hafi stíflast og þannig hafi flætt inn á lögn að húsi hans og inn á gólf í kjallara. Nokkru seinna hafi M síðan orðið var við sírennslis í klósetti og hafi það verið vegna stíflu í rotþró.

M telur að V eigi að greiða bætur vegna vatnstjóns og byggir það í fyrsta lagi á því að tjón hafi orðið vegna yfirborðsvatns sem hafi flætt inn í hús hans af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar og vatnsmagn orðið það mikið að jarðvegsniðurföll hafi ekki leitt frá. Nánar tiltekið telur M að úrhellið hafi myndað stíflu í rotþrónni sem leiddi til tjónsins. Í öðru lagi byggir M á því vegna sírennslis í klósetti, þ.e. bilunar, hafi verið um skyndilegan leka úr leiðslukerfum hússins að ræða og falli það einnig undir gildissvið vátryggingarinnar.

V vísar til gr. 18.1 í vátryggingarskilmálum fasteignatryggingar þar sem kemur fram að vátryggingin greiði bætur vegna skemmda á húseign „...af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.“ Þessu til viðbótar vísar V til undanþáguákvæðis í gr. 19.1 þar sem kemur fram að félagið bæti ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum nema ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. V leggur fram gögn frá skoðunarmönnum um að stífla hafi verið í lögn við hús M, nánar tiltekið í innkeyrslu fyrir framan bílskúra.

**Álit.**

Í vátryggingarskilmálum þeim sem eiga við í málinu er gildissvið vátryggingarinnar skilgreint í gr. 18 og undanskildar áhættur tilgreindar í gr. 19. Í gr. 18. kemur fram að gildissvið vátryggingarinnar vegna vatnstjóns er bundið við að vatn þurfi að eiga upptök innan veggja húss vátryggðs og stafa af skyndilegum leka úr leiðslum hússins eða leiðsla þarf að hafa sprungið eða stíflast innanhúss. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki unnt að álykta öðruvísi en að stífla hafi orðið í rotþró við hús M utan veggja hússins. Verður tjónið því ekki rakið til atburða sem falla undir gildissvið vátryggingarinnar.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 142/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Umferðaróhapp. Líkamstjón. Orsakasamhengi.**

**Gögn.**

1. Málskot dagsett þ. 13.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 21.4.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M krefst þess að viðurkennd verði bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V vegna umferðarslyss þ. 25.11.2011. M var farþegi í A og ökumaður missti stjórn á bifreiðinni og hún lenti á ljósastaur. M byggir á því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem farþegi í A og leitað læknishjálpar strax eftir umferðarslysið og síðar 10 mánuðum síðar og þar hafi verið greindir þeir verkir sem eru að hrjá M í dag og því ljóst að um orsakatengsl sé að ræða milli umferðarslyssins og þeirra verkja sem hrjá M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að við komu á slysadeild á slysdag hafi M neitað algjörlega að vera með verki í höfði, hálsi, svima eða öðrum neurologiskum einkennum. Þá vísar V til annarra læknisvottorða sem fyrir liggja og tekur sérstaklega fram að M eigi sögu um fyrri hálstögnun frá árinu 2008. V segir að fullvíst væri að einkenni um hálstögnun hefðu komið fram löngu áður en M fór í lækni skoðun 10 mánuðum eftir umferðarslysið. V telur því ekki liggja fyrir nægilega sönnun um orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra verkja sem eru að hrjá M.

**Álit.**

Miðað við fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn verður ekki annað lagt til grundvallar en að þau einkenni sem M kvartar um í dag hafi fyrst komið fram um 10 mánuðum eftir umferðarslysið 25. 11.2011 en ekki sé samræmi milli þeirra kvartana, sem M hafði á þegar hún leitaði til læknis strax eftir umferðarhappið, og þeirra sem hér er fjallað um. M ber sönnunarbyrði um að líkamstjón hennar sé hægt að rekja til umrædds umferðaróhapps. Með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir verður ekki með skýrum hætti hægt að slá því föstu að um orsakatengsl sé að ræða milli umrædds umferðaróhapps og þeirra verkja sem M krefst að viðurkennt verði að hún eigi rétt á bótum fyrir.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 12.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 144/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysatryggingar.**  
**Ágreiningur um skerðingu bóta vegna slyss þann 9.10.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.04.2015 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V, dags. 28.4.2015.

**Málsatvik.**

M var við vinnu uppi á þaki hússins að Ægisgötu X í Reykjavík að morgni dags þann 9. október 2014. Ekki vildi betur til en svo að M rann til og féll niður af þakinu vegna bleytu sem þar var. Fallið var 7-8 metrar. M hafði mætt til vinnu um morguninn og farið upp á þak án þess að nota fallvarnarbelti og öryggislínu. Aðrar fallvarnir voru ekki til staðar þar sem hann var að vinna en M hafði ætlað sér að negla spýtur á þakið til að standa á. Umrætt þak er bárujárnsklætt með 45 gráðu halla að mestu en minni halla sums staðar. Hann hélt sér í glugga á norðurhlið þaksins en byrjaði að renna og rann fram af þakinu. Fram kemur í gögnum málsins að fallvarnarbelti og öryggislína hafi verið til staðar á verkstað en hafi verið læst inni og hvorki M né aðrir samstarfsmenn haft lykil til að komast þar inn þar sem verkstjórinn hafi verið sá eini sem var með lykil og hann var ekki kominn. Í framburði M í lögregluskýrslu kemur fram að þeir hafi aldrei notað öryggislínu og fallvarnarbelti, þrátt fyrir að það hafi verið til á staðnum. Frost hafði verið um nóttina en heiðskýrt var um morguninn. Héla hafði því myndast á þakinu um nóttina og var hún að bráðna og þakið þess vegna blautt.

V hefur viðurkennt bótaskyldu en skert bætur um  $\frac{1}{4}$  þar sem félagið taldi að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa farið upp á þakið í þessum aðstæðum, án þess að notast við nokkrar fallvarnir. M hafi mikla reynslu af störfum sem þessum og hefði átt að gera sér ljósa hættuna af því að fara upp á þak sem þetta við slíkar aðstæður sem voru á vettvangi.

**Álit.**

Samkvæmt 9. gr. sameiginlegra skilmála V losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta ef vátryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburða bar að og atvika að öðru leyti, sbr. einnig 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Umrætt þak er bárujárnsklætt með 45 gráðu halla að mestu en með minni halla á nokkrum stöðu, m.a. þar sem M féll niður. Frost var um nóttina þann 9. október og hafði þakið hélað þess vegna um nóttina. Heiðskýrt var um morguninn og hiti kominn yfir frostmark og hélað þakið byrjað að þiðna og var þar með blautt, í það minnsta á köflum. M hafði langa reynslu af störfum sem þessum og er menntaður smiður. Hann fór upp á bratt þakið án þess að notast við nokkrar fallvarnir, þrátt fyrir að honum hafi mátt vera ljóst að bleyta kynni að leynast á bárujárninu eftir nóttina og hátt fall væri niður. Það að fallvarnarbelti og öryggislína hafi verið læst inni leysir M ekki undan þeirri skyldu sinni að haga gjörðum sínum í samræmi við allar aðstæður hverju sinni. Háttsemi M verður því metin sem stórkostlegt gáleysi og skulu bætur skerðast að  $\frac{1}{4}$  hluta.

**Niðurstaða.**

Bætur M skerðast um  $\frac{1}{4}$ .

Reykjavík 3.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.  
Sigurður Óli Kolbeinsson hdl. Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 145/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. stjórnendatryggingar.**

**Krafa um bætur úr stjórnendatryggingu vegna mistaka þjónustuaðila sem lýsti ekki kröfu í þrotabú innan tilskilins frests þ. 18.7.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 14.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 19.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-12

**Málsatvik.**

M krefst bóta úr stjórnendatryggingu vegna mistaka þjónustuaðila, lögmanns M sem lýsti ekki kröfu M í þrotabú X innan tilskilins frests. M byggir á því að tjón M hafi ekki komið í ljós fyrr en með dómi Hæstaréttar Íslands þ. 10.5.2012 í máli 459/2011 og hafi því krafan verið gild og viðurkennd allt til þess tíma að dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. M byggir kröfu sína á ákvæði í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggiendur bæti tjón M sem stafi af ábyrgð sem þjónustuaðili ber lögum samkvæmt gagnvart M vegna brots á faglegri skyldu. Þá telur M að túlka verði ábyrgðarsviðið vítt og vátryggjanda í hag. Þá segir M að aldrei hafi af hálfu M verið litið svo á að tjón hefði orðið fyrr en með ofangreindum dómi Hæstaréttar Íslands. Þá hafnar M því að um fjárfestingar M hafi verið að ræða sem sé forsenda kröfu hans í ofangreint þrotabú.

V hafnar bótaskyldu og segir að tjónstilvikið falli utan við bótaskyldu vátryggingarinnar. Tryggingin sé fyrst og fremst ákveðin kröfugerðartrygging í eðli sínu ábyrgðartrygging og í því felist að eingöngu kröfur sem gerðar séu innan tilkynningarfrests samkvæmt vátryggingarskilmálum njóti tryggingarverndar. Af því leiði að krafa njóti ekki vátryggingarverndar þó að vátryggingaratburður hafi átt sér stað á vátryggingatíma ef krafan er ekki gerð innan vátryggingartímabils. Þá segir V að vanræksla/mistök þjónustuaðilans hafi átt sér stað þ. 18. júlí 2009 þegar hann vanrækti að lýsa kröfu í þrotabú X. Af gögnum málsins megi ráða að M hafi fljótlega orðið var við að kröfu hans var lýst of seint í búid. Þá segir V að af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 456/2011 þygi ljóst að M hafi uppgötvað mistökin þegar nauðasamningur X var staðfestur af héraðsdómi Reykjavíkur þ. 18. ágúst 2010 og í allra síðasta lagi þ. 17. nóvember 2010 þegar M fékk bréf frá X þar sem greiðsluskyldu var hafnað með þeim rökum að kröfur málskotsaðila hafi fallið niður vegna vanlýsingar. V telur því að krafa M sé fyrnd og vísar V til 2.mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá segir V að ekki liggi fyrir dómur eða úrskurður sem fjallar um bótaskyldu þjónustuaðilans né liggi fyrir hvert umfang tjónsins hafi verið og ekki sé vikið að skaðabótaskyldu þjónustuaðilans í dómi Hæstaréttar í máli nr. 459/2011 né hvert umfang tjón M sé. V telur því að M hafi ekki fulllægt því ákvæði vátryggingaskilmála að skilgreina hvert tjón hans sé. V telur einnig að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við endurnýjun vátryggingarinnar en M hafi borið skylda til að tilkynna vanrækslu þjónustuaðilans svo fljótt sem kostur var eða í síðasta lagi þ. 17.11.2010. Þá segir V að tapaðar fjárfestingar séu sérstaklega undanþegnar bótaskyldu og hafnar því að fjármunir M sem ávaxtaðir voru á innlánsreikningum hjá Straumi Burðarás hf. geti ekki flokkast til fjárfestinga og því sé ljóst að tjón M falli ekki undir tryggingu þá sem hann geri kröfu í.

**Álit.**

Trygging sú sem hér ræðir um telst vera skaðatrygging í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og því gilda ákvæði 1. mgr. 52. gr. laganna um fyrningarfrest krafna sem gerðar eru í trygginguna. Krafa M fynnist á 4 árum frá lokum þess almanaksárs sem vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans skv. ofangreindu lagaákvæði. Upphaf fyrningartíma er í allra síðasta lagi við áramótin 2010-2011, þar sem M fékk bréf frá X þ. 17.11.2010 þar sem greiðsluskyldu var hafnað með þeim rökum að kröfur málsskotsaðila hafi fallið niður vegna vanlýsingar. M var á þeim tíma fyllilega ljóst að kröfu hans hafði verið hafnað vegna mistaka þjónustuaðilans og frá þeim tíma byrjar fyrningarfrestur að líða í síðasta lagi. Krafa M um bætur úr stjórnendatryggingu hjá V er því fyrnd og þegar af þeirri ástæður kemur ekki til greiðslna úr tryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr stjórnendatryggingu hjá V.

Reykjavík 9.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 146/2015****M  
og  
V v/ sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um skerðingu bóta vegna upplýsingagjafar við töku vátryggingar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 14.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 29.4.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Með vátryggingarumsókn. dags. 20.1.2004, sótti M um sjúkdómatryggingu hjá V. Í umsókninni svaraði M neitandi spurningu um að hún reyki eða hún hafi reykt síðastliðna 12 mánuði áður en hún sótti um vátrygginguna. Í maí 2013 fékk M heilablæðingu og með skriflegri kröfu, dags. 12.11.2013, gerði hún kröfu um bætur úr vátryggingunni. Í bótakröfunni veitti M þær upplýsingar að hún hafi reykt 5 til 8 sígarettur á mánuði, í samtals 15 ár, en hafi hætt „inn á milli.“ Í sérstökum spurningalista um reykingavenjur, dags. 8.4.2014, kom fram að hún reyki og hafi byrjað að reykja árið 1992 og reyki 2-3 pakka á viku að meðaltali.

V viðurkenndi rétt M til bóta úr sjúkdómatryggingunni, en taldi, með vísan til þeirra upplýsinga sem komu fram í tengslum við bótakröfuna, að hún hafi ekki veitt rétt upplýsingar um reykingavenjur sínar við töku vátryggingarinnar. Af þeim sökum skerti V bæturnar við uppgjör 15.4.2014 um 29% eða sem nam mismuni á iðgjaldi sem M bar að greiða ef hún hefði veitt réttar upplýsingar við töku vátryggingarinnar og iðgjaldi því sem hún greiddi í raun. M hefur ekki sætt sig við þessa skerðingu bótanna. Telur M sig hafa misskilið spurningar sem fyrir hana voru settar í tengslum við bótakröfuna, en reykingarvenjur hennar hafi verið þannig að hún hafi reykt með hléum og tólf mánuðina fyrir töku vátryggingarinnar í nóvember 2013 hafi hún t.d. ekki reykt.

**Álit.**

Í bótakröfu M 12.11.2013, svo og í hinum sérstaka spurningalista um reykingavenjur, kemur fram svo ekki verður um villst, að M hafi að einhverju leyti reykt næstliðið ár áður en hún sótti um sjúkdómatrygginguna hjá V í janúar 2004. Þykir ekki unnt að byggja á þeirri staðhæfingu M, sem fyrst getur í málskoti, að hún hafi ekki reykt í tólf mánuði fyrir töku vátryggingarinnar. Þykir því ljóst að hún hafi gefið rangar upplýsingar um reykingavenjur sína við töku vátryggingarinnar. Af því leiddi að iðgjöld voru ákveðin lægri en ella hefði orðið.

Skv. 2. og 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 má félagið fella ábyrgð sína niður í heild eða að hluta ef vátryggingartaki hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt, en við mat á ábyrgð félagsins skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti. Af þessu leiðir að V var rétt að skerða bætur hlutfallslega með þeim hætti sem það gerði við uppgjórið 15.4.2014 og að framan greinir. M á því ekki rétt á frekari bótum úr sjúkdómatryggingunni en V hefur þegar innt af hendi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. maí 2015.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 147/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Bæjarhrauni í Hafnarfirði gegnt húsi nr. 12 þann 30.10.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 14.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.5.2015.
3. Bréf Y, dags 4.5.2015.

**Málsatvik.**

A var ekið norður Bæjarhraun og B var ekið suður sömu götu. Á móts við hús nr. 12 var B beygt til vinstri áleiðis inn á bifreiðastæði austan götunnar í veg fyrir akstursleið A. Varð þá árekstur með bifreiðunum. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Hemlaför eftir A mældust 28,6 m löng. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Leyfilegur hámarkshraði á götunni er 50 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 60 km hraða á klst. og séð B koma úr gagnstæðri átt og stefnuljós hafi logað á henni sem hafi gefið til kynna að henni yrði beygt í veg fyrir sig. Hafi hann gefið „lítillga í“ til að komast fyrr fram hjá B til að valda ekki töfum á umferð. B hafi síðan verið ekið í veg fyrir A og hann ekki náð að bremsa í tæka tíð.

Ökumaður B kvaðst ekki vita hversu hratt hann ók. Hann hafi ætlað að beygja til vinstri við hús nr. 12 og séð A töluvert fyrir framan sig eða til móts við hús nr. 4. Hann hafi því talið sig öruggan að aka inn á bifreiðastæðið, en síðan áttað sig á því þegar nær var komið að það var ekki „nægilegt pláss fyrir bifreiðina“ svo hann hafi ætlað að aka aðeins hægra megin við umrætt stæði. Þá hafi A verið ekið skyndilega á B.

**Álit.**

Ökumaður B beygði til vinstri í veg aðvífandi bifreið. Jafnvel þótt hann hafi metið aðstæður svo að hann hafi talið sig öruggan að taka beygjuna vegna fjarlægðar í A, verður engu að síður að líta svo á að hann hafi ekki veitt A þann forgang sem honum bar, sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður honum því gefin sök á árekstrinum. Ökumaður A viðurkennir að hafa ekið á 60 km hraða á klst. eða nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða. Þá jók hann hraða bifreiðarinnar er hann sá að B myndi verða ekið í veg fyrir hann. Ekki er tæk sú skýring hans að hann hafi aukið hraðann í því skyni að valda ekki töfum á umferð. Þá er mikið tjón sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Í ljósi þessa og hinna löngu hemlafara eftir A verður að telja nægilega í ljós leitt að ökumaður A hafi ekið yfir leyfilegum hámarkshraða og ekki sýnt þá varúð og tillitssemi sem af honum mátti krefjast. Með því braut hann gegn 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. ufl. Hann á því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna skal bera helming sakar.

Reykjavík, 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 148/2015**  
**M og**  
**V v. notkunar óþekkts ökutækis**

**Hjólreiðamaður féll og slasaðist þ. 18.9.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 4.5.2013 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M segist hafa verið að hjóla þegar óþekkt bifreið stöðvaði skyndilega fyrir framan hann og til að lenda ekki á henni hafi hann hjólað á milli hennar og kants, með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu og slasaðist. Hjólreiðarmaður sem hjólaði með M í umrætt sinn segir að M hafi hjólað fyrir aftan sig austur Ægissíðu þegar bifreið fyrir framan þá var skyndilega hemlað og hafi hann sjálfur hemlað en séð að M fór í loftköstum framhjá sér og telur líklegt að M hafi hjólað utan í kant. Vitni sem sá óhappið úr fjarska segist hafa séð M fara snöggan kollhnís á mikilli ferð. M krefst bóta úr frá V á þeim grundvelli að tjón hans sé rakið til notkunar hinnar óþekktu bifreiðar skv. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem henni hafi verið hemlað skyndilega og fyrirvaralaust. V hafnar bótaskyldu og vísar til reglna um sönnun og orsakatengsl. Þá bendir V á að miðað við staðhætti þá þurfi ekkert að vera óeðlilegt við það að hinu óþekktu ökutæki hafi verið hemlað þarna. Þá telur V að óhappið verði eingöngu rakið til hegðunar M sem hafi hjólað á miklum hraða.

**Álit.**

Skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanns. Tjónþola, í þessu tilviki M, ber að sanna að tjón hans verði rakið til notkunar hinnar óþekktu bifreiðar sem vísað er til í lýsingu hjólreiðamannsins sem hjólaði á undan M í umrætt sinn. Samkvæmt lýsingu á atvikum þá hemlaði bifreið og hjólreiðamaðurinn sem ók á eftir henni náði að hemla en M sem ók á eftir þeim hjólreiðamanni kom þá samkvæmt lýsingu í loftköstum framhjá hjólreiðamanninum sem ók á undan. Ekki liggur fyrir hvað nákvæmlega orsakaði það að M missti stjórn á hjólinu með áðurgreindum afleiðingum. Að þessu virtu og öðrum gögnum málsins telst ekki nægjanlega sannað að umferðaróhapp M stafi af notkun óþekkta ökutækisins. M á því ekki rétt á bótum hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum hjá V.

Reykjavík 13.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 149/2015**  
**M og**  
**X vegna líkamstjóns.**

**Fall af hjólabretti og akstur óþekkts ökutækis 8. febrúar 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf X dags. 11. maí 2015.
3. Athugasemdir lögmanns M dags. 20. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M lýsir atvikum þannig að óþekktri bifreið, sem síðan var ekið af vettvangi, hafi verið ekið á hann í Hafnarstræti með þeim afleiðingum að hann datt og lenti á hægri úlnlið. Tveimur dögum síðar hafi M leitað til slysadeildar Landspítala-Háskólasjúkrahúss og þá hafi komið í ljós beinbrot. Í skýrslu sem M gefur hjá lögreglu fjórum dögum eftir umrætt atvik, eða þann 12. febrúar 2014, kemur fram að M telur að um hafi verið að ræða hvíta bifreið af Nissan Patrol gerð og að hjólabretti hans hafi skemmst. Í gögnum málsins kemur fram að rannsókn lögreglu hafi verið hætt og í málskoti segir að atvikið var ekki unnt að sjá á eftirlitsmyndavélum en í lögregluskýrslu kemur einnig fram að M sé ekki alveg viss um staðsetningu óhappsins en sennilega hafi það gerst „rétt hjá Landsbankanum og Arion banka“.

M telur fullsannað að rekja megi líkamstjón hans til notkunar óþekkrar bifreiðar og því hafi stofnast greiðsluskylda hjá X vegna tjónsins, sbr. 1. másl. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008, sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M vísar aðallega til þess að hann hafi leitað stuttu eftir atvikið á slysadeild, þar hafi verið staðfestir töluverðir áverkar sem komi heim og saman við lýsingu hans. Auk þess eigi hann ekki að gjalda fyrir að engin vitni hafi verið að atvikinu. Auk þessa vísar M til umfjöllunar Hæstaréttar Íslands um sönnun í Hrd. 228/2013 og fordæmisgildi þess máls í Hrd. 10/2015.

X telur ósannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til notkunar óþekkrar bifreiðar í skilningi umferðarlaga og reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Þar vísar X helst til þess að engin vitni hafi verið að atburðinum, ekki sé tilkynnt um hann til lögreglu fyrr en fjórum dögum síðar sem og hafi lýsing í læknisvottorði verið þess eðlis að M hafi hjólað framanvert á annan bíl og fallið á annan bíl. Það sé því alls ósannað að notkun óþekkrar bifreiðar hafi leitt til líkamstjóns M og eigi tilvitnuð dómafordæmi ekki við um aðstæður hans.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans sé hægt að rekja til notkunar óþekkrar bifreiðar í skilningi 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, sbr. greiðsluskyldu X í 3. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar. Það þýðir að M þarf að sýna fram á að það séu alla vega meiri líkur en minni að líkamstjón hans sé eingöngu rakið til óþekkrar bifreiðar en ekki annarra atvika.

Við skoðun á helstu atriðum málsins sem lúta að sönnun verður fyrst að telja að M lætur engan vita af umræddu óhappi það kvöld sem það á að hafa átt sér stað. Í öðru lagi leitar hann ekki til læknis fyrr en tveimur dögum síðar og lýsir þá óhappinu þannig, skv. læknaþréfi, að hann hafi hjólað á hjólabretti „framanvert á annan bíl og skellur af honum og fellur til á hægri hlið og lendir á öðrum bíl.“ Í umræddu læknaþréfi kemur einnig fram að M eigi sögu um að hafa farið úr lið á hægri öxl og það hafi gerst þetta kvöld en hann hafi sjálfur kippt sér í liðinn án aðstoðar annarra. Í þriðja lagi kemur fram í lögregluskýrslu að M geti ekki sagt nákvæmlega til um staðinn sem óhappið varð á.

Þegar lítið er til umræddra atriða telur nefndin að frásögn M sé ekki að öllu leyti staðföst um atvik málsins og því ekki hægt að leggja hana eingöngu til grundvallar við mat á sönnun eins og gert var í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar í máli nr. 228/2013 þar sem málsaðili leitaði til læknis klukkutíma eftir atvik sem hann lýsti með sama hætti við læknisheimsókn og fyrir dómi. Hvað varðar atvik í máli Hæstaréttar nr. 10/2015 var m.a. byggt á framburði vitnis af atburði þeim sem var talinn hafa leitt til líkamstjóns málsaðila þess máls. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram í máli M fyrir nefndinni teljast atvik því ekki að fullu sambærileg við tilvitnaða dóma Hæstaréttar Íslands.

Að þessu virtu telst M ekki hafa sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að líkamstjón hans sé hægt að rekja til notkunar óþekkrar bifreiðar í skilningi áður nefndrar reglugerðar. Ekki hefur því stofnast greiðsluskylda hjá X vegna líkamstjóns M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum frá X á grundvelli reglugerðar um lögæltar ökutækjatrýggingar.

Reykjavík 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 150/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ farangurstryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er farangur hvarf úr geymslu á hóteli.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.5.2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu hafði M hinn 26.6.2014 skilið bakpoka sinn (í tilkynningunni ritað „töskuna mína“) eftir ásamt ferðatösku í farangursgeymslu hótels í bænum Lloret de Mar á Spáni. Er hann kom aftur til að vitja farangursins hafði bakpokanum verið stolið úr geymslunni.

M er vátryggður samkvæmt farangurstryggingu erlendis sem er liður í fjölskyldutryggingu hjá V. Hefur hann krafist bóta úr farangurstryggingunni vegna þjófnaðar á bakpokanum. V telur að M hafi ekki fylgt varúðarreglum sem mælt er fyrir um í skilmálum fyrir farangurstrygginguna, annars vegar í gr. 17.1 þar sem segir að vátryggður skuli loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir og hins vegar í gr. 17.2 um að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Með því að M hafi brotið gegn þessum varúðarreglum hefur V hafnað bótakröfu M.

**Álit.**

Skýrsla lögreglu á Spáni liggur fyrir í málinu. Hún er rituð á spönsku. Íslensk þýðing hennar er ekki fyrir hendi og því ekki vitað um efni hennar. Getur skýrslan því ekki komið til frekari skoðunar við úrlausn málsins.

Í 16. gr. vátryggingarskilmálanna er bótasvið farangurstryggingarinnar afmarkað, en skv. gr. 16. 2 bætir vátryggingin tjón sem verður á hinum vátryggða farangri vegna þjófnaðar úr híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum. V hefur ekki borið fyrir sig að tjónið falli utan gildissviðs vátryggingarinnar. Það ber á hinn bóginn fyrir sig að með broti á fyrrgreindum varúðarreglum hafi M glatað rétti til bóta. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki annað ráðið en M hafi geymt farangurinn í læstri geymslu á hótelinu. V hefur sönnunarbyrði um að M hafi brotið þær varúðarreglur sem það ber fyrir sig og að tjónið verði rakið til brots á þeim. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til þess að M hafi vanrækt að læsa híbýlum þar sem bakpokinn var geymdur. Þá verður heldur ekki talið að með því að geyma farangur sinn í farangursgeymslu hótelsins hafi M skilið við bakpokann eftirlitslausan á almannafæri. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til þess að brotið hafi verið gegn framangreindum varúðarreglum þannig að V geti hafnað bótum eða skert bótarétt hans að öðru leyti. M á því rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 151/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og váttryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur í Stórholti við Undirhlíð á Akureyri þ. 6.1.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 17.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 13.5.2015.
3. Bréf V-2 dags. 5.5.2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A og B í Stórholti við Undirhlíð á Akureyri. B var ekið eftir Undirhlíð og ætlaði ökumaður B að beygja til hægri suður Stórholt. A var ekið norður Stórholt með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri vestur Undirhlíð og var A komin að gatnamótum þegar ökumaður A sá B nálgast gatnamótin og ökumann B gefa stefnuljós til hægri hélt ökumaður ferð sinni áfram í beygju til vinstri inn í Undirhlíð en þegar ökumaður B ætlar að beygja rann B út úr beygjuni og lenti á vinstra frambretti A en mikil ísing var á veginum og hann flugháll samkvæmt lögregluskýrslu. Í síðari skýrslu hjá lögreglu segir ökumaður B að B hafi ekki runnið til í beygjuni heldur hafi hann hætt við að beygja þó hann hafi gefið stefnuljós og fyrirhugaða hægri beygju. Í tjónaskýrslu kemur fram að ökumaður B segist hafa beygt til hægri.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um að ökumaður B ætlaði að beygja til hægri og gaf stefnuljós vegna þeirrar fyrirætlunar sinnar. Í tjónstilkynningu er merkt við tl. nr. 12 hvað B varðar þ.e. beygði til hægri og í lögregluskýrslu á vettvangi kemur fram að þegar ökumaður B hafi ætlað að beygja hafi B runnið út úr beygjuni og á frambretti A. Þann framburð sem fær stuðning í framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita verður að leggja til grundvallar, þó ökumaður B segi í síðari lögregluskýrslu að hann hafi hætt við að beygja. Af virtum gögnum málsins verður því ekki annað séð en að ökumaður B hafi misst stjórn á B og hafi ekki náð hægri beygju og runnið á A sem var ekið inn á gatnamótin í sömu andrá. M ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 9.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 152/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 14. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 27. apríl 2015 ásamt tjónstilkynningu, umsögn X og höfnunarbréfi V.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M kemur fram að bifreið M hafi verið ekið í holu á Vesturlandsvegi þann 14. febrúar 2015 um kl. 19 og við það hafi orðið tjón á bifreiðinni.

M telur að tjónið á bifreiðinni sé á ábyrgð X fyrir að hafa ekki brugðist rétt við aðstæðum með því að tryggja að hægt sé að aka með eðlilegri varkárni um vegi sem og að hafa ekki varað vegfarendur sérstaklega við hættu þeirri sem hafi verið fyrir hendi vegna ástands vegarins. Einnig vísar M til þess að tilkynning um holuna hafi verið komin til X þegar hún varð fyrir tjóni og hafi því átt að vera búíð að bregðast við aðstæðum.

V bendir á að starfsmenn X sem sinna eftirliti með götum hafi sent verktaka til að laga umrædda holu kl. 19:15 þennan dag og en vitneskja um holuna hafi borist rétt áður til X. V bendir á að 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 feli ekki í sér hlutlæga ábyrgð veghaldara á tjóni sem verður á vegum heldur þurfi að sýna fram á gáleysi veghaldara við veghaldið til þess að til bótaábyrgðar stofnist. Ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vitað af umræddri holu löngu fyrir tjónið eða átt að vita af henni eða gera frekari ráðstafanir en hægt var að gera á þeim stutta tíma sem leið frá tilkynningu um aðstæður til þess að M varð fyrir tjóni og þess vegna hafi ekki stofnast skaðabótaábyrgð af hálfu X.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Vesturlandsvegi. M ber sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar veghaldarans X vegna tjónsins. Ljóst er af gögnum málsins að verktaki var sendur á tjónsstað kl. 19.15 og M kveðst hafa orðið fyrir tjóninu um kl. 19. Á þeim stutta tíma sem líður verður ekki talið að gögn málsins eða frekari upplýsingar sýni fram að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína gagnvart mögulegum skemmdum á þessum stað eða að þeir hefðu getað brugðist við með öðrum hætti en gert var. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt vegna tjóns á bifreið M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 154/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.****Ágreiningur um hvort ungur piltur beri ábyrgð á meiðslum sem skólafélagi hans varð fyrir.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 22.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 5.5.2015.
3. Síðari gögn, þ. á m. matsgerð, dags. 16.7.2015, og athugasemdir V, dags. 8.12.2015.

**Málsatvik.**

Um kl. 8 að morgni 28. október 2009 féll M úr stól og niður á gólf í skólastofu í A í R. Í málskoti lýsir M atvikum svo að hann hugðist setjast á stól sinn í skólastofunni. Í sama mund og hann settist hafi skólafélagi hans, B, dregið stólinn undan honum. Enginn stóll hafi því verið undir honum er hann settist og skolið harkalega í gólfið og hlotið við það áverka á bak, nánar tiltekið skrið á milli hryggjarliða.

Í gögnum málsins er atvikum lýst svo af hálfu B að hann hafi komið inn í skólastofuna og sett skólatösku sína á borð við umræddan stól og sest í stólinn. Kennari hafi ekki komið og hann hafi þá staðið upp og sest í sófa í stofunni. Þá hafi M komið inn í stofuna og ætlað að setjast í téðan stól og B þá sagt honum að áður en M settist að hann sæti þarna. Þrátt fyrir það hafi M sest í stólinn. B hafi margbeðið M að fara úr stólnum en M hafi ekki orðið við því. Þá hafi B tekið í stólinn með það fyrir augum að draga M frá borðinu, en þá hafi M dottið af stólnum. B kveðst ekki hafa kippt stólnum undan M.

Í yfirlýsingu aðstoðarskólustjóra A, dags. 4. desember 2009, kveðst hann staðfesta að 28. október 2009 hafi það atvik gerst í tilteknum bekk í skólanum að nemandi hafi kippt stól undan M þannig að hann hafi fallið niður á gólf. Nánar tilgreindur kennari við skólann hafi verið vitni að atvikinu

M leitaði til læknis 2. nóvember 2009 á heilbrigðisstofnun S að því er virðist. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 28. febrúar 2013, kemur fram að þá hafi M farið að finna fyrir verk í baki á körfuboltaæfingu þremur dögum áður. Ekkert slys eða sérstakt atvik hafi valdið þessu. Var verkurinn um það bil yfir 4. og 5. lendhrygg. M leitaði á ný til læknis 4. nóvember. Þá kom fram að hann hafi verið að hita upp á körfuboltaæfingu 30. október þegar hann hafi fengið verk í bakið. Hann hafi svo farið aftur á æfingu 3. nóvember og snarversnað. Röntgenmynd var tekin 9. nóvember af lendhrygg og 25. nóvember átti bæklunarlæknir samtali við föður M. Í því samtali kom í ljós að einum eða tveimur dögum áður en einkennin hófust hafi stól verið kippt undan M í skólanum þannig að hann hafi fallið harkalega á rassinn. Taldi læknir að hugsanlega hefði það átt þátt í að koma af stað þessum einkennum.

M telur B hafa með sagnæmum hætti kippt undan honum stólnum og með því valdið meiðslum sem hann glímur við í baki. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar föður B hjá V. Vísar V til lýsingar B á málsatvikum að B hafi ætlað að draga M frá borðinu og þá hafi M dottið af stólnum. Því hafi um óhappatilvik verið að ræða. Atvikalýsing í yfirlýsingu aðstoðarskólustjóra sé ekki rétt og enginn kennari hafi verið vitni að því sem gerðist. Þá séu heldur ekki orsakatengsl milli atviksins og þeirra einkenna sem M rekur til óhappsins. Með vísan til framangreinds hefur V hafnað bótaskyldu.

Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd hefur verið aflað örorkumats hjá bæklunarlækni. Samkvæmt matsgerðinni mun M hafa hlotið högg upp undir hrygginn við byltuna sem hafi valdið mjóbakstagnun þar sem einkenni teljast fremur væg í dag og lítið hafi komið fram við skoðun á matsfund. Með tilliti til þessa var læknisfræðileg örorka M talin hæfilega metin 5%.

**Álit.**

Eins og að framan greinir hefur B lýst atvikum svo að hann hafi dregið stólinn undan borðinu og við það féll M í gólfíð. Samkvæmt þessari lýsingu verður ekki annað ráðið en fall M í gólfíð verði rakið til þess að B dró til stólinn. Með því að draga til stólinn með þessum afleiðingum sýndi B af sér háttsemi sem verður að virða honum til gáleysis. Hann telst því eiga sök á því að M féll í gólfíð. Samkvæmt fyrrgreindri matsgerð verður að telja að sýnt hafi verið fram á að M hafi orðið fyrir meiðslum við byltuna, jafnvel þótt þau teljist ekki vera alvarleg, en að öðru leyti er ekki tekin afstaða til niðurstöðu matsgerðarinnar. M hefur því orðið fyrir meiðslum sem teljast bótaskyld úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingarinnar hjá V. Ekki verður séð af fyrirbyggjandi gögnum að í aðdraganda þess að B dró stólinn undan M hafi M sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt geti til meðábyrgðar hans á tjóninu. Hann telst því eiga óskertan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu einstaklings hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 155/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á bifreiðastæði á Dalvegi í Kópavogi 24. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 30. apríl 2015.
3. Bréf V1 dags. 19. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna bifreiðar A og B. Þar kemur fram að bifreið sem hér er nefnd A hafi verið ekið austur eftir akstursleið bifreiðastæðis og bifreið B hafi verið ekið til norðurs með áætlaða akstursstefnu til vesturs. Árekstur hafi síðan orðið þannig að hægra horn hennar og vinstra horn bifreiðar B lentu saman. Teikning er á framhlið tjónstilkynningar, af aðstæðum á vettvangi, sem báðir ökumenn skrifa undir.

M telur að hann sem ökumaður bifreiðar A eigi ekki að bera ábyrgð á árekstrinum m.a. vegna þess bifreið hans hafi verið stopp þegar árekstur varð og bifreið B hafi ekki verið komin í þá akstursstefnu að hún hafi verið á hægri hönd hans. Undir þessi sjónarmið tekur V1 og telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að aka á framhlið bifreiðar A. V2 telur hins vegar að ekki komi fram í tjónstilkynningu að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð og m.v. framhlið á tjónstilkynningu verði að leggja til grundvallar að ökumaður bifreiðar A hafi átt að víkja fyrir bifreið B þar sem hún var á hægri hönd A, sbr. fyrirmæli í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning með teikningu sem báðir ökumenn undirrita. Af henni verður ekki annað ráðið en að báðar bifreiðar hafi verið á ferð þegar árekstur varð og akstursstefna bifreiðar A hafi verið þannig að ökumaður hennar hafi haft bifreið B á hægri hönd þegar árekstur varð. Með hliðsjón af fyrirmælum 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, um að við þær aðstæður eigi sá ökumaður sem hefur hinn á hægri hönd að víkja fyrir umferð nema umferðarmerki segi annað, verður ekki annað ráðið en að M, sem ökumaður bifreiðar A, beri sök á árekstrinum. Með hliðsjón af sömu gögnum telst ekki nægilega sannað að akstursstefna bifreiðanna hafi ekki skarast með ofangreindum hætti eða að með öðrum hætti megi rekja áreksturinn til sakar ökumanns bifreiðar B.

**Niðurstaða.**

M, sem ökumaður bifreiðar A, ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 156/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar**

**Ferðarof. Ferð greidd að hluta með greiðslukorti; ágreiningur um hvort hlutfall greiðslu hafi náð helming ferðakostnaðar þ. 3.2.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-23
2. Bréf V dags. 6.5. 2015.

**Málsatvik.**

M fór þ.3.2.2015 til Tenerife á Spáni og hugðist dvelja þar til 2.3.2015. Strax við komuna til Tenerife varð M veik og í samráði við lækni tók M þá ákvörðun að fara heim fyrir en áætlað var eða þ.16.2.2015. M krefst bóta úr ferðarofstryggingu sinni hjá V og segist upphaflega hafa greitt fyrir flugfar kr. 58.478 með kreditkortinu, en gistingarkostnaður var greiddur sérstaklega. V hafnar bótaskyldu þar sem helmingur ferðakostnaðar hafi ekki verið greiddur með kreditkortinu og segir að heildarkostnaður M fyrir gistingu hafi verið 69.300 þar af hafi staðfestingargjald fyrir gistingu M sem greitt hafi verið fyrirfram numið kr. 17.325. V segir að gistingu verði að taka með þegar virt sé hvort að helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með kreditkortinu eða ekki og þá verði að taka heildargistikostnað þ.e. staðfestingargjald og eftirstöðvar.

**Álit.**

Áður en ferð hófst var ekki annar kostnaður fallinn til vegna ferðarinnar en flugfar sem er ágreiningslaust að hafi kostað kr. 58.478 og greitt var með Visa gullkortinu og staðfestingargjald vegna gistingar kr. 17.325.- Annar kostnaður hafði ekki fallið til þegar ferðin hófst. Heildarferðakostnaður í upphafi ferðar og greitt hafði verið fyrir því kr. 75.803.- Ljóst er að af þeirri fjárhæð hafði meira en helmingur verið greiddur með Visa gullkortinu. Ekki er unnt að taka til greina annan ferðakostnað enn þann sem greiddur er í upphafi ferðar, hvorki hugsanlegan eða líklegan við mat á því hvort helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með kreditkorti. M á því rétt á bótum úr ferðarofstryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ferðarofstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.6. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 157/2015****K og  
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A  
og váttryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á gatnamótum Njarðarbrautar og Stekks þann 11. nóvember 2014.****Gögn.**

1. Málskot K móttakið þann 21. apríl 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 19. maí 2015.
3. Tölvupóstur V-1 frá 11. maí 2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt lögregluskýrslu varð áreksturinn á gatnamótum Njarðarbrautar og Stekks þann 11. nóvember 2014.

K, sem var ökumaður bifreiðar B, kveðst hafa verið að aka Njarðarbraut til austurs þegar hann hafi svo ætlað að taka u-beygju á fyrrgreindum gatnamótum. Sagðist K hafa verið alveg hægra megin á akbrautinni og hafi hann svo beygt til vinstri til að taka u-beygjuna. Þá hafi bifreið A verið ekið inn í vinstri hlið sinnar bifreiðar.

Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka Njarðarbraut til austurs, á eftir bifreið B. Við gatnamótin hjá Stekk hafi hann séð bifreið B færa sig alveg til hægri á akbrautinni og taldi hann þá að ökumaður bifreiðar B væri að fara taka hægri beygju inn á Stekk. Svo hafi bifreiðinni allt í einu verið beygt í veg fyrir sig.

**Álit.**

Fram kemur í gögnum málsins að K hafi fært sig alveg yfir til hægri rétt áður en komið var að gatnamótunum við Stekk. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og á akbraut með einstefnuakstri eins nálægt vinstri brún og unnt er. Miðað við það sem fram kemur í lögregluskýrslu er ljóst að u-beygjan var ekki tekin í samræmi við fyrrgreind ákvæði umferðarlaga. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B, þ.e. K.

**Niðurstaða.**

Öll sök er lögð á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 16. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 158/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnureksturs K**

**Þakpappi fauk á bifreið og skemmdi hana þ. 14.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.27.5.2015.

**Málsatvik.**

M lagði bifreið sinni við Egilshöll í Reykjavík. Þakpappi rifnaði af þaki Egilshallar í miklu roki og fauk á bifreið M og olli skemmdum á henni. M krefst bóta vegna skemmdanna á bílnum úr ábyrgðartryggingar K hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að ofsaveður hafi geisaði umræddan dag og það hafi valdið því að þakpappi hafi rifnað af þaki Egilshallar í umrætt sinn og ekki sé um sök vátryggingartaka að ræða eða saknæms vanbúnaðar á fasteign K.

**Álit.**

Þann dag sem umrætt atvik var ofsaveður í Reykjavík og mesti vindstyrkur í næstu veðurathugunarstöð við Egilshöll mældist yfir 44 metrar á sekúndu. Ekki hefur verið sýnt fram á sök K í málinu eða að um vanbúnað hafi verið að ræða á fasteign K. Verður tjón á bifreið M því rakið til veðuraðstæðna sem K verður ekki talinn bera ábyrgð á. M á því þegar af þeim ástæðum ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 16.6. 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 159/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Sönnun tjónatviks vegna áreksturs á bifreiðastæði dags. 21. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 19. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í tilkynningu til lögreglu um árekstur og afstungu dags. 22. desember 2014 kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið M, nánar tiltekið hátt á skottloki hennar, daginn áður þar sem hún stóð á bílastæði fyrir utan Eggertsgötu 34. Vísar M til þess að hann gruni að pallbifreið að gerðinni VW Transporter hafi verið ekið utan í bifreið hans en sú bifreið hafi verið nálægt sama dag. Í lögregluskýrslu sem gerð var í apríl sl. vegna málsins voru skemmdir á bifreið M bornar saman við mögulegan ákomustað á bifreiðinni X. Einnig lagði M fram hjá lögreglu mynd af dekkjamynstri sem hann hafði tekið þegar hann varð tjónsins var í desember 2014 og taldi lögreglumaður að um væri að ræða svipað dekkjamunstur og á dekkjum X. Einnig kemur fram í lögregluskýrslu að mat lögreglumannsins sem skrifar hana sé það að ákoma á bifreið M passi við hæð palls á bifreiðinni X. Við rannsókn málsins var aflað upplýsinga frá ökumanni bifreiðarinnar X og M. Í viðbótarlögregluskýrslu kemur fram að ökumaður X vísar til þess að önnur bifreið svipaðrar tegundar hafi verið á umræddu bílastæði og hann hafnar því að hafa verið valdur að tjóni á bifreið M.

M telur með gögnum málsins nægilega sannað að bifreiðinni X hafi verið ekið utan í bifreið hans þar sem hann hafi séð þá bifreið, eina sinnar tegundar, kvöldið áður og að morgni 21. desember 2014. Einnig vísar M til þess að ákomur passi og dekkjamunstur sé eins og á ljósmynd sem hann tók þegar hann uppgötvaði tjónið. Einnig vísar M til þess að það sjáist skemmdir á bifreiðinni X á þeim stað sem hún hefur rekist í bifreið M.

V vísar til upplýsinga frá eiganda og ökumanni bifreiðar X um að aðrar bifreiðar hafi verið á bílastæði þar sem bifreið M var staðsett án þess að þær hafi verið skoðaðar sérstaklega. Einnig að tíu dagar hafi liðið frá því að tjónið varð þar til að M hafi bent á bifreiðina X sem mögulegan tjónvald auk þess sem engin vitni hafi verið að hinum meinta árekstri. Einnig vísar eigandi X til þess að dvalarstaður ökumanns sé nokkuð frá bílastæði þar sem bifreið M hafi verið þegar tjónið varð auk þess sem hann dregur í ef að ákomur passi saman þrátt fyrir lögregluskýrslu. Einnig vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 96/2015.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir sönnunargagn sem felur í sér lögregluskýrslu þar sem eru skýrar myndir um samanburð ákomu á bifreið M og bifreið X. Einnig liggur fyrir mat lögreglumanns um að þær ákomur passi saman. Við sönnunarmat verður að telja þessa þætti hlutlæ加里 en mat aðila málsins á mögulegri atburðarás. Því hefur ekki verið mótmælt að bifreiðin X hafi gjarnan verið lagt á svipuðum slóðum og bifreið M þó síðari tíma framburður eiganda bifreiðarinnar bendi til þess að hann telji bifreiðin „að öllum líkindum“ hafa verið annars staðar. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem heldur því fram að tjón sé rakið til notkunar bifreiðar í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. skaðabótaábyrgð eiganda sem kveðið er á um í 90. gr. sömu laga. Til þess að eigandi bifreiðar beri skaðabótaábyrgð þarf að sýna fram á að nokkuð miklar líkur séu á því að rekja megi tjón til notkunar þeirrar bifreiðar og þar þarf ekki að sýna sérstaklega fram á saknæma háttsemi ökumanns hennar.

Þegar litið er til þess að bifreið M og bifreiðin X voru bornar saman sérstaklega, ákomur á bifreiðunum passa saman og mat lögreglumanns liggur fyrir á því sem og að X var gjarnan lagt á umræddu svæði og ekki hægt að útiloka að svo hafi verið þarna, verður að telja komnar fram nokkuð sterkar líkur á því að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til notkunar X. Sérstaklega þegar litið er til þess að ákoma á bifreið M er á mjög sérstökum stað og þannig ekki hægt að álykta að slík ákoma geti hafa komið af hvaða tegund bifreiðar sem er, eins og t.d. hefði verið hægt að leggja til grundvallar í tilvitnuðu máli nefndarinnar nr. 96/2015. Telst því nægilega sannað að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til notkunar X og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 16. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 161/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið var ekið ofan í holu á vegi og felga og dekk eyðilögðust þ. 29.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 30.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

M ók ofan í holu á yfirborði vegarins rétt vestan við hringtorgið Suðurlandsvegur/Breiðholtsbraut, með þeim afleiðingum að felga og dekk eyðilögðust. Samkvæmt dagbók lögreglunnar var A tilkynnt um holu á sama stað strax eftir umferðaróhapp sem varð kl. 15.52 og var sú tilkynning skráð hjá A kl. 15.55. Umferðaróhapp M var skráð í dagbók lögreglu kl. 16.28. Þá var aftur hringt í A til að tilkynna um hættu af umræddri holu og fengust þau svör að sendur hefði verið maður á staðinn til að gera við en sá hefði þurft að ná í meira viðgerðarefni á leiðinni á staðinn. M krefst bóta úr hendi A á grundvelli 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 og telur að A hafi ekki brugðist við með eðlilegum hætti í framhaldi af því að A fékk tilkynningu um holuna m.a. með því að setja upp viðvaranir þangað til viðgerð færi fram. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að tjónið verði rakið til gáleysis eða vanrækslu A eða starfsmanna A.

**Álit.**

Atvik málsins liggja nokkuð ljós fyrir. A var tilkynnt um holu vestan við hringtorgið Suðurlandsvegur/Breiðholtsbraut við Rauðavatn kl. 15.52-15.55 og M verður fyrir tjóni þegar hún ók ofan í holuna kl.16.28, þ.e. rúmum hálf tíma síðar. Þegar M varð fyrir tjóninu hafði A brugðist við til að láta gera við holuna með því að senda mann á staðinn. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að A hafi brugðist við tilkynningu um holuna þegar hún barst, en sökum stutts tíma hafi ekki tekist að gera við hana áður en M lenti í tjóninu. Verður að telja að frá því að tilkynnt er um aðstæður sem þessar verði að gefa A eitthvað ráðrúm til að senda fólk á staðinn til að gera viðeigandi ráðstafanir og verður sá tími sem hér leið, frá fyrstu tilkynningu um aðstæður þar til tjón M varð, talinn það stuttur að hann leiðir ekki sjálfkrafa til sakar starfsfólks A eða annarra A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 13.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 163/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R**

**Bifreið varð fyrir skemmdum þegar henni var ekið í vatnspoll þ. 13.3.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.28.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 7.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4.

**Málsatvik.**

Bifreið M var ekið eftir Rafstöðvarvegi undir brúna á Miklubraut milli kl. 16 og 17. M segir að undir brúnni hafi verið mikið vatn á veginum og hafi hann ekið í vatnspoll og engin merki hafi verið um að gatan væri ófær. M gat ekið áfram en segir að bíllinn hafi ekki unnið eðlilega og því farið síðar með hann á bifreiðaverkstæði. M telur að tjón hafi orðið á aflvél bifreiðarinnar eftir að vatn komst inn um loftinntak hennar. M krefst bóta fyrir það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna þess að akstursleiðin var í ófullnægjandi ástandi. V hafnar bótaskyldu og segir að starfsfólk R hafi ekki vitað um vatnspollinn fyrir en þeim var tilkynnt um hann þ.13.3.2015 kl. 16.56 og stíflan sem olli þessu losuð, en ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær það var gert síðari hluta þessa sama föstudags. V telur ósannað að starfsmenn R hafi sýnt af sér gáleysi eða vanrækslu við veghaldið og því ekki um bótaskyldu að ræða.

**Álit.**

Samkvæmt upplýsingum M þá ók hann bifreiðinni eftir Rafstöðvarvegi undir brúna við Miklubraut milli kl. 16-17 föstudaginn 13. mars 2015. Eftir því sem fram kemur í upplýsingum frá V þá fengu starfsmenn R ekki vitneskju um vatnspollinn á þessum stað fyrir en kl. 16.56 og því ekki unnt fyrir þá að bregðast við til að afstýra tjóni M í tæka tíð. Tjón M verður því ekki rakið til gáleysis veghaldara sbr. ákvæði í 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 9.6. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 164/2015****M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar V.****Kona varð fyrir meiðslum er hún féll í gólfið í byggingarvöruverslun.****Gögn.**

4. Málskot, móttakið 23.4.2015, ásamt fylgigögnum.
5. Bréf X, dags. 7.5.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 10.7.2013 var M stödd í verslun V á Selfossi í þeim tilgangi að kaupa málningu. Kveður M að mikil rigning hafi verið umræddan dag og hafi hún verið klædd í regnkápu. Er hún hafi verið u.þ.b. í miðri versluninni með málningarfötu í sitt hvorri hendi hafi hún skyndilega dottið þegar hún steig í eitthvað sleipt á gólfinu. Hafi þetta gerst svo snögglega að hún hafi ekki getað borið hendurnar fyrir sig. Hafi hún lent á sitjandanum og fallið síðan á bakið. Eftir slysið kvaðst M hafa orðið vör við bleytu á buxum sínum. Af þeim sökum telur hún sig hafa stigið í bleytu á verslunargólfinu og það valdið fallinu. Kveður M að gólfið sé dúkalagt, alveg slétt og frekar sleipt.

Við fallið hlaut M áverka á lærvöðva vinstri fótleggs og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Af hálfu V er því ekki andmælt að M hafi dottið á gólfi verslunarinnar umrætt sinn. Starfsmaður V hafi kannað hvort bleyta hafi verið á gólfinu eftir slysið, en gat ekki fundið að svo hafi verið. Í anddyri verslunarinnar sé „skipadregill“ sem dragi mikið úr því að bleyta komist inn í verslunina og einnig sé 3 m löng motta í framhaldi af dreglinum. Engin utanaðkomandi leki hafi heldur getað valdið bleytu á gólfinu. Ekki sé þó unnt að útiloka að einhver bleyta hafi borist inn á gólfið með viðskiptamönnum, enda rigning verið umræddan dag.

X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Á M hvílir sönnunarbyrði um að slysið megi rekja til atvika sem leiða til skaðabótaskyldu V. Ekki er fyllilega upplýst samkvæmt gögnum málsins að bleyta á gólfi verslunarinnar hafi valdið því að hún féll, þótt slíkt sé ekki útilokað einkum þegar til þess er litið að rigning var utandyra. Starfsmenn V kannast hins vegar ekki við að bleyta hafi verið á gólfinu þar sem M féll. Því hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmenn V hafi vitað eða mátt vita að gólfið hafi á umræddum stað verið hættulegt vegna bleytu eða af öðrum ástæðum sem starfsmönnum hafi borið að bregðast við. Ekkert liggur heldur fyrir um það að slysið megi rekja til þess að gólfið hafi verið óforsvaranlegt svo sem vegna gerðar gólfefnis eða ófullnægjandi viðhalds. Samkvæmt þessu telst ekki vera sannað að líkamstjón M megi rekja til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Tjón hennar fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X.

Reykjavík, 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 165/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar sjómanna.****Ágreiningur um bótaskyldu er skipverji slasaðist er hann fór í land til að kaupa sér mat.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.5.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var skipverji um borð í dagróðrabáti sem gerður var út frá Vestmannaeyjum. Hinn 7.2.2013 hafði báturinn verið við veiðar í Faxaflóa. Um kvöldmatarleytið var siglt til hafnar í Njarðvík til að hafa þar skamma viðdvöl. Þar fór M í land og í verslun til að kaupa sér mat. Rann hann þá í hálfu og meiddist á öxl.

M kveðst hafa verið lögskráður á skipið þegar slysið varð, sbr. 4. gr. laga nr. 35/2010 um lögskráningu sjómanna. Hafi hann því verið um borð í skipinu þegar slysið varð. Hefur M krafist bóta úr slysátryggingu sjómanna sem útgerð skipsins hefur keypt hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Skv. gr. 9.1 í vátryggingarskilmálum greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í starfi hjá vátryggingartaka um borð í skipi því sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og í vinnu í beinum tengslum við rekstur skipsins, ef það leiðir til líkamstjóns. M var ekki um borð í skipinu né í vinnu í beinum tengslum við rekstur þess þegar hann slasaðist. Slysið fellur því utan bótasviðs slysátryggingarinnar. Þótt M hafi verið lögskráður á skipið er ekki unnt að líta svo á að af þeim sökum hafi hann verið um borið í skipinu er hann slasaðist. Ályktun M í þá veru á sér ekki lagastoð. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá vátryggingafélaginu V.

Reykjavík, 16. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 166/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.**

**Vinnuslys þann 19. febrúar 2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. maí 2015 ásamt gögnum, t.d. höfnunarbréf V dags. 30. maí 2014, tilkynningu vátryggingartaka til Sjúkratrygginga Íslands dags. 18. mars 2010 og til Vinnueftirlitsins dags. 19. febrúar 2010.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón þegar hann féll milli gáms, sem hann var að mála, og vinnupalls sem hann stóð á og notaði til að undirbúa málningarvinnuna. M lýsir atvikum þannig að hann hafi notað vinnupall sem hafi verið án fallvarna og á hjólum og engar festingar á hjólabúnaði hans. Pallurinn hafi runnið undan honum þegar hann kveðst hafa viðhaft þá vinnuaðferð sem sem vinnuveitandi hans hafi uppálagt. Í tilkynningu vátryggingartaka um atvikið til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram eftirfarandi lýsing: „Var að vinna á hjólapalli við frystigám, þegar hann féll á milli gáms og vinnupalls og lendir á gólfi. Var að undirbúa efst á hlið frystigáms og ætlaði að ýta palli eitthvað til þegar hann féll á milli. Viðkomandi hafði ekki sett bremsur á hjól pallsins áður en hann fór upp.“ Samhljóða tilkynning er til Vinnueftirlitsins. Skýrsla Vinnueftirlitsins vegna málsins, þar sem fyrimælum var beint til X um að hjólapallar eigi alltaf að vera í bremsu þegar unnið er í þeim. voru afturkölluð með bréfi dags. 6. febrúar 2014 en þó vísað til samhljóða ákvæðis í 11. gr. reglna nr. 331/1998 um röraverkþalla.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins sem hann hlaut við að við að fara eftir verklagi vinnuveitanda síns. Það megi rekja tjón hans til þess að hvorki hafi verið fallvarnir á vinnupalli eða búnaður sem hafi verið nógu traustur til að stöðva hjól pallsins. M bendir á að það hafi verið á ábyrgð vinnuveitanda að sjá til þess að búnaður væri nægilega traustur og þar sem svo hafi ekki verið beri hann skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

V vísar til upplýsinga frá X þar sem komi fram að fallvarnir hafi verið á vinnupallinum á þeirri hlið sem sneri frá gámnum og ekki komi annað fram í gögnum málsins en að pallurinn uppfylli ákvæði reglna nr. 331/1989. V bendir einnig á að upplýsingar frá X bendi til þess að M hafi verið að ýta sér áfram á pallinum í stað þess að fara niður á gólf og ýta pallinum þannig milli staða. V telur þannig að tjón M megi fyrst og fremst rekja til athafna hans sjálfs en ekki atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði um að líkamstjón hans sé rakið til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandi hans (X) ber skaðabótaábyrgð á. M lýsir atvikum þannig að pallurinn hafi runnið undan honum og vegna þess að hann hafi ekki verið búin nægilega góðum bremsubúnaði eða fallvörnum. Þegar litið er til gagna málsins, þ.á.m. þeirra reglna sem gilda um röravinnupalla nr. 331/1989, verður ekki slegið föstu að sá vinnupallur sem M vann við þegar hann slasaðist hafi verið vanbúinn. Verður heldur ekki sýnt af sömu gögnum að slys M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandi hans hefði getað háttáð öðruvísi. Á meðan slík atvik eða aðstæður eru ekki sönnuð telst greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík 16. júní 2015.  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 167/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A**

**Árekstur í hringtorgi við Faxabraut í Reykjanesbæ. Líkamstjón. Orsakatengsl þ. 12.4.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 18.5.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M ök bifreiðinni A að hringtorgi við Faxabraut í Reykjanesbraut og lenti í árekstri við bifreið sem ök eftir hringtorginu eftir því sem fram kemur í málskoti. M leitaði á slyshadeild í kjölfar slyssins og kvartaði yfir verk í hendi. M segir að síðar hafi hann farið að finna fyrir verkjum í baki og leitaði til læknis þ. 17.9.2013 og var greindur með brjós-klos. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V og segir ljóst miðað við vottorð Arons Björnssonar læknis dags. 20.mai 2014 að orsakatengsl séu á milli áverka M og árekstursins. V hafnar bótaskyldu og telur ekki orsakatengsl milli bakeinkenna M og umferðarslyssins. V bendir á að M hafi ekki kvartað um einkenni í baki fyrr en 17.september 2013, fimm mánuðum eftir slysið. M sé í líkamlega erfiðri vinnu þannig að ekki sé útilokað að bakeinkenni M verði rakin til annarra þátta. Þá bendir V á að ekki sé nægjanlegt í líkamstjónamálum að hugsanlega geti verið um orsakatengsl að ræða.

**Álit.**

M lenti í umferðarslysi og kvartaði yfir verkjum í hendi við fyrstu læknisheimsókn. Fimm mánuðum síðar leitaði M til læknis og kvartaði yfir verkjum í baki og var greindur með brjós-klos. Ágreiningur í málinu er um hvort að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra bakverkja sem hrjá M. Í læknisvottorði Arons Björnssonar dags. 20.5.2014, sem M telur sýna fram á að um orsakatengsl sé að ræða milli bakverkja hans og slyssins segir m.a. að líklegt megi telja að hnykkáverkin hafi haft óheillavænleg áhrif á bakið með tognun vöðva og verkjum og ef ekki einn og sér valdið brjós-klosinu mögulega flýtt fyrir því að sú varð niðurstaðan. Læknisvottorð Arons Björnssonar læknis tekur samkvæmt ofangreindu ekki af tvímæli um orsakatengsl milli brjós-kloss sem M hefur verið greindur með og umferðarslyssins. Í vottorði læknisins koma fram mikilvægir fyrirvarar auk þess sem umsögnin er að hluta til byggð á frásögn M sjálfs. Vottorð Arons Björnssonar læknis er því ekki fullnægjandi sönnun um orsakatengsl milli slyssins og verkja M. Fullnægjandi sönnun liggur því ekki fyrir um að brjós-klosið og bakverkir sem hrjá M í dag sé afleiðing umferðarslyssins þ. 12.4.2013. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökumanns hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 9.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 168/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ sjúkra- og slysatryggingar.**

**Ágreiningur um skyldu til greiðslu bóta vegna óvinnufærni.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 4. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. maí 2015.

**Málsatvik.**

Af gögnum málsins má ráða að M hafi lent í umferðarslysi 6. maí 2005 og liggja fyrir gögn um líkamleg einkenni M eftir það atvik í formi læknisfræðilegra gagna og upplýsinga. Í málskoti kemur fram að M hafi tilkynnt um veikindi sín til V með tjonstilkynningu dags. 27. október 2014 en félagið hafi hafnað bótaskyldu úr sjúkra- og slysatryggingu M með bréfi í janúar 2015.

Kröfur M vegna málsins lúta í málskoti annars vegar að því að skaðabótaskylda V verði viðurkennd vegna málsins og hins vegar að bótaskylda úr sjúkdómatryggingu M verði viðurkennd en í málskoti virðist þó vera jöfnum höndum fjallað um sjúkdómatryggingu og sjúkra- og slysatryggingu. M telur að svör félagsins við bótaskyldu úr sjúkra- og slysatryggingu séu órökstudd og að félagið hafi ekki veitt aðgang að gögnum vegna málsins. Einnig vísar M til 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og telur að heilsufar M hafi versnað til muna á árinu 2014 og eigi auk þess því að miða upphaf fyrningarfrests við þann tíma.

V telur að ekki séu nokkur rök til að fjalla um mögulega skaðabótaskyldu þess vegna málsins, hvorki efnisleg né vísað til vátryggingar sem lúti að slíkri ábyrgð. M sé ekki með sjúkdómatryggingu hjá V en hvað varðar sjúkra- og slysatryggingu hafi slík trygging verið í gildi þegar M lenti í umferðarslysi 6. maí 2005 en hafi fallið úr gildi um áramótin 2009/2010. Sú vátrygging taki hins vegar ekki til greiðslu dagpeninga vegna sjúkratímabils sem hefst eftir að vátryggingin féll úr gildi skv. gr. 26.7 í þágildandi skilmálum vátryggingarinnar. Það tímabil sem vísað sé til í læknisfræðilegum gögnum málsins hafi hafist eftir að vátryggingin féll úr gildi og sé því ekki efni til greiðslu dagpeninga úr vátryggingunni vegna óvinnufærni. Einnig vísar V til þess að aðrar mögulegar kröfur M vegna sjúkra- og slysatryggingar sem var í gildi í maí árið 2005 séu fyrndar skv. 29. gr. þágildandi laga um vátryggingarsamninga nr. 50/1954, en þau lög hafi gilt um vátrygginguna. Einnig vísar V til þess að óskýrt sé af gögnum málsins að orsakatengsl séu milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M kvartar undan í dag.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að M var vátryggður með sjúkra- og slysatryggingu í maí 2005 og fram að áramótum 2009-2010. Verður því að taka afstöðu til þess hvort M eigi kröfu í þá vátryggingu m.v. þau atvik sem lýst er og þau gögn sem liggja fyrir. Ekki verður annað ráðið af málatilbúnaði M en að þau líkamlegu einkenni sem hann á við að stríða séu rakin til þessa atviks á árinu 2005 en af vátryggingarskilmálum má ráða að vátryggingin taki til slysa og veikinda sem upp koma á gildistíma vátryggingarinnar. Í gr. 1.1 í vátryggingarskilmálum þeim sem um vátryggingu M giltu á þessum tíma er vísað til laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 og í 11. gr. skilmálanna er samhljóða grein 29. gr. laganna um fyrningu. Þar kemur fram að kröfur í vátrygginguna fyrnist í síðasta lagi á 10 árum frá því að slys eða sjúkdóm bar að höndum. Í gögnum málsins er ekki hægt að sjá að tjónsatburður sem jafna til slyss eða sjúkdóms í skilningi 11. gr. vátryggingarskilmálanna sé annar en 6. maí 2005 og síðan hafi einkenni M versnað verulega á árinu 2014. Þá var vátryggingin fallin úr gildi. Í ljósi þess að þann 6. maí 2015 voru 10 ár liðin frá slysi M verður að telja kröfu hans í sjúkra- og slysatryggingu hjá V fyrnda, sbr. 11. gr. vátryggingarskilmála, sbr. 29. gr. laga nr. 20/1954. Ekki verður ráðið af íslenskri

dómafrankvæmd að málskot til úrskurðarnefndar rjúfi fyrningarfrest eða annað það sem M hefur gert vegna málsins.

Þegar af þessari ástæðu verður ekki fjallað frekar um atvik málsins. Ekki eru nokkrar forsendur til að fjalla um mögulega skaðabótaskyldu V og 11. gr. skaðabótalaga á ekki með nokkrum hætti við í málinu.

**Niðurstaða.**

Kröfur M um viðurkenningu á bótaskyldu úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V eru fyrndar.

Reykjavík 30. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 169/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið ók ofan í holu á Kringlumýrarbraut og skemmdist þ. 14.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.5.2015 ásamt fylgiskjöllum fylgiskjali
2. Bréf V dags. 11.3.2015 ásamt fylgiskjali 1-3

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni ofan í holu á Kringlumýrarbrautinni á frárein að Háaleitisbraut kl.3.45 þann 14.mars 2015. Við það skemmdist dekk á bifreið M. M segir rangt að A hafi ekki vitað af holunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og vísar til ákvæða í vegalögum nr. 80/2007 um ábyrgð veghaldara í tilvikum sem þessum. M vísar til þess að um sé að ræða fjölfarinn veg og því fráleitt að A hafi ekki vitað af holunni löngu áður en M varð fyrir tjóni. V hafnar bótaskyldu og segir að A hafi ekki fengið neinar tilkynningar um holuna og starfsmenn A hafi ekki vitað af henni þegar tjónið varð.

**Álit.**

Samkvæmt myndum sem fylgja með málskoti er holan stór og er á fjölförnum vegi. Upplýsingar um hættulega holu á vegi ættu því að berast A fljótlega eftir að hún myndast. M ók bifreið sinni í umrætt sinn kl. 3.45 að nóttu. Ekki eru skráð nein önnur óhöpp vegna holunnar fyrir óhappið sem M lenti í. Þrátt fyrir að ætla megi að A fái upplýsingar fljótlega eftir að hættulegar holur myndast á fjölförnum vegum, þá liggja ekki fyrir nein gögn í málinu sem sýna fram á að A hafi vitað af holunni áður en M ók ofan í hana. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að A hafi vitað af holunni áður en M varð fyrir umferðaróhappinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 30.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 170/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar.**

**Krafa um bætur vegna ferðarofs þ. 23.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.5.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 13.5.2015

**Málsatvik.**

Sonur M axlarbrotnaði á fyrsta degi skíðaferðar og segir M að vegna aðstæðna hafi verið örðugt að koma honum á sjúkrahús en M og kona hans foreldrar drengsins hafi þurft að vakta hann m.a. vegna þess m.a. að hann mátti ekki sofa liggjandi. M segir að ekki skipti máli hvort sonur hans hafi verið lagður inn á sjúkrahús eða sá háttur hafður á sem hann lýsir og ferðin hafi verið ónýtt vegna slyssins og krefst M bóta úr Visa kreditferðatryggingu sinni hjá V segir að M byggi á því að hann eigi rétt á bótum vegna þess að sonur hans hafi slasast og þess vegna hafi ferðin orðið ónýtt. V vísar til greinar 4.6.1. í vátryggingaskilmálum en þar segir að liggja þurfi fyrir skriflegt frá lækni að vátryggður þurfi að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þurfi að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss auk fleiri skilyrða, en tilgreind skilyrði séu ekki uppfyllt og því ekki um bótaskyldu að ræða úr umræddri vátryggingu.

**Álit.**

Í vátryggingaskilmálum umræddrar tryggingar koma fram ákveðin skilyrði í grein 4.6.1. sem þurfa að vera fyrir hendi til að bótaskylda sé fyrir hendi úr tryggingunni sbr. það sem að ofan greinir. Þau skilyrði voru ekki uppfyllt í máli M og því ekki um bótaskyldu V að ræða.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.6.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Sigurður Óli Kolbeinsson hdl

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 171/2015****M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B  
og  
v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á bifreiðastæði við Húsgagnahöllina hf. við Bildshöfða í Reykjavík þann 15.4.2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.5.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum út á akleið á milli þeirra á bifreiðastæði við Húsgagnahöllina hf. við Bildshöfða. Rákust þá afturendar bifreiðanna saman.

Ökumaður A kvaðst hafa litið aftur fyrir bifreiðina og séð að „stæðið“ var autt svo hann hafi ekið aftur á bak úr stæðinu. Hann hafi verið að bremsa og snúa stýrinu til að gera sig kláran til að aka áfram þegar högg hafi komið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa litið aftur fyrir bifreiðina og séð að enginn bifreið hafi verið fyrir. Hann hafi því ekið af stað aftur á bak, en þá hafi högg komið á B.

**Álit.**

Af ljósmyndum af ökutækjunum á vettvangi, sem er að finna í skýrslu um áreksturinn, virðist mega ráða að A hafi verið ekið nokkru lengra inn á akleiðina milli stöðureitanna en B þegar áreksturinn varð. Af því verður hins vegar ekkert ráðið hvor ökumanna hafi ekið fyrir af stað inn á akleiðina eða hvort annar ökumanna hafi ekið hraðar en hinn. Af framburði ökumanna verður ekki annað ráðið en bæði ökutæki hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð og hvorugur þeirra vissi þá af ferðum hins. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur ökutæki aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá báðum ökumönnum. Þeir eiga því báðir sök. Engum vitnum að atvikinu er til að dreifa. Eins og málsatvikum er háttað telst ósannað að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök að jöfnu á milli þeirra, sbr. 89. gr. ufl.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 172/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða við mætingu 12. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 4. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 18. maí 2015.
3. Bréf V2 dags. 5. júní 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningarskýrslu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B við Dalsmára 1 í Kópavogi, nánar tiltekið var umræddum bifreiðum ekið úr sitthvorri áttinni og voru þær að mætast þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar A segist í tjónstilkynningu hafa séð bifreið B koma á móti sér og hafa reynt að beygja frá en það hafi ekki dugað til og bifreiðarnar lent saman. Ökumaður bifreiðar B segir hins vegar að bifreið A hafi verið inni á sinni akrein og árekstur hafi orðið þegar ökumaður B negldi niður vegna þessa.

M telur að sök hafi ranglega verið lögð á bifreið A vegna árekstursins og byggir á því að afstaða bifreiðanna hafi verið þannig eftir árekstur að hún hafi verið að fullu inn á sinni akrein og hafi fært bifreið A eins langt til hægri og hægt var. Einnig vísar M til skýrslu umferðarsérfræðings sem hún leggur fram með málskotinu þar sem dregnar eru ályktanir af breidd vegar og bifreiða um atvik máls. M vísar einnig til þess að hún hafi verið búin að stöðva bifreið A þegar árekstur varð og bifreið B hafi verið ekið í hlið bifreiðar A. V1 telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum með því að aka of hratt m.v. aðstæður en árekstur hafi orðið þegar ökumaður B hemlaði skyndilega. Það bendi til hraðaksturs af hans hálfu og hafi M sem ökumaður bifreiðar A ekið sinni bifreið eins langt til hægri og hún gat. V2 telur hins vegar að árekstur megi rekja til þess að bifreið A hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming og beri M sem ökumaður hennar því alla sök á árekstrinum.

**Álit.**

Af gögnum málsins má ráða að snjór hafi verið á akbraut þeirri þar sem ökumenn bifreiða A og B voru að mætast þegar árekstur varð. Ekki liggur fyrir hver afstaða bifreiðanna var á vettvangi þegar árekstur varð þar sem búið var að færa þær úr stað þegar tjónstilkynning var gerð og myndir voru teknar. Af framburði M, sem ökumanns bifreiðar A, í tjónstilkynningu verður ekki ráðið að bifreiðinni hafi verið ekið á öfugum vegarhelmingi heldur að ökumenn greini á um staðsetningu bifreiðanna í aðdraganda áreksturs. Ályktanir sem dregnar eru af mælingum akbrautar og bifreiða eru ekki sönnun um atvik málsins. Af gögnum málsins verður ekki nægilega skýrlega ráðið hvort annarri bifreiðinni hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming og ósannað er um nákvæma staðsetningu þeirra var þegar árekstur varð. Verður hallinn af slíkum sönnunarskorti ekki lagður á annan ökumann frekar en hinn og skiptist sök því til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík 30. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 173/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna sumarhúsatryggingar.**

**Þjófnaður á æðardún í september 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 19. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M til V dags. 1. október 2014 kemur fram að brotist hafi verið inn um glugga í sumarbústað M og þar hafi verið stolið um 60 kg af vel þurrkuðum og hristum æðardúni sem hafi átt að nota í sængurfatnað. Í málinu kemur einnig

M telur að gildissvið innbrots- og þjófnaðarliðar sumarhúsatryggingar sinnar taki til umrædds tjóns þar sem æðardúnninn sé hluti af innbúi hans. Nota hafi átt dúninn í sængurfatnað og í málskoti tekur M fram að æðardúnninn hafi verið þess eðlis að M hefði flutt hann með sér hefði hann selt sumarhús sitt.

V telur að umræddur æðardúnn falli ekki undir innbú í skilningi gildissviðs sumarhúsatryggingar þar sem kemur fram í skilmálaákvæða að innbú sé skilgreint með eftirfarandi hætti: „*Lausafé og persónulegir munir sem að almennt fylgja sumarhúsum og telst ekki vera hlut af húseign eða almennu fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem vátryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli sumarhúsa.*“ V vísar til þess að æðardúnn falli ekki undir viðkomandi skilgreiningu og bætist því ekki úr sumarhúsatryggingu M.

**Álit.**

Til þess að M geti sótt bætur í sumarhúsatryggingu sína þarf tjón hans að falla undir gildissvið vátryggingarinnar. Í 1. gr. innbústryggingar sumarhúsatryggingar kemur fram að vátryggingin taki til innbús í eigu vátryggðs. Í skilgreiningakafli vátryggingarinnar kemur fram skilgreining félagsins á orðinu innbú eins og vísað er til þess í skilmálunum. Þar kemur fram að átt sé við lausafé og persónulega muni sem almennt fylgja sumarhúsum. Verður að skilja þá setningu sem á eftir kemur þar sem vísað er til þess að til innbús teljist það sem vátryggðir mundu almennt flytja með sér milli sumarhúsa með þeim hætti að það sé það lausafé og þeir persónulegu munir sem almennt fylgja sumarhúsum. Þegar litið er til þess hvort 60 kg af þurrkuðum og hristum æðardúni fylgi almennt sumarhúsum verður að líta til orðskýringar á orðinu almennt. Þar verður ekki annað lagt til grundvallar er að algengt sé að sumarhúsum fylgi þeir munir sem vísað er til hverju sinni. Ekki verður hægt að slá því föstu að hristur og þurrkaður æðardúnn sé eitthvað sem almennt sé að finna í sumarhúsum og hefur M ekki sýnt fram á hið gagnstæða. Fellur slíkur æðardúnn því ekki undir skilgreiningu í vátryggingarskilmálum V á lausafé eða persónulegum munum sem almennt fylgja sumarhúsum.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sumarhúsatryggingu hjá V.

Reykjavík 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 174/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.**  
**Ágreiningur um bótaskyldu vegna trampólíns sem f auk á bíl þann 14.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.05.2015, ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V, dags. 5.6.2015, ásamt fylgiskjölum

**Málsatvik.**

Þann 14. mars 2015 f auk trampólín í eigu M á bifreið nágranna og olli á henni skemmdum. Trampólínið var bundið niður og bóúið að taka öryggisnet af því. Þrátt fyrir það losnuðu hlutar af trampólíninu og fuku á bifreið nágrannans í því mikla óveðri sem var þann 14. mars 2015. Atvikið var tilkynnt til V þann 18. mars 2015 en V hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 31. mars 2015.

Höfnun V byggði á því að í 28. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga (VSL) segir að vátryggðum beri skylda til að hindra vátryggingaratburð og sé yfirvofandi hætta hætta á að vátryggingaratburður verði, skuli vátryggður gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón. Í greininni segi einnig að hafi orðið tjón vegna þess að vátryggður hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta og við mat á því skuli líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að og atvika að öðru leyti. Búið hafi verið að vara við veðri því sem var þann 14. mars 2015 í öllum fjölmiðlum og spáð var að vindhviður gætu náð allt að 50 m/s. Ekki hafi verið brugðist við þeim viðvörnum, þrátt fyrir að um einfalt verk sé að ræða að taka trampólín saman. Með vísan til þess hafnaði V bótaskyldu í málinu.

Tjónþoli í máli þessu gerði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu M sem V hafnaði. Tjónþoli kærði niðurstöðuna til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, mál nr. 197/2015. Þar sem um er að ræða sama mál verður efnisleg afstaða nefndarinnar sú sama í báðum málum og ekki þörf á að rekja frekar afstöðu aðila.

**Álit.**

Forsenda þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta á grundvelli 28. gr. VSL er að vanræksla eigi rót að rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis vátryggðs. Í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V er fjallað um afleiðingar þess ef vátryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis í 13. gr. VII. kafla um sameiginlega skilmála. Þar segir í gr. 13.3 að ákvæðið eigi ekki við um ábyrgðartryggingar og er því hvergi getið um það í skilmálum félagsins að stórkostlegt gáleysi vátryggðs geti leitt til skerðingar eða niðurfellingar bótaskyldu í ábyrgðartryggingu. Þegar af þeirri ástæðu getur V ekki borið fyrir sig að ætlað stórkostlegt gáleysi M, við að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón, hafi áhrif á bótageiðslur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar M. Þá vísar nefndin til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í athugasemdum við 27. gr. VSL um að það sé almenn regla í ábyrgðartryggingum að stórkostlegt gáleysi vátryggðs leiði ekki til þess að félagið losni úr ábyrgð. Framangreind grein 13.3 í skilmálum V er í samræmi við þá almennu reglu. Í ljósi þessa er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um það hvort háttsemi M megi telja til stórkostlegs gáleysis eða hvort eingöngu hafi verið um að ræða einfalt gáleysi.

**Niðurstaða.**

Tjón á bifreið er bótaskyldt að fullu úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar sem M var með hjá V.

Reykjavík 3.7.2015.  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 175/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið ók ofan í holu á Mýrargötu í Reykjavík og varð fyrir tjóni þ. 9.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.5.2015
2. Bréf V dags. 19.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M ók ofan í stóra holu á Mýrargötu í Reykjavík og við það sprungu tvö dekk. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að langan tíma taki að fyrir slíka holu að myndast á vegi og ótrúverðugt að A hafi ekki vitað af holunni af hálfu M er vísað til þeirra lagagreina sem varða ábyrgð veghaldara í vegalögum nr. 80/2007. V hafnar bótaskyldu og segir að A hafi ekki vitað af holunni þegar bifreið M varð fyrir tjóni og ekki fyrr en um hálf tíma eftir að M lenti í tjóninu.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að veghaldari A hafi vitað af holunni á Mýrargötu í Reykjavík þegar það tjón sem varð á bifreið M átti sér stað. Það hefur því ekki verið sýnt fram á sök A eða starfsfólks A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.6.2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 176/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna trampólíns sem f auk á bíl þann 14.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.05.2015, ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V, dags. 5.6.2015, ásamt fylgiskjölum

**Málsatvik.**

Þann 14. mars 2015 f auk trampólín í eigu M á bifreið nággranna og olli á henni skemmdum. Trampólínið var skorðað milli trjáa og svala á lóð M. Þann 14. mars 2015 gerði mikið rok og ekki vildi betur til en svo að trampólínið tókst á loft og f auk á bifreið nággranna. Atvikið var tilkynnt til V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 27. mars 2015. Í kjölfar þess greiddi M eiganda bifreiðarinnar bætur vegna tjóns á bifreiðinni.

Höfnun V byggði á því að í 28. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga (VSL) segir að vátryggðum beri skylda til að hindra vátryggingaratburð og sé yfirvofandi hætta hætta á að vátryggingaratburður verði, skuli vátryggður gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón. Í greininni segi einnig að hafi orðið tjón vegna þess að vátryggður hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta og við mat á því skuli líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Búið hafi verið að vara við veðri því sem var þann 14. mars 2015 í öllum fjölmiðlum og spáð var að vindhviður gætu náð allt að 50 m/s. Ekki hafi verið brugðist við þeim viðvörnum, þrátt fyrir að um einfalt verk sé að ræða að taka trampólín saman. Með vísan til þess hafnaði V bótaskyldu í málinu.

M telur að V geti ekki hafnað bótaskyldu á þessum forsendum. Í athugasemdum við 27. gr. VSL, sem fjalli reyndar um þau tilvik þegar vátryggður veldur vátryggingaratburði, komi fram að það sé almenn regla í ábyrgðartryggingum að stórkostlegt gáleysi vátryggðs leiði ekki til þess að félagið losni úr ábyrgð. Félaginu sé þó heimilt að semja um varúðarreglur í ábyrgðartryggingum þar sem brot á þeim af stórkostlegu gáleysi geti valdið takmörkun eða niðurfellingu ábyrgðar en enga slíka reglu sé að finna í skilmálum félagsins. M telur að atvikið eigi að fella undir 27. gr. VSL, þar sem athafnaleysi geti jafnt sem athafnir valdið tjóni, og því sé höfnun V ólögæt þar sem ákvæðið eigi ekki við um ábyrgðartryggingar. Þá sé það jafnframt ótækur skýringarkostur að líta svo á að atvik þar sem rekja má vátryggingaratburð til athafna vátryggðs sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu en að vátryggingaratburður sem rekja má til athafnaleysis vátryggðs sé ekki bótaskyldur úr ábyrgðartryggingu.

M byggir einnig á því að vanræksla hans geti ekki talist stórkostlegt gáleysi í skilningi laga um vátryggingasamninga. Trampólínið hafi verið skorðað milli trjáa og svala, líkt og verið hafði undanfarna vetur. Það hafi því ekki verið laust. Það hafi vissulega verið mistök hjá M að telja að trampólínið myndi þola það veður sem varð umræddan dag en að því fari fjarri að túlka megi það sem stórkostlegt gáleysi.

V ítrekar fyrri afstöðu sína í bréfi, dags. 5. júní 2015. Því er hafnað að 27. gr. VSL eigi við um atvikið þar sem það falli undir 28. gr. sl.

**Álit.**

Forsenda þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta á grundvelli 28. gr. VSL er að vanræksla eigi rót að rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Hvergi er það þó nefnt berum orðum í bréfum V að háttseminni megi jafna við stórkostlegt gáleysi en ætla má þó að slík sé



meining félagsins, enda er það forsenda fyrir því að mögulegt sé að skerða eða fella niður bætur á grundvelli 28. gr. VSL. Í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V er fjallað um afleiðingar þess ef váttryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis váttryggðs í 13. gr. VII. kafla um sameiginlega skilmála. Þar segir í gr. 13.3 að ákvæðið eigi ekki við um ábyrgðartryggingar og er því hvergi getið um það í skilmálum félagsins að stórkostlegt gáleysi váttryggðs geti leitt til skerðingar eða niðurfellingar bótaskyldu í ábyrgðartryggingu. Þegar af þeirri ástæðu getur V ekki borið fyrir sig að ætlað stórkostlegt gáleysi M, við að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón, hafi áhrif á bótagreiðslur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar G. Þá vísar nefndin til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í athugasemdum við 27. gr. VSL um að það sé almenn regla í ábyrgðartryggingum að stórkostlegt gáleysi váttryggðs leiði ekki til þess að félagið losni úr ábyrgð. Framangreind grein 13.3 í skilmálum V er í samræmi við þá almennu reglu. Í ljósi þessa er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um það hvort háttsemi G megi telja til stórkostlegs gáleysis eða hvort eingöngu hafi verið um að ræða einfalt gáleysi.

#### **Niðurstaða.**

Tjón á bifreið er bótaskyldt að fullu úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar sem M var með hjá V.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 177/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar ökutækis**

**Umferðaróhapp þ. 30.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.5.2015 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 19.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M missti bifreið sinni út af vegi í mikilli hálfu en fór yfir ójöfnur og upp á veginn aftur og hélt ferð sinni áfram þar sem hún sá ekki að eitthvað væri að bifreiðinni, en skömmu síðar segir M að drepist hafi á bifreiðinni og komið hafi í ljós að gat hafi komið á pönnuna og olía lekið af vélinni og hún skemmst. M er með kaskótryggingu hjá V og krefst bóta úr kaskótryggingunni. V viðurkennir bótaskyldu varðandi útafaksturinn en segir ágreining í málinu um hvort orsakatengsl séu á milli bilunar í vél og hvort þannig bilun falli undir bótasvið kaskótryggingarinnar. V telur ósannað að tjón á vél bifreiðarinnar verði rakið til útafakstursins þar sem að tjónið sé tilkomið vegna aksturs M eftir útafaksturinn. Þá telur V að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hún ók bifreiðinni eftir útafaksturinn án þess að huga að ástandi bifreiðarinnar

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ráðið að drepist hafi á vél bifreiðarinnar strax í kjölfar þess að M kom henni upp á veginn aftur eftir útafaksturinn. Ekki kemur fram að viðvörunarljós hafi logað eða önnur merki um að eitthvað væri að bifreiðinni. Ekki verður því fallist á það að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Eins og atvikum er lýst verður því ekki annað ráðið en að um sé að ræða tjón sem hafi orðið vegna útafakstursins og því bótaskyld úr kaskótryggingu M hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.6. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 178/2015****M og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Siglufjarðarvegi í Akrahreppi hinn 26.8.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 21.5.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A var ekið á eftir B norður Siglufjarðarveg. Er A var ekið áleiðis fram úr B varð árekstur með bifreiðunum. Samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu um atvikið voru vegmerkingar með þeim hætti að framúrakstur var heimill á árekstrarstað. Á vettvangi var ekki unnt að sjá ummerki á veginum um staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Ákoma var á hjólboga hægra afturhjól á A og þar við. Skemmdir voru á vinstra frambretti og framhurð B.

Ökumaður A kvað B hafa verið ekið á 60-70 km hraða á klst. Þegar hann taldi öruggt hafi hann ekið áleiðis fram úr B og gefið um það stefnumerki. Hafi vinstri hjól B þá verið við miðju vegarins. Er hann hafi verið samhliða B hafi B færst til vinstri og nálgast A. Hafi hann þá reynt að færa A eins langt til vinstri og unnt var án þess að aka út af, en vinstri hjól A hafi verið komin út fyrir slitlag, en þá hafi B rekist utan í hægri hlið A.

Ökumaður B kvaðst ekki hafa orðið var við ferðir A fyrr en í þann mund sem árekstur varð. Hraði B hafi verið 70-80 km á klst., en jafnvel minni þar sem aflíðandi beygjur hafi verið á akstursleiðinni. Hann kvaðst ekki gera sér fyllilega grein fyrir því hvar B hafi nákvæmlega verið staðsett á akbrautinni þegar áreksturinn varð; allt hafi gerst mjög skyndilega.

**Álit.**

Ökumaður A kvað bifreið sína hafa verið komna að hluta út fyrir akbraut vinstra megin þegar árekstur varð. Ökumaður B vissi á hinn bóginn ekki af ferðum A á eftir sér og heldur ekki hvar B var staðsett á veginum þegar árekstur varð. Eins og hér stendur á verður að leggja frásögn ökumanns A til grundvallar um það hvar bifreiðirnar voru staðsettar á veginum þegar árekstur varð. Áreksturinn verður því aðallega rakinn til þess að ökumaður B sveigði bifreiðinni til vinstri þannig að hún hafi rekist í hlið A. Honum verður því gefin meginsök á árekstrinum. Fram hjá því verður ekki litið að ökumaður A var á leið fram úr B þegar áreksturinn varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að hann hafi gefið hljóðmerki áður en hann hóf framúraksturinn né heldur þegar honum var ljóst að hætta stafaði af akstri B, en skv. 1. mgr. 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar honum að gefa hljóð- eða ljósmerki þegar slíkt var nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða afstýra hættu. Vegna þessa á ökumaður A einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 16. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 179/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árestur við vinstri beygju og framúrakstur 22. apríl 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 22. maí 2015
3. Tölvupóstur V2 dags. 5. júní 2015.

**Málsatvik.**

Atvik máls má rekja til áresturs milli bifreiða A og B þegar bifreið A var ekið til vinstri á Hafravatnsvegi um leið og bifreið B var ekið framúr bifreið A. Ekki liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna bifreiðanna um aðstæður en lýsing ökumanns bifreiðar A, sem er jafnframt málskotsaðili (M), er á þá leið að hann hafi ekið suður Hafavatnsveg og hafi verið að fara á bílastæði vinstra megin vegar, hann hafi sett stefnuljós á og byrjaður að hægja á bifreiðinni til að beygja þegar bifreið B hafi lent í miðri vinstri hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið á eftir bifreið A sem hann hafi ákveðið að aka framúr þegar bifreið A var ekið mjög hægt og ekið til hægri á veginum. Árestur hafi síðan orðið þegar bifreið A hafi verið ekið skyndilega til vinstri.

V1 telur að leggja eigi meirihluta sakar á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekið framúr bifreið B við varhugaverðar aðstæður þar sem um hafi verið að ræða malarveg þar sem ekki sé unnt að koma fyrir línunum á akbraut til leiðbeiningar fyrir ökumenn. Það megi þó álykta almennt að það sé varhugavert að taka framúr á malarvegum þar sem yfirborð slíkra vega sé óslétt, veggrip sé minna vegirnir sjálfir séu ekki eins breiðir og þar sem malbikað er. Skylda ökumanns skv. 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að gæta fyllstu varúðar við framúrakstur gangi því framur skyldu ökumanns sem ætlar að beygja til vinstri um að gæta að umferð fyrir aftan sig, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

V2 telur að skylda ökumanns bifreiðar A um að gæta að umferð fyrir aftan sig hafi megináhrif á sakarskiptingu málsins og telur að hann eigi að bera 2/3 hluta sakar á áresturinum en ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar þar sem hann hafi ekki gætt nægilega vel að sér við framúrakstur.

**Álit.**

Í málinu eru nokkuð óumdeilt að bifreið A var ekið til vinstri á malarvegi við Hafravatn um leið og bifreið B var ekið áleiðis framúr bifreið A og þá varð árestur með þeim hætti að bifreið B var ekið inn í vinstri hlið bifreiðar A. Við slíkar aðstæður eru fyrirmæli í umferðarlögum sem taka til aksturs beggja ökumanna. Ökumanni bifreiðar A bar að gæta að umferð fyrir aftan sig, sbr. fyrirmæli 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig bar honum skv. 31. gr. umferðarlaga að gera öðrum ökumönnum vart við breytta akstursstefnu sína með því að gefa stefnumerki. Ökumanni B bar hins vegar að gæta fyllstu varúðar við framúrakstur, sbr. 20.- 22. gr. umferðarlaga. Fyrirmæli þessi verður að skoða í ljósi aðstæðna á vettvangi hverju sinni og þá verður m.a. að líta til framburða ökumanna um aðstæður og háttalag þeirra sjálfra og eftir atvikum framburður vitna, hvornig aðstæður eru á veginum sem ekið er eftir og hvornig veður er og færð. Það er því varhugavert að álykta að sakarskipting í málum sem þessum sé alltaf eins því eðli málsins samkvæmt eru umræddar aðstæður mismunandi sem og framburður ökumanna og eftir atvikum vitna um háttsemi sína. Það er því ekki sjálfkrafa hægt að álykta að aðstæður í öðrum málum sem nefndin hefur fjallað um, og svipar til atvika þessa máls, séu þær sömu.

Í þessu máli varð árekstur með bifreiðunum á vegi sem er ekki í alfaraleið og ekki kemur fram í málinu að umferðarþungi hafi verið mikill. Það tekur ekki í burtu varúðarskyldu þess sem beygir til vinstri á veginum varðandi umferð fyrir aftan hann, en ætla má að það hafi verið auðvelt fyrir M sem ökumann bifreiðar A að huga að slíkri umferð við undirbúning aksturs til vinstri. Ekki þykir sannað m.v. gögn málsins að ökumaður bifreiðar A hafi gætt þessa og ber hann því meginsök, eða 2/3 hluta hennar, vegna árekstursins. Verður heldur ekki sérstaklega ráðið, þar á meðal af myndum af vettvangi, að aðstæður til framúrakstur á umræddum stað hafi verið sérstaklega varhugaverðar. Með hliðsjón af því, sem og Hrd. 1986, bls. 376 verður þriðjungur sakar lagður á ökumann bifreiðar B, sem átti að gæta þess að framúrakstur hans væri hættulaus.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar A (M) ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 30. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 180/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.**

**Tjón á innbúi 10. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 7. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. maí 2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 29. maí 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að lögregla var kvödd að Snoker- og Poolstofunni í Lág múla þann 10. febrúar 2015. Þar var fyrir M sem tilkynnti um að úlpa hans hafi verið tekin ófrjálstri hendi. Í úlpuvasa hafi verið lyklar af bifreið unnustu hans og væri bifreiðin horfin af bifreiðastæði fyrir utan. Daginn eftir fannst bifreiðin mikið skemmd við Hafravatn og búið að fjarlægja úr henni verðmæti í eigu M, þ.á.m. fartölvu, sjónauka, myndavél og myndavélalinsur, íþrótt- og útivistarfatnað sem og skó. Í upptökum öryggismyndavéla staðarins kemur fram að ókunnugur maður gekk út í úlpu M en þar sem sá hinn sami borgaði nokkru fyrir með korti á staðnum hafi verið hægt að staðreyna hver hann var. Ekki liggur fyrir skýrsla af viðkomandi í málinu.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni þar sem tjón á innbúi hans sem var í bifreiðinni falli undir gildissvið fjölskyldutryggingar og verði að líta á atvik málsins sem einn tjónsatburð sem falli undir gr. 4.6 í vátryggingarskilmálum. M telur einnig að hann hafi gætt þeirra varúðarreglna sem þar séu og telur rökstuðning V fyrir höfnum bóta byggðan á röngum forsendum. Það að komist hafi verið yfir lykila af bifreið með refsiverðum hætti megi jafna til innbrotis og það hafi ekki verið gáleysi af hálfu V að skilja við úlpu sína með þeim hætti sem hann gerði.

V telur ósannað að bifreið unnustu M hafi verið læst þar sem ekkert hafi komið fram um það fyrir en í greinargerð lögmanns M. Einnig telur V að þar sem verðmæti þeirra muna sem voru í bifreiðinni hafi verið mikið hafi M sýnt gáleysi þegar hann skildi þau eftir í bifreiðinni. Einnig telur V að M hafi sýnt gáleysi með því að skilja billykla eftir í úlpuvasa úlpu sem hann hafði ekki auga á. Einnig telur V að ekki hafi verið um innbrot að ræða í skilningi gr. 4.6 í vátryggingarskilmálum.

**Álit.**

Þegar litið er til gildissviðs fjölskyldutryggingar V kemur fram í tilvitnaðri grein 4.6. að gildissvið vátryggingarinnar taki til innbrota í bifreið en m.a. séu skilyrði fyrir greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Varúðarregla í sama ákvæði segir að læsa beri tryggilega bílum og ganga þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Í vátryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga sem geyma ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli vátryggingartaka og vátryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr.e. í lögnum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til vátryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli vátryggðan hlut. Varúðarregla í skilmálum V gefur þau fyrirmæli til M að hann læsi tryggilega t.d. bifreiðum og gangi þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Verða skilyrði um greinileg og ótvíræð merki um innbrot ekki skilin öðruvísi en að það séu í raun frekari fyrirmæli um geymslu innbús í skilningi 2. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verða því tilvitnuð

atriði í orðalagi gr. 4.6 ekki túlkuð öðruvísi en svo að þau séu í raun og í heild sinni *fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann á að geyma váttryggðan hlut, þ.e. varúðarregla* og fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um váttryggingarsamninga um 26. gr. laganna.

Í málinu liggur fyrir að ókunnugur maður tók úlpu M ófrjálsri hendi og verður að leggja til grundvallar að með þeim refsiverða verknaði hafi verið brotist inn í bifreið unnustu hans, sbr. skilyrði gr. 4.6. Á V hvílir sönnunarbyrði um það hvort M hafi brotið gegn ofangreindri varúðarreglu um að váttryggðir hlutir séu geymdir í læstri bifreið. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að bifreið unnustu M hafi verið ólæst annað en getgátur af hálfu V og verður ekki annað lagt til grundvallar að hún hafi verið læst. Telst M því ekki hafa brotið gegn varúðarreglu gr. 4.6. í váttryggingarskilmálum.

Hins vegar þegar litið er til háttsemi M í heild sinni verður að telja að það að leggja frá sér utanyfirflík á stól, þar sem aðgangur annarra gesta Snoker- og poolstofunnar virðist hafa verið greiður að flíkinni, til þess fallið að auka hættu á því að slík flík sé tekin ófrjálsri hendi. Sérstaklega þegar eigandi hennar er við leik sem krefst þess að athygli hans beinist frá umræddri flík. Það að einstaklingur hafi getað gengið út í flíkinni án þess að M hafi orðið þess var bendir til þess að hann hafi ekki haft á henni nægar gætur og verður einnig að taka tillit til þess hversu mikil verðmæti voru í fyrsta lagi í vösum flíkurinnar, bæði kort, peningar og bíllykill og þess hversu auðvelt aðgengi varð síðan að verulegum verðmætum í bifreið unnustu M. Í ljósi þessa telst M hafa sýnt nokkuð gáleysi við að skilja úlpuna sína eftir eftirlitslausa á stólbaki með verðmætum og bíllykli. Til þess að V geti takmarkað ábyrgð sína dugar hins vegar ekki að M sýni gáleysi heldur verður hann að sýna stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 til þess að heimildir V til takmörkunar eigi við. Verður að telja háttsemi M, í ljósi ofangreindra aðstæðna, slíkt frávík frá því sem ætlast má til varðandi gætur fólks á eignum sínum og verðmætum að skilyrði um stórkostlegt gáleysi séu uppfyllt um háttsemi hans. Þegar litið er til þess að sök M var nokkuð mikil og skýr orsakatengsl eru á milli þess að úlpa hans var tekin og þess að munir voru fjarlægðir úr bifreið unnustu hans með bíllyklum sem í úlpuvasa voru, telst V geta takmarkað ábyrgð sína um helming (50%) á grundvelli umrædds ákvæðis, sbr. einnig gr. 4.2 í sameiginlegum skilmálum váttryggingarinnar.

#### **Niðurstaða.**

Viðurkennd er bótaskylda úr fjölskyldutryggingu hjá V að helmingi (50%).

Reykjavík 16. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 181/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar S.**

**Bótakrafa úr sjúklingatryggingu vegna fylgikvilla aðgerðar þ. 7.3.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 19.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M fór í svonefnda svuntuaðgerð hjá S þ. 4. febrúar 2008. Eftir aðgerðina fékk M mikla sýkingu og var lögð inn á sjúkrahús þ. 7.3.2008 og þar var gerð á henni aðgerð af S en við það segist M hafa fengið ör og magi hafi afmyndast. M gekkst síðan undir aðgerð hjá S þ. 16.4.2013 þar sem reynt var að laga afleiðingar fyrri aðgerðar en án árangurs. M krefst bóta úr sjúklingatryggingu S hjá V. M segist hafa fengið slæma sýkingu eftir svuntuaðgerð og sé nú með slæm ör. Af hálfu M er vísað til 1. og 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu hvað varðar bótarétt M. Af hálfu M er því haldið fram um sé að ræða fylgikvilla vegna læknismeðferðar sem sé meiri en svo að kærandi þurfi að þola þá bótalaust sbr. 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á annað en að meðferð M hafi verið hagað eins vel og unnt hafi verið og ekki sýnt fram á að hægt hefði verið að komast hjá tjóni M með annarri aðferð. Þá vísar V til skilyrða sem þurfa að vera fyrir hendi til að um bótaskyldu sé að ræða sbr. 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. V segir að samkvæmt upplýsingum S þá séu sýkingar og öramyndanir í kjölfar svuntuaðgerðar nokkuð algengar og komi fram í 5-10% tilvika, en miðað sé við að sé hættu á fylgikvilla meiri en 1-2% miðað við læknisfræðilega þekkingu þá sé fylgikvillinn ekki það sjaldgæfur til bótaréttar skv. 4. tl. 2. gr. sé til staðar. V segir að miðað við ástand M þá hafi líkurnar verið meiri á fylgikvillum í hennar tilviki en 5-10%. og bótaskylda ekki fyrir hendi úr sjúklingatryggingu S hjá V.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Ágreiningurinn snýst því um hvort sýnt hafi verið fram á líkamlegu óþægindin sem M hefur vegna afleiðingar sýkingar verði rakin að öllum líkindum til atvika sem rakin eru í 1-4. tl. 2. gr. ofangreindra laga. Af hálfu M er fyrst og fremst vísað til 4. tl. 2. gr. laganna þó einnig sé vísað til 2. gr. í heild. Líta verður því þannig á málalíbúnað M að hún byggji á ákvæðum 2. gr. laganna.

Til að bótaskylda stofnist skv. 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu þarf tjón að öllum líkindum að vera rakið til til þess að ætla megi að komast hefði mátt tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að aðgerðum á M hafi verið hagað með þeim hætti að bótaskylda sé ekki fyrir hendi á grundvelli 1. tl. 2. gr. laganna.

Til að um bótaskyldu sé að ræða skv. 2. tl. 2. gr. laganna þarf tjón að hafa hlotist af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að skilyrði bótaskyldu sé fyrir hendi sbr. ákvæði 2. tl. 2. gr. laganna.

Til að um bótaskyldu sé að ræða sbr. 3. tl. 2. gr. laganna þarf mat sem síðar er gert að leiða í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða –tækni sem völ var á



og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings. Ekkert mat liggur fyrir í málinu hvað þetta varðar og kemur því bótaskylda á grundvelli 3. tl.2.gr. ekki til greina. Eins og framan greinir þá hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M megi að öllum líkindum rekja til atvika sem tilgreind eru 1-3. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar.

Samkvæmt 4. tl. 2.gr. sjúklingatryggingarlaganna skal greiða bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum hlýst af meðferð eða rannsókn og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem sé sanngjarnt að sjúklingar þoli bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjónið er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt sé að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Þegar umrædd skilyrði laga um sjúklingatryggingu eru metin verður að líta til þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu um að slakað sé á almennum sönnunarkröfum skaðabótaréttarins og hvaða skilyrði þurfi þá að vera fyrir hendi.

Hvað varðar skilyrði 4. tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu kemur fram í málinu að líkur á sýkingu vegna aðgerða sem þeirra sem M gekkst undir séu töluverðar eða 5-10%. Í lögskýringargögnum með lögum um sjúklingatryggingu má ráða að fylgikvilli í skilningi 4. tl. 2.gr. laganna sé algengur sé rétt að sjúklingur þoli hann bótalaust, en ef hann er sjaldgæfur séu skilyrði 4. tl. 2.gr. uppfyllt. Ekki liggur fyrir hvað hlutfallstölu sé miðað við eða annars sem nákvæmlega er miðað við í þessu sambandi. Hvað sem því líður þá verður ekki komist hjá að álykta að þegar um er að ræða hættu á sýkingu í 5-10% tilvika þá sé um að ræða algengan fylgikvilla og framangreint skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar sé því ekki uppfyllt í tilviki. Einnig kemur fram í lögskýringargögnum að fylgikvilli þurfi að vera alvarlegur til að skilyrði 4. tl. sú uppfyllt. Ekki liggja heldur fyrir nægilega skýrar upplýsingar um alvarleika afleiðinga sýkingarinnar hjá M. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu S hjá V.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu S hjá V.

Reykjavík 16.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 182/2015****M  
og****Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (V) v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins Fjarðarbyggðar (S).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er möl f auk á bát í smábátahöfn.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.4.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í miklu hvasviðri hinn 14.3.2014 f auk möl, þ. á m. brotið grjótið allt að 3,5 mm að þvermáli, yfir smábát í eigu M, olli skemmdum á bátinum þar sem hann var við bryggju í smábátahöfn í S.

Í skýrslu lögreglu um atvikið segir að mjög slæmt veður hafi gengið yfir S aðfaranótt 14.3.2014. Stórir malarhaugar sé við flugstöðina í S vestan við smábátahöfnina. Þar sé brotið grjótið allt að 35 mm í þvermál. Trúlegt sé að grjótið og sandur hafi fokið úr malarhaugunum og af svæðinu við smábátahöfnina, en ekkert yfirborð sé rykbundið þarna á svæðinu. Auðséð hafi verið að grjótið og sandur hafi verið um borð í bátinum eins og hafi verið í fyrrgreindum malarhaugum við flugstöðina.

Af því sem ráða má af gögnum málsins munu malarhaugarnir tilheyra S í tengslum við jarðvegsvinnu á svæðinu fyrir hafnarsjóð S.

M telur að S beri ábyrgð á tjóni því sem varð á bátinum þar sem ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að hefta fok úr malarhaugunum. Þarna sé alþekkt svæði sem vindur nái að rífa sig upp vegna endurkasts frá nálægum fjöllum og hafi vindur þarna mælst a.m.k. 70 m/sek. Þegar mest hafi gengið á. Auðvelt og sjálfsagt hefði verið að koma í veg fyrir fokið með því að breiða t.d. loðnunótarefni yfir haugana og fergja. Þá telur M að tiltekinn hafnarvörður hafi fært í tal við hafnarstjóra S að reynt yrði að fá notað loðnunótarefni til að breiða yfir haugana, en talað fyrir daufum eyrum. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Þótt líklegt sé að möl sem tjóninu olli hafi a.m.k. að stórum hluta komið úr umræddum malarhaugum verður ekki séð í ljósi þess veðurs sem geisaði á svæðinu umrætt sinn að það verði virt sveitarfélaginu til sakar þótt ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að hefta fok úr haugunum áður en veðrið skall á. Þá er ósannað samkvæmt gögnum málsins að rætt hafi verið meðal hafnarstarfsmanna S að gera ráðstafanir til fergja malarhaugana með því að fá loðnunótarefni til að breiða yfir þá. Að öllu virtu verður ekki talið að S hafi bakað sér bótaskyldu vegna þess tjóns sem varð á bát M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá váttryggingafélaginu V.

Reykjavík, 16. júní 2015.  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 183/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist er hurð á gámi f auk upp og skall á fæti hans.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 23.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A hefur starfsemi með höndum sem undirverktaki á athafnasvæði B á Reyðarfirði. Hinn 27. febrúar 2012 var M, starfsmaður A, að opna gám á athafnasvæðinu. Hafði hann opnað hægri hurðina og snúið sér við til að opna þá vinstri þegar sú hægri f auk aftur og skall aftan á hægri hæl M sem hlaut meiðsl við það. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði var hann óvinnufær með öllu frá slysdegi til 5. mars 2012. Slysíð var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) 6. mars 2012, en þá mun M hafa mætt aftur til vinnu að loknu vaktafrii.

Í áhættumati sem liggur fyrir í málinu, dags. 28. apríl 2009, kemur fram að frágangur á hurðum við lestun gáma feli í sér slyshættu fyrir starfsmenn og núverandi forvarnir séu almenn aðgæsla en sem tillögu að úrbótum skuli tryggja að hurðir séu skorðaðar /festar þannig að þær fjúki ekki til.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Slysíð var tilkynnt VER 6. mars 2012 eða degi eftir að M mætti að nýju til vinnu eftir slysíð. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvíldi sú skylda á A að tilkynna slysíð til VER án ástæðulausrar tafar. Fyrirsvarsmönnum A á vinnustaðnum átti ekki að dyljast að M hafði orðið fyrir meiðslum og þurfti af þeim sökum að leita lækniástoðar. Engar haldbærar skýringar hafa komið fram sem réttlætt geta þann drátt sem varð á að tilkynna slysíð. Verður því að leggja frásögn M til grundvallar um slysíð og tildrög þess.

Ekki er um það deilt að enginn búnaður mun hafa verið á gáminum til að festa hurðina aftur þegar dyrnar höfðu verið opnaðar. Eins og fram kom í fyrrgreindu áhættumati frá apríl 2009 var gerð tillaga um úrbætur á þann veg að tryggja skuli að hurðir séu skorðaðar eða festar þannig að þær fjúki ekki til. Ekki liggur ljóst fyrir samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að bætt hafi verið úr annmörkum í samræmi við þessa tillögu. A ber því ábyrgð á slysinu og ekki verður séð að A geti leyst sig undan ábyrgð að þessu leyti með því að M hafi undirritað áhættumatið. Ekkert liggur fyrir um það að slysíð verði rakið til háttsemi M sem verður metin honum til stórkostlegs gáleysis. Eru því ekki efni til að leggja á hann meðábyrgð á slysinu, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. M á því rétt á óskertum bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bóttum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 184/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar launþega X.**

**Slys launþega hjá X þann 28. ágúst 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. maí 2015, ásamt gögnum þ.á.m. höfnunarbréfi V dags. 11. maí 2015, tjónstilkynningu X dags. 14. október 2014, vitnisburða starfsfélaga og skilmála vátryggingarinnar.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu X til V dags. 14. október 2014 kemur fram eftirfarandi lýsing tjónsáburðar: „Slasaði var að hlaupa með vatnsfötu í fanginu og datt. Innlegg í skóm virðist hafa runnið til inn í skónum þannig að hann misstígur sig og dettur á bílastæðinu.“ Einnig kemur fram af hálfu X að svo virðist sem um leik hafi verið að ræða í lok vinnudags.

M telur að slys hans falli undir gildissvið vátryggingarskilmála slysátryggingar launþega. Nánar tiltekið komi fram í gr. 5.1 í umræddum skilmálum að *vátryggðir séu launþegar í starfi hjá vátryggingartaka*. Frekari takmarkanir séu ekki á ábyrgð félagsins t.d. um eðli þeirra starfa og verði ekki litið öðruvísi á en að M hafi verið í starfi, innan vinnutíma síns, þegar hann slasaðist og gildissvið vátryggingarskilmálanna nái því skýrlega yfir líkamstjón hans. Einnig vísar M til þess að ef vátryggingarskilmálar séu óskýrir verði V að bera hallann af slíku þar sem það semur umrædda skilmála einhliða.

V vísar til gr. 5.1 í vátryggingarskilmálum með þeim hætti að ekki sé hægt að líta á að M hafi verið í starfi þegar hann slasaðist þar sem það sem hann var að gera hafi ekki verið í nokkrum tengslum við framkvæmd starfsins heldur hluti af leik vegna starfsloka samstarfsfélaga, en sá leikur hafi falið í sér að M hafi verið að skvetta úr vatnsfötu á umrædda samstarfsfélaga. Einnig vísar V til 8. gr. skilmálanna um áhættubreytingu sem og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 2/2002.

**Álit.**

Þegar litið er til gildissviðs gr. 5.1. í vátryggingarskilmálum V eru þeir launþegar vátryggðir sem eru í starfi hjá vátryggingartaka. Þegar túlka á hvort M hafi verið „í starfi“ í skilningi umrædds ákvæðis verður ekki hægt að líta framhjá því að M slasaðist á vinnutíma sínum en ekki er sýnt fram eða í raun haldið fram í tjónstilkynningu X að starfsdegi M hafi verið lokið. Verður skv. almennri orðskýringu ekki gengið lengra í túlkun ákvæðisins en að til þess að falla utan gildissviðs þess verði að sýna fram á með óyggjandi hætti að vinnudegi hans hafi verið lokið. Þar sem slíkt liggur ekki fyrir verður telst slys M falla undir gildissvið vátryggingarinnar og ósannað að V geti með nokkrum hætti takmarkað ábyrgð sína vegna háttsemi M, t.d. vegna stórkostlegs gáleysis.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík 16. júní 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 185/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns L.**

**Skaðabótaábyrgð lögmanns vegna meðferðar slysamáls á árinu 2008 og 2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. júlí 2015.

**Málsatvik.**

M leitaði til L á árinu 2008 og fól honum meðferð slysamáls síns þar sem hún hafði lent í vinnuslysi í janúar 2006. L tilkynnti um slysið vegna slysatryggingar launþega sem var einnig hjá V í apríl 2009. V hafnaði því að greiða bætur úr þeirri vátryggingu með vísan til þess að árstjónstilkynningarfræstur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hefði þá verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt til V. Með úrskurði úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr. 288/2009 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að umræddur tjónstilkynningarfræstur hefði byrjað að líða á árinu 2006 og hafi þar af leiðandi verið liðinn þegar M leitaði til L á árinu 2008 og þegar tjónstilkynning barst V á árinu 2009.

Núverandi lögmaður M telur að það hafi verið saknæm háttsemi af hálfu L að hafa ekki gert kröfu um bætur beint á vinnuveitanda þegar V hafnaði greiðslum úr slysatryggingu launþega. Vísar lögmaður M til Hrd. 661/2010 þar sem fallist hafi verið á slíka kröfu. Einnig vísar hann til þess að krafa á vinnuveitanda byggji á kjarasamningi sem gilt hafi um störf M og hafi í þeim samningi verið vísað til reglna nr. 30/1990 um skilmála slysatrygginga ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum. Í þeim reglum komi fram að fyrningarfræstur slíkra krafna sé fjögur ár og þau fjögur ár hafi ekki verið liðin þegar L fór með málið fyrir M. Það að gera ekki slíka kröfu sé gáleysi af hálfu L og verði hann því að bera ábyrgð á tjóni M sem felist í þeirri fjárhæð sem hún hefði fengið greitt skv. kjarasamningi.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi átt kröfu beint á vinnuveitanda sinn skv. kjarasamningi um greiðslu bóta. Í kjarasamningi sem gildi um störf M hafi komið fram sú skylda vinnuveitanda að kaupa vátryggingu vegna slysatryggingar. Það hafi vinnuveitandi M gert og þannig uppfyllt skyldur sínar skv. kjarasamningi. Þar af leiðandi hefði M aldrei getað gert kröfu beint á vinnuveitandann og gáleysi L því ekki til staðar. Auk þess hafnar V því að Hrd. 661/2010 geti haft fordæmisgildi í málinu þar sem málsatvik séu ekki sambærileg.

**Álit.**

Það liggur fyrir í málinu að M leitaði til L á árinu 2008 og þá var tjónstilkynningarfræstur vegna slysatryggingar launþega liðinn, eins og staðfest var í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 288/2009. Ágreiningur málsins snýr að því hvort L hafi sýnt gáleysi við störf sín með því að hafa ekki gert kröfu beint á vinnuveitanda M um greiðslu bóta vegna vinnuslyss. Ákvæði kjarasamnings sem gildi um störf M lögðu þá skyldu á vinnuveitandann að kaupa slysatryggingu hjá vátryggingafélagi. Þá skyldu uppfyllti vinnuveitandinn. Hefur ekki verið sýnt fram á að vinnuveitanda hafi borið að greiða umræddar bætur skv. ákvæðum kjarasamningsins í ljósi þess að hann uppfyllti skyldu sína. Verður ekki heldur séð að aðstæður séu sambærilegar við Hrd. 335/2010 eins og vísað er til í bréfi lögmanns M til L dags. 24. febrúar 2014, en líklega hefur númer dómsins misritast í málskoti sem Hrd. 661/2010. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins L hjá V.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2015.  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 186/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar ökutækisins A**

**Bifreið varð fyrir tjóni við áakstur. Akstur eftir óhapp 23.9.2014. Orsakatengsl.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 4.6.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Málavexti segir M vera þá að A var ekið áleiðis frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. Í Hvalnesskriðum varð áakstur á einhvern hlut, sem stakkst í vatnskassa A og gat kom á hann. Auk þess varð tjón á stuðara og grilli bifreiðarinnar. M segir að ökumaður hafi ekki orðið var við neitt sérstakt eftir áreksturinn fyrir en gult vélarljós kviknaði í mælaborði og hafi ökumaður þá drepit á bifreiðinni og bifreiðin síðan flutt á bifreiðaverkstæði. Í ljós kom að gat hafði komið á vatnskassa og vél, AC kælir og bæði heddi A voru ónýtt. M krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V. M segir að tjónið sem varð á bifreiðinni sökum árekstursins og allt afleitt tjón sem hafi orðið á A sé bein afleiðing áakstursins. Þá segir M að ökumaður hefði ekki getað hagað sér með öðrum hætti en gert var og allt gert til að koma í veg fyrir frekara tjón um leið og ökumaður varð þess áskynja að eitthvað var að bifreiðinni og því gáleysi eða vangá ökumanns ekki til að dreifa. V viðurkennir bótaskyldu vegna tjóns sem varð við áaksturinn á stuðara, grilli og vatnskassa, en hafnar að greiða frekari og segir ágreining í málinu snúi að því hvort orsakatengsl séu á milli áakstursins og bilunar í vél. V telur ósannað að tjón á vél bifreiðarinnar verði rakið til áakstursins en tjón á vél A sé tilkomið vegna aksturs eftir áaksturinn. Þá segir V að ekki hafi verið sýnt fram á það að vél A hafi skemmt við áaksturinn.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 4.2 í vátryggingaskilmálum kaskótryggingarinnar hjá V bætir vátryggingin tjón sem verður á ökutæki vegna áaksturs. Ekki er ágreiningur um að stuðari, grill og vatnskassi skemmdust við áakstursins. Hins vegar er ágreiningur um hvort að frekari skemmdir hafi orðið á bifreiðinni við áaksturinn. Í kjölfar óhappsins hélt ökumaður A ferð sinni áfram uns viðvörunarljós kviknuðu. Í framhaldi kom í ljós að vél A, AC kælir og bæði heddi höfðu skemmt. Ekki er sýnt fram á að skemmdir á vél, AC kæli og heddi hafi orðið við áaksturinn eða orsakatengsl séu á milli áakstursins og þeirra skemmda og af þeim sökum falla þær skemmdir ekki undir bótasvið gr.4.2. í vátryggingaskilmálum né heldur bótasvið annarra greina vátryggingaskilmálanna. Tjón á vél, AC kæli og heddi bætast því ekki úr kaskótryggingu M hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón á vél, AC kæli og heddi bætist ekki úr kaskótryggingu M hjá V.

Reykjavík 30.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 187/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ slysatryggingarliðar fjölskyldutryggingar.**

**Gildissvið vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 31. maí 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júní 2015 ásamt tölvupósti til V dags. 4. júní 2015.

**Málsatvik.**

Atvik máls má rekja til þess að M kveðst hafa hlotið líkamstjón í líkamsræktarstöð, nánar tiltekið segir hún í tjónstilkynningu til V dags. 11. ágúst 2014: „Var í Hot Yoga tíma, leið yfir mig og öklabrotnaði á hægri fæti.“

M telur að líkamstjón hennar falli undir ákvæði vátryggingarskilmála um slys, þ.e. að hún hafi hlotið líkamstjón með skyndilegum og utanaðkomandi atburði og það hafi verið hitablástur sem hafi verið hinn utanaðkomandi atburður sem leiddi til tjónsins, en hitablásari hafi verið of hátt stilltur af hálfu afleysingakennara í líkamsræktarstöðinni. M vísar einnig til túlkunar Hæstaréttar Íslands í seinni tíð á slyshugtaki vátryggingaréttarins, sérstaklega dómi í máli réttarins nr. 412/2011, og telur að ekki sé sýnt að líkamstjónið sé hægt að rekja til sjúkdóms eða veikleika innra með M.

V telur ósannað að of mikill hiti hafi verið í líkamsræktarsalnum og vísar til tölvupósts frá framkvæmdastjóra líkamsræktarstöðvarinnar því til stuðnings. Þar kemur fram að M hafi verið í venjulegum yogatíma og umræddur hitablásari hafi ekki verið í gangi í tímanum. V telur einnig að ekki sé sýnt að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða þar sem liðið hafi yfir M og það falli utan þeirra hugtaka.

**Álit.**

Í málinu er óumdeilt að það leið yfir M, sbr. það sem hún segir sjálf í tjónstilkynningu til V dags. 11. ágúst 2014. Í málinu liggja ekki fyrir sönnunargögn sem staðfesta að hitablásari hafi verið of hátt stilltur eða að það hafi skyndilega borist mikill hiti inn í þann líkamsræktarsal sem M var í þegar hún hlaut líkamstjón. Verður ekki annað séð en að rekja megi meiðsli á líkama M til þess að hún féll í yfirlíð og verður að líta svo á að þar sé um að ræða innra ástand í líkama M en ekki utanaðkomandi atburð í skilningi vátryggingarskilmála V. Telst M því ekki eiga rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 188/2015****K og  
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.****Vinnuslys í álverinu í Straumsvík þann 25. nóvember 2011.****Gögn.**

1. Málskot móttekið þann 16. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 5. júní 2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

K varð fyrir vinnuslysi þann 25. nóvember 2011 þegar hann var við vinnu sína fyrir H í álverinu í Straumsvík. Samkvæmt málskoti K var hann að vinna við uppsetningu á hlaupaketti ofan á ofni í álverinu ásamt öðrum samstarfsmanni þegar þeir voru beðnir um að rétta af pall með því að setja Euro-bretti undir annan endann. Við þetta þurfti K að stíga niður af háu þrepi og kom hann niður á misfelli ofan á ofninum með þeim afleiðingum að hann missteig sig illa og fótbrotnaði. Slysið var hvorki tilkynnt lögreglu né Vinnueftirlits ríkisins. Aftur á móti var gerð atvikarannsóknarskýrsla af hálfu álversins í Straumsvík.

K telur að fyrirkomulag á vinnustað hafi verið óforsvaranlegt og ekki samræmt reglum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Meðal annars er vísað til 13., 14., 21., 23., 37. og 42. gr. laganna máli K til stuðnings. Enn fremur er vísað til reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja.

Samkvæmt atvikarannsóknarskýrslu álversins misreiknaði K sig þegar hann steig af göngubrúnni niður á bræðsluofninn. Stigið niður á bræðsluofninn var 40 cm en K steig óvart niður á þverbíta sem var í 30 cm neðar en göngubrúin. Snérist þá upp á fótinn með fyrrgreindum afleiðingum.

Telur K að H beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans en H er með ábyrgðartryggingu hjá V.

V hefur hafnað því að H eigi að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni K vegna atviksins. Vísar V m.a. til þess að ósannað sé að slysið verið rakið til ófullnægjandi vinnuástöðu, ónógra öryggisráðstafana, verkstjórnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem H beri ábyrgð á.

**Álit.**

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmdæta háttsemi tjónvalds.

Ósannað er að H hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi í tengslum við vinnuslys K. Ekki er að sjá að H hafi getað með neinum hætti komið í veg fyrir misstig K. Um einfalt verk var að ræða sem ekki krafðist sérstakrar verkstjórnar. Verður því að telja að um óhappatilviljun hafi verið að ræða. Þá kemur það ekki að sök, í þessu tiltekna tilviki, að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 30. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 189/2015**  
**M vegna bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X.**

**Bifreið ók yfir holu og hægra dekk lenti ofan í og skemmdist þ. 15.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.15.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 28.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni yfir holu á Álftanesvegi kl. 18 þ.15.2.2015 og lenti hægra dekkið ofan í holunni og skemmdist. M segir að V byggi höfnun sína á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V á því að merkingar hafi verið á staðnum. Því mótmælir M og segir að engin merki hafi verið á gatnamótum Hafnafjarðarvegur og Álftanesvegur í umrætt sinn og því ótvíræð bótaskylda X fyrir hendi. V hafnar bótaskyldu og segir að X hafi verið búíð að merkja holuna sem um ræðir með umferðarmerki A1711. sem á hafi staðið “Hættulegar brotaholur” V segir að miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja frá X um merkingar á holunni teljist ósannað að starfsmenn X hafi sýnt af sér gáleysi eða vanrækslu við veghaldið og því bótaskylda ekki fyrir hendi.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort að merkingar hafi verið við holuna sem A var ekið yfir eða ekki. Af hálfu M er fullyrt að engar merkingar hafi verið við holuna, en skv. yfirlýsingu X segir að merki af ákveðinni gerð hafi verið sett upp við holuna. Miðað við fyrirliggjandi gögn liggja því ekki fyrir aðrar upplýsingar en orð á móti orði og ekki sýnt fram á að skýrsla X sé röng. M hefur því ekki miðað við fyrirliggjandi gögn sýnt fram á að viðunandi merkingar hafi ekki verið við holuna og á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 30.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 190/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðatrygginga bifreiðaanna A og B.**

**Árekstur bifreiða við Ljósavatn í Þingeyjarsýslu þ. 20.3.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.29.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið á eftir B og þegar bifreiðarnar nálguðust útsýnisstað við Ljósavatn hafi ökumaður B gefið stefnuljós til hægri sem ökumaður A taldi merki um að hún ætti að aka framúr, en þegar hún hafi verið byrjuð að aka framúr hafi ökumaður B beygt til vinstri í veg fyrir A. Farþegar í A bera með sama hætti og ökumaður. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja niður á útsýnisplanið og gefið stefnuljós til vinstri og byrjað að beygja þegar A lenti á B. Nánar aðspurður um stefnuljósagjöf segir ökumaður B að það geti verið að hann hafi gefið stefnuljós til hægri enda sé hann vanur að aka í vinstri umferð. Þar sem áreksturinn varð er óbrotin miðlína á vegi og þar á undan hálfbrotin miðlína, en línan á veginum opin við afleggjarann að útsýnisstaðnum.

**Álit.**

Þar sem áreksturinn varð er óbrotin miðlína þar sem óheimilt er að aka framúr öðru ökutæki. Ökumaður A segist hafa byrjað að taka framúr þegar línan var hálfbrotin, en gæta verður sérstakrar varúðar þegar ekið yfir hálfbrotnar línur. Að þessu virtu og gögnum málsins ber ökumaður A því meginsök á árekstrinum fyrir að reyna framúrakstur við þær aðstæður sem um var að ræða. Telja verður sannað miðað við framburð ökumanns A og tveggja farþega í A svo og framburðar ökumanns B í lögregluskýrslu að ökumaður B hafi gefið villandi stefnumerki og ber hann því einnig nokkra sök. Við sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 30.6.2015.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 191/2015

M og  
váttryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar A.

## Ferðatrygging greiðslukortatryggingar

## Gögn.

1. Málskot móttekið þann 15. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 1. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.

## Málsatvik.

Málskotsaðili M og kona hans ætluðu að fara út til Svíþjóðar þann 6. febrúar 2015 til að heimsækja dóttur þeirra en hún átti von á barni í byrjun febrúar. Dóttir þeirra veiktist áður en að brottför kom og fór hún í bráðakeisaraskurðaðgerð. Ákváðu þau þá að breyta brottfarardegi til Svíþjóðar og fara fyrir eða þann 28. janúar 2015. Þegar út var komið veiktist hið nýfædda barn og seinkaði M og kona hans því för þeirra heim. Varð svo aftur seinkun á heimför þeirra vegna veikinda M. M hefur krafist V um þann kostnað sem hlotist hefur af fyrrgreindum breytingum á flugfari úr ferðatryggingu greiðslukortatryggingar A. V hafnaði bótaskyldu og því var máli þessu skotið til nefndarinnar.

## Álit.

Um er að ræða kostnað M vegna þriggja breytinga á flugfari M og konu hans. Í fyrsta lagi var dagsetningu flugs frá Íslandi til Svíþjóðar flýtt vegna veikinda dóttur málskotsaðila og konu hans. Ekki verður fallist á með M að forfallatrygging hans falli undir skilyrði í váttryggingarskilmálum þeirrar tryggingar um að váttryggður komist ekki í ferð vegna veikinda náins ættingja, sbr. 16. gr. váttryggingarskilmála. M komst í ferðina en valdi hins vegar að hefja hana fyrir en áætlað var. Slíkt fellur ekki undir gildissvið forfallatryggingarinnar.

Í öðru lagi er um að ræða kostnað vegna seinkunar á brottfarardegi frá Svíþjóð til Íslands vegna veikinda hins nýfædda barns. Í 6. gr. skilmála er fjallað um ferðarof og getur komið til greiðslu kostnaðar ef váttryggður þarf að stytta ferð sína vegna veikinda náins ættingja sem er búsettur á Íslandi. Barnabarn M var ekki búsett á Íslandi og ekki var heldur um að ræða styttingu á ferð M heldur þurfti að lengja hana vegna aðstæðna. Ná váttryggingarskilmálar því heldur ekki yfir það tilvik.

Í þriðja lagi er um að ræða kostnað vegna seinkunar á brottfarardegi frá Svíþjóð til Íslands vegna veikinda M. Í 5. gr. skilmála kemur fram að félagið greiði sjúkrakostnað erlendis vegna veikinda váttryggðs sjálf og eftir atvikum annan kostnað eins og nauðsynlegan heimferðakostnað í samráði við samstarfsaðila í neyðarþjónustu. Ekki liggur fyrir með nægilega skýrum hætti að nauðsynlegt hafi verið fyrir M að seinka heimför sinni vegna veikinda og verða þær takmörkuðu upplýsingar sem koma fram í læknisvottorði, sem lagt hefur verið fram og ritað er af heimilislækni M, ekki talið tækt til sönnunar um þá nauðsyn.

Verður því að taka undir með V um að bótaábyrgð sé ekki fyrir hendi.

## Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

**Mál nr. 192/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar**

**Salerni brotnaði brotnaði þegar verið var að losa stíflu þ. 23.12.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 18.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 16.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

Starfsmenn M voru að vinna við að losa stíflu í frárennsli frá salerni og þurftu að færa salerni lengra frá vegna skyndilegs leka sem varð, en við það brotnaði salernið. M krefst þess að tjónið verði bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar M og segir að ekki hafi verið mögulegt að losa stífluna nema með því að draga salernið frá veggfestingunni, en það hafi orsakað tjónið. V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 4.2. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón innan samninga eins og um ræðir í þessu máli þar sem þjónusta hafi verið keypt af M sbr. lög um þjónustukaup nr. 42/2000 sbr.1. mgr.1. gr. og 4. gr. laganna og tjónið á salerninu sé bein afleiðing þeirrar þjónustu sem vátryggingartaki veitti í umrætt sinn.

**Álit.**

Í vátryggingarskírteini vegna ábyrgðartryggingar M er sérstök athygli vakin á því að vátryggingin tekur ekki til vörsluábyrgðar vátryggðs nema samið sé um það sérstaklega. Ekki var samið um það atriði sérstaklega og gilda því ákvæði 4. gr. vátryggingaskilmála svo sem um getur í vátryggingarskírteininu. Í grein 4.3. sbr. grein 4.3.3 í vátryggingarskilmálum segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður í þessu tilviki M tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Ekki verður annað séð en að ákvæði 4.3.3. taki til þess atviks sem hér ræðir um þar sem starfsmenn M voru að vinna við umrætt salerni sem var óhjákvæmilegt samkvæmt lýsingu þeirra sjálfra til að geta losað stíflu í frárennsli frá salerninu og tjónið varð við verkið. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V. Af ofangreindum ástæðum er ekki ástæða til að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu sem V færir fram þess efnis að ekki sé um bótaskyldu að ræða þar sem að tjón innan samninga sé að ræða.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 193/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.**

**Slys reiðhjólamanns á reiðhjólástíg 1. maí 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 1. júní 2015 ásamt höfnunarbréfi V dags. 18. september 2014, umsögn lögmans X dags. 15. ágúst og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs X dags. 6. ágúst 2014.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M til V dag. 7. maí 2014 kemur fram að hann hafi verið að hjóla reiðhjólástíg í Breiðholti þegar hann hafi lent á upphleyptu malbiki með þeim afleiðingum að hjól hans hafi steypst yfir hann með þeim afleiðingum að hann lenti á andlitinu í sandi og mól.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við umrætt atvik. M byggir á því að X hafi vanrækt skyldu sína til að láta gera við skemmdir í malbiki á umræddum hjólástíg og að fjarlægja sand á stígnum og hafi það með því brotið gegn 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 sem veghaldari og beri X því ábyrgð skv. 56. gr. sömu laga. M vísar til bréfs sem sent hafi verið til X þann 6. maí 2014 þar sem aðstæðum á umræddum hjólástíg sé lýst með myndum og athugasemdum.

V telur að ekki sé sýnt fram á skaðabótaábyrgð X sem veghaldara í skilningi 56. gr. vegalaga eða af öðrum ástæðum. Umræddur stígur hafi verið tekinn út á árinu 2012 og þá verið í lagi og ekki hafi borist sérstakar ábendingar um að hættuástand hafi verið þar síðan. Þær athugasemdir sem sé vísað til í málskoti hafi hins vegar komið fram 6 dögum eftir slys M. V telur að aðstæður á stígum hafi verið greinilegar og M hafi mátt sjá að umgengni um hann hafi þurft að miða við þær aðstæður sem voru.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Það felur m.a. í sér að M þarf að sýna fram á að X hafi vanrækt þær skyldur sem lagðar eru á sveitarfélagið í lögum og reglum, hvort sem um er að ræða skráðar eða óskráðar reglur. Það eitt að frostskemmdir séu á hjólástígum að vori til eða sandur er ekki til þess fallið að álykta að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. vegalögum eða af öðrum ástæðum. Ekki liggur fyrir að aðstæður hafi vikið frá því sem almennt má búast við að vori eða að aðstæður hafi verið það hættulegar að bregðast hafi átt við þeim án sérstakrar tilkynningar. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M. Verður því ekki talið sýnt að skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu fyrir hendi vegna líkamstjóns M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 30. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 194/2015**  
**K og**  
**vátryggingafélagið V v. frítímaslysatriyggingar**

**Tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 21. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 8. júní 2015.
3. Tölvupóstur frá málskotsaðila frá 15. júní 2015.

**Málsatvik.**

K lenti í frítímaslysi þann 6. desember 2011 þegar hann spilaði knattspyrnu við féлага sína í íþróttahúsi Réttarholtsskóla. Ætlaði hann að teygja vinstri fót eftir bolta en þá kom hnykkur á hægri hné.

Daginn eftir slysið leitaði K á neyðarmóttöku Landsspítalans í Fossvogi. Segulómun var gerð 30. desember 2011 og greindist þá brjóskaðverki með bjúgbreytingum í beini og var það á utanverðu hnénu lærbeinsmegin, beinflís sem virtist vera laus þar í hnénu. K fór sjálfur í þjálfun, auk sjúkraþjálfunar, sem ekki skilaði árangri. Fór hann þá í liðspeglunaraðgerð 12. apríl 2012 þar sem staðfestur var stór áverki á brjósk í utanverðu hnénu. Samkvæmt læknisvottorði var K þokkalegur í upphafi en síðan fór að bera á endurtekinni vökvæðun í hnénu en eftir segulómun í febrúar 2013 komu í ljós stórar liðmýs og var ákveðið að gera nýja speglun 12. mars 2013, þar sem þær voru fjarlægðar. Rúmri viku eftir aðgerðina leið K vel en tekið er fram í vottorði læknis að batatíminn gæti þó verið langur.

V var tilkynnt um slysið þann 24. september 2013. Með bréfi þann 28. maí 2014 hafnaði V bótaskyldu úr frítímaslysatriyggingu K hjá V. Grundvöllur höfnunar V var að K hefði mátt vera ljóst í kjölfar liðspeglunaraðgerðar þann 12. apríl 2012 að um alvarlegan áverka væri að ræða og þá hefði ársfrestur 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 byrjað að líða. Þar sem K var ósammála þessum rökum V var málinu skotið til úrskurðarnefndarinnar.

**Álit.**

Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatriyggingu, sjúkratriyggingu eða heilsutriyggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

K telur m.a. að frestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laganna hafi ekki byrjað að líða fyrir en í kjölfar seinni aðgerðarinnar, þ.e. eftir 12. mars 2013, þar sem að þá hafi hann fyrst fengið vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Það er afstaða V að K hafi haft vitneskju um þau atvik sem leitt gætu til bótaréttar í síðasta lagi í kjölfar aðgerðar þann 12. apríl 2012.

Ekki verður fallist á með K að ársfresturinn hafi byrjað að líða þann 12. mars 2013, þ.e. í kjölfar seinni aðgerðar. Miðað við öll gögn málsins verður að telja að K hafi mátt vera ljóst að áverki sem kom fram í segulómun í nóvember 2011 og staðfestur í liðspeglun í apríl 2012 hafi verið þess eðlis að krafa gæti verið reist á afleiðingum hans. Var árstilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga liðinn þegar K tilkynnti V um slysið í september 2013.

**Niðurstaða.**

K á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatriyggingu hjá V.

Reykjavík, 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 195/2015****K og  
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A  
og vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á gatnamótum Gufunesvegjar og Strandvegjar 15. febrúar 2015.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 20. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 10. júní 2015.
3. Tölvupóstur V1 dags. 15. júní 2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem vitnar m.a. til framburðar vitnis, varð árekstur með bifreiðum A og B, sem hafði báðum verið ekið norður Strandveg þegar bifreið A var ekið í vinstri beygju, fyrirhugaða U-beygju, um leið og bifreið B ætlaði að aka áfram norður gatnamótin. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hún hafi hægt á sér við gatnamótin, gefið stefnuljós og síðan hemað áður en hún kveðst hafa tekið beygju til vinstri. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á eftir bifreið A þegar þeirri bifreið hafi verið ekið til hægri við gatnamót og hafi virst sem ökumaður bifreiðar A hafi ætlað að beygja til hægri á gatnamótunum. Kveðst ökumaður bifreiðar B því hafa ekið framhjá þegar beygt var til vinstri í veg fyrir hann.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi verið við framúrakstur á þröngum einbreiðum gatnamótum auk þess sem bifreið B hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður og megi sjá það af því að um mjög harðan árekstur hafi verið að ræða sem olli miklum skemmdum á bifreið A. Einnig telur M að framburður ökumanns bifreiðar B um fyrirhugaða beygju ökumanns bifreiðar A til hægri fái ekki staðist m.v hvar áreksturinn varð.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að rekja megi áreksturinn til þess að ökumaður bifreiðar A hafi tekið U-beygju með röngum hætti og eigi því að bera alla sök.

**Álit.**

Af gögnum málsins, sérstaklega ákomu á bifreið A, verður ekki annað ráðið en að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi tekið vinstri beygju með þeim hætti að aka nokkuð til hægri fyrst. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gaum umferð, sem á eftir kemur. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og á akbraut með einstefnuakstri eins nálægt vinstri brún og unnt er. Miðað við það sem fram kemur í lögregluskýrslu er ljóst að u-beygjan var ekki tekin í samræmi við fyrrgreind ákvæði umferðarlaga. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A.

**Niðurstaða.**

Öll sök er lögð á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 196/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar ökutækisins X.**

**Upplýsingaskylda vátryggingartaka við tjón. Sönnun tjóns.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. júní 2015 ásamt fylgiskjölum merktum 1-8.
3. Bréf lögmanns M dags. 29. júní 2015 ásamt fylgiskjali með mynd af vettvangi.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning vegna tjóns sem M kveðst hafa orðið fyrir að því er virðist þann 29. mars 2015. Í lýsingu M kemur fram að bifreiðin X hafi runnið í hálfu á hringtorgi og lent á staur og afleiðingar þess hafi verið ólag á skiptingu bifreiðarinnar sem og hafi olía lekið undan henni. V upplýsti M með bréfi dags. 14. apríl 2015 um þá afstöðu sína að félagið teldi ekki orsakatengsl milli bilunar í sjálfskiptingu og þess tjónsatviks sem M hafði tilkynnt til V. Sú afstaða var síðan ítrekuð í bréfi V dags. 30. apríl 2015 þar sem vitnað var til skýrslu sem V aflaði frá fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi dags. 29. apríl 2015. Ennfremur kom fram í því bréfi V að m.v. þá upplýsingar í þeirri skýrslu teldi V að M hefði gefið félaginu rangar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar X fyrir tjónsatvikið og væri allur bótaréttur þess vegna fallinn niður með vísan til 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Við gögn málsins, að því er virðist eftir að málið fór fyrir úrskurðarnefnd, bættist síðan greinargerð Erlings Erlingssonar bifvélavirkjameistara um ástand bifreiðarinnar X.

M telur að fullsannað sé með tjónstilkynningu að tjón hafi orðið á bifreiðinni X við tjónsatvik sem fólst í áakstri á ljósastaur þann 29. mars 2015 og við það tjónsatvik hafi sjálfskipting bifreiðarinnar laskast þannig að hún virkar ekki eins og hún gerði áður en tjónsatvikið varð. Það séu þau atvik sem líta þurfi til við mat á greiðsluskyldu V. Hins vegar lýsir M sig reiðubúinn til samninga um fjárhæð tjóns m.t.t. ástands sjálfskiptingar bifreiðarinnar fyrir tjónsatvikið. M telur V einnig bundið af yfirlýsingu um greiðsluskyldu sína sem kom fram strax í kjölfar tjónsatviksins vegna alls tjóns annars en á sjálfskiptingu bifreiðarinnar og að það stoði ekki að bera fyrir sig 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga vegna þess. Auk þess bendir M á að sönnunarbyrði hvíli á V um að skilyrði umræddrar greinar séu uppfyllt, þ.e. að M hafi af ásetningi veitt ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiði til þess að hann fái greiddar bætur sem hann á ekki rétt til. Það sé ekki með nokkrum hætti sýnt fram á að þau skilyrði séu uppfyllt í málinu þar sem M hafi gert grein fyrir því að sjálfskipting virkaði áður en hann ók bifreiðinni X á ljósastaur en virkaði ekki eftir það. Frekari röksemdir M eru tilgreindar í gögnum málsins og lúta aðallega að leiðréttingum eða áréttingum um atvik málsins og túlkun V á gögnum þess. Tekið hefur verið tillit til þeirra við afgreiðslu málsins.

V telur fyrst og fremst ósannað að það hafi orðið tjón á sjálfskiptingu bifreiðarinnar X við áakstur. V bendir einnig á misræmi í gögnum málsins um árekstrarstað og lýsingu M á tjónsatvikinu. V bendir á að strax við skoðun félagsins á bifreiðinni hafi því verið ljóst að tjónsatvikið hafi ekki getað leitt til tjóns á sjálfskiptingu og greint M frá því. Það hafi síðan fengið stoð í bæði skýrslu Aðstoðar&Öryggis sem og skýrslu Erlings Erlingssonar bifvélavirkjameistara. Þar að auki telur V að háttsemi M, að upplýsa ekki um ætlaða bilun í sjálfskiptingu fyrir tjónsatvikið, sé þannig vanræksla á upplýsingaskyldu M við tjón að skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga séu uppfyllt. V telur að M hafi af ásetningi ekki látið vita um bilun sem tilgreind var í kaupsamningi um bifreiðina stuttu áður og hafi hann mátt vita að það hefði áhrif á afgreiðslu málsins hjá V. Einnig vísar V því á bug að það sé bundið af fyrri yfirlýsingu um greiðslu bóta þegar síðar komi í ljós að skilyrði umræddrar greinar eigi við. Einnig bendir V á misræmi í skoðunarskýrslum og smurbók bifreiðarinnar X um ekna kílómetra, tilgreiningu tjónsatviksstaðar í

læknisvottorði sem annan en í tjónstilkynningu og fjölmörg önnur atriði sem nefndin hefur farið yfir og koma fram í gögnum sem V hefur lagt fram.

#### **Álit.**

Ágreiningur í máli þessu er margvíslegur og lýsa bæði M og V atvikum, skýrslum og sjónarmiðum sínum ítarlega í gögnum málsins.

Í fyrsta lagi eru sjónarmið uppi um að tjónsatvik það sem M lýsir í tjónstilkynningu til V hafi ekki orðið með þeim hætti sem lýst er þar sem tjónsstað er lýst með mismunandi hætti í gögnum málsins. Verður í því sambandi þó að líta til þess að V hefur aflað upplýsinga um að tjón hafi orðið á ljósastaur við það hringtorg sem M lýsir að hann hafi verið að aka á þegar áakstur varð. Ein færsla í læknisvottorði um aðra staðhætti verður ekki talin raska sönnun þess að áakstur hafi orðið á þeim stað sem M tilgreinir.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort áaksturinn hafi leitt til tjóns á sjálfskiptingu bifreiðarinnar X. Í grunninn ber M sem vátryggingartaki sönnunarbyrði fyrir því að tjón hafi orðið. M lýsir tjónsatviki og afleiðingum þess í skýrslu til V. Þar kemur fram að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi virkað fyrir tjónsatvikið en ekki eftir það. Við sönnunarmat verður ekki fyrirfram gert ráð fyrir því að framburður M um þetta sé rangur þar sem almennt má gera ráð fyrir því að bifreiðum sé ekki ekið nema bakkgír þeirra sé í lagi, en það er fyrst og fremst það sem vart var eftir tjónsatvikið en var ekki, skv. framburði M, til staðar áður. Fær það einnig stoð í skýrslu fyrrverandi eiganda bifreiðarinnar X. Verður því að leggja sönnunarbyrði á V um að útilokað sé að áakstur bifreiðarinnar X hafi leitt til tjóns á sjálfskiptingu hennar. Engin gögn lágu fyrir um slíkt þegar V tók fyrst afstöðu til málsins en í þeim gögnum sem V hefur aflað síðan, til að mynda skýrslu bifvélavirkjameistara sem er hluti af gögnum málsins, má finna atriði sem styðja sjónarmið félagsins um að ólíklegt sé að áaksturinn hafi leitt til alls þess tjóns sem er á sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Með hliðsjón af þessu verður lagt til grundvallar að M hafi náð að sanna að tjónsatvikið 29. mars 2015 hafi leitt til tjóns á bifreiðinni X, en því tjóni er lýst í samantekt svokallaðrar Cabas- skoðunar bifreiðarverkstæðisins Gliturs sem liggur fyrri í gögnum málsins. Í ljósi upplýsinga um ástand sjálfskiptingar fyrir tjónið verður hins vegar ekki fullyrt um fjárhæð tjóns á sjálfskiptingunni sjálfri, þ.e. ekki telst sannað umfang tjóns á sjálfskiptingu vegna áakstursins.

Í þriðja og síðasta lagi, hvað varðar skilyrði 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga, þá kemur þar skýrt fram að til þess að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu vátryggingartaka við tjón þurfi hann að sýna ásetning við þá vanrækslu sem og að vita eða mega vita að hann fái þá greiddar bætur sem hann ætti ekki að fá. Við mat á þessum skilyrðum verður að hafa í huga að vátryggingafélög hafa sönnunarbyrði um saknæmisstig vátryggingartaka, þ.e. ásetninginn, sem og að hann hafi vitað eða mátt vita að hann fengi greiddar bætur sem hann átti ekki rétt á. Við mat á því hvort það að láta vátryggingafélag ekki vita af athugasemdum um „ástand skiptingar“ við kaup á bifreiðinni stuttu sé ásetningur verður að líta til þess að seljandi bifreiðarinnar hefur staðfest að hún hafi virkað þrátt fyrir ástandið. Ekki hefur verið sýnt fram á að ástandið hafi breyst til hins verra frá þeim tíma fram að tjónsatviki. Verður háttsemi M því ekki metin honum til ásetnings í skilningi 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga og þegar af þeirri ástæðu getur V ekki fellt niður bótarétt M með vísan til þeirrar greinar.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt á bótum vegna áaksturs úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V en umfang tjóns á sjálfskiptingu bifreiðarinnar telst ósannað.

Reykjavík 30. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 197/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar G.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna trampólíns sem fauk á bíl þann 14.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18.05.2015, ásamt fylgiskjöllum
2. Bréf V, dags. 5.6.2015, ásamt fylgiskjöllum

**Málsatvik.**

Þann 14. mars 2015 fauk trampólín í eigu G á bifreið M og olli á henni skemmdum. Trampólínið var bundið niður og bóúið að taka öryggisnet af því. Þrátt fyrir það losnuðu hlutar af trampólíninu og fuku á bifreið M í því mikla óveðri sem var umræddan dag. Atvikið var tilkynnt til V þann 18. mars 2015 en V hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 31. mars 2015.

Höfnun V byggði á því að í 28. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga (VSL) segir að vátryggðum beri skylda til að hindra vátryggingaratburð og sé yfirvofandi hættu hættu á að vátryggingaratburður verði, skuli vátryggður gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón. Í greininni segi einnig að hafi orðið tjón vegna þess að vátryggður hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta og við mat á því skuli líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að og atvika að öðru leyti. Búið hafi verið að vara við veðri því sem var þann 14. mars 2015 í öllum fjölmiðlum og spáð var að vindhviður gætu náð allt að 50 m/s. Ekki hafi verið brugðist við þeim viðvörnum, þrátt fyrir að um einfalt verk sé að ræða að taka trampólín saman. Með vísan til þess hafnaði V bótaskyldu í málinu.

M telur að V geti ekki hafnað bótaskyldu á þessum forsendum þar sem G hafði viðhaft eðlilegar varúðarráðstafanir. Trampólínið hafi verið bundið niður, öryggisnet hafði verið tekið niður, trampólínið var hlémegin við hús og umlukið húsi og trjám. Hér sé því ekki um stórkostlegt gáleysi að ræða og því beri að viðurkenna bótaskyldu.

V ítrekar fyrri afstöðu sína í bréfi, dags. 5. júní 2015. Augljóst hafi verið hvers konar óveður hafi verið í aðsigi þann 14. mars 2015 og aðgerðir G hafi hvergi nærri dugað til að koma í veg fyrir tjón. Taka hefði þurft dúkinn af trampólíninu því það sé eina leiðin til að koma í veg fyrir að það fjúki í slíkum vindi sem spáð var þennan dag. V telur að sú háttsemi G, að taka dúkinn ekki af, megi að lágmarki telja til stórkostlegs gáleysis, enda hafði gengið á með ítrekuðum veðurofsa í aðdraganda atviksins. Bótaskyld sé því hafnað alfarið með vísan til 4. mgr. 28. gr. VSL.

**Álit.**

Forsenda þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta á grundvelli 28. gr. VSL er að vanræksla eigi rót að rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis vátryggðs. Í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V er fjallað um afleiðingar þess ef vátryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis í 13. gr. VII. kafla um sameiginlega skilmála. Þar segir í gr. 13.3 að ákvæðið eigi ekki við um ábyrgðartryggingar og er því hvergi getið um það í skilmálum félagsins að stórkostlegt gáleysi vátryggðs geti leitt til skerðingar eða niðurfellingar bótaskyldu í ábyrgðartryggingu. Þegar af þeirri ástæðu getur V ekki borið fyrir sig að ætlað stórkostlegt gáleysi G, við að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón, hafi áhrif á

bótagreiðslur til M úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar G. Þá vísar nefndin til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í athugasemdum við 27. gr. VSL um að það sé almenn regla í ábyrgðartryggingum að stórkostlegt gáleysi vátryggðs leiði ekki til þess að félagið losni úr ábyrgð. Framangreind grein 13.3 í skilmálum V er í samræmi við þá almennu reglu. Í ljósi þessa er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um það hvort háttsemi G megi telja til stórkostlegs gáleysis eða hvort eingöngu hafi verið um að ræða einfalt gáleysi.

**Niðurstaða.**

Tjón M er bótaskyld að fullu úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar sem G var með hjá V.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 198/2015****M og****vátryggingafélagið V v. ábyrgðarliðar húseigendatryggingar A.****Snjór fellur af þaki húsnæðis á bifreið þann 25. febrúar 2015.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 21. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 4. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir málskotsaðila frá 5. júní 2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt málskoti M skemmdist bifreið hans þann 25. febrúar 2015 um kl. 16, þar sem bifreiðinni var lagt á bifreiðastæði sunnan við Hafnarstræti 57 á Akureyri. Mun snjór og klaki hafa fallið af þaki hússins á bifreiðina með þeim afleiðingum að framrúða bifreiðarinnar eyðilagðist og skemmdir urðu á þaki, vélarhlíf og hægra frambretti.

Fram kemur í málskoti að A er þinglýstur eigandi fyrrgreinds húss og að ekki hafi verið komið fyrir hrunvörnum á þaki hússins þrátt fyrir ýmsar viðhalds- og endurnýjunaraðgerðir á húsinu. Fram kemur að engin viðvörðun sé á húsinu um hættu á hruni af þaki hússins. Er vísað til þess að sambærilegt tilvik hafi gerst fyrir nokkrum árum síðan. A telur ósannað að tjónið á bifreiðinni verði rakið til sakar A. Telur A að tjónið sé óhappatilviljun eða að um eigin sök M sé að ræða.

**Álit.**

M telur að athafnaskylda hafi myndast hjá A um að tryggja að eigi myndi falla snjór eða klaki á bifreiðir fyrir neðan húsið. M telur að A hafi brugðist þeirri athafnaskyldu og því eigi A að bera ábyrgð á tjóni M. Hin almenna sakarregla gildir um skaðabótaábyrgð húseiganda á tjóni vegna hruns á klaka eða snjó. Til þess að um bótaábyrgð geti verið að ræða þarf að sýna fram á saknæma og ólögmæta háttsemi meintis tjónvalds. Ekki hefur verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að aðstæður í umrætt sinn hafi verið þess eðlis að A hafi átt að bregðast við eða hafi getað brugðist við, þannig að það skapi bótaábyrgð A vegna tjónsins. Miðað við framangreint verður að telja ósannað að A hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem leiða eigi til skaðabótaábyrgðar A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 199/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar.**

**Hjón hættu við ferðalag til Tenerife vegna veikinda þ. 20.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 10.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7

**Málsatvik.**

M ætluðu til Tenerife 4.2.2015. Áður en til þess kom ráðlagði læknir manningnum að hætta við ferðina vegna versnandi hjartasjúkdóms, sem M hafði þjáðst af í nokkur ár. M krefst bóta úr ferðarverndartryggingu sinni hjá V. M bendir á að hann hafi farið margsinnis til útlanda frá því að sjúkdómur hans greindist og hjartað verið í reglulegum takti í meir en eitt og hálf ár þegar kastið kom sem leiddi til að hætta þurfti við ferðina. V hafnar bótaskyldu og vísar til a.liðs 17. gr. vátryggingarskilmála þar sem segir m.a. að tryggingaverndin komi ekki til þegar um slys eða veikindi er að ræða sem vátryggingartaki hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds vegna ferðarinnar. V segir að staðfestingargjaldið hafi verið greitt 30.11.2014 og M hafi hætt við ferðina 20.12.2014. V segir að M hafi verið til meðferðar hjá lækni 23.10.2014 þar sem m.a. hafi verið ákveðin breyting á lyfjagjöf vegna blóðþrýstings. V segir að það liggja því fyrir að M hafi þjáðst af og notið læknishjálpar við sjúkdómseinkennum síðustu sex mánuði fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

**Álit.**

Í a.lið 17. gr. skilmála vátryggingar þeirrar sem hér ræðir um er kveðið á um það að félagið bæti ekki kröfur vegna forfalla vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Framangreint undanþáguákvæði er mjög víðtækt og tekur til hvers konar meðferðar sem um kann að vera að ræða eða eftirlits. M var sannanlega til meðferðar og undir eftirliti hjá lækni innan þess tíma sem kveðið er á um í a.lið 17. gr. Þó svo að um venjubundið og hefðbundið eftirlit hafi verið að ræða við vægum hjartasjúkdómi eins og hér virðist hafa verið um að ræða, þar sem eftirlit er stöðugt, þá kemur það ekki í veg fyrir það eins og hér stendur á að vátryggingarfélagið geti borið þetta víðtæka undanþáguákvæði fyrir sig og hafnað greiðslu bóta. M á því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 200/2015**  
**M v. bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X.**

**Bifreið ók yfir holu með tvö dekk sem skemmdust þann 1. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur frá M þann 5. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni yfir holu á Suðurlandsvegi og lentu vinstra fram- og afturdekk ofan í holunni og skemmdust. Í upphaflegri tjónstilkynningu kemur fram að tjónsdagur sé 1. janúar 2015 kl. 05:00 en hún var send til V þann 8. janúar 2015. V hafnaði bótaskyldu með bréfi þann 27. janúar 2015 á þeim grundvelli að ekki væri sannað að tjónið væri að rekja til saknæmrar háttsemi X og að ekkert í gögnunum benti til þess að X hafi haft tök á því að bregðast við aðstæðum í tæka tíð.

M aflaði frekari gagna og ítrekaði kröfu sína þann 11. febrúar 2015. Enn var kröfu M hafnað af hálfu V, með þeim rökum að X hafi ekki vitað um þessa holu þegar M lendir í henni.

Í málskoti til nefndarinnar og í breyttri tjónstilkynningu er á því byggt að tjónsdagur sé 2. janúar 2015 kl. 05:00 en ekki 1. janúar 2015 eins og í upphaflegri tilkynningu. Fram kemur í svari V til nefndarinnar að V hafi fyrst fengið tilkynningu um holuna um kl. 21:40 þann 1. janúar 2015.

**Álit.**

Í fyrsta lagi er ágreiningur það hvenær tjónið gerðist, þ.e. hvort það gerðist 1. janúar 2015 eða 2. janúar 2015, kl. 05:00. Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli ber sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni, m.a. hvenær það gerðist. Leggja verður upphaflega tjónstilkynningu M til grundvallar í málinu enda var henni ekki breytt fyrr en eftir að í ljós kom hvenær X vissi af holunni.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort X eigi að bæta M það tjón sem hann varð fyrir við að aka í holuna. Fyrir liggur að X vissi um holuna um kl. 21:40 þann 1. janúar 2015. Ekki hafa komið fram gögn eða aðrar sannanir fyrir því að X hafi vitað eða mátt vita um holuna á Suðurlandsveginum. Ekkert er framkomið sem bendir til þess að X hafi sýnt af sér gáleysi eða vanrækslu við veghaldið. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 3. júlí 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 201/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.**

**Slys viðskiptavinar í verslun 12. desember 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. júní 2015 ásamt tjónstilkynningu til V dags. 26. maí 2014 og tölvupóstsamskipti V og X á tímabilinu 3.-7. júlí 2014.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M féll og hlaut líkamstjón þegar hún gekk inn í verslunarhúsnæði X þann 12. desember 2013. Nánar tiltekið er tekið fram í tjónstilkynningu að M hafi verið að koma inn um aðaldyr og hafi runnið til á gólflísum við dyrnar. Í tölvupósti frá forsvarsmanni X kemur fram að snjór hafi bráðnað á gólfi við umgengni og hálka hafi skapast þrátt fyrir að starfsmenn hafi þurrkað upp ítrekað.

M telur að aðstæður í verslun X hafi verið óforsvaranlegar vegna hálku á gólfi og X hafi brotið gegn athafnaskyldu sem á fyrirtækinu hvíldi við að tryggja öryggi vegfarenda við umgengni um verslunarhúsnæði sitt í ljósi þess að þar sé verið að bjóða þjónustu fyrir neytendur og vísar til dóma Hæstaréttar þar sem fjallað sé um slíkar skyldur. M vísar til þess að framkvæmdir hafi átt sér stað eftir slysið þar sem komið hafi verið fyrir mottu á gólfi við útidyrnar og hafi verið auðvelt að koma í veg fyrir tjón með þeim hætti. M telur það sýna vanbúnað húsnæðisins að X hafi ráðist í þær framkvæmdir eftir slys M. Einnig vísar M til þess að gólflísar hafi verið hálar og hafi þess vegna verið mikilvægt að gera ráðstafanir til þess að tryggja öryggi viðskiptavina sem eru almennt ókunnir aðstæðum.

V telur ósannað að gólflísar í anddyri verslunar X hafi verið óvenju hálar eins og M heldur fram og að það hvíli ekki sérstök skylda á X að hafa mottur á gólfi í verslun sinni. Einnig bendir V á að nokkurra framkvæmda hafi verið þörf til að koma fyrir mottu við innganginn og ósannað að það hafi verið nauðsynlegt í greint sinn. Einnig vísar V til dóma Hæstaréttar þar sem fjallað er um varúðarskyldur þeirra sem ganga um svæði þar sem veðuraðstæður eru varhugaverðar.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðbótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Það felur m.a. í sér að M þarf að sýna fram á að X hafi vanrækt þær skyldur sem hvíla á honum sem verslunareiganda við þær aðstæður sem uppi voru þegar hún féll við í anddyri verslunar X. Í málinu liggja fyrir myndir af vettvangi og aðstæðum eftir að ráðstafanir voru gerðar til þess að koma fyrir mottu við útidyr verslunarinnar, en þær ráðstafanir voru gerðar eftir slys M. Á slysdegi ber X að ekki hafi verið hægt að koma mottum fyrir við dyrnar þar sem þá hefði ekki verið hægt að opna hurð verslunarinnar. Ekki liggur fyrir að sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir utan dyrnar heldur er haft eftir forsvarsmanni X að starfsmenn verslunarinnar hafi þurrkað upp ítrekað bleytu við dyrnar. Ekki var varað sérstaklega við hættu og þó ekki liggi fyrir að áður hafi orðið slys við sambærilegar aðstæður verður ekki talið að athafnaskyldur X séu þegar af þeirri ástæðu minni en ella. Þó gólflísar þær sem voru í anddyri verslunar X hafi ekki verið sérstaklega hálar af gólflísum að vera þá er ljóst að slíkar flísar, eins og annað slétt gólfefni, getur orðið mjög hált þegar bleyta berst inn í húsnæði. Það verður að gera þær kröfur til þeirra sem reka verslun og bjóða til sín viðskiptavinum sem ekki þekkja sérstaklega aðstæður að þeir geri ráðstafanir til að tryggja öryggi vegfarenda þegar veðuraðstæður eru með þeim hætti sem upplýst er um í málinu. Í ljósi þess hversu auðvelt var að gera ráðstafanir til að koma fyrir sérstakri mottu eða grófu undirlagi sem miklu mun minni hætta er á að fólk renni á verður að álykta að það að X hafi ekki gert þær ráðstafanir, eða aðrar sérstakar ráðstafanir til að vara við hættu við að stíga beint inn á gólflísarnar, sé sagnæm vanræksla af hálfu X. Verður að gera ítarlegri kröfur til athafna þegar



komið er inní húsnæði verslunareigenda heldur en fyrir utan slíkt húsnæði þar sem erfiðara er að verjast mismunandi veðuraðstæðum. Ekki liggur fyrir að M sjálf hafi sýnt gáleysi þegar hún gekk inn í húsnæði X og eru ekki efni til að láta hana bera hluta tjóns síns sjálf. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 202/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar lögmanns L.**

**Krafa um bætur vegna meintra mistaka skiptastjóra þ. 8.7.2013**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 16. júní 2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
3. Bréf M dags. 26. júní 2015.

**Málsatvik.**

Bú M var tekið til gjaldþrotaskipta og segir skiptastjóri búsins að ástæða gjaldþrotsins sé fyrst og fremst að starfsmenn M hafi ekki fengið greitt fyrir verk sem starfsmenn félagsins unnu við fasteignir S) að Burstabrekku og Hrafnskálum á Hellu. M krafðist gjaldþrotaskipta á búi S vegna greiðslufalls og var M stærsti kröfuhafinn í búið. M segir að skömmu fyrir frestdag vegna gjaldþrots S hafi ofangreindum fasteignum verið ráðstafað til nákominna aðila og telur bústjóri M að um gjafagerning hafi verið að ræða í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1999, gjaldþrotaskiptalaga. M segir að L hafi, sem skiptastjóri S, lokið skiptum á þrotabúi S þ.8. júlí 2013 á grundvelli 155. gr. gjaldþrotaskiptalaga þ.e. að búið væri eignalaust og ekkert fengist upp í lýstar kröfur. M segir að L hafi verið kunnugt um að eignum þb. S hefði verið ráðstafað til nákominna aðila og þær ráðstafanir væru riftanlegar enda hefði L m.a. sent yfirlýsingu um riftun gjafagernings vegna afsals á fasteigninni að X enda að mati M ljóst að S hefði gefið þá eign nákomnum aðila rúmlega tveim mánuðum fyrir frestdag. M segir að L hafi ekki fylgt eftir umræddri riftun sem hafi leitt til þess að þb. S og þb. M töpuðu umtalsverðum fjármunum. M segir að L hafi borið að kanna þessi mál nánar og þinglýsingu handhafabréfa á ofangreindar eignir þb. S. M segir að ekkert samráð hafi verið haft við aðra kröfuhafa þb. S, en M, en L haldi því fram að samráð hafi verið haft við þáverandi lögmann M. Aðrir kröfuhafar en M í þb. S hafi því ekki vitað af því að samningar sem þb. S hefði gert gætu verið riftanlegir þegar L lauk skiptum búsins. M krefst þess að V viðurkenni bótaábyrgð L úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V. M segir að þb. M hafi orðið fyrir tjóni þar sem að höfðun riftunarmáls komi ekki lengur til álita sbr. 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti og beri L skaðabótaábyrgð á tjóni þb. M skv. 4. mgr. 77.gr. gjaldþrotaskiptalaga og felist sök L í broti gegn skráðum háttænisreglum gjaldþrotaskiptalaga um hlutverk og skyldur skiptastjóra við skiptastjórn. Þá vísar M einnig til 2. mgr. 122.gr. gjaldþrotaskiptalaga og segir að skv. því ákvæði eigi skiptastjóri að sjá til þess að allar eignir og öll réttindi þrotabúsins komi fram og verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt. M segir að L hafi borið að upplýsa kröfuhafa um ráðstafanir S og bera hugsanlega málshöfðun riftunarmáls undir þá þar sem bú S hafi verið eignalaust. Þá hafi L einnig borið að upplýsa aðra kröfuhafa um tengsl þeirra aðila sem um ræðir við þrotamann, en í þessu tilviki hefði brot þrotamanns falist í undanskoti eigna undan skiptum. Þá segir M að L hafi brotið gegn tilkynningarskyldu skv. 84. gr. gjaldþrotaskiptalaga. M segir að ráðstafanir L hafi rýrt eignastöðu þb. S á kostnað kröfuhafa.

V hafnar bótaskyldu og segir að daginn eftir að innköllun í bú S hafi birst í Lögbirtingarblaðinu þ.27.2.2013 hafi L átt samtal við lögmann M þar sem bent hefði verið á hugsanlega riftun ráðstafana þrotamanns. V segir að 31. maí og 3. júní 2013 hafi L haft samband við lögmann M vegna hagsmuna þrotabús S og hafi síðan með tölvupósti þ. 1. júlí 2013 tilkynnt lögmanni M formlega að ekki yrði aðhafst meira varðandi athugun á hugsanlega riftanlegum ráðstöfunum og skv. upplýsingum frá L upplýsti lögmaður M hana um að M hefði ekki bolmagn til að höfða riftunarmál á eigin ábyrgð. V segir að L hafi því haldið lögmanni M stærsta kröfuhafanum í þb. S

upplýstum um framvindu athugana á gerningum sem hugsanlega væru riftanlegir. Þá bendir V á að hvorki M né aðrir kröfuhafar hafi mætt á skiptafundi eða gert athugasemdir við framvindu skipta. Þá telur V rangt og ósannað að L hafi ekki hagað störfum sínum í samræmi við það sem lög um gjaldþrotaskipti geri til skiptastjóra. V telur ekki skipta máli við úrlausn þessa máls að L hafi ekki tilkynnt meint refsivert athæfi þrotamanns til sérstaks saksóknara. V telur að M hafi ekki sýnt fram á saknæma hegðun L og ekki hafi verið sýnt fram á að L hafi gerst sek um gáleysi í störfum sínum. V telur því meint tjón M ósannað og sama gildi um orsakatengsl milli starfa L og hins meinta tjóns M.

#### Álit.

Í máli þessu koma til skoðunar störf L sem varða hagsmuni M vegna meðferðar L sem skiptastjóra í þb. S. Fyrir liggur að skiptastjóri taldi að mögulega væru ákveðnir fjármálagerningar sem þb. S hafði gert skömmu fyrir frestdag riftanlegir og hafði uppi ákveðnar aðgerðir vegna þess, sem ekki báru árangur. L tilkynnti ekki um hugsanleg brot þrotamanns til sérstaks saksóknara sbr. 84.gr. laga um gjaldþrotaskipti, en það skiptir ekki máli við úrlausn þessa máls. Skiptastjóra ber að sjá til þess sbr. 2. mgr. 122. gr. gjaldþrotaskiptalaga að skiptum yrði lokið án ástæðulausra tafa og allar eignir þrotabúsins komi fram og verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt. Miðað við gögn málsins þá virðist, sem á það hafi skort að á það hafi verið látið reyna hvort þb. S hafi átt eignir sem hefðu getað staðið til ráðstöfunar fyrir þrotabúið við skipti. Eftir að L komst að raun um að ákveðnar ráðstafanir þrotamanns í þb. S væru hugsanlega riftanlegar hefði verið eðlilegt að L, sem skiptastjóri, hefði tilkynnt kröfuhöfum um þá ætlan sína formlega, t.d. með því að boða til sérstaks skiptafundar um þau málefni þar sem kröfuhöfum hefði verið gefinn kostur á að tjá sig um þau mál og lýsa vilja sínum til að hafa frekari afskipti af málinu eða láta það afskiptalaust. Í ljósi þess að þrotabúið var eignalaust hefðu frekari málsóknir verið háðar fjárstuðningi kröfuhafa. Þegar af þeirri ástæðu bar L að tryggja sér sönnun um að allir kröfuhafar væru formlega upplýstir um málið sem og að leita formlega eftir afstöðu þeirra. Þetta gerði L ekki og verður að telja slíka háttsemi til gáleysis af hálfu skiptastjóra.

Hins vegar verður að líta til þess að L tilkynnti M eingöngu stærsta kröfuhafanum í þb. S um málið sérstaklega og ráðfærði sig við lögmann M sbr. 3. mgr. 124. gr. gjaldþrotaskiptalaga. M var því gert kleift að gæta hagsmuna sinna sem kröfuhafa þó með óformlegum hætti hafi verið. Lögmaður L sá, að því er virðist, ekki ástæðu til frekari aðgerða eða afskipta af málinu. Með því L hélt lögmanni M upplýstum um málið með þessum óformlega hætti og það að honum var gefinn kostur á að hafa frekari afskipti af málinu, átti lögmaður M þess kost að gera athugasemdir og krefjast aðgerða, sem hann gerði ekki. Af þeirri ástæðu telst mögulegt tjón af völdum gáleysis L sem skiptastjóra fyrst og fremst rakið til háttsemi M sjálfs við hagsmunagæslu sína. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 30.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 203/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysa- og sjúkratryggingar**

**Upplýsingagjöf við töku vátryggingar þ. 12.6.2014**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 28.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 29.6.2015.

**Málsatvik.**

M tók slysa og sjúkdómatryggingu hjá V í maí 2013, en hafði áður verið með sambærilega tryggingu hjá öðru vátryggingafélagi. Við töku tryggingar svaraði M neitandi að vera með eða haft einkenni hjartasjúkdóms, en M leitaði til læknis vegna þess árið 2005 og greindist þá ekki með hjartasjúkdóm heldur reyndist M vera með svokallaða “aukaleiðnibraut”. M fékk sjúkdómseinkenni í maí 2014 og var greindur með æðamissmið sem tengdist neðsta hluta mænu og ellefta brjósthrýggjarlið. Í læknisvottorði Elfar Úlfarssonar læknis dags. 14.1.2015, kemur fram að ekkert bendi til að núverandi einkenni M tengist fyrri veikindum hans. M krefst bóta úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V vegna sjúkdóms síns. V samþykkir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um 25% þar sem M hafi gefið ófullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar, en hefðu þær verið gefnar með fullnægjandi hætti hefði vátryggingin verið veitt með álagi á iðgjald. V bendir á að M hafi leitað til hjartalæknis á árunum 2005 og 2006 vegna sjúkdómseinkenna sem varða eða geta varðað hjartasjúkdóma og þegar af þeirri ástæðu hefði M borið að svara játandi við töku tryggingarinnar spurningu um hvort M hefði haft einkenni hjarta- og æðasjúkdóma.

**Álit.**

M leitaði til hjartalæknis á árunum 2005 og 2006 og greindist ekki með hjartasjúkdóm en í vottorði læknisins kemur m.a. fram að hjartalínurit M sýni sínustakt með deltabylgju. Fallast má á það með V að eðlilegt hefði verið að M greindi frá heimsókn til hjartalæknis við töku tryggingarinnar. Við mat á því hvort sú vanræksla er óveruleg eða ekki óveruleg í skilningi 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verður að líta til þeirrar greiningar sem hann fékk hjá hjartalækninum og þess að hann fékk ekki sérstaka meðferð vegna þessara einkenna. Með hliðsjón af þessu telst um óverulega vanrækslu á upplýsingaskyldu hafi verið að ræða hjá M við töku tryggingarinnar hjá V. Af framangreindum ástæðum eru ekki forsendur til að skerða bætur til M á grundvelli 83. gr. laga um vátryggingarsamninga og á hann rétt á fullum bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V vegna þeirra veikinda sem hér ræðir um.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum frá V.

Reykjavík 25.8 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 204/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ slysátryggingarliðs greiðslukortatryggingar.****Tilkynning um vátryggingaratburð skv. 1. mgr. 124, gr. laga um vátryggingarsamninga.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 8. janúar 2012 varð M fyrir alvarlegu slysi er hann féll af þakhæð húss á Kanaríeyjum. Hlaut hann m.a. höfuðkúpubrot, heilaáverka og hryggbrot. Hann var fluttur á sjúkrahús á eyjunum þar sem hann gekkst undir aðgerð og lá meðvitundarlaus í 10 sólarhringa. Hinn 13. janúar 2012 var slysið tilkynnt m.a. til vátryggingafélagsins Y og SOS International (SOS) sem er sérhæft neyðarþjónustufyrirtæki í Kaupmannahöfn sem annast fyrir íslensk vátryggingafélög, svo sem X og Y, flutning sjúkra og slasaðra til Íslands. Hinn 25. janúar 2012 var M svo fluttur með sjúkraflugi til Íslands og lagður inn á sjúkrahús í Reykjavík. M fékk greiddar bætur úr frítímaslysátryggingarlið heimilistryggingar hjá Y. Einnig virðist mega ráða af gögnum málsins að heimflutningur M frá Kanaríeyjum hafi verið greiddur úr vátryggingu hans hjá Y.

Með skriflegri tilkynningu 7. október 2014 gerði M kröfu um bætur úr greiðslukortatryggingu sem hann hafði í gildi hjá X. X hafnaði kröfu M, á þeirri forsendu að slysið hafi verið tilkynnt félaginu of seint og réttur M til bóta úr vátryggingunni því fallinn niður, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Samkvæmt 63. gr. laganna er óheimilt, nema annað sé tekið fram, að víkja frá ákvæðum II. hluta laganna sem fjallar um persónutryggingar, þ. á m. 124. gr., með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt vátryggingarsamningi. Af þessu ákvæði leiðir að víkja má frá ákvæðum laganna ef það hefur í för með sér betri stöðu þess sem á kröfu á hendur félaginu.

Í 4. gr. í vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar þeirrar sem hér á í hlut er fjallað um ferðaslysátryggingu og sjúkrakostnað. Í gr. 4.8.1 segir að viðlaga- og sjúkraþjónusta SOS INTERNATIONAL sé veitt allan sólarhringinn. Í ákvæðinu segir enn fremur að slysa- og sjúkraþjónustan sé hluti af sjúkrakostnaðarþætti vátryggingarinnar. Fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veiti sé öll ráðgjöf látin ókeypis í té, en innheimt sé fyrir veitta aðstoð á kostnaðarverði. Jafnan skuli tilkynna SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða sjúkleika vátryggðs sem er á ferðalagi erlendis og taka fram að hann sé tryggður af MASTERCARD. Í 8. gr. skilmálanna eru almenn ákvæði, en skv. gr. 8.1 ber að tilkynna félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Ekki er þess getið í skilmálunum að engin tengsl séu á milli þeirrar tilkynningarskyldu sem kveðið er á um í gr. 4.8.1 og þeirrar sem getið er í gr. 8.1. Þegar litið er til þess að tilkynna skal SOS um alvarleg slys eða sjúkleika vátryggðs þegar hann er á ferðalagi erlendis verður að líta á tilkynningarskyldu þessa, í þeim tilvikum þegar hún á við, sem sértæka tilkynningu sem jafngildir tilkynningu skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. Af hálfu M var SOS tilkynnt um slysið 13. janúar 2012, svo sem fyrr greinir, á þann hátt sem skilmálarnir mæla fyrir um. M hafði því fullnægt þeirri tilkynningarskyldu sem á honum hvíldi samkvæmt vátryggingarsamningi þeim sem í gildi var hjá X. Ekki verður séð að það verði rakið til atvika sem M verður kennt um að X barst fyrst vitneskja um slysið í október 2014. Að svo vöxnu telst M eiga óskoraðan rétt til bóta úr slysátryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá X.

Reykjavík, 30. júlí 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 205/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Stórkostlegt gáleysi. Sönnun. Umferðarslys 29. ágúst 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. júní 2015.
3. Myndband úr öryggismyndavél dags. 29. ágúst 2014.

**Málsatvik.**

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að tilkynnt hafi verið að ekið hefði verið á mann við Ráðhústorg á Akureyri þann 29. ágúst 2014. Þegar lögregla kom á staðinn var M þar og hafði orðið fyrir líkamstjóni og á vettvangi var annar maður sem lýsti atburðarrás þannig að ekið hafi verið utan í M. Í gögnum málsins eru lýsingar af atvikinu raktar af hálfu M, ökumanns bifreiðarinnar X sem og margra vitna. Í skýrslutökum er í löngu máli farið yfir aðdraganda óhappsins með mismunandi lýsingum. Þegar litið er til þess hvernig M varð fyrir líkamstjóni má hins vegar sjá tvenns konar lýsingar. Annars vegar lýsir M atvikum eins og vitni sem vitnað er til í frumskýrslu, að ekið hafi verið utan í hann. Hins vegar lýsir ökumaður bifreiðarinnar X sem og farþegar í þeirri bifreið að líkamstjón M megi rekja til þess að hann hafi verið að slá til farþega í bifreiðinni X og hafi bifreiðinni þá verið ekið af stað og M þá gripið í gluggapóst á bifreiðinni og þannig dregist með henni.

V hefur takmarkað ábyrgð sína um 50% og telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V byggir afstöðu sína á lýsingum ökumanns bifreiðarinnar X og farþega um að M hafi sýnt ógnandi tilburði og slegið til farþega í framsæti bifreiðarinnar og gripið síðan í gluggapóst bifreiðarinnar og þannig dregist með henni þegar henni var ekið af stað. V telur að slík háttsemi sé þess eðlis að M hafi mátt vera ljóst að af henni gæti hlotist líkamstjón og megi jafna henni til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 88. gr. áðurnefndrar umferðarlaga.

M telur að ekki sé sannað að hann hafi sýnt háttsemi sem jafna má til stórkostlegs gáleysis. M bendir á skýrslu vitnis sem var á vettvangi og að ökumaður bifreiðarinnar X og farþegar hennar hafi ekki gefið skýrslu vegna málsins fyrr en mörgum mánuðum eftir atvikið. Einnig vísar M til upptöku úr öryggismyndavél af atvikinu sem sýni að bifreiðinni X hafi verið ekið hratt af stað. M telur að ökumaður X hafi ekki ekið í samræmi við fyrirmæli 1. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga og megi líkamstjón hans fyrst og fremst rekja til þess.

**Álit.**

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort M hafi, sem gangandi vegfarandi, sýnt af sér háttsemi sem jafna má til stórkostlegs gáleysis af hans hálfu þegar hann varð fyrir líkamstjóni þann 29. ágúst 2014. M og vitni sem var á vettvangi þegar lögreglu bar að bera um atvikið með þeim hætti að ökumaður X hafi ekið snöggt af stað og ekið utan í M með þeim afleiðingum að hann féll í götuna og hlaut líkamstjón. Framburðarskýrslur ökumanns X og farþegar eru allar á þann veg að M hafi sýnt ógnandi tilburði og hafi sjálfur sýnt háttsemi sem leiddi til líkamstjóns hans.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi hlotið líkamstjón þegar bifreiðinni X var ekið um Ráðhústorg á Akureyri og að megi rekja líkamstjónið til notkunar þeirrar bifreiðar. Þegar metið er hvort vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína vegna greiðslna úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar á grundvelli 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga verður að líta til þess að félagið ber sönnunarbyrði um að háttsemi þess sem krefur félagið um bætur sé þess eðlis að jafna megi henni til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings. Í þessu máli er nokkur ágreiningur milli aðila um hvernig

líkamstjón M bar að. Atvik máls voru ekki rannsökuð ítarlega strax og frekari skýrslutökur fóru fram mörgum mánuðum síðar. Upptökur úr öryggismyndavél sýna ekki með óyggjandi hætti háttsemi M. Með hliðsjón af þessu verður að líta svo á að V beri hallann af því að verulegur vafi er uppi um hvort háttsemi M hafi verið þess eðlis að jafna megi henni til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga eða að slík háttsemi hafi leitt til líkamstjóns hans. V getur því ekki takmarkað ábyrgð sína á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 206/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar byggingaraðila.****Starfsmaður slasaðist er hann féll á milli hæða í húsbyggingu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.6.2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti var M starfsmaður fyrirtækisins A sem kom að endurbyggingu húseignarinnar L í Reykjavík samkvæmt samningi við byggingaraðilann, B. Ekkert nánar liggur fyrir í málinu um efni sammings þessa.

M kveðst hafa verið búinn að vinna í húsbyggingunni í um tvo mánuði ýmist á 3. eða 4. hæð. Þegar slysið varð, 27. febrúar 2014, var hann við vinnu á öðrum degi á 2. hæð hússins. Að morgni slysdags hafi hann verið að „undirbúa timbur fyrir vegg hæðarinnar.“ Eftir kaffihlé hafi hann tekið við að hreinsa upp eftir timburvinnuna frá því fyrr um morguninn. Hafi hann safnað saman afgangum og rusli í hjólbörur og hugðist svo færa hjólbörunar. Þegar hann hafi bakkað með þær hafi hann fallið niður um op í horni hæðarinnar. Hafi hann fallið um 3 m niður á næstu hæð og lent á bakinu. Engir útveggir hafi verið á hæðinni og heldur engar fallvarnir.

Fór M á slysa- og bráðadeild Landspítalans þar sem hann lá inni fram á næsta dag. Hann var sagður óvinnufær a.m.k. til 22. apríl 2014 er hann kom í endurmat hjá læknum spítalans.

Við starf sitt kveðst M hafa verið undir verkstjórn B og hafi B borið ábyrgð á því að öryggisaðstæður væru fullnægjandi á vinnustaðnum, sbr. 17. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Þá beri B ábyrgð á slysinu með því að fjölmargar skráðar háttsemisreglur hafi verið vanræktar og vísar M í þeim efnum m.a. til 13., 17., 23. 37., 38. og 42. gr. laga nr. 46/1980 og 8., 1. mgr. 21. og 7. mgr. 33. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Enn fremur vísar M til 79.-81. gr. laga nr. 46/1980 þar eð B tilkynnti ekki um slysið til Vinnueftirlits ríkisins (VER). M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu. Verið var að klára að reisa útvegg þegar slysið varð og hafi M tekið þátt í því að fjarlægja fallvarnir þar sem reisa átti útvegginn, en þess hafi þurft með svo unnt væri að reisa hann. Annars staðar hefðu fallvarnir verið til staðar. Ekki hafi verið sýnt fram á að brotið hafi verið gegn lögum nr. 46/1980, en M hafi sönnunarbyrðina í þeim efnum. Þá bendi ekkert til að M hafi orðið fyrir svo alvarlegum meiðslum að tilkynningarskylda atvinnurekanda skv. 79. gr. laganna hafi stofnast.

**Álit.**

Fyrirsvarsmönnum B á staðnum átti ekki að geta dulist að M hafði orðið fyrir alvarlegum meiðslum og verið óvinnufær um langt skeið strax frá slysdegi að telja. Tilkynningarskylda hvíldi á B skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. B vanrækti þessa tilkynningarskyldu og engar haldbærar skýringar hafa komið fram sem réttlætt geta þessa vanrækslu. Verður að leggja frásögn M til grundvallar um málsatvik að því marki sem B tekst ekki að sýna fram á hið gagnstæða. Verður þannig að leggja til grundvallar þá frásögn M að hann hafi fallið niður um op í horni hæðarinnar. Ekki ágreiningur um að þar hafi fallvarnir vantað. Ekki virðist heldur ágreiningur um að B hafi borið ábyrgð á því að viðhlítandi fallvarnir væru til staðar í byggingunni. Engin haldbær gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að skort á fallvörnum megi rekja til atvika sem M verður kennt um. Eins og hér stendur á verður að telja að B beri ábyrgð á því að fallvarnir hafi vantað þar sem M féll niður. Jafnvel þótt M kunni að hafa

vitað af því hvernig aðstæður voru eru ekki efni til að ætla að það verði virt honum til stórkostlegs gáleysis. Verður réttur hans til bóta úr hendi B því ekki skertur, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. M á því rétt til óskertra bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 207/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. innbústryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Munum stolið úr bíl þ. 9.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 28.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 10.6. 2015 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

M segir að brotist hafi verið inn í bifreið hans 9.12.2014 og tilgreindum munum stolið úr bifreiðinni. M krefst bóta úr heimilisverndartryggingu sinn hjá V og segist hafa læst bifreiðinni og um samlæsingar sé að ræða þannig að báðar hurðir á þessum tveggja dyra bíl læsist samtímis og ekki hægt að skilja aðra hurðina eftir ólæsta. M segir því að ótvírætt hafi verið að um innbrot í læsta bifreið hafi verið að ræða. Í skýrslu lögreglu kemur fram að ekki sjáist neinar skemmdir að utanverðu á bifreiðinni en það útiloki ekki að farið hafi verið inn í bifreiðina með einhverjum hætti. Samkvæmt vottorði frá Lásapjónustunni dags. 2.2.2015 segir að ekkert mál sé að brjótast inn í bíla af þeirri gerð sem hér ræðir um án þess að ummerki sjáist. V hafnar bótaskyldu og vísar í grein 4.6 í vátryggingaskilmálum og telur að ekki hafi verið um innbrot að ræða sbr. það sem kemur fram í lögregluskýrslu

**Álit.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ekki sjáist neinar skemmdir að utanverðu á bifreiðinni, en það útiloki ekki að farið hafi verið inn í bifreiðina með einhverjum hætti. Þá kemur fram í yfirlýsingu frá Lásapjónustunni að ekkert mál sé að brjótast inn í bifreiðar af þeirri tegund sem hér ræðir um án þess að áverkar sjáist. M fullyrðir að hann hafi læst bifreiðinni áður en hann yfirgaf hana áður en farið var inn í bifreiðina, þessari fullyrðingu M er ekki mótmælt af hálfu V. Í ákvæði 4.6. vátryggingaskilmála verður orðalag um greinileg merki um innbrot ekki skilið öðruvísi en varúðarregla í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að læsa bifreið eða híbýlum eftir atvikum. Þessa niðurstöðu má finna til dæmis í málum nefndarinnar nr. 239/2014 og 17 og 180/2015 sem varða sambærileg ákvæði í vátryggingarskilmálum sama vátryggingafélags og hér á í hlut. Ekkert haldbært hefur komið fram um að umrædd varúðarregla hafi verið brotin í umrætt sinn. M á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.7. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 208/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Vinnuslys. Öryggishlífar. Eigin sök þ. 26.9.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 29.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-21
2. Bréf V dags.25.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

M segir að hann hafi verið að skipta um mót í vél og notað til þess báðar hendur og hafi læsipinni á vélinni náð að spenna þumalfingurinn á M fastan, en hann náð að losa sig. Bent er á að öryggishlífar sem hefðu átt að vera þar sem læsipinninn sé hafi ekki verið til staðar í umrætt sinn og hafi M ekki vitað af því að þær hefðu verið fjarlægðar og slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. M segist lítið hafa unnið við mótaskipti á umræddri vél eins og hann hafi gert í umrætt sinn. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að ástand vélarinnar sem M vann við hafi verið vanbúin þá hafi ekki verið tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits og beri vátryggingartaki hallan af því. Af hálfu M er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna setta með stoð í þeim lögum einkum reglugerð nr. 367/2006 og 492/1987. Í ljósi þeirra reglna sem gildi telur M að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi starfað hjá A í rúm 10 ár þegar slysið varð og hafi náð 1.stigi vélstjóramenntunar og verið vaktstjóri þegar slysið varð. Þá segir V að M hafi verið vel kunnugur þeirri vél sem um ræðir og m.a. kennt nýjum starfsmönnum á hana. V segir að á vélinni sjálfri sé merki sem vari við klemmihættu og hverjum þeim sem skipti um mótin sé ljóst hvort að öryggishlífin sé til staðar eða ekki. Þá segir V að það hafi staðið M næst að sjá til þess sem vaktstjóra að öryggishlíf væri á vélinni sem og annar búnaður með fullnægjandi og forsvaranlegum hætti á vinnustaðnum.

**Álit.**

Ágreiningslaust er að búið var að fjarlægja öryggishlífar af vélinni sem M vann við, en óheimilt er að fjarlægja öryggishlífar af vélum. Ekki verður annað séð en að orsakatengsl séu milli þess að öryggishlífar voru fjarlægðar og þess og hvernig slys M bar að. Þrátt fyrir að M beri ábyrgð sem vaktstjóri, þá ber atvinnurekandi jafnan ábyrgð á því að öryggisbúnaður sé fyrir hendi og í lagi. Málið var ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlits eða vinnuveitandans strax eftir slysið. Miðað við aðstæður og gögn málsins verður því að leggja frásögn M af atburðinum til grundvallar. Starfsmaðurinn sem vann við vélina sem um ræðir var nýhættur og A gerði engar ráðstafanir til að setja öryggishlífar vélarinnar upp aftur. Aðstæður á vinnustað voru ekki forsvaranlegar þar sem öryggishlífar vantaði. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. Þegar lítið er til þess hve lengi M hafði unnið á umræddum vinnustað, reynslu hans, þekkingar hans á aðstæðum á vinnustað og af vélinni sem um ræðir og þess að honum mátti vera ljóst að öryggishlífar voru ekki á vélinni áður en hann byrjaði að vinna við hana þegar slysið varð, þykir M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sbr. 23.gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykir því rétt að hann beri þriðjung tjóns síns sjálfur.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en ber þriðjung tjónsins sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 209/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingarliðs húseigendatryggingar.****Kona slasaðist er hún féll í hálfu á plani við sjálfsafreiðslubensinstöð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 1.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 19. mars 2013, var M hinn 4. mars 2015 kl. 7.25 að morgni á leið til vinnu í bifreið ásamt manni sínum. Þau ákváðu að kaupa eldsneyti á bifreiðina á sjálfsafreiðslubensinstöð A að B í Reykjavík. Á meðan maður hennar dældi eldsneyti á bifreiðina kvaðst M hafa stokkið í hraðbanka við verslunarbyggingu á B. Á leið til baka hafði hún runnið í hálfu á plani A með þeim afleiðingum að hún brotnaði á vinstri fæti.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar D, eiganda B, hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum má ráða að eitthvert frost hafi verið í efri byggðum Reykjavíkur um það leyti sem slysið varð og um nóttina. Á fyrirbyggjandi ljósmyndum af slysstað má sjá vatnspoll fast við umferðareyju ekki langt frá bensíndælum A. Að öðru leyti virðist svæðið vera þurrt. Engin haldbær gögn liggja fyrir í málinu um það hvernig aðstæðum var háttað á svæðinu þegar slysið bar að höndum. Ekki verður heldur séð nákvæmlega hvar á svæðinu slysið varð, en það varð snemma morguns. Þá er ekkert í gögnum málsins sem gefur til kynna eða færð fyrir því haldbær rök að það hafi verið á valdi D að gera einhverjar ráðstafanir sem hefðu getað komið í veg fyrir slysið. Verður því að telja ósannað að það verði rakið til atvika sem D ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar D hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar D hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 210/2015****M  
og  
X f.h. ótilgreindra þýskra váttryggingafélaga (Y)  
v/ slysa- og örorkutryggingar.****Aðild erlends váttryggingafélags að samningi um úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.  
Frávísun.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 24.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 30.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Af gögnum málsins má ráða að málskotsaðili (hér eftir nefndur M) hafi gert samning við X um kaup á tveimur váttryggingum, annars vegar slysatryggingu með tryggðu endurgreiddu iðgjaldi við lok samningstíma og hins vegar tryggingu sem tryggir mánaðarlegan lífeyri til æviloka við minnst 50% örorku. Váttryggingaskírteini eru fyrst dagsett 22. mars 2006.

Í málinu kemur fram að M hafi gert kröfu um bætur frá X á grundvelli afleiðinga þriggja slysa sem hann kveðst hafa orðið fyrir, nánar tiltekið 19. og 31. maí 2013 þar sem hann lenti í umferðarslysum og 30. maí 2014 þegar hann varð fyrir alvarlegri líkamsárás. Samskipti M við X eru rakin í gögnum málsins og snýr ágreiningur M og X að því hvort ágreiningur eigi undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem og hvort váttryggingar M hafi verið í gildi á viðeigandi tímupunktum. Ekki er talið nauðsynlegt að tilgreina efnislega eðli ágreinings milli M og X í ljósi þess að fyrst þarf að leysa úr því hvort úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum er bær til að fjalla um ágreining milli M og X, eða eftir atvikum Y.

**Álit.**

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Hvorki X né Y eiga aðild að þessu samkomulagi og hafa ekki fallist á að málið verði tekið fyrir af nefndinni. Þegar af þeirri ástæðu heyrir málið ekki undir nefndina og ber að vísa því frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 211/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Hjólreiðamaður missir stjórn á hjóli þegar bílhurð var opnuð þ. 5.11.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 30. 6.2015. ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

M segir málavexti vera þá að ökumaður A hafi opnað bílhurð út í umferðina þar sem M hjólaði og hurðin farið í hliðina á M með þeim afleiðingum að M datt og slasaðist. Af hálfu M er á það bent að ágreiningur sé um hvort að bílhurðin hafi snert M eða ekki, en það skipti ekki máli þar sem að orsakasamband sé milli notkunar A og tjóns M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A og telur að tjónið falli undir notkunarhugtak 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en verði ekki á það fallist þá telur M að tjónið séu bótaskyldt úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar ökumanns A. V hafnar bótaskyldu og segir að engin snerting hafi verið með M og A. V vísar til framburðar ökumanns A um að hann hafi verið byrjaður að opna hurðina, en séð M koma og hætt við og séð hjólið “skjögra” fram fyrir A og M falla í götuna. V segir að ekkert sjáist á bílhurðinni og ósannað að tjón M megi rekja til notkunar A og á það skorti að orsakatengsl séu á milli tjóns og notkunar ökutækis. Þá hafnar V að tjón M sé bótaskyldt úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar ökumanns A þar sem ekki hafi verið um saknæma ólögmeta háttsemi af hálfu ökumanns A að ræða.

**Álit.**

Í 1. mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga segir, að sá sem beri ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki, skuli bæta það tjón, sem hlýst af notkun þess, enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanns. Orsakatengsl verða að vera milli notkunar ökutækis og þess tjóns sem það veldur og verður tjón að stafa af hættueiginleikum ökutækis til þess að hlutlæga ábyrgðarreglan eigi við. Ágreiningslaust er að ökumaður A opnaði hurð í veg fyrir akstursleið M, en segist hafa séð til ferða hans og hætt við, en M fallið af hjólinu í framhaldi af því. M segir hins vegar að hurðin hafi farið í hliðina á honum. Ljóst er að hurðin á A var opnuð í þann mund sem M kom hjólandi að henni og hvort sem M lenti á henni eða ekki þá fipaðist hann vegna þess að hurðin var opnuð með þeim afleiðingum að hann datt og slasaðist. Orsakatengsl eru því milli þess að hurðin var opnuð í veg fyrir M og slyssins. Ekki skiptir máli hvort M snerti hurðina eða ekki þar sem fyrir liggur og viðurkennt af aðilum að það að hurðin var opnuð leiddi til slyssins. Hurðin á A var opnuð í sömu andrá og M kom að bifreiðinni og því um tjón að ræða sem hlaust af notkun bifreiðarinnar sbr. 1. mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 11.8. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 212/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur í Múlagöngum við Ólafsfjörð 8. maí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 24. júní 2015.
3. Tölvupóstur ökumanns bifreiðar B dags. 10. júní 2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðum A og B í Múlagöngum þar sem bifreiðinni B var ekið frá Ólafsfirði og bifreið A frá Dalvík. Áreksturinn varð þar sem göngin eru einbreið en umferð er stjórnar með umferðarmerkjum hvoru megin þar sem umferð frá Ólafsfirði hefur forgang vegna aksturs um göngin, nánar tiltekið er um að ræða merki nr. D0511 í 5. gr. reglugerðar um umferðarmerki nr. 289/1995 og B25.11 í 4. gr. sömu reglugerðar. Einnig er umferð leiðbeint með sérstökum umferðarljósum en þær leiðbeiningar felast í því að rautt ljós kviknar fyrir umferð frá Dalvík ef bifreið sem hefur umferðarforgang er ekið inn í göngin. Í lögregluskýrslu kemur fram að ljósinn séu þannig stillt að reiknað sé með því að bifreið sem hafi umferðarforgang aki á um 50 km/klst hraða. Einnig er spegill á vettvangi þar sem ökumenn geta séð hvort bifreið sé ekið inn í göngin.

M telur að bifreið B hafi verið ekið allt of hratt m.v. aðstæður og vísar til þess að ökumaður A hafi ekið gegn gulu ljósi inn í göngin. Ef ökumaður B hefði haldið eðlilegum umferðarhraða hefði árekstur ekki orðið auk þess sem það hafi verið nokkur hálka í göngunum sem hafi gert frekari kröfur um varúð ökumanna.

V2 telur ökumann bifreiðar A bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann átti að veita umferð frá Ólafsfirði forgang við akstur um Múlagöng, en bifreið B hafi verið ekið þaðan. Skyldan hafi hvílt á ökumanni bifreiðar A, umferðarljós á vettvangi hafi verið til leiðbeiningar sem og hafi þeim ökumanni borið að horfa í spegil sem sýni umferð úr gagnstæðri átt og áreksturinn hafi orðið við stutt frá þeim spegli. Ekki sé sýnt að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og verði ökumaður bifreiðar A að bera hallann af því.

**Álit.**

Í málinu er óumdeilt að umferð sem ekur frá Ólafsfirði hefur forgang við akstur um Múlagöng og er umferð úr gagnstæðri átt leiðbeint bæði með umferðarljósum og þar til gerðum spegli sem gerir ökumönnum sem hafa ekki forgang kleift að fylgjast með umferð sem kemur á móti. Skylda til að veita forgang er ótvíræð og þau tæki sem eru til leiðbeiningar fyrir ökumenn, eins og umferðarljós og spegill, upphefja ekki þá skyldu ökumanns A. Ekki verður fullyrt af gögnum málsins að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt eða ógætilega m.v. aðstæður þannig að forgangur hans við akstur um göngin verði settur til hliðar. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber ökumaður A sem ber alla sök á árekstrinum þar sem henni bar að veita bifreið B forgang.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 213/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðatrygginga bifreiðanna A og B.**

**Árekstur á bifreiðastæði við Laugaveg þann 12. maí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 3. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. júní 2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á bifreiðastæði við Laugaveg. M kveðst hafa ekið af bifreiðastæði Ríkisskattstjóra til norðurs og litið eftir umferð frá vinstri, sem hún gerir ekki venjulega þar sem einstefna væri frá vestri til suðurs á þessum stað. Þegar M er að líta til vinstri skellur bifreiðar hennar og bifreið B saman. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið vestur akstursleið bifreiðastæðisins með fyrirhugaða stefnu austur Laugaveg. Kveðst hann hafa stöðvar bifreið sína þegar komið var fyrir hornið en þá hafi bifreið A, sem kom frá vinstri, ekið á bifreið sína.

**Álit.**

M heldur því fram að bifreið B hafi verið óheimilt að aka þessa leið frá bifreiðastæði fyrir framan Ríkisskattstjóra, sökum þess að innakstur frá Nóatúni inn á bifreiðastæðið er bannað, og því gert ráð fyrir að bifreiðir á bifreiðastæðinu aki þá leið inn á Nótatún.

Ekki verður fallist á með M að á bifreiðastæðinu sé einstefna til austurs. Engar umferðarmerkingar er að finna um að bifreiðastæðið sé háð einstefnu. Þar af leiðandi gilda ákvæði 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um hægri rétt en þar kemur fram að þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang. Bifreið B var hægra megin við bifreið A þegar áreksturs varð og bar M því að gæta að umferð frá hægri.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar A (M) ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 214/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**Tryggingamiðstöðin hf. (V-2) vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Listabraut þann 11. maí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 2. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V-1 dags. 5. júní 2015, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V-2 dags. 9. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Listabraut þann 11. maí 2015 milli bifreiðanna A og B. Ökumenn bifreiðanna eru ósammála um aðdraganda árekstursins. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið inn á Listabraut til hægri út af Kringlunni (götunni). Ökumaðurinn kveðst hafa verið búinn að skipta yfir á vinstri akrein eftir að hann kom framhjá gangbrautinni þegar bifreið B var ekið inn á Listabrautina til vinstri beint í vinstri hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa komið norður Ofanleitið og þaðan inn á Listabrautina til vinstri, eftir að hafa sinnt biðskyldu sinni á horni Ofanleitis og Listabrautar. Kveðst ökumaðurinn hafa verið búinn að ljúka vinstri beygju inn á Listabraut til vesturs og kominn í ríkjandi stöðu þegar ökutæki B sveigir fyrirvaralaust af hægri akrein Listabrautar yfir á þá vinstri beint inn í hægri hlið bifreiðar B.

Samkvæmt vitni var bifreið B búin að taka beygjuna inn á Listabraut og að jepplingur hafi þá ekið þvert yfir akreinina og í hlið bifreiðar B.

**Álit.**

Miðað við gögn málsins, þ. á m. myndir, var bifreið B ekki komin langt inn á Listabraut þegar áreksturinn varð. Biðskylda var á bifreið B sem átti að gæta varúðar vegna umferðar um Listabraut, sbr. 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Vegur þessi skylda bifreiðar B þyngra en varúðarskyldan vegna akreinaskipta. Verður því að telja að ökumanni bifreiðar B hafi borið að gæta varúðar vegna biðskyldunnar á horni Ofanleitis og Listabrautar. Þar sem það var ekki virt verður að leggja alla sök á bifreið B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar B (M) ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 215/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.**

**Slys viðskiptavinar á bifreiðastæði verslunar 5. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. júní 2015 ásamt svörum X við fyrirspurn V dags. 15. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M féll og hlaut líkamstjón á bifreiðastæði við verslun X. M kveðst hafa lagt bifreið sinni nálægt inngangi verslunarinnar og runnið í hálfu á svæði sem ekki var saltað.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins þar sem ekki hafi verið gerðar nægar varúðarráðstafanir við hálkuvarnir á bílastæði verslunar X. Það sé ekki nóg að geta ráðstafanir fyrir opnun verslunar sem er opin frá kl. 10-19 á daginn en slys M hafi orðið um kl. 17. M hafi verið á grófbotna gönguskóm í greint sinn en hafi samt sem áður dottið við verslun sem sé mjög fjölsótt og ráðstafanir verslunareigenda verði að taka mið af því. Einnig vísar M til dóma Hæstaréttar þar sem sé fjallað um athafnaskyldur verslunareigenda til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna.

V telur að X hafi sinnt hálkuvörnum nægilega vel með því að gera ráðstafanir við að skafa og hálkuverja bílastæði við opnun verslunarinnar. Það sé ekki hægt að gera þær kröfur til X að hann haldi bifreiðastæðum alveg snjólausum við þær veðuraðstæður sem þekktar séu á Íslandi.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Í máli þessu liggur fyrir að bifreiðastæði við verslun X hafi verið skafið og hálkuvárið fyrir opnun verslunar. Þó slys M hafi verið kl. 17 að degi til verður ekki ráðið að veðuraðstæður hafi verið þannig að kallað hafi á frekari ráðstafanir af hálfu X. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fleiri óhöpp eða tilkynningar um hættulegar aðstæður umræddan dag. Ekki er hægt að gera sömu kröfur til verslunareigenda um aðstæður í húsnæði verslana eða á bifreiðastæðum og verður ekki séð að X hafi vanrækt þær athafnaskyldur sem hvíla almennt á verslunareigendum um að tryggja öryggi vegfarenda. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 3. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 216/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar R.**

**Vinnuslys í skipi í slipp þann 20. október 2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 4. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti koma ekki fram samtímagögn um líkamstjón M en málsatvikum er lýst í málskotinu sjálfu og bréfi V. Í grundvallaratriðum virðist ekki vera ágreiningur um að M hafi slasast þegar hann, í starfi sínu sem rafvirki, fór á vegum vinnuveitanda síns R til að laga rafkerfi í vélarrúmi skips sem var í slipp á athafnasvæði annars fyrirtækis, hér eftir vísað til sem S. Þegar hann var þar staddur hafi hann þurft að stíga á mjóan járnbita til að komast að rafmagnstöflu skipsins og við það hafi hann dottið og slasast.

M telur að R beri ábyrgð á óforsvaranlegum vinnuaðstæðum sem hafi verið á vettvangi þess verkefnis sem M átti að vinna og vitnar þar til skyldna vinnuveitanda um að tryggja öryggi á vinnustöðum, sem taldar eru í lögum nr. 46/1980 sem og til Hrd. 626/2013 þar sem fjallað er um fyrrnefndar skyldur. M telur ekki skipta máli að slysið hafi orðið á athafnasvæði S og vísar til þess að forsvarsmenn R hafi vitað um aðstæður um borð í skipinu þar sem M átti að vinna. Einnig vísar M því á bug að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993 þannig að hann beri hluta tjónsins vegna eigin sakar.

V telur að aðstæður á athafnasvæði annars fyrirtækis (S) séu ekki á ábyrgð R og bendir á að eftir slysið hafi starfsmenn S sett upp vinnupall á staðnum til að auðvelda aðgengi. Aðstæður á vettvangi hafi því alfarið verið á forræði starfsmanna S. Einnig bendir V á að M hafi verið menntaður og reynslumikill starfsmaður sem hafi átt að leggja mat á það sjálfur hvernig hann vann verkið, m.a. að gera öryggisráðstafanir við hæfi.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort skilyrði skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð R, sem vinnuveitanda M, séu fyrir hendi vegna slyss M sem varð á athafnasvæði S þann 20. október 2010. Um sömu atvik er fjallað í úrskurði nefndarinnar vegna máls nr. 217/2015.

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 eru lagðar umtalsverðar skyldur á atvinnurekendur til að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustöðum. Sem dæmi má nefna 13. gr. laganna og 17. gr. þeirra sem kemur fram að þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir, sem og aðrir sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Þegar M var sendur á athafnasvæði S er um að ræða vinnustað þar sem fleiri atvinnurekendur koma að og hafa vald til þess að hafa áhrif á, vegna eðli vinnunnar, og verða aðstæður ekki taldar sambærilegar og þær sem lýst er í Hrd. 485/2006. Verður því að telja að bæði atvinnurekandinn R, sem vinnuveitandi M, og atvinnurekandinn S, sem sá sem kallar fyrirtækið R inn á vinnusvæði sitt, hafi þær skyldur sem raktar eru í áður nefndum lögum og reglum þeim tengdum. Þær aðstæður sem voru fyrir hendi við þegar M kom á staðinn voru erfiðar sökum ljósleysis. Á R og S hvíldi sameiginleg skylda að tryggja annars vegar að lýsing til verks M væri fullnægjandi sem og að aðgangur hans að vinnusvæði væri þannig að hægt væri að ganga að því án verulegrar hættu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að þeim skyldum hafi ekki verið sinnt nægilega vel. Ekki hafa verið lögð fram gögn um samskipti starfsmanna fyrirtækjanna R og S sem sýna að fyrirtækin hafi sammælst um einhverja sérstaka tilhögun sín á milli um öryggismál á athafnasvæði S.

Að þessu sögðu teljast skilyrði skaðabótaábyrgðar talin vera fyrir hendi jafnt hjá R og S. Verður því að fallast á greiðsluskyldu V úr ábyrgðartryggingu R. Ekki eru skilyrði til að meta háttsemi M sjálfs til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga og má í því tilliti vísa til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 275/2014 þar sem tekin er afstaða til sambærilegs ágreinings um háttsemi M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 217/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar S.**

**Vinnuslys í skipi í slipp þann 20. október 2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.6.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 23. júní 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti koma ekki fram samtímagögn um líkamstjón M en málsatvikum er lýst í málskotinu sjálfu og bréfi V. Í grundvallaratriðum virðist ekki vera ágreiningur um að M hafi slasast þegar hann, í starfi sínu sem rafvirki, fór á vegum vinnuveitanda síns (R) til að laga rafkerfi í vélarrúmi skips sem var í slipp á athafnasvæði S. Þegar hann var þar staddur hafi hann þurft að stíga á mjóan járnbita til að komast að rafmagnstöflu skipsins og við það hafi hann dottið og slasast.

M telur að S beri ábyrgð á óforsvaranlegum vinnuáðstæðum sem hafi verið á vettvangi þess verkefnis sem M átti að vinna og vitnar þar til skyldna vinnuveitanda um að tryggja öryggi á vinnustöðum, sem taldar eru í lögum nr. 46/1980 sem og til Hrd. 626/2013 þar sem fjallað er um fyrrnefndar skyldur. M telur að S beri ábyrgð á aðstæðum á athafnasvæði sínu og það skipti ekki máli hvort M sé starfsmaður S eða annars fyrirtækis. M vísar m.a. til þess að frágangur vinnuljósá hafi verið ófullnægjandi hjá S. Einnig vísar M því á bug að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993 þannig að hann beri hluta tjónsins vegna eigin sakar.

V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til samstarfssamnings vinnuveitanda M og S og segist V hafa óundirritað afrit af samningnum í sínum vörslum, en segist hafa ákveðið að leggja samninginn ekki fram í samráði við S vegna viðskiptahagsmuna. V segir að rangt sé að ljós hafi verið í vélarrúminu þegar M kom til starfa og þá hafi S ekki lagt niður deild til að tryggja vinnuumhverfi í skipum. Slík deild sé ekki til. V vísar til þess að vinnuveitandi M hafi annast um vinnulýsingu og ekki réttlætjanlegt að senda mannskap niður í skipið fyrir en búið er að tryggja slíka lýsingu. V segir að slys M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi S

**Álit.**

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort skilyrði skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð S séu fyrir hendi vegna slyss M sem varð á athafnasvæði S þann 20. október 2010. Um sömu atvik er fjallað í úrskurði nefndarinnar vegna máls nr. 216/2015.

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 eru lagðar umtalsverðar skyldur á atvinnurekendur til að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustöðum. Sem dæmi má nefna 13. gr. laganna og 17. gr. þeirra sem kemur fram að þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir, sem og aðrir sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Þegar M var sendur á athafnasvæði S er um að ræða vinnustað þar sem fleiri atvinnurekendur koma að og hafa vald til þess að hafa áhrif á, vegna eðli vinnunnar, og verða aðstæður ekki taldar sambærilegar og þær sem lýst er í Hrd. 485/2006. Verður því að telja að bæði atvinnurekandinn R, sem vinnuveitandi M, og atvinnurekandinn S, sem sá sem kallar fyrirtækið R inn á vinnusvæði sitt, hafi þær skyldur sem raktar eru í áður nefndum lögum og reglum þeim tengdum. Þær aðstæður sem voru fyrir hendi við þegar M kom á staðinn voru erfiðar sökum ljósleysis. Á R og S hvíldi sameiginleg skylda að tryggja annars vegar að lýsing til verks M væri fullnægjandi sem og að aðgangur hans að vinnusvæði væri þannig að hægt væri að ganga að því án verulegrar hættu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að þeim skyldum hafi ekki verið sinnt nægilega vel. Ekki hafa verið

lögð fram gögn um samskipti starfsmanna fyrirtækjanna R og S sem sýna að fyrirtækin hafi sammælt um einhverja sérstaka tilhögun sín á milli um öryggismál á athafnasvæði S.

Að þessu sögðu teljast skilyrði skaðabótaábyrgðar talin vera fyrir hendi jafnt hjá R og S. Verður því að fallast á greiðsluskyldu V úr ábyrgðartryggingu S. Ekki eru skilyrði til að meta háttsemi M sjálfs til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga og má í því tilliti vísa til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 275/2014 þar sem tekin er afstaða til sambærilegs ágreinings um háttsemi M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 11.8. 2015

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 218/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Maður varð fyrir bifreið á Fjarðarhrauni í Hafnarfiði.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 5.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 24.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 21. desember 2013, um kl. 21:42, var bifreiðinni A ekið á M þar sem hann var á leið yfir Fjarðarhraun í Hafnarfirði skammt sunnan gatnamóta við Stakkahraun. Mun M hafa lent á hægri framhorni A. M varð fyrir meiðslum, einkum á hægri fæti. Myrkur var og götulýsing. Færð er lýst svo í lögregluskýrslu að ísing og hálka hafi verið. Við athugun lögreglu á vettvangi var A í gangi og ljóslaus. Við rannsókn lögreglu á ljósabúnaði A var einnig komist að þeirri niðurstöðu að ljós hafi ekki logað á henni þegar slysið varð. M reyndist vera undir áhrifum áfengis og mældist áfengismagn í blóði hans 2,25%.

Í skýrslu sem tekin var M kvaðst hann hafa verið að koma úr strætisvagni og verið á leið heim til sín að Stapahrauni. Hann hafi verið búinn að drekka þrjár dósir af bjór og fundið fyrir áfengisáhrifum en ekki mikið. Hann hafi séð A en bara verið að flýta sér yfir götuna. Hann kvaðst halda að ljós hafi verið kveikt á A.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið norður Fjarðarhraun á hægri akrein, er hann hafi allt í einu tekið eftir M á miðri akreininni. Hann hafi beygt til vinstri á beygjuakrein til að forðast að aka á M, en það hafi ekki tekist og hafi M lent á framhorni A hægri megin. Aðspurður kvað ökumaðurinn að ökuljós A hafi verið kveikt, en bifreiðin væri ekki með dagljósabúnaði. Í framburðarskýrslu hjá lögreglu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið á hægri ferð, eða um 50 km hraða á klst., og til móts við American Style hafi M skyndilega hlaupið yfir götuna, hafi hann skyndilega birst á götunni. Kvaðst hann hafa beygt skyndilega til vinstri til að lenda ekki á M, en M hafi lent á hægri horni og spegli A. Hann kvaðst ekki vera sammála því að A hafi verið ljóslaus, það séu eðlileg viðbrögð hjá sér að kveikja ljósin, sérstaklega í myrkri.

Eitt vitni kvaðst hafa séð er A var ekið á M og hafi A verið ljóslaus.

Annað vitni kvaðst hafa séð M ganga frá Dalshrauni við American Style út á akbrautina. Hafi A þá verið ekið norður Fjarðarhraun og á M. A hafi ekki verið ekið hratt en hún hafi verið ljóslaus.

Þriðja vitnið kvaðst hafa verið í bifreið á leið suður Fjarðarhraun og séð A ljóslosa koma á móti og byrja að rása. Henni hafi svo verið ekið á M sem hafi verið svartklæddur.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu en telur að skerða beri bótarétt M um 2/3 þar sem hann hafi verið meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi með því að ganga í veg fyrir aðvífandi umferð undir verulegum áfengisáhrifum án þess að nota nærliggjandi gangbraut og dökkklæddur að næturlagi.

**Álit.**

Skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (ufl.) skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Skv. 2. mgr. sömu gr. má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af gögnum málsins, einkum framburði vitna og niðurstöðu rannsóknar lögreglu á A, verður að telja nægilega sannað að A hafi verið ljóslaus í aðdraganda þess að slysið varð. Þá virðist ökumaður A ekki hafa séð til ferða M fyrr en hann birtist skyndilega fyrir framan hann á leið yfir akbrautina, en þá hafði M gengið yfir vestari vegarhelming götunnar, umferðareyju og einhvern spól áleiðis yfir eystri

vegarhelming götunnar. Þegar til þessa er litið verður ekki séð að ökumaður A hafi gætt þeirrar varúðar og tillitssemi í akstri sínum sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 4. gr. ufl. Fram hjá því verður á hinn bóginn ekki horft að M var undir talsverðum áfengisáhrifum, dökkklæddur í myrkri að fara yfir umferðarmikla götu í hálfu og ísingu. Þótt A teljist hafa verið ljóslaus, eins og áður greinir, kveðst M engu að síður hafa séð til ferða hennar en verið að flýta sér. M fór ekki yfir götuna á gangbraut og ekki verður ráðið af gögnum málsins né heldur athugun á vettvangi að gangbraut hafi verið nálægt nema allnokkru sunnar eða sunnanvert við gatnamót Fjarðarhrauns og Hjallahrauns. Að þessu virtu telst sannað að M sýndi verulegt gáleysi sem jafnað verður til stórkostlegs gáleysis er hann gekk yfir götuna í veg fyrir A. Að svo vöxnu þykir rétt að beita fyrrgreindri heimild 2. mgr. 88. gr. ufl. og skerða bætur fyrir líkamstjón hans. Þegar litið er til atvika allra þykir hæfilegt að bætur séu skertar um 1/3.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 30. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 220/2015****M  
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A  
og ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur í Skeiðarvogi hinn 30.5.2015****Gögn.**

- 1) Málskot, móttakið 7.6.2015, ásamt fylgiskjölum
- 2) Bréf X, dags. 29.6.2015

**Málsatvik.**

M ók bifreiðinni A frá biðskyldu í Faxafeni og inn á hægri akrein Skeiðarvogs í Reykjavík. Bifreiðinni B var ekið austur eftir Skeiðarvog og var að skipta um akrein í sama mund og árekstur varð með bifreiðunum. M segist hafa ekið inn á Skeiðarvog og þegar hann hafði verið komin inn á hægri akrein á leið austur hafi bifreiðinni B verið ekið í veg fyrir hann þar sem hún var að skipta um akrein. Ökumaður bifreiðar B segist hafa gefið stefnumerki og byrjað að skipta um akrein áður en hann kom að akreininni frá Fákafeni þar sem málskotsaðili ók inn á Skeiðavog en að málskotsaðili hafi ekki gætt að biðskyldu.

X telur M sem ökumann bifreiðar A bera alla sök á tjóninu.

M telur ökumann bifreiðar B bera alla sök.

**Álit.**

Í umrætt sinn ók málskotsaðili inn á aðalbraut og rakst á bifreiðin B sem skipt um akrein á sama tíma. M ber sem ökumaður bifreiðar A alla sök þar sem hann ók inn á aðalbraut og á bifreið B og virti því ekki aðalbrautarrétt og biðskyldu eins og honum bar að gera skv. fyrirmælum 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eða aðgætti nægjanlega vel aðstæður.

**Niðurstaða.**

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík, 1. september 2015

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

**Mál nr. 221/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Krafa í réttaraðstoðartryggingu vegna riftunar á bifreiðakaupum þ. 12.6.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.4.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 11. júní 2015 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

Mál var höfðað gegn M til riftunar kaupum stefnanda á bifreið M. Ekki var fallist á kröfu kaupandans en M ekki tildæmdur málskostnaður vegna málarekstursins. M gerir því kröfu um bætur úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V. M segir að málið hafi ekki varðað hann sem eiganda bifreiðar, sem hann hafi selt áður en málið hófst. V hafnar bótaskyldu og vísar til tl. gr. 50.gr. vátryggingaskilmála þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða matsbeiðni, sem varði vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis o.s.frv. V segir að ágreiningur í málinu hafi varðað það m.a. hvort að M hafi leynt tilteknum göllum við sölu bifreiðarinnar og því ótvírætt að ákvæðið taki til þessa tilviks.

**Álit.**

Ágreiningur í því dómsmáli sem M vísar til og krefst þess að fá greiddan kostnað úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V varðar sölu hans á bifreið og riftun á þeim kaupum. Ágreiningurinn í málinu er því komin til vegna eignarhalds M á vélknúnu ökutæki og fellur undir ákvæði tl. g. 50.gr. vátryggingarskilmála þar sem kveðið er á um að vátryggingin taki ekki til ágreinings eða máls sem varði vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.7. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 222/2015****M og  
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis X.****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðaróhapps 1. júlí 2008.****Gögn.**

1. Málskot móttékið þann 3. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 20. júlí 2015 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu lenti M í árekstri á gatnamótum Suðurbrúar og Drottningarbrautar á Akureyri þann 1. júlí 2008 en hann var ökumaður bifreiðar X. Báðar bifreiðarnar snérist við áreksturinn og voru talsvert skemmdar.

M kveðst hafa fengið hálsþnykk við áreksturinn en hafi ekki leitað læknis þegar eftir slysið. Það hafi verið um miðbik árs 2011 að M hafi leitað aðstoðar lækna vegna eymsla og verkja í baki og hálsi vegna slyssins. M kveðst glíma enn við þessi einkenni þótt hann hafi leitað reglulega til lækna vegna þeirra frá 2011.

V viðurkenndi bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækis með tölvupósti þann 10. maí 2012. Var það gert á grundvelli fyrirbyggjandi lögregluskýrslu en engra annarra gagna.

Með bréfi þann 3. júní 2014 hafnaði V því að um bótaskyldu væri að ræða, m.a. með vísan til þess að orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M væru ósönnuð. Hefur félagið því hafnað greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

**Álit.**

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á orsakatengsl milli tjóns hans (einkenna) og tjónsatburðar. Verður nú vikið að því hvort M hafi í þessu máli tekist að sanna orsakatengsl milli óhappsins 1. júlí 2008 og þeirra varanlegra einkenna sem hann kveðst búa við í dag.

Ekki er getið um þess í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu að slys hafi orðið á fólki. Ljóst er að engin samtímagögn um einkenni M liggja fyrir í málinu. Samkvæmt læknisvottorði leitaði M fyrst til læknis í lok maí 2011, þ.e. tæplega þremur árum eftir áreksturinn.

Engin önnur gögn í málinu færa sönnur á að M hafi hlotið varanleg líkamleg einkenni vegna óhappsins 1. júlí 2008. Verður því að telja að orsakatengsl milli óhappsins og varanlegra einkenna M séu ósönnuð.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 223/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar eftirvagns A.**

**Tjón á bifreið þegar hurðir fuku upp þ. 23.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 9.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 22. 6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M segir að A hafi verið á ferð með stóran eftirvagn þegar hurðir fuku upp þegar sterk vindhviða kom á bílinn. M segir að umræddur vagn hafi verið í notkun hjá M í langan tíma og verið í lagi. M krefst bóta úr vagnatryggingu sinni hjá V og vísar til greinar 3.3. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti tjón á eftirvagni af völdum óveðurs ef hann fýkur eða hurðir eða hlutar hans fjúka upp. Í tjónstilkynningu lýsir ökumaður A atvikum þannig að ein hliðarhurð hafi opnast og um leið hafi komið mjög sterk vindhviða og sprengt allar hurðirnar upp. V hafnar bótaskyldu og vísar til að skv. tjónstilkynningu hafi hurðin ekki opnast vegna óveðurs heldur hafi hún opnast af öðrum ástæðum, en í málskoti sé atvikum lýst með öðrum hætti eins og að framan greinir. V telur miðað við lýsingu í tjónstilkynningu að það sé ósannað að tjónið megi rekja til óveðurs eða annarra orsaka sem vátryggingin nær til.

**Álit.**

Ekki er fullt samræmi milli atvikalýsingar í málskoti og tjónstilkynningu. Engin gögn hafa verið lögð fram um veður þegar óhappið varð. Ekkert liggur því fyrir sem rennir stoðum undir staðhæfingu M um að óveður hafi verið þegar óhappið átti sér stað. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr vagnatryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr vagnatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 224/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ frítímaslysátryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um hvort áverka á fæti megi rekja til slyss.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 9.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 25.6.2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt tjonstilkynningu, dags. 16. janúar 2015, rann M til í bleytu í tröppum og féll niður í bílakjallara á heimili sínu í febrúar eða mars 2014. Kvaðst hann hafa bólgnað á fæti og fengið mikla verki.

M leitaði til heimilislæknis 5. nóvember 2014. Í fyrirliggjandi læknisvottorði er haft eftir M að hann hafi bólgnað miðlægt á hægri fæti, átt erfitt með að ganga og verkir í mánuð. Eftir sé kúla sem standi út úr fætinum og nuddist við skó. Fengin var röntgenmynd af hægri hárist. Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir m.a.: „Hægri hárist: Það er grunur um status eftir brot á medíalt á os naviculare. Það er á þessu svæði sem oft er að líta aukabein sem er os tibiale externum en hér er um óreglulegri kanta að ræða. Þannig að útlit bendir til að hér sé um að ræða status eftir brot. Það er talsverður mjúkartaauki þarna yfir. Mælt er með tölvusneiðmyndarannsókn til frekara mats á broti og gróanda.“ Tölvusneiðmynd var fengin 10. nóvember 2014 sem sýndi: „TS hægri rist: Einnig er hægri rist mynduð til hliðsjónar. Í hægri ristinni er os tibiale externum með töluverðri óreglu í bilinu á milli þess og os naviculare. Ekki er sýnt fram á áverkamerki. Vinstra megin er os naviculare cornuatum, þeas. hnúður medíalt á beininu en engin frí beinvala. Bein- eða liðbreytingar greinast ekki að öðru leyti.“ Í lok læknisvottorðsins kemur síðan fram að ályktað sé sem svo að ekki virðist sem um beináverka sé að ræða en „mikla óreglu á os naviculare“.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysátryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Að frátöldu læknisvottorði því sem að ofan greinir eru engin læknisfræðileg gögn fyrir hendi í málinu. M kveðst í fyrstu hafa bólgnað miðlægt á hægri fæti og verið með verki í mánuð. Einkenni þau sem M kvartar nú undan er það sem í læknisvottorðinu er nefnt „mikla óreglu á os naviculare“ en ekki virðist sem um beináverka hafi verið að ræða. Þegar litið er til þessa sem og þess að allt að níu mánuðir liðu frá umræddum tjónsatburði uns M leitaði læknis verður af gögnum málsins ekki talið nægilega sannað að þau einkenni sem M býr við nú megi rekja til atviksins er hann féll í tröppunum í febrúar eða mars 2014. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 30. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 225/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar – frítímaslystrygging.**

**Slyshugtakið – tvö atvik 13. desember 2013 og 6. júní 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. júní 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti eru rakin tvö atvik þar sem M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni. Annars vegar þann 13. desember 2013 þar sem kona M hafi rykk í teppi sem hann hafi setið á og í sömu mund hafi hann lyft sér upp og þannig fundið fyrir miklum sársauka í baki. Hins vegar hafi M verið að taka sláttuvél út úr húsi sínu og hafi honum þá skrikað fötur og þannig fengið slink á bak.

M telur að bæði atvikin hafi orðið vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi 3.gr. vátryggingarskilmála V. M kveðst hafa leitað ítrekað til læknis vegna umræddra atvika, m.a. greinst með samfallsbrot í hrygg, og vísar auk þess til dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands, sérstaklega Hrd. 128/2013 máli sínu til stuðnings.

V telur að ekki sé sýnt að M hafi orðið fyrir líkamstjóni með þeim hætti sem hann lýsir þann 13. desember 2013 og bendir á að M hafi ekki leitað til læknis sérstaklega vegna þess atviks og ósannað sé að samfallsbrot í hrygg sé hægt að rekja til umrædds atviks en það hafi ekki greinst fyrir en mörgum mánuðum síðar. Vísar V til Hrd. 21/2010 máli sínu til stuðnings. Varðandi ætlað atvik þann 6. júní 2014 telur V að leggja verði til grundvallar fyrstu lýsingu M á atvikum þar sem hann lýsir aðstæðum þannig að hann hafi fundið fyrir því að hryggjarliður féll saman þegar hann var að fara með sláttuvél út í garð. Í þeirri lýsingu sé ekki að finna nokkuð um utanaðkomandi atburð sem hafi leitt til líkamstjónsins. Síðari tíma skýringar sé ekki hægt að leggja til grundvallar.

**Álit.**

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort M hafi við tvenns konar aðstæður hlotið líkamstjón sem rekja má sérstaklega til skyndilegra og utanaðkomandi atburða í skilningi svokallaðs slyshugtaks vátryggingaréttarins sem fram kemur í skilgreiningu í 3. gr. vátryggingarskilmála V. Hvað varðar fyrri tilvikið eru ekki til nokkur sönnunargögn sem styðja lýsingu M á afleiðingum þess atviks sem hann lýsir. Greining samfallsbrots mörgum mánuðum síðar verður ekki talin næg sönnun þess að það hafi orðið við það atvik sem M lýsir að hafi átt sér stað 13. desember 2013. Hvað varðar atvikið 6. júní 2014 verður til þess að gefa fyrstu lýsingu M á atvikum meira vægi en síðari tíma lýsingum og verða gögn málsins ekki túlkuð með öðrum hætti en að líkamstjón M hafi orðið vegna einvers innra með honum en ekki vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingarskilmála og túlkunar Hæstaréttar á því hugtaki.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 226/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna slysaftryggingar sjómanna X.**

**Afleiðingar slyss í skipi 29. nóvember 2011. Tilkynningafrestur.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M féll í stiga um borð í skipi X 29. nóvember 2011. V fékk tilkynningu um atvikið 16. ágúst 2013. Ekki virðist um að ræða ágreining um að atvikið átti sér stað eins og M lýsir en ágreiningur er um hvort V hafi fengið tilkynningu um tjónið innan árs frá því M vissi um atvik sem krafa hans er reist á skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og ef svo er hvort sannað sé hvaða líkamlegu afleiðingar atvikið hafði.

M telur að hann hafi hlotið áverka í umræddu atviki sem hafi leitt til einkenna sem hann á við að glíma í dag og að hann hafi ekki vitað um atvik sem krafa hans er reist á fyrr en í fyrsta lagi 16. ágúst 2012. M vísar til læknisfræðilegra gagna og greinargerð frá sjúkrahjálfa máli sínu til stuðnings og telur að þar komi fram að einsýnt sé að orsakatengsl séu á milli atviksins og einkenna hans. M vísar til þess að hann hafi ekki átt þess kost að vita um atvik sem krafa hans er reist á fyrr en eftir að hann var búinn að vera í meðferð hjá sjúkrahjálfa sumarið 2012 og hann var búin að fá meðferð frá sérfræðingum á sama tíma.

V rekur læknisheimsóknir M og vísar til þess að hann hafi farið til sérfræðinga strax í byrjun árs 2012 og hafi þá verið greindur með brjóskekli í apríl 2012, þá hafi hann einnig verið metinn óvinnufær og fengið vottorð þess efnis. Þá hafi hann átt að vita um atvik að baki kröfu sinni og ársfrestur 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi því byrjað að líða strax í kjölfar atviksins í lok nóvember 2011. Í síðasta lagi hafi M átt að vita um atvik að baki kröfu sinnar þegar hann fór í skoðun hjá sérfræðingi í bæklunarlækningum í maí 2012. V bendir einnig á að læknisfræðileg gögn málsins sýni ekki með skýrum hætti að orsakatengsl séu milli atviksins í lok nóvember 2011 og þeirra einkenna sem M á við að stríða í dag og bendir sérstaklega á læknisvottorð þar sem sérfræðingur í bæklunarlækningum lýsir þeirri skoðun sinni að einkenni M séu frekar að rekja til slitbreytinga en áverka.

**Álit.**

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort M hafi tilkynnt um tjón sitt til V innan árs frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þegar gögn málsins eru skoðuð má sjá að M leitaði til lækna og sjúkrahjálfa vegna afleiðinga atviksins 29. nóvember 2011 í desember 2011 og áfram á vor- og sumarmánuðum 2012. Á því tímabili kom m.a. fram mat lækna á því að M væri með brjóskekli og ýmis meðferð reynd, þ.á.m. svokölluð rötardeyfing. Þann 16. ágúst 2012 fékk M upplýsingar um að sú meðferð myndi ekki skila bata og ári síðar tilkynnti hann um tjón til V. Verður að telja m.v. þær upplýsingar sem koma fram í læknisfræðilegum gögnum og öðrum gögnum sem fjalla um líkamlegt ástand M að hann hafi fyrst eftir umræddar upplýsingar vitað um atvik sem krafa hans um bætur fyrir varanlega örorku er reist á. Telst M því hafa tilkynnt málið til V innan þess frests sem tilgreindur er í 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu á milli þess atviks sem varð 29. nóvember 2011 og þeirra einkenna sem M á við að stríða í dag. Verður af læknisfræðilegum gögnum ekki með endanlegum hætti ráðið að hve miklu leyti tiltekin einkenni sé hægt að rekja til umrædds

atviks, enda liggur ekki fyrir endanlegt mat á umræddum afleiðingum. Þessi gögn eru þó talin sýna að atvikið hafi haft einhverjar varanlegar líkamlegar afleiðingar fyrir M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 227/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.**

**Umferðaróhapp á bílastæði við Víkurhvarf dags. 17.4.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 8.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 11. júní 2015.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu kemur fram að bifreið B var ekið aftur á bak úr porti þegar ökumaður bifreiðar A opnar hurð á bifreiðinni með þeim afleiðingum að árekstur verður með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðar A segist hafa verið nýbúin að leggja bifreiðinni, með því að bakka henni í stæði, og verið að stíga út úr henni þegar B hafi verið bakkað á hurðina. Ökumaður B segist hafa verið að bakka rólega út úr porti á bílastæðinu og ekki tekið eftir þegar hurð á A var opnuð og lent á hurðinni. Í tjónstilkynningu kemur fram að starfsmaður Aðstoðar&Öryggis skoðaði myndbandsupptöku vegna atviksins og lýsir atvikum þannig að jafnvel þótt hurð á bifreiða A hefði ekki verið opnuð eru líkur á að árekstur hefði orðið með bifreiðunum vegna akstursstefnu bifreiðar B.

Í málskoti kemur fram að M, sem eigandi bifreiðar A, er ósátt við vinnubrögð og samskipti við fyrirtækið Aðstoð&Öryggi sem annaðist skýrslugerð á vettvangi og verður málskotið ekki skilið öðruvísi en að M telji ökumann bifreiðar B bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa beygt of fljótt þegar hann bakkaði út úr fyrrnefndu porti.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna atvika málsins eða sakarskiptingar.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi opnað hurð á bifreið A og þannig hafi orðið árekstur við bifreið B, sem var að bakka í sömu andrá. Í 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður sem opnar hurð út í umferð beri sérstaka varúðarskyldu. Í ljósi þess að árekstur varð með bifreiðunum þannig að hurð á bifreið A var opnuð út í akstursleið bifreiðar B verður ekki hjá því komist að telja ökumann A bera alla sök á árekstrinum. Ekki þykir nægilega sannað m.v. fyrirliggjandi gögn að háttsemi ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti að hann beri einnig sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 11.8.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 228/2015**

**Helga Helena Sturlaugsdóttir**  
og  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
og  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Lambhagavegi sunnan við Korputorg á Vesturlandsvegi þann 27.4.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 22.6.2015.
3. Bréf V2, dags 24.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið á Lambhagavegi „suður frá Korputorgi“ og rétt komin að hringtorginu við Vesturlandsveg. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið og vinstra afturhorn A og hægra framhorn B. Í skýrslu sem gerð var um atvikið á vettvangi kemur fram að engin ummerki hafi verið hvar áreksturinn átti sér stað og búið hafi verið að færa bifreiðirnar.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 10-15 km hraða á klst. og verið að fara inn á hægri akreinina þegar hann hafi orðið var við högg. Hann hafi ætlað að aka á ytri hring og síðan Vesturlandsveg til suðvesturs.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á vinstri akrein og ekið fremur hægt. Hann hafi verið kominn við hlið A og verið samsíða A þegar A hafi verið ekið inn á vinstri akreinina og utan í B. Síðan hafi A verið beygt aftur til baka til hægri.

**Álit.**

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Engin verksummerki voru á vettvangi sem gátu gefið til kynna hvar á akbrautinni ökutækin voru staðsett þegar áreksturinn varð. Af ákomustöðum á bifreiðunum og skemmdum á þeim verður heldur ekki ráðið með neinni vissu um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Er ósannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt þessu, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 30. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 229/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar Í.**

**Bifreið ekið á steiptan stólpa og umferðarmerki sem lokuðu vegi 6.1.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V dags. 15. júlí 2015.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni eftir Stakkabraut áleiðis til Helguvíkur á Reykjanesi. Þegar M kom að gatnamótum Stakkabrautar og Selvíkur sá hann að vegurinn var lokaður og tókst ekki að afstýra árekstri þar sem hálka var á veginum. M segist hafa ekið á hraðanum 70 km/klst. Í lögregluskýrslu segir að þrátt fyrir góða veglýsingu hafi verið erfitt að sjá lokun vegarins og hafi merkingu vinnusvæðisins verið verulega ábótavant. Lögregla ræddi við verkstjóra hjá Í á vettvangi og greindi honum frá að vegmerkingum væri verulega ábótavant og hefði hann verið sammála því. M telur að Í hafi ekki gætt þess að setja upp fullnægjandi vegamerkingar og beri því ábyrgð á umferðaróhappinu. V samþykkir bótaskyldu en telur að M beri helming tjóns síns vegna eigin sakar. Því vill M ekki una og krefst þess að M fái tjónið bætt að fullu. M segir að vegmerkingum hafi verið verulega ábótavant og ekki uppfyllt kröfur umferðarlaga og þá hafi Í ekki sent út tilkynningu til þeirra sem starfa á svæðinu sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 492/2009. V telur að M hafi ekki gætt ákvæða 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að miða ökuhraða við aðstæður og ekið allt of hratt og verði tjón M rakið til gáleysislegs aksturslags M í aðdraganda atviksins.

**Álit.**

Í lögregluskýrslu um atvikið segir að lögregla, M og verkstjóri Í á vettvangi voru sammála um að vegmerkingum væri verulega ábótavant. Engin gögn hafa verið lögð fram sem hnekkja því mati. Í ber því meginsök á tjóni sem M varð fyrir þar sem Í hvorki gætti þess að setja upp fullnægjandi vegmerkingar né sendi út tilkynningu um lokun vegar til hlutaðeigandi aðila. M ók á 70 km. hraða í aðdraganda tjónsatviksins. Myrkur var og hálka og því óvarlegt af M að aka svona hratt en með því sýndi M af sér gáleysi og rétt að hann beri tjón sitt að einhverju leyti, þó ekki að sama marki og Í. M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V, en ber sjálfur fjórðung tjónsins eða ¼ vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á að fá tjón sitt bætt, en ber sjálfur ¼ tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 18.8.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**ENDURUPPTAKA****Mál nr. 229/2015****M og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar Í.****Bifreið ekið á steiptan stólpa og umferðarmerki sem lokuðu vegi 6.1.2015.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 15.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V dags. 15. júlí 2015.
3. Athugasemdir lögmanns M dags. 26. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni eftir Stakkabraut áleiðis til Helguvíkur á Reykjanesi. Þegar M kom að gatnamótum Stakkabrautar og Selvíkur sá hann að vegurinn var lokaður og tókst ekki að afstýra árekstri þar sem hálka var á veginum. M segist hafa ekið á hraðanum 70 km/klst. Í lögregluskýrslu segir að þrátt fyrir góða veglýsingu hafi verið erfitt að sjá lokun vegarins og hafi merkingu vinnusvæðisins verið verulega ábótavant. Lögregla ræddi við verkstjóra hjá Í á vettvangi og greindi honum frá að vegmerkingum væri verulega ábótavant og hefði hann verið sammála því. M telur að Í hafi ekki gætt þess að setja upp fullnægjandi vegamerkingar og beri því ábyrgð á umferðaróhappinu. V samþykkir bótaskyldu en telur að M beri helming tjóns síns vegna eigin sakar. Því vill M ekki una og krefst þess að M fái tjónið bætt að fullu. M segir að vegmerkingum hafi verið verulega ábótavant og ekki uppfyllt kröfur umferðarlaga og þá hafi Í ekki sent út tilkynningu til þeirra sem starfa á svæðinu sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 492/2009. V telur að M hafi ekki gætt ákvæða 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að miða ökuhraða við aðstæður og ekið allt of hratt og verði tjón M rakið til gáleysislegs aksturslags M í aðdraganda atviksins.

**Álit.**

Við fyrri afgreiðslu nefndarinnar var ekki upplýst um frest sem lögmaður M hafði fengið til að skila athugasemdum vegna málskotsins, en sá frestur hafði verið gefinn til 1. september 2015. Í ljósi þessa er málið endurupptekið og hefur nefndin fjallað um það með hliðsjón af umræddum athugasemdum sem bárust með bréfi dags. 26. ágúst 2015. Nefndin telur hins vegar að þær breyti ekki afstöðu nefndarinnar til málsins. Verður fyrri niðurstaða því staðfest sem hér segir: Í lögregluskýrslu um atvikið segir að lögregla, M og verkstjóri Í á vettvangi voru sammála um að vegmerkingum væri verulega ábótavant. Engin gögn hafa verið lögð fram sem hnekkja því mati. Í ber því meginsök á tjóni sem M varð fyrir þar sem Í hvorki gætti þess að setja upp fullnægjandi vegmerkingar né sendi út tilkynningu um lokun vegar til hlutaðeigandi aðila. M ók á 70 km. hraða í aðdraganda tjónsatviksins. Myrkur var og hálka og því óvarlegt af M að aka svona hratt en með því sýndi M af sér gáleysi og rétt að hann beri tjón sitt að einhverju leyti, þó ekki að sama marki og Í. M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V, en ber sjálfur fjórðung tjónsins eða ¼ vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á að fá tjón sitt bætt, en ber sjálfur ¼ tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 22.9.2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 230/2015**  
**M**  
**og váttryggingafélagið V vegna slysaftryggingar launþega.**

**Slys við stjórn kranabifreiðar þann 2. maí 2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 12. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V frá 20. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Þann 2. maí 2008 var M við vinnu sína við stjórn kranabifreiðar á Nýbýlavegi í Kópavogi. Verið var að nota vélknúinn krana bifreiðarinnar við að hífa gám upp á tengivagn hennar. M hafði komið gáminum fyrir á tengivagninum og var að fara upp á pallinn fyrir aftan bifreiðahúsið þegar hann féll aftur fyrir sig niður á jörðina með þeim afleiðingum að hann brotnaði illa hægri úlnlið.

M höfðaði mál á hendur V til heimtu greiðslu úr lögboðinni slysaftryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, vegna líkamstjónsins. Í dómi Hæstaréttar frá 31. mars 2015 var rakið að orsök slyss M hefði verið sú að þegar M hefði verið að fara upp á pall bifreiðarinnar hefði hann fallið aftur fyrir sig og til jarðar. Var talið að þótt M hefði sem stjórnandi bifreiðarinnar unnið við að ferma bifreiðina þegar slysið varð þá hefði bifreiðin verið kyrrstæð og slysið yrði að virti dómafrákvæmd réttarins ekki rakið til notkunar hennar, sérstaks búnaðar hennar eða eiginleika sem ökutækis. Þegar af þeirri ástæðu var V sýknað af kröfu M.

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar gerði M þann 13. apríl 2015 svo kröfu um bætur úr slysaftryggingu launþega. V svaraði þann 19. apríl 2015 að allar hugsanlegar kröfur um bætur úr slysaftryggingu launþega væru fyrndar með vísan til 1. mgr. 125. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Telur V að miða beri upphaf fyrningarfrests við lok ársins 2008 og að krafan hafi fyrnst um áramótin 2012/2013. Telur félagið að málshöfðun er varðar kröfu um bætur úr slysaftryggingu ökumanns slíti ekki fyrningu vegna hugsanlegra bótakrafna úr öðrum tryggingum.

**Álit.**

Leysa ber úr ágreiningsefni þessu með vísan til 125. gr. laga um váttryggingarsamninga en ekki 52. gr. laganna, líkt og málskotsaðili byggir á. Í 1. og 2. másl. 125. gr. laganna kemur fram að krafa um váttryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum og aðrar kröfur um bætur á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Samkvæmt d. lið 1. mgr. 62. gr. laganna er „höfuðstólstrygging“ skilgreind sem váttrygging þar sem félagið skal greiða tiltekna fjárhæð sem þó getur verið skipt niður á fleiri en einn gjalddaga. Sú slysaftrygging sem um ræði í þessu máli er s.k. höfuðstólstrygging. Samkvæmt því fyrnist krafa um váttryggingarfjárhæð í slysaftryggingunni á tíu árum.

Ljóst er að krafa M um bætur úr slysaftryggingu launþega er ekki fyrnd enda gerðist slysið þann 2. maí 2008. Á M því rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega.

**Niðurstaða.**

M á rétt á slysabótum fyrir líkamstjón sitt úr slysaftryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 231/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Umferðaróhapp 22. febrúar 2014. Orsakatengsl vegna líkamstjóns.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. júní 2015 ásamt afriti þriggja tilgreindra fræðigreina.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M var farþegi í bifreið sem bifreiðinni X var ekið á. Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna, sem liggur frammi í málinu, er ekki getið sérstaklega um líkamstjón M. Í sérstakri tjónstilkynningu til V er afleiðingum umferðaróhappsins lýst þannig að M hafi verið að horfa til hliðar og hafi þannig fengið háls- og bakmeiðsli þegar ekið var aftan á bifreið sem hún var í. Í málinu liggur einnig fyrir læknafrétt frá slysadeild bráðadeildar Landspítala-Háskólasjúkrahúss þar sem kemur fram að M hafi komið þangað 27. febrúar 2014 og hún lýsir atvikum með svipuðum hætti og í tjónstilkynningu til V, þar kemur einnig fram að M hafi haft eymsli við þreifingu m.a. á hálsi.

M telur að það liggja fyrir á grundvelli læknisfræðilegra gagna að hún hafi hlotið líkamstjón við umferðaróhappið og beri V því að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X til hennar.

V telur ósannað að orsakatengsl séu milli umrædds atviks og óþæginda M en hún hafi ekki leitað til læknis fyrr en fimm dögum eftir atvikið. Auk þess vísar V til skýrslu Aðstoðar&Öryggis dags. 9. febrúar 2015 þar sem komi fram, m.v. útreikninga úr svokölluðu PC-Crash forriti, að þyngdarkraftur bifreiðarinnar X vegna árekstursins hafi verið 0,96g. Það sé það lítið högg að það geti ekki leitt til líkamstjóns og vísar V til fræðiskrifa þess efnis máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappi 22. febrúar 2014. M kveðst hafa fundið fyrir einkennum stuttu eftir áreksturinn og leitaði fimm dögum eftir það til læknis. Þau fátæklegu læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir sýna að M leitaði til læknis fimm dögum eftir atvikið. Í læknafrétti kemur ekki fram greining á sjúkdómsástandi M auk þess sem hún lýsir nokkuð almennum einkennum. Á meðan ekki liggja fyrir frekari sönnunargögn um orsakatengsl milli einkenna M og umferðaróhappsins telst vafi um orsakatengsl í þessu máli nokkur. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappinu. Að virtum fyrirbyggjandi gögnum telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 232/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.**

**Skaðabótaábyrgð eiganda hesta vegna tjóns á bifreið 7. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. ágúst 2015 ásamt gögnum, þ.á.m. tölvupóstur frá forsvarsmanni X dags. 13. janúar 2015, tölvupóstur frá AGdags. 21. janúar 2015 og tölvupóstur V dags. 28. janúar 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreið M þegar hún ók um Vesturlandsveg á Kjalarnesi og ók á hesta í eigu X. Í lögregluskýrslu kemur fram að skömmu áður en lögregla fékk tilkynningu um tjón M þá hafði verið tilkynnt um 7-8 hesta í lausagöngu á svipuðum slóðum. Í lögregluskýrslu kemur enn fremur fram að M kveðst hafa ekið á um 80 km/klst hraða og allt í einu hafi fjórir hestar hlaupið inn á veginn og hún lent á einhverjum þeirra. Engin veglýsing er á þeim stað sem tjónið varð og það var myrkur, auk þess sem það rigndi og var vegurinn blautur.

M telur að eigandi hestanna X hafi vanrækt vörslur þeirra, þ.e. að beitihólf sem þau voru í hafi ekki verið hrosshelt. M vísar til þess að hún hafi farið og skoðað umrætt hólf og þá séð að girðingum hafi víða verið ábótavant, fyrningar hafi safnast í skurði og dældir auk þess sem engar rafmagnsgirðingar hafi verið sjáanlegar. M vísar til 6. gr. reglugerðar um vörslu búfjár nr. 9/2000 (á væntanlega að vera 509/2000) auk þess sem hún vísar til laga nr. 103/2000 um búfjárhald. Auk þess vísar M til þess að lausaganga búfjár sé bönnuð á umræddum stað með vísan til 50. gr. vegalaga.

V vísar til upplýsinga í tölvupósti frá forsvarsmanni X þar sem kemur fram að starfsmenn X hafi gefið hestunum fyrir um daginn þann 7. janúar 2015 og lokað hliði á eftir sér. Þegar það hafi uppgötvast að hestarnir sluppu út kom hins vegar í ljós að hlið hafði verið opnað en starfsmenn X hafi ekki vitað af því.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort vörslum hesta hafi verið ábótavant af hálfu X þannig að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M. Í málinu er upplýst að hestar í eigu X sluppu út á veg í greint sinn. Í gögnum málsins eru leiddar líkur að því að hestarnir hafi sloppið út um opið hlið, en einnig liggur fyrir yfirlýsing frá forsvarsmanni X um að starfsmenn hans fullyrði að hliðinu hafi verið lokað fyrir um daginn. Þó ekki sé annað upplýst í málinu en að lausaganga búfjár sé bönnuð á svæðinu, sbr. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007, ber tjónþoli almennt sönnunarbýrði um að vörslum búfjár hafi verið ábótavant til þess að geta krafist skaðabóta úr hendi eiganda búfjár sem gengur laus á slíkum stöðum. Í málinu eru ekki skýrar upplýsingar eða sönnunargögn um að girðingar og beitihólf sem umræddir hestar voru geymdir í hafi verið þannig að meta megi eiganda til sakar eða starfsmönnum sem hann ber vinnuveitendaábyrgð á. Verður því að leggja til grundvallar að hestarnir hafi sloppið út um hlið í greint sinn og m.v. þær upplýsingar sem koma fram í málgögnum verður ekki fullyrt að starfsmenn X hafi opnað það hlið eða einhver á vegum X hafi vitað af opnu hliði. Er því ekki næg sönnunargögn í málinu til að leggja skaðabótaábyrgð á X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík 22. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 233/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar**

**Slys á skíðum 18.1.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 16.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 29. júní 2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 3.7.2015.

**Málsatvik.**

M var ásamt öðrum manni á skíðum í fjalli fyrir ofan Ísafjörð þegar snjóflóð svokallað “flekaflóð” fór af stað og lenti M í flóðinu og slasaðist. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og segir að flekaflóðið sem M lenti í hafi að öllum líkindum verið af mannavöldum og styðji veðurfar á svæðinu og aðstæður að öðru leyti þá fullyrðingu. M byggir á því að snjóflóðið sem hann lenti í sé ekki náttúruhamfarir í skilningi 69. gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingarinnar heldur hafi það fallið af mannavöldum og því sé tjón M bótaskyldt úr fjölskyldutryggingunni. M vísar til þess að vátryggingaskilmálarnir séu samdir einhliða af V og beri félagið hallann af því ef ákvæði eru óskýr sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 702/2012. Af hálfu M er lagt er fram bréf starfsmanns á Veðurstofu Íslands dags. 29.5.2015 segir að snjóflóð það sem hér ræðir um hafi að öllum líkindum verið af mannavöldum og M og félagi hans sett það af stað. V hafnar bótaskyldu og vísar til 69.gr. vátryggingaskilmála. V segir að óumdeilt sé að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að hann hafi orðið fyrir snjóflóði og orðið snjóflóð sé í daglegu tali notað óháð því hvort það hvort orsök þess kunni að vera rakin til manna, en undirliggjandi séu alltaf ákveðnar náttúrulegar aðstæður sem gera flóðið mögulegt. Þá mótmælir V þeim skilningi að orðin “annarra náttúruhamfara” eigi að leiða til þess skilnings að skriðuföll, snjó- og vatnsföll séu eingöngu undanskilin bótaskyldu ef eingöngu er um náttúrulega atburði að ræða. V segir að engin efni til þess að skýra orðið snjóflóð í vátryggingarskilmálunum svo þröngri skýringu að eingöngu sé um snjóflóð að ræða sem verði af náttúrulegum aðstæðum.

**Álit.**

Í 69.gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar M segir m.a. ”Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón vegna náttúruhamfara er bætt af Viðlagatryggingu Íslands.” Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að félagið bæti ekki tjón sökum snjóflóða og tekur undanþáguákvæði 69. gr. því samkvæmt orðanna hljóðan til snjóflóða án frekari skilgreiningar. Ekki er gerður greinarmunur á því hvað það er sem veldur snjóflóðinu, hvort því er komið af stað vegna aðgerða manna eða af öðrum ástæðum. Í ákvæðinu er vísað til annarra náttúruhamfara, þannig að vátryggingarskilmálarnir vísa til þess að þau sérgreindu atvik sem hér eru nefnd í 69. gr. vátryggingarskilmálanna séu náttúruhamfarir. Í því tilviki sem hér um ræðir var um snjóflóð að ræða sem fellur utan bótasviðs fjölskyldutryggingar M og ekki verður séð að tenging við náttúruhamfarir síðar í orðan 69. gr. vátryggingarskilmálanna breyti því að snjóflóð sem slík eru undanskilin áhætta samkvæmt ákvæðinu án nokkurrar takmörkunar miðað við eðli snjóflóðsins eða annað sem því viðkemur. Af

Þeim ástæðum þykir M ekki eiga rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V þar sem snjóflóð eru undanskilin samkvæmt orðanna hljóðan í 69. gr. váttryggingarskilmálanna.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 234/2015

M

og

váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar lífeyrissjóða.

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna lögmanskostnaðar í tengslum við dómssál gegn stjórnendum lífeyrissjóðs. Áhrif þess ef ágreiningsmál er til meðferðar almennra dómstóla.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 15.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 29.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M, sem eru sjö talsins, eru fyrrverandi stjórnarmenn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins A svo og maki eins fyrrverandi stjórnarmanns í A sem er látinn. A var aðili að váttryggingarsamningi um svonefnda ábyrgðartryggingu lífeyrissjóða hjá V.

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins ákvað stjórn A í mars og september 2008 að eiga viðskipti með nánar tilgreind skuldabréf útgefin af erlendum banka. Í kjölfar falls íslenskra banka í október 2008 telur A sig hafa orðið fyrir tapi vegna þessara viðskipta. Með bréfum, dags. 29. febrúar 2012, 28. júní 2013, 5. nóvember 2013 og 21. maí 2014 var af hálfu A krafist bóta úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V að öðrum kosti yrði dómssál höfðað á hendur félaginu til heimtu bótanna. Með tölvubréfi 23. júní 2014 hafnaði V kröfum A um bætur úr váttryggingunni og tók um leið fram að þess væri krafist, sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.), að A myndi beina fyrirhugaðri málshöfðun einnig gegn „hinum váttryggðu einstaklingum, stjórnarmönnum og/eða stjórnendum sjóðsins sem sjóðurinn telur að hafi bakað sér bótaskyldu með aðkomu sinni að þeim fjárfestingum sem málið varðar.“ Með stefnu þingfestri 4. september 2014 höfðaði A mál á hendur V og M til heimtu skaðabóta vegna þess tjóns sem A telur að M hafi bakað sér með þeim fjárfestingarákvörðunum sem teknar voru í mars og september 2008 og vikið er að hér að framan

Með bréfum, dagsettu 2. júlí 2014, mun V hafa tilkynnt M, hverju fyrir sig, um hina fyrirhuguðu málsókn af hálfu A. Með tölvubréfum 10.-16. júlí munu M hafa gert kröfur til þess að V greiddi þeim bætur úr ábyrgðartryggingunni vegna lögmanskostnaðar sem á þau félli vegna málarekstursins og að auki að skaðabætur, sem þau kynnu að vera dæmd til að greiða A, yrðu einnig greiddar úr tryggingunni. Með bréfi V til lögmanns M, dags. 2. október 2014, var kröfu M um greiðslu bóta vegna lögmanskostnaðar þeirra hafnað. Byggðist höfnunin á því að A hafi verið kunnugt um umræddar fjárfestingar og mögulegt ólögmati þeirra fyrir 1. desember 2011 þegar váttryggingin var framlengd og jafnvel einnig fyrir váttryggingartímabilið þar á undan sem hófst 1. desember 2010. Váttryggingartaki og hinir váttryggðu hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart V við endurnýjun og framlengingu váttryggingarinnar á árunum 2010 og 2011. Af þessu leiði „að framlenging váttryggingarinnar, sem var í gildi til og með 29. febrúar 2012, er niður fallin/ógild og því ekki til staðar váttrygging sem tekur til krafna umbjóðenda þinna.“

M una ekki höfnun V og telja að lögmanskostnaður þeirra skuli bættur úr váttryggingunni sem í gildi var frá 1. desember 2010 til 29. febrúar 2012, en óumdeilt sé að bréf A til V hinn 29. febrúar 2012 hafi verið bótakrafa samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar og hafi borist V á váttryggingartímabilinu. Upplýsingaskylda skv. 19. gr. vsl. hafi einungis snúið að váttryggingartaka en ekki M. Auk þess sé heimild V skv. 20. gr. laganna til að skerða eða fella niður ábyrgð sína á grundvelli rangrar eða ófullnægjandi upplýsingagjafar takmörkuð við váttryggingartaka eða þá sem eftir atvikum kunna að vera samsamaðir honum. Einnig hafi V ekki nýtt sér heimild 21. gr. til að segja váttryggingunni upp. Þá hafi V ekki tilkynnt M án ástæðulauss dráttar að það hygðist bera fyrir sig hina meintu vanræktu upplýsingaskyldu til að vera laust úr ábyrgð skv. reglum IV. kafla vsl., sbr. 31. gr. laganna.

V telur að í dómsmáli A gegn V og M sé ekki einungis tekist á um skaðabótaskyldu M vegna fjárfestingaákvæðana þeirra heldur einnig um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda lífeyrissjóða, þ.e. hvort váttryggingin hafi verið í gildi og taki til krafna A. Kröfum A og M um bætur úr váttryggingunni hafi verið hafnað á sama grunni, þ.e. að váttryggingartaki og hinir váttryggðu, M, hafi brotið gegn upplýsinga- og eða tilkynningarskyldu sinni til V ásamt fleiri atriðum sem greinir í bréfum V frá 23. júní 2014 og 2. október 2014. Með vísan til þessa og d. liðar 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum beri að vísa málinu frá nefndinni.

### Álit.

M krefjast þess fyrir úrskurðarnefnd að úrskurðað verði um skyldu V til greiðslu lögmannskostnaðar þeirra úr ábyrgðartryggingu þeirri sem að framan greinir og í gildi var 1. desember 2010 til 29. febrúar 2012 vegna bótakröfu A á hendur þeim. Svo sem að framan er rakið telja M að ábyrgð V verði ekki skert eða felld niður á grundvelli 20. gr., sbr. 19. gr. vsl.

Í héraðsdómsmáli því sem A rekur gegn M og V ber V fyrir sig að ábyrgð þess samkvæmt váttryggingarsamningnum sé fallin niður. Um þá málsástæðu kveðst V í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi byggja á því að við endurnýjun og framlengingu tryggingarinnar hafi váttryggingartaki, A, M og aðrir váttryggðir brotið gróflega gegn upplýsinga- og tilkynningarskyldu sinni, fyrst og fremst samkvæmt váttryggingarsamningnum sjálfum, en skýr krafa sé gerð til þessara aðila að veita ákveðnar upplýsingar við töku, endurnýjun og framlengingu tryggingarinnar. Jafnframt hafi þessir aðilar brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga, einkum 19. og 20. gr. laganna og almennum reglum váttryggingar-, kröfu- og samningaréttar með því að hafa ekki tilkynnt um þau atvik sem stefnukrafan byggir á. Er í greinargerðinni svo reifað á hvern upplýsingaskyldan hafi verið vanrækt að álit V í tengslum við endurnýjun váttryggingarinnar á árunum 2009, 2010 og 2011. Á grundvelli þess sem reifað er í greinargerðinni kveður V að ljóst sé að váttryggingartaki, A, M og aðrir váttryggðir hafi búið yfir ýmis konar upplýsingum sem þeim gat ekki dulist að hefðu getað haft verulega þýðingu við mat V á áhættu tryggingarinnar og væri forsenda fyrir endurnýjun hennar. M.a. með vísan til þessa kveðst V byggja á því að váttryggingartaki, A, M og aðrir váttryggðu hafi vanrækt lög- og samningsbundna upplýsinga- og tilkynningarskyldu gagnvart V við endurnýjun og framlengingu tryggingarinnar á árunum 2010 og 2011 með þeim réttaráhrifum að framlenging tryggingarinnar, sem var í gildi til og með 29. febrúar 2012, sé niður fallin og/eða ógild samkvæmt samningi aðila, 20. gr. laga um váttryggingarsamninga og almennum reglum samninga-, kröfu- og váttryggingarréttar, þar með talið II. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Að málsástæðu þessari er vikið í greinargerð M í héraðsdómsmálinu, en M kveðast byggja á því að A hafi ekki vanrækt upplýsingaskyldu sína með þeim hætti að ábyrgð V falli niður í heild eða að hluta. Jafnframt byggja M á því, að hvað sem líði meintri vanrækslu A á upplýsingaskyldu, þá hafi það engin áhrif á váttryggingarvernd M sem váttryggðra. Enn fremur eigi reglur um samsömun milli A og M ekki við í þessu efni, enda sé engin fyrirvari um það gerður í váttryggingarsamningi, sbr. 29. gr. laga nr. 30/2004. Ábyrgð V gagnvart M sé þannig ekki háð meintri vanrækslu A á upplýsingaskyldu sinni.

Samkvæmt d. lið 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómsmála. Þótt krafa M í máli þessu fyrir úrskurðarnefnd lúti að rétti þeirra til greiðslu lögmannskostnaðar úr hinni umdeildu váttryggingu fer ekki á milli mála að ágreiningur málsaðila um þann rétt er hinn sami og er til meðferðar í héraðsdómsmálinu eins og að framan greinir, þ.e. hvort réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingunni sé ekki fyrir hendi sökum þess að ábyrgð V hafi fallið niður eða sé ógild vegna vanrækrar upplýsingaskyldu við endurnýjun og framlengingu váttryggingarinnar árin 2009, 2010 og 2011. Ágreiningsmál aðila fyrir nefndinni er því í reynd til meðferðar í héraðsdómsmálinu, en af því leiðir að nefndin fjallar ekki um það. Málinu er því vísað frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 1. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

**Mál nr. 235/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.**

**Bifreið ók á kantstein og skilti og varð fyrir tjóni þ. 4.6.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.6.2015.
2. Bréf V dags. 1.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M segir í tjónstilkynningu að hægra hjól A hafi farið í vegkant og skilti og hjólabúnaðurinn hægra megin hafi skemmst. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V hefur samþykkt að greiða hluta tjóns M en segir að deilt sé um umfang tjónsins. Þá segir V að við skoðun á tjóninu hafi komið í ljós að ákomur pössuðu ekki við lýsingu á tjónsatviki auk þess sem M hafi orðið missaga um það hvernig A var komið af vettvangi. V segir að tjón á A sé mikið og hafi V samþykkt að greiða tjón á A sem mögulega hefði getað orðið vegna þess að A var ekið var utan í staurinn án viðurkenningar á bótaskyldu, en önnur tjón á bifreiðinni hafni V að greiða þar sem ósannað sé að önnur tjón á A tengist þessu tjónsatviki og engar skýringar hafi komið frá M.

**Álit.**

Ágreiningslaust er að tjónsatvik hafi orði sem fellur undir gildissvið kaskótryggingar M hjá V. Af hálfu M eru hins vegar engin gögn lögð fram og á það skortir að fyllilega sér gerð grein fyrir því hvert tjón hennar er. Miðað við fyrirliggjandi gögn, sem eru öll komin frá V að undanskilinni tjónstilkynningu, er ósannað hvað það var sem olli þeim skemmdum á A sem lýst er og þar sem engar skýringar hafa komið frá M sem sýna fram á rétt hennar til frekari bóta en þeirra sem V hefur boðið, þá á M ekki rétt á frekari bótum úr hendi V vegna tjónsins.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið vegna tjóns á A sem varð 4.6.2015.

Reykjavík 11.8.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 236/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna greiðslukortatryggingar - ferðarofstrygging.**

**Greiðsla ferðakostnaðar vegna líkamstjóns 16. nóvember 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. júní 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M var á ferðalagi í Bandaríkjunum þegar hún féll með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón, m.a. ökklabrot og rifu á hægri öxl. Vegna líkamstjónsins flýtti M heimferð sinni til Íslands.

M vísar til gr. 4.6.1 í vátryggingarskilmálum V þar sem kemur m.a. fram að félagið endurgreiði ferðakostnað vegna alvarlegra slysa. M telur ljóst að hún hafi orðið fyrir alvarlegu slysi þar sem hún hafi þurft að gangast undir aðgerð vegna þess og hafi verið metin til 10% læknisfræðilegrar örorku vegna afleiðinga þess og eigi því rétt á að fá endurgreiddan kostnað sem varð af því að breyta ferð sem og endurgreiðslu ferðakostnaðar sem hún ekki gat nýtt.

V vísar til þess að skilyrði endurgreiðslu ferðakostnaðar í gr. 4.6.1 í vátryggingarskilmálum sé að vátryggður þurfi skv. skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þurfi að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hafi orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi. Í máli M liggja fyrir að hún hafi leitað til læknis í Bandaríkjunum þar sem ökkli hennar hafi verið vafinn en brot hafi ekki greinst fyrr en hún kom til Íslands. V telur að ekkert af þessu eigi við og eigi M því ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni, hvorki á grundvelli þessarar greinar eða gr. 4.4 þar sem fjallað sé um greiðslu kostnaðar vegna ferðarofs.

**Álit.**

Endurgreiðsla ferðakostnaðar eða greiðsla viðbótarkostnaðar vegna breytingu á ferðatilhögun M er háð því að skilyrði vátryggingarskilmála fyrir slíkum greiðslum séu uppfyllt. M ber sönnunarbyrði fyrir því að þau skilyrði séu uppfyllt þegar hún gerir kröfu um endurgreiðslu ferðar á grundvelli sömu vátryggingarskilmála. Þegar litið er til gagna málsins verður ekki séð að M hafi sýnt fram á að heimferð hennar hafi verið flýtt skv. skriflegu læknisráði eða að hún hafi fengið samþykki V og neyðarþjónustu félagsins fyrir slíkum kostnaði. Verða skilyrði ofangreindra vátryggingaskilmála því ekki talinn uppfyllt í máli M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 237/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. sjúkra- og slysatryggingar.**

**Lögregluþjónn varð fyrir meiðslum við handtöku manns þ. 12.2.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.15.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-23
2. Bréf V dags. 24.8.2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 31.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

Lögreglumaðurinn M kom að handtöku manns þ.12.2.2012 og fékk M m.a. högg á vinstra hné og taldi lækni að um mar á liðbandafestingu væri að ræða. Fyrir slysið hafði M haft einkenni frá báðum hnjám vegna slysa á árunum 2010 og 2011. Í október 2013 kom fram að það voru miklar bólgur inn í hnénu og var það hreinsað. M var óvinnufær vegna aðgerðarinnar frá því í lok október 2013 til 1. desember s.á. og var M verkjalaus eftir það, en í apríl 2014 fór M að finna fyrir smellum í utanverðu vinstra hné og var talið að hugsanlega væri um rifu á ytri liðþófa að ræða, en M var ráðlagt að hreyfa sig áfram í þeirri von að smellirnir myndu ganga til baka. Örorkumat var framkvæmt á M dags. 7. október 2014 og var stöðugleikapunktur talinn hafa verið 22.1.2014. M er með sjúkra- og slysatryggingu hjá M og var slysið tilkynnt formlega 19.3.2015. M krefst bóta úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V og segir tilkynningu um slysið hafa borist áður en frestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 var liðinn. M hefði mátt ætla miðað við álit bæklunarlæknis vorið 2014 að ástand hans yrði betra og hafi M ekki gert sér grein fyrir að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni fyrr en í apríl 2014. Lögmaður M segir að gagnaöflun vegna slyssins 12.2.2012 hafi hafist síðla sumars 2014.

V hafnar bótaskyldu og segir að slysið hafi verið tilkynnt V of seint sbr. 124.gr. vsl. V segir að mjög fátækleg gögn liggja fyrir um afleiðingar slyssins frá því í febrúar 2012 og önnur gögn fjalli einvörðungu um afleiðingar eldri slysa og því erfitt að sjá á hverju mat læknisins sem mat örorku M byggir á þar sem ekki sé vikið að slysinu í neinum af fyrirliggjandi gögnum, sem lækni M styðji þó mat sitt við. Þá segir V að bæklunarlæknir M víki aldrei að slysi M 12.2.2013 við komur M til hans á árunum 2013-2014. V segir að M hafi lent í tveimur vinnuslysum, atvikum eða meiðslum sem leitt hafi til einkenna á vinstra hné, en ekki hafi farið fram örorkumót vegna þeirra mála. Þá bendir V á að M hafi leitað til læknis á slysdegi en síðan hafi liðið 18 mánuðir þangað til hann leitaði til læknis og skráning við þá komu varði eingöngu slysið 27.12.2010.

**Álit.**

M varð sannanlega fyrir áverka á vinstra hné 12.2.2012, en hafði fyrir slysið haft einkenni frá báðum hnjám eftir slys sem hann varð fyrir áður. Við skoðun læknis í framhaldi af áverkanum sem M hlaut 12.2.2012 varð niðurstaðan sú að um mar á liðbandafestingu væri að ræða. M leitaði síðan ekki til læknis fyrr en í október 2013 og framkvæmdi bæklunarlæknir M þá hreinsun á hnénu. Í örorkumati sem framkvæmt var á M dags. 7. október 2014 er stöðugleikapunktur M vegna slyssins 12.2.2012 talinn vera 22.1.2014. Slysið var tilkynnt formlega til V, 19.3.2015, en þá voru liðnir rúmir 15 mánuðir frá því að M gekkst undir aðgerð hjá bæklunarlækni og 13 mánuðir frá stöðugleikapunkti samkvæmt örorkumati vegna slyssins. Af ofangreindu verður ekki annað ráðið, en að M hafi átt að gera sér grein fyrir að um varanlegar afleiðingar slyssins gæti

verið að ræða strax í október 2013 þegar hann gekkst undir aðgerð hjá bæklunarlækni. Tilkynning um tjón M barst V því ekki fyrr en eftir að ársfresturinn skv. 1. mgr. 124.gr. vsl. var liðinn og á M því þegar af þeim ástæðum ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.9. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 238/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ líftryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr líftryggingu vegna rangrar upplýsingagjafar við töku hennar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 8.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A, sonur M, keypti líftryggingu hjá V samkvæmt umsókn, dags. 3. júlí 2002. Í umsókninni svaraði A því neitandi að hafa eða hafa áður haft þunglyndi, kvíða eða aðra geðsjúkdóma (n-liður 4. spurningar) eða aðra „sjúkdóma/vandamál“ (o-liður 4. spurningar). Einnig svaraði A því neitandi að vera eða hafa verið í meðferð hjá lækni og/eða sérfræðingi (5. spurning), hafa leitað læknis eða sjúkrastofnunar á síðustu þremur árum fyrir umsóknina vegna annars en umgangspesta (7. spurning), vera eða hafa verið á lyfjum (8. spurning) eða nota eða hafa notað deyfandi eða örvandi lyf (9. spurning).

Í ágúst 2014 lést A af völdum sjálfsvígs. M eru réttshafar að líftryggingunni. Í september s.á. gerðu þau kröfu um greiðslu líftryggingarfjárhæðarinnar. Í framhaldi þess var af hálfu V aflað upplýsinga um heilsufar A fyrir töku líftryggingarinnar. Kom fram í sjúkraskrá að á árinu 2001 hafði A leitað á heilsugæslustöð vegna þunglyndis og upplýst um fyrri sögu um vímuefnanotkun. Var skráð í sjúkraskrá að hann hefði greinst með þunglyndi, R45.2, og var ávísað lyfinu Zoloft. Taldi V að M hefði leynt mikilvægum upplýsingum við töku líftryggingarinnar sem hann vissi eða mátti vita að hefðu þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni, sbr. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.), en það hefði hafnað að veita vátrygginguna ef umræddar upplýsingar hefðu legið fyrir. Með vísan til þessa, sbr. 1. mgr. 83. gr. vsl., hafnaði V bótaskyldu.

**Álit.**

Ljóst þykir samkvæmt gögnum málsins, eins og að framan greinir, að A veitti rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar sem eftir atvikum getur leitt til brottfalls eða skerðingar á ábyrgð félagsins, sbr. 83. gr. vsl. Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laganna, þegar um hreinar áhættutryggingar er að tefla eins og hér á við, getur félagið aðeins borið fyrir sig að upplýsingaskyldu hafi ekki verið fullnægt ef vátryggingaratburður hefur orðið eða félagið hefur veitt viðvörðun skv. 94. gr. innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst. Þessi takmörkun gildir þó ekki ef svikum hefur verið beitt. Meira en tvö ár voru liðin frá því ábyrgð félagsins V hófst vegna vátryggingarsamnings A og ekki verður ráðið af gögnum málsins að A hafi veitt hinar röngu eða ófullnægjandi upplýsingar í sviksamlegum tilgangi. Samkvæmt þessu er V því óheimilt að bera fyrir sig ófullnægjandi upplýsingagjöf af hálfu A við töku vátryggingarinnar. M eiga því óskertan rétt til líftryggingarfjárins.

**Niðurstaða.**

M eiga óskertan rétt til greiðslu líftryggingarfjár hjá V.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 239/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar B vegna vinnuvélar.**

**Árekstur bifreiðar og vinnuvélar 11. mars 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 30. júní 2015 ásamt athugasemdum frá B dags. sama dag.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreið A, sem var ekið eftir Eyrarvegi í Árborg, og vinnuvélinni (traktorsgröfunni) B sem var verið að nota til að ryðja snjó í útskoti við veginn.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið bifreið A beint áfram eftir akvegi þegar B hafi verið bakkað með þeim afleiðingum að snjóruðningstönn á B hafi rekist utan í bifreið A. M telur m.t.t. ákvæða umferðarlaga nr. 50/1987 að stjórnandi B hafi ekki sýnt næga aðgæslu við akstur og beri þannig ábyrgð á tjón á bifreið A.

V2 telur hins vegar ekki sannað að B hafi verið ekið afturábak fyrir áreksturinn heldur megi rekja hann til þess að bifreið A hafi verið ekið meðfram B, sem hafi verið kyrrstæð úti í kanti, og afturhluti bifreiðar A rekist utan í B. Það sé því ekki sýnt fram á að tjón á bifreið A megi rekja til gáleysis stjórnanda B.

**Álit.**

Við mat á því hvort eigandi bifreiðar A geti krafist skaðabóta vegna tjóns á bifreiðinni verður fyrst að geta þess að vinnuvélar eru ekki skráningarskyld vélknúin ökutæki í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Eiganda þeirra er því ekki skylt að kaupa ábyrgðartryggingu vegna notkunar ökutækis í skilningi 91. gr. laganna. Hins vegar liggur fyrir að sveitarfélagið Árborg var með ábyrgðartryggingu í gildi á tjónsdegi og tekur hún til þess ef sveitarfélagið ber skaðabótaábyrgð gagnvart einhverjum öðrum, t.d. ef starfsmenn sveitarfélagsins sýna gáleysi við störf sín. Sá sem heldur því fram að aðstæður séu með þeim hætti ber sönnunarbyrði um að atvik séu þannig. Það þýðir að M ber sönnunarbyrði um að stjórnandi B hafi ekið aftur á bak af gáleysi í aðdraganda árekstursins. Í gögnum málsins er ágreiningur um það og ekki upplýsingar um vitni sem geta borið um atvik, auk þess sem stjórnandi B neitar því að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir. Með hliðsjón af því telst ekki sannað að tjón á bifreið A sé rakið til gáleysis stjórnanda B. Greiðast því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins Árborgar vegna tjóns á bifreið A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 1. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 240/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/slysátryggingar launþega.**

**Hugtakið slys vegna líkamstjóns 10. febrúar 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir lýsing vinnuveitanda á aðdraganda líkamstjóns M í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins dags. 28. mars 2014. Þar kemur fram að eitthvað hafi gefið sig í öxl M þegar hann var að lyfta „ramma upp í pressu“ eða að hann hafi tognað á upphandlegg. Í tilkynningu vinnuveitanda til Sjúkrátrygginga Íslands dags. 28. maí 2014 er sambærileg lýsing þar sem bætt er við af hálfu vinnuveitanda að engin utanaðkomandi ástæða sé fyrir líkamstjóni M. Í læknisvottorði dags. 22. september 2014 er haft eftir M að hann hafi hlotið líkamstjón þegar hann hafi runnið á sleipu gólfi þar sem hann hafi verið að taka pönnur, fullar af fiski, og stafla á bretti. Einnig liggur fyrir yfirlýsing frá M og tveimur sjónarvottum dags. 29. september 2014 um að M hafi runnið í bleyti á gólfi og þannig hafi hann orðið fyrir líkamstjóni.

M telur að gögn málsins sýni að hann hafi hlotið líkamstjón vegna utanaðkomandi atvika sem fólust í því að hann rann í bleytu á gólfi. M vísar til ummæla í læknisvottorði og þess að vinnuveitandi hafi ekki haft atvik rétt eftir honum í upphafi vegna tungumálaörðugleika. Einnig vísar M til þess að Sjúkrátryggingar Íslands hafi viðurkennt greiðsluskyldu skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og þar sé sambærilegt gildissvið eins og í slysátryggingu launþega.

V telur að leggja eigi skýrslur vinnuveitanda M til grundvallar vegna lýsingu á tjónsatviki þar sem M hafi strax leitað til vinnuveitanda vegna þess. Síðar skýringar geti ekki komið til og ósannað sé að atvik hafi ranglega verið höfð eftir M í skýrslum sem gerðar voru stuttu eftir atvikið. Síðari tíma skýringar gangi ekki framur þar sem M hafi ekki gert athugasemdir við umrædda lýsingu strax auk þess sem V sé ekki bundið af niðurstöðum Sjúkrátrygginga.

**Álit.**

Í málinu liggur annars vegar fyrir atvikalýsing vinnuveitanda M vegna líkamstjóns hans sem felur ekki í sér að líkamstjón M sé hægt að rekja til utanaðkomandi atviks eins og gildissvið slysátryggingar launþega gerir ráð fyrir með hefðbundnu slyshugtaki vátryggingaréttarins, sbr. gr. 1.4 í vátryggingarskilmálum. Hins vegar er haft eftir M í læknisvottorði frá því í september 2014 að hann hafi runnið í bleytu og sams konar lýsing kemur fram í sérstakri yfirlýsingu sem er líka frá því í september 2014. M ber sönnunarbyrði um að líkamstjón hans sé rakið til utanaðkomandi atviks í skilningi gr. 1.4 í vátryggingarskilmálum sem vísar til slyshugtaks vátryggingaréttarins. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu verður ekki talið nægilega sannað að lýsingar M sem tilgreindar eru í gögnum frá september 2014 gangi framur lýsingu sem liggur fyrir með tjónstilkynningum í mars og maí sama ár. Telst því ekki nægilega sannað að M hafi hlotið líkamstjón vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 1.4 í vátryggingarskilmálum.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 241/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A**

**Bifreið varð fyrir tjóni þegar hún lenti á stórum steini á vegi, þ. 13.6.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V dags. 25.6.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

A bifreið M lenti á stórum steini á malarvegi með þeim afleiðingum að gat kom á pönnuna og olía lak af vélinni og segir M að vélin sé úrbrædd. M segir að grjótið sem hann ók á hafi verið aðkomugrjót sennilega grjót sem hafi hrunið úr fjallshlíð eða dottið af vörubíl. M segir að hann hafi ekki orðið var við gatið fyrr en komið var með A á verkstæði. M segir að vegurinn hafi verið vel ökufær nema fyrir þetta grjót sem A lenti á sem M segist ekki hafa séð fyrr en of seint. V hafnar bótaskyldu. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið falli undir undantekningarákvæði greinar 3.4. í vátryggingarskilmálunum og sé því ekki bótaskylt þar sem tjónið hafi orðið þegar A rakst niður í akstri. Þá telur V að tjónið á A falli undir undantekningarákvæði greinar 3.1. vátryggingarskilmála um tjón af völdum úrbræðslu hreyfils og sé því heldur ekki bótaskylt.

**Álit.**

Af hálfu M er haldið fram að A hafi verið ekið á stóran stein, sem var á götunni þannig að A rakst ekki niður í akstri eða lenti á jarðföstu grjóti og þá hrökk grjót ekki upp undir A miðað við málavaxtalýsingu M sem ekki er véfengd af V. Samkvæmt þessu þá tekur undanþáguákvæði greinar 3.4. vátryggingarskilmála ekki til tjónsins. Af hálfu V hefur ekki verið sýnt fram á eða lögð fram gögn sem sýna fram á að nokkur þau atriði sem nefnd eru í grein 3.1. vátryggingarskilmála eigi við um úrbræddan hreyfil A. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er því tjónið á A bótaskylt úr kaskótryggingu M hjá A. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á að vélin sé úrbrædd eða af hvaða orsökum það hafi verið eins og að framan greinir.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum vegna þess tjóns sem varð á A við það að bifreiðinni var ekið á grjót á veginum.

Reykjavík 30.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 242/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.**

**Sönnun tjóns vegna sprenginga í maí 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 21. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. ágúst 2015 ásamt frekari gögnum, sprengiskýrslum og vátryggingarskírteini.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að fulltrúar M tóku eftir því að kvöldi 8. maí 2014 að múrstykki höfð fallið niður á svalir hússins og vísa til mynda sem sýni að horn á múrhúðun á suðurkvisti hússins hafði brotnað af. M telur að umrætt tjón hafi hlotist af sprengingu sem höfðu verið á vegum X í um fjórar vikur með miklum höggbylgjum á hús M. M vísar til þess íbúum í þeirra götu hafi ekki borist tilkynningar um umræddar framkvæmdir og krefst bóta vegna viðgerðar á kvisti hússins.

V telur ósannað að þær skemmdir sem M vísar til séu af völdum sprenginga X þar sem hús M hafi verið sprungið víðar en á þeim stað sem M vísar til. V telur einnig að ekki sé heldur sýnt að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt varðandi skaðabótaábyrgð af hálfu X. Ekkert hafi komið fram um að staðið hafi verið ranglega að sprengingum á svæðinu og lagðar eru fram sprengiskýrslur frá X sem sýni ekki frávik frá leyfilegum styrk á sprengingum á svæðinu auk þess sem sprengistyrkur hafi í raun verið minni en leyfilegt var.

**Álit.**

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni sem hann telur að annar beri skaðabótaábyrgð á þarf að sýna fram á að slíkt tjón sé hægt að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi annars. Í málinu liggur fyrir frásögn fulltrúa M um að hafa fundið múrstykki á svölum húseignar sinnar sem M ályktar að stafí frá sprengingum X. Í málinu liggja einnig fyrir skýrslur um sprengingar X sem sýna að styrkur sprenginga var innan leyfilegra marka fyrir tjóni M. Þegar tekið er mið af öllum gögnum málsins verður ekki með fullvissu ályktað að tjón á múrhúðun á kvisti hús M sé hægt einungis hægt að rekja til umræddra sprenginga. Því er ekki hægt að fallast á að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 243/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ forfallatryggingarliðs greiðslukortatryggingar.****Maður hætti við utanlandsferð vegna væntanlegrar fæðingar barns.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19.6.2015.
2. Bréf X, dags. 26.6.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í janúar 2015 ákvað M að ferðast ásamt vinafólki sínu til Nepal. Brottför var áætluð 16. október 2015 og heimkoma 10. nóvember 2015. Í byrjun febrúar kom í ljós að sambýliskona M var barnshafandi og vænti fæðingar í lok september. Af þessum sökum afréð M að hætta við ferðina.

M mun vera vátryggður samkvæmt nánar tilgreindri greiðslukortatryggingu hjá V. Hefur hann krafist bóta fyrir greiddan ferðakostnað úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í 16. gr. skilmála greiðslukortatryggingar þeirrar sem hér á í hlut, er tilgreint í níu stafliðum (a-i) bótasvið forfallatryggingarinnar. Samkvæmt fyrstu tveimur stafliðunum bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur allt að vátryggingafjárhæð vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

- a. andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða og
- b. að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður andist, hljóti alvarleg líkamsmeiðsl eða veikist alvarlega.

Hvort sem krafa um bætur er felld undir staflið a eða b skal atvik vottað af starfandi lækni.

Af orðalagi framangreinds skilmálaákvæðis og uppsetningu þess verður að telja að ekki fari á milli mála að þau atvik sem falla undir staflið a eru atvik sem beinlínis varða vátryggðan sjálfan, þ.e.a.s. M í því máli sem hér er til úrlausnar, en á hinn bóginn á b-liðurinn við um atvik sem varða náinn ættingja eða náinn samstarfsmann vátryggðs. Þegar þau atvik sem falla undir staflið a, sem hér kemur til nánari til skoðunar, eru virt, þ.e. andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða, er ljóst að um er að ræða tilvik sem beinlínis varða persónu vátryggðs og líkama hans með einum eða öðrum hætti. Í ljósi þessa og með vísan til almennrar málvenju verður að telja að barnsburður, sem fellur undir ákvæði þetta, geti einungis verið þau tilvik þegar kona elur barn og af þeim sökum komist hún ekki í ferð sem greidd hefur verið fyrir fram. Sú staða er ekki uppi í tilviki M. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 30. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 244/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar**

**Kona krefst bóta vegna vélsleðaslyss í Bandaríkjunum þ. 12.3.2014**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 8.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Athugasemdir M með bréfi dags. 4. ágúst 2015 ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

M segist hafa slasast í snjósleðaferð í Minnesota í Bandaríkjunum þar sem hún kveðst hafa lent í árekstri og hlotið m.a. höfuðáverka. M krefst bóta úr ferðatryggingu sinni hjá V og telur engum vafa undirorpið að sú trygging sem M hefur hjá V taki til þess atviks sem hér ræðir um. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á að engin gögn hafi verið lögð fram til stuðnings því að M hafi orðið fyrir því slysi sem haldið er fram í málskoti. Þá segir V að ekki liggja fyrir að afrit farseðla eða frá bráðamóttöku í Bandaríkjunum og þá hafi ekki verið tilkynnt um slysið til SOS International eins og gerð sé krafa um í skilmálum tryggingarinnar. Einnig vísar V til undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálum gr. 10.3 þar sem undanþegið sé tjón sem leiðir beint eða óbeint af bifreiða- og vélaþróttum.

**Álit.**

Engar upplýsingar er að finna í gögnum málsins um meint slys M annað en lýsing lögmanns hennar í bréfum til V eða nefndarinnar. Engin tjónstilkynning liggur fyrir þar sem aðstæðum er lýst eða því tæki sem M telur sig hafa verið á þegar hún kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni. Ekki liggur heldur fyrir upplýsingar um sjúkradvöl í Bandaríkjunum í kjölfar slyssins. Til þess að nefndin geti tekið afstöðu til bótaskyldu í málinu verða að liggja fyrir einhver gögn sem staðfesta eða öllu falli gefa til kynna við hvaða aðstæður M slasaðist. Slík gögn liggja ekki fyrir. Af framangreindum ástæðum verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum sbr. tl .e. í 4. gr. samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, þar sem segir að nefndin fjalli ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar.

**Niðurstaða.**

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 25.8. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 245/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar hundaeigenda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið er hundur fór fyrir hana.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 2.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 30. apríl 2015 hljóp hundur í eigu A í veg fyrir bifreið (B) í eigu M á Borgarvegi í Reykjavík. Í lögregluskýrslu er haft eftir A að hann hafi verið að fara með hundinn sinn og barn út í bifreið sína. Þegar hann var að opna bifreiðina sleit hundurinn sig lausan og hljóp í burt og fyrir B. Ökumaður B kvaðst hafa ekið austur Borgarveg á 50 km hraða á klst. þegar hundur hafi hlaupið í veg fyrir B og hún ekið á hann.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu hundaeigenda hjá V vegna þess tjóns sem varð á B við það að hundurinn varð fyrir B.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. samþykktar nr. 478/2012 um hundahald í Reykjavík skal leyfishafi gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Í 2. mgr. sömu greinar er mælt fyrir um það að óheimilt sé að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema nytjahunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Þá segir í 3. mgr. að hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss og í umsjá manns sem hefur fullt vald yfir þeim. Strangar kröfur verður að gera til að eigendur hunda virði þessar reglur í hvívetna. A var með barn og hund í sitt hvorri hendinni að opna bílhurð þegar hundurinn slapp frá honum. Með þessu sýndi A ekki þá varkárni sem af honum mátti krefjast til að koma í veg fyrir að hundurinn gengi laus. Til þessa verður það rakið að hundurinn hljóp út á götuna í veg fyrir B með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á henni. A ber því ábyrgð á tjóni því sem varð á B og á M rétt á að það bætist úr ábyrgðartryggingu hundaeigenda hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hundaeigenda hjá V.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.      Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 246/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1) v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2) vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur við Linnestíg í Hafnarfirði 1.6.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 7.7.2015.
3. Bréf V-2 dags.6.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni B var lagt í bifreiðastæði við Linnestíg í Hafnarfirði og ætlaði ökumaður B að bakka út úr stæðinu og aka síðan Linnestíg í norður. A var einnig lagt í bifreiðastæði við Linnestíg og ætlaði að bakka út úr stæðinu og aka Linnestíg til suðurs. Ökumenn greinir á um það hvort að A hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð eða ekki. Ökumaður A segir að hún hafi verið búin að bakka og ætlað að fara að aka áfram þegar B hafi verið bakkað í vinstri hlið A og hafi B verið ekið yfir miðlínu vegar og inn á vegarhelming A. Ökumaður B segir að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð þegar árekstur varð og hafi hann verið að bakka og kominn yfir miðlínuna með B þar sem ekki hafi verið unnt að bakka úr stæðinu án þess að aka bílnum yfir miðlínuna.

**Álit.**

Ágreiningur er um það hvort að A hafi verið á ferð eða ekki þegar áreksturinn varð. Hins vegar er ágreiningslaust að ökumaður B bakkaði B yfir miðlínu vegar og yfir á vegarhelming A. Að virtum gögnum málsins verður því öll sök lögð á ökumann B sem bakkaði yfir miðlínu vegar án þess að vita af A og í vinstri hlið A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 25.8.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 247/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala fasteignasölnunnar X.**

**Skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna sölu fasteignar í júní 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2015 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 10. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt fasteign að S í Garðabæ með kaupsamningi dags. 3. september 2014 og fékk fasteignina afhenta 10. janúar 2015. X hafði fengið fasteignina til sölumeðferðar í júní sama ár.

M telur að lýsingum á ástandi fasteignarinnar í söluyfirliti hafi verið stórlega ábótavant af hálfu fasteignasalans. Ekki hafi heldur verið samræmi milli raunverulegs ástands og lýsinga seljenda eða starfsmanna fasteignasölnunnar. M vísar til matsgerðar dags. 24. apríl 2015 máli sínu til stuðnings. Í fyrsta lagi telur M að X hafi átt sem fasteignasali að tilgreina sérstaklega rakaskemmdir í söluyfirliti eignarinnar auk þess sem í söluyfirliti hafi komið fram yfirlýsingin: „Raf-, vatns og frárennslislagnir endurnýjaðar nýlega.“ án þess að það hafi verið rétt. M vísar til skyldna fasteignasala við sölumeðferð fasteignar eins og þeim er lýst í lögum nr. 99/2004 um sölu fasteigna o.fl. Í 10. gr. þeirra laga komi fram að fasteignasala sé skylt að semja rækilegt söluyfirlit, í c.lið 2. mgr. 11. gr. laganna komi fram að í söluyfirliti eigi að koma fram upplýsingar um ástand eignar og einstaka hlut hennar sem og vísar M til 12. gr. laganna þar sem komi fram að fasteignasali eigi sjálfstætt að afla upplýsinga um fasteign óháð upplýsingaskyldu seljanda sem og 13. gr. um að fasteignasali eigi að gæta þess við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar að upplýsingar sem veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar. Þegar M hafi fengið eignina afhenda hafi komið í ljós verulegar rakaskemmdir sem og að ekki hafi verið rétt að lagnir hafi verið endurnýjaðar. Það að greina ekki með réttum hætti frá þessu sé vítavert brot á starfskyldum fasteignasala og verði X að bera skaðabótaábyrgð vegna þess.

V hefur hafnað bótaábyrgð úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X og byggir afstöðu sína á því að starfsmenn X fengu þær upplýsingar frá seljendum fasteignarinnar að Smáraflöt 38 að eignin hefði verið mikið endurnýjuð á árunum 2005-2006 og hafi ekki verið ástæða til að rengja þá frásögn seljendanna. Einnig hafi rakaskemmdir verið augljósar við skoðun eignarinnar. V vísar til aðgæsluskyldu M sem kaupanda og telur að tómlæti hans við að benda á augljósa galla við skoðun eignarinnar leiði til þess hann geti ekki gert skaðabótakröfu vegna þeirra. Einnig vísar V til þess að upplýsingar sem starfsmenn X tilgreindu í söluyfirliti séu frá seljendum komnar og beri þeir hinir sömu fyrst og fremst ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar og ekki sé við starfsmenn X að sakast að hafa treyst þeim upplýsingum frá seljendum.

**Álit.**

Í lögum nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa kemur fram í 10. gr. að fasteignasali skuli gera söluyfirlit vegna fasteignar sem hann er með í sölumeðferð og í 11. gr. kemur fram hvert efnis söluyfirlits skuli vera. Þar er sérstaklega tilgreint í c.lið 2. mgr. að söluyfirlit skuli geyma „*upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign*“. Þarna kemur því skýrlega fram að fasteignasali skuli sérstaklega tilgreinda galla sem honum eða seljanda sé kunnugt um. Í gögnum málsins kemur fram að rakaskemmdir hafi að mati starfsmanna X verið augljósar við skoðun

fasteignarinnar og þ þess vegna hafi ekki verið nauðsynlegt að tilgreina þær sérstaklega í söluyfirliti eignarinnar. Sú afstaða X er í algjörrri andstöðu við umrædd fyrirmæli 10.-11. gr. laga nr. 99/2004. Er því ljóst að starfsmenn X brutu gegn þeim fyrirmælum með því að tilgreina ekki umræddar rakaskemmdir. Í 12. gr. laga nr. 99/2004 kemur fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans. Verður að meta fasteignasala það til verulegs gáleysis að hafa ekki gætt þess að réttar upplýsingar um galla hafi komið fram á söluyfirliti, þá er einnig sérstaklega litið til 13. gr. laganna þar sem fasteignasala ber að gæta hófs í lýsingum á eign en þegar litið er til lýsinga á kostum eignarinnar á söluyfirliti X verður ekki talið augljóst að kaupendur hafi mátt reikna með rakaskemmdum á borð við þær sem staðfestar voru með matsgerð. Þegar af þeirri ástæðu að rakaskemmdir voru að mati X „augljósar“ við skoðun verður einnig að meta fasteignasala X það til gáleysis að hafa sett fram staðhæfingu um endurnýjun lagna í söluyfirliti án þess að kanna það sérstaklega. Verður með hliðsjón af þessu að telja að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og þar af leiðandi greiðsluskylda V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala á vegum X. Af gögnum málsins og þess að skyldur fasteignasala voru gróflega vanræktar verður ekki ráðið að M eigi að bera hluta tjóns síns vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala á vegum X hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 248/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2) vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á Víkurbraut í Grindavík þ. 29.11.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 29.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf V-2 dags. 6.7.2015

**Málsatvik.**

Árekstur varð milli A og B á bílastæði verslunarinnar Nettó við Víkurbraut í Grindavík. Ökumaður B segist hafa verið inni í versluninni þegar hann hafi séð A bakka á B og aka síðan í burtu. Ökumaður A segist ekki vera viss um hvort hún hafi ekið á bifreið á bílastæðinu, en viðurkenndi að hafa verið á staðnum og var ákoma aftan á A og einnig B.

**Álit.**

Þegar gögn málsins eru virt í heild, þar á meðal lýsingu á skemmdum á hvorri bifreið um sig, sem og framburð ökumanns A, verður að telja sannað að bifreiðinni A hafi verið ekið á bifreiðina B þar sem hún var kyrrstæð á bílastæði verslunarinnar Nettó. Ökumaður A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 11.8. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 249/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Vesturbraut í Reykjanesbæ 23.5.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.6.2015 ásamt fylgiskjali 1
2. Bréf V-1 dags. 2.7.2015
3. Bréf V-2 dags. 14.7.2015

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Vesturbraut í Reykjanesbæ milli A og B. Ökumaður A segist hafa ekið austur Vesturbraut og gefið stefnumerki og beygt síðan bifreiðinni til vinstri inn á bifreiðastæði, en þegar hann var að beygja hafi B verið ekið í hliðina á A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A og ekki séð nein stefnumerki á A og taldi að A yrði beygt til hægri og ákvað því að aka vinstra megin framúr A, en þá hafi A verið beygt skyndilega í veg fyrir B.

**Álit.**

Ökumaður A beygði til vinstri án þess að gæta að umferð sem á eftir kom. Hann ber því sök á árekstrinum sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B ákvað að aka framúr A og gaf sér það að A yrði beygt til hægri, sem ekki varð raunin. Ökumaður B þykir ekki hafa gætt nægjanlegrar varúðar við framúrakstur sinn í umrætt sinn og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 25.8. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 250/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á bílastæði við verslun Bónus í Langholti, Akureyri þ. 30. 4. 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 28.05.2015 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-1 dags 14.7.2015 ásamt fylgiskjölum
3. Bréf V-2 dags. 14.7.2015.

**Málsatvik.**

Bifreið A var ekið inn á bifreiðastæðið við verslun Bónus að Lyngholti á Akureyri og varð árekstur er bifreið B var ekið úr stæði. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu sagðist ökumaður B hafa verið að taka af stað úr kyrrstöðu á brifreiðastæðinu og séð hvar ökumaður A stefndi á hana. Ökumaður B hafi þá hemlað og verið kyrrstæð þegar ökumaður A ók á bifreið B. Ökumaður A kvaðst hafa verið að aka inn á bifreiðastæðið það sem ökumaður B hafi ekið veg fyrir hann svo bifreiðarnar lentu saman. Í athugasemdum ökumanns B með kæru til nefndarinnar kom jafnframt fram að ökumaður A hafi ekið á móti umferð til að komast í stæði fyrir fatlaða. Hann hafi líklega ekki séð yfirborðsmerkingar sem sýndu akstursstefnu. Hann hafi svo ekið á hornið á bifreið B en ekki numið staðar heldur haldið áfram og þar með rispað alla hliðina á bifreið A. Í athugasemdum ökumanns bifreiðar A kemur fram að hann mótmæli því sem fram kemur í lögregluskýrslu að hann hafi ekið á bifreið B og að hún hafi verið kyrrstæð. Ákoman á bifreið hans sýni annað sem staðfest er í vottorði frá tjónaviðgerðarverkstæði sem er fylgiskjal í gögnum frá V-1. Þá mótmælir hann því að yfirborðsmerkingar hafi verið sýnilegar því þann 30. apríl 2015 hafi yfirborðsmerkingar ekki sést.

Í athugasemdum V-1 kemur fram að það sé afstaða félagsins að alla sök beri að leggja á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekið af stað úr kyrrstöðu í veg fyrir umferð sem ekið var eftir bifreiðastæðinu. Á ökuönnum sem aka úr kyrrstöðu frá stöðureit hvíli sú aðgæsluskylda að gæta að allri umferð eftir bifreiðastæðinu, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Að því hafi ökumaður B ekki gætt og því beri að leggja alla sök á hann. Hafi það engin áhrif þó svo hann hafi sagst hafa náð að stöðva enda hafi sú stöðvun aðeins átt sér stað augnabliki áður en árekstur varð. Þá beri ákomur á bifreið A það með sér að ekið hafi verið beint inni hlið hennar, sbr. áður nefnda greinargerð tjónaviðgerðarverkstæðisins. Þá kemur fram að á myndum í lögregluskýrslu megi sjá að yfirborðsmerkingar hafi verið afmáðar þegar atvikið varð. Jafnframt að eingöngu sé um leiðbeinandi merkingar að ræða sem leysa ökumann bifreiðar sem ekið er af stað úr kyrrstöðu ekki undan aðgæsluskyldu sinni. Í athugasemdum frá V-2 kemur fram að ljóst sé að ökumaður A hafi ekið gegn akstursstefnu og því sé rétt að skipta sök til helminga.

**Álit.**

Í ljósi fyrirliggjandi gagna er ljóst að ökumaður B gætti ekki nægilega að sér er hann ók úr stæði og á bifreið A sem var að aka áfram inn á bílastæðið. Ósannað er að ökumaður B hafi stöðvað ökutækið nægilega löngu áður en atvikið varð auk þess sem ákomur á ökutækjunum styðja frekar frásögn ökumanns A. Yfirborðsmerkingar á bílastæðinu breyta ekki framangreindri afstöðu. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 1.9.2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 251/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A.****Bifreið f auk út af vegi á Kjalarnesi.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 7.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Vöruflutningabifreiðin A í eigu M f auk út af veginum við Móa á Kjalarnesi um kl. 8 að morgni 29. janúar 2015. Samkvæmt skýrslu lögreglu var mikill vindur á vettvangi og upplýsingaskjár Vegagerðarinnar við Þingvallaveg sýndi að hviður á Kjalarnesi gætu farið allt upp í 40 m/sek.

Ökumaður A var á leið frá Brautarholti á Kjalarnesi í Mosfellsbæ. Er hann lagði af stað frá Brautarholti hafi ekki verið hvasst þar og hann hafi ekki gert sér grein fyrir hversu slæmt veðrið var á leiðinni. Hann hafi ekið á 50-60 km hraða á klst. er vindhviða hafi komið á vinstri hlið A og við það hafi bifreiðin oltið á hægri hliðina. Farþegi í A bar á saman veg.

M krafðist bóta fyrir tjónið á A úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. V viðurkenndi ábyrgð sína að 2/3 hlutum en taldi að skerða ætti bætur til M vegna brots á varúðarreglu í gr. 8.6 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um vátrygginguna, en þar segir að ekki skuli nota vátryggt ökutæki við akstur á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri ökutækisins vegna óveðurs eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek. samkvæmt mælingum Veðurstofunnar. Að kvöldi 28. janúar hafi á vefsíðunni vísir.is verið varað við vindhviðum, allt að 30-40 m/sek., frá því um kl. 7 að morgni næsta dags og fram á morguninn. Kl. 7.39 að morgni 29. janúar hafi á vefsíðu Vegagerðarinnar sömuleiðis verið varað við óveðri á Kjalarnesi. Samkvæmt gr. 17.2 í skilmálunum megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004 hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi. Með vísan til þessa hafi bætur úr kaskótryggingunni verið skertar um 1/3 hluta.

**Álit.**

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.) getur félagið gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti. Með heimild í 21. gr. skilmálanna verður vátryggður eftir atvikum einnig að sæta skerðingu bóta þótt tjónið með megi rekja til háttsemi starfsmanna hans, sbr. 3. mgr. 29. gr. vsl.

Af fyrirliggjandi upplýsingum um veður á Kjalarnesi verður ekki séð að vindur þar hafi aukist fyrr en um kl. 3 aðfaranótt 29. janúar. Kl. 6 um morguninn mun vindur hafa verið 16 m/sek. en mestur 17 m/sek. og í hviðum 28 m/sek. Kl. 9 var vindur kominn í 23 m/sek., en mestur 28 m/sek. og í hviðum 42 m/sek. Af þessum upplýsingum verður ekki ráðið að vindstyrkur hafi mælst sannanlega meiri en 24,5 m/sek. eins og áskilið er svo V geti borið fyrir sig brot á fyrrgreindri varúðarreglu. Af upplýsingunum verður heldur ekki ráðið með vissu að ökumaður A hafi gert sér grein fyrir eða getað gert sér grein fyrir að óveður myndi geisa á leiðinni áður en hann lagði af stað frá Brautarholti sem ætla verður að hafi verið laust fyrir kl. 8. Þá verður heldur ekki ráðið að ökumaðurinn hafi vitað af viðvörunum í fjölmiðlum kvöldið áður eða haft ástæðu til að afla upplýsinga um veðurfar á leiðinni áður en hann lagði af stað. Engin viðvörunarskilti voru á leið A sem gátu varað ökumanninn við því veðri sem framundan var.

Eins og málið liggur fyrir verður ekki talið að ökumaður A hafi, svo sannað sé, vitað eða mátt vita af hinum mikla vindi á Kjalarnesi þegar hann lagði af stað frá Brautarholti né heldur á leiðinni uns veðrið brast á. Er því ekki sýnt fram á sök ökumannsins þannig að skilyrðum 26. gr. sé fullnægt svo V hafi verið heimilt að skerða bætur til M fyrir brot á varúðarreglu í gr. 8.6 í váttryggingarskilmálunum. M á því rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 252/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Réttur farþega til bóta vegna umferðarslyss 22. maí 2011.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2015.

**Málsatvik.**

M var farþegi í bifreiðinni X þegar ökumaður hennar missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum bifreiðin endaði á hvolfi upp á umferðareyju á Fjarðarhrauni í Hafnarfirði. Í málinu liggur fyrir frumskýrsla lögreglu vegna umferðarslyssins og kemur þar fram að ökumaður og farþegar hafi verið að koma frá skemmtistað í Hafnarfirði skömmu áður og hafi ferðinni verið heitið heim til M, en ökumaður kvaðst hafa verið að skutla henni heim. Í skýrslunni kemur einnig fram að M var 15 ára gömul þegar umrætt atvik átti sér stað. Ekkert er frekar haft eftir henni í lögregluskýrslunni um aðdraganda þess að hún tók sér far með bifreiðinni X í umrætt sinn. Í málskoti kemur fram að M hafi spurt vin sinn, sem staddur var á sama skemmtistað og hún, hvort hann vissi um einhvern sem væri í ökuhæfu ástandi til að keyra sig heim. Vinur hennar hafi þá bent á ökumann bifreiðarinnar X. Í málskoti kemur einnig fram að M kveðst ekki hafa þekkt ökumann bifreiðarinnar og ekki séð hann drekka annað á skemmtistaðnum en vatn. Í frumskýrslu lögreglunnar kemur fram að á vettvangi hafi ökumaður bifreiðarinnar X gengist undir öndunarpróf þar sem mældist 1,5 prómill í öndunarsýni og sami ökumaður játaði neyslu kannabisefna.

M telur að hún eigi rétt til fullra bóta vegna líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir þegar bifreiðinni X var ekið á hvolf. M kveðst ekki hafa vitað af ástandi ökumanns þegar hún tók sér far með bifreiðinni og beri V sönnunarbyrði um að henni hafi mátt vera ljóst að ökumaður var undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna. M telur því að ekki sé sannað að hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hún tók sér far með bifreiðinni X í umrætt sinn.

V telur að bótarétt M eigi að skerða um 2/3 hluta sökum þess að hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hún tók sér far með bifreiðinni X í greint sinn og vísar til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 máli sínu til stuðnings sem og dóm Hæstaréttar í í máli nr. 129/2001. V vísar til þess að M hafi verið með ökumanni bifreiðarinnar á skemmtistað þar sem augljóst hafi verið að áfengi var haft um hönd sem og að umferðarslysið hafi átt sér stað síðla nætur sem geri frekari kröfur um aðgæslu af hálfu M. Einnig telur V að skýringar M nú á því að henni hafi ekki verið ljóst ástand ökumanns X eigi sér ekki stöð í samtímagögnum málsins.

**Álit.**

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort háttsemi M þar sem hún var farþegi í bifreið sem hvolfdi á Fjarðarhrauni megi jafna til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Slíkt gáleysi er þess eðlis að það þarf að fela í sér alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem M bar að viðhafa en þegar um almennt gáleysi er að ræða. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber V sönnunarbyrði um að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með háttsemi sinni og að orsakatengsl séu milli slíkrar háttsemi og tjóns M.

Í málinu liggur fyrir frumskýrsla lögreglu vegna þess atviks sem er grundvöllur bótakröfu M. Í þeirri skýrslu kemur ekkert fram um hvernig samskiptum M við ökumann bifreiðarinnar X var háttað áður en hún tók sér far með bifreiðinni. Í ljósi þess að V ber sönnunarbyrði um að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi verður slíkur gagnaskortur ekki túlkaður þannig að fullnægjandi sönnun hafi komið fram um að samskipti M við ökumanninn hafi verið með þeim hætti að hún hafi mátt

vita um ástand ökumannsins. V var í lófa lagið að afla frekari upplýsinga um málið þegar umrædd frumskýrsla barst félaginu. Ekkert hefur komið fram í málinu sem sannar eða styður almennar ályktanir V um hvað M, 15 ára stúlku, mátti vera ljóst áður en hún tók sér far með bifreiðinni X. Verður því ekki talið sannað að hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi. Miðað við gögn málsins á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 253/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

**Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 28. apríl 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. júlí 2015 ásamt bréfi V til lögmanns M dags. 7. janúar 2015 ásamt afriti tölvupósts fjármálastjóra X til V dags. 22. desember 2014.

**Málsatvik.**

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 28. apríl 2014 kemur fram eftirfarandi lýsing á atvikum: „(M) var stödd á útisvæði skammt frá útkeyrsludryum. Lyftaranum var ekið út með 3 tóm kör á göfflum. Lyftaramaðurinn sá hana ekki og lentu körin á henni. Henni ekið á heilsugæslu og síðan á Borgarsp. til skoðunar.“ Í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 21. nóvember 2014, kemur fram að ekki hafi legið fyrir skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn og „*ekki hafi verið farið yfir hættur vegna umferðar á vinnusvæðinu á skipulegan hátt.*“ M lýsir atvikum þannig í lögregluskýrslu að hún hafi orðið fyrir lyftara sem ekið hafi verið á nokkurri ferð út frá inngangi vinnustöðvar X. Stjórnandi lyftarans lýsir atvikum hins vegar þannig að M hafi gengið í veg fyrir lyftarann en hann hafi verið búinn að gefa hljóðmerki rétt áður því hann hafi verið að aka fyrir horn og ber að körin á lyftaranum hafi ekki byrgt honum sýn. Vitni kveðst hafa séð aðdraganda slyss M og hafa reynt að vara stjórnanda lyftarans við og beðið hann um að stöðva en það hafi ekki borið árangur.

M telur að stjórnandi lyftarans hafi sýnt gáleysi við akstur um vinnusvæðið og bendir ákvæði reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja en sú reglugerð sé sett á grundvelli vinnuverndarlaga nr. 46/1980. Úr þessari reglugerð megi lesa að ríkari aðgæsluskylda hvíli á ökuöðnum lyftara þegar umferð lyftara og fótgangandi fer fram á sama vinnusvæði. Einnig vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um skyldur vinnuveitanda til að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustað og sambærileg málsatvik í Hrd. 411/2005.

V telur ljóst af lýsingum af slysi M að hún hafi verið á gangi nærri ökuleið lyftarans, breytt síðan um stefnu og gengið í veg fyrir lyftarann án þess að stjórnandi hans gæti gert ráðstafanir til að stöðva. Einnig vísar V til þess að ósamræmi gæti milli lýsinga vitnis og lýsinga í skýrslu Vinnueftirlits og við þær aðstæður verði að leggja lýsingu í umsögn Vinnueftirlits til grundvallar. V telur einnig ósannað að fiskikör á göfflum lyftarans hafi byrgt sýn fyrir stjórnanda hans og vísar um það einnig til umsagnar Vinnueftirlitsins. Auk þess vísar V til þess að stjórnandi lyftarans hafi gefið hljóðmerki áður en hann ók fyrir horn til aðvörunar fyrir gangandi umferð. V telur að þó ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat vegna aðstæðna á vinnustaðnum hafi öllum verið ljóst hverjar akleiðir lyftara voru og megi rekja slyss M fyrst og fremst til gáleysis hennar sjálfrar, en hún hafi starfað hjá X í meira en fimm ár þegar slysið varð. V vísar því einnig á bug að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið í bága við ákvæði laga nr. 46/1980.

**Álit.**

Í lögum nr. 46/1980 koma fram ýmsar skyldur sem lagðar eru á atvinnurekanda varðandi öryggi á vinnustað. Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að X hafi ekki sinnt skyldum sínum um að framkvæma sérstakt áhættumat vegna hættu á vinnustaðnum en verður að telja augljóst að þar sem umferð vinnuvéla fer fram samhliða umferð gangandi starfsmanna verður að gæta sérstaklega að því að tryggja öryggi þeirra sem gangandi eru. Það getur farið fram með því að skilgreina sérstaklega gangleiðir og akstursleiðir með sýnilegum hætti eða með öðrum hætti þannig að að öllum sem um vinnusvæði fara sé ljóst hverjar algengar akstursleiðir umræddra vinnuvéla eru.

Sérstaklega var þetta nauðsynlegt þar sem umferð lyftara fór fyrir horn, eins og lýst er í málsatvikum vegna slyss M. Verður X sem atvinnurekandi að bera hallann af því að hafa ekki tryggt nægilega aðgreindar umferðarleiðir á vinnustaðnum og stoðar ekki að bera fyrir sig starfsreynslu M hjá X í þeim efnum. Ekki verður lýsing í umsögn Vinnueftirlitsins heldur tekin fram fyrir lýsingu vitnisins sem var á vettvangi þegar slysið varð og sá aðdraganda þess. Verður því ekki annað ráðið að slys M megi rekja til þess að aðstæður á vettvangi hafi verið ófullnægjandi þegar litið er til skyldna atvinnurekenda í lögum nr. 46/1980 þegar stjórnanda lyftara var gert að aka eftir óskilgreindum akstursleiðum á vinnustað, án þess að sérstakar gönguleiðir væru skilgreindar eða að sérstaklega væri tryggt að öllum starfsmönnum væru kunnugt um akstursleiðirnar og hættur af þeim. Þegar litið er til háttsemi M sjálfar má af gögnum málsins ráða að hún hafi sýnt gáleysi við að ganga áfram, eftir að hafa veifað manni á vinnusvæðinu, án þess að gæta þess hvað var fyrir framan hana. Þó M hafi sýnt slíkt gáleysi verður ekki séð að jafna megi háttsemi hennar til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993. Verður M því ekki talin bera hluta tjóns síns vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 254/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.**

**Sjúkrakostnaður erlendis. Tímamörk.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 15. júlí 2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Bréf M dags. 18. júlí 2015.

**Málsatvik.**

M fór til útlanda 2. júní 2013 og ætlaði að dveljast erlendis til 16.1.2014. M byrjaði að finna fyrir óþægindum í maga og fylgikvillum 15. ágúst 2013 og fékk greiddan sjúkrakostnað vegna þeirra veikinda frá V. Síðar komu 10 reikningar frá M, en V hafnaði að greiða þá þar sem V taldi að um sama sjúkdóm væri að ræða og tilkynntur var árið 2013. Aðrir reikningar bárust einnig frá M dagsettir frá 18. ágúst til 17. nóvember 2014 vegna augnsjúkdóms. M segist vera með AMD rýrnun, hrörunn í augnbotnum sem M greindist með fyrir rúmlega 25 árum á vinstra auga. Hægra augað hafði gefið sig eftir áramót 2014. M segir að hann hafi farið í skoðun heima á Íslandi í febrúar 2014 vegna þess að hægra augað fór að gefa sig en augnlækni hafi förlast. M hafi síðan farið utan í júlí 2014 og þar verið greindur með svonefnda “blauta rýrnun” í hægra auga og í framhaldi af því sendur í frekari meðferð vegna þessa augnsjúkdóms. M segir að hann hafi fengið þessa greiningu á augnsjúkdómnum í ágúst 2014 og meðferð hafist um mánuði síðar. M krefst bóta vegna úr tryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu vegna reiknings frá 28.janúar 2014 vegna magarannsóknar þar sem um framhaldssjúkrakostnað sé að ræða vegna veikinda sem hófust 15. ágúst 2013 og fellur til meira en þremur mánuðum eftir að veikindi hófust. Þá hafnar V bótakröfu vegna augnsjúkdóms þar sem um um langvinnan sjúkdóm sé að ræða og þá hafi tekið gildi trygging þar sem svohljóðandi undanþáguákvæði sé í 7. kafla tryggingarinnar “Vátryggingin bætir ekki: Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda eða sjúkdóms, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á sl. 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.”

**Álit.**

Samkvæmt vátryggingarskilmálum, nánar tiltekið gr. 4.3, greiðir vátryggingafélagið ekki sjúkrakostnað lengur en þrjá mánuði vegna læknismeðferðar erlendis. Sjúkdómur sá sem reikningur frá 28. janúar 2014 stafar frá er vegna veikinda sem hófust um miðjan ágúst 2013 og því liðinn sá tími sem bótaskylda V nær til hvað viðkomandi reikning varðar. M á því ekki rétt á að fá greiddan sjúkrakostnað vegna reikningsins frá 28. janúar 2014.

M leitaði til augnlæknis á Íslandi í febrúar 2014 og var greindur erlendis með augnsjúkdóm í júlí 2014 eða um 5 mánuðum eftir að hann leitaði til augnlæknis á Íslandi vegna sama kvilla. M á því ekki rétt á að fá greiddan sjúkrakostnað vegna augnmeðferðar með vísan til undanþáguákvæðis 7. kafla tryggingar þeirrar sem hér ræðir um. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.8. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 255/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega.**

**Kona fékk verk í úlnlið þegar hún var að vinda tusku þ. 16.7.2014**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 29.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 10.7.2015

**Málsatvik.**

M vann við þrif og í umrætt sinn var M að vinda tusku og þegar hún snéri hendinni fékk hún skyndilega verk í úlnliðinn og í ljós kom að um var að ræða áverka sem veldur varanlegri skerðingu á krafti og beitingarmöguleikum útlima. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega vinnuveitanda síns hjá V. M byggir á því að um slys hafi verið að ræða sem sé bótaskyldt úr slysátryggingu launþega en um sé að ræða utanaðkomandi atvik sem byggist á því að vinda tusku og segir M að atburðarrásina verði að meta í heild og þá sé ljóst að um skyndilegan utanaðkomandi atburð sé að ræða og því falli tjón M undir slyshugtakið. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmála slysátryggingar launþega og það sem gerðist verði rakið til innra ástands og umrædd meiðsli séu álagsmeiðsli sem rakin verði til rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags.

**Álit.**

Samkvæmt lýsingu M á tjonstilvikinu þá var hún að vinda tusku þegar hún fékk skyndilegan verk í úlnliðinn með þeim afleiðingum sem hún lýsir. Miðað við lýsingu M verður ekki annað séð, en að það sem gerðist sé vegna þess sem gerist í líkama hennar sjálfar en ekki vegna utanaðkomandi atviks. Ekki eru því uppfyllt skilyrði bótaskyldu samkvæmt vátryggingarskilmálum slysátryggingar launþega sem vísar til skyndilegs utanaðkomandi atviks. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 11.8. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 257/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar O og ábyrgðartryggingar Í.**

**Vinnuslys í Búðarhálsvirkjun 20.4.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 29. júní 2015 ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf V dags. 24.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5.

**Málsatvik.**

M varð fyrir slysi við vinnu sína í Búðarhálsvirkjun og telur tjónið bótaskyldt annað hvort úr ábyrgðartryggingu O eða Í. M segist hafa verið að tengja jarðvír þegar starfsmaður O sló rafmagnið af og hafi auk þess sett það á of snemma. M byggir á því að starfsmaður O hafi sýnt af sér mikið aðgæsluleysi og fljótferni þegar hann sló rafmagninu af án þess að athuga hvort einhver væri að vinna í jörðinni fyrir utan. M telur auk þess háttsemi starfsmanns O brjóta í bága við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og vísar auk þess til laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raflagna. M krefst bóta úr hendi Í verði O ekki talin bera skaðabótaábyrgð á tjóni M og byggir á því að Í hafi borið ábyrgð á allri vinnu sem fram fór á svæðinu sem ábyrgðaraðili rafveitunnar. M telur að Í hafi ekki tryggt öryggi sitt með fullnægjandi hætti á vinnustaðnum og beri því bótaábyrgð vegna slyssins.

V hafnar bótaskyldu og segir M einan til frásagnar um málsatvik og hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda sínum um slysið fyrr en mörgum dögum síðar og leitað lækni 9 dögum eftir atvikið. V segir að ekki sé sýnt fram á, að tjón M verði rakið til sakar af hálfu O og ekkert renni stoðum undir staðhæfingu M um að starfsmaður O hafi sýnt af sér aðgæsluleysi þegar hann sló rafmagnið af eða setti það á aftur enda hafi verið farið að verklagsreglum. Þá telur O að ábyrgðarmaður rafveitu beri ábyrgð á allri vinnu sem fram fer í veitunni óháð því hver framkvæmir vinnuna þ.e. Í í þessu tilviki. V segir að ekkert í gögnum málsins renni stoðum undir það að slysið verði rakið til sakar af hálfu Í. Þá segir V að af hálfu Í hafi verið haldin mjög nákvæm skráning á slysum og óhöppum og hvergi í þeim gögnum sé nokkuð að finna um það atvik sem M byggir kröfu sína á. Þá segir V að hvorki hafi slys M verið skráð né hafi M verið fjarverandi og því hafi tilkynningarskylda atvinnurekanda sbr. lög nr. 46/1980 ekki verið virk. Þá segir V að Í hafi farið yfir öryggismál að morgni slysdags og hafi M verið búinn að fara yfir áhættumat, öryggisfirlýsingu og sitja öryggisfund nánast daglega og því meðvitaður um hættur sem um var að ræða á vinnustaðnum auk þess sem M búi yfir mikilli þekkingu og starfsreynslu. V vísar til skýrslu E verkfræðistofu um mögulegar orsakir meints rafstuðs M og segir að sú niðurstaða í skýrslunni að M hafi getað orðið fyrir raflosti sé byggt á líkum en engin víska sé fyrir því hver atvik voru nákvæmlega enda M einn til frásagnar um stað og stund og atvik að öðru leyti. Þá segir V ekkert benda til að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna Í eða annarra atvika eða aðstæðna sem Í ber ábyrgð á.

**Álit.**

Í skýrslu E verkfræðistofu frá í maí 2011 kemur m.a. fram að líkur séu á að M hafi orðið fyrir raflosti vegna afhleðslu jarðstrengs þegar hann var tengdur til jarðar skömmu eftir að hafa verið frátengdur dreifikerfinu, en síðar segir að hversu alvarlegar afleiðingar slíkt atvik geti haft ráðist af mörgum þáttum sem erfitt sé eða jafnvel ómögulegt að ákveða með fullri vissu. Þá segir að það sé möguleiki að slysi hefði verið forðað ef starfsmaður hefði t.d. jarðtengt við stálgrind jarðgangaspennisins. Af hálfu M liggur ekki fyrir nákvæm lýsing á aðstæðum þegar umrætt atvik

átti sér stað. Ekkert liggur því fyrir með hvaða hætti og hvernig var gætt að nærumhverfinu þegar rafmagn var slegið af og það sett á aftur. M hefur ekki sýnt fram á það með ótvíræðum hætti hvernig atvik voru þegar slysið varð, lagt fram gögn um þau atriði eða leitt að því líkur að um bótaskylda háttsemi hafi verið að ræða hjá starfsfólki O og/eða Í eða öðrum sem þessir aðilar bera ábyrg á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O né rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í.

**Niðurstaða.**

M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O eða Í.

Reykjavík 8.9. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 258/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.**

**Skaðabótaábyrgð framleiðanda vegna tjóns á fiski í nóvember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 10. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir að X seldi M hjálparefni sem M notaði til fiskframleiðslu. Fiskurinn sem efnið var notað í reyndist vera skemmdur þegar hann var fluttur erlendis og munu erlendir kaupendur hafa hafnað því að taka við fiskinum með þeim afleiðingum að honum var fargað. M telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessa enda fengust engar tekjur vegna þessa útflutnings. Telur M að skemmdirnar á fiskinum hljóti af stafa af hjálparefninu frá X og verði X því að bera ábyrgð á tjóni M.

Þann 16. apríl 2015 sendi M beiðni til Rannsóknarþjónustunnar Sýnis um s.k. samanburðarpróf á fiski vegna tjónsins. Nánar tiltekið var óskað eftir að samanburðarpróf yrði gert á umræddu hjálparefni og því hjálparefni sem M hafði áður notað með góðum árangri. Kemur fram að við skynpróf hins erlenda kaupanda hafi komið fram megn ammoníakslykt.

Í bréfi Sýnis til M þann 8. maí 2015 kemur fram að framkvæmdar voru tvær tilraunir, en að einungis í tilraun 2 hafi aðstæður verið nægjanlega raunverulegar. Fram kemur í samantekt bréfsins að í tilraun 2 komi fram greinilegur munur á tilraunahópum og að lyktareinkenni hafi verið sambærileg við það sem lýst var í bréfi M til Sýnis frá 16. apríl 2015. Má draga þá ályktun af frekari viðaukum með bréfi Sýnis að ammoníakslyktin hafi verið af þeim fiski þar sem hjálparefni frá X hafi verið notað.

**Álit.**

Samkvæmt 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 telst framleiðandi vera sá sem býr til fullunna vöru; einnig sá sem býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni og sá er vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni. Samkvæmt þessu er X framleiðandi í skilningi laganna. Í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur fram að framleiðandi skuli greiða bætur fyrir tjón sem rakið verður til ágalla á vöru sem hann hefur framleitt eða dreift.

Í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur fram tjónþola beri að sanna tjón sitt, ágalla vöru og orsakatengsl milli ágalla og tjóns. Ljóst þykir að M hafi orðið fyrir tjóni þegar fiski, sem fluttur var erlendis, var fargað í kjölfar skynprófs hins erlenda kaupanda. Rannsókn Sýnis ein og sér er þó ekki næg sönnun fyrir því að hjálparefnið sé haldið ágalla í skilningi laganna og að orsakatengsl sé á milli meints ágalla og tjónsins. Ekki kemur fram með skýrum hætti í rannsókninni hvaða ágalla hjálparefnið sé haldið. Verður því að telja að nægjanleg sönnun hafi ekki komið fram um að hjálparefnið hafi verið haldið ágalla. Þar sem sönnunarbyrðin hvílir á M, m.a. að sanna ágalla hjálparefnisins, verður X ekki gert að bera skaðabótaábyrgð á tjóni M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 1. september 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 259/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A.****Kona varð fyrir meiðslum er hún féll í skúffu skjalaskáps á leið út úr húsnæði nytjamarcaðar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 5.8.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 20. mars 2014 hafði M keypt hillu í A, nytjamarcaði sem rekinn er af B og líknarfélögum. Í skýrslu hjá lögreglu 5. júní 2014 og í málskoti hefur M lýst atvikum svo að hún hafi verið á leið út með hilluna og hafi hún haldið undir annan enda hennar en móðir hennar hafi haldið undir hinn endann. Hún hafi gengið aftur á bak um þröngan gang áleiðis út úr versluninni, en gangurinn hafi verið rétt um 1 m á breidd. Hún hafi litið aftur fyrir sig yfir vinstri öxl og séð engan. Hún hafi svo stigið eitt skref og dottið aftur fyrir sig og lent ofan í skúffu í skjalaskáp hægra megin við sig. Hafi skúffan staðið opin og verið föst svo ekki var unnt að loka henni. Hafi hornið á skúffunni lent á nárasvæði og hún orðið fyrir meiðslum á því svæði. Þá hafi hillan sem hún var að bera fallið ofan á sig og hún marist undan henni.

M kveður skúffuna hafa verið fasta í opinni stöðu og skápurinn hafi verið lengi á staðnum. Starfsmönnum A hafi með eðlilegu eftirliti mátt vera ljóst að skúffan skagaði út í þröngan gangveginn. Eftirliti starfsmanna hafi að þessu leyti verið áfátt og ekki hafi verið unnt að fara um ganginn af fullu öryggi. Engar varúðarmerkingar hafi heldur verið fyrir hendi. Telur M að B beri ábyrgð á því líkamstjóni sem hún varð fyrir við atvikið. Hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V að engum dyljist að um sé að ræða markað með notaðan varning og ekki verði gerðar sömu kröfur til þjónustu og í hefðbundnum verslunum með nýjan varning. Starfsmönnum sé upp á lagt að fylgjast með varningnum og hagræða honum og raða upp á nýtt og ganga frá um leið og hann hefur verið færður úr stað af viðskiptavinum. Í því efni verði að gefa starfsmönnum ráðrúm til að bregðast við. Í málinu hafi ekki verið sýnt fram á sök B.

**Álit.**

Frásögn M af tildrögum slyssins hefur ekki verið mótmælt sérstaklega af V né heldur aðstæðum á vettvangi þar sem slysið varð. Kveður M að skjalaskápurinn með opna skúffuna hafi verið lengi í A. Af hálfu B hefur ekki verið gerður reki að því gera nánari grein fyrir umræddum skjalaskáp og ástandi hans þegar slysið varð, né heldur hvernig aðstæður voru að öðru leyti á gangi þeim sem M gekk eftir þegar slysið varð. Það stóð A næst að afla slíkra upplýsinga. Eins og málið liggur fyrir verður að leggja til grundvallar að aðstæður hafi verið með þeim hætti sem M hefur lýst. M var ætluð för um téðan gang á leið sinni með hilluna út úr A. Aðstæður voru ekki með þeim hætti að öryggi þeirra sem þarna var ætluð för, starfsmanna sem viðskiptavina, væri tryggt sem skyldi. Á því ber B ábyrgð. Ekki verður heldur annað ráðið en M hafi gert sér grein fyrir hinum þröngu aðstæðum sem þarna voru. Hún gekk aftur á bak og hélt undir annan endann á hillu. Hún varð ekki opnu skúffunnar vör fyrr en hún féll um hana. Eins og aðstæður voru sýndi hún ekki þá aðgát sem af henni mátti krefjast. Er M því einnig meðábyrg fyrir því tjóni sem hún varð fyrir. Að virtum öllum atvikum þykir rétt að hún beri sjálf helming tjónsins og fái helming þess bættan úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að helmingi úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 260/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ innbútryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Þjófnaður á köfunarbúnaði. Frestur til aðgerða eftir að félag hefur hafnað bótaskyldu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.6.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf V dags 20.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 18. maí 2014 var brotist inn hjá M og m.a. stolið köfunarbúnaði í eiginmanns M. krafðist M bóta úr innbútryggingu sem hún hafði í gildi hjá V vegna tjóns af völdum innbrotsins, þ. á m. vegna köfunarbúnaðarins.

Með tölvubréfi V til eiginmanns M, dags. 20. maí 2014, var bótakröfu vegna köfunarbúnaðarins hafnað með vísan til ákvæðis í skilmálum innbútryggingarinnar þar sem segir að almennt innbú sé lausafé og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Við það skuli miðað að innbú teljist allt það sem vátryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli fasteigna. Dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, mótorknúin tómsundaáhöld, bílar og önnur vélknúin ökutæki og hlutir sem tengjast þeim teljist ekki vera innbú í skilningi umræddra skilmála, sbr. þó gr. 2.8. Var það niðurstaða V að þjófnaður á köfunarbúnaðinum falli ekki undir skilmála vátryggingarinnar þar sem ekki væri um almennt innbú að ræða. Í lok bréfsins var tekið fram að réttur til bóta glatist verði mál ekki höfðað fyrir dómstólum eða meðferðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum krafist innan árs frá tilkynningunni, sbr. 51. eða 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga (vsl.).

Af gögnum málsins má ráða að aðilar hafi í október 2014 átt samskipti með tölvubréfum þar sem vátryggður sætti eig ekki við afstöðu V en V ítrekaði fyrri afstöðu sína.

**Álit.**

Samkvæmt 2. mgr. 51. gr. vsl. glatar vátryggður rétti til bóta ef félagið hafnar kröfu hans í heild eða að hluta og hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu er skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að V tilkynnti vátryggðum, eiginmanni M, skriflega með tölvubréfi 14. maí 2014 að kröfu vegna þjófnaðar á köfunarbúnaðinum væri hafnað. Einnig var þess getið hvaða afleiðingar það hefði í för með sér ef ekki yrði brugðist við eins og mælt er fyrir í 1. mgr. 51. gr. innan árs frá því tilkynningin var send. Málskot til úrskurðarnefndar var móttakið 30. júní 2015. Var þá liðinn fresturinn til að krefjast meðferðar málsins fyrir nefndinni. Samkvæmt því er réttur til bóta vegna köfunarbúnaðarins fallinn niður.

**Niðurstaða.**

Réttur til bóta vegna köfunarbúnaðar úr innbútryggingu M hjá Ver fallinn niður.

Reykjavík, 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 261/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V) v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp á Þjóðvegi 1 við Staðarskála 6. maí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. júlí 2015 ásamt athugasemdum ökumanns bifreiðar B við málskotið dags. 14. júlí 2015 og niðurstöðu tjonanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 269/15.

**Málsatvik.**

Í málinu liggja fyrir tjonstilkynningar frá ökumönnum A og B í sittthvoru lagi um atvik vegna áreksturs bifreiðanna. Ökumaður bifreiðar A segir í skýrslu sinni að hann hafi stöðvað á Þjóðvegi 1 til þess að taka vinstri beygju inn á bifreiðastæði við Staðarskála og bifreið B hafi þá verið ekið fram úr með þeim afleiðingum að kerra aftan í þeirri bifreið fór utan í bifreið A. Ökumaður bifreiðar B segir hins vegar að bifreið A hafi sveigt til vinstri inn að bifreiðastæðinu og hætt svo við og farið við það til hægri og þá hafi bifreiðin lent utan í kerru sem var aftan í bifreið B, en ökumaður bifreiðar B hafi séð færi til að aka fram með bifreið A hægra megin í ljósi þess að henni var ekið áleiðis í vinstri beygju. Ökumaður bifreiðar B ítrekar einnig í sérstökum tölvupósti vegna málsins að hann hafi verið á litlum hraða þegar hann ók framhjá bifreið B og að framburður ökumanns bifreiðar A hafi verið á þá leið þegar lögregla kom á staðinn að hann hafi hætt við að beygja til vinstri áður en árekstur varð.

M segir í málskoti að það sé ekkert í gögnum málsins sem staðfesti framburð ökumanns bifreiðar B um að bifreið A hafi verið ekið til vinstri og svo aftur til hægri. Einnig bendir M á að í gögnum málsins komi fram að áreksturs hafi orðið á hægri akrein vegarins og því verði að leggja sök á bifreið B fyrir að hafa ekið utan í bifreið A.

V bendir á að framburðir ökumanna fari ekki saman um atvik málsins og ekki séu fyrir hendi í málinu gögn sem staðfesta annan framburðinn frekar en hinn. Það sé því ekki annað hægt en að skipta sök til helminga vegna árekstursins.

**Álit.**

Í málinu fara framburðir ökumanna ekki að öllu leyti saman um aðdraganda árekstursins. Á þeim báðum hvíldi við aksturinn m.a. varúðar- og tillitsskylda skv. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar gögn málsins eru skoðuð verður ekki fullyrt hvort ökumaður bifreiðar A hafi ekið til vinstri eða aðeins til hægri í aðdraganda áreksturs og verður heldur ekki fullyrt um hvort ökumaður bifreiðar B hafi sýnt næga aðgæslu þegar hann ók hægra megin framhjá bifreið A í greint sinn. Verða báðir ökumenn að bera hallann af þeim sönnunarskorti og bera þeir því jafna sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Sök vegna áreksturs bifreiðanna A og B er skipt til helminga.

Reykjavík 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 262/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.**

**Skaðabótaábyrgð fasteignareiganda vegna slyss 5. september 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. ágúst 2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 19. ágúst 2015

**Málsatvik.**

Í málinu er upplýst að M hafi verið á leið inn um dyr með sjálfvirkum hurðabúnaði í fasteigninni B þegar hún varð fyrir líkamstjóni. M lýsir atvikum með þeim hætti að hún hafi opnað hurðina með fjarstýringu og eftir skamma stund, þegar hún ætlaði að ganga inn um dyrnar, hafi hurðin lokast á hana með þeim afleiðingum að hún slasaðist.

M telur að fasteign X hafi verið vanbúin í þeim skilningi að ekki hafi verið sérstakur skynjari þeim megin við hurðina sem M gekk um hana en slíkur búnaður hefði komið í veg fyrir að hurðin lenti á M. Vísað er til byggingareglugerðar nr. 112/2012 í því sambandi þar sem kemur fram í gr. 6.1.1. og 6.1.4. um að umferðarleiðir og annar aðbúnaður í byggingum skuli vera öruggur m.t.t. þeirra nota sem byggingunni eru ætluð. M vísar til þess að Boðapíng 22 sé fasteign þar sem boðið er upp á íbúðir fyrir eldri borgara og verði að taka tillit til þess þegar hurðabúnaður sé stilltur. Það hafi verið auðvelt að setja upp frekari skynjara og það hafi verið gert strax eftir slys M.

V vísar til þess að sú hurð sem M vísar til hverri verið tekin út af eftirlitsmanni byggingarframkvæmdar að Boðapíngi 22 í maí 2013 án þess að nokkrar athugasemdir hafi verið gerðar auk þess sem búnaður hurðarinnar er CE-merktur og vottaður. V telur að ekki sé sýnt að búnaðurinn hafi verið ófullnægjandi m.v. not byggingarinnar og vísar til þess að hurðabúnaður sé sambærilegur og annars staðar auk þess sem fjöldi fólks hafi gengið um sambærilegar hurðir hjá X án þess að slys hafi orðið. V telur því ekki sýnt að slys M hafi orðið vegna vanbúnaðar á hurðinni eða öðrum atvikum sem X ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Við mat á því hvort hurðabúnaður fasteignarinnar B hafi talist fullnægjandi á slysdegi, m.t.t. gildandi laga og reglugerða eða leiðbeininga, verður að líta til framlagðra gagna. Búnaðurinn var settur upp og tekin út af eftirlitsaðilum rúmlega ári fyrir slysið. Í vottunargögnum og öðrum gögnum sem X hefur lagt fram verður ekki séð að vanbúnaður hafi verið á umbúnaði hurðarinnar eins og hún var sett upp. Það sem stendur eftir er mat á því hvort nauðsynlegt hafi verið m.t.t. nota fasteignarinnar að setja upp frekari skynjara við hurðina til að koma í veg fyrir að hún lokaðist. Það að X hafi ákveðið að gera það eftir slys M leiðir ekki sjálfkrafa til skaðabótaskyldu hans. Verður ekki séð að sýnt hafi verið fram á að slíkar aukarástafanir hafi verið nauðsynlegar, í þeim skilningi að aðstæður fyrir þær ráðstafanir hafi verið í bága við gildandi lög og reglur. Hurðin var búin öryggisbúnaði sem gerði ráð fyrir því að hún opnaðist ef fyrirstaða er við lokun og virkaði sá búnaður á slysdegi. Einnig verður litið til fjölda þeirra sem ganga um sambærilegar hurðir án þess að liggja fyrir að frekari slys hafi orðið. Ekki verður því fallist á skaðabótaábyrgð X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 1. september 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 263/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ frítímaslysátryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Kona varð fyrir meiðslum er hún datt við æfingu hjá sjúkrahjálfa.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.7.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 8.7.2015.

**Málsatvik.**

M dvaldist við endurhæfingu eftir heilablóðfall á Grensásdeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Studdist hún daglega við hækju. Hinn 5. júní 2014 var hún í æfingu hjá sjúkrahjálfa „að setja hæl við tá og ganga nokkur skref án þess að styðja sig við handrið eða hækju.“ Eftir að hafa byrjað á æfingunni datt M með þeim afleiðingum að hún meiddist illa á hægri öxl.

Í tjónstilkynningu til V, dags. 23. júní 2014, lýsti M atvikinu svo: „Við æfingu á Grensás, við lok æfingar stóð ég við handrið og tók 3 skref (hæl í tá) og eftir það svimaði mér og ég datt framfyrir mig á öxlina og axlarbrotnaði.“

Í ódagsettri lýsingu M á slysinu segir m.a. svo: „Þá átti ég að ganga nokkur skref án þess að halda í handriðið og þetta er nokkuð sem ég hafði ekki getað gert eftir heilablóðfallið... Ég sagði um leið og ég tók skrefið „ég held ég geti þetta ekki“ og í því féll ég með fyrrgreindum afleiðingum þannig að upphandleggur fór úr liði og öxlin brotnaði.“

Í fyrirliggjandi læknaþreffi frá deildinni segir um atvikið að M hafi verið á legudeild eftir að hún datt á hægri handlegg og fékk liðhlaup og afrifubrot „tub majus hæ. öxl“ þegar hún átti að útskrifast af dagdeild eftir endurhæfingu eftir „stroke“ í marsmánuði. Í áverkavottorði, sem einnig liggur fyrir í málinu, segir að M hafi verið í eftirliti og meðferð á Grensás. Þar hafi hún dottið í sjúkrahjálfun og hlotið „luxation“ á hægri öxl.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr frítímaslysátryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hún hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmála.

**Álit.**

Í 4. kafla vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V eru ákvæði um slysátryggingu í frítíma. Samkvæmt inngangsákvæði kaflans greiðir félagið bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er, verður fyrir eins og segir í skilmálunum. Með orðinu „slys“ sé hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Af málgögnum verður ekki annað ráðið en meiðsl M takmarkist við hægri öxl. Er því ekki um að ræða meiðsl á útlimum þannig að lokamálsliður inngangsákvæðisins geti átt hér við.

Leggja verður til grundvallar lýsingu M í tjónstilkynningunni 23. júní 2014 að við lok æfingar hafi hún staðið við handrið, tekið þrjú skref og eftir það svimað og dottið fram fyrir sig á öxlina. Þessu getur ekki breytt þótt þess sé ekki getið í læknisfræðilegum gögnum málsins að fall M megi rekja til þess að hana svimaði. M varð því ekki fyrir slysi af völdum utanaðkomandi atburðar eins og skilyrt er svo um slys sé að ræða í skilningi vátryggingarskilmála. Hún á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 264/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.**

**Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna slyss við löndun þann 1. október 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

M slasaðist við vinnu sína um borð í S þann 1. október 2013. Fram kemur í frumskýrslu lögreglu að verið var að landa rækju úr togaranum þegar slysið varð. Við löndunina störfuðu þrír menn, verkstjórinn var á bryggjunni að húkka af körunum og færði þau til með lyftara. Einn var staðsettur í brú skipsins við stjórnþaki kranans á skipinu. M var staðsettur í lest skipsins til að húkka í körin og stjórnaði þeim upp úr lestinni.

Þegar slysið varð var verið að hífa karastæðu upp úr lestinni, alls fjögur kör. M hafði byrjað á því að húkka í þrjú horn neðsta karsins til að kraninn gæti dregið hana fram undir lúguna til upphíftingar. Gekk það vel og húkkaði M svo í fjórða horn neðsta karsins. Fór M svo út í bakborðssíðu og gaf kranamanninum merki um að hífa með því að kalla til hans. Mun karastæðan hafa farið aðeins á loft áður en eitt horn á neðsta karinu brotnaði með þeim afleiðingum að efsta karið kastaðist í bakið á M sem snérist og féll. M hlaut m.a. rifbeinsbrot og brot á herðablaði.

**Álit.**

Til rökstuðnings skaðabótaábyrgð X tiltekur M ýmsar málsástæður í málskoti til nefndarinnar. Í fyrsta lagi er á það bent að fiskikör í landinu séu orðin gömul og þarfnist endurnýjunar, auk þess að löndun sé ætíð unnin í ákvæðisvinnu þar sem að það sé hagstætt fyrir atvinnurekendur að vinnan taki sem skemmstan tíma. Einnig er á það bent að það sé atvinnurekandinn sem verði að bera ábyrgð á þeim tækjum og tólum sem starfsmaðurinn þarf að umgangast. Ábyrgð atvinnurekanda á tækjum og tólum byggir á sakarreglunni, þ.e. sýna verður fram á saknæma og ólögmeða háttsemi atvinnurekandans eða starfsmanns á hans vegum. Ekki hefur verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að fiskikörin hafi verið vanbúin á þann hátt að það sé sök X í þessu tilfalli. Ekki hefur verið sýnt fram á að X hafi vitað eða mátt vita um meintan galla á einu festieyra neðsta karsins.

Í öðru lagi er á því byggt að hífingin hafi verið ranglega framkvæmd og að fækkun starfsmanna við verkið hafi leitt til slyssins. Ósannað er að hífingin hafi verið ranglega framkvæmd. Því er haldið fram í málskoti að líklegt sé að karastæðan hafi rekist í lúgukarminn og að því hafi festieyrað brotnað með fyrrgreindum afleiðingum. Þessi málavaxtalýsing er hvorki í samræmi við framburð M hjá lögreglu né annarra sem unnu við verkið. Ekki verður heldur fallist á að orsakatengsl séu á milli þess að ákveðið var að M myndi vera inn niðri í lestinni og þess að festieyrað gaf sig á neðsta karinu. Þá verður í þriðja lagi ekki séð að skortur á áhættumati á þessu tiltekna verki geti leitt til skaðabótaábyrgðar X í þessu tilfalli.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki fallist á að X eigi að bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir í slysinu 1. október 2013.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 265/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið varð fyrir tjóni á Snorrabraut í Reykjavík þegar hún lenti í holu á veginum 16.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 16.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

M segir að bifreið sem hún ók á hafi orðið fyrir tjóni þegar hún lenti ofan í holum þegar hún var komin yfir mislæg gatnamót á Snorrabraut við Miklubraut, en holurnar hafi verið þrjár, með þeim afleiðingum að bæði dekk hægra megin sprungu illa og urðu ónýt. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A vegna þessa tjóns og segir að ljóst sé að holurnar sem ollu tjóninu hafi verið búnar að búa um sig og stækka í nokkurn tíma áður en bifreiðin lenti í holunum og mikill fjöldi hjólkoppa sem voru utan vegar við þennan stað og bíll með sprungið dekk á vettvangi bendi til þess að holurnar hafi verið þarna í nokkurn tíma og líkur á því að A hafi vitað af þeim. V hafnar bótaskyldu og segir að A hafi ekki vitað um aðstæður á tjónsstað þegar M varð fyrir tjóni.

**Álit.**

Þrátt fyrir að aðstæður á vettvangi tjónsins hafi verið með þeim hætti að líkur séu að því leiddar að tjón hafi áður hlotist á bifreiðum af þeim holum sem bifreið M lenti ofan í, þá er gegn eindreginni neitun A á því að hafa vitað af aðstæðum ekki nægjanlega sannað að A hafi fengið vitneskju um holurnar fyrr en að M hafði orðið fyrir tjóninu. Það að hjólkoppar annarra bifreiða hafi verið nálægt vettvangi dugar ekki sem sönnun um að tjón hafi orðið með þeim hætti að A hafi mátt vera kunnugt um þessar aðstæður. Að gefnum þeim forsendum að A hafi ekki vitað af holunum fyrr en eftir óhapp M á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V þar sem skaðabótaábyrgð verður ekki lögð á A vegna atvika sem starfsfólk voru ekki kunn.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 18.8.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 266/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið V2) v/ ábyrgðartryggingar B.**

**Árekstur á bifreiðastæði við Borgartún 25 í Reykjavík þann 11.6.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið í lok júní 2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 13.7.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, dags. 21.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A og B á bifreiðastæði við Borgartún 25. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og hægra afturhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa verið í stöðureit á bifreiðastæðinu og beðið eftir að bifreið, B, væri ekið fram hjá eftir akleið fyrir aftan A. Að svo búnu hafi hann ekið aftur á bak, en þá séð að B hafði verið stöðvuð rétt vinstra megin við A og var ökumaður hennar að byrja að bakka. Kvaðst ökumaður A þá hafa stöðvað, flautað og verið búinn að setja í gir til að aka áfram, en það hafi ekki dugað til og hafi B verið bakkað á afturbretti A fyrir aftan hjól.

Ökumaður B kvaðst hafa séð stæði og þurft að bakka aðeins til að ná beygjunni inn í stæðið. Hann hafi litið í spegla um leið og hann bakkaði og engan séð, en svo hafi hann litið á stæðið og við það hafi hann ekið á A. Ökumaður A hafi flautað um leið og B rakst á A. Það hafi ekki verið löng vegalengd sem hann hafi bakkað. Báðir hafi verið að bakka og stöðvað á sömu stundu.

**Álit.**

B hafði verið ekið eftir akleiðinni fyrir aftan A, þegar hún var stöðvuð og ökumaður hennar ók svo aftur á bak í því skyni að ná beygju inn í stöðureit. Af framburði ökumannsins er ljóst að hann leit af akleiðinni fyrir aftan sig og fór að líta á stöðureitinn sem hann hugðist aka í er B rakst á A. Hann vissi ekki af A fyrir aftan sig fyrr en árekstur varð. Ökumaður B gætti ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á hann því sök á árekstrinum. Eins og hér stóð á eru ekki efni til að sakast við ökumann A. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 17. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 267/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar L.**

**Gildissvið sjúklingatryggingar lækni vegna tjónsatviks í mars 2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. júlí 2015 ásamt frekari gögnum, þ.á.m. höfnunarbréfi V dags. 3. júlí 2014, álit Landlækni dags. 27. maí 2014 og umsögn L dags. 11. október 2011 ásamt sjúkrasögu.

**Málsatvik.**

Í málinu kemur fram að M kenndi sér meins haustið 2009 og leitaði þá til heimilislækni. Fólst meinið í því að M fann fyrir miklum slappleika, magaverkjum og hafði orðið vart blæðinga frá endaparmi. Í ljós kom að M var blóðlaus og var í kjölfarið vísað til L sem sérhæfir sig í lyflækningum og meltingarsjúkdómum fór M fyrst í viðtal hjá L í febrúar 2010. Í mars sama ár, nánar tiltekið þann 5. mars, var M sendur af L í ristilspeglun og var sú speglun framkvæmd hjá Röntgendeild Domus Medica. Álit lækna þar var að speglunin hefði verið eðlileg en M var greindur með gallsteina. Í janúar 2011 leitaði M aftur til L þar sem hann hafði ekki fengið bót meina sinna og þann 3. febrúar 2011 er framkvæmd önnur ristilspeglun á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Í aðgerðarlýsingu vegna þeirrar speglunar kemur fram að hún er talin eðlileg. M var ekki sáttur við þetta og heimilislæknir hans lætur síðan framkvæma þriðju ristilspeglunina þann 14. febrúar 2011 og þá loks greinist M með illkynja æxli í ristli. M þurfti í kjölfarið að gangast undir skurðaðgerð sem og lyfjameðferð til að vinna bug á hinu illkynja æxli.

M telur að hann hafi verið vangreindur af L þegar hann leitaði til hans strax á árinu 2010 og að það hafi ekki verið staðið rétt að lækni meðferð hans bæði þá og í febrúar 2011 þegar hann leitaði aftur til L. M telur að hann hafi orðið fyrir tjóni sem að öllum líkindum megi rekja til atvika 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, þ.e. að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. M telur að ef rétt hefði verið lesið úr niðurstöðum ristilspeglanna sem áttu sér stað í mars 2010 og febrúar 2011 hefði sjúkdómur hans verið greindur fyrr og að sú meðferð sem þurft hafi hefði getað verið viðaminni og haft minni áhrif á hann fyrir vikið. M vísar til þeirra umfangsmiklu einkenna sem hann hafði og lýst er í lækni-fræðilegum gögnum málsins og telur að í ljósi þeirra hefði L átt að geta greint sjúkdóm hans fyrr. Þess vegna sé gildissvið sjúklingatryggingar L uppfyllt og greiða eigi bætur vegna tjóns M úr þeirri tryggingu hjá V.

V bendir á að gildissvið sjúklingatryggingar L taki mið af lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þar komi fram í 1. gr. að þeir sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni eigi rétt á bótum ef atvik máls falli undir 2. gr. sömu laga. Skilyrði þess að fjallað sé um þau atvik sé því að sýnt sé fram á að sjúklingur hafi orðið fyrir tjóni. V telur ekki sýnt að M hafi orðið fyrir tjóni vegna atvika sem varða L þar sem álit Landlækni dags. 27. maí 2014 sýni að ekki hafi verið verið gerð mistök af hálfu L vegna ristilspeglunar í mars 2010 og hvað varðar ristilspeglun í febrúar 2011 hafi einungis liðið 11 dagar frá því að hún var framkvæmd þar til sjúkdómur M hafi verið greindur. Ekki sé því sýnt að tjón hafi getað orðið á þessum 11 dögum sem þarna liðu. V vísar því til álits Landlækni og sérfræðiálits sem aflað var í tengslum við það rannsókn á einkennum M á árinu 2010 hafi verið hagað eins vel og unnt var og framkvæmd lækni-verka L hafi verið í samræmi við þekkingu og reynslu á svið meltingarsjúkdóma. Ekki sé heldur við L að sakast að



mögulega hafi ekki verið rétt lesið úr ristilspeglun hjá Domus Medica á árinu 2010 eða hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi í febrúar 2011 og verði að beina skaðabótakröfum frekar þangað en á L.

#### **Álit.**

Sjúklingatrygging sem L hefur hjá V hefur gildissvið sem skilgreint er sérstaklega í lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 1. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir því að sjúklingur geti gert kröfu um bætur ef hann verður fyrir tjóni m.a. vegna læknismeðferðar og megi það tjón að öllum líkindum rekja til atvika sem eru með þeim hætti sem lýst er í 2. gr. laganna. Þar kemur m.a. fram að réttur til bóta getur komið til ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í sérfræðiáliti, sem vísað er til í álitargerð Landlæknis vegna kvörtunar M til embættisins, kemur fram að meðferð sem M hlaut í byrjun febrúar 2011 hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var. Það sama gildir hins vegar ekki um atvik sem áttu sér stað á árinu 2010. Verður ekki séð af öðrum gögnum málsins að hægt sé að fullyrða um að hægt hefði verið að haga meðferð M hjá L með öðrum hætti á árinu 2010. Þá stendur eftir hvort það að meðferð hafi ekki verið fullnægjandi í skilningi 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu hafi leitt til tjóns fyrir M. Það er að segja hvort það geti falist í því tjón að fá greiningu um ristilkrabbamein 14. febrúar 2011 á meðan mögulega hefði átt að vera hægt að greina meinið 11 dögum fyrr, eða 3. febrúar 2011. Gögn málsins sýna ekki með nægilega skýrum hætti hvert slíkt tjón getur verið eða hvort fjárhæð þess nær lágmarki 5. gr. sömu laga. Á meðan ekki er sýnt fram á tjón verður ekki fallist á að skilyrði séu til greiðslu bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V vegna læknismeðferðar á árinu 2010 og 2011.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 268/2015****M og  
váttryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðar A.****Ágreiningur um tjónsatburð þann 14. mars 2015.****Gögn.**

1. Málskot móttekið þann 3. júlí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 31. ágúst 2015 ásamt fylgiskjali.
3. Frekari athugasemdir frá M þann 8. september 2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin A, sem er í eigu málskotsaðila M, fyrir tjóni þegar vonskuveður gekk yfir landið. Varð bifreiðin fyrir skemmdum á annarri hliðinni. Fyrir liggja ljósmyndir af þeirri hlið bifreiðarinnar sem skemmdist í óveðrinu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar á þeim grundvelli að ljóst sé að skemmdirnar séu af völdum jarðefnis og að slík tjón séu undanskilin í skilmálum váttryggingarinnar, sbr. gr. 6.1.

M mótmælir því að það sé sannað að tjónið sé af völdum jarðefnis (sands eða grjóts). Fram kemur í málskoti að vindhraði þennan dag hafi verið það mikill að það reif upp ísskara víða í bænum og að það sé jafn líklegt að tjónið á bifreiðinni sé af völdum klaka.

**Álit.**

Um tjónið á bifreiðinni A gilda skilmálar kaskótryggingar hjá V. Í gr. 4.1 skilmálanna koma fram þau tjónstilvik sem bætt er samkvæmt váttryggingunni, auk þess sem vísað er til 5. – 9. gr. skilmálanna varðandi önnur tjónstilvik. Í gr. 6.1 kemur fram að „[f]élagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu ef það fýkur eða ef vélarhlíf, kistulok eða hurðir fjúka upp. Einnig bætast aðrar skemmdir á ökutækinu af völdum ofsaveðurs hafi vindhraði náð 28,5 metrum á sekúndu. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignartjón hafi orðið á svæðinu. Tjón af völdum þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á ökutæki bætist þó ekki.”

Sönnunarbyrðin fyrir því að tjón falli undir skilmála váttryggingarinnar hvílir á tjónþola. Ljóst er að veðurofsinn náði þeirri hæð sem tiltekin er í greininni. Ekki liggur fyrir ótvíráð sönnun um hvað það var sem olli skemmdunum á hlið bifreiðarinnar. Við mat á fyrirbyggjandi myndum á tjóninu verður þó að telja líklegast að sandur, smágrjót eða annars konar jarðefni hafi valdið tjóninu. Ekki liggja fyrir önnur gögn eða upplýsingar sem sýna fram á að líklegra sé að um klakafok hafi verið að ræða.

Með hliðsjón af öllum atvikum og fyrirbyggjandi gögnum verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að skilyrði skilmála váttryggingarinnar séu uppfyllt.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingar bifreiðar A hjá V.

Reykjavík, 15. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 269/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðarliðar landbúnaðartryggingar R.**

**Starfsmaður á sveitabæ varð fyrir líkamáverkum þegar naut réðist á hann 26.6.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 17.7.2015.

**Málsatvik.**

M var vinnukona á sveitabæ. M segist ekki hafa verið vön bústörfum og hafi slysið orðið með þeim hætti að naut hafi ráðist á M eftir að bóndinn á bænum R bað M um að opna hlið á girðingu þar sem nautið var á beit. M segir að R hafi fengið fréttir af því að sauðfé hefði komið til baka af heiðinni og hafi ætlunin verið að keyra inn á túnið og finna féð og reka það aftur upp á heiðina og þess vegna hafi R beðið M um að opna umrætt hlið. M segist hafa opnað hliðið og beðið eftir R þegar nautið réðst á hana þannig að hún missti meðvitund. R segir að hann M og sonur hennar hafi verið í bíltúr og komið að nautgripagirðingu og hafi hann þá þurft að pissa en geti það ekki nema með tilfæringum þar sem hann sé bundinn í hjólastól og þá hafi M og sonur hennar farið út úr bifreiðinni og síðan hefði sonur M komið hlaupandi og bent á mömmu sína og hann þá brugðist við og ekið inn í girðinguna og reynt að stugga nautinu burtu. M krefst bóta úr ábyrgðarlið landbúnaðartryggingar R hjá M og segist ekki hafa fengið leiðbeiningar eða fræðslu um hvernig hefði átt að framkvæma starfið í umrætt sinn. Þá hafi R ekki gætt fyllsta öryggis þegar M opnaði hliðið. Af hálfu M er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M segir að hún og R og hún hafi verið að koma frá því að snúa heyi en ekki verið í bíltúr eins og R haldi fram og hún hafi ekki opnað umrætt hlið af eigin frumkvæði. Þá segir M að hún hafi talið að einungis kindur væru innan girðingarinnar.

V hafnar bótaskyldu og segir að sönnunarbyrði um saknæma og ólögmæta háttsemi vátryggingartaka hvíli á M og henni hafi ekki tekist að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfylltar. Þá hafi M ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að um ráðningarsamband hennar og bóndans hafi verið að ræða og ákveðnar skyldur hafi hvílt á honum sem vinnuveitanda hennar. Þá segir V að ekki liggi fyrir sönnun þess að R hafi beðið um að M opnaði umrætt hlið. V segir að tjón M verði því ekki rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi R eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Vátryggingartakinn R ber ekki brigður á að M hafi verið að störfum fyrir hann enda vandséð hvaða erindi M átti á þessar slóðir til þessara verka hafi svo ekki verið. M fullyrðir að hún og R hafi verið að bústörfum umræddan dag og mótmælir R því ekki. Af gögnum málsins virtum verður því ekki annað séð en að M hafi verið starfsmaður bóndans og honum borið að veita M leiðbeiningar í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980. Ekkert liggur fyrir um að R hafi veitt M fullnægjandi leiðbeiningar um framkvæmd bústarfa eða hún hafi verið upplýst um að henni gæti verið hætta búin vegna þess að hún opnaði hliðið á girðingunni sem um ræðir. Ekki verður séð hvaða erindi bóndinn átti að hliðinu í umrætt sinn ef það var ekki til að sinna einhverjum verkefnum innan girðingarinnar svo sem M heldur fram. Gögn málsins eru takmörkuð, en af gögnum málsins virtum verður ekki annað séð, en að R hafi ekki gætt nægjanlega að öryggi M eða veitt henni fullnægjandi leiðbeiningar við framkvæmd starfa sinna. Ekki verður séð að M hafi sýnt

af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a. í skaðabótalögum nr. 50/1993. M á því rétt á bótum úr ábyrgðarlið landbúnaðartryggingar bóndans hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðarlið landbúnaðartryggingar váttryggingartakans R hjá M.

Reykjavík 18.8. 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 270/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist er hann vann við að taka niður bílskúrhurð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.7.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 10.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M, starfsmaður A, var hinn 13. mars 2013 að störfum við að taka niður gamla bílskúrhurð í bílskúr þar sem hann hafði um skeið unnið að endurbótum. Slóst þá gormur eða armur á vinstri festingu hurðarinnar í M með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlega áverka í andliti og á höfði. Í skýrslu lögreglu um atvikið segir að M hafi verið að vinna við bílskúrhurðina er bakslag hafi komið á hana og bílskúrhurðararmur hafi slegist í höfuðið á honum.

Hinn 10. apríl 2012 barst Vinnueftirliti ríkisins (VER) skrifleg tilkynning A um slysið, en tilkynningin er dagsett 14. mars 2012. Í tilkynningunni kemur fram að unnið hafi verið við að rífa niður gamla bílskúrhurð þegar armur á hurðinni hafi slegist í andlit M. Slysið var ekki rannsakað af hálfu VER þar sem það var ekki tilkynnt þegar það átti sér stað.

Í tilkynningu M um tjónið til V, dags. 10. október 2012, segir að til hafi staðið að skipta út bílskúrhurð og hafi hann átt að fjarlægja þá gömlu. Hafi hann byrjað á að taka hurðina af festingunum, en þegar hann hafi byrjað að rífa karminn hafi gormur á vinstri festingunni hrokkið upp í andlitið á honum. Kvaðst M hafa haldið að hann hafi verið búinn að losa upp á gorminum.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), sem er dagsett 10. maí 2013 og undirrituð af M og A, segir að slysið hafi orðið þegar M var að skipta um bílskúrhurð. Hann hafi tekið hurðina af og verið að losa karminn þegar annar armurinn hafi hrokkið upp og lent í andliti hans.

Í ódagsettri tilkynningu A til V er tildrögum slyssins lýst á svipaðan veg og í tilkynningunni til SÍ, en þar segir enn fremur að orsök slyssins hafi verið sú að ástand á járnabúnaði bílskúrhurðarinnar hafi verið verra en reiknað hafði verið með.

Í skýrslu M til lögmanns síns, dags. 14. maí 2013, kveður M að hann hafi takmarkaða þekkingu og enga reynslu af því sem hann var að vinna við þegar slysið varð. Hann hafi unnið fyrir eigendur bílskúrsins þá smíðavinnu sem framkvæmd hafði verið í skúrnum mánuðina áður, skipt um þak, glugga o.fl. Einnig hafi hann verið tengiliður við undirverktaka. Hann kveður ástæður þess að honum hafi verið falið að vinna umrætt verk hafi m.a. verið að þeir sem seldu húseigendum nýja bílskúrhurð hafi átt að annast niðurrif hinnar gömlu en vegna anna hafi þeir ekki komið því við. Einnig hafi afhending og uppsetning hurðarinnar dregist og þegar sá aðili sem ætlaði að sjá um uppsetningu nýju hurðarinnar myndi koma að kvöldi þess dags sem slysið varð, en hann hafi ekki haft tíma til að taka þá gömlu úr, hafi í flýti verið tekin sú ákvörðun að M myndi fyrir hönd A taka það að sér.

V beindi nokkrum spurningum til A vegna slyssins. Í svari A til V samkvæmt tölvubréfi 27. ágúst 2013 segir m.a. að aldrei hafi staðið til af hálfu A að M tæki niður bílskúrhurðina heldur hafi það verið seljendur hurðarinnar sem höfðu það verk með höndum. Eigendum A hafi ekki verið kunnugt um að M hefði farið í að taka hurðina niður fyrr en eftir slysið, enda hafi M sjálfur verið í sambandi við „hurðar verktaka“. Varðandi ástand hurðarinnar eins og því var lýst í framangreindri tilkynningu A til M segir í svari A að átt hafi verið við slit í búnaði bílskúrhurðararmsins sem alltaf fylgi notkun. Þá kom fram í svarbréfi A að M hafi unnið hjá fyrirtækinu í 12 ár, lært þar og eftir sveinspróf unnið sem smíður.

M telur að A hafi ekki gætt fyllsta öryggis á vinnustað, ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum né veitt M fullnægjandi fræðslu og leiðsögn áður en hann hóf verkið.

Þá hafi A heldur ekki sinnt lagaskyldum að tilkynna slysið til VER. Með vísan til þessa hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

#### **Álit.**

M er smiður að mennt og hafði unnið við smíðar hjá A í meira en áratug þegar slysið varð. Hann hafði unnið um nokkurt skeið við endurbætur í umræddum bílskúr og virðist hafa haft nokkurt sjálfstæði í störfum sínum þar. Var hann m.a. tengiliður við aðra verktaka. Í skýrslu til lögmanns síns kveður M að ákvörðun um að hann tæki að sér fyrir hönd A að rífa niður bílskúrshurðina hafi verið tekin í flýti. Ekki er því lýst nánar hvernig ákvörðunin var tekin. Af gögnum málsins þykir ekki nægilega í ljós leitt að ákvörðunin hafi verið tekin af fyrirsvarsmönnum A, en hvernig að þeirri ákvörðun var staðið hefði mátt upplýsa betur jafnvel þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt VER eins og lög gera ráð fyrir. Eins og hér stendur á verður að telja að það hafi staðið M næst að hlutast til um að það væri upplýst. Í tilkynningu M til V kvaðst hann hafa haldið að hann hafi verið búinn að losa upp á gorminum. Af þessu verður ekki annað ráðið en M hafi vitað meðan á verkinu stóð að losa þyrfti upp á gormum áður en hann byrjaði að rífa niður karminn. Að virtum öllum fyrirliggjandi gögnum verður ekki talið að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar eða ófullnægjandi leiðbeininga eða fræðslu af hálfu fyrirsvarsmanna A. Það verður því ekki rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 271/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/slysatriyggingar launþega.**

**Orsakatengsl líkamstjóns og atviks 20. janúar 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 7. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggja fyrir tjónstilkynningar dags. 21. janúar 2013 þar sem vinnuveitandi M tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins og Sjúkratriyggingum Íslands um slys M sem hafi átt sér stað daginn áður með þeim hætti að M rann í bleytu á gólfi í eldhúsi. Í þeim tjónstilkynningum kemur fram að M hafi verið slæm í vinstra fæti, lærleggur hafi verið aumur og tá. Í læknisvottorði dags. 28. júní 2013 kemur fram að M hafi fyrst getið um óþægindi vegna þessa atviks í læknisheimsókn 7. júní 2013. Einnig kemur fram í því læknisvottorði að M hafi lent í umferðarslysi 25. febrúar 2013. Í öðru læknisvottorði dags. 30. október 2013 kemur fram að það sem hrjai M séu aðallega bakverkir. Í læknisvottorði dags. 26. júní 2014 kemur fram sú ályktun að M hafi hlotið áverka á mjóbak við umrætt atvik 20. janúar 2013.

M telur að sýnt sé að orsakatengsl séu milli óþæginda hennar í mjóbaki í dag og tjónsatviksins sem varð 20. janúar 2013. M vísar til lýsinga í tjónstilkynningum og telur að þær sýni að hún hafi dottið harkalega á gólf og það hafi framkallað umrædd mjóbakseinkenni. Einnig vísar M til þess að Sjúkratriyggingar Íslands hafi samþykkt bótaskyldu vegna atviksins úr slysatriyggingum almannatriygginga.

V telur ósannað að það atvik sem lýst er í tjónstilkynningum hafi leitt til mjóbakseinkenna M. Ekki hafi verið getið um slík einkenni í tjónstilkynningum auk þess sem M hafi ekki nefnt slík einkenni við lækni fyrir en um fimm mánuðum síðar og komi hvergi fram í samtímaskráningum að slík einkenni hafi komið fram við atvikið sjálf.

**Álit.**

Í málinu er ekki ágreiningur um að M hafi hlotið líkamstjón sem fellur undir slyshugtak gr. 1.4 í vátryggingarskilmálum slysatriyggingar launþega hjá V, þ.e. að hún hafi fallið í bleytu á gólfi og þannig fundið fyrir óþægindum í vinstra fæti, lærlegg og tá eins og tjónstilkynningar sýna. Hins vegar er ágreiningur um hvort mjóbakseinkenni M sé hægt að rekja til umrædds atviks. M ber sönnunarbyrði fyrir því að slík einkenni sé hægt að rekja til þess að hún féll með umræddum hætti 20. janúar 2013. Verður ekki horft framhjá því að slíkra einkenna er hvergi getið fyrir en M leitar til læknis vegna þeirra í júní 2013, eða um fimm mánuðum eftir slysaatvikið. Þar á milli hafði M lent í umferðarslysi í lok febrúar 2013 og ýmis önnur atvik eða aðstæður getað komið upp sem framkalla mjóbakseinkenni. Í ljósi þessa er verulegur vafi um hvort mjóbakseinkenni M tengjast umræddu atviki í janúar 2013. Hallann af slíkum sönnunarskortum verður M að bera og verða ályktanir í læknisvottorði læknis sem ekki var meðferðarlæknir M dags. 26. júní 2014 ekki taldar breyta þeirri niðurstöðu. M á því ekki rétt á bótum úr slysatriyggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatriyggingu launþega hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 272/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.**

**Vatn flæddi upp úr niðurföllum lagna og inn í sameign M 31.8.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 22. júlí 2015.

**Málsatvik.**

Vatn flæddi upp úr niðurföllum fyrir utan hús M og inn í kjallara hússins svo að tjón varð á sameigninni. M segir að flóðið megi rekja til bágs ástands lagnar sem liggur að húsinu en lögnin sé á ábyrgð K. M segir að tilkynnt hafi verið um tjón í kjölfar vatnsflóða a.m.k. þrisvar áður árin 2006, 2007 og 2012. M segir að í kjölfar flóðsins árið 2012 hafi V viðurkennt bótaskyldu K og greiddi M bætur og engin munur sé á aðstæðum nú og þá. M byggir á því að starfsfólki K beri að hafa eftirlit og annast viðhald á vatnslögninni en það hafi verið vanrækt með ólögmætum og saknæmum hætti. M segir að starfsfólki K hafi verið fullkunnugt um að ástand lagnanna væri óviðunandi og nauðsyn bæri til að gera úrbætur. V hafnar bótaskyldu og segir að K fullyrði að lagnir hafi verið hreinsaðar og myndaðar tveim árum áður en umrætt tjón varð í kjölfar vatnstjóns í ágúst 2012 og hafi myndir sýnt að frekari umbóta væri ekki þörf og tjónið nú verði því ekki rakið til saknæmrar ólögmætrar háttsemi K og ólíku saman að jafna nú og árið 2012.

**Álit.**

Ekki liggja fyrir niðurstöður skoðunar K á umræddri lögn árið 2012 og þau gögn hafa ekki verið lögð fram af hálfu V. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að starfsfólk K hafi vitað af ástandi lagnar þeirrar sem hér ræðir um og ákveðið að hafa eftirlit með henni þess vegna. Ekkert liggur fyrir um í gögnum málsins hvernig þessu eftirliti var háttað af hálfu K. Í ljósi þess vatnsflóðs sem átti sér stað 31. ágúst 2014 og olli tjóni á hagsmunum M verður ekki annað ráðið en að ástand lagnarinnar hafi ekki verið í lagi þá og það hafi leitt til flóðsins. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því ekki annað ráðið en að M hafi vanrækt eftirlit sitt með umræddum lögunum og á M því rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu K hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 18.8.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 273/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.**

**Túlkun vátryggingarskilmála vegna sjálfsábyrgðar tjóna frá 31. janúar til 19. ágúst 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. ágúst 2015 ásamt vátryggingarskilmálum.

**Málsatvik.**

Í málskoti eru takmarkaðar upplýsingar um ágreining M og V. Af því má þó ráða að M telji að V eigi að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu M vegna tjóns á jarðstrengjum sem starfsmenn M hafi skemmt þegar þeir voru að nota ýtu til að plægja jarðveg.

V vísar til fimm tjóna á tímabilinu 31. janúar til 19. ágúst 2014. Í þeim öllum hefur V metið tjónsupphæð á bilinu kr. 24.978 til 178.264 fyrir hvert tjón og vísar til vátryggingarsamnings við M um að upphæð sjálfsábyrgðar í hverju tjóni sé kr. 290.000. Þar sem tjónsupphæð málanna sem M vísar til nái ekki upphæð sjálfsábyrgðar í neinu tjóni hafi ekki stofnast greiðsluskylda af hálfu V.

**Álit.**

Í málinu virðist ekki vera ágreiningur um að M hafi valdið tjóni á jarðstreng eða jarðstrengjum í fimm mismunandi skipti á árinu 2014. Í vátryggingarsamningi sem M var með í gildi við V á þeim tíma kemur eftirfarandi fram í gr. 13.1: „Af hverju tjóni ber vátryggingartaki sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.“ Ekki hefur annað komið fram í málinu en að tjónsfjárhæðir hvers tjóns fyrir sig nái ekki fjárhæð eigin áhættu (sjálfsábyrgð) vátryggingarsamnings, en ekki virðist heldur vera ágreiningur um að fjárhæð hennar sé kr. 290.000 vegna hvers tjóns. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 274/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort starfmaður hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 9.7.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 23.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 2. desember 2013 var M við störf í eldhúsi hjá A. Er hún var að lyfta saltpoka upp í kerru varð hún fyrir meiðslum í baki. A hefur vegna starfsemi sinnar keypt slysatryggingu launþega hjá V.

Í tjónstilkynningu til V, dags. 2. apríl 2014, kveðst M hafa verið að lyfta 25 kg saltpoka á kerru og þurft að lyfta honum frá gólfí og upp á kerruna sem er ca. 20 cm há. Er hún var að lyfta pokanum og ætlað að færa hann upp á kerruna hafi hún rekið sig í aðra kerru, skrikað fótur og fundið fyrir hnykk á bakið. Samsvarandi lýsingu er einnig að finna í tilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), dags. 2. apríl 2014.

Efnislega sama lýsing er einnig í tilkynningu A til Vinnueftirlits ríkisins (VER), dags. 12. febrúar 2014, svo og í tilkynningu A til SÍ, dags. 30. júlí 2014, nema þá er tekið fram að lýsingin sé samkvæmt frásögn M og þar er einnig tekið fram að hún hafi ekki tilkynnt A um atvikið fyrr en 12. febrúar 2014.

Í yfirlýsingu starfsfélaga M, dags. 30. apríl 2014, segir að þær hafi tekið kerru og farið inn á lager. M hafi beygt sig niður til að taka upp 25 kg saltpoka til að lyfta upp á kerru sem var ca. 25 cm há. Hafi M rekið annan fótinn í kerru við hliðina á þeirri sem hún var að lyfta upp á. Við þetta hafi heyrst smellur í baki M. Í framhaldinu hafi M kvartað um verk í baki.

M leitaði til læknis á Læknavaktinni að kvöldi 3. desember 2013. Í vottorði yfirlæknis Læknavaktarinnar, dags. 5. maí 2014, kemur fram að M sagðist hafa verið að lyfta saltpoka deginum áður og hafi þá fengið slæman bakverk hægra megin í mjóbak. Þetta hafi gerst í lok vinnudags og hafi hún lokið vinnudeginum. Hafði hún einu sinni áður haft bakverk og hafi það verið einum mánuði fyrr. Hafi verkurinn þá verið í tvo daga. Við skoðun hafi M verið alveg stíf í mjóbaki. Hryggskekkja var í baki með vinstri sveigju/boga (sinistroconvex) í mjóbaki og hægri sveigju/boga (dextroconvex) á mótum brjósthryggjar og mjóhryggjar. Var greind með þursabit (lumbago acuta). Þar sem þetta hafi verið í annað skiptið á stuttum tíma sem hún fékk bakverk og var með töluverða hryggskekkju við skoðun var henni ráðlögð sjúkraþjálfun.

Sex læknisvottorð liggja fyrir í málinu vegna fjarvista, dags. 3. og 23. desember 2013, 13. janúar 2014, 7. og 24. febrúar 2014 og 28. mars 2014. Í tveimur fyrstu vottorðunum og því síðasta er ástæða fjarvistar sögð vera sjúkdómur en í hinum þremur að fjarvist stafí af vinnuslysi.

Í bréfi A til VER, dags. 25. júní 2014, skýrði vinnuveitandi frá því að það hafi fyrst verið á fundi með M hinn 2. febrúar 2014 (á væntanlega að vera 12. febrúar) að honum var tilkynnt að M hafi verið frá vegna vinnuslyss 2. desember 2013 en ekki vegna veikinda. Var þetta einnig áréttað í bréfi A til Eflingar stéttarfélags 5. mars 2014.

M hefur krafist bóta úr áðurgreindri slysatryggingu launþega hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu að því er virðist á þeirri forsendu að hún hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni af völdum slyss í skilningi vátryggingarskilmála.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 9.1 í skilmálum V fyrir slysatryggingu launþega greiðir félagið að öðrum skilyrðum fullnægðum bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir, ef það leiðir til andláts, varanlegrar örorku, tímabundins missis starfsorku eða tannbrots. Í 8. gr. skilmálanna segir að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Ætla verður að V hafi hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi ekki orðið fyrir meiðslum umrætt sinn við utanaðkomandi atburð.

Í tjónstilkynningum til V og SÍ frá 2. apríl 2014 lýsir M atvikum svo að í sömu andrá og hún var að lyfta saltpokanum upp á kerru hafi hún rekið sig í aðra kerru og við það skrikað fótur og fengið hnykk á bakið. Á sama veg var tildrögum atviksins lýst í tilkynningu A til VER 12. febrúar 2014. Starfsstúlka hjá A, sem var vitni að atvikinu, hefur í sérstakri yfirlýsingu enn fremur borið um atvik á sama veg. Lýsing í öllum þessum gögnum á tildrögum þess að M varð fyrir meiðslum hnígur í þá átt að það hafi orðið við utanaðkomandi atburð, þ.e. rekið sig í aðra kerru og við það fengið hnykk á bakið. Þótt þess hafi ekki verið getið við komu M á Læknavaktina kvöldið eftir að M hafi rekið sig í aðra kerru og skrikað fótur og ekki sé samræmi í fyrirliggjandi fjarvistarvottorðum af hvaða ástæðum M var talin hafa verið óvinnufær verður af þessu ekki dregin einhlít ályktun að M hafi ekki orðið fyrir meiðslum af völdum slyss í skilningi vátryggingarskilmála. Ekki er um það deilt að fyrirsvarsmenn A voru ekki vitni að atvikinu. Lýsing á atvikinu í tilkynningum sem stafa frá A byggja því óneitanlega á frásögn M. Að virtum öllum gögnin málsins þykir mega leggja til grundvallar að M hafi rekið annan fótinn í kerru og við það skrikað fótur sem hafi leitt til einkenna í baki sem degi síðar hafi verið greint af lækni sem þursabit. Af því leiðir að M hafi orðið fyrir meiðslunum við utanaðkomandi atburð og því hafi verið um slys að ræða í skilningu þeirra skilmála sem um slysatrygginguna gilda.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V vegna meiðsla í baki sem hún hlaut í vinnuslysi 2. desember 2012 hjá, A.

Reykjavík, 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 275/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar hundeiganda.**

**Líkamstjón af völdum hunds 23. september 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. júlí 2015 ásamt tölvupósti starfsmanns V dags. 10. janúar 2014, reglum um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi og vátryggingarskírteini.
3. Beiðni nefndarinnar til V um frekari gögn með tölvupósti dags. 11. ágúst 2015.
4. Tölvupóstur V dags. 11. ágúst 2015 ásamt tjonstilkynningum dags. 22. nóvember 2013 og 29. nóvember 2013 og yfirliti yfir tjonagreiðslur.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir að M var vátryggð með ábyrgðartryggingu hjá V í gegnum sveitarfélag það sem veitti henni leyfi til hundahalds. Gildissvið ábyrgðartryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem M sem hundeiganda. Þann 22. nóvember 2013 tilkynnti einstaklingur um að hún hefði hlotið líkamstjón þegar hundur M hefði stökkið á hana fyrir utan heimili M. Í gögnum málsins er ágreiningslaust að hundurinn hafi verið bundinn en að eigandi hans hafi ekki verið viðstaddur þegar atvikið átti sér stað, né heldur hafði eigandinn falið öðrum að hafa eftirlit með hundinum. Í tölvupósti V til M dags. 10. janúar 2014 kemur fram sú afstaða V að skaðabótaábyrgð hafi stofnast af hennar hálfu vegna umrædds líkamstjóns og byggði V á því að M hefði vanrækt skyldur sínar varðandi eftirlit með hundi sínum, sbr. ákvæði 9. og 10. gr. samþykktu um hundahald í því sveitarfélagi sem hún bjó í. Þann 18. júní 2015 voru greiddar bætur til tjonþola vegna umrædds atviks og í kjölfarið fór V þess á leit við M að hún greiddi sjálfsábyrgð skv. vátryggingarsamningi ábyrgðartryggingarinnar. Nefndin fór við meðferð málsins fram á að fá gögn V um tjonatvikið og yfirlit yfir greiðslur vegna afgreiðslu málsins hjá V.

M telur að ósannað sé hvenær tjon hafi átt sér stað þar sem misvísandi upplýsingar séu í gögnum málsins um dagsetningu hins meinta tjonatviks. Einnig vísar M til þess að framburður tjonþola um atvik sé misvísandi um aðdraganda tjonins. Þessu til viðbótar telur M sig ekki hafa fengið nægilegar upplýsingar um tjonnið sem greitt hafi verið úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

V vísar til þess að við mat á skaðabótaskyldu M og þar af leiðandi greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu sem hún naut verði að líta til þess að hundur M hafi verið eftirlitslaus fyrir utan hús án frekara eftirlits þegar tjon átti sér stað. V telur að M hafi ekki sannað staðhæfingar um að saga tjonþola sé misvísandi hvað varðar dagsetningu eða atvik og lýsir því yfir að þær bætur sem greiddar hafi verið hafi verið í samræmi við skaðabótalög nr. 50/1993. Ekki verði heldur litið svo á að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart M en M hafi fengið upplýsingar um afstöðu V og skyldur hennar skv. vátryggingarsamningi, m.a. um greiðslu eigin áhættu, með tölvupósti í janúar 2014.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu verður ekki skilinn öðruvísi en að M telji að ekki hafi komið fram nægilega skýr gögn um skaðabótaskyldu hennar sem hundaeiganda, en sú skaðabótaskylda er forsenda greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu V. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir hjá nefndinni verður ekki séð annað en að sannað sé að hundur M hafi valdið líkamstjóni þann 23. september 2013, eins og tjonþoli lýsir í tjonstilkynningu til V. Við mat á því hvort M, sem eigandi hundsins, hafi vanrækt skyldur sínar verður að líta til þeirra skyldna sem á henni hvíldu skv. reglum um hundahald í því sveitarfélagi sem veitti M leyfi til slíks. Í 9. gr. reglna um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi sem birtar voru í B-deild Stjórnatíðinda nr.

154/2000 kemur fram að óheimilt sé að hafa hund tjóðraðan án eftirlits ábyrgs aðila. Í 10. gr. reglnanna kemur auk þess fram að hundeiganda eða umráðamanni sé skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu eða óþægindum. M hefur ekki lýst atvikum þannig að hún hafi haft eftirlit með tjóðruðum hundi sínum í greint sinn eins og henni var skylt að gera skv. 9. gr. áðurnefndra reglna. Verður því ekki annað séð en að M hafi sýnt gáleysi við vörslur hundsins og ekki hafa komið fram sönnunargögn um annað en að orsakatengsl séu milli þess og líkamstjóns tjónþola sem fékk greiddar bætur úr ábyrgðartryggingu hjá V. Ekki verður heldur litið svo á að M hafi sýnt fram á að bótagreiðslur til tjónþola hafi verið óeðlilegar m.t.t. skaðabótalaga nr. 50/1993. Telst V því hafa með réttu greitt bætur úr ábyrgðartryggingu sem M naut og við það vaknar ákvæði váttryggingarsamnings um greiðslu svokallaðrar eigin áhættu M sem V er þannig heimilt að innheimta.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 276/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/sjúklingatryggingar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v/sjúklingatryggingar B.**

**Læknismeðferð eftir krossbandaslit árið 2003 og 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Viðbótargögn frá málskotsaðila send til FME með tölvupósti í júlí 2015.
3. Bréf V1 dags. 27. júlí 2015.
4. Bréf V2 dags. 21. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

Atvik máls má rekja til þess að M sleit fremra krossband í vinstra hné sumarið 2003 og leitaði í kjölfarið til bæklunarlæknisins B sem framkvæmdi liðþófaaðgerð á hnénu en krossbandið var ekki endurbyggt með aðgerð. M gat stundað íþróttir með ágætum eftir þetta þar til hann missti stjórn á sama hné þegar hann hljóp á ójöfnu undirlagi og leitaði M þá aftur til B. Úr varð að framkvæmd var krossbandaaðgerð af A og B þann 31. október 2007.

Aðdraganda aðgerðarinnar er lýst í gögnum málsins sem og afleiðingum. Ekki þykir þörf á að tilgreina öll þau samskipti og gögn sem lögð voru fram í málinu og varða aðgerðina og þá læknismeðferð sem M hlaut af hálfu A og B. Þess ber þó að geta að M fór í viðtal og læknisskoðun vegna örorkumats 30. júní 2014 og liggur niðurstaða matsins ekki enn fyrir. Ástæða þess að nefndin telur ekki þörf á að tilgreina öll efnisatriði málsins varðandi læknismeðferð þá sem M fékk hjá A og B er fyrst og fremst sú að ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því að krafa M í málskoti er sú að „matsmenn ljúki matinu án tafar enda eru batahorfur engar án aðgerða“.

Verður því ekki annað séð en að M leiti til nefndarinnar til að fá kröfu sinni framgengt gagnvart bæði V1 og V2 en bæði félög standa að því örorkumati sem vísað er til.

V1 telur að vísa eigi málinu frá þar sem kröfur M falli ekki undir starfssvið nefndarinnar skv. samþykktum hennar og vísar til 1. mgr. 3. gr. þeirra máli sínu til stuðnings.

V2 telja einnig að vísa eigi málinu frá m.t.t. að krafa M taki ekki til atvika sem tilgreind eru í 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar.

**Álit.**

Til þess að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum geti tekið afstöðu til ágreinings milli þess sem til nefndarinnar leitar (málskotsaðila) og vátryggingafélags verður ágreiningurinn að falla undir starfssvið nefndarinnar eins og það er skilgreint í samþykktum hennar, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin úrskurði „um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.“ Í 3. mgr. 3. gr. kemur einnig fram að nefndin sjálf úrskurði hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina.

Þegar litið er til þess hver ágreiningur er milli M (sem málskotsaðila) og þeirra vátryggingafélaga sem eiga í hlut er skýrt af hálfu M að hann krefst þess að matsmenn komist að niðurstöðu um afleiðingar læknismeðferðar. Ekki verður annað séð af gögnum málsins, þ.á.m. bréfum V1 dags. 27. júlí 2015 og V2 dags. 21. ágúst 2015, en að bæði vátryggingafélög hafi fallist á bótaskyldu í skilningi 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar. Það hvernig og hvenær mat á afleiðingum tjóns M liggur fyrir getur ekki fallið undir ágreining um bótaskyldu í skilningi umræddrar greinar. Ekki

reynir heldur á ákvæði laga nr. 30/2004 í kröfu M fyrir nefndinni. Ágreiningur M við V1 og V2 er því ekki þess eðlis að hann falli undir starfsvið úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og er málinu vísað frá nefndinni með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar.

**Niðurstaða.**

Máli M er vísað frá nefndinni með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild stjórnartíðinda.

Reykjavík 1. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 277/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp á bílastæði 4.5.2015. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ.14.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 10.8.2015.

**Málsatvik.**

M sem er eigandi B segist hafa stöðvað B og verið að skipta um gir á sjálfskiptingunni þegar A ók á afturhöggvara B og hafi A síðan verið ekið á brott og hafi M hlaupið hana uppi og spurt ökumann hvernig á því stæði að hann hefði ekið á sig, en ökumaðurinn hafi sagt að M hafi ekið á sig. Aðstoð og Öryggi ehf. gerðu skýrslu vegna atviksins og gerir M margvíslegar athugasemdir við skýrsluna. Niðurstaða Aðstoðar og öryggis ehf. er sú að litlar líkur séu á að A hafi orsakað tjónið sem er á afturhöggvara B. Ekki liggur fyrir frásögn ökumanns A af atvikinu

**Álit.**

Gögn málsins eru takmörkuð m.a. liggur ekki fyrir lýsing ökumanns A á atvikinu. M telur að bifreiðin A hafi valdið tjóni á afturhöggvara bifreiðar sinnar þegar árekstur varð milli bifreiðanna. Af hálfu V-1 er bótaskyldu hafnað þar sem ekki sé sýnt fram á að tjón á afturhöggvara B sé af völdum A. Engin gögn liggja fyrir sem sýna fram á réttmæti staðhæfinga ökumanns og eiganda B, en framburður hans sjálfs. Fyrir liggur í málinu skýrsla starfsmanns Aðstoðar og öryggis ehf., þar sem niðurstaðan er sú að litlar líkur séu á að A hafi orsakað tjón sem sést á afturhöggvara B. Þrátt fyrir að M hafi ýmsar athugasemdir við þessa niðurstöðu þá hefur henni ekki verið hnekk og er því óhjákvæmilegt miðað við gögn málsins að leggja hana til grundvallar niðurstöðu í máli þessu og á þeirri forsendu á M ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V

Reykjavík 8.9.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 278/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. sjúkra- og slysatryggingar**

**Upphafsdagur greiðslu bóta vegna tímabundinnar missis starfsorku. þ. 19.2.2009**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.7.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 11.8.2015.

**Málsatvik.**

Eiginmaður M, sem er látinn, veiktist alvarlega í ársbyrjun árið 2009. Læknir framkvæmdi örorkumat dags. 1.4.2010 og var tímabundinn missir starfsorku skv. matinu metin alger frá 19.2.2009 og í matsgerðinni kom fram að tjónþoli hefði verið óvinnufær frá því að veikindin komu upp. V féllst á niðurstöður matsgerðarinnar og greiddi bætur samkvæmt henni. Önnur matsgerð var gerð dagsett þ.21.9.2012. V greiddi bætur fyrir tímabundina missi starfsorku frá 19.2.2009 til 1.3. 2010 en M telur að greiða eigi bætur vegna tímabundinnar örorku frá 19.2.2009 til 21.9.2012 þegar síðari matsgerð var framkvæmd. V viðurkennir bótaskyldu en hafnar því að frekari réttur til greiðslu bóta vegna tímabundinnar örorku sé fyrir hendi. V segir að örorkumat vegna tjónþola hafi legið fyrir þ.1.4.2010 og uppgjör farið fram á tímabundnu og varanlegu tjóni. V segir að tveim árum síðar hafi verið framkvæmt annað örorkumat og niðurstaða þess sú, að varanlegt tjón tjónþola væri meira en það var metið í fyrra matinu, en tímabundin örorka tjónþola hafi ekki verið endurskoðuð í síðara matinu. V vísar til gr. 16.2. í vátryggingaskilmálum aðila þar sem segir að annað hvort skuli miða við þann tíma sem læknir telur tjónþola óvinnufæran eða þar til örorkumat hefur farið fram.

**Álit.**

Grein 16.2 í vátryggingaskilmálum aðila kveður á um það að greiða skuli örorkubætur vegna tímabundinnar örorku miðað við þann tíma sem læknir telur tjónþola óvinnufæran eða þar til örorkumat hefur farið fram. V greiddi bætur í samræmi við hið fyrra mat vegna tímabundinnar örorku, en það mat sætti ekki endurskoðun í síðara mati. V fullnægði þar með greiðsluskyldu sinni vegna greiðslu bóta vegna tímabundinnar örorku. Ekki er hægt að framlengja greiðsluskyldu vátryggingafélags vegna tímabundinnar örorku með því að biðja um nýtt mat þar sem tímabundin örorka sætir ekki endurskoðun. M á því ekki rétt á frekari bótum vegna tímabundinnar örorku látins eiginmanns síns frá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum frá V vegna tímabundinnar örorku látins eiginmanns síns.

Reykjavík 1.9. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 279/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ brunatrygginga húseigna.****Ágreiningur um ákvörðun bóta vegna brunatjóns á kennslustofum.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.7.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.8.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Athugasemdir M, dags. 27.8.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 28. apríl 2014 eyðilögðust í eldsvoða fjórar kennslustofur og þrjár tengibyggingar á milli þeirra. Eignir þessar voru í eigu M. Með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 81/2015 var viðurkenndur réttur M til bóta vegna tjónsins úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Fyrir úrskurðarnefnd er nú lagður ágreiningur aðila um fjárhæð bóta úr brunatryggingu húseignanna vegna tjónsins. M hefur aflað tilboðs hjá byggingaraðila í smíði nýrra kennslustofa og tengibygginga, þar sem verð fyrir hverja kennslustofu nemur 17.500.000 krónum og fyrir hverja tengibyggingu er verðið áætlað um 1.500.000 krónur. Telur M að þessar fjárhæðir séu markaðsverð fasteignanna sem brunnu, enda hafi ekki verið sýnt fram á annað raunhæft markaðsverð þeirra. Gerir M kröfu fyrir nefndinni „um að fá úrskurðað að brunabætur verði á forsendum endurbyggingar húseignanna“. V telur á hinn bóginn að miða beri við markaðsverð eignanna samkvæmt verðmati nafngreindrar fasteignasölu sem gert var 13. júlí 2012 og nemur samtals 2.950.000 krónum.

**Álit.**

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Aðila greinir á um hverjar skulu vera forsendur sem beri að leggja til grundvallar við ákvörðun bóta vegna þeirra húseigna sem brunnu umrætt sinn. Í því felst að ágreiningur aðila snýst um fjárhæð bóta vegna tjónsins. V hefur ekki samþykkt fyrir sitt leyti að nefndin fjalli um fjárhæð bóta í máli þessu. Að svo vöxnu fellur ágreiningur málsaðila utan starfssviðs nefndarinnar. Með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna er málinu vísað frá úrskurðarnefnd.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 1. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 280/2015****M og  
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.****Ágreiningur um sönnun á slysaatburði þann 16. ágúst 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 15. júlí 2015 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V frá 17. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni af völdum bifreiðar A á verkstæði F í Grafarvogi þann 16. ágúst 2013. Á slysið að hafa orðið með þeim hætti að bifreiðinni var bakkað inn á verkstæði og lenti M milli hennar og hurðarstafs. Mun eigandi bifreiðarinnar hafa fengið Arctic Trucks til að gera tilteknar breytingar á henni en Arctic Trucks fengið Formverk til að sjá um afmarkaðan þátt af þessum breytingum. Eigandi bifreiðarinnar var því hvergi nálægur þegar slysið á að hafa gerst en ökumaður í þetta skipti var starfsmaður F.

Fyrir liggur læknaþráttur þar sem fram kemur að M hafi leitað á slysaatburði þann 16. ágúst 2013, nánar tiltekið klukkan 14:41. Er slysinu þar lýst á þann hátt að M hafi klemmst á milli bifreiðar og húss. Var M marinn og bólginn yfir vinstri öxl og upphandlegg.

Tilkynning um slys til Sjúkratryggingar Íslands var undirrituð af hálfu M þann 6. maí 2014. Sama er að segja um tilkynningu um slys til V. Tjónstilkynning ökutækja er ódagsett en undirrituð af öikumanni bifreiðarinnar sem staðfestir framburð M.

Fyrir liggur ódagsett staðfesting Arctic Trucks um að bifreiðin A hafi verið undir umsjá F þann 16. ágúst 2013 þegar meint slys á að hafa átt sér stað en bifreið var send til F þennan sama dag.

V hefur hafnað því sem ósönnuðu að slys M sé að rekja til bifreiðar A.

**Álit.**

Óumdeilt er að M fór á slysaatburði þann 16. ágúst 2013. Kemur þar fram að og er það skjalað í sjúkraskrá að M hafi klemmst á milli bifreiðar og húss (hurðarstafs). Fyrir liggur staðfesting frá Arctic Trucks að bifreið A hafi verið send á verkstæði F þennan sama dag. Enn fremur liggur fyrir vitnisburður öikumanns bifreiðarinnar sem kveðst hafa verið að bakka bifreiðinni með bílstjórahurðina opna en að M hafi orðið á milli hurðarinnar og karmsins á innkeyrsluhurðinni. Staðfestir hann einnig þennan framburð með undirritun sinni á tjónstilkynningu ökutækis.

Þrátt fyrir að sumar tilkynningar séu dagsettar um níu mánuðum eftir atvikið og að sumar tilkynningar séu ódagsettar verður, með vísan í fyrrgreind atriði, að telja yfirgnæfandi líkur á því að M hafi slasast á þann hátt sem lýst er í málskoti til nefndarinnar og af bifreið A. Vegur þar þyngst koma M á slysaatburði, vitnisburður öikumannsins og staðfesting Arctic Trucks.

Með hliðsjón af öllum atvikum og fyrirbyggjandi gögnum verður talið að sönnun á tjónsatburðinum hafi tekist.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A.

Reykjavík, 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 281/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Skot úr skottertu lenti á bifreið þ. 31.12.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.7.2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28.7.2015

**Málsatvik.**

Bifreið M var ekið niður götu í Kópavogi á gamlárskvöld 2014 þegar svonefnd skotterta valt og skot úr henni lenti á bifreiðinni. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu tjónvalds og telur að tjónvaldur hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar og ekki farið að í samræmi við reglur sem gilda um meðferð skotelda. V hafnar bótaskyldu og telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða en hvorki um ásetning eða gáleysi að ræða hjá vátryggingartakanum sem hafði búið um skottertuna og kveikt í henni. Þá segir V að ekkert liggja fyrir um að vátryggingartakinn hafi meðhöndlað skottertuna á rangan hátt.

**Álit.**

Nokkur hætta fylgir meðferð skotelda og þeim mun meiri eftir því sem skoteldarnir eru öflugri. Af þeim sökum hafa verið settar strangar varúðarreglur um meðferð þeirra og víðtækar leiðbeiningar um það hvernig búið skuli um skotelda. Skotterta er alla jafna mjög öflugur skoteldur og nauðsyn ber til að búa vel um slíkan skoteld svo að hún valdi hvorki tjóni á mönnum eða munum. Leiðbeiningar fylgja slíkum skoteldum þar sem m.a. er bent á þá nauðsyn að um skottertur sé búið með góðum hætti áður en kveikt er í þeim. Þá segir í 6. gr. reglugerðar nr. 952/2003 um skotelda: „Við meðferð og vörslu skotelda skal ítrustu varúðar gætt og ætíð farið eftir skráðum leiðbeiningum.” Af hálfu vátryggingartaka liggur ekki fyrir hvernig hann gekk nákvæmlega frá umræddri skottertu í umrætt sinn. Ekki hefur því verið sýnt fram á eða gert líklegt að vátryggingartaki hafi búið um skottertuna með fullnægjandi hætti í umrætt sinn eða að hann hafi sýnt ítrustu varúð við meðferð skottertunnar áður en hann kveikti í henni. M á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu vátryggingartaka hjá V vegna þess tjóns sem varð á bifreið M við það að skottertan valt á hliðina og skot úr henni lenti á bifreiðinni.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu vátryggingartaka hjá V.

Reykjavík 25.8. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 282/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/frítímaslysátryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um hvort skilyrðum bótaskyldu úr frítímaslysátryggingu sé fullnægt.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.7.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 28.7.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Með tilkynningu um slys, dags. 17. júlí 2013, tilkynnti M um slys til V sem hún kvaðst hafa orðið fyrir á heimili sínu kl 12 hinn 14. júní 2013. Lýsti hún tildrögum slyssins á þann veg að hún hafi stungið sig í lófann á hnífi. Hún hafi leitað á bráðamóttöku Landspítalans 17. júní vegna sýkingar í úlnlið.

Í læknafréfi bráðadeildarinnar, dags. 18. júní 2013, er frá því greint að M hafi verið með verk og bólgin á vinstri hendi og hafi fundið smell í hendinni „á fimmtudag sl.“ M leitaði einnig á bráðadeildina 19. júní og í göngudeildarnótu frá þeim degi segir m.a. svo: „Stungusár á lófa það var hnífur sem hún notaði við snyrtingu á einhvers konar sýktu sári vinnur við slíkt. Stakk sig sem sagt um 2 sólarhringum fyrir verkina.“ Að kvöldi 20. júní var M tekin til aðgerðar hjá handarskurðlækni. Fyrir um kvöldið átti lækurinn samtalið við M að viðstöddum eiginmanni hennar, en M mun þá hafa borið sig illa og verið sárkvalin frá vinstri úlnlið og hendi. Í aðgerðarlýsingu læknisins er þess getið sem helst kom fram í samtalinu, en þar segir m.a. svo: „Hún starfar sem fótáaðgerðafræðingur. Í samtalinu við undirritaðan kvaðst hún hafa stungið sig á hnífi við vinnu sína miðvikudaginn 12/6, fyrir átta dögum. Sárið kom í miðjan vinstri lófann, milli vöðvabungana... Hnífinn hafði hún notað til að vinna á sýktu sári. Hún kvaðst ekki hafa gefið þessu mikinn gaum í kjölfarið.“ Eftir aðgerðina mun M hafa verið lögð inn á smitsjúkdómadeild spítalans. Í beiðni um ráðgjöf frá deildinni, dags. 25. júní 2013, segir orðrétt: „...lagðist inn 20.6. á vegum smitsjúkdómalækna vegna gruns um septískan arthritis í vi. úlnlið. Vikusaga um vaxandi verki í úlnlið. Vinnur sem fótáaðgerðafræðingur og hafði daginn áður en verkir byrjuðu stungið sig í lófann á hníf sem var notaður til að vinna með sýkta inngróna tánögl.“ Í vottorði læknis á deildinni, dags. 28. júlí 2013, segir svo: „...kemur á bráðamóttöku vegna 7 daga sögu um vaxandi verki í vi. úlnlið. Viku fyrir komu var hún veik með flensu í nokkra daga með hósta, vægan hita og kvef. Fór í vinnuna fyrir 8 dögum en hún vinnur sem fótáaðgerðafræðingur. Þann dag stakk hún sig á hníf. Það blæddi, 2-3 dropar, hún sprittaði sárið reglulega en leið í framhaldi eins og hún væri með marblett í lófanum. Daginn eftir eða fyrir 7 dögum þá small eitthvað í úlnlið við létt átak og var hún þá komin með smávegis óþægindi í úlnlið.“

Í ódagsettri yfirlýsingu eiginmanns M segir að þau hjónin ásamt syni M hafi verið að ganga frá eftir matinn að kvöldi 13. júní 2013. Þau eigi hnífa sem ekki megi fara í uppþvottavél og hafi M verið að þvo þá í vaskinum er hún hafi stungið sig á einum þeirra í lófann. M hafi talið að stungan væri svolítið djúp þar sem hnífurinn sé með langt og oddhvasst blað, en þó hafi ekki blætt mikið úr. Þau hafi hreinsað sárið og sett á plástur og ekki hugsað um það meira. Um helgina hafi hún farið að finna til upp eftir hendinni og í úlnliðnum. Mánudaginn 17. júní hafi hún svo leitað á slysadeild.

Í yfirlýsingu vinnuveitanda M, dags. 11. nóvember 2014, er staðfest að M hafi ekki verið í vinnu vikuna sem slysið átti sér stað.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V en einn vátryggingarliður hennar er frítímaslysátrygging. M hefur krafist bóta úr þessari slysátryggingu vegna þeirra áverka sem hún varð fyrir á hendinni. Í málskoti eru málsatvik reifuð svo að M hafi verið að þvo hnífa í vaski eftir kvöldmat heima hjá sér 13. júní 2013 þegar hún hafi stungið sig í lófa vinstri handar á einum hnífanna. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í 1. gr. þeirra skilmála sem gilda um frítímaslysaftryggingu V, sem hér er til skoðunar, er vátryggingarsvið hennar afmarkað og þannig segir í gr. 1.1 að vátryggingin gildi aðeins í frístundum vátryggðs, við heimilisstörf og við skólanám. Enn fremur segir í gr. 1.5 að vátryggingin nái ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysaþætta fylgir.

Í öllum lækisfræðilegum gögnum, sem að framan eru rakin, er á afdráttarlausan hátt gerð grein fyrir því hvernig M hafði fengið hnífstungusár í lófa vinstri handar. Ekki þykir vafi leika á að lýsing sú sem þar kemur fram um tildrög þess að M fékk sári í lófann stafi frá henni, þ.e. að hún hafi í starfi sem fótaaðgerðarfræðingur stungið sig á hnífi sem hún hafi verið að nota við vinnu á sýktu sári. Í tjónstilkynning M til V er þess getið að hún hafi hlotið stungusárið heima hjá sér kl. 12, en ekki er nánar gerð grein fyrir því hvernig það gerðist. Í yfirlýsingu eiginmanns M og í málskoti segir að M hafi orðið fyrir meiðslunum við uppþvott eftir kvöldmat. Samkvæmt þessu gætir verulegs ósamræmis í gögnum málsins um það hvernig það kom til að M stakk sig í lófanum og hvort það hafi gerst við heimilisstörf eða við starf sem atvinnuslysaþætta fylgir. Þrátt fyrir staðhæfingar í málskoti, tjónstilkynningu M og yfirlýsingu eiginmanns hennar um tildrög slyssins og staðfestingu vinnuveitanda á fjarvist M frá vinnu þá viku sem hún stakk sig verður, eins og mál þetta liggur fyrir, að telja ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslunum í frítíma. Skilyrðum bótaskyldu úr frítímaslysaftryggingunni er því ekki fullnægt. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 283/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.**

**Skaðabótaábyrgð vegna slyss 1. nóvember 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot dags. 16. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf lögmanns M dags. 14. ágúst 2015 ásamt gögnum merktum 1-19.

**Málsatvik.**

Í málinu kemur fram M slasaðist við vinnu sína þegar hann var að losa vörur úr tengivagni vöruflutningabifreiðar. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 27. nóvember 2012 kemur fram að M hafi verið að losa vörur í verslun Krónunnar Bíldshöfða þegar hann gekk aftur á bak með vöruhyftara en athugaði ekki að vöruhyfta bíls var niðri með þeim afleiðingum að hann steig út af palli bílsins og féll niður á lyftupallinn. Þessi tjónstilkynning er undirrituð af bæði M og fulltrúa X. Sama lýsing kemur fram í tilkynningu til Vinnueftirlitsins sama dag. Í tölvupósti dags. 20. febrúar 2013 lýsir M aðdraganda slyssins fyrir lögmanni sínum. Þar kemur fram að M hafi ekki verið viss um hvort hann hafi verið með vöruhyftara sem var nýr eða gamall en lýsir því hins vegar að það hafi verið erfiðleikar með þann nýja og sá hafði farið í viðgerð nokkrum sinnum. Einnig vísar M í lýsingu sinni til þess að gólf hafi verið hált.

M telur í fyrsta lagi að leggja eigi framburð M til grundvallar eins og hann komi fram á ensku í gögnum málsins. M skilji ekki íslensku nægilega vel og verði að skoða undirritun hans á tjónstilkynningu dags. 27. nóvember 2012 með hliðsjón af því. M kveðst hafa látið X vita um meiðsli sín síðar sama dag og þau urðu og þannig hafi tilkynningaskylda stofnast gagnvart Vinnueftirliti ríkisins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980. X verði að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt um slysið eða hlutast til um frekari rannsókn og verði að bera hallann af því. Það verði því að miða við lýsingu M á því að hann hafi verið að notast við rafmagnstjakk sem hafi átt það til að slökkva á sér og að gólfíð í tengivagninum hafi verið blautt umræddan dag. Með hliðsjón af þessu verði að líta til þess að vinnuáðstæður M hafi verið ófullnægjandi og beri X skaðabótaábyrgð á því.

V telur hins vegar að skaðabótaábyrgð sé ekki fyrir hendi af hálfu X. V telur ekki sannað að lyftari sem M notaði hafi bilað eða hann hafi stöðvast skyndilega við notkun. Auk þess bendir V á að þó sýnt væri fram á að lyftarinn hefði bilað væri það ekki sjálfkrafa hægt að tengja við saknæma háttsemi af hálfu X eða starfsmanna þess. Auk þess telur V ekki sannað að bleyta hafi verið á gólfi og vísar til gagna frá Veðurstofunni um að ekki hafi verið rigning á þessum tíma einnig vísar V til þess að ekki sé sýnt að tilkynningaskylda skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi vaknað vegna málsins en M hafi ekki látið vita af afleiðingum slyssins fyrr en nokkru eftir að það gerðist. Auk þess sé sannað með frumgögnum málsins, tjónstilkynningum dags. 27. nóvember 2012 sem og því sem haft er eftir M í lækniheimsóknnum um aðdraganda slyssins, að hann hafi einfaldlega gengið afturábak á palli bifreiðar og síðan stigið út af gólfi bílsins og fallið á lyftupallinn. Hvergi sé þar vísað til þess að lyftarinn hafi ekki virkað sem skyldi. Það komi ekki fram fyrr en í síðari lýsingum M á aðstæðum og ekki sé hægt að leggja þær til grundvallar. V telur því að atvik máls séu nægilega upplýst með frumskýrslum málsins og ekki nægilega sannað að M hafi ekki skilið það sem var skrifað á íslensku og hann sjálfur undirritaði.

**Álit.**

Í gögnum málsins koma fram lýsingar á tjónsatviki annars vegar í skriflegum gögnum frá vinnuveitanda og M dags. 27. nóvember 2012 hins vegar með síðari lýsingum M á því hvað gerðist, þ.e. samskiptum hans við lögmann sinn, t.d. með tölvupósti dags. 20. febrúar 2013. Það liggur fyrir að M leitaði til læknis síðar á slysdegi og vísað er til þess í gögnum málsins að hann

hafi óskað eftir og fengið „vinnuveitandavottorð“ þann dag. Í gögnum málsins er hins vegar ekki alveg skýrt hvort M hafi verið óvinnufær strax eftir atvikið. Þó færa megi rök fyrir því að ef óvinnufærni var sannarlega til staðar þá hafi X átt að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins þá liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning M og fulltrúa X dags. 27. nóvember 2012 vegna slyssins. Verður ekki litið framhjá henni varðandi sönnun atvika og framburð M vegna þeirra. Síðari skýringar teljast ekki hafa jafnmikið vægi við sönnun. Þar að auki verður ekki af gögnum málsins ráðið að það séu orsakatengsl milli þess að lyftari hafi mögulega staðið á sér og þess að M féll af palli bifreiðarinnar. Ekki verður heldur talið sannað að bleyta hafi verið á pallinum vegna rigningar þegar litið er til gagna um veðurfar dagana fyrir slysið. Að öllum atvikum virtum og þegar tekið er tillit til ákveðnar óvissu varðandi atvik málsins verður þó ekki séð að slys M hafi orðið vegna bilunar í búnaði eða annarra aðstæðna eða atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á heldur megi helst rekja slysið til óhappatilviks sem X verður ekki kennt um. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X.

**Niðurstaða.**

M ekki á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 1. september 2015.

Þóra Ha Ilgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 284/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.**

**Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna slyss 20. desember 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M var að vinna við lestarlúgu í skipi þegar hann varð fyrir líkamstjóni, nánar tiltekið var hann búinn að lyfta lúgunni upp, nánast upp á rönd, þegar bandið sem hann notaði til að festa í lúguna slitnaði. Bandið hafði verið fest í lúguna annars vegar og hlaupakött en hann notaði M til að opna lúguna. M kveðst hafa slasast þegar band sem hann notaði af lager X slitnaði, með þeim afleiðingum að lestarlúgan féll á fætur hans.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins þar sem hann telur að band það sem M fékk til afnota hafi ekki verið nægilega traust. M hafi átt að geta treyst því að öll bönd á lager X væru í lagi og það megi kenna gáleysi annarra starfsmanna um að böndin hafi ekki verið yfirfarin m.t.t. hvort þau væru hentug til þeirra nota sem þeim var ætlað og vísar M til 46., sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980 varðandi skyldur vinnuveitanda á vinnustað varðandi öryggisráðstafanir. M kveðst hafa verið í góðri trú um að hann gæti notað þau bönd sem voru á vinnusvæðinu án hættu. Einnig vísar M til þess að X hafi ekki tilkynnt slys hans til Vinnueftirlitsins eins og honum bar skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Sú vanræksla hafi þau áhrif að leggja verði frásögn M til grundvallar um aðbúnað á vinnustaðnum og þá sérstaklega að M hafi eingöngu haft aðgang að þeim böndum sem voru á staðnum og að það sem hann notaði hafi ekki verið heppilegt til þeirrar notkunar að lyfta lestarlúgunni.

V telur ósannað að bandið sem M valdi að nota í greint sinn hafi verið skemmt og telur að M hafi sjálfur stjórnað því hvaða band hann notaði og eðlilegt að hann veldi band sem er heilt til þess að lyfta þungri lestarlúgu. V vísar til þess að M hafi langa starfsreynslu og hafi því átt að vera ljóst að hann þyrfti að skoða bandið sem hann notaði sem og ganga úr skugga um að það hafi verið í lagi fyrir notkun. Auk þess vísar V á bug að það sé sannað að böndin sem hafi verið til notkunar fyrir starfsmenn X hafi verið léleg.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort rekja má slys M til þess að X hafi vanrækt eftirlit með þeim tækjum og tólum sem voru til staðar á vinnustaðnum, þar á meðal þeim böndum sem starfsmenn höfðu aðgang að á vinnustaðnum. Ekki var framkvæmd sérstök rannsókn á bandinu eða aðstæðum um leið og slysið varð af hálfu Vinnueftirlitsins og í ljósi afleiðinga þess verður að telja að X hafi verið skylt að tilkynna um það til Vinnueftirlitsins, sbr. skyldu sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 46/1980. Það að X sinnti ekki þeirri skyldu þýðir skv. staðfestri dómaframkvæmd Hæstaréttar að leggja verði frásögn M til grundvallar við mat á skaðabótaábyrgð X. Í frásögn M kemur fram að hann hafi notað band sem hann bjóst við að væri nægilega sterkt til þess að lyfta lestarlúgunni. Það kemur hins vegar ekki fram í málinu hvernig eftirliti með umræddum böndum var háttað eða hvort og þá hvaða kröfur var hægt að gera til almennra starfsmanna við val á slíkum böndum. Verður X að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og sýnt að eftirliti með framkvæmdinni hafi verið ábótavant. Á því ber X skaðabótaábyrgð. Verður ekki séð að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993 þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 1. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 285/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna stórkostlegs gáleysis vegna slyss 2. apríl 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að lögregla var kölluð á vettvang slyss á Álfabakka 2. apríl 2014. Sjáanleg ákoma var á hægri framhurð bifreiðarinnar X og ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðarinnar, sem bætt er skv. hlutlægrri bótareglu umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 88. gr. laganna. Í lögregluskýrslu er haft eftir tveimur vitnum sem segja bæði að M hafi komið hlaupandi inn á milli bifreiða á hægri akrein Álfabakka og hlaupið þaðan á bifreiðina X sem hafi komið akandi eftir vinstri akrein á lítilli ferð. Í sérstakri framburðarskýrslu af ökumanni bifreiðarinnar X kemur fram að hann segist hafa verið á um 30-40 km hraða þegar M hafi komið hlaupandi á bifreið hennar. Í sömu skýrslu kemur fram að haft var samband við M sjálfan og þar kemur fram að hann segist ekki hafa tekið eftir bifreiðinni X á vinstri akrein og ekki náða að stöðva sig og lent á bifreiðinni.

V telur óumdeilt, og vísar þar til bæði framburðar ökumanns bifreiðarinnar X og vitna, sem og framburðar M sjálfs, að M hafi hlaupið á milli bifreiða á hægri akrein Álfabakka og út á vinstri akrein þar sem hann hafi hlaupið á bifreiðina X. V telur að með þeirri háttsemi hafi M sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og eigi þar með að skerða bætur til hans um helming.

M telur að hann eigi rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Í fyrsta lagi telur M að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig mögulega takmörkun á ábyrgð þar sem V hafi ekki tilkynnt um það án ástæðulauss dráttar í skilningi 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í öðru lagi telur M að sú háttsemi hans að ganga yfir götuna feli ekki í sér stórkostlegt gáleysi og að það sé rangt að það hafi verið mikil umferð bifreiða, einnig mótmælir M framburði vitna um að hann hafi hlaupið á bifreiðina X. Vísar M þá til þess að hann hafi fengið slæman kramningsáverka á rist og bendi það til þess að bifreiðinni X hafi verið ekið yfir hann.

**Álit.**

Í 94. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að ef félagið hyggst bera fyrri sig að það sé „samkvæmt ákvæðum þessa kafla laust úr ábyrgð“ þurfi það að tilkynna um þá afstöðu skriflega og án ástæðulauss dráttar. Sú tilvísun sem þarna er til „þessa kafla“ er til XIII. kafla laganna um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins. V byggir hins vegar ekki á ákvæði í þeim kafla laganna til takmörkunar á ábyrgð heldur 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Þegar af þeirri ástæður verður ekki fallist á tilvísun M til 94. gr. laga um vátryggingarsamninga og ekki fjallað frekar um skilyrði hennar.

Í lýsingum ökumanns bifreiðarinnar X, sem og lýsingum tveggja vitna, kemur skýrt fram að M hafi hlaupið út á hægri akrein á Álfabakka inn á milli bíla í bílaröð og þannig beint inn á vinstri akrein og á bifreiðina X. Teljast slíkar lýsingar ganga frammar seinni túlkunum M á því sem gerðist. Verður að fallast á að sú háttsemi að hlaupa út á götu með þessum hætti feli í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu M og V heimilt að takmarka ábyrgð sína um helming m.t.t. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en bætur til hans skerðast um helming.

Reykjavík 8. september 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 286/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar hönnuðar (H)**

**Krafa um bætur vegna þess að frágangi á gólfi/niðurföllum sé áfátt.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 12.8.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M telur að frágangi gólfs/niðurfalla sé áfátt og vísar til matsliðs 6 í matsgerð dags. í apríl 2014, varðandi frágang gólfs og niðurfalla undir ræstivöskum og krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu H vegna þess. Matsmaður segir m.a. varðandi tilvísaðan matslið, að um sé að ræða byggingu sem skilgreind sé sem geymsla og engin krafa sé í reglugerð, sem hafi gilt á hönnunar- og byggingartíma hússins né nýrri útgáfum, að gólf slíkra geymsla séu með vatnshalla eða niðurföllum yfir allt gólfið og ekki sé heldur hefð fyrir slíku. Þá segir í matsgerðinni að út við innkeyrsludyr séu sett punktniðurföll rétt innan við hurð og sé um öryggisniðurföll að ræða en engin reglugerðarkrafa sé um slík niðurföll. Matsmaður segir eðlilegt að séu slík öryggisniðurföll sýnd, sé vatnshalli að þeim þannig að vatn sem kemur inn um dyr flæði niður í þau en ekki inn í húsið. Niðurstaða matsmannsins var að vatnshallinn væri ekki í lagi í 9 af 25 geymslum. Þá segir matsmaður varðandi salerni og vask utan við salerni að byggingarreglugerð sem var í gildi þegar húsið var hannað og byggt hafi ekki gert kröfu um niðurföll á salerni nema það væri um leið baðherbergi. V hafnar bótaskyldu og telur að ákvæðum byggingarreglugerðar á hönnunar- og byggingartíma hússins hafi verið fullnægt og því teikningar og hönnun H í fullu samræmi við ákvæði þáverandi byggingarreglugerðar.

**Álit.**

Dómkvaddur matsmaður sem fenginn var af M til að meta galla á eigninni Lækjarmelur 8, Reykjavík komst að þeirri niðurstöðu varðandi matslið nr. 6, að hönnunarvinna sé ekki í ósamræmi við byggingarreglugerð sem í gildi var á hönnunar og byggingartíma hússins. Þá kemur ekki fram hjá matsmanni að um galla sé að ræða varðandi hönnun hússins miðað við þágildandi reglur hvað varðar athugasemdir M þannig að H verði gerður ábyrgur fyrir þeim og/eða sýnt sé fram á að hönnunarvinnu hans sé áfátt varðandi matslið nr. 6. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu H hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu hönnuðarins H hjá V.

Reykjavík 1.9.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 287/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Golfklúbbs Mosfellsbæjar (G).**

**Starfsmaður rann til í brekku og dró sláttuvél yfir fótinn á sér og slasaðist þ. 22.8.2014**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 22.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 29. 7. 2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

M sem var 16 ára þegar slysið varð, var að slá gras í brekku með handsláttuvél þegar hann rann til með þeim afleiðingum að vinstri fótur hans fór í sláttuvélina og hann slasaðist. M sem var að vinna hjá G krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá V. M segir að hann hafi verið sumarstarfsmaður hjá G og í umrætt sinn hafi starfsmenn átt að ljúka störfum um hádegi, en þessi dagur var síðasti vinnudagur M. M segist hafa skipt um fót og farið úr öryggisskóm og verið á leið í hádegismat þegar yfirmaður hans hafi kallað á hann og beðið M um að slá ákveðinn blett þar sem golfmót ætti að hefjast eftir hádegi. M segist hafa farið eftir þessum tilmælum með ofangreindum afleiðingum. Af hálfu M er því haldið fram að ekki hafi verið gætt ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og því haldið fram að ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis og reglna um notkun öryggishlífa og þá hafi ekki verið gert sérstakt áhættumat. Vísað er til þess að M hafi verið 16 ára þegar slysið varð og til reglugerðar nr. 426/1999 í því sambandi. Af hálfu M er einnig bent á að yfirmanni M hafi ekki getað dulist að M var ekki lengur í vinnufötum og öryggisskóm þegar hann bað M um að vinna umrætt verk. V hafnar bótaskyldu og bendir á að þetta hafi verið annað sumarið sem að M vann við þessi störf hjá G og hann hafi fengið leiðbeiningar um notkun á öryggisskóm við vinnu sína og segir V að í umrætt sinn hafi yfirmaður M verið við önnur störf á sama stað og M og hafi yfirmanninum ekki verið ljóst að M var ekki í öryggisskóm fyrr en að M hafði slasast. Í umsögn Vinnueftirlitsins segir að rekja megi orsök slyssins til eftirfarandi samverkandi þátta: “Hálka var vegna bleytu í grasinu sem olli því að M rann” “Slasaði var ekki í öryggisskóm”. Þá nefnir Vinnueftirlitið einnig sem meðvirkandi þátt að skriflegt áhættumat hafi ekki verið gert.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um það að M hafi lokið störfum fyrir G þegar yfirmaður hans bað hann um að vinna ákveðið verk. M segist hafa verið búinn að klæða sig úr vinnufötunum og m.a. verið farinn úr öryggisskóm sem hann hafi verið í þeirri fullyrðingu M hefur ekki verið mótmælt. Yfirmanni M mátti vera ljóst þegar hann bað M um að vinna umrætt verk að hann var ekki í öryggisskóm, en miðað við aðstæður og atvik öll verður að telja að yfirmanninum hafi borið skylda til að gæta vel að því að M sem var 16 ára þegar slysið varð og hafði lokið störfum væri búinn svo sem krafist er. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá M.

Reykjavík 25.8.2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 290/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.7.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 10.10.2014 og 26.8.2015

**Málsatvik.**

M sótti um sjúkdómatryggingu hjá V í gegnum A í Reykjavík 22.9.2013. Tryggingin tók gildi 9. október 2013. M greindist með krabbamein í skjaldkirtli í byrjun árs 2014 og sótti um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V, sem hafnaði umsókninni og sagði upp vátryggingunni.

M krefst bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V og bendir á ýmsa sjúkdóma og kvilla sem M hafi verið haldinn í um ævina sem M telur að hafi ekki þýðingu varðandi bótakröfu M. Þá hafi M m.a. ekki áttað sig á að járngeymdarkvilli sem M hann er haldinn sé blóðsjúkdómur og því ekki greint frá því við töku tryggingarinnar auk annars sem M hafi svarað sem e.t.v. hafi getað verið misvísandi vegna þess hvernig spurningar hafi verið settar fram og skilnings M á þeim. M byggir á því að hann hafi gefið réttar upplýsingar við útfyllingu umsóknarinnar um trygginguna og hafi starfsmaður V fyllt út trygginguna með honum. M segist ekki hafa vitað af hnúði á hálsi á þeim tíma sem hann sótti um trygginguna og vísar að öðru leyti í fyrirbyggjandi læknisvottorð og bréfs S læknis dags. 29.3.2014.

V hafnar bótaskyldu og segir að nokkrum spurningum á umsóknareyðublaði fyrir trygginguna hafi verið svarað neitandi þó svo að V telji að þeim hefði átt að svara játandi svo sem nánar er rakið af hálfu V. V vísar síðan til að rangar upplýsingar hafi verið gefnar af M varðandi reykingar, gigt og liðverki, maga og þarmavandamál, járnofhleðslu og bólgu á hálsi sem M hafi sagst ekki hafa vitað af fyrr en í október 2013, en vegna rangra upplýsinga frá M hafi honum verið boðnir tryggingarskilmálar sem hefðu ekki staðið honum til boða ef réttar upplýsingar hefðu verið veittar.

**Álit.**

Þrátt fyrir að V sé erlent félag þá taka íslensk lög til þess samnings sem V gerði við M. V hefur samþykkt að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjalli um ágreining við M.

Í 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 segir að hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal skv. 3. mgr. 83. gr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafði við mat félagsins á áhættu, hvað sökin sé mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður varð og til atvika að öðru leyti.

Við mat á eðli vanrækslu M á upplýsingaskyldu sinni verður að líta til gagna málsins og af þeim er ljóst að M gaf ófullnægjandi eða rangar upplýsingar um ýmis atriði varðandi fyrra heilsufar sitt við töku sjúkdómatryggingar sinnar hjá V. Þannig kemur m.a. fram í nótum frá G lækni vegna heimsóknar M til hans 19. september 2013 að M reyki og hafi ýmsa verki víðsvegar um líkamann sem lækni-rinn lýsir, þá segir lækni-rinn í bréfi dags. 3. júlí 2015, að hann minnst þess að hafa séð stækkaðan eitil í hálsi einhvern tíma á því tímabili sem nótur hans varðandi M taka til og hafi talið rétt að skoða það nánar en ekki skráð það í nótur sínar þannig að tímasetning hvað það varðar sé óljós. Af lækni-fræðilegum gögnum málsins má glöggt sjá eins og að framan greinir að M gaf ófullnægjandi og/eða röng svör við ýmsum spurningum við töku tryggingarinnar og verður að telja þá vanrækslu ekki óverulega í skilningi 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.



Við mat á því hvort V getur takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta verður að líta til efnisatriða 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í þeim efnum verður m.a. litið til þess að sök M er þónokkur þar sem hann gerði t.d. V ekki grein fyrir læknisheimsókn og lyfjagjöf nokkrum dögum áður en hann sótti um sjúkdómatrygginguna hjá V. Verður ekki annað séð af gögnum málsins að ef V hefði fengið réttar upplýsingar um áhættuna hefði matið á henni verið allt annað en það var og jafnvel leitt til þess að M hefði ekki fengið váttrygginguna. Við mat á atvikum öllum telst V geta fellt ábyrgð sína niður að öllu leyti.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík 22.9. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 291/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/örorku- og sjúkdómatryggingar.**

**Tilkynningafrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 27. ágúst 2015.
3. Vátryggingarskírteini vátryggingarinnar, sent frá V með tölvupósti 14. september 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut alvarlega heilablæðingu 11. apríl 2011. Frekari upplýsingar liggja fyrir í framlögðum læknisvottorðum um afleiðingar þeirra veikinda. M tilkynnti um veikindin með tjónstilkynningu til V þann 15. janúar 2013. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr sjúkdómatryggingu og telur að tjón M hafi verið tilkynnt of seint í sjúkdómatryggingu M m.t.t. árstjónstilkynningarfrests sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V hefur hins vegar fallist á að greiðsluskylda geti verið fyrir hendi úr örorkutryggingu þar sem upphaf árstilkynningarfrestsins hafi verið annað hvað örorkubætur varðar en bætur úr sjúkdómatryggingu.

M vísar til þess að eðli veikinda hennar, sem hófust 11. apríl 2011, hafi haft mikil áhrif á líf hennar. Geta hennar að sinna venjulegum verkefnum daglegs lífs hafi skerst til muna strax í kjölfar heilablæðingarinnar og að hún hafi ekki getað gert sér grein fyrir mögulegum bótarétti sínum úr sjúklingatryggingu strax. Haustið 2012 hafi hins vegar farið í gang umsóknarferli varðandi örorkumat í samráði við heimilislækni M og tilkynning send til V í kjölfar þess eða í janúar 2013. M bendir á að sá ársfrestur sem V vísar til í lögum um vátryggingarsamninga sé ekki sérstaklega tilgreindur í vátryggingarskilmálum V heldur einungis vísað til laganna með almennum hætti. Það hafi því ekki verið augljóst að það M þyrfti að bregðast við fljótt auk þess sem það hafi verið henni ómögulegt vegna afleiðinga þeirra veikinda sem hún hlaut og tilgreind eru í gr. 7.5 í vátryggingarskilmálum V. M telur með hliðsjón af þessu að hún hafi ekki haft tækifæri til að bregðast við með tjónstilkynningu til V fyrr en í fyrsta lagi þegar umsóknarferli vegna örorkumats fór af stað haustið 2012 og þegar tjónið var tilkynnt til V í janúar 2013 hafi umræddur ársfrestur ekki verið liðinn. Einnig er vísað til bréfs frá lækni M dags. 28. ágúst 2014 þar sem kemur fram álit læknisins á því að M hafi ekki verið fær um að gera ráðstafanir sjálf varðandi vátryggingar eða viðlíka þætti í sínu daglega lífi eftir heilablæðinguna í apríl 2011.

V vísar til orðalags 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga um að vátryggðum beri innan árs frá því að hann fær vitneskju um atvik sem krafa hans er reist á að gera kröfu um bætur til vátryggingafélags. Veikindi M hafi komið upp 11. apríl 2011 og sama dag hafi hún farið í aðgerð og eftir það í endurhæfingu á sjúkrahúsi og síðan útskrifast þaðan um tveimur mánuðum seinna. V telur að upphaf árstilkynningarfrests beri að miða við það þegar M greindist sjúkdóm sem tilgreindur er í gr. 7.5 í vátryggingarskilmálum. Þó gefið sé einhvers konar svigrúm vegna eðli veikinda þá sé það svigrúm alla vega ekki algengur en þangað til M útskrifast af sjúkrahúsi og heim til sín, þ.e. í júní 2011. Þegar tjónið hafi síðan verið tilkynnt til V í janúar 2013 hafi sá ársfrestur verið liðinn.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningslaust að M greindist með alvarlega heilablæðingu 11. apríl 2011 og þau veikindi uppfylli skilgreiningu heilaáfalls/slags (stroke) í skilningi gr. 7.5. í vátryggingarskilmálum V. Í 7. gr. vátryggingarskilmálanna kemur fram að vátryggingaratburður teljist einungis verða, ef vátryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma sem tilgreindir eru í

greininni. Ágreiningur málsins einskorðast því við hvort M hafi gert kröfu um bætur með tjónstilkynningu til V innan þeirra tímafresta sem gilda um vátryggingarsamning hennar. Í vátryggingarskilmálum er slíkur tímafrestur ekki sérstaklega tilgreindur en í 16. gr. skilmálanna er vísað til þess að um samninginn gildi ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í 1. mgr. 124. gr. þeirra laga kemur fram að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysaftryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í vátryggingarskírteini vátryggingarinnar er einnig sérstaklega vakin athygli á því að samkvæmt lögum glatist réttur til bóta ef vátryggður, eða sá sem á rétt til bóta, tilkynnir ekki V um kröfu sína innan árs. Slík tilgreining er í samræmi við kröfur sem gerðar eru í g.lið 2. mgr. 70. gr. laga um vátryggingasamninga um það sem þarf að koma fram í vátryggingarskírteini. Ekkert er komið fram í málinu sem gefur til kynna að M hafi ekki fengið vátryggingarskírteini sent.

Í þessu máli byggist krafa M á því að hún eigi rétt til vátryggingarbóta úr heilsutryggingu (sjúkdómatryggingu) vegna þess að hún greindist með tiltekinn sjúkdóm. Greining þess sjúkdóms fór fram 11. apríl 2011. Atvik þau sem krafa M er reist á úr sjúkdómatryggingu eru því þau atvik að greining sjúkdómsins átti sér stað en ekki hvenær eða hvernig afleiðingar sjúkdómsins urðu eins og t.d. skiptir meira máli þegar um er að ræða kröfu um bætur t.d. í svokallaða örorkutryggingu þar sem greiðsluskylda miðar við slíkar afleiðingar, hvenær og með hver víðtækum hætti þær komu fram.

Verður því ekki við annað að miða í þessu máli en að M hafi getað gert kröfu um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni þegar sjúkdómur hennar greindist og henni mátti vera ljóst að hún greindist með slíkan sjúkdóm. Af læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að greining sjúkdómsins hafi verið ljós strax í apríl 2011 og verður að miða við að í allra síðasta lagi þegar M var útskrifuð af sjúkrahúsi í júní 2011 hafi henni átt að vera ljóst að hún hafi greinst með sjúkdóm þó starfræn geta hennar hafi verið takmörkuð í ljósi eðlis sjúkdómsins. Í ljósi þess að gildissvið sjúkdómatryggingarinnar miðast ekki við mat á afleiðingum sjúkdómsins verður hins vegar ekki hægt að miða við að atvik sem krafa M er reist á eigi að miða við þegar afleiðingar voru ljósar heldur þegar greining átti sér stað. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V úr sjúkdómatryggingu.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík 15. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 292/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.**

**Maður slasast við viðgerð á lyftu þ. 12.3.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 31.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 6.8.2015.

**Málsatvik.**

M vann við viðgerð á lyftu sem starfsmaður K í Hafnarfirði og var að koma úr vélarrými lyftunnar og þurfti að skríða eftir lágum göngum að handriðslausum stiga. Þegar M rétti úr sér rak hann bakið upp undir og missti við það jafnvægið og féll af stiganum og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá M og byggir á meginreglu 13. gr. laga nr. 46/1980 lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðu. M telur að um vinnustað hafi verið að ræða sbr. ákvæði 41. gr. laganna. Þá byggir M á 17. gr. laganna sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006. V segir að K hafi engan umráðarétt yfir fasteigninni þar sem M var að vinna og gat því ekki hlutast til um breytingar á eigninni. Þá hafnar V að um sameiginlegan rekstur fasteignareiganda og K hafi verið að ræða og 17. gr. laga nr. 46/1980 taki ekki til að öll aðkeypt þjónusta fyrirtækis teljist til sameiginlegs rekstrar þess með þjónustuveitanda á vinnustað. V telur því að tjón M verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi K eða annarra aðila sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Starf M var fólgið í því að gera við lyftur á vegum K í húsum þar sem lyfturnar eru staðsettar. M var að vinna við lyftu á vegum K í Hafnarfirði í umrætt sinn og lýsir stiganum þar sem hann féll og göngum frá lyftunni sem ófullnægjandi sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Skyldur vinnuveitanda samkvæmt VI. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum lúta meðal annars að því að tryggja að vinnustaður sé öruggur og aðstæður góðar. K hafði engan umráðarétt yfir húsnæði því sem M var að vinna í þegar hann slasaðist og bar því ekki ábyrgð á aðstæðum eða að gerðar yrðu úrbætur. Þá verður ekki á það fallist að túlka beri ákvæði 17. gr. laga nr. 46/1980 með þeim hætti að um sameiginlegan rekstur fasteignareiganda og þjónustuaðila sé að ræða þegar um veitta þjónustu eru að ræða. Tjón M verður ekki rakið til þátta sem K ber ábyrgð á eða átti kost að gera breytingar á. Tjón M verður því ekki rakið til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi sem K ber ábyrgð á. Af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu K hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 25.8.2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 293/2015****M****vátryggingafélagið V v/ frítímaslysáttryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna brots á tanngómi.****Gögn.**

1. Málskot, móttekið 5.8.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 10.8.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 31. október 2013 datt M á baðgólfi á heimili sínu og skall á baðinnréttingu. Hún hlaut m.a. áverka í andliti og efri tanngómur brotnaði.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V, en einn liður vátryggingarinnar er frítímaslysáttrygging. M hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingunni vegna þess tjóns sem varð á tanngóminum. M hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 23. gr. vátryggingarskilmála V fyrir fjölskyldutryggingu þá sem hér er til skoðunar greiðir félagið viðgerðir á heilbrigðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Af gögnum málsins verður ráðið að umræddur gómur hafi verið heilgómur sem er skorðaður í efri gómi í munnholinu en er ekki festur að öðru leyti. Honum verður ekki jafnað við náttúrulegar tennur þótt hann komi í stað slíkra tanna. Tanngómur, eins og hér um ræðir, verður því ekki talinn til heilbrigðra tanna sem brotna eða laskast við slys. Af þessu leiðir að tanngómurinn fæst ekki bættur úr slysáttryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 1. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 294/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar.**

**Vatnstjón þegar rör byrjuðu að leka á baðherbergi þ. 7.4.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.8.2015, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 20.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8.

**Málsatvik.**

M segir að lagnir á baðherbergi húss hans hafi byrjað að leka þ. 7.4.2015 og krefst hann bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V og telur að rör á baðherberginu hafi sprungið. V hafnar bótaskyldu og hefur eftir pípulagningamanni sem kom á vettvang að meginorsök lekans hafi verið óþéttur frágangur við þaðkar, en slíkur leki og afleiðingar hans eru ekki bótaskyldur að mati V. Þá segir V að M hafi verið búinn að rífa allt úr baðherberginu þegar pípulagningamaður og skoðunarmaður á vegum V komu á vettvang. V telur ekkert fram komið í málinu sem sýni fram á að skilyrði bótaábyrgðar úr fasteignatryggingu M séu fyrir hendi.

**Álit.**

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á eða gert sennilegt að það tjón sem hann krefst bóta fyrir á baðherbergi húss hans sé vegna þess að vatn hafi streymt óvænt og skyndilega úr leiðslum hússins, en það er skilyrði þess að um bótaskyldu V sé að ræða í tilviki eins og því sem hér er lýst. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8.9.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 295/2015**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ frítímaslysaftryggingarliðs fjölskyldutryggingar.**

**Fall á eldhúsgólfi. Orsakatengsl.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 7.8.2015.
2. Bréf, dags. 20.8.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 1. mars 2014 var M við vinnu í eldhúsi á heimili sínu. Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu, dags. 27. mars 2015, kvaðst hún þá hafa runnið til og í fallinu reynt að grípa í handfang á innréttingu, en fengið rykk og fallið í gólfið með þeim afleiðingum að hún búi síðan við verki. Meiðslum lýsir M svo að slit sé á milli 1. og 2. hálsliðar sem ekki sé skurðtækt „og leiðir upp í höfuð og mjög illa út í hægri hönd.“

Í málinu liggur fyrir eitt læknisvottorð heimilislæknis, dags. 16. apríl 2015. Segir í vottorðinu að M hafi leitað á heilsugæslustöð 12. júní 2014 vegna ofangreinds slyss. Fram kemur í nótu læknis vegna þeirrar komu að M eigi 15 ára sögu um verk í upphandlegg eftir að hafa rekið olnbogann harkalega í. Hún mun hafa verið orðin skárri í handleggnum þar til hún lenti í slysinu 1. mars 2014. Álit læknisins og áætlun var svohljóðandi: „Óljósir verkir og dofatilfinning. 15 ára saga, verið ómuð og röntguð 2003. Enginn grunur um brot eða taugaklemmu nú. Ekki verið hjá sjúkrahjálfa lengi, tel það næsta skref. Ef áfram slæm, etv taugarit?“

M leitaði á ný á heilsugæslustöðina 14. ágúst 2014. Hún var þá ekkert farin að skána í olnbogunum, að því er segir í fyrrgreindu læknisvottorði. Kvartaði hún undan verk í utanverðum upphandlegg og framhandlegg ásamt dofa í fingrum. Um skoðun læknis sem þá fór fram segir svo í vottorðinu: „Preifeymsli á utanverðum hæ upphandlegg og við festu brachioradialis vöðva í olnboga. Enginn dofi eða skynbreyting við skoðun. Ekki munur á mótörík eða reflexum. Ekki aum yfir herðum.“ Í kjölfar þessa var M send í segulóm skoðun af háls hrygg með svofelldri niðurstöðu: „Slitbreytingar neðantil í háls hrygg. Þrengingar í rótaropum“. Í athugasemdum læknis í niðurlagi læknisvottorðsins segir svo: „Hefur verið stöðugt í sjúkrahjálfun síðan þetta gerðist. Hún er með stöðuga verki utanvert og ofan á öxlinni, þolir illa ýmsar hreyfingar. Ekki teljandi impingement teikn að finna við skoðun en mikil eymsli í AC-liðnum. Hún er enn óvinnufær eftir þetta og þar sem það er að verða komið ár síðan hún lenti í slysinu og bati ekki meiri en þetta verða batahorfur nú að teljast heldur dræmar.“

M hefur krafist bóta úr frítímaslysaftryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hún hefur í gildi hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Einungis eitt læknisvottorð liggur fyrir í málinu, en efni þess hefur verið reifað hér að framan. M leitaði fyrst til læknis 12. júní 2014 eða rúmum þremur mánuðum eftir að hún kvaðst hafa orðið fyrir meiðslum á heimili sínu. Þá lýsti hún óljósum verkjum og dofatilfinningu, auk þess sem þess er getið að hún hafi 15 ára sögu um verk í upphandlegg eftir að hafa rekið olnbogann harkalega í en verið orðin skárri þar til hún kom til læknisins. Við læknisskoðun 14. ágúst s.á. voru einkenni frá upphandlegg og við festu tiltekins vöðva í olnboga. Ekkert mat á varanlegum afleiðingum slyssins hefur farið fram. Af gögnum málsins verður ekki talið nægilega sannað að M hafi við fall á heimili sínu 1. mars 2014 orðið fyrir meiðslum sem veiti rétt til bóta úr frítímaslysaftryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.  
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 298/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á gatnamótum Barðastrandavegar og Siglunesvegur þ. 18.6.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 20.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
3. Bréf V-2 dags. 14.7.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

Árekstur varð milli A og B á gatnamótum Barðastrandavegar og Siglunesvegur. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til vinstri af Barðastrandavegi inn á Siglunesveg og verið með stefnuljós á í rétta akstursstefnu og staðfestir farþegi í bifreiðinni þá frásögn ökumanns. Ökumaður A segist ekki hafa áttað sig á að B var að aka framúr A þegar hann beygði. Ökumaður A segist hafa vitað af B fyrir aftan sig þegar hann beygði en ekki áttað sig á að B var að aka framúr þegar hann beygði. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A, sem hafi gefið stefnumerki til hægri, og þá frásögn ökumanns B staðfestir farþegi í B. Ökumaður B segist því hafa ákveðið að aka framúr A vinstra megin, en þá hafi A verið beygt skyndilega til vinstri og árekstur orðið.

**Álit.**

Ekki er nægjanlega sannað að ökumaður A hafi gefið villandi stefnumerki. Ökumaður B ber meginsök á árekstrinum fyrir að reyna framúrakstur á vegamótum sbr. 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við þær aðstæður sem um var að ræða. Ökumaður A gætir ekki nægjanlega vel að umferð fyrir aftan sig og ber því einnig nokkra sök á árekstrinum sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 sakar og ökumaður B beri 2/3 sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 15.9. 2015.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 299/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækjanna A og B.**

**Árekstur bifreiðar og bifhjóls á Þjóðvegi 24. júlí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 14. september 2015 ásamt lögregluskýrslu.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að M ók bifhjólinu A eftir Þjóðvegi 1 ásamt eiginmanni sínum, sem var á öðru bifhjóli. Þau óku á eftir tveimur bifreiðum og í framburði M kemur fram að hún hafi, ásamt eiginmanni sínum, ákveðið að taka fram úr bifreiðunum þar sem þeim hafi verið ekið hægt og aksturinn frekar rykkjóttur. M kveðst ekki hafa séð stefnumerki á bifreið B og henni hafi verið ekið skyndilega til vinstri. Eiginmaður M segir í skýrslu sinni að hann hafi séð stefnumerki til vinstri á bifreið B um það bil sem hann var að fara fram úr og kvaðst „hafa komist naumlega framhjá og hafa vonað að konan myndi sleppa einnig..“. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa vitað af bifreið fyrir aftan sig og gefið stefnumerki til vinstri til að aka út af veginum vinstra megin þegar bifhjólin hafi allt í einu birst þegar hann hafi verið kominn um hálfu leið yfir á vinstri vegarhelming. Ökumaður bifreiðar sem ók á eftir bifreið B segir að bifreið A hafi hægt verulega ferð sína og ökumaður hennar hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa beygt skyndilega til vinstri, en ekki hafi verið um gatnamót að ræða eða skýran afleggjara eða heimreið heldur einhvers konar slóða ætluðum vinnuvélum sem ómögulegt hafi verið fyrir M að sjá. Einnig vísar M til þess að aksturslag bifreiðarinnar fyrir áreksturinn hafi verið hættulegt.

V vísar til álits Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem skipti sök þannig að 2/3 hluti sakar var lagður á M fyrir að hafa ekki gætt varúðar við framúrakstur en 1/3 hluti sakar á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir aftan sig þegar hann beygði.

**Álit.**

Við mat á sök vegna árekstursins ber að líta til fyriræla umferðarlaga nr. 50/1987 og þar kemur fram að í 1. mgr. 20. gr. að almennt skuli aka vinstra megin fram úr ökutæki en ef því er beygt til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju skuli aka fram úr hægra megin. Einnig kemur fram í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. að sá sem beygir á akbraut skuli sérstaklega gæta að umferð fyrir aftan sig. Þegar litið er til framburða ökumanna og vitna verður að líta til þess að M ók bifhjólinu A fram úr tveimur bifreiðum í greint sinn og var bifreið B fremri bifreiðin af þeim tveimur. Bar henni við þær aðstæður að gæta sérstaklega að sér við framúraksturinn. Vitni bera um að ökumaður bifreiðar B hafi gefið stefnumerki til vinstri og hefði M þurft að taka tillit til þess við mat á aðstæðum sem geta komið upp þegar ekið er fram úr tveimur bifreiðum. Ber hún því meginsök á árekstrinum eða 2/3 hluta sakar. Ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar þar sem hann gætti ekki nægilega að umferð fyrir aftan sig þegar hann hugðist beygja til vinstri út af veginum.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist þannig að ökumaður bifhjólans A (M) ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 13. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 300/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ vatnstjónstryggingarliðs fasteignatryggingar.****Ágreiningur um umfangs bótaskyldu vegna vatnstjóns.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.8.2015, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 26.8.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Um páskaleytið 2015 kom í ljós vatnsleki á neðri hæð í húseign M að B, Akureyri, sem varð til þess að brjóta þurfti upp gólf í forstofu og þvottahúsi. Tjónið telst vera bótaskyldt úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar sem M hefur í gildi hjá V.

Svo háttar til í húsinu að miðflötur neðri hæðarinnar, þ.e. forstofa, hol, baðherbergi, geymsla, rými fyrir framan sturtuklefa og geymsla þar inn af, var flísalagður með flísum af einni og sömu gerð. Kveður M að það hafi verið gert til að búa til heila mynd af hæðinni. Önnur íveruherbergi á hæðinni hafi verið með eikarparketi og vandað hafi verið til vals á efni og vinnu og vandlega hugað að samræmi í litasamsetningu allra gólfa, þ.e. bæði flísalagna og parkets. Við frágang eftir vatnstjónið reyndist ekki unnt að fá flísar til að setja á forstofugólfið eins og höfðu verið þar fyrir og voru á öðrum flísalögðum gólfum á hæðinni. Telur M óhjákvæmilegt til að halda fyrri heildarmynd á hæðinni að skipt verði um allar flísar á hæðinni. Hefur M gert kröfu á hendur V um að kostnaður við að skipta um allar flísarnar verði bættur úr vatnstjónstryggingunni. V hefur hafnað þeirri kröfu og telur að bætur eigi að takmarkast við kostnað við að leggja flísar að nýju á forstofuna.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Í 2. gr. vátryggingarskilmála vatnstjónstryggingarinnar hjá V er ákvæði sem ber yfirskriftina „Bótaákvörðun – Uppgjör tjóns“. Segir m.a. svo í ákvæðinu: „Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur greiðast fyrir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til að komast fyrir leka og frágang vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið.“ Af skilmálaákvæði þessu leiðir að bætur úr vátryggingunni takmarkast við þær skemmdir sem hlutust af vatnslekanum í húseign M og greiðast bætur einungis fyrir aðgerðir til að stöðva lekann og nauðsynlegan frágang þannig að eignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Þótt flísar á forstofunni verði ekki sömu gerðar og á öðrum flísalögðum gólfum á hæðinni og heildaryfirbragð gólfplatans verði ekki hið sama og áður verður ekki talið að ástand eignarinnar verði af þeim sökum lakara eða lélegra en það var fyrir tjónið. Af orðalagi skilmálaákvæðisins leiðir enn fremur að M getur ekki rétt til frekari bóta úr vátryggingunni jafnvel þótt flísalögn, sem takmarkast við forstofuna, feli ekki í sér fullar bætur fyrir það tjón sem M varð fyrir af völdum vatnslekans. M á því ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingunni en V hefur þegar boðið.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 301/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Áræktur bifreiða við bifreiðaplan í Skeifunni 29. júlí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 26. ágúst 2015 ásamt tjönstilkynningu og niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna.
3. Bréf V1 dags. 27. ágúst 2015.

**Málsatvik.**

Í tjönstilkynningu vegna árækturs bifreiðanna A og B kemur fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið í vesturátt eftir Skeifunni þegar ökumaður bifreiðar A, sem ók á undan, hafi ekið til hægri áleiðis inn á bifreiðaplan og á sama tíma hafi bifreið B, sem á eftir kom, verið ekið framúr bifreið A hægra megin.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi brotið gegn fyrirmælum 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að aka eigi vinstra megin fram úr. Auk þess vísar M til aðstæðna á vettvangi með myndum og sviðsetningu áræktursins, auk þess sem að í framburði ökumanns bifreiðar A komi fram að hann hafi ekið mjög hægt og gefið stefnumerki til hægri áður en áræktur varð. Það hafi því almennt ekki verið nokkrar aðstæður til framúrækturs á vettvangi.

V1 gerir ekki frekari athugasemdir vegna málsins en V2 telur að báðir ökumenn eigi nokkra sök á árækstrinum og telur að það eigi að skipta sök til helminga, ökumaður bifreiðar A hafi ekki tekið hægri beygju í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga og ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt ákvæða 20. gr. umferðarlaga um framúræktur.

**Álit**

Ökumenn bifreiða A og B voru báðir við akstur vestur Skeifuna þegar áræktur varð. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa gefið stefnumerki áður en hann ók til hægri inn á bifreiðaplan en ökumaður bifreiðar B kveðst ekki hafa séð umrætt stefnumerki. Ökumanni bifreiðar A bar með vísan til 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en hann tók hægri beygju inn á bifreiðaplanið auk þess sem honum bar að taka beygjuna frá hægri brún vegar. Á hinn bóginn gat ökumaður bifreiðar B ekki ekið hægra megin fram úr bifreið A nema henni væri ekið til vinstri eða að ökumaður hennar undirbyggi vinstri beygju, sbr. 20. gr. umferðarlaga. Við mat á því hvort ökumenn hafi sinnt umræddum skyldum verður að líta til þess að ákoma á bifreið A er á fremri farþegahurð bifreiðarinnar og bendir það til þess að bifreiðinni hafi verið ekið í afgerandi hægri beygju áður en áræktur varð. Þó M bendi á að árækturinn geti ekki hafa orðið án þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekið upp á gangstétt liggur ekki fyrir sönnun slíkra atvika. Með hliðsjón af þessum aðstæðum er það mat nefndarinnar að árækturinn megi að einhverju leyti rekja til þess að ökumaður bifreiðar A hafi ekki tekið hægri beygju frá hægri brún vegar eins og honum var skylt skv. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Af aðstæðum á vettvangi verður hins vegar einnig ráðið að aðstæður til framúrækturs eru vart fyrir hendi og verður árækturinn fyrst og fremst rakinn til óvarlegs framúrækturs ökumanns bifreiðar B.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 15. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 302/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ sjúkratryggingar.****Ágreiningur um hvort bótaþrafa sé fyrnd og forsendur bóta úr vátryggingunni.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.8.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 1.9.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Síðari athugasemdir M, dags. 7.9.2015,

**Málsatvik.**

M hefur frá árinu 1998 haft í gildi hjá V sjúkra- og slysatryggingu. Í vottorðum heimilislæknis M, dags. 10.11.2013 og 10.4.2014, kemur fram að á árinu 2001 hafi hún gengist undir mjaðmaliðskiptaaðgerð á hægri mjöðm vegna slitgigtar. Síðar kom í ljós los á liðnum og var framkvæmd ný aðgerð („revisions aðgerð“) á liðnum í október 2013. Hinn 1. júlí 2013 þurfti M að láta af störfum vegna verkja í baki, í mjöðmum og liðum auk sýpreytu. Fyrri hluta árs 2012 hafði M vaxandi verki niður í hægri ganglim og leiddu rannsóknir í ljós mikla æðakölkun í hægri „iliaca communis“ slagæð. Með örorkumati, dags. 1. júlí 2014, var varanleg læknisfræðileg örorka M af völdum mjaðmaliðskiptaaðgerðar og slitgigtar metin 20% og vegna æðasjúkdóms sem einkum hefur sýnt einkenni í ganglimum var varanleg læknisfræðileg örorka metin 12%.

M hefur krafist bóta úr sjúkratryggingunni hjá V. Gerir M kröfu um að bætur miðist við algera (100%) örorku þar sem hún sé með öllu óvinnufær vegna veikinda sinna, bæði vegna þeirra sjúkdóma sem að framan greinir og annarra sjúkdóma.

V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V að um kröfu M vegna slitgigtar gildi sjúkra- og slysatryggingarskilmálar félagsins sem voru í gildi á árinu 2001, þ.e. skilmálar sem tóku gildi 1. janúar 1994, en samkvæmt þeim fyrnist krafa um bætur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er byggð á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð. M hafi greinst með slitgigt á árinu 2001, en á því ári hafi hún m.a. gengist undir mjaðmaliðskiptaaðgerð vegna sjúkdómsins. Hafi fjögurra fyrningarfræstur því hafist við lok árs 2001 og krafan því verið fyrnd þegar M tilkynnti V um sjúkdóminn 13. mars 2014. Að auki bætist varanleg læknisfræðileg örorka undir 25% ekki úr vátryggingunni, sbr. 2. mgr. þess hluta 10. gr. skilmálanna sem fjallar um mat á örorku. Þá hafi æðasjúkdómurinn einungis verið metinn til 12% varanlegrar örorku sem veiti ekki rétt til bóta úr vátryggingunni þar eð örorkan er minni en 25%.

**Álit.**

Eins og að framan getur kveður V að um kröfu M um bætur vegna slitgigtar gildi skilmálar sjúkra- og slysatryggingar sem í gildi voru þegar hún greindist með sjúkdóminn á árinu 2001. Í 1. mgr. þess hluta 10. gr. skilmálanna sem varðar mat á örorku segir að „[v]aldi sjúkdómur vátryggðum varanlegri örorku, greiddast bætur á grundvelli grunnvátryggingarfjárhæðar örorku sem í gildi var við upphaf sjúkratímabils.“ Ekki verður séð að hugtakið varanleg örorka sé skilgreind í skilmálunum að öðru leyti en því sem greinir 4. mgr. 10. gr. um mat á örorku þar sem segir að við ákvörðun örorku beri ekki að taka tillit til starfs, sérstaks hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Með skaðabótalögum nr. 50/1993, sem tóku gildi 1. júlí 1993, öðlaðist hugtakið „varanleg örorka“ nýja lögformlega merkingu er lýtur að fjárhagslegri örorku, sbr. 5. gr. laganna, en örorka sem þannig er metin er lögð til grundvallar við ákvörðun bóta samkvæmt reglum skaðabótaréttar og einnig í nokkrum tilvikum við ákvörðun bóta samkvæmt vátryggingarsamningi. Í síðari sjúkra- og slysatryggingarskilmálum hefur V breytt viðmiði til ákvörðunar örorkubóta eða úr varanlegri örorku í varanlega læknisfræðilega örorku. Í ljósi þessa, sbr. og dóm Hæstaréttar 15. nóvember 2001 í máli nr. 215/2001, verður að líta svo á að með varanlegri örorku í skilmálum þeim, sem leggja skal til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir

varanlega örorku vegna slitgigtar í tilviki M, sé átt við fjárhagslega örorku. Þessu breytir ekki þótt tekið sé fram í skilmálunum að við mat á örorku skuli ekki taka tillit til starfs, sérstaks hæfileika né þjóðfélagsstöðu, enda tók V síðar upp nýtt viðmið við mat á örorku, þ.e. varanlega læknisfræðilega örorku, auk þess sem unnt er að meta varanlega örorku samkvæmt skaðabótalögum þótt tjónþoli sé barn eða nýti vinnugetu sína þannig að hann hafi engar eða takmarkaðar vinnutekjur, sbr. 8. gr. laganna. Fyrir liggur að M varð fyrst óvinnufær af völdum sjúkdómsins 1. júlí 2013. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að fyrr en við það tímamark hafi orðið sá atburður sem olli því að M á rétt til bóta úr váttryggingunni. Krafa hennar telst því ekki fyrnd, hvorki samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar né 1. mgr. 125 gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.).

Eins og fyrr greinir breytti V váttryggingarskilmálum sínum varðandi það hvers konar örorku skyldi leggja til grundvallar örorkumati. Í gögnum málsins verður ekki séð nákvæmlega hvenær þessi breyting varð, en ekki er ástæða til að ætla að breytingin hafi verið gerð í bága við ákvæði 4. mgr. 79. gr. vsl.

Fyrri hluta árs 2012 veiktist M vegna æðapregsla. Samkvæmt gr. 14.1.1 í þeim skilmálum fyrir sjúkratryggingu sem þá giltu hjá V greiðir félagið bætur vegna sjúkdóms er váttryggður fær ef hann leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Samkvæmt 16. gr. þessara sömu skilmála, sbr. gr. 16.1 og 16.1.2, bætist ekki varanleg læknisfræðileg örorka lægri en 25%. Af skilmálaákvæðum þessum verður ekki annað ráðið en réttur til bóta stofnist því aðeins að einn nánar tiltekin sjúkdómur sé metinn til læknisfræðilegrar örorku 25% eða hærri, sbr. m.a. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 383/2014. Varanleg læknisfræðileg örorka M af völdum æðapregsla hefur samkvæmt fyrirliggjandi gögnum verið metin 12%. Sú örorka dugir því ekki til að M eigi rétt til bóta úr sjúkratryggingunni vegna þessa sjúkdóms.

#### **Niðurstaða.**

Krafa M um bætur úr sjúkratryggingu hjá V af völdum slitgigtar er ekki fallin niður vegna fyrningar. M á ekki rétt á bótum úr sömu váttryggingu vegna æðapregsla.

Reykjavík, 22. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 303/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 og V2 vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala hjá**  
**fasteignasölnunni X og/eða starfsábyrgðartryggingar fasteignasala (F)**

**Gildissvið starfsábyrgðartrygginga vegna ætlaðs fjártjóns á árinu 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 26. ágúst 2015 ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur V1 dags. 2. september 2015.
4. Bréf M dags. 15. september 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M telur sig hafa orðið fyrir fjártjóni vegna háttsemi starfsmanns fasteignasölnunnar X og löggilta fasteignasalans F í tengslum við kaup hennar á fasteign í Reykjavík á árinu 2007. Þegar M keypti eignina virðist hafa verið samkomulag um að hún gæfi út handhafaskuldabréf að fjárhæð 3.685.680 kr. Í málavaxtalýsingu M kemur fram að ekki hafi átt að þinglýsa umræddu skuldabréfi en það hafi samt sem áður verið gert og hafi sú þinglýsing haft fjárhagslegar afleiðingar fyrir M. Það hafi síðan náðst samkomulag við handhafa skuldabréfsins í september 2014 um afhendingu þess og síðan aflýsingu, en af því hafi M haft nokkurn lögmannskostnað. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala vegna tjóns sem felur í sér þann kostnað og dráttarvaxtakröfu, samtals 1.916.560 kr.

M gerir aðallega kröfu í starfsábyrgðartryggingu sem X og F voru með hjá V2 á þeim tíma sem sala fasteignarinnar og skjalagerð vegna handhafaskuldabréfsins fór fram, þ.e. á árinu 2007. M telur m.a. að skjalagerðin sem slík, óheimil veðsetning sem fólst í þinglýsingu skjalsins og tómlæti X og F að greiða úr málinu þegar veðsetningin uppgötvaðist, feli í sér saknæma háttsemi af hálfu starfsmanns X eða F sjálfrar sem bar ábyrgð á starfseminni.

V2 vísar til gildandi vátryggingarskilmála þar sem kemur fram í gr. 8.2 í vátryggingarskilmálum að það stofnist ekki skaðabótakrafa á hinn vátryggða (X eða F) fyrr en þriðji maður (M) geri skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða þegar vátryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að vera rakið til gáleysis vátryggðs eða starfsmanns hans. Slíkur tímunktur hafi ekki verið fyrr en V2 bárust fyrst upplýsingar um málið þann 21. apríl 2015. Þá hafi hins vegar hvorki X né F verið með starfsábyrgðartryggingu í gildi hjá V2, en hún féll úr gildi 31. maí 2008, löngu áður en þessi krafa kom fram. V2 bendir einnig á að það sé meginregla að kröfu skuli setja fram á vátryggingartíma en þó ekki síðar en 12 mánuðum eftir lok vátryggingartíma.

M byggir kröfu sína á hendur V1 á því að F og eiginmaður hennar reki tvær fasteignasölur og hafi verið keypt starfsábyrgðartryggingu fyrir þær báðar hjá V1. M vísar einnig til ýmissa ákvæða laga nr. 99/2004 máli sínu til stuðnings, þ.á.m. skyldu til að kaupa slíka tryggingu og telur að F geti ekki afsalað sér ábyrgð með því að skipta um vátryggingarfélag.

V1 bendir hins vegar á að vegna kröfu M í starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá fasteignasölnunni X verði að líta til þess að sá starfsmaður sem sinni skjalagerð á árinu 2007 vegna kaupa M á fasteign sinni hafi starfað á ábyrgð fasteignasalans F. Við skoðun á gildandi starfsábyrgðartryggingu X verði hins vegar ekki séð að F starfi undir þeim hatti lengur og taki gildandi starfsábyrgðartrygging X því ekki til starfa hennar.

**Álit.**

Í málinu er fyrst og fremst deilt um hvort mögulega skaðabótaábyrgð fasteignasölnunnar X eða fasteignasalans F megi fella undir starfsábyrgðartryggingar fasteignasala hjá

vátryggingafélagunum V1 eða V2. Verður af málatilbúnaði M ráðið að það hafi átt sér stað mistök á árinu 2007 við kaup hennar á fasteign sem ekki hafi náðst að vinda ofan af fyrr en haustið 2014. Ákvæði hvorrar starfsábyrgðartryggingar um sig hjá V1 og V2 hafa að geyma ákvæði um tímamörk sem eru þess eðlis að vátrygging þarf að vera í gildi þegar skaðabótakrafa er sett fram af þriðja manni á vátryggðan, óháð því hvenær möguleg mistök áttu sér stað. Það þarf því fyrst að skoða hvenær skaðabótakrafa M kom fram gegn X eða F. Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna hver sá tímapunktur nákvæmlega er. Það má þó ætla, m.v. málatilbúnað M um áhrif þess að handhafaskuldabréfi var þinglýst á eignina, að henni hafi mátt vera ljóst fljótlega, t.d. á árinu 2008, að frekari veðsetning eignarinnar sætti takmörkunum vegna þinglýsingar bréfsins o.fl. Ekki kemur fram í gögnum málsins að gerð hafi verið formleg skaðabótakrafa á hendur X eða F á þeim tímamarki en ekki liggja fyrir skrifleg gögn um samskipti M við X og F á þeim tíma. Verður því ekki hægt að leggja annað til grundvallar en að skaðabótakrafa hafi fyrst verið sett fram af hálfu M í byrjun árs 2015.

Fasteignasalan X hafði starfsábyrgðartryggingu hjá V2 til 31. maí 2008 og var sú vátrygging því ekki í gildi þegar skaðabótakrafa kom fram á árinu 2015.

Hvað varðar vátryggingavernd hjá V1 verður að líta til þess að þó litið væri til þess að skaðabótakrafa hefði komið fram á árinu 2015 þá sé ekki annað hægt að sjá í málsatvikum en að sá fasteignasali sem hafi komið að máli M sé F og starfsmaður sem sá um skjalagerð hafi starfað á ábyrgð F. Á árinu 2015 var F ekki skráð sem vátryggð í starfsábyrgðartryggingu X og ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um vátryggingarvernd F sjálfur á árinu 2015. Þó það kunni að vera að M geti sýnt fram á skaðabótaábyrgð F í málinu verður ekki tekin efnisleg afstaða til slíkrar kröfu nema einhvers konar vátrygging taki til hennar þar sem úrskurðarnefndin úrskurðar einungis um ágreining milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sbr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar, sjá auglýsingu nr. 1090/2005.

Ágreiningur málskotsaðila og vátryggingarfélaganna V1 og V2 snýst um hvort vátrygging var í gildi hjá hvoru um sig þegar skaðabótakrafa M var sett fram. Í gögnum málsins kemur ekki fram skýr staðfesting þess eðlis varðandi F eða X þegar litið er til eðlis skaðabótakröfu hennar. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá X eða F og þess ber að geta sérstaklega að ekki er samsömun milli hjóna hvað þetta varðar, þó þau kunni bæði að vera löggiltir fasteignasalar.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V1 eða V2.

Reykjavík 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 304/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar.**

**Maður fékk kransæðaáfall og fór í hjartaþræðingu. þ. 25.11.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 8. september 2015, ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. læknisvottorði og læknabréfi.

**Málsatvik.**

M fékk brjóstverk með leiðni fram í báða handleggi og í kjölfar læknisskoðunar var framkvæmd hjartaþræðing og æðavíkkun og var M frá vinnu í 3 mánuði. Í læknisvottorði segir að M hafi fengið vægt kransæðaáfall og þess vegna hafi verið gripið til ofangreindra ráðstafana. M krefst bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 6.1 í vátryggingaskilmálum þar sem fjallað er um hjartaáfall/kransæðastíflu en þar þurfi þrjú skilyrði að vera uppfyllt til að um bótaskyldu sé að ræða. V telur skilyrði b liðar greinar 6.1. sé ekki uppfyllt og auk þess vísað til læknabréfs dags. 27.11.2013 þar sem segi að engar ST breytingar hafi komið fram á riti.

**Álit.**

M fékk vægt kransæðaáfall og var frá vinnu í 3 mánuði. V hafnar bótaskyldu vegna þessa og vísar til þess að þrjú skilyrði sem nefnd eru í grein 6.1. Hjartaáfall/kransæðastífla, undir tl. a-c þurfi öll að vera fyrir hendi svo bótaskylda félagsins stofnist. V heldur því fram að skilyrði b liðar greinarinnar sé ekki fyrir hendi en þar segir ”visbendingar um þverdræga blóðþurrð (transmural ischemia) við óeðlilegt hjartalínurit (ECG) þ.e. veruleg hækkun á ST, Q takkar eða nýmyndun greinrofs (bundle branch block)” M telur að öll skilyrði til að um bótaskyldu V sé að ræða séu fyrir hendi. Í gögnum málsins er ekki að finna sönnun þess að skilyrði í grein 6.1. tl. b vátryggingaskilmálanna hafi verið til staðar. M hefur því ekki tekist að sanna að skilyrði bótaskyldu V sé fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 24.9. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 305/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysatryggingar knattspyrnufélags.**

**Ágreiningur um túlkun á slyshugtakinu**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 13. ágúst 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 8. september 2015.
3. Bréf frá lögmanni M frá 14. september 2015.

**Málsatvik.**

Samkvæmt tjónstilkynningu frá 21. maí 2015 varð M fyrir líkamstjóni í knattspyrnuleik í Reykjaneshöllinni þann 11. apríl 2015. Er atvikinu lýst á þann hátt í tilkynningunni að M hafi verið að fara pressa og var að stoppa en þá hafi hnéð gefið sig. Í nánari skýringum kemur fram að meiðslin hafi átt sér stað í leik, þegar um stefnubreytingu hafi verið að ræða. Í tjónstilkynningu kemur einnig fram að fremra krossbandið í hægri hné væri rífið.

Í læknisvottorði frá Læknavaktinni kemur fram að M sagðist hafa verið að spila fótbolta og misstigið sig í leiknum. Síðan hafi M verið með verk í hægri hnénu.

Í læknisvottorði bæklunarskurðlæknis kemur fram að M hafi skyndilega misstigið sig, fengið mikinn snúning á hægri hné með þeim afleiðingum að hnéð bólgaði upp og M gat ekki haldið knattspyrnuleiknum áfram.

V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingunni með þeim rökum að ekki hafi verið um utanaðkomandi atburð að ræða og því félli atvikið ekki undir slyshugtakið og þar af leiðandi ekki undir slystrygginguna.

Í málskoti M til nefndarinnar kemur fram í málavaxtalýsingu að M hafi fest takkana á knattspyrnuskónum í stamt gervigrasið og misstigið sig með þeim afleiðingum að krossbönd í hægri hné hafi skaddast.

**Álit.**

Í skilmálum slysatryggingarinnar kemur fram að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. V telur að ekki hafi verið um neinn utanaðkomandi atburð að ræða og því falli hann ekki undir slysatrygginguna.

Sannað er að M hafi fengið mikinn snúning á hægri hné sitt með þeim afleiðingum að krossbönd sködduðust. Ekki er hægt að líta framhjá tilkynningu M og lýsinga í læknisvottorðum á atburðinum, en ekki verður nægilega séð af þeim að skilyrðið um utanaðkomandi atburð sé uppfyllt. Lýsingarnar benda til þess að líkamsmeiðslin sé að rekja til innra ástands en ekki til utanaðkomandi atburðar eins og kveðið er á um í skilmálum slysatryggingarinnar. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingu knattspyrnufélagsins hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. september 2015.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 306/2015**  
**M og**  
**Sjóvá- váttryggingafélagið V v. slysatryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Maður slasaðist í gassprengingu 27.3.2014. Skerðing bóta vegna aldurs.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 14.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 3.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Athugasemdir lögmanns M dags. 4.9.2015

**Málsatvik.**

M slasaðist í gassprengingu í sumarbústað. V viðurkennir bótaábyrgð. Ágreiningur í málinu varðar skerðingu á örorku/slysabótum í 21. gr. váttryggingarskilmála sem giltu um fjölskyldutryggingu M. Þar kemur fram að örorkubætur skerðist frá 60 ára aldri váttryggðs og engar bætur eru greiddar vegna tímabundins missis starfsorku til váttryggðra sem hafa náð 71 árs aldri, sbr. 22. gr. sömu skilmála.

M gerir kröfu til að viðurkennt verði að hann eigi rétt á bótum í samræmi við metna örorku vegna afleiðinga slyssins á grundvelli þeirra fjárhæða sem nefndar eru í váttryggingaskírteini og V greiði matskostnað í samræmi við reikning matsmanna svo og hæfilega lögmannspóknun. M byggir á því að afleiðingar slyssins falli undir II. hluta laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sem fjalli um persónutryggingar, en þar komi ekki fram heimild til að lækka bætur vegna aldurs eða útiloka þær alfarið. M byggir jafnframt á því að einu undanþáguákvæðin sem heimil séu skv. lögum nr. 30/2004 séu í XIII. kafla laganna og vísar sérstaklega til gr. 86-89 í lögnum. Þá vísar M einnig til greinargerðar með lögum nr. 30/2004 einkum varðandi kafla XIII. og 61.gr. M segir málsástæður sínar byggja á lögmatísreglunni eða „lagaáskilnaðarreglunni“ sem þýði að skýra lagaheimild þurfi til grundvallar hvers konar takmörkunum á réttindum manna. Þá byggir M á því að skilmálaákvæði váttryggingarsamnings séu ósanngjörn og V hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni með fullnægjandi hætti og vísar M sérstaklega til 36. gr. og 36. gr. a, b og c laga nr. 7/1936. Auk þess bendir M á að í váttryggingaskírteini séu ekki upplýsingar um þau undanþáguákvæði sem V byggir á og því verði ekki séð að V uppfylli upplýsingaskyldu sína í skv. 64. gr. laga nr. 30/2004. Þá verði einnig til þess að líta að mati M að skilmálaákvæðin sem V byggir á séu ósanngjörn og stríði auk þess gegn góðum viðskiptaháttum og því beri að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar M til meginreglna neytendaréttar og vísar í því sambandi til umfjöllun í greinargerð með lögum nr. 30/2004, m.a. kafla 6.5. í þeirri greinargerð. Þá segir M að váttryggingin sem hann hafi haft hjá V hafi verið gölluð vara og gallinn hafi ekki komið í ljós fyrir en M hafi slasast og því megi hafa hliðsjón af 5. gr.laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá byggir M á að V geti ekki hagað sér að eigin vild varðandi skilmála sem félagið semji sér til handa og váttryggingafélög beri ákveðna samfélagslega skyldu og beri að hafa hagsmuni hins váttryggða í heiðri. Þá vísra M til jafnræðisreglu laga um að allir skuli hafa sama rétt og réttarskerðing sem sú sem V beiti M falli undir 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, sbr. breytingar með 3. gr. laga nr. 97/1995 og með vísan til ummæla í greinargerð með téðri 3.gr. Þá segir M að aldur geti fallið undir ákveðið líkamlegt ástand. Þá byggir M á því að krafa hans teljist til eignarréttinda sem njóti verndar 72. gr.stjórnarskrárinnar.

V byggir á að með greiðslu sinni til lögmanns M hinn 17.7.2015 hafi það þegar greitt fullar bætur úr slysatryggingunni í samræmi við þá váttryggingarskilmála sem um hana gilda í því sambandi vísar V til 21. gr. og 22. gr. þágildandi skilmála slysatryggingarinnar. V segir að ekki verði séð að ágreiningur sé um tölulegan útreikning bóta skv. váttryggingaskilmálunum heldur einvörðungu um hvort V sé heimilt að skerða bætur til M vegna aldurs og aðrar málsástæður lögmanns M eigi ekki við. V segir að váttryggingarskilmálar séu órjúfanlegur hluti váttryggingarsamnings aðila og

mótmælir því að þeir hafi ekki verið nægjanlega kynntir. V bendir á að M sé maki váttryggingartaka og því meðváttryggður og þau hjón hafi verið í viðskiptum við V frá árinu 1995 og með frítímaslysavernd frá árinu 1997 og hafi þau fengið afhenda skilmála og breytingar á þeim með eðlilegum hætti. Þá bendir M á að V hafi ekki sérstakar skyldur til að kynna váttryggingarskilmála sérstaklega fyrir hverjum meðváttryggðum. Þá segir V að umræddar ábyrgðartakmarkanir séu ekki hlutlægar ábyrgðartakmarkanir í þeim skilningi sem haldið sé fram af hálfu M. V segir að í samræmi við meginreglur um samningsfrelsi hafi váttryggingarfélög ákvörðunarvald um efni þeirra váttryggingarafurða sem þau bjóði innan þeirra marka sem sérlög eða lög um váttryggingarsamninga setja og byggir V á því að váttryggingarskilmálar þess séu í fullu samræmi við ákvæði laga. Þá mótmælir V því að ákvæði 36.gr. samningalaga eigi við í þessu tilviki og algengt sé að algengt sé að finna aldursskerðingar í frjálsum slysatryggingum bæði hér á landi og hinum Norðurlöndunum enda sterk málefnaleg rök fyrir slíkum reglum. Þá andmælir V öllum tilvísunum M til stjórnáslureglna og meints brots á jafnræðis- og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar enda sé um skilmála almenns eðlis að ræða og gildi jafnt um alla sem hafi náð ákveðnum aldri. Þá mótmælir V því að félaginu beri að greiða mats- og/eða lögmanskostnað og krefst V þess að vísa eigi þeirri kröfu frá nefndinni þar sem hún lúti að fjárhæð bótagreiðslu. Þá segir V að í 28. gr. váttryggingarskilmála komi fram að félagið greiði nauðsynlegan matskostnað sem lagt sé í með samþykki félagsins en ekki lögmanskostnað, þ.m.t. innheimtuþóknun, enda almennt ekki þörf á aðkomu lögmanns við uppgjör summutrygginga. V segir að í því tilviki sem hér ræðir um hafi lögmaður M aflað matsgerðar frá lækni og lögmanni án nokkurs samráðs við V og hafi V þegar greitt bætur upp í kostnað vegna örorkumats sem nemur venjubundnum kostnaði frá einum matslækni.

#### Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar heimild V til að skerða bætur til M vegna aldurs og greiðslu matskostnaðar vegna mats sem lögmaður M aflaði einhliða og greiðslu lögmanskostnaðar. Ekki er fallist á það með V að krafa um greiðslu matskostnaðar og lögmanskostnaður sé í þessu tilviki svo sérgreindur kostnaður um bótagreiðslur að vísa beri því máli frá nefndinni þar sem V hefur samþykkt að nefndin fjalli um málið að öðru leyti.

Í váttryggingarskilmálum koma fram með ótvíræðum hætti hvaða ákvæði gilda um skerðingu bóta vegna aldurs tjónþola. Þau ákvæði eru skýr. Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 koma ekki í veg fyrir að váttryggingafélög setji þeirri áhættu sem þau taka með váttryggingarsamningi ákveðin mörk í váttryggingarskilmálum. Skilmálar V hvað varðar skerðingu bóta vegna aldurs eru almenn og því ekki eðlisólík þeim sjónarmiðum sem lög um skaðabætur nr. 50/1993 byggja á sbr. 4. og 6. gr. laganna, svo dæmi sé tekið. Ekki er fallist á málsástæður, rök eða þau sjónarmið, sem M byggir á í málinu. Ekkert í lögum eða sjónarmiðum varðandi neytendarétt, stjórnarskrá eða annað sem lögmaður M vísar til kemur heldur í veg fyrir að V geti sett ákvæði eins og þau um skerðingu bóta, miðað við aldur, með þeim hætti sem fram kemur í váttryggingarskilmálum. Þá verður ekki séð að M eigi frekari rétt til greiðslu kostnaðar vegna málsins en V hefur þegar innt af hendi. M á því ekki rétt á frekari bótagreiðslum eða kostnaðartengdum greiðslum vegna slyssins sem hann varð fyrir hinn 27.3.2014.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari greiðslum frá V.

Reykjavík, 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

**Mál nr. 307/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ innbústryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Þjófnaður úr bílageymslu í fjölbýlishúsi. Brot á varúðarreglu.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 17.8.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 1.9.2015.

**Málsatvik.**

Helgina 1.-4. ágúst 2014 var stolið munum í eigu M úr bílageymslu á heimili hennar að T í Kópavogi sem er fjölbýlishús, en bílageymslan er sameiginleg með íbúum að T2. Var stolið bifhjóli sem stóð í tilgreindu stæði í bílageymslunni og ýmsum öðrum lausafjárnunum. Bifhjólið og einhverjir aðrir munir fundust síðar, en verfærataaska, vöðlur o.fl. hafa ekki fundist.

Í skýrslu lögreglu sem kom á vettvang og kannaði verksummerki 4. ágúst 2014 segir að við skoðun á gluggum og hurðum bílageymslunnar hafi ekki sést hvernig þjófur hafi komist inn í geymsluna. Engin „nýtanleg ummerki“ eftir þjófana hafi verið á staðnum.

M hefur krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá V vegna þeirra muna sem stolið var. V kveður að við skoðun skoðunarmanns félagsins og í samtali hans við M hafi komið fram að einhverjir gluggar væru iðulega opnir til loftræstingar. Ummerki hafi verið á einum glugga um að hann hafi verið spenntur upp og stormjárn brotið. Hafi ummerki bent til þess að glugginn hafi ekki verið lokaður og kræktur aftur eins og mælt er fyrir í varúðarreglu í gr. 4.5.7 í vátryggingarskilmálum innbústryggingarinnar. Hefur V hafnað bótaskyldu. M fellst ekki á höfnun V og kveður m.a. að glugginn hafi ekki verið spenntur upp nema hann hafi verið lokaður fyrir og gluggar séu aðeins opnir þegar loftræsting eigi sér stað.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 4.5.1 í skilmálum innbústryggingarinnar bætir vátryggingin tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Í gr. 4.5.7 er mælt fyrir um þá varúðarreglu að læsa skuli m.a. íbúðarhúsum, bílskúrum og geymslum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Í 3. gr. sameiginlegra skilmála fjölskyldutryggingarinnar er kveðið á um það að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum og sé þeim ekki fylgt geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.). Samkvæmt 26. gr. vsl. getur félagið gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

M geymdi munina, sem stolið var, í opinni geymslu að því leyti að margir gengu um hana og gluggar tíðum hafðir opnir. Af fyrirliggjandi lýsingu á ummerkjum á þeim glugga sem hafði verið spenntur upp mátti ráða að hann hafi ekki verið kræktur aftur og af þeim sökum auðveldara að opna hann og nota til að komast inn í bílageymsluna en ella hefði verið. Verður þjófnaðurinn rakinn til þessa. Með geymslu munanna við þessar aðstæður sýndi M talsverða sök sem leiðir til þess að skerða ber rétt hennar til bóta. Eftir atvikum þykkir rétt að bætur skerðist um  $\frac{3}{4}$  og hún eigi rétt til bóta að  $\frac{1}{4}$  hluta.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum að  $\frac{1}{4}$  hluta úr innbústryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 22. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 308/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á bifreið í Borgarnesi 22. mars 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. september 2015 ásamt tjónstilkynningu, tölvupósti V dags. 31. mars 2015 og umsögn X ódagsett.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M kemur fram að hann hafi ekið í holu á malbiki þjóðveggar 1 í Borgarnesi og þannig hafi orðið tjón á bifreið hans.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans og telur að X hafi vitað af umræddri holu án þess að hafa brugðist við með réttum hætti varðandi það að laga holuna. Það hafi hins vegar verið nauðsynlegt með hliðsjón af mikilli umferð á þessum stað auk þess sem M telur sig hafa heimildir fyrir því að sama hola hafi verið löguð með bráðabirgðaviðgerð tveimur dögum áður en hann ók í hana og varð fyrir tjóni. M bendir á að engar viðvaranir hafi verið við holuna og M vísar til þess að starfsmaður X hafi greint honum frá því í símtali að X hafi verið í vandræðum með holuna lengi.

V telur að ekki sé sýnt að starfsmenn X hafi vitað af holu í vegi þann 22. mars 2015 þegar M varð fyrir tjóni og vísar til þess að gert hafi verið við umrædda holu tveimur dögum áður og ekki hafi borist nokkrar tilkynningar vegna hennar síðan.

**Álit**

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Samkvæmt ákvæði þessu verður veghaldari því aðeins gerður ábyrgur fyrir tjóni sem verður á vegi að fullnægt sé þeim skilyrðum annars vegar að sýnt sé fram á að tjónið verði rakið til þess að veghaldarinn hafi sýnt gáleysi við veghaldið, þ. á. m. í tengslum við viðhald vegarins, og hins vegar að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Sönnunarbyrði um að skilyrði bótareglu 56. gr. vegalaga séu uppfyllt hvílir á tjónþola (M).

Í skýrslu X vegna tjóns M kemur fram að gert hafi verið við holuna tveimur dögum fyrir tjón M og það hafi „átt að vera í lagi“. Tilvísun M til símtals við ónafngreindan starfsmann V getur skv. almennum sönnunareglum ekki fyllilega sýnt fram á að starfsmenn X hafi vitað af því að ástand vegarins væri ekki í lagi þegar hann varð fyrir tjóninu. Til þess þarf beinni sönnunargögn. Af gögnum málsins verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á að skilyrðum 56. gr. vegalaga hafi verið fullnægt þegar umrætt tjón varð. X ber því ekki ábyrgð á tjóninu og af því leiðir að tjónið telst ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 22. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 309/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á bifreið vegna áaksturs á steyptan kant 7. maí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 15. september 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M ók bifreið sinni á bifreiðastæði við Krónuna og fleiri verslanir á Akranesi og lagði henni á ská á bifreiðastæðinu. Þegar hann ók af stað aftur þá hafi hann ekið bifreiðinni upp á steyptan kant á bifreiðastæðinu, en hann hafi ekki séð kantinn þegar hann lagði bifreið sinni.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á bifreið hans. Það hafi verið tréplata yfir umræddum kanti og því erfitt að sjá hann, starfsmenn X hafi ekki séð til þess að merkja kantinn nægilega. Starfsmenn X segist hafa sett keilur við kantinn en þær hafi verið fjarlægðar án vitneskju þeirra. M vísar til þess að X hafi bætt merkingar eftir tjón hans.

V telur ekki sýnt að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til aðstæðna sem X ber ábyrgð á, kanturinn sem M ók upp á hafi verið þess eðlis að gera hafi mátt kröfu til þeirra ökumanna sem áttu leið um bifreiðastæðið að þeir sæju hann.

**Álit.**

Í málinu eru myndir af vettvangi sem eru lýsandi um aðstæður á vettvangi. Verður ekki af þeim talið sýnt að X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi merkingar en telja verður að kanturinn sé sýnilegum þeim sem aka um bifreiðastæðið með þeirri varúð sem ætlast er til af þeim sem aka um slík svæði. Ber X því ekki ábyrgð á tjóni M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 310/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.**

**Áræktur bifreiða við blindhæð 13. júlí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. september 2015 ásamt gögnum, þ.á.m. lögregluskýrsla málsins og tilvísun til úrskurða nefndarinnar.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að áræktur varð með bifreiðunum A og B á Álftanesvegi við Álftarós í Borgarbyggð. Um er að ræða malarveg og á árækstrarstað er blindhæð. Ökumaður bifreiðar A segist í lögregluskýrslu hafa ekið á um 50 km/klst hraða og þegar hann hafi komið upp á blindhæðina þá hafi bifreið B verið ekið mjög hratt á móti og áræktur orðið. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á um 50-60 km/klst hraða og séð glitta í þak bifreiðar A þegar hann kom að blindhæðinni. Þá kveðst ökumaður bifreiðar B hafa snögghemlað en hjól bifreiðarinnar hafi læsts og síðan orðið áræktur við bifreið A.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árækstrinum. M vísar til þess að bifreið A, sem hann sjálfur ók, hafi verið út í kanti vegar þegar áræktur varð en bifreið B hafi verið inn á miðjum vegi. Það þýði að hann hafi gert viðeigandi ráðstafanir en ekki ökumaður bifreiðar B. M vísar til ljósmynda af vettvangi þar sem staðsetning bifreiðar A er úti í kanti og telur að það hafi verið staðsetning bifreiðarinnar þegar áræktur varð auk þess sem hann vísar til olíubletta á miðjum vegi sem hann telur að hafi komið úr bifreið B.

V telur að endastaða bifreiða við áræktur við aðstæður sem þessar, þ.e. á malarvegi sem hafi ekki eins mikla vegbreidd og aðrir vegir og þar sem eru blindhæðir, skipti ekki höfuðmáli við sakarskiptingu heldur hver aðdragandi árækturs var. V bendir á að báðum bifreiðum hafi verið ekið á um 50 km/klst hraða og gögn málsins sanni ekki að bifreið B hafi verið ekið of langt til vinstri á veginum þegar kom að blindhæðinni frekar en bifreið A. V vísar til fyrirmæla í umferðarlögum, 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga þar sem kemur fram að ökumenn skulu aka eins langt til hægri og hægt er sem og að hafa nægilegt hliðarbil milli bifreiða og telur að hvor ökumanna um sig hafi brotið gegn þeim fyrirmælum sem og að þeir hafi ekið aðeins of hratt m.v. aðstæður.

**Álit.**

Í málinu er upplýst að ökumenn bifreiðanna A og B ók á svipuðum hraða á malarvegi rétt áður en þeir komu að blindhæð á veginum þar sem þeir mættust. Verður við sakarmatið að líta helst til þess hver aðdragandi áræktursins var og verður ekki annað séð en að báðir ökumenn hafi ekið að blindhæðinni með svipuðum hætti. Þó ökumaður B mögulega hafi séð til ferða bifreiðar A rétt áður en ökumaður bifreiðar A sá til ferða bifreiðar B er ljóst að það gerist ekki það löngu fyrir áræktur að máli skipti við sakarmat. Verður ekki talið að viðbrögð hans með því að snögghemla hafi falið í sér meira gáleysi en hemlun ökumanns bifreiðar A. Með hliðsjón af atvikum öllum eru ekki efni til að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn og skiptist hún til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík 24. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 312/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og V-2 vegna hjólreiðamanns.**

**Árekstur á milli reiðhjólamanns og bifreiðar 3.11.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 20.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 4.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4.
3. Bréf V-2 dags. 8.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa verið á leið heim úr vinnu og þegar hann hafi beygt út úr hringtorgi á mótum Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar inn í Skeiðarvog hafi verið þar kona með barnavagn og hafi hann stöðvað og hleypt konunni yfir og síðan ekið af stað og þá hafi reiðhjól skolið á vinstra framhjól A og hjólreiðamaðurinn slengst upp á húdd A, en hjólreiðamaðurinn hafi verið ljóslaus og er það ágreiningslaust. Reiðhjólamaðurinn segist hafa hjólað inn á upphækkunina meðan A var kyrrstæð eftir að konan fór yfir götuna en þá hafi A verið ekið á stað og á sig.

**Álit.**

Tjón reiðhjólamannsins er rakið til notkunar A. Ágreiningur er um hvort skerða skuli bætur til hjólreiðamannsins eða ekki. Þar sem áreksturinn varð er ekki um gangbraut að ræða í skilningi umferðarlaga heldur er þar hraðahindrun. Ökumaður A stöðvaði til að hleypa gangandi vegfaranda yfir götuna og hjólreiðamaðurinn ók þá rakleiðis áleiðis yfir gatnamótin og lenti á A. Reiðhjólamaðurinn á rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A sbr. 1.mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga. Ekki eru efni til að skerða bætur til hjólreiðamannsins á grundvelli 3. mgr. sömu greinar þar sem hann sýndi ekki af sér slíkt gáleysi eða hagaði akstri sínum að öðru leyti með þeim hætti að til slíkrar skerðingar komi. Hjólreiðamaðurinn á því rétt á óskertum bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V

**Niðurstaða.**

Hjólreiðamaður á rétt á óskertum bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 24.9. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 313/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu í Reykjavík þ. 28.8.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 3.9.2015 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-2 dags. 28.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu þegar A og B var ekið á hægri beygjuakrein frá Njarðargötu áleiðis austur Hringbraut. B var ekið á undan A og varð árekstur þegar ökumaður B stöðvaði eða hægði á sér á miðjum gatnamótum og A ók aftan á B. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi stöðvað skyndilega án nokkurrar ástæðu þegar hún var að beygja inn á Hringbraut og hafi rautt ljós logað fyrir gangandi vegfarendur yfir Hringbraut. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja til vinstri og beðið eftir grænu ljósi og þá byrjað að beygja, en séð fótgangandi vegfarendur nálægt og því hægt á ferðinni í varúðarskyni og skömmu síðar hafi A ekið aftan á B.

**Álit.**

Ökumaður bifreiðar A gætti þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðar sinnar og B sem var ekið á undan og braut þar með gegn fyrirmælum 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður bifreiðar B segist hafa hægt á ferð sinni yfir gatnamótin inn á Hringbraut til austurs, en ökumaður bifreiðar A segir ökumann bifreiðar B hafa stöðvað alveg. Ágreiningur er í málinu hvað þetta varðar. Ökumaður B segir ástæðu þess að hún hægði á ferð B og/eða stoppaði hafi verið vegna þess að gangandi vegfarendur voru nálægt, en slík varúð felur ekki í sér eitthvað sem er óviðkomandi umferð og ekki nægilega sýnt fram á að svo hafi verið. Hallann af sönnunarskorti um að ökumaður bifreiðar B hafi stöðvað af tilefnislausu ber ökumaður bifreiðar A. Ber ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 22.9.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 314/2015****M og  
vátryggingafélagið V v/ annars vegar vatnstjónstryggingarliðs fasteignartryggingar og hins  
vegar ábyrgðartryggingar orkuveitu (B).****Ágreiningur um bótaskyldu er tjón varð á útvegg húseignar af völdum leka frá vatnslögn.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.8.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í júní 2015 mun vatnsleki hafa gert vart við sig í kjallarageymslu í húseign M að A á Akureyri. Í júlí s.á. skipti B um kalda- og heitavatnslögn, en í ljós kom leki á lögn úti við inntakið og skemmdir höfðu orðið á útvegg A. Þá kveður M að um vorið hafi verið skipt um vatnsinntak í næstu íbúð við hliðina, samfastri að því er virðist, og þá hafi jarðvegur í kringum þá íbúð og yfir að A orðið gegnsósa í vatni. Ljóst sé að við það hafi vatn farið niður í kjallarageymsluna í A.

A hefur krafist bóta úr vatnstjónstryggingarlið fasteignartryggingar sinnar hjá V, svo og úr ábyrgðartryggingu B sem einnig er hjá V. V telur tjónið hvorki bótaskyldt úr fasteignartryggingunni né ábyrgðartryggingu B og hefur því hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 9.1.1 í skilmálum fasteignartryggingar þeirrar sem M hefur í gildi hjá V bætir vátryggingin tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Í gr. 9.1.7 er bótasvið vátryggingarinnar nánar afmarkað en þar segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. Ljóst er að tjón á húsveggnum má rekja til leka frá vatnsleiðslu fyrir utan húsið. Eins og bótasvið vátryggingarinnar er afmarkað í skilmálunum fellur tjón sem er að rekja til leka úr leiðslum utan hússins ekki undir vátrygginguna. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr fasteignartryggingunni.

Af gögnum málsins má ráða að B sé orkuveitufyrirtæki sem selur M heitt og kalt vatn til notkunar í A. Engra gagna nýtur við um orsakir þess að umrædd leiðsla fór að leka. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem sýnir fram á að lekinn hafi orðið af völdum saknæmrar háttsemi starfsmanna B eða skemmdir á húsveggnum megi að öðru leyti rekja til atvika sem B ber ábyrgð á. Tjón M fæst því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki úr vatnstjónstryggingarlið fasteignartryggingar hans né heldur úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 315/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna húftryggingar fiskiskipa (yfir 100 bt).**  
**Atvik þegar sjór fór inn á gír aðalvélar skipsins H 25. mars 2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. september 2015 ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. yfirlýsingu dags. 10. júní 2014 og ódagsett samantekt G.
3. Tölvupóstur M dags. 24. september 2015 ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. tölvupóstsamskiptum við Ú.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M gerir kröfu um bætur úr húftryggingu skips hjá V vegna tjónsatviks sem hann kveður hafa átt sér stað 25. mars 2010 þegar sjór fór inn á gír í aðalvél H, sem er skip í eigu M. Í gögnum málsins kemur fram að þegar þetta gerðist hafi gírinn verið „skolaður út með olíu líkt og hefðbundið er þegar að sjór kemst inn í hann.“ Ekki virðist vera ágreiningur um að það hafi verið gert með þeim hætti.

Af hálfu M er aðallega byggt á því að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að ekki hafi verið „rétt með farið í kjölfar tjónsins“ og vísar til þess að starfsmaður V hafi gefið ráðleggingar sem leitt hafi til skemmda á vélinni, þ.e. að sú aðferð sem notuð hafi verið til þess að bæta tjón M á árinu 2010 hafi í raun leitt til meira tjóns. Máli sínu til stuðnings vísar M til álits nokkurra aðila á því hvað rétt sé að gera þegar sjór fer inn á gír aðalvélar skips auk lýsinga vélstjóra, vélfræðings og skipstjóra á umræddu skipi um ástand þess og hvað hefði átt að gera. Einnig vísar M til álits umbósaðila sambærilegra véla og eru um borð í H. Efni þessara yfirlýsinga verður ekki rakið ítarlega hér en af þeim má þó ráða að það sem gert var á árinu 2010 hafi ekki verið fullnægjandi m.v. að sjór hafi farið inn á gír og vél skipsins.

V vísar hins vegar til og leggur fram álit vélfræðings, sbr. ódagsett samantekt, þar sem hann leggur mat á álit þeirra sem M vísar til. Niðurstaða hans er sú að hann „...treystir sé ekki til þess að kveða upp úr með það hvort þetta vandræðaástand er vegna sjávar sem komist hefur inn á gír, hvort þetta eru afleiðingar þess þegar þeir fengu í skrúfunu og voru dregnir til hafnar eða hvort þetta er vegna eðlilegrar elli...“ Með hliðsjón af því telur V ósannað að M hafi orðið fyrir frekari tjóni en bætt hefur verið vegna atviksins 25. mars 2010.

**Álit.**

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort sannað sé að tjón vegna tjónsatviks sem varð þann 25. mars 2010 sé fullbætt af hálfu V eða ekki. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 úrskurðar nefndin eingöngu um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. V hefur ekki mótmælt því sérstaklega að nefndin fjalli um málið í athugasemdum sínum og verður að telja að það til samþykkis í raun um að ágreiningurinn hljóti efnislega umfjöllun. Ekki er hægt að líta framhjá því að sönnunarbyrði um frekara tjón liggur hjá þeim sem heldur slíku fram. Þegar gögn málsins eru metin í heild verður ekki séð að það sé með óyggjandi hætti hægt að fullyrða, þetta löngu eftir tjónsatvikið, að aðferð við viðgerð á árinu 2010 hafi leitt til frekara tjóns fyrir M, sérstaklega þegar litið er til álits vélfræðings sem V leggur fram samantekt um. Hallann af sönnunarskorti um það ber M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum úr húftryggingu skips hjá V.

Reykjavík 20. október 2015.  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 317/2015****M og****vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við gatnamót Staðarbakkavegar og Lambeyjarvegur 24. júlí 2015.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 4. september 2015 ásamt gögnum, þ.á.m. vegaskrá Vegagerðarinnar.
3. Tölvupóstur V1 dags. 16. september 2015.
4. Tölvupóstur ökumanns bifreiðar A dags. 19. september 2015 ásamt fylgigögnum, m.a. tölvupóstsamskiptum hennar við Vegagerðina og myndir af vettvangi.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B við gatnamót svokallaðs Staðarbakkavegar og Lambeyjarvegur. Bifreið B var ekið austur Staðarbakkaveg og til vinstri inn á Lambeyjarveg en bifreið A var ekið suður Lambeyjarveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram suður veginn framhjá Staðarbakkavegi. Engin umferðarmerki eru við gatnamótin.

M telur að umferð um Lambeyjarveg eigi forgang gagnvart Staðarbakkavegi og vísar til 2. (3.) mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem komi fram að ökumaður sem ætli að aka út á veg frá heimreið eða svipuðum vegi eigi að veita umferð um veginn forgang. Það hafi ökumaður bifreiðar B ekki gert og hafi auk þess brotið gegn 15. gr. umferðarlaga með því að taka of þrönga beygju til vinstri og ekið of hratt m.v. aðstæður. M styður sjónarmið sín um að Lambeyjarvegur sé rétt hærrí en Staðarbakkavegur við að hinn síðarnefndi sé einungis til aksturs að tveimur bæjum og skv. upplýsingum frá Vegagerðinni sé Staðarbakkavegur ekki héraðsvegur eins og Lambeyjarvegur. Það sé því ljóst að Staðarbakkavegur sé einkavegur að þessum tveimur bæjum og verði umferðarlög ekki skýrð öðruvísi en skv. orðanna hljóðan og skv. almennri málvenju. V1 tekur undir sjónarmið M um að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum.

V2 telur með hliðsjón af 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 og vegaskrá Vegagerðarinnar komi fram að báðir vegir séu héraðsvegir og séu þeir því jafnsettir. Því gildi háttæmisregla 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga um forgang frá hægri um aðstæður á vettvangi. Það hafi því verið ökumanns bifreiðar A að veita bifreið B forgang um gatnamótin.

**Álit.**

Í málinu eru myndir sem eru nokkuð lýsandi um aðstæður á vettvangi. Af vegaskrá og álitum Vegagerðarinnar verður ekki ráðið með fullri vissu um hvort báðir vegir séu héraðsvegir skv. vegaskrá eða ekki. Ágreiningur snýr fyrst og fremst að því hvort beita eigi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga um heimreiðar og svipaða vegi um Staðarbakkaveg. Verður að telja að skýra verði umrætt ákvæði sjálfstætt. Í Hrd. 410/2004 reynir á túlkun ákvæðisins en þar var malarvegurinn Þrándarstaðavegur, sem lá að samnefndum bæ og húsum sem byggð höfðu verið á jörðinni, talinn til „svipaðs vegar“ í skilningi umrædds ákvæðis gagnvart Borgarfjarðarvegi sem var lagður bundnu slitlagi með tvær akreinar í hvora átt. Þegar myndir af vettvangi í þessu máli eru skoðaðar verður ekki talið að aðstæður séu eins afgerandi. Um er að ræða gatnamót tveggja svipaðra malarvega og ekki verður talið unnt að túlka Staðarbakkaveg sem heimreið eða svipaðan veg gagnvart vegi er sem það líkur honum og Lambeyjarvegur er. Ökumanni bifreiðar A bar því að veita bifreið B forgang vegna hægri réttar í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og ber því sök á árekstrinum að hluta. Þrátt fyrir það verður meginhluti sakar talin liggja hjá ökumanni bifreiðar B

vegna staðsetningar bifreiðar hans á veginum og of þrönga vinstri beygju gegn fyrirmælum 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 318/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.**

**Bifreið beygði í veg fyrir hjólreiðamann þ. 7.9.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.27.8.2015.
2. Lögregluskýrsla dags. 8.9.2014.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið Eiðsgranda, en á undan voru tveir hjólreiðamenn að hjóla í sömu átt. Ökumaður A ók fram úr hjólreiðamönnunum og tók síðan hægri beygju inn á Öldugranda og lenti þá annar hjólreiðamaðurinn í hægri hlið A. Ökumaður A sagðist hafa gefið stefnumerki en tekið frekar seint eftir hjólreiðamönnunum og þeir hafi verið með blikkandi ljós að framan en engin ljós að aftan. Hjólreiðamaðurinn AP segir að A hafi verið ekið framúr honum og síðan beygt í hægri beygju í veg fyrir hann og telur hjólreiðamaðurinn að ökumaður hljóti að hafa misreiknað hraða hjólanna fyrst hann beygði svo skyndilega í veg fyrir hann. Hjólreiðamaður sem hjólaði á eftir AP lýsir atvikum með sama hætti og AP. Annað vitni sem ók eftir Eiðsgranda lýsir atvikum einnig með sama hætti og AP.

**Álit.**

Ökumaður A beygði til hægri á akbraut skömmu eftir að hann ók fram úr hjólreiðamanninum AP sem lenti í hlið A, en ökumaður A gætti ekki að umferð fyrir aftan sig og ber því alla sök þar sem tjónið verður rakið til notkunar A og ekki hefur verið sýnt fram á að hjólreiðamaðurinn AP hafi sýnt af sér gáleysi.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 319/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur bifreiða á bifreiðastæði Hagkaupa við Garðatorg 15.9.2014**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 27.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 27.8.2015.
3. Bréf V-2 dags. 9.9.2015.
4. Bréf Margrétar Önnu Einarsdóttur hdl. dags. 17.9.2015.

**Málsatvik.**

Árekstur bifreiða varð á bifreiðastæði Hagkaupa við Garðatorg í Garðabæ. Ökumaður A segist hafa verið búinn að bakka úr bifreiðastæði þegar B sem hafi verið lagt ólöglega hafi verið bakkað á A. Ökumaður B segir að B hafi verið kyrrstæð þegar A hafi verið bakkað á B.

**Álit.**

Á framhlið tjónstilkynningar kemur fram að báðar bifreiðarnar hafi á ferð þegar áreksturinn varð, en merkingar þar benda ekki til að önnur hafi verið kyrrstæð, sbr. að merkt er við tl. 4 fyrir A þ.e. „ók út frá bílastæði” o.s.frv. og fyrir B er merkt við tl. 2 „ók úr kyrrstöðu frá gangstétt” og tl. 14 „ók aftur á bak” Framburðir hvors ökumanns um sig að hvor bifreið um sig hafi verið kyrrstæð fær því ekki stöð í gögnum málsins. Af gögnum málsins verður því ekki annað ráðið en að báðir ökumenn hafi átt að gæta varúðar þegar þeir óku aftur á bak, sbr. fyriræmi 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og bera þeir báðir sök á árekstrinum. Ekki eru efni til að leggja meiri sök á annan umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 320/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar X.**

**Tjón á bifreið vegna foks á hluta bílskúrhurðar 25. janúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. september 2015 ásamt gögnum, lögregluskýrslu dags. 30. janúar 2015, greinargerð frá X, höfnunarbréfi V dags. 11. júní 2015 og vátryggingarskilmálum.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að M tilkynnti um tjón á bifreið sinni þann 25. janúar 2015 þar sem hluti bílskúrhurðar hafði fokið í miklu hvasuviðri á bifreiðina. Í gögnum málsins kemur fram að bílskúririnn er í eigu X og í skýrslu hennar kemur fram að hún hafi ekki gert sér grein fyrir ástandi klæðningar á hurð en vitað að læsing á hurð væri orðin léleg.

M telur að X eigi að bera ábyrgð á tjóni á bifreið hennar vegna vanrækslu á viðhaldi bílskúrhurðar sem leiddi til tjónsins.

V telur ósannað að X hafi vanrækt viðhald á bílskúrhurðinni þar sem ekki liggi fyrir gögn um ástand hennar áður en tjónið varð og að tjónið verði frekar rakið til þess mikla hvasuviðris sem var þennan dag.

**Álit.**

Gildissvið ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar er að hún bætir tjón sem fasteignareigendur bera skaðabótaábyrgð á. Það þýðir að skilyrði skaðabótaréttar þurfa að vera uppfyllt til þess að tjón fái bætt. Almennt mundi X bera skaðabótaábyrgð ef sýnt er að hún hafi sýnt gáleysi við viðhald fasteignar sinnar eða vitað eða mátt vita af tjónshættu vegna ástands hennar og átt að gera sérstakar ráðstafanir m.v. veður sem var. Sönnunarbyrði um þessar aðstæður ber sá sem gerir skaðabótakröfuna, þ.e. í þessu tilviki M. Í gögnum málsins er staðfest að mjög hvasst hafi verið þegar lögregla kom á vettvang. Þó hluti hurðar hafi fokið í þetta skipti verður ekki ráðið með vissu af framlögðum gögnum að það hafi gerst vegna vanrækslu á viðhaldi eða öðrum atvikum sem X getur borið skaðabótaábyrgð á. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík 24. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 321/2015****M og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar markaðsleyfishafa lyfs.****Ágreiningur um hvort lyf hafi verið haldi ágalla í skilningu laga um skaðsemisábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 31.8.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að morgni 4. janúar 2014 leitaði M á Læknavaktina vegna gruns um þvagfærasýkingu. Var henni ávísað lyfinu Ciprofloxacín Portfarma (lyfið), 500 mg, og skyldi hún taka eina töflu að morgni og eina að kvöldi. Hún tók eina töflu þegar um morguninn og lagðist til svefns og svaf að mestu það sem eftir lifði dagsins. Er hún vaknaði um sex tímum eftir töku lyfsins og steig í hægri fót missti hún jafnvægið. Þurfti hún að einbeita sér við göngu en samt mun fóturinn hafa farið í yfirréttu um hnéd og dofi var meira og minna í öllum fótleggnum. Tók M aðra töflu af lyfinu um kvöldið eins og fyrirmæli sögðu til um. Henni leist þó ekki á blikuna og leitaði um kvöldið á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss.

Á sjúkrahúsinu gekkst M undir ýmsar læknisrannsóknir, svo sem hjá sérfræðingum í gigtar-, tauga- og hjartalækningum. Þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir greindust ekki afmörkuð sjúkdómseinkenni né heldur var unnt að segja til um hver væri orsök þeirra sjúkdómseinkenna sem hún fann fyrir.

Nafngreindur heila- og taugaskurðlæknir (L) hefur ritað álitssgerð (læknisvottorð), dags. 27. júlí 2015, um heilsufar M og mögulegar orsakir þeirra sjúkdómseinkenna sem hún býr við. Í samantektarkafli álitssgerðarinnar kemur fram að M hafi orðið fyrir varanlegum skaða í úttaugakerfi og einkenni frá hjarta og meltingarvegi séu enn þá til staðar meira en ári eftir upphaf einkenna. Einkenni hafi komið fram eftir töku einnar töflu af lyfinu og hafi M leitað samdægurs til læknis og skoðun taugasjúkdómalæknis degi síðar hafi staðfest minnkaðan vöðvakraft og breytt húðskyn í hægri fæti, mest við hnéd. Komið hafi fram einkenni með þyngslum fyrir brjósti, köfnunartilfinningu og þróttleysi sem í heild hafi farið vaxandi og versni við álag sem skerði mjög starfsgetu hennar. Ekki sé nauðsynlegt að staðsetja hvar skaðinn hafi orðið. Ekkert komi fram sem rýri sögu M, en þó sé lítið af rannsóknar- eða mælinganiðurstöðum sem beinlínis sanni hennar mál. Þetta sé samhljóða við flest þau tilfelli sem lýst er í tímaritum.

Markaðsleyfishafi lyfsins hér á landi, þ.e. sá aðili sem hefur leyfi til að flytja lyfið inn til landsins og selja það eða afhenda, sbr. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, er Portfarma ehf. (A). M kveður upplýsingar á fylgiseðli lyfsins hafi ekki verið réttar og hafi A mátt vita að svo væri. Lyfið hafi því verið haldið ágalla í skilningi 1. tölul. 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og tjón það sem hún varð fyrir verði rakið til þessa ágalla. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Af gögnum málsins er erfitt að átta sig á hvert það líkamstjón sé sem megi rekja til þess að M neytti lyfsins hinn 4. janúar 2014 að öðru leyti en því að hún kunni að hafa orðið fyrir varanlegum skaða í úttaugakerfi, eins og vikið er að í fyrrgreindri álitssgerð L. Samkvæmt 1. tölul. 5. gr. laga nr. 25/1991 telst vara haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, svo sem hvernig hún var boðin og kynnt.

Samkvæmt 36. gr. reglugerðar nr. 141/2011, um markaðsleyfi sérlyfja, merkingar þeirra og fylgiseðla, skal tilgreina á fylgiseðli lyfs aukaverkanir, sem geta komið fram við venjulega notkun lyfsins og upplýsingar um viðeigandi viðbrögð. Á fyrirbyggjandi fylgiseðli með lyfi því sem M tók umrætt sinn eru talin upp fjölmörg tilvik aukaverkana sem geta komið upp við notkun þess. eru aukaverkanirnar flokkaðar sem algengar, sjaldgæfar, mjög sjaldgæfar, aukaverkanir sem koma

örsjaldan fyrir og loks þar sem tíðni er ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Í síðastgreinda floknum, tíðni ekki þekkt, eru m.a. nefnd vandamál tengd taugakerfi eins og verkur, sviði, náladofi, doði og/eða máttleysi í útlimum. Samkvæmt þessu og eins og fylgiseðillinn er að öðru leyti úr garði gerður verður ekki annað ráðið en hann sé í samræmi við ákvæði 36. gr. reglugerðar nr. 141/2011. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem þar koma fram hefur M mátt gera sér grein fyrir því að lyfið gæti haft í för með sér aukaverkanir sem lýstu sér í vandamálum tengdum taugakerfi eins og máttleysi í útlimum. Í þessu sambandi getur ekki skipt máli þótt ekki hafi berum orðum verið getið um skaða á úttaugakerfi í fylgiseðlinum. Að öllu virtu telst ósannað samkvæmt gögnum málsins að heilsutjón M megi rekja til þess að lyfið hafi verið haldið ágalla í skilningi 5. gr. laga nr. 25/1994. Þá telst enn fremur ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna A eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. Samkvæmt þessu telst A ekki bera ábyrgð á því tjóni sem M kveðst hafa orðið fyrir við inntöku lyfsins. Hún á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 322/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega**

**Maður meiddist við störf sín þegar hann reyndi að grípa plötu sem féll úr lofti þ. 9.3.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 8.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

M segir í skýrslu sinni að hann hafi unnið við að losa niður „dokaplötur“ úr lofti nýbyggingar og hafi ein plata fallið skyndilega niður og M reynt að grípa hana, en við það hafi komið slinkur á vinstri hönd M og hann fundið að eitthvað gaf sig og heyrt smell. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega hjá V og bendir á að sin hafi slitnað við framanverðan upphandleggsvöðva og það sé afleiðing skyndilegs óvænts átaks og segir M að áverkinn sé ekki kominn til vegna innra ástands líkama hans heldur sé um áverka að ræða sem var valdið af utanaðkomandi atburði. M heldur því fram að þannig liggja fyrir að um slys hafi verið að ræða í skilningi vátryggingaskilmála. V hafnar bótaskyldu og telur að áverki M verði ekki rakið til slyss og vísar til skilgreiningar í vátryggingaskilmálum grein 1.2. V segir að áverki M verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar heldur sé um innri meiðsl að ræða.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um þau málsatvik að M hafi verið að teygja sig eftir „dokaplötu“ þegar hann varð fyrir þeim áverka sem hér ræðir um. Platan féll ekki á M og því er ekki haldið fram að nokkur snerting hafi verið á milli M og plötunnar sem féll úr loftinu. M varð fyrir áverkanum þegar hann teygði út höndina, en ekki er sýnt fram á að áverkinn hafi orðið vegna utanaðkomandi atburðar og ekki betur séð, en að áverkinn komi til vegna innri veikleika í líkama M eða rangrar beitingar M hendinni. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V

Reykjavík 24.9. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 324/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. starfstryggingar.**

**Ágreiningur um hvort greiða skuli fullar bætur vegna missis starfsorku þ. 17.10.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-54
2. Bréf V dags. 2.2.2015

**Málsatvik.**

M greindist með krabbamein og gekkst undir skurðaðgerð 25.10.2012 og lauk síðan lyfjameðferð 14.3.2013. M, sem starfaði sem tannlæknir, segir að vegna veikindanna hafi hún ekki getað sinnt starfi sínu frá því að hún greindist með krabbamein í október 2012. V, sem er ekki með starfsleyfi sem vátryggingafélag á Íslandi, hefur samþykkt að úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum úrskurði í máli þessu.

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort greiða skuli M fullar bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku eða hvort þær skuli skertar um 25% þar sem V heldur því fram að M hafi ákveðna vinnufærni og starfi á tannlæknastofu þó hún starfi ekki sem tannlæknir eftir að hún greindist með krabbamein. M sættir sig ekki við það og krefst óskertra bóta og segir að ekki sé að finna heimild í vátryggingarsamningi aðila um skerða bætur ef tjónþoli er metin óvinnufær. V hefur gert tilboð um greiðslu skertra bóta eins og að framan greinir og vísar til þess að M vinni sem aðstoðarmaður á tannlæknastofu og að virtum öllum málavöxtum og gögnum telur V slíka greiðslu fullnægjandi miðað við vátryggingarskilmála.

**Álit.**

M greindist með krabbamein í október 2012 og hefur ekki getað unnið við starf sitt sem tannlæknir síðan. Samkvæmt læknaþréfum og öðrum umsögnum sem fyrir liggja um heilsufar M er ljóst að V hefur ekki getað sinnt starfi sínu sem tannlæknir frá því að hún greindist með krabbamein. Ágreiningur í málinu snýst um það hvort M skuli fá greiddar óskertar bætur eða hvort V er heimilt að skerða bætur til hennar um 25%. Af gögnum málsins hefur M fært fullnægjandi rök og lagt fram gögn sem sýna að hún eigi rétt á fullum bótum úr starfsorkutryggingu sinni hjá V, en tveir læknar hafa hvor í sinni matsgerð (dags. 13. mars 2014 og 28. október 2014) komist að þeirri niðurstöðu að M sé ófær til frambúðar til að starfa sem tannlæknir vegna veikinda sinna. Störf hennar sem tannlæknir eru hennar „venjulega atvinna“, sbr. orðalag í gr. 2.2 og 2.4 í vátryggingaskilmálum. Engin gögn eða haldbær sjónarmið hafa verið sett fram af V sem réttlæta skerðingu bóta til M vegna vátryggingarsamnings þess sem hún gerði við V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr starfsorkutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 1.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 326/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðarinnar A.****Ágreiningur um hvort mól hafi fokið af palli vörubifreiðar og valdið tjóni á annarri bifreið.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 2.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf V, dags. 18.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að morgni 10. júlí 2015 var A ekið vestur Suðurlandsveg á milli Selfoss og Hveragerðis. Bifreið, B, í eigu M var ekið á eftir A.

M kveður mól hafa fokið af palli A og yfir B og valdið skemmdum á lakki A þannig að sjáist á húddi, frambrettum og stuðara auk sprungu í rúðu.

Ökumaður B kveður mól hafa verið á hluta pallsins sem hafi ekki náð upp fyrir skjólborð pallsins. Hann kannast ekki við að mól hafi fokið af pallinum umrætt sinn.

**Álit.**

Engin gögn liggja fyrir um skemmdir þær sem M kveður að hafi orðið á B og hvort ætla megi að það geti átt við rök að styðjast að skemmdirnar á B hafi orðið af völdum malarinnar sem var á palli A. Gegn andmælum ökumanns A og eins málið liggur fyrir að öðru leyti verður að telja ósannað að skemmdir á B hafi orðið af völdum A. Tjón á B fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón á bifreið M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 327/2015**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins A**  
**og vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins B.**

**Árekstur við gatnamót Eyrarvegur og Hvannavalla 28. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 10. september 2015.
3. Bréf V1 dags. 15. september 2015.

**Málsatvik.**

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna, sem báðir undirrita, kemur fram að báðir ökumenn merkja við að þeir hafi verið að beygja til hægri. Af teikningu á sömu tjónstilkynningu verður hins vegar ráðið að ökumaður bifreiðar B hafi ekið til vinstri af Eyrarvegi áleiðis inn á Hvannavelli, en hann merkir einnig við að hann hafi farið yfir á öfugan vegarhelming. Í nánari lýsingu ökumanns B á bakhlið tjónstilkynningar kemur fram að hann hafi „...tekið beygjuna aðeins of snemma...“ og þegar hann sá bifreið A hafi hvorugur ökumanna getað stöðvað vegna hálfu. Ökumaður bifreiðar A, sem er jafnframt málskotsaðili í máli þessu, ók Eyrarveg áleiðis inn á Hvannavelli og segir á bakhlið sinnar tjónstilkynningar að bifreið B hafi tekið beygju of fljótt og ekið framan á bifreið A. Af gögnum málsins má almennt ráða að almennt umferðarréttur sé á vettvangi, þ.e. að umferð um Eyrarveg beri að víkja fyrir umferð um Hvannavelli, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum fyrir að fara inn á öfugan vegarhelming. M segist heldur ekki hafa verið kominn inn á Hvannavelli þegar árekstur varð heldur hafi hann verið við gatnamótin og hafi ekki ekið glæfralega.

V1 tekur undir sjónarmið M og vísar til þess að hann hafi, sem ökumaður bifreiðar A, verið á litlum hraða eða 15 km/klst og hafi leiðir ökumanna ekki átt að þurfa að skerast þar sem fyrirhuguð akstursleið þeirra hafi verið þannig að þeir hefðu frekar átt að mætast. Einnig vísar V til þess að M hafi ekið eins nálægt hægri vegarkanti og honum var unnt.

V2 telur að ljóst sé að ökumaður bifreiðar B hafi tekið of þrönga vinstri beygju og þannig brotið gegn 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Félagið telur auk þess að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi ekki gætt nægilega að umferð frá hægri í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og telur að leggja eigi hluta sakar á M vegna þess. V2 vísar til nokkurra fyrri úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings og telur með vísan til þeirra að almennt eigi að skipt sök þannig við árekstur á gatnamótum að sá sem taki of þrönga vinstri beygju beri meginhluta sakar en þriðjungur sakar lendi á ökumanni sem hefði átt að veita umferð forgang.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu snýr fyrst og fremst að því hvort M, sem ökumaður bifreiðar A, eigi að bera sök á árekstri við bifreið B þar sem ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð frá hægri forgang í samræmi við fyrirmæli 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Þess ber fyrst að geta að það verður að skoða aðstæður og gögn í hverju máli sérstaklega. Þegar hér er litið til mynda af vettvangi ásamt lýsingum beggja ökumanna í gögnum málsins verður að ætla að leiðir ökumanna hafi ekki átt að skerast. Ökumaður bifreiðar B ók út af Hvannavöllum á öfugum vegarhelmingi áleiðis inn á Eyrarveg en ökumaður bifreiðar A ætlaði að aka til hægri inn Hvannavelli. Með vísan til sömu gagna verður ekki talið sannað að ökumaður bifreiðar A hafi verið í þeirri stöðu að þurfa að veita umferð um Hvannavelli forgang þar sem gert er ráð fyrir því við gatnamótin að bifreiðar geti náð að mætast í beygjuni. Verður ákvæði 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga því ekki talið hafa sambærileg

áhrif og í öðrum málum nefndarinnar. Ekki þykir nægilega sannað að ökumaður bifreiðar A (M) hafi ekið óvarlega í greint sinn og verður hann því ekki talinn bera hluta sakar á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík 27. október 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 328/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

**Vinnuslys við kjötskurð í verslun 9. desember 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. september 2015 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Lýsingar á tjónsatviki fela í sér að M hafi verið að saga kjöt í þar til gerðri vél á vinnustað sínum þegar kjötbiti rann til með þeim afleiðingum að M fór með fingur í kjötsögina og slasaðist. Í málinu liggja fyrir myndir af umræddri vél og upplýsingar um að hún hafi verið búin svo nefndri CE-merkingu.

M telur að slys hans megi rekja til þess að ekki hafi verið öryggishlífar á þeirri vél sem hann þurfti að nota til að saga kjöt, annars vegar hafi ekki verið svokallað „land“ á söginni og hins vegar hafi ekki verið öryggishlíf fyrir sagarblaðið „að ofan“. M vísar til þess að X hafi ekki tilkynnt um slysið eins og var skylt að gera skv. 79. gr. laga nr. 79/1980 og verði X að bera hallann af sönnunarskorti um aðstæður á vettvangi þess vegna m.t.t. sjónarmiða sem komi fram í Hrd. 1997, bls. 3649. M vísar einnig til 13., 37., 42. og 46. gr. umræddra laga varðandi skyldur vinnuveitanda gagnvart öruggu vinnuumhverfi sem og reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 þar sem komi fram í 2. lið I. viðauka almennar lágmarkskröfur um öryggisbúnað á vélum sem hafi tækjahluta á hreyfingu og hætta sé á viðkomu. Einnig er vísað til reglna nr. 492/1997 um öryggisbúnað véla, t.d. c. lið gr. 4.3 í þeim reglum þar sem sérstaka áherslu skuli leggja á að vél sé þannig búin að starfsmenn komist ekki óviljandi í snertingu við hættulega hluti á hreyfingu. M telur að X hafi brotið gegn umræddum fyrirmælum með því að haga vinnutilhögun þannig að vél sem M þurfti að nota hafi ekki verið búin öryggisbúnaði, né tryggt að hann notaði „land“ til að tryggja stöðugleika kjötbitanna sem hann var að skera. Einnig bendir M á að hann hafi verið nýkominn til starfa í verslun X og hafi því enn verið í þjálfun þegar hann slasaðist.

V telur, með vísan til gagna sem lögð voru fram um kjötsögunarvél X, að ósannað sé að útbúnaður vélarinnar hafi verið ófullnægjandi. Ekki sé gert ráð fyrir öryggishlífum við sagarblað né heldur hafi „land“ hentað við að saga þá kjötbita sem M var að saga í greint sinn. Einnig vísar V til þess að M sé vanur kjötiðnaðarmaður og hafi stjórnað verkinu sjálfur. V telur því ekki sýnt að brotið hafi verið gegn þeim reglum sem M vísar til í málskoti sínu.

**Álit.**

Við mat á því hvort X hafi brotið gegn þeim reglum sem M vísar til í málskoti verður að líta til þeirra upplýsinga sem koma fram í gögnum málsins, þ.á.m. upplýsinga um gerð og útbúnað þeirrar vélar sem M notaði við kjötskurðinn. Þau gögn sýna að útbúnaður vélarinnar var óbreyttur frá sölu hennar að notkun. Verður að telja ljóst að við kjötskurð verður kjöt að komast að skurðarblaði til þess að hægt sé að saga það í sundur og mundi sérstök öryggishlíf á sagarblaðinu koma í veg fyrir slíkan skurð og notkun vélarinnar sem slíkrar. Við mat á því hvort hægt hefði verið að nota „land“ til þess að halda kjötbitum stöðugum verður að líta til þess að ósannað er hvort hægt það hefði verið hægt að nota það til þess skurðar sem M framkvæmdi. Ekki telst því fyllilega sannað að slys M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 329/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar.**

**Árekstur bifreiðar og reiðhjóls þ. 6.7.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 4.9.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 29.9.2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð milli reiðhjóls og bifreiðar á Suðurhlíð í Reykjavík. Aðila greinir á um málsatvik. Ökumaður bifreiðarinnar A segist hafa ekið hægt og verið kominn langleiðina í vinstri beygju þegar reiðhjólinu var ekið á vinstra framhorn A. M sem ók reiðhjóli segist hafa verið á leið niður Suðurhlíðina á töluverðum hraða og hafi hann séð bíl lagt í hægri kanti Suðurhlíðar rétt við Sléttuveg og hafi þá A verið ekið hægt út á götuna og haldið síðan áfram þangað til A var þversum á veginum og hafi hann þá skolið á hlið A.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en M hafi ætlað að aka fram úr A á gatnamótum, en það er óheimilt sbr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ber hann því sök á árekstri við bifreiðina A og greiðast bætur úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M. Ökumaður A gætti hins vegar ekki nægjanlega vel að umferð fyrir aftan sig þegar hann beygði til vinstri á gatnamótunum, sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga og ber því þriðjung tjóns síns sjálfur. Ekki koma fram nægilega skýr gögn sem styðja framburð hjólreiðamanns um að ökumaður bifreiðar hafi ekið úr kyrrstöðu frá hægri kanti í veg fyrir hjólið.

**Niðurstaða.**

M ber sök á tjóni á bifreiðinni A að 2/3 hlutum en ökumaður A ber 1/3 tjónsins.

Reykjavík 27.10. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 330/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.**

**Slys þegar ferðamaður datt af hestbaki 19.7.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.9.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 7.9.2015.

**Málsatvik.**

M var ferðamaður í hestaferð með leiðsögumanni ásamt fleirum á vegum hestaleigu. Bifreiðinni A var ekið til móts við hópinn og segir í málskoti að við það hafi hestarnir fælst og M dottið af baki og slasast. M krefst bóta og telur að ökumaður A hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við aksturinn. Í lögregluskýrslu segir að M og félagar hafi riðið eftir veginum þegar flutningabíll kom á móti þeim og telja knaparnir að hestarnir hafi fælst við það að mæta bílnum og fært sig af veginum niður vegöxlina á reiðstíginn. M var óvanur hestamaður og féll af baki hestsins þegar hann fór niður vegöxlina. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hennar verði rakið til notkunar A sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V bendir á að engin formleg skýrsla hafi verið tekin af ökumanni, M eða félögum hennar þar sem þau hafi verið áminnt um sannsögli að viðlagðri refsíabyrgð. Þá segir V að engin gögn séu til staðar sem sanni orsakatengsl milli notkunar A og slyssins.

**Álit.**

Ekki liggja fyrir ótvíræð sönnunargögn sem sýna fram á að hestar hafi fælst í umrætt sinn. Þá liggja heldur ekki fyrir ótvíræð sönnunargögn sem sýna fram á orsakatengsl notkunar A og þess að M datt af baki og meiddist. Ekki er því sýnt fram á að M hafi dottið af baki vegna notkunar A í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 27.10. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 331/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu (B).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er miðstöðvarlögn gaf sig í íbúðarhúsi.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 18.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 7. apríl 2015 varð tjón í húseign M við A á Selfossi, er gat kom á miðstöðvarlögn í miðju íbúðarrými eignarinnar. Áður en lögnin gaf sig munu starfsmenn á vegum B hafa lokað fyrir heitt vatn í A í um 25 mínútur vegna framkvæmda. Miðstöðvarlögnin mun hafa gefið sig í kjölfar þess að vatni var hleypt á að nýju. M kveðst ekki hafa verið látin vita, hvorki þegar lokað var fyrir vatnið né heldur þegar opnað var fyrir það aftur.

B hefur í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá V og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni vegna þess tjóns sem varð á eigninni. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Húseignin var skoðuð af hálfu V. Við þá skoðun mun hafa komið í ljós að vatnsrör það, sem gaf sig, hafi verið um 40 ára gamalt og illa farið. Af fyrirbyggjandi ljósmynd af rörinu má sjá tiltölulega lítið hringlaga gat og að rörið er alsett ryði að utanverðu. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins að starfsmönnum B hafi orðið á mistök í aðdraganda þess að lokað var fyrir vatn í götunni eða þegar vatni var hleypt á aftur að viðgerð lokinni. Er því ósannað að B beri ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 332/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á innbúi í geymslu vegna framkvæmda verktaka við fjölbýlishús.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 16. september 2015, ásamt útboðslýsingu Verkís frá júní 2012.

**Málsatvik.**

Í málskoti er atvikum málsins þannig lýst að M hafi átt íbúð í fjölbýlishúsi og hafi verið ákveðið að fara í umtalsverðar utanhússviðgerðir á húsinu. Hluti af því sem hafi verið gert felist í að skipt hafi verið um glugga í geymslu sem tilheyrir íbúð M í fjölbýlishúsinu. M hafi notað geymsluna til að geyma nokkurn hluta innbús síns vegna búsetu erlendis en leigjendur hafi verið í íbúð M á þeim tíma sem viðgerðirnar áttu sér stað. Þegar M hafi síðan komið inn í geymsluna eftir viðgerðirnar hafi hún og munir í henni verið þaktir steypuryki. Komið hafi í ljós að til þess að skipta um glugga í geymslunni hafi þurft að saga steypu meðfram glugganum til að koma nýjum glugga fyrir. Ekki hafi verið haft samband við leigjendur M vegna aðgangs að glugganum að innan eða reynt að ná sambandi við M vegna þeirra muna sem í geymslunni voru.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð á innbúi við ofangreindar ráðstafanir. Það hafi verið vanræksla upplýsingaskyldu af hálfu X að hafa ekki gert M eða leigjendum íbúar M viðvart til að gefa þeim tækifæri til þess að verja innbú sitt áður en steypusögun átti sér stað og verði X því að bera ábyrgð á tjóni sem hlaut af því. M vísar því á bug að upplýsingar hafi komið fram á verkfundum um að þetta stæði til og ekki hafi komið neinar upplýsingar fram á þeim fundum um hvenær skipta hafi átt um glugga.

V tilgreinir fjölmörg atriði í verksamningi og útboðslýsingu um utanhússviðgerðir á fjölbýlishúsi því sem M á íbúð í og að tiltekin verkfræðistofa hafi haft eftirlit með framkvæmdum. V vísar einnig m.a. til þess að ósannað sé að það hafi orðið tjón á innbúi M, upplýsingar til M um gluggaskipti hafi komið fram í gegnum verkfundi og ekki hafi verið samið við verktaka sérstaklega um að breiða plast yfir innbú í geymslum áður en gluggaskipti áttu sér stað.

**Álit.**

Í málinu virðist vera óumdeilt að steypuryk í geymslu M sé hægt að rekja til þess að saga þurfti fyrir nýjum gluggum við gluggaskipti sem tengdust viðgerðum á fjölbýlishúsi því sem M á íbúð í. Í gögnum málsins liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um verk það sem X tók að sér að framkvæma, eftirlitsaðila og verkfundi. Það verður hins vegar ekki litið framhjá því að verktaki sem vinnur við viðgerðir sem þessar verður að gæta almennrar varúðar við verkið. Verður að telja það gáleysi af hálfu starfsmanna X að hafa ekki reynt að gera M, eða alla vega leigjendum í íbúð M, viðvart um að umrædd steypusögun stæði til, sérstaklega í ljósi þess hversu margir munir voru í geymslu M. Fundargerðir verkfunda eða það að eftirlit hafi verið haft með framkvæmdum breytir því ekki. Telst X því bera skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð á því tjóni sem varð á innbúi M. Frekari afstaða er ekki tekin til umfangs slíks tjóns.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 333/2015****M og**

**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**vátryggingafélagið V3 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar C og**  
**vátryggingafélagið V4 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar D.**

**Fjölðaárekstur á Miklubraut 22. apríl 2015.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 7. september 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V4 dags. 10. september 2015.
3. Bréf V2 dags. 24. september 2015.
4. Bréf V1 dags. 29. september 2015.
5. Tölvupóstur V3 dags. 29. september 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að fjölðaárekstur varð við akstur vestur Miklubraut milli bifreiða A(VO), B, C og D í þeirri röð að bifreið D var ekið fremst, þar á eftir bifreið C, síðan bifreið A og öftust var bifreið B. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar D hafi stöðvað vegna bifreiðar fyrir framan og í kjölfarið hafi verið ekið aftan á bifreið hennar og hún lýsir einu höggi á bifreið sína. Ökumaður bifreiðar C kveðst hafa séð bifreið D hemla og hafi þá sjálfur hemlað og verið kyrrstæður þegar hann sá bifreið A nálgast í baksýnispegli og þeirri bifreið hafi síðan verið ekið aftan á bifreið C og kvaðst hann jafnvel hafa fundið annað högg koma og þá hafi bifreið C farið aftan á bifreið D. Ökumaður bifreiðar A (M) lýsir atvikum þannig að hún hafi séð bifreið C stöðva mjög skyndilega fyrir framan sig og hafi hún náð að stöðva áður en hún fékk síðan mikið högg aftan á bifreið sína sem hafi kastað henni aftan á bifreið C. Ökumaður bifreiðar B viðurkennir að hafa ekið aftan á bifreið A. Í málinu liggja einnig fyrir tölvupóstar frá ökumanni bifreiðar C og eiginkonu hans, sem var farþegi í bifreið C í umrætt sinn, um að þau hafi bæði fundið tvö högg á bifreið C.

M telur í málskoti að hún hafi náð að stöðva bifreið A áður en bifreið B hafi verið ekið aftan á hana og að ökumaður bifreiðar B eigi því að bera sök á öllu því tjóni sem varð á bifreiðum A, C og D. Það sé einnig staðfest í framburði ökumanns bifreiðar B sem hafi séð að bifreið A hafi stöðvað skyndilega fyrir framan hann. M telur því að ökumaður bifreiðar B hafi framkallað allt tjónið með aksturslagi sínu. V1, V3 og V4 gera ekki sérstakar athugasemdir við málskotið en V2 telur að ljóst sé af framburði ökumanns og farþega bifreiðar C að bifreið A hafi fyrst verið ekið aftan á bifreið C áður en bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A og þannig aftur á bifreið C sem hafi þá farið á bifreið D.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að framburður ökumanns og farþega í bifreið C sé skýr um að þau hafi fundið tvö högg á bifreið C í umræddum fjölðaárekstri. Verður því talið sannað að bifreið A hafi verið ekið aftan á bifreið C áður en bifreið B var ekið aftan á bifreið A með nokkuð þungu höggi. Verður sök því skipt á milli ökumanna bifreiða A og B eins og kemur fram í niðurstöðukafla.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar B ber ábyrgð á afturtjóni bifreiðar A, framtjóni bifreiðar C og afturtjóni bifreiðar D. Ökumaður bifreiðar A ber ábyrgð á eigin framtjóni og afturtjóni bifreiðar C.

Reykjavík 3. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Vigdís Halldórsdóttir, lögfr.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 334/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ slysatryggingu launþega X.**

**Slyshugtak vátryggingaréttar og tjónstilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna líkamstjóns 13. mars 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. september 2015 ásamt bréfi V dags. 23. mars 2015 til lögmanns M og ódagsett læknisvottorð V.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu X til V kemur fram eftirfarandi lýsing á tjónsatviki: „*Hinn slasaði var að vinna við mótauppslátt, setti kúbein undir mótafleka og tók í það til að spenna flekann upp til að rétta hann, þá kemur slinkur á flekann sem rykkir í kúbeinið og þar með í hinn slasaða og rífur taugavefi.*“ Í lýsingu M sjálfs í annarri tjónstilkynningu segir: „*[M] var að vinna við nýbyggingu að Skipalóni 5, Hafnarfirði, hélt í kúbein, var að spenna fleka, þegar kúbeinið rann skyndilega til og slinkur kom á hægri öxl með þeim afleiðingum að hann slasaðist illa.*“

M telur að hann eigi rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V annars vegar þar sem hann hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála og hins vegar að tilkynnt hafi verið um það slys innan árs frá því hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M vísar til lýsingar á tjónsatviki um þann slynk sem kom á flekann sem hann var að vinna við. Það hafi verið sá utanaðkomandi atburður sem slyshugtak vátryggingaréttar gerir ráð fyrir. M vísar einnig til lýsingar vitnis af atburðinum og að kraninn, sem flekinn sem M var að vinna við, hafi verið í ytrustu stöðu og lítið þurft til að hann hreyfðist. Einnig vísar M til dómaframkvæmdar Hæstaréttar Íslands varðandi túlkun hugtaksins sem hafi verið á þá leið að ætla megi að líkamstjón megi rekja til utanaðkomandi atburðar nema sýnt sé að það sé vegna innra ástands tjónþola. Einnig telur M að hann hafi ekki haft upplýsingar um atvik sem krafa hans er reist á fyrr en um ári eftir slysið, þegar honum varð ljóst að einkenni voru ekki gengin tilbaka. Niðurstaða taugaleiðniþrófs hefði verið túlkuð þannig að yfirgnæfandi líkur væru á fullum bata og hafi því árstjónstilkynningarfrestur því ekki getað byrjað að líða strax í lok árs 2013 eins og V haldi fram heldur í fyrsta lagi í mars 2014.

V telur að líkamstjón M megi fyrst og fremst rekja til ofreynslu og/eða rangrar beitingar líkama en ekki til utanaðkomandi atviks. Það að fleki sem M var að vinna við sé á hreyfingu sé eitthvað sem M hefði mátt búast við og því ekki hægt að leggja það til grundvallar sem utanaðkomandi atburð. Einnig vísar V til fyrstu lýsingar vitnis á því að ekkert utanaðkomandi hefði komið til heldur hafi M ofreynt sig. V vísar einnig til þess að M hafi ekki tilkynnt um líkamstjón sitt innan árstilkynningarfrests 22. gr. vátryggingarskilmála og 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. V telur að slíkur ársfresturinn hafi byrjað að líða í desember 2013, en þá hafi niðurstöður legið fyrir úr taugaleiðniþrófi, þar sem M hafi verið greindur með merki um „winged scapula“ og merki um lömunareinkenni. Þó taldar hafi verið 80% líkur á bata hafi staðið eftir 20% líkur á að ekki næðist bati og við slíkar upplýsingar hafi M mátt vera ljós atvik sem krafa hans er reist á. V telur því að fresturinn hafi verið liðinn þegar M tilkynnti um tjón sitt í janúar 2015.

**Álit.**

Ekki verður annað ráðið en að M geri kröfu um bætur fyrir varanlega örorku úr slysatryggingu launþega hjá V. Í gr. 1.2. er gildissvið vátryggingarinnar tilgreint. Þar kemur fram að hún nái til skyndilegra, utanaðkomandi atburða sem valda meiðslum á líkama vátryggðs og gerast sannanlega

án vilja hans. Sambærilegt gildissvið er í flestum slysatryggingum hér á landi og hefur verið vísað til hennar sem slyshugtaks vátryggingaréttar. Við túlkun á því hvort líkamstjón M megi rekja til utanaðkomandi atburðar verður að líta til lýsingar sem kemur fram í tjónstilkynningum sem og hvernig umrætt hugtak hefur verið túlkað í nýjustu dómum Hæstaréttar. Þegar litið er til lýsingar M og eðli þess verks sem hann var að vinna við verður ekki séð að röksemdir um ofreynslu eða ranga líkamsbeitingu M, þannig að líkamstjónið megi rekja til innra ástands M, hafi næga stoð í gögnum málsins. Verður því lagt til grundvallar að líkamstjón M sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar og falli undir gildissvið vátryggingarinnar, sbr. nýleg dómafordæmi Hæstaréttar varðandi túlkun umrædds hugtaks.

Verður því að taka afstöðu til þess hvort tilkynning M um mögulegt tjón sitt vegna varanlegrar örorku hafi komið fram innan árs frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á. Ljóst er af læknisfræðilegum gögnum málsins að M fékk upplýsingar úr taugaleiðniþrófi í desember 2013 sem fólu í sér einhvers konar læknisfræðilega greiningu á ástandi hans. Þegar metið er hvort M hafi þá mátt vera ljós atvik sem krafa hans er reist á verður hins vegar að líta til þess að læknisfræðileg gögn málsins staðfesta einnig að M voru gefnar um 80% líkur á fullum bata. Verður að ætla einhvern tíma eftir það til þess að M séu fyrrnefnd atvik ljós. Slíkt svigrúm nær fram yfir 23. janúar 2014 og verður því ekki talið að títtnefndur ársfrestur hafi verið liðinn 23. janúar 2015, þegar M tilkynnti um tjón sitt til V. Telst M því eiga rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 335/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G.**

**Vinnuslys þegar steypumót úr gúmmípressu féll á vinstri hönd manns þ. 3.9.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 21.9.2015 ásamt fylgiskjölum 11-14.

**Málsatvik.**

Málsatvik segir M vera þau að hann hafi verið að taka steypumót úr pressu og hafi það ekki losnað eins og það hafi átt að gera og tók M þá á steypumótinu til að mótið dytti niður og hafi það þá dottið og á hönd hans þannig að M slasaðist. M segist hafa borið silicon á efra plan pressunar í umrætt sinn. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V og telur að vinnuaðstæður hafi verið óforsvaranlegar og gúmmípressan ekki fullnægt þeim kröfum sem gera skuli til slíkra tækja. Þá bendir M á að Vinnueftirlitið hafi við skoðun áður en slysið varð talið að steypumótið skapaði fallhættu efri hluta mótsins þegar losað var um það. Þá telur M að engir verkferlar hafi verið til staðar um það hvernig ætti að standa að verki við umrædda pressu. M vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1005/2006 um vélar, tæki og búnað sem og reglugerðar nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Vitni að slysinu samstarfsmaður M segir að M hafi verið með heyrnarskjól og farsíma undir öðru skjólinu og tekið í stjórnstöng til að láta neðra planið síga og svo tekið í handfang á mótinu með hægri hendi en tekið einhvern veginn fyrir neðan handfangið með vinstri hendi áður en það var komið alveg niður, en nóg til þess að mótið hafi losnað og skolið á hendi M, en allan tímann hafi M verið í símanum. V hafnar bótaskyldu og segir að þó að mótið festist ekki að jafnaði við efra plan pressunar þá geti það komið fyrir og hafi oft gerst og sé þá neðra planið látið síga og svo tekið í handföngin á mótinu svo mótið losni, síðan sé neðra planið látið síga alveg niður. V segir að sé verkið unnið með þessum hætti þá sé komið í veg fyrir fallhættu og M hafi unnið hjá G í um það bil 2 ár og því kunnugt um verklag við þetta verk og hvernig ætti að losa mót úr pressunni. V segir að slys M verði ekki rakið til atriða sem G beri ábyrgð á. V segir að Vinnueftirlitið hafi rannsakað vettvang slyssins.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að á það hafi skort að verkferlar hafi verið skýrir. Þá hafði G ekki brugðist við tilmælum Vinnueftirlitsins varðandi vélina sem um ræðir. Slys M verður því rakið til þess að starfsmönnum var ekki alveg ljóst hvað átti að gera þegar mót festust með þeim hætti sem gerðist í umrætt sinn. G ber hallann af því að hafa ekki gætt þess að hafa skýra verkferla varðandi þetta verk þannig að starfsmönnum væri ljóst hvað ætti að gera ef mót festist í pressunni auk þess að hafa ekki tekið tillit til tilmæla Vinnueftirlitsins. M ber því skaðabótaábyrgð á slysi M. Þó M kunni að hafa sýnt af sér gáleysi meðan hann vann við pressuna þá leiðir það ekki til meðábyrgðar hans sbr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993, þar sem ekki var um stórkostlegt gáleysi að ræða af hálfu M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 336/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna slysiðar fjölskyldutryggingar.**

**Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku vegna slyss 4. febrúar 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. september 2015, ásamt gögnum, þ.á.m. tjónstilkynningu, upplýsingum um tekjur og læknisfræðileg gögn.
3. Tölvupóstur M dags. 10. október 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M féll á göngu í Fífunni í Kópavogi og hlaut líkamstjón, nánar tiltekið á hægri hendi. Leitaði M á bráðamóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss um 10 dögum síðar og var þar greindur með tognun á þumli og var meðhöndlaður með þumalspelku. Í tjónstilkynningu segist M hafa verið óvinnufær frá slysdegi. M fór fram á greiðslu dagpeninga úr slysið fjölskyldutryggingar sinnar vegna þeirrar óvinnufærni. M telur að hann hafi haft fulla starfsorku í hendi fyrir slysið og að það sé ekki hægt að leggja starfsorkuskerðingu vegna veikinda hans til grundvallar við mat á rétti til bóta úr fjölskyldutryggingu hans. M lýsir vandlega samskiptum sínum við starfsmenn V og gagnrýnir upplýsingagjöf og túlkun félagsins vegna máls hans.

V hefur ekki fallist á að skilyrði séu til greiðslu dagpeninga. Vísar V þar til gr. 22 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M þar sem komi fram að V bæti ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af óskertri starfsorku. V vísar til

þeirra læknisfræðilegu gagna sem liggja fyrir í málinu og að þar komi fram að M hafi verið óvinnufær vegna veikinda frá árinu 2010 og vegna þess fengið greiddan örorkulífeyri bæði frá almannatryggingum og lífeyrissjóði. Verði því ekki hægt að sjá að umrætt slys hafi skert starfsorku hans um meira en 50% þar sem hún hafi verið fullskert fyrir slysið.

**Álit.**

Í frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar er ákvæði í 22. gr. vátryggingarskilmála sem veitir rétt til greiðslu dagpeninga vegna tímabundins missi starfsorku. Við mat á því hvernig túlka á orðið starfsorka í þessu samhengi verður að líta til þess að um er að ræða hugtak sem sett er fram í stöðluðum vátryggingarskilmálum sem V semur einhliða. Í sömu vátryggingarskilmálum eru einnig ákvæði um bætur fyrir varanlegs líkamstjóns í 21. en við mat á slíku tjóni er vísað til taflna örorkunefndar um miskastig. Þegar þessi ákvæði eru lesin saman verður að telja að við mat á starfsorku verði að leggja til grundvallar læknisfræðilegt mat. Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem styðja að M hafi ekki fyrir slysið 4. febrúar sl. getað sinnt störfum á almennum vinnumarkaði. Ekki liggja hins vegar fyrir sambærileg gögn um getu M til annarra starfa, t.d. heimilisstarfa. Með hliðsjón af víðtækum áhrifum veikinda M, eins og þeim er lýst í gögnum málsins, verður ekki séð að slysið hafi leitt til þess að hann hafi misst meira en 50% af starfsorku sinni og þannig uppfyllt 22. gr. vátryggingarskilmála V. Verður því ekki fallist á að skilyrði séu til greiðslu dagpeninga fyrir tímabundinn missi starfsorku.

**Niðurstaða.**

M ekki á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 337/2015****M og****vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.**

**Kona slasaðist 25.2.2014 þegar hún var farþegi í eigin bíl sem var ekið af ökumanni sem var undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 11.9.2013 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

M var farþegi í eigin bifreið þegar hún valt á Vesturlandsvegi. Ökumaður segist hafa verið að aka M heim, en þau hafi verið við drykkju á föstudegi en slysið varð á mánudagsmorgni. Ökumaður segir að M hafi verið hálfsofandi en hafi örugglega vitað að hann þ.e. ökumaðurinn væri að fara að skutla M heim. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar úr hendi V. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að sæta skerðingu bóta um 50%. Af hálfu M er haldið fram að ekkert liggja fyrir um að M hafi vitað um ástand ökumanns meðan á akstrinum stóð og þá séu atvik málsins með þeim hætti að M hafi ekki verið í aðstöðu til að gera sér grein fyrir því að ökumaðurinn hafði neytt fíkniefna nokkrum dögum fyrir aksturinn og verið í óökuhæfu ástandi. Þar fyrir utan er því haldið fram af hálfu M að um heimildarskort hafi verið að ræða hjá ökumanni til aksturs bifreiðar M. Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja og eiturefnafræðum við Háskóla Íslands telst ökumaður hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, vegna neyslu þar til greindra fíkniefna. V bendir á að við handtöku hafi ökumaður verið valtur á fótum og þvoglumæltur og því hafi það vart farið fram hjá M í hvers konar ástandi ökumaður var í. Þá bendir V á að í tjónstilkynningu frá M komi fram að hún og ökumaður hafi vankast við höggið sem varð þegar þau lentu í umferðaróhappinu. V bendir á að M hafi ekki lagt fram kæru á hendur ökumanni fyrir að taka bifreiðina ófrjálsri hendi. V vísar til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 varðandi skerðingu bótaréttar M um helming og 30. gr. þágildandi skilmála ökutækjetryggingar.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að ökumaður og M hafi verið í töluverðum samskiptum áður en ökuferðin sem hér ræðir um hófst. Ökumaður lýsir því m.a. að þau M hafi verið samskiptum frá því á föstudagskvöldi. Miðað við ástand ökumanns eftir að umferðaróhappið átti sér stað sbr. lýsingu í gögnum málsins mátti M vita um ástand hans sem staðfest er í lögregluskýrslu og gat gert sér grein fyrir að hann var óhæfur til að stjórna bifreið örugglega. M sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi þegar hún settist upp í bifreið sína sem var stjórnað af ökumanni sem ekki var til þess hæfur og sætir því skerðingu bóta um helming sbr. 2. mgr. 27. gr. (1. mgr. 90. gr. laga) um vátryggingarsamninga.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V en sætir skerðingu bóta um 50%.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 338/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll um dæld í malbiki.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 24.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að kvöldi 20. október 2013 var M gestkomandi í tilteknu húsi á Selfossi. Er hún var á leið frá húsinu að heimsókn lokinni féll hún um dæld eða holu í malbiki í götunni fyrir framan húsið og brotnaði illa á vinstri handlegg.

Að því er fram kemur í málgögnum hafði um ári áður en slysið varð verið skorið úr malbiki alllönng og nokkuð breið ræma meðfram girðingu á lóðarmörkum við húsið. Um sumarið mun hafa verið unnið þarna á vegum tiltekins verktaka (B) sem hafði verið við störf víðsvegar í sveitarfélaginu fyrir tiltekið fjarskiptafyrirtæki. Hafi B ætlað að tiltekið malbikunarfyrirtæki myndi malbika þar sem tekið hafði verið úr malbikinu en vegna anna hafi áætlanir þess ekki staðist. Af hálfu B er því haldið fram að í fyrstu hafi viðvörunarkeilur verið settar við svæðið þar sem skorið hafði verið úr malbikinu, en þær hins vegar verið fjarlægðar af óviðkomandi aðilum án vitundar B.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Myrkur var þegar slysið varð og af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að lýsing hafi verið í götunni frá ljósastaurum hinum megin við götuna. Þar sem skorið hafði verið úr malbikinu myndaðist að því er ráða má nokkurra sentimetra hæðarmunur í yfirborði malbiksins. Svæðið þar sem skorið hafði verið úr malbikinu er nokkuð stórt eins og að framan er lýst og verið vel sjáanlegt, jafnvel í myrkri. Af gögnum málsins verður ekki séð að aðstæður hafi verið hættulegar gangandi vegfarendum. Hefur samkvæmt því ekki verið sýnt fram á að frágangur á svæðinu verið með þeim hætti að virt verði B til sakar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 339/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.**

**Slys viðskiptavinar á bifreiðastæði verslunar 22. desember 2011.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. september 2015 ásamt fylgigögnum, þ.á.m. veðurupplýsingum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M féll í hálfu og hlaut líkamstjón á bifreiðastæði þegar hún var á leið út úr verslun X. M leitaði samdægurs til læknis vegna afleiðinga fallsins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins þar sem ekki hafi verið gerðar nægar varúðarráðstafanir við hálkuvarnir, t.d. að salta eða sanda, á bílastæði verslunar X. Einnig vísar M til þess að veðuraðstæður hafi verið þannig að hálfka hafi myndast og ekki hafi verið næg lýsing á bílastæðinu til að sjá hana. Einnig vísar M til Hrd. 419/1994 þar sem fjallað um athafnaskyldur verslunareigenda til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna.

V telur ósannað að það hafi verið glerhált við verslun X eða að M hafi fallið vegna hálkubletts á bílastæðinu í ljósi þess að X hafi ekki fengið upplýsingar um atvikið fyrr en nokkru eftir að það átti sér stað. Einnig vísar V til veðurupplýsinga á tjónsdegi og vísar því á bug að lýsingu hafi verið ábótavant á bifreiðastæðinu. Einnig telur V að ósannað sé að aðstæður hafi verið með þeim hætti að skaðabótaábyrgð X hafi vaknað, líta beri einnig til þess að M hafi verið á leið í bifreið sína, skv. lýsingu hennar sjálfrar, þegar hún féll við og hafi henni því átt að vera aðstæður á bifreiðastæðinu ljósar.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Í máli þessu liggja ekki fyrir umfangsmiklar upplýsingar um aðstæður á vettvangi í greint sinn né heldur upplýsingar um fleiri óhöpp eða tilkynningar um hættulegar aðstæður umræddan dag. Ekki er hægt að gera sömu kröfur til verslunareigenda um aðstæður í húsnæði verslana eða á bifreiðastæðum og verður ekki séð að X hafi vanrækt þær athafnaskyldur sem hvíla almennt á verslunareigendum um að tryggja öryggi vegfarenda. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 340/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar.**

**Þjófnaður úr bifreið þ. 27.11.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 8.9.2013 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8.10.2015.

**Málsatvik.**

Kunningi M var með muni sem M átti í bifreið sinni og segist hafa farið á nokkra staði á tímabilinu kl.12-17.15 umræddan dag og hafi bifreiðinni ávallt verið læst þegar hann fór frá henni, en engin ummerki voru um að farið hefði verið inn í bifreiðina, en fartölva, fartölvutaska og svört taska sem M átti voru horfin úr bifreiðinni þegar ökumaður kunningi M kom að bílnum laust eftir kl. 17. Síðar upplýsti M að í töskunni hafi verið starfræn myndavél og auk þess hafi Samsung sími verið tekinn. M krefst bóta úr heimilistryggingu sinni. V hafnar bótaskyldu og segir að skilyrði fyrir greiðsluskyldu vegna þjófnaðar við innbrot í læsta bifreið að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn í bifreiðina, en samkvæmt lögregluskýrslu séu engin ummerki um að farið hafi verið inn í bifreiðina.

**Álit.**

Gildissvið fjölskyldutryggingar V tekur til innbrota í læsta bifreið en m.a. eru skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Í vátryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga sem geyma ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli vátryggingartaka og vátryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr. e. í lögunum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til vátryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli vátryggðan hlut. Í frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga kemur fram að með lögunum sé stefnt að því að setja svokölluðum hlutlægum ábyrgðartakmörkunum skorður ef þær geyma í raun fyrirmæli til vátryggðs um hvernig hann fer með hina vátryggðu áhættu.

Þegar orðalag vátryggingarskilmála V eru skoðuð með hliðsjón af þessu má sjá að með því að miða gildissvið vátryggingarinnar við innbrotþjófnað í læsta bifreið er verið að gefa vátryggðum þau fyrirmæli að hann læsi tryggilega bifreið sinni. Verða skilyrði um greinileg og ótvíræð merki um innbrot ekki túlkuð öðruvísi en að þau séu í raun frekari fyrirmæli til vátryggðs um geymslu innbús í skilningi 2. gr. laga um vátryggingarsamninga, þ.e. dulin varúðarregla og fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um vátryggingarsamninga, sérstaklega þar sem fjallað er um 26. gr. laganna.

Í málinu liggur fyrir að munir sem M átti voru teknir úr bifreið kunningja hans, þegar sá hafði þá í bifreið sinni og ætlaði að koma þeim til M og bifreiðin hafi ávallt verið læst. Á V hvílir sönnunarbyrði um það hvort brotið hafi verið gegn ofangreindri varúðarreglu um að vátryggðir munir séu geymdir í læstri bifreið. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að

bifreið kunningja M hafi verið ólæst og verður ekki annað lagt til grundvallar að hún hafi verið læst. Telst því ekki hafa verið brotið gegn varúðarreglu í váttryggingarskilmálum og M eigi því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt til til bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 341/2015**  
**M) og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Kona rann til í inngangi verslunar og slasaðist þ. 14.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 28.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

M segist hafa farið í verslun A, en mikil rigning hafi verið og bleyta við útidyr verslunarinnar og hafi hún runnið í innganginum fallið og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur forráðafólk A bera ábyrgð á því að flísar við inngang hafi ekki verið þurrar, en 15 cm flíslag sé fyrir innan inngang að stórri niðurfelldri burstamottu og flísarnar séu hálar ef þær eru blautar. Starfsfólk A hafi því ekki gætt nægjanlega að öryggi viðskiptavina sinna. V hafnar bótaskyldu og segir að flísarnar sem um ræðir séu gerðar þannig að þær séu ekki hálar í bleytu. V telur rangt að aðbúnaður í anddyri verslunarinnar hafi verið ófullnægjandi og stór niðurfelld burstamotta sé sérstaklega ætluð til þess að þurrka bleytu af skóm viðskiptavina og burstamottan nái nánast fram að dyrum. Þá segir V að M hafi mátt vera það ljóst að bleyta kynni að vera á gólfi við inngang vegna þess hvernig viðraði og hafi því þurft að sýna eðlilega aðgát. Engin vitni voru að því þegar M féll.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á, að umbúnaður við inngang verslunar A sé ófullnægjandi eða starfsfólk A hafi ekki gætt nægjanlega vel að öryggi viðskiptavina. Gögn málsins sýna ekki fram á að slys M verði rakið til ófullnægjandi umbúnaðar í verslun A eða það megi rekja til sakar A eða starfsfólks A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 343/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ farangurstryggingarliðar greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á ljósmyndavél****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 11.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 25.9.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 10. júlí 2015 var ljósmyndavél ásamt fylgihlutum í eigu M stolið úr herbergi í París þar sem hann var gestkomandi. Hafi myndavélin horfið á föstudagseftirmiðdegi af borði í lokuðu herbergi. Húsið hafi verið læst með kóða en gestir kunnir á kóðann.

M er vátryggður samkvæmt greiðslukortatryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem hann varð fyrir af völdum þjófnaðarins. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að tjónið sé ekki bótaskyld þar sem myndavélinni hafi ekki verið stolið við sannanlegt innbrot, en það sé forsenda bótaskyldu úr vátryggingunni. Einnig hafi verið um að ræða brot á varúðarreglu sem mælt er fyrir um í vátryggingarskilmálum þess efnis að vátryggður skuli loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífylum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir.

**Álit.**

Í gr. 5.1 í vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar V er mælt fyrir um bótasvið farangurstryggingarinnar. Segir þar að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningssslyss. Þó sé skilyrt að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða. Í gr. 5.2.9 er kveðið á um þá takmörkun á bótaskyldu V að það bætir ekki tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa m.a. úr læstum hífylum án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.

Í gr. 5.5 í skilmálunum er kveðið á um þá varúðarreglu að vátryggður skuli loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífylum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir. Skv. gr. 5.6 er skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum og sé þeim ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en samkvæmt því ákvæði getur félagið ekki borið fyrir sig að varúðarreglu hafi ekki verið fylgt ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Ekki virðist vera um það deilt að ljósmyndavél M var stolið úr lokuðu herbergi í læstri íbúð. Hins vegar munu engin ummerki hafa verið til staðar sem bentu til að brotist hafi verið inn í íbúðina til að stela myndavélinni. Eins og að ofan greinir er kveðið á um það í skilmálum varðandi það atvik sem M varð fyrir að tjón fæst ekki bætt án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða auk þess sem gæta skuli að þeirri varúðarreglu að læsa hífylum þar sem hinn vátryggði munur var skilinn eftir. Verður ekki séð að ákvæði þessi fái samrýmst. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að líta á ákvæði vátryggingarskilmálans um að tjónið bætist ekki án sannanlegs innbrots sem háttisreglu sem beri að skýra með hliðsjón af þeirri háttsemi sem varúðarreglan mælir fyrir um. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að hvarf myndavélarinnar megi rekja til þess að M hafi ekki fylgt fyrirmælum varúðarreglunnar. Við þær aðstæður sem hér um ræðir verður því ekki séð að V geti firrt sig ábyrgð á tjóni M. Tjónið telst því bótaskyld úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 344/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ skýfalls- asahlákutryggingarliðs fasteignatryggingar.****Ágreiningur um hvort vatnstjón hafi orðið af völdum asahláku.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 9.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 17.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M er eigandi kjallaraíbúðar að L í Reykjavík. Íbúðin hafði verið mannlaustr frá 5. til 8. janúar 2015, en síðastgreinda daginn kom í ljós að vatn hafði flætt yfir gólf kjallaraíbúðarinnar.

Aðstæður í íbúðinni voru skoðaðar af pípulagningameistara sem taldi að út frá raka og hitamælingum væri um utanaðkomandi vatn að ræða. Hann hafði ekki séð leka frá lagnakerfi en talsvert vatn hafði verið að sjá undir parketi í stofu og víðar. Út frá hitamyndum virtist sem umrætt vatn kæmi inn undan gólfplötu í vinstra horni sem snúi að forstofu. Miklar leysingar hafði verið einhverjum dögum fyrir og því taldi pípulagningameistarinn að út frá þeim hafi vatn komist undir sökkul.

Nokkru eftir að tjónið uppgötvaðist munu brunnar yfir frárennislögnum hafa verið kannaðir og segir að þá hafi þeir verið „meira og minna fullir“. Við nánari athugun á frárennislögnunum kom í ljós að rætur trjáa við gafli hússins hafi farið inn um drengöt á drenörum og hafi drenlögnin frá tröppum inn í kjallaraíbúðina og út í brunn „norðan við húshornið“ verið nánast full af fingerðum trjárótum sem hafi stíflað lögnina.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Veðurstofu Íslands var jörð alþakin jafnfallinni lausamjöll og snjódypt 6 cm kl. 9 að morgni 6. janúar og hitastig  $-0,6^{\circ}\text{C}$ . Kl. 21 að kvöldi sama dags var hiti  $2,7^{\circ}\text{C}$  og óslitin rigning. Á miðnætti var hiti  $5,6^{\circ}\text{C}$  og enn óslitin rigning. Kl. 9. að morgni 7. janúar var hiti  $2,4^{\circ}\text{C}$  og rigning. Uppsöfnuð úrkoma síðustu 15 klst. var þá 21,6 mm og á sama tíma var jörð sögð vera blaut.

M hefur krafist bóta úr skýfalls- og asahlákutryggingu fasteignatryggingar sem í gildi var hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem vatn hafði seytnað smám saman inn um ytra byrði eignarinnar en ekki flætt inn eins og áskilið er í vátryggingarskilmálum. Einnig sé skýfall og asahláka skilgreind í skilmálunum á þá leið að vatnsmagn verði skyndilega svo mikið að jarðvegsniðurföll leiði það ekki frá. Ekkert liggja fyrir um það með öyggjandi hætti að skýfalls- og asahláka hafi verið á svæðinu eða lagnir á svipuðum slóðum náð að leiða vatnið frá. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu sé ljóst að ekki séu uppfyllt skilyrði um að tjónið verði rakið til skýfalls og asahláku. Þá verði ráðið af gögnum málsins að það hafi verið grunnvatn sem hafi lekið inn í íbúð M, en vátryggingin bæti aldrei vatnstjón sem verður vegna grunnvatns.

**Álit.**

Samkvæmt 5. gr. í vátryggingarskilmálum fasteignatryggingar V bætir skýfalls- og asahlákutryggingin tjón á vátryggðri húseign ef jarðvegsvatn flæðir inn í hana, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Enn fremur segir í skilmálunum að með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð sé átt við að vatnsmagnið verði skyndilega svo mikið að jarðvegsniðurföll leiði það ekki frá. Vátryggingin bæti þó aldrei tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, þakrennum eða frárennislleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Þá er í 6. gr. skilmálann að finna varúðarreglu þar sem segir að það sé skilyrði fyrir bótaskyldu félagsins að vátryggður hreinsi frá niðurföllum við hina vátryggðu húseign svo snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki.

Fyrir liggur samkvæmt fyrirliggjandi veðurfarsgögnum að frá kvöldi 6. janúar til morguns 7. janúar rigndi mikið í Reykjavík ásamt því að jafnfallin 6 cm djúp lausamjöll hafði bráðnað með rigningunni. Verður þannig að telja nægilega sannað að vatn það sem flæddi inn í íbúð M hafi verið af völdum

skýfalls og asahláku sökum þess að vatnsmagn hafi skyndilega orðið það mikið að frárennslislagirnir hafi ekki náð að leiða það frá. Miðað við þær aðstæður sem voru við húsið umrætt sinn hefur ekkert haldbært komið fram sem gefur tilefni til að ætla að það hafi verið annað en jarðvegsvatn sem flæddi inn í íbúðina. Þegar komið var í íbúðina og skaðinn kom í ljós hafði vatn flætt yfir gólf íbúðarinnar. Eins og hér stóð á er ekki ástæða til að ætla að vatn hafi einungis seytilað inn í íbúðina. Þykir því mega slá því föstu að vatn hafi flætt þar inn í skilningi váttryggingarskilmálanna. Að virtu því sem að framan greinir verður að telja að fullnægt sé bótaskilyrðum samkvæmt váttryggingarskilmálunum. Kemur þá til skoðunar hvort V sé rétt að skerða bætur að hluta eða að öllu vegna þess að ekki hafi verið fylgt þeirri varúðarreglu að váttryggður hreinsi frá niðurföllum við hina váttryggðu húseign svo snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, getur váttryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að það hafi verið virt M sérstaklega til sakar að trjágreinar höfðu náð að vaxa inn í drenlagnina með þeim afleiðingum að hún stíflaðist. Skilyrði 26. gr. laga nr. 30/2004 eru því ekki fyrir hendi svo V geti í máli þessu borið fyrir sig að umræddri varúðarreglu hafi ekki verið fylgt. M á því rétt á óskertum bótum úr váttryggingunni.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr skýfalls- og asahláku tryggingarlið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 345/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar lögmans L.****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð lögmans í störfum sínum sem skiptastjóri dánarbús sem tekið var til opinberra skipta 27.11.2011.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 31.8.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 13.11.2015, ásamt gögnum.
3. Bréf M, dags. 17.11.2015, ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

L, sem er með starfsábyrgðartryggingu lögmans hjá V, var hinn 27. október 2011 skipaður skiptastjóri í dánarbúi manns (X) sem lést fyrr á því ári. Í greinargerð L vegna málsins kemur fram að eignir dánarbúsins hafi fyrst og fremst verið 80% hluti í tiltekinni fasteign sem og bústofn. Kröfúlýsingarfrestur vegna dánarbúsins rann út í byrjun janúar 2002 en m.v. gögn málsins virðast formlegir skiptafundir ekki hafa verið haldnir fyrr en fyrst 1. og 20. febrúar 2013, fasteignin sem um ræðir var seld nauðungarsölu 23. apríl 2013 og dánarbúið var gefið upp til gjaldþrotaskipta í júlí 2013 og þá tók annar skiptastjóri við skiptastjórn þess. Í málinu er verulegur ágreiningur um hvort vinnubrögð skiptastjóra hafi verið í samræmi við lög um skipti dánarbúa nr. 20/1991 eða þess eðlis að rétt hafi verið farið með hagsmuni búsins. Erfingjar X eru eiginkona hans og tvær dætur sem hann átti áður. Í máli M kemur fram að hann sé bróðir X heitins og gæti hagsmuna beggja dætranna og sé einnig sjálfur kröfuhafi í bú X og hafi þannig hagsmuna að gæta.

M telur að L, sem skiptastjóri bús X, hafi ekki gætt hagsmuna búsins nægilega vel. Aðallega bendir M á að L hafi ekki gert fullnægjandi lista yfir eignir og skuldir bús X strax í upphafi og ekki gert reka að því að tryggja eignarhald búsins á þeim hrossum sem hann telur að því hafi tilheyrt. Einnig rekur M í löngu máli að ekki hafi verið nægilega skýrt af hálfu skiptastjóra hvaða eignir tilheyrðu dánarbúi X og hvaða eignir voru hjúskapareignir ekkju X, en ekkjan hafi haft allar eignir búsins á forræði sínu og ráðstafað þeim án athugasemda skiptastjóra. M bendir einnig á að meðferð skiptastjóra á eignum búsins hafi leitt til tjóns fyrir bæði erfingja og kröfuhafa búsins og eigi því að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu L vegna þess tjóns.

V telur ósannað að vinnubrögð L hafi verið ófullnægjandi og vísar til greinargerðar L vegna málsins. Þar kemur fram það álit L að honum hafi verið ljóst frá upphafi að dánarbú X hafi staðið illa, ekkert lausafé hafi verið til og spenna milli erfingja. Einnig vísar L til samskipta sinna við M, sem L telur að hafi ekki gert sér grein fyrir slæmri stöðu búsins. L lýsir samskiptum við aðila málsins á árinu 2012 og samskiptum á formlegum skiptafundum í febrúar 2013. L telur ákvarðanir hans um að heimila ekkju X að halda búrekstri áfram með lágmarkstilkostnaði hafi verið nauðsynlegar og ekki til tjóns fyrir dánarbú X í ljósi bágrar stöðu þess. L bendir einnig á að dánarbúið hafi staðið svo illa að hann sjálfur hafi hvorki fengið útlagðan kostnað greiddan sem skiptastjóri né laun. Einnig bendir V á að hluti af hrossastóði, því sem M vísi til í skrifum sínum, hafi verið hjúskapareign ekkju X og því hafi dánarbúið ekki átt tilkall til þess. Allt þetta telur V að sýni að L hafi viðhaft rétt vinnubrögð sem skiptastjóri og ekki skapað sé skaðabótaábyrgð vegna starfa sinna.

**Álit.**

Samkvæmt grein 4.1 í skilmálum lögboðinnar starfsábyrgðartryggingar lögmanna hjá X bætir vátryggingin almennt fjártjón viðskiptamanna vátryggðs er leiðir af gáleysi í störfum hans sem lögmans eða þess sem ráðinn er til starfa hjá honum. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um lögmenn

nr. 77/1998 ber lögmaður bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum. Þá er tekið fram í fyrri málsl. 2. mgr. sömu greinar að lögmönnum sé skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Hluti af störfum L, sem lögmans, var skiptastjórn í dánarbúi X frá 27. október 2011 fram á sumar 2013 þegar dánarbúið var gefið upp til gjaldþrotaskipta og annar skiptastjóri tók við stjórn þess. Til umfjöllunar er því hvort stofnast hafi til bótaábyrgðar af hálfu L vegna starfa hans sem skiptastjóri í dánarbúi X á fyrrnefndum tíma.

Í málinu bendir L sjálfur á að eignir dánarbús X hafi verið rýrar og ákvarðanir hans um að fela ekkju X umsjón með þeim sem og búrekstur hafi verið eðlilegar. Hins vegar liggur ekki fyrir með skýrum hætti nákvæmlega hverjar þessar eignir voru, hvorki í gögnum þeim sem lögð hafa verið fyrir nefndina né á formlegum skiptafundum en ekki virðist hafa verið haldnir slíkir fyrr en í byrjun febrúar 2013 eða rúmu ári eftir að kröfulýsingarfrestur í dánarbúið rann út. Í ljósi þess hvaða almennu kröfur má gera til skiptastjóra skv. lögum nr. 20/1991 verður að telja að hann verði að tryggja sér sönnun þess hverjar eignir dánarbúsins, sem hann hefur til skipta, eru og sérstaklega í þessu tilviki þar sem var um að ræða mögulegar hjúskapareignir hvors hjóna um sig. Verður að gera þær kröfur til skiptastjóra að hann geti sýnt fram á með óyggjandi hætti að ráðstafanir hans f.h. dánarbúsins feli í sér fullnægjandi vörslur eigna og þannig álitamál séu fljótt til lykta leidd. Í greinargerð skiptastjórans sjálfs kemur fram að athugasemdir M vegna eigna búsins hafi komið fljótt komið fram og spenna hafi verið milli erfingja dánarbúsins. Slíkar aðstæður kalla enn frekar á að skiptastjóri sýni með formlegum og óyggjandi hætti að stjórn dánarbúsins sé með fullnægjandi hætti. Með því að geta ekki gert það með þeim hætti telst til gáleysis af hans hálfu og hefur hann því skapað sér bótaábyrgð í skilningi gr. 4.1. í skilmálum starfsábyrgðartryggingar lögmans hjá V.

Við mat á því hvort M hafi orðið fyrir fjárhagstjóni verður ekki af gögnum málsins séð að nægilega sannað sé að slíkt tjón hafi hlotist af ráðstöfunum L sem skiptastjóra. Telst tjónið því ósannað.

#### **Niðurstaða.**

Fallist er á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmansins L sem skiptastjóra í dánarbúi X, en ósannað er að M hafi orðið fyrir fjárhagstjóni.

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 346/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.**

**Tjón á bifreið við akstur á hraðahindrun, 20 júlí og 25. ágúst 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 15. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. september 2015 ásamt fylgigögnum, þ.á.m. veðurupplýsingar.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M ók bifreið sinni í tvígang yfir hraðahindrun á Sogavegi með þeim hætti að í bæði skiptin fór bifreiðin í holu við hraðahindrunina og við það varð tjón á framstuðara hennar. Fyrra atvikið var tilkynnt til lögreglu og liggur fyrir lögregluskýrsla um það þar sem holunni er lýst sem stórrí og frekar djúprí. Skýrsla Aðstoðar&Öryggis liggur fyrir um seinna atvikið en í þeirri skýrslu er holunni ekki lýst sérstaklega. Einnig kemur fram í gögnum málsins að starfsmönnum X hafi verið gert vart við holu við hraðahindrunina eftir fyrra tjónið. Skv. upplýsingum frá V mátu starfsmenn X holuna þannig að hún væri ekki þess eðlis að það þyrfti að vara sérstaklega við henni eða að hún væri það stór og djúp að það þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir eða hún væri líkleg til að valda tjónum.

M telur að starfsmenn X hafi metið aðstæður ranglega og hafi átt að vera búnir að gera ráðstafanir varðandi viðgerðir á holunni, sem og öðrum holum á Sogavegi. M bendir á að holan sé á vondum stað og það sé erfitt að forðast tjóni þegar ekið er í hana.

V telur að ábyrgð X skv. gildandi vegalögum nr. 80/2007 sé þess eðlis að ábyrgð X sem veghaldara stofnist ekki nema vegur sé í þannig ástandi að ekki sé hægt að aka um hann með eðlilegri varkárni og X hafi verið kunnugt um ástandið. V bendir á að M sjálfur beri um að ástand Sogavegar hafi verið slæmt og hafi honum því borið að sýna varkárni við aksturinn. Einnig bendir V á að ekki sé sannað að það hafi komið til meira tjón í seinna tjónsatvikinu heldur en það sem kom í því fyrri.

**Álit.**

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðbótaábyrgð vegna tjóns á bifreið hans og að það megi rekja til þess að vegur sem er á ábyrgð X hafi verið í þannig ástandi að tjónshætta hafi verið til staðar. Varðandi fyrri tjónstilvikið verður ekki talið sannað að starfsmenn X hafi vitað af holunni þegar M ók í hana þann 20. júlí sl. Hvað varðar seinna atvikið þann 25. ágúst sl., verður að meta aðstæður sérstaklega m.t.t. þess mats sem lagt var á aðstæður af hálfu starfsmanna X. Í því skyni kannaði nefndin aðstæður á vettvangi. Við þá könnun var ekki talið sýnt að holan væri það stór og djúp að hún skapaði sérstaklega tjónshættu, þrátt fyrir orðalag í lögregluskýrslu þar um. Verður með hliðsjón af því ekki talið sannað að tjón á bifreið M megi rekja til aðstæðna eða atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 347/2015****M og****vátryggingafélagið V v. frítímaslysátryggingar fjölskyldutryggingar.****Maður slasast á ferðalagi. Skerðing bóta vegna aldurs þ. 14.5.2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags.28.9.2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 30.9.2015.
4. Bréf V dags. 5.10.2015.

**Málsatvik.**

M slasaðist á ferðalagi í Noregi og varð óvinnufær um tíma vegna slyssins. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu eða niðurstöðu mats, þar sem M var metin til 15 stiga læknisfræðilegrar örorku og tímabundinnar missis starfsorku. Ágreiningurinn í málinu snýst um skerðingu á bótagreiðslum til M vegna aldurs hans. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og krefst þess að V greiði honum fullar bætur í samræmi við matsgerðina sem að ofan greinir á grundvelli þeirra fjárhæða sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini um tryggingu M og úrskurðað verði að óheimilt sé að skerða slysabætur vegna aldurs tjónþola bæði hvað varðar lækun örorkubóta vegna aldurs og afnám bóta vegna tímabundins missis starfsorku vegna aldurs. M byggir á því að líkamstjónið sem hann varð fyrir hafi orðið í svokölluðum vátryggingaratburði skv. g. lið 62. gr. og 63. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Afleiðingar slyssins falli undir II. hluta laganna, sem fjalli um persónutryggingar, en þar komi ekki fram heimild til að lækka bætur vegna aldurs eða útiloka þær alfarið. Þá segir M að tryggingarskírteinið sanni að samið hafi verið um gildissvið frítímaslysátryggingarinnar á þann veg að kærandi ætti rétt á fullum bótum skv.tryggingunni í samræmi við afleiðingar slyssins, ef hann yrði fyrir líkamstjóni sbr. 70. gr. laga um vátryggingarsamninga og hafi V verið óheimilt að semja sig undan tryggingunni eins og hún er tilgreind í vátryggingarskírteini. M byggir jafnframt á því að eina undanþáguákvæðin sem heimil séu skv. lögum um vátryggingarsamninga séu í XIII. kafla laganna og vísar sérstaklega til gr. 86-89 í lögnum, sbr. 63. gr. Þá vísar M einnig til greinargerðar með frumvarpi til laganna, einkum varðandi kafla XIII. og 61. gr. M segir málsástæður sínar byggja á lögmætisreglunni eða „lagaáskilnaðarreglunni“ og skýra lagaheimild þurfi til grundvallar hvers konar takmörkunum á réttindum manna. Þá byggir M á því að skilmálaákvæði vátryggingarsamnings séu ósanngjörn og V hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni með fullnægjandi hætti og vísar M sérstaklega til 36. gr. og 36. gr. a, b og c laga nr. 7/1936 lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, og segir að í tryggingarskírteini séu ekki upplýsingar um þau undanþáguákvæði sem V byggir á og því verði ekki séð að V uppfylli skilyrði 64. gr. laga nr. 30/2004. Þá verði einnig til þess að líta að mati M að skilmálaákvæðin sem V byggir á séu ósanngjörn og stríði auk þess gegn góðum viðskiptaháttum og því beri að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar M til meginreglna neytendaréttar og vísar í því sambandi til greinar 6.5. og fleiri lagagreina í greinargerð með frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga. Þá segir M að tryggingin sem hann hafi haft hjá V hafi verið gölluð vara og gallinn hafi ekki komið í ljós fyrr en M hafi slasast og því megi hafa hliðsjón af 5. gr.laga nr. 57/2005 lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá byggir M á að V geti ekki hagað sér að eigin vild varðandi skilmála sem félagið semji sér til handa og vátryggingafélög beri ákveðna samfélagslega skyldu og beri að hafa hagsmuni hins vátryggða í heiðri. Þá vísar M til jafnræðisreglu laga um að allir skuli hafa sama rétt og réttarskerðing sem sú sem V beiti M falli undir 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, sbr. breytingu með 3. gr. l.nr. 97/1995 sbr. greinargerðina með téðri 3.gr. Þá segir M að aldur geti fallið undir ákveðið líkamlegt ástand. M byggir á að krafa sín sé varin af 65. gr. stjórnarskrárinnar og einnig 72. gr. hennar. Þá byggir M á því að krafa hans teljist til eignarréttinda sem njóti verndar 72. gr.stjórnarskrárinnar.



V segir að félagið hafi viðurkennt bótaskyldu og hafi M tekið við bótum með fyrirvara um lækun vegna aldurs. V telur að vísa eigi málinu frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sbr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar þar sem ágreiningur í málinu snúist um fjárhæð bóta og V samþykki ekki að úrskurðarnefndin úrskurði um það í þessu máli. V mótmælir að öðru leyti öllum málsástæðum M. Þá tekur V fram að í váttryggingaskírteini sé vísað til skilmálanna sem gildi um váttrygginguna sbr. það sem segir í 70. gr. laga um váttryggingasamninga og hafi M átt að vera kunnugt um efni skilmálanna og þeirrar verndar sem M kaus að kaupa með umræddri tryggingu og vísar V í því sambandi til dóms Hæstaréttar í málinu 30/2004.

### **Álit.**

Ágreiningur í máli þessu varðar heimild V til að skerða bætur til M vegna aldurs. Ekki er fallist á það með V að ágreiningur í máli þessu snúist um fjárhæð bóta og því beri að vísa því frá úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum á grundvelli 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina. Málið varðar túlkun á samningsskilmálum og ákvæðum laga um váttryggingarsamninga auk annarra málsástæðna sem lögmaður M vísar til varðandi þá kröfu M að ekki komi til skerðingar bóta vegna aldurs hans. Málið er því tekið til efnislegs úrskurðar.

Í váttryggingarskilmálum kemur fram með ótvíræðum hætti hvaða ákvæði gilda um skerðingu bóta vegna aldurs tjónþola. Þau ákvæði eru skýr. Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 koma ekki í veg fyrir að váttryggingafélög setji þeirri áhættu sem þau taka með váttryggingarsamningi ákveðin mörk í váttryggingarskilmálum. Skilmálar V hvað varðar skerðingu bóta vegna aldurs eru almenn og því ekki eðlisólík þeim sjónarmiðum sem lög um skaðabætur nr. 50/1993 byggja á sbr. 4. og 6. gr. laganna, svo dæmi sé tekið. Ekki er fallist á málsástæður, rök eða þau sjónarmið, sem M byggir á í málinu. Ekkert í lögum eða sjónarmiðum varðandi neytendarétt, stjórnarskrá eða annað sem lögmaður M vísar til kemur heldur í veg fyrir að V geti sett ákvæði eins og þau um skerðingu bóta, miðað við aldur, með þeim hætti sem fram kemur í váttryggingarskilmálum. M á því ekki rétt á frekari bótageiðslum vegna slyssins sem hann varð fyrir 14.5.2014.

### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari greiðslum frá V.

Reykjavík 20.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 348/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ slysáttryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um hvort réttur til bóta sé fallinn niður sökum þess að krafa um bætur hafi komið fram of seint.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 15.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 28.9.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 11. júní 2013 ók M bifreiðinni A út af á Breiðholtsbraut við Stekkjarbakka í Reykjavík. Hún leitaði samdægurs á bráðalækningadeild Landspítalans. Í læknabréfi frá deildinni vegna þeirrar komu segir að M hafi greinst með tognun og ofreynslu á háls hrygg, brjóst hrygg og lendahrygg. Hún sé með þekkta vefjagigt og hafi lent í umferðaróhappi fimm árum áður. Hún fékk ráðleggingar um endurmat hjá heimilislækni eftir tvær vikur. Hún hafi verið í endurhæfingu vegna vefjagigtar og var M eindregið hvött til að halda henni áfram.

Síðar á slysárinu leitaði M á sjúkrahúsið og var þar til meðferðar vegna annarra sjúkdómseinkenna en þeirra sem hún rakti til slyssins 11 júní 2013.

Hinn 2. júlí 2015 kom M til skoðunar hjá bæklunarlækni. Kvaðst hún þá búa við verki frá hálsi, brjóstbaki og mjóbaki. Eftir slysið 2013 hafi verkir frá hálsi versnað mikið, en fyrir slysið hafi hún ekki fundið fyrir verkjum frá brjóstbaki eða mjóbaki. Var álit læknisins að afleiðingar slyssins hafi háð M bæði í leik og starfi.

A var váttryggð hjá V, þ. á m. slysáttryggingu ökumanns. Slysið var tilkynnt V 18. ágúst 2015 eða rúmum tveimur árum og tveimur mánuðum eftir að slysið varð. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem atvikið hafi verið tilkynnt félaginu of seint, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.).

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Þótt nokkur tími hafi liðið frá slysinu uns það var tilkynnt V, eins og að ofan greinir, verður með engu móti ráðið af gögnum málsins að ári áður en slysið var tilkynnt, eða í ágúst 2014, hafi M vitað um þau atvik sem krafa hennar er reist á eins og áskilið er skv. 1. mgr. 124 gr. vsl. Af þeirri ástæðu verður ekki talið að hún hafi glatað rétti til bóta að því marki sem hún hefur orðið fyrir varanlegu líkamstjóni af völdum þess. M telst því eiga rétt til bóta úr slysáttryggingu ökumanns A hjá V.

**Niðurstaða.**

M, Björg Hákonardóttir, á rétt á bótum úr slysáttryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík, 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 349/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Sönnun tjóns vegna notkunar ökutækis 3. júlí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 24. september 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf V2 dags. 5. október 2015 ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi orðið fyrir tjóni þegar hann ók um Norðurlandsveg við Laugarbakka. M lýsir atvikum þannig að hann hafi verið á leið í norður átt þegar bifreið B hafi verið ekið fram úr honum á talsverðum hraða þannig að grjót og aur kastaðist í bifreið hans. M kveðst hafa verið á um 50 km/klst hraða en telur að bifreið B hafi verið ekið a.m.k. á 80 km/klst hraða. Að sögn M varð tjónið á vegarkafli þar sem verið var að leggja nýja klæðningu á veginn og hámarkshraði hafði verið lækkaður í 50 km/klst hraða. Í lögregluskýrslu kemur fram að tjón hafi verið á vinstra afturljósi bifreiðar M og lakkskemmdir á vinstri hlið hennar þegar M tilkynnti um atburðinn. Bifreið B er bílaleigubifreið í gögnum málsins liggur fyrir tölvupóstur frá ökumanni hennar á umræddum tíma. Hann kveðst hafa ekið á um 40 km/klst hraða á þeim slóðum sem M vísar til og kveðst muna eftir bifreið af sömu tegund og lit og bifreið M á eftir sér en ekki hafa orðið var við skemmdir.

V1 telur að sannað sé að tjón á bifreið A sé hægt að rekja til notkunar bifreiðar B og vísar til þess að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi staðfest að hann hafi verið á vettvangi og að stutt hafi verið á milli bifreiðar hans og bifreiðar A. M hafi strax tilkynnt um tjónið til lögreglu auk þess sem hann hafi reynt að ná tali af ökumanni bifreiðar B vegna tjónsins.

V2 telur hins vegar að ósannað sé að tjón sé hægt að rekja til notkunar bifreiðar B. Ökumaður bifreiðar B hafi neitað að hafa orðið var við grjótkast, ekki séu vitni af atvikinu, bifreið M sé níu ára gömul og því sé ekki hægt að fullyrða að tjón sé vegna atviks 3. júlí 2015 auk þess sem M beri sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans megi rekja til notkunar bifreiðar B.

**Álit.**

Af almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar má leiða að sá sem heldur því fram að tjón hafi orðið vegna notkunar annarrar bifreiðar verður að sanna að svo sé. Í máli þessu liggja skýrslur ökumanna fyrir. Þeim ber ekki saman um að tjón hafi orðið með þeim hætti sem M ber um. Ekki verður hægt af gögnum málsins að fullyrða að tjón hafi orðið á bifreið M sem rekja má eingöngu til notkunar bifreiðar B. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður M að bera.

**Niðurstaða.**

M ekki á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V2.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 350/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ fjölskyldutryggingar.**

**Tjón á innbúi 3. nóvember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 27. september 2015.
3. Athugasemdir M með bréfi dags. 28. september 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að lögregla hafi verið kölluð á vettvangi í hús á Sogavegi í Reykjavík þar sem tilkynnt hafði verið um innbrot. Í sömu lögregluskýrslu kemur fram að gluggi á suðurhlíð hússins hafi verið opnaður og stormjárn hans hafi verið brotið í sundur. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að taldar eru líkur á því að farið hafi verið inn í íbúð M með þeim hætti og fjarlægðir munir í hans eigu. Það kemur einnig fram í lögregluskýrslu að tiltekinn einstaklingur er grunaður um verknadinn en skv. frekari upplýsingum frá lögreglu í september 2015 var rannsókn málsins hætt vegna ónógra sannana þar um.

M telur að greiða eigi bætur úr innbútryggingu fjölskyldutryggingar hjá V og telur að sýnt sé með lögregluskýrslu að ákvæði 4.6 í vátryggingarskilmálum sé uppfyllt þar sem aðstæður á vettvangi hafi verið þannig að skýr og greinileg merki hafi verið þar um innbrot, þ.e. að í lögregluskýrslu komi greinilega fram að stormjárn á glugga hafi verið spennt upp. Það beri með sér skýr og greinileg merki um innbrot. Auk þess vísar M því á bug að brotið hafi verið gegn varúðarreglu í vátryggingarskilmálum, nánar tiltekið gr. 4.6 enda hafi íbúð verið læst og gluggi lokaður. Einnig vísar M á bug fordæmisgildi Hrd. 474/2006, sem vísað er til í bréfum V. M telur að þröng túlkun V á vátryggingarskilmálum sé ekki tæk og að öll skilyrði til greiðslu bóta séu fyrir hendi.

V telur að ummæli og umfjöllun í lögregluskýrslu bendi til þess að ekki séu skýr og greinileg merki um innbrot á vettvangi. V vísar því einnig á bug að í því orðalagi felist varúðarregla og vitnar til túlkunar nefndarinnar, í máli hennar nr. 180/20185, á sama ákvæði í vátryggingarskilmálum. V telur að nefndin túlki lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 ranglega eða misskilji efni þeirra og vísar til annarra ákvæða í skilmálum til samanburðar. Einnig vísar V til Hrd. 474/2006 sem fordæmis vegna túlkunar á sambærilegu ákvæði í vátryggingarskilmálum þar sem Hæstiréttur taldi ósannað að um skýr og greinileg merki um innbrot væri að ræða.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvernig eigi að túlka tiltekið ákvæði í vátryggingarskilmálum V. Nánar tiltekið er um að ræða gr. 4.6. sem segir að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum: „*Innbroti í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkalofthar. Vátryggingin bætir jafnframt innbrotshjófnað í sumarhús, hjólhýsi og veiðihús þegar búð er í þeim. Hámarksbætur í hverju innbrotstjóni í bifreið, einkabát og einkalofthar, bílskur og geymslu utan íbúðarhúsnæðis eru 5% af vátryggingarfjárhæð innbúsins, þó eru hámarksbætur vegna þjófnaðar á geisladiskum 1% af vátryggingarfjárhæðinni. Auk tjóns á vátryggðu innbúi bætir félagið skemmdir á íbúðinni sökum innbrotins, að undanskildum brotnum rúðum, með allt að 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Varúðarregla: Læsa ber tryggilega íbúðarhúsinu, bílum og öðrum þeim stöðum sem vátrygging þessi tekur yfir þegar þessir staðir eru mannláusir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum og krækja*

*aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.*“

Ákvæðið geymir því bæði orðalag sem lýtur að gildissviði sem og varúðarreglu. Það orðalag er sett fram með þeim hætti af hálfu V í stöðluðum samningsskilmálum váttryggingarinnar. Í þeim váttryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem geyma ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli váttryggingartaka og váttryggingafélags. Líta verður til ákvæðis gr. 4.6 í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í váttryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr.e. í lögnum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til váttryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli váttryggðan hlut. Varúðarregla í skilmálum V gefur þau fyrirmæli til M að hann læsi tryggilega t.d. bifreiðum og gangi þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum. Verða skilyrði um greinileg og ótvíræð merki um innbrot ekki skilin öðruvísi en að það séu í raun frekari fyrirmæli um geymslu innbús í skilningi 2. gr. laga um váttryggingarsamninga. Verða því tilvitnuð atriði í orðalagi gr. 4.6 ekki túlkuð öðruvísi en svo að þau séu í raun og í heild sinni *fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann á að geyma váttryggðan hlut, þ.e. varúðarregla* og fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um váttryggingarsamninga um 26. gr. laganna. Hér er um að ræða afstöðu nefndarinnar til umrædds ákvæðis eins og það kemur fyrir í váttryggingarskilmálum og fjallað hefur verið um í öðrum niðurstöðum hennar, t.d. máli nr. 180/2015. Þessi afstaða byggir ekki á misskilningi nefndarinnar heldur á túlkun hennar á því með hvaða hætti lög um váttryggingarsamninga setja hlutlægum ábyrgðartakmörkunum mörk.

Það er V í lófa lagið að orða váttryggingarskilmála sína með þeim hætti að gildissviðsákvæði váttrygginga sem þessara sé skýrt og að slík ákvæði feli ekki í raun í sér fyrirmæli til váttryggðs sem jafna má til varúðarreglna. Á meðan ákvæði í gr. 4.6 er orðað með þeim hætti sem greint hefur verið, verður það hins vegar talið svo nátengt fyrirmælum til váttryggðs að það feli í raun í sér varúðarreglu. Í Hrd. 474/2006 er fjallað um réttarástand í tíð eldri laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Verður hann því ekki talinn hafa fordæmisgildi vegna þessa máls sem gerist í tíð fyrrnefndra laga nr. 30/2004.

Við mat á því hvort M hafi brotið gegn varúðarreglu gr. 4.6 verður að líta til gagna málsins og að V ber sönnunarbyrði fyrir því að M hafi brotið gegn þeirri reglu. Í lögregluskýrslu kemur fram að við rannsókn á vettvangi hafi verið upplýst að brotið hafi verið úr festingu í gluggakarmi glugga, neðan við gluggafagið og greinilegt að stormjárn hafi verið spennt til. Þó ekki hafi fundist fingraför eða önnur för á vettvangi þykja fyrrnefnd ummerki benda eindregið til þess að farið hafi verið inn um lokaðan glugga auk þess sem ekkert hefur komið fram í málinu sem gefur til kynna að íbúð M hafi ekki verið læst eins og fyrirmæli varúðarreglunar gefa til kynna. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber V. Verður því fallist á greiðslu bóta úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar M.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 352/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.**

**Maður varð fyrir meiðslum í útsýnissiglingu þ. 6.7.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 21.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M var farþegi í útsýnissiglingu í skipi R og segir að öldugangur hafi verið verulegur og siglt hafi verið í tæpa klukkustund í verulegum öldugangi á miklum hraða þegar siglt hafi verið inn í stóra öldu og hafi M við það skallið hart niður í sætið sem hann hafði og fengið mikið högg sem leiddi til mikils sársauka í baki. M segir að slæmt hafi verið í sjóinn. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V og telur að starfsfólk R hafi farið á of mikilli ferð og ekki gætt öryggis farþega í umrætt sinn. Rannsóknarnefnd sjóslysa telur að orsök slyssins megi rekja til þess að keyrt hafi verið á of mikilli ferð með farþegana. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki verði byggt á niðurstöðu rannsóknarnefndar sjóslysa sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013. V segir að farið sé yfir öryggisatriði áður en sigling hefst með farþega og m.a. sé farþegum sem eru veilir í baki bent á að sitja aftast í bátum þar sem hreyfing bátsins sé minnst. V segir að auk þess hafi þeir sem fremst sátu verið spurðir að því hvort þeir treystu sér til þess að sitja fremst og hvort þeir væru veilir í baki eða hálsi. V segir að báturinn hafi farið á rólegum hraða og engin hafi meiðst nema M þegar báturinn lenti í stórrí öldu. Þá segir V að hvað veðurskilyrði varðar þá hafi verið siglt innan marka leyfis til þeirra farþegaflutninga sem um ræðir í málinu.

**Álit.**

M segir að hann hafi fengið leiðbeiningar vegna ferðarinnar áður en látið var úr höfn. Ekki hefur verið sýnt fram á að þær hafi verið ófullnægjandi, en ítarleg lýsing kemur fram hjá R með hvaða hætti farþegum voru veittar leiðbeiningar áður en lagt var úr höfn. Ekki hefur verið sýnt fram á að leiðbeiningar R hafi verið ófullnægjandi. Þá liggja ekki önnur gögn fyrir í málinu en þau sem benda til að veðurskilyrði hafi verið með þeim hætti að R hafi verið heimilt að fara í siglingu með farþega. Ekki er því sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V eða að slysið verði rakið til atriða sem starfsfólk R ber ábyrgð á.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 353/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega.**

**Maður slasaðist í umferðarslysi 25.2.2013. Tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-23
2. Bréf V dags. 22.9.2015.

**Málsatvik.**

M lenti í umferðarslysi 25.2.2013 og gerir kröfu um að fá greiddar bætur úr launþegatryggingu. Í slysinu viðbeinsbrotnaði M, 6 rifbein brotnuðu, lunga féll saman að hluta og loft var í brjóstholi. Slys M var tilkynnt formlega til V 3.3.2015. Af hálfu M er á það bent að hann hafi leitað til lögmanns í byrjun júlí 2013 vegna kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar og vegna munatjóns. M hafi leitað til lækis ítrekað á árinu 2013 og farið í sjúkrahjálfun. Af hálfu M er á það bent að 19. ágúst 2013 komi fram í samskiptaseðli lækis að M sé skánandi af sínum kvillum og 26. ágúst 2013 hafi M snúið til fyrra starfs síns og ekkert hafi bent til að hann gæti ekki sinnt því. M leitaði síðan ekki til lækis vegna afleiðinga slyssins fyrr en vorið 2014 að því sem kemur fram í málskoti hans og því hafi það verið í fyrsta lagi þ.17. mars 2014 sem M hafi getað gert sér grein fyrir að um varanlegt tjón hans gæti verið að ræða sbr. lækisvottorð sem gefið var út þann dag. V hafnar bótaskyldu úr slysátryggingu launþega og segir að tjónið hafi ekki verið tilkynnt innan ársfrests sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga eins og áður greinir. V bendir á að stöðugleikapunktur vegna slyssins hafi verið 26.8.2013 skv. matsgerð lækna frá 1.10.2014 og örorkunefndar frá 28.1.2015. V telur að á þeim tímapunkti hafi M mátt vera kunnugt um atvik sem krafa hans er reist á og þá hafi ársfresturinn skv. 1. mgr. 124. gr. vsl. byrjað að líða. V bendir á að fram komi í matsgerðunum að allt frá batahvörfum og fyrir þann tíma hafi M haft viðvarandi verki í vinstri öxl og skjálfta í vinstri hönd sem hafi átt það til að bólгна og verða blá auk annarra kvilla. V telur því fráleitt að halda öðru fram en að M hafi haft vitneskju um atvik sem hann gat reist kröfu sína á 26.8.2013 ef ekki þegar á slysdegi.

**Álit.**

Lækisfræðileg gögn benda til þess að þegar á árinu 2013 hafi M haft viðvarandi verki á ýmsum stöðum í líkamanum. Þá kemur einnig fram í matsgerð lækna og mati örorkunefndar að stöðugleikapunktur M hafi verið 26.8.2013. Auk þess gaf M lögmanni umboð til að sækja bætur fyrir sína hönd 1.7.2013, en samkvæmt umboðinu þá felur umboðið til lögmannsins í sér alla hagsmunagæslu vegna umferðarslyss 25.2.2013. Það bendir sterklega til þess að hann hafi haft vitneskju um atvik sem krafa hans er reist á og að þau atvik hafi komið fram á árinu 2013. V fékk ekki tilkynningu um slysið fyrr en 3.3.2015, en þá var ársfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 354/2015****M og  
vátryggingafélagið V1 v/ ferðarofstryggingarliðs fjölskyldutryggingar  
og  
vátryggingafélagið V2 v/ ferðatryggingarliðs greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um skyldu til endurgreiðslu kostnaðar við utanlandsferð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf V1, dags. 7.10.2015.
3. Bréf V2, dags 21.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 9. júlí 2014 keyptu M og eiginmaður hennar ferð til Spánar með brottför 17. júlí og heimkomu 28. júlí s.á. Ferðin var greidd með greiðslukorti. Hinn 19. júlí varð M fyrir skordýrabiti á hægri kálfa. Sár af völdum bitsins mun fljótt hafa orðið mjög ljótt vegna svæsinnar sýkingar og í nokkur skipti vitjuðu hennar lækna á hótelið sem hún dvaldist á og hreinsuðu þeir sárið og búðu um það. Af þessum sökum kveðst M ekki hafa getað farið í sund og orðið að dveljast meira og minna inni á hótelinu meðan á ferðinni stóð.

Kveður M ferðina hafa verið ónýta fyrir sig og eiginmann sinn. Hefur hún krafist endurgreiðslu ferðarinnar úr ferðarofstryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V1 og ferðatryggingarliðs greiðslukortatryggingar hjá V2. Bæði félög hafa hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt skilmálum ferðarofstryggingarliðs fjölskyldutryggingar V1 greiðir félagið andvirði orlofsferðar verði hún rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða vátryggður hafi legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann. Í greiðslukortaskilmálum V2 er ákvæði þess efnis að félagið greiðir hlutfallslega allt að kr. 360.000 af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs fyrir þann hluta ferðarinnar sem vátryggður getur ekki notað vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.

Þótt ekki sé um það deilt að M hafi fengið alvarlega sýkingu í sár á fæti sínum með þeim áhrifum að hún fékk ekki þau not af ferðinni sem stefnt hafði verið að, liggur engu að síður fyrir að M fór ekki heim samkvæmt læknisráði fyrr en ráðgert hafði verið og hún lá ekki á sjúkrahúsi vegna sýkingarinnar. Skilyrðum til endurgreiðslu ferðakostnaðar var því ekki fullnægt, hvorki samkvæmt vátryggingarskilmálum V1 né V2. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr umræddum vátryggingum hjá V1 og V2.

**Niðurstaða.**

M, Þóra Björg Grettisdóttir á ekki rétt á bótum úr ferðarofstryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V1 eða ferðatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V2.

Reykjavík, 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 355/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

**Vinnuslys við affermingu flutningavagns 8. apríl 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. október 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu vegna slyssins kemur fram að unnið hafi verið við „að afferma álprófilabúnt af flutningabifreið sem var á vettvangi“. Fram kom að starfsmaður fyrirtækisins Z hafi verið á lyftara og kvaðst hann „ætla að taka tvö búnt af vagninum en hafi óvart farið með gaffla lyftarans undir búnt sem lá samsíða því fyrra með þeim afleiðingum að það féll niður vinstra megin á götuna.“ Umræddur stjórnandi lyftarans var ekki með réttindi til að stjórna lyftara. M er starfsmaður X. Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til beitingar gaffla lyftarans, þess að M hafi verið nærri vagni þegar byrði féll af honum auk þess sem stjórnandi lyftarans hafi ekki verið með vinnuvélaréttindi. Einnig gerir Vinnueftirlitið í skýrslu sinni kröfur á fyrirtækið Áglugga og hurðir ehf. um ger skriflegrar áætlunar um heilbrigði og öryggi sem og vinnuvélaréttindi lyftarastjórnaenda. Einnig er vísað til skyldur vinnuveitenda til samstarfs þegar fleiri en einn atvinnurekandi hefur sömu starfsstöð.

M telur að X sem vinnuveitandi M hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir á vettvangi til að minnka hættu á tjóni og vísar um það til skýrslu Vinnueftirlitsins um skort á áhættumati og ábendingar um úrbætur. Einnig vísar M til nokkurra ákvæða í lögum nr. 46/1980 um skyldur atvinnurekenda til að gæta öryggis starfsmanna sinna. M vísar einnig til reglugerðar 367/2006 máli sínu til stuðnings sem og að skýra verðir vinnustað M með víðtækum hætti og skyldur X þar með, með vísan til 41. gr. laga nr. 46/1980.

V vísar til þess að skriflegt áhættumat hafi verið fyrir hendi hjá X enda sé tilmælum einungis beint að Ágluggum og hurðum hvað varðar þann þátt í skýrslu Vinnueftirlitsins. Einnig vísar V til þess að ákvæði laga nr. 46/1980 um samstarf séu almenn og verði ekki séð að X geti borið ábyrgð á aðstæðum þar sem það er starfsmaður Z sem stýrir lyftara og veldur tjóni með þeim hætti sem greint er í lögregluskýrslu. Slysið verði einungis rakið til þess en ekki ábyrgðar X.

**Álit.**

Í málinu er nokkuð ljóst að M verður fyrir tjóni vegna þess að byrði á flutningavagni, sem hann stendur við, féll af vagninum sökum háttsemi stjórnanda lyftarans. Umræddur stjórnandi var ekki starfsmaður X í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð og telst X því ekki bera skaðabótaábyrgð vegna háttsemi hans. Verður heldur ekki talið sannað X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 eða reglugerðum þeim tengdum. Fyrirmæli í skýrslu Vinnueftirlitsins beindust með beinum hætti að öðru fyrirtæki en X og verða skyldur X ekki túlkaðar með það víðtækum hætti að X teljist hafa brotið gegn skráðum eða óskráðum háttennisreglum.

**Niðurstaða.**

M ekki á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 356/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur í Krókavaði 13. júní 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 26. september 2015 ásamt gögnum sem lögð voru fyrir Tjónanefnd vátryggingarfélaganna og niðurstaða hennar og niðurstaða endurupptöku málsins.
3. Bréf V2 dags. 5. október 2015 ásamt gögnum, yfirlitsmynd af vettvangi og gögnum sem lögð voru fyrir Tjónanefnd vátryggingarfélaganna.
4. Bréf M dags. 22. október 2015

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla sem lýsir því að árekstur hafi orðið milli bifreiða A og B í götunni Krókavaði. Nánar tiltekið varð árekstur á litlum kafla götunnar þar sem ekki eru fyrir hendi sérstakar akreinaamerkingar. Af myndum af dæma má einnig ætla að þessi hluti götunnar sé frekar þröngur. Í lögregluskýrslu kemur fram að M, ökumaður bifreiðar A, kveðst hafa ekið inn Krókavað þegar hann segir að ökumaður bifreiðar B hafi komið á móti honum á öfugum vegarhelmingi og hafi honum fundist ökumaður bifreiðar B vera að tala í símann þegar árekstur varð. Í sömu lögregluskýrslu kemur síðan fram að ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið löturhægt frá Krókavaði 4 þegar bifreið A hafi komið á talsverðri ferð og ekið utan í bifreið B og vísar einnig til þess að það sé „almenn hægri regla í götunni“.

M gerir grein fyrir því í málskoti og öðrum gögnum að hann telji árekstur rakinn til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt og inn á öfugum vegarhelmingi utan í bifreið A og eigi þar með að bera alla sök. M vísar til mynda af vettvangi þar sem hann segir bifreið sína hafa verið kyrrstæða þegar árekstur varð og sýni myndir því nákvæma staðsetningu hennar þegar áreksturinn varð. Þar megi sjá að hann hafi ekið eins langt til hægri og honum var mögulegt sem og að við áreksturinn hafi mold farið úr stuðara á götuna og sýni því nákvæma staðsetningu hans. Auk þess vísar M til þess að ákoma á hans bifreið (A) hafi verið á afturstuðara en ákoma á bifreið B hafi verið eftir endilangri hlið hennar sem sýni að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. M vísar sérstaklega til mynda frá vettvangi máli sínu til stuðnings.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að myndir í lögregluskýrslu sýni með greinilegum hætti hvar árekstur varð og styðji einnig að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð en bifreið B hafi verið ekið til vinstri inn á vegstubbinn og sveigt síðan til hægri og svo aftur til vinstri og við það hafi árekstur orðið. Þess vegna eigi að leggja alla sök á árekstrinum á ökumann bifreiðar B.

V2 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna og telur ósannað hver nákvæm staðsetning bifreiða var þegar áreksturinn átti sér stað. V2 telur óumdeilt í málinu að báðar bifreiðar hafi verið á hreyfingu þegar árekstur varð og telur ákomur sýna að bifreið B hafi verið komin í beina akstursstefnu þegar áreksturinn varð. Þannig sé ekki hægt að miða við málflutning M í málskoti og telur í raun m.v. að það halli frekar á M vegna þess að hann hafi ætlað að beygja til vinstri og þannig ætlað að skera vegstubbinn sem áreksturinn varð á.

**Álit.**

Af skýrslum ökumanna í málinu má ráða að nokkur ágreiningur er á milli þeirra um atvik áður en árekstur varð. M ber um að bifreið B hafi verið á öfugum vegarhelmingi á meðan ökumaður bifreiðar B telur að M hafi ekið hratt. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi sem teknar eru eftir áreksturinn og fylgja lögregluskýrslu. M byggir á því að ljósmyndirnar sýni stöðu bifreiðar A þegar árekstur varð. Við mat á því hvort sannað sé hvar árekstur varð verður að líta til þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir. Í lögregluskýrslu kemur ekki fram hvort ökumenn hafi verið spurðir sérstaklega um stöðu bifreiðanna þegar árekstur varð og það kemur því ekki skýrt fram í

lögregluskýrslu hvort bifreiðarnar hafi verið færðar til eftir áreksturinn eða hvort þeim hafi verið ekið áfram eftir hann. Framburður M um að bifreið hans hafi ekki verið hreyfð hefur því ekki nægilega skýra stoð í lögregluskýrslunni sjálfri. Verða þess vegna ekki dregnar afgerandi ályktanir af staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn átti sér stað af umræddum myndum og heldur ekki af mold eða óhreinindum sem sjást á myndum en ekkert er minnst á í lögregluskýrslu að kannað hafi verið hvaðan þau komu. Þegar lítið er til framburða hvors ökumanns um sig í lögregluskýrslu verður heldur ekki dregin afgerandi ályktun um staðsetninguna þegar áreksturinn varð en báðir ökumenn bera hinn sökum um óvarlegan akstur við erfiðar aðstæður. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið sannað hvar árekstur varð á akbrautinni og ekki nægilega sannað heldur að hann megi rekja til óvarlegs aksturs annars frekar en hins, en þeim bar báðum að sýna hinum tillitssemi skv. fyrirmælum 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður sök því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík 17. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 357/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.**

**Steinn skaust undan sláttuvél og lenti á bifreið 16.7.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18.9.2015 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags.7.10.2015

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni eftir Breiðumörk í Hveragerði þegar grjót skaust frá sláttutraktor sem var að slá grasið meðfram götunni. M telur að sláttumaðurinn hafi átt að geta séð grjótið vegna þess að það hafi verið það stórt og grasið hafi ekki verið hátt. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu S, en V hafnar bótaskyldu og telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða og tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi S eða aðila sem S beri ábyrgð á. V telur ósannað að starfsmaður S hafi vitað af grjótinu sem skaust í bifreið M í grasinu. V heldur því einnig fram að sláttumaðurinn hafi ekki vikið frá því sem eðlilegt verði að telja varðandi garðslátt og vélin sem notuð var hafi ekki verið vanbúin.

**Álit.**

Í gögnum málsins er ekkert sem bendir til þess að starfsmaður S sem vann við slátt í umrætt sinn hafi vitað eða mátt vita af grjótinu sem skaust undan sláttuvélinni á bifreið M eða hagað slætti með þeim hætti að felld verði sök á S. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 358/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins A**  
**og vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins B.**

**Árekstur við gatnamót á Furulundi 30. ágúst 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 25. september 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf V2 dags. 12. október 2015 ásamt gögnum.
4. Tölvupóstur M dags. 13. október 2015.

**Málsatvik.**

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna, sem báðir undirrita, kemur fram að ökumaður ökutækis A hafi verið kyrrstæður en ökutæki B hafi verið ekið til vinstri þegar árekstur varð. Af gögnum málsins má ráða að almennur umferðarréttur sé á vettvangi, þ.e. að ökumaður ökutækis A hafi átt að víkja fyrir ökutæki B, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á bakhlið tjónstilkynningar segir ökumaður ökutækis B að ökumaður „náði að stöðva“ áður B lenti á honum. Ökumaður ökutækis A segist hafa stöðvað við gatnamótin, með því að setja báða fætur niður á götu og hafi B þá verið ekið á hann. Af myndum af vettvangi má ráða að ökutæki B hafi verið ekið í mjög þrönga vinstri beygju og að bifreið hafi verið lagt við gatnamótin.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum fyrir að fara inn á öfugan vegarhelming, taka mjög þrönga vinstri beygju án þess að gæta að umferð og með því að aka á ökutæki A þar sem það var kyrrstætt.

V1 tekur undir sjónarmið M og vísar til þess leiðir ökumanna hafi ekki verið þannig að þær væru farnar að skerast í ljósi þess að ökumaður ökutækis A var búinn að stöðva og virða þannig forgang gagnvart umferð um gatnamótin skv. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

V2 mótmælir ekki að ökumaður ökutækis B hafi tekið of þrönga vinstri beygju og þannig brotið gegn 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Félagið telur hins vegar að árekstur verði einni rakinn til þess að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi ekki gætt nægilega að umferð frá hægri í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og telur að leggja eigi hluta sakar á M vegna þess. V2 vísar til nokkurra fyrri úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings og telur með vísan til þeirra að almennt eigi að skipt sök þannig við árekstur á gatnamótum að sá sem taki of þrönga vinstri beygju beri meginhluta sakar en þriðjungur sakar lendi á ökumanni sem hefði átt að veita umferð forgang.

**Álit.**

Ágreiningur í málinu snýr fyrst og fremst að því hvort M, sem ökumaður bifreiðar A, eigi að bera sök á árekstri við bifreið B þar sem ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð frá hægri forgang í samræmi við fyrirmæli 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Þess ber fyrst að geta að það verður að skoða aðstæður og gögn í hverju máli sérstaklega. Þegar hér er litið til mynda af vettvangi og stöðu ökutækja, ásamt lýsingum beggja ökumanna í gögnum málsins, verður að telja sannað að ökumaður ökutækis A (M) hafi stöðvað ökutækið áður en árekstur varð. Það kemur fram á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita, það kemur fram hjá báðum ökumönnum á bakhliðum tjónstilkynningar og fær skýra stoð í myndum sem teknar voru af vettvangi áreksturs. Með hliðsjón af þessu telst M sem ökumaður ökutækis A hafa virt forgang þann sem ökutæki B hafði vegna aksturs um gatnamótin en áreksturinn eingöngu rakinn til þess að ökumaður þess ökutækis gætti ekki að ákvæðum 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga um að taka vinstri beygju með réttum hætti. Öll sök leggst því á ökumann ökutækis B.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík 3. nóvember 2015.  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 360/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala og lögmanns.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meintra mistaka við uppgjör greiðslu vegna sölu fasteigna.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.10.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A er starfandi lögmaður og hafði einnig starfað sem fasteignasali. Vegna þessara starfa hafði hann í gildi starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V tímabilið 9. júlí 2013 til 31. mars 2014. Frá 1. janúar 2014 hefur hann enn fremur haft í gildi starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá sama félagi.

Hinn 16. maí 2013 annaðist A gerð makaskiptasamnings á milli M og B, þar sem M seldi B eignina D í Reykjavík og keypti af B eignina E á Seltjarnarnesi. Í tengslum við þessi fasteignaviðskipti gerðu M og þáverandi eiginmaður hennar (F), en þau höfðu þá slitið samvistum, með sér sérstakt samkomulag, dags. 16. maí 2013, varðandi ráðstöfun fjármuna sem virðast hafa átt að vera til skipta á milli þeirra eftir fasteignaviðskiptin. Í samkomulaginu er vísað til áætlunar um uppgjör vegna D, einnig dagsett 16. maí 2013. Í samkomulaginu segir að samkvæmt áætluninni geti „mismunur til seljenda verið u.þ.b. kr. 14.000.000“ og skyldi „mismun þeim sem eftir stendur að uppfylltum öllum nauðsynlegum greiðslum“ ráðstafað þannig að 3.400.000 skyldu greiddar inn á reikning M og „því sem eftir stendur“ skyldi ráðstafað inn á reikning mannsins. Fór svo að við uppgjórið vegna D munu F hafa verið greiddar 7.800.000 krónur.

Á D hvíldi veðlán frá Íbúðalánasjóði sem hinn 11. apríl 2013 var að eftirstöðvum 23.495.000 krónur, en þá var sótt um það til sjóðsins að veðið yrði flutt af D yfir á E. Samkvæmt verðmati sem gert var fyrir Íbúðalánasjóð, dags. 30. apríl 2013, var verðmæti E talið nema 21.500.000 krónum og með vísan til reglna sjóðsins taldi hann veðhæfi eignarinnar einungis nema 80% af verðmætinu eða 17.200.000 krónum. Þyrfti því lækka eftirstöðvar lánsins niður í þá fjárhæð svo af veðflutningnum gæti orðið.

Kveður M að A hafi vitað af þessari afstöðu Íbúðalánasjóðs þegar hann hafi útbúið samninginn milli sín og F 16. maí 2013, en M kveður að það hafi verið „fyllilega ljóst að upphæð þess láns sem flutt yrði á [E] myndi að hámarki nema 17.200.000 krónum. Þetta var ein af grundvallarforsendum samningsins og afmarkaði þá ábyrgð sem [M] tókst á hendur samkvæmt samningnum.“ Telur M sig hafa orðið fyrir tjóni með því að A hafi innt af hendi fyrrgreinda greiðslu að fjárhæð 7.800.000 krónur til F, en hefði með réttu átt að nýtast til að greiða niður lán Íbúðalánasjóðs sem flutt var á E í samræmi við upphaflegan fjárskiptasamning og þær forsendur sem hann byggðist á. Bú F hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og hafi búskiptum lokið í mars 2014 án þess að greiðslur fengjust upp í lýstar kröfur. Þá hafi endanlega orðið ljóst að M gæti ekki endurheimt þá fjármuni sem A hafi ranglega greitt til F. Telur M að með þessu hafi A bakað sér skaðabótaábyrgð og hefur hún krafist bóta úr fyrrnefndum starfsábyrgðartryggingum A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt samkomulagi því, sem M og F gerðu sín í milli 16. maí 2013 og A virðist hafa útbúið, er þess hvergi getið berum orðum að lánið hjá Íbúðalánasjóði skyldi einungis vera að eftirstöðvum 17.200.000 krónur þegar veðið yrði flutt á E, né heldur að það hafi verið ein af grundvallarforsendum samningsins og afmarkaði þá ábyrgð sem M tókst á hendur samkvæmt samningnum. Í málinu hefur verið lögð fram svonefnd áætlun, dags. 16. maí 2013, undirrituð af M og F og virðist vera sú áætlun sem vísað er til í samkomulagi þeirra frá sama degi um uppgjör vegna D. Af skjali þessu verður ekki annað ráðið en einungis 4.500.000 krónum hafi átt að ráðstafa af kaupverði eignarinnar til greiðslu inn á lánið hjá Íbúðalánasjóði. Þá liggur fyrir í málinu skilyrt veðleyfi, dags. 16. maí 2013, þar sem M, sem þinglýstur eigandi D, heimilar B að veðsetja eignina til tryggingar nánar tilgreindu bankaláni. Var veðleyfið m.a. bundið því skilyrði að lánveitandinn greiddi upp vanskil á áhvilandi láni

Íbúðalánasjóðs, en ógreiddir gjalddagar til og með 1. maí 2013 voru sagðir nema u.þ.b. 4.500.000 krónum. Í framhaldinu yrði lánið svo flutt á E. Veðleyfið var undirritað bæði af M og F.

Hinn 3. maí 2013 var af hálfu Íbúðalánasjóðs útbúið skjal um flutning veðsins af D yfir á E. Í skjalinu mun hafa komið fram að lánið hafi þá verið að eftirstöðvum 27.753.149 krónum að meðtöldum vanskilum. Skjalinu var þinglýst á 1. veðrétti á E 10. júlí 2013 og veðböndum létt af D 16. sama mánaðar. Hefur Íbúðalánasjóður greint frá því að það hafi verið fyrir mistök starfsmanna sjóðsins að veðið til tryggingar allri skuldinni hafi verið flutt á E en ekki einungis til tryggingar 17.200.000 krónum eins og ákveðið hafði verið. Ákveðið var af hálfu sjóðsins að aðhafast ekki frekar vegna þessarar mistaka.

Svo sem fyrr getur er þess ekki getið berum orðum í samkomulagi M og F að frekari greiðslur hafi átt að renna til lækkunar skuldinni hjá Íbúðalánasjóði en fram kemur í áætluninni sem gerð var samtímis samkomulaginu, en samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir að 4.500.000 krónum myndu renna til sjóðsins. Í hinu skilyrta veðleyfi, sem einnig var útbúið sama dag, er gert ráð fyrir sömu fjárhæð til lækkunar skuldinni hjá Íbúðalánasjóði. Skjölín eru skýr hvað varðar þær greiðslur sem áttu að renna til Íbúðalánasjóðs. Framangreind mistök Íbúðalánasjóðs geta því engu breytt í þessu sambandi. Í ljósi þessa og að virtum gögnum málsins í heild verður ekki séð að stoð sér fyrir þeirri staðhæfingu M að það hafi verið grundvallarforsenda í samkomulagi hennar og F að einungis 17.200.000 krónum myndu hvíla á E þegar fasteignaviðskiptin væru að baki og hærri fjárhæð skuldarinnar ætti hún ekki að ábyrgjast. Af því leiðir að hún hefur ekki orðið fyrir neinu því fjártjóni sem hún getur krafist úr hendi A í formi skaðabóta. Þegar af þeirri ástæðu á hún ekki rétt á skaðabótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala né heldur starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá V.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á skaðabótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala eða starfsábyrgðartryggingu lögmanna sem A hefur eða hefur haft hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 361/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/slysátryggingar launþega X.**

**Líkamstjón við vinnu 3. júlí 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. október 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið við vinnu sína hjá X og hafi þar þurft að taka barn upp úr stól við þær aðstæður að það stóð matur í barninu. M lýsir því þannig í tjónstilkynningu að eitthvað hafi við það „rifnað“ í hægri öxl. Í læknisvottorðum er ýmist haft eftir henni að henni hafi fundist eitthvað „smella“ eða að eitthvað „gerðist“ í öxlinni. Síðan hefur hún haft einkenni frá öxlinni.

M telur að atvikið sem leiddi til líkamstjóns hennar sé utanaðkomandi í skilningi slyshugtaks vátryggingaréttar sem stuðst sé við í vátryggingarskilmálum V, sbr. gr. 1.4. M kveðst hafa fengið slynk á öxlina við að lyfta barni upp í flýti og sé það sambærilegt við aðstæður sem hafi verið taldar ná undir slyshugtakið t.d. í dönskum kærunefndarúrskurði þar sem það að lyfta hlut undir álagi eða pressu hafi verið talið til utanaðkomandi atviks.

V vísar til þess að hvergi í gögnum málsins komi fram að M hafi fengið slynk á öxlina, þ.e. hvorki í tjónstilkynningu né í læknisvottorði. Einnig vísar V til þess að niðurstöður danskrar kærunefndar séu ekki bindandi hér á landi og vísar til úrskurðar héraðs í máli nr. 305/2015.

**Álit.**

Í gr. 1.4 í skilmálum slysátryggingarinnar kemur fram að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Í lýsingum M af atvikinu er hægt að sjá að hún fann fyrir því að eitthvað gerðist í öxl hennar þegar hún tók barn upp úr stól en í gögnum málsins eru hins vegar ekki nokkrar upplýsingar um að það hafi verið vegna annars en hennar eigin hreyfingar. Lýsingarnar benda því eindregið til þess að líkamstjón M megi að rekja til innra ástands en ekki til utanaðkomandi atburðar eins og kveðið er á um í skilmálum slysátryggingarinnar. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysátryggingu launþega X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 362/2015****M og  
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A  
og  
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Gnitahéiði í Kópavogi við hús nr. 2 þann 29.6.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 29.9.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið aftur á bak út á Gnitahéiði úr innkeyrslum sem vísuðu hvor á móti annari. Rákust þá saman afturendi A og hægra afturhorn B. Á forsiðu sameiginlegrar tjónstilkynningar sem báðir ökumenn hafa undirritað er um tjónsatvik merkt varðandi A um að henni hafi verið ekið aftur bak úr kyrrstöðu frá vegkantí (reitir nr. 2 og 14) og varðandi B um að hún hafi verið kyrrstæð (reitir nr. 1).

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 0-5 km hraða á klst. og báðar bifreiðir hafi verið að bakka og bæði verið á ferð er þau rákust saman. Ökumaðurinn mótmælir því að B hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Ökumaður B hefur í meginráttum lýst tildrögum árekstursins á þann veg að B hafi verið lagt í almenningsbílastæði við Gnitahéiði. Hann hafi verið á leið að B er hann hafi séð til ferða A og að hún hafi verið stöðvuð „aðeins neðar“ til að hleypa farþega út. Eftir að hann hafði sest inn í B kvaðst hann hafa beðið eftir að A yrði ekið af stað, en ökumaður A hafi verið á tali við farþegann sem var að yfirgefa bifreiðina og stóð í innkeyrslunni. Hafi hann litið í báða hliðarspegla og aftur fyrir sig er hann hafi bakkað úr stæðinu. Að svo búnu hafi hann stöðvað B til að skipta um gír og er hann hafi litið í baksýnispegil hafi A enn verið kyrrstæð. Er hann hafi svo litið fram á við, og B enn verið kyrrstæð, hafi hann fundið högg í afturenda B.

Vitni, sem var farþegi í A, kvaðst hafa séð er A var ekið aftur á bak úr heimkeyrslu við heimili sitt. Á sama tíma hafi B verið bakkað úr stæði handan götunnar. Bæði ökutæki hafi verið á ferð er árekstur varð með þeim.

Ekki var gengið frá gerð tjónstilkynningar á árekstrarstað. Þess í stað hittust ökumenn á heimili eiganda A nokkrum dögum síðar. Kveður ökumaður B að ökumennirnir hafi ekki verið sammála um hvernig áreksturinn atvikaðist, en ökumaður A hafi sagst hafa litið í baksýnispegil.

Eigandi A kveður ökumann A ekki hafa fallist á að B hafi verið kyrrstæð þegar hann undirritaði forsiðu tjónstilkynningarinnar. Ökumenn hafi einungis verið að gera grein fyrir tjónsatvikum, hvor frá sínum sjónarhóli.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður að telja nægilega upplýst að ökumenn hafi ekki verið sammála um tildrög árekstursins er þeir gengu frá tjónstilkynningu nokkrum dögum eftir áreksturinn. Eins og hér stóð á verður ekki talið unnt að líta svo á að ökumaður A hafi með undirskrift sinni á tjónstilkynninguna viðurkennt fortakslaust að B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Hér verður við það að miða að ökumenn séu ósammála um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Báðir telja sig hafa séð til ferða hins á árekstraraugnablikinu. Ökumaður A kvað báðar bifreiðir hafa þá verið ferð, en ökumaður B kvað bifreið sína hafa verið kyrrstæða. Ekki er nægilega sannað í máli þessu að B hafi verið kyrrstæð í það langan tíma áður en árekstur varð að ökumaður A hafi getað varast hana í tæka tíð. Eftir atvikum öllum er ósannað að annar ökumaður eigi fremur sök á árekstrinum fremur en hinn. Ber því að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 363/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna**

**Líkamstjón sjómanns við störf 4.6.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 24.9.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-40
2. Bréf V dags. 22.10.2013.

**Málsatvik.**

M segist hafa slasast við störf sín um borð í fiskiskipi þegar hann var með pakkningar með beitu sem þurfti að kasta yfir beitingarvél til að koma þeim í beitingarkassa hinum megin við vélina og lag hafi komið á skipið, þegar hann hélt á einum kassanum og fékk M slink á sig, missti jafnvægið, datt og slasaðist. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna enda hafi slyshans orðið vegna utanaðkomandi atburðar. M segir að þar sem áverki hans hafi getað orðið með tvennum hætti hafi hann lýst því fyrir læknum annars vegar, að hann hafi verið að lyfta kössum í veltingi og fengið verk í öxl og hins vegar, að hann hafi dottið á beitingarvél. M segir rangt að hann hafi við komu til læknis þ.11.11.2013 neitað að hafa orðið fyrir áverka. V segir að félagið hafi samþykkt bótaskyldu á grundvelli tilkynninga frá útgerð skipisins sem M starfaði á, um að M hafi orðið fyrir slysi þ. 3.11.2013 þegar hann var að draga línu. V segir að síðar hafi verið óskað eftir frekari gögnum um líðan M og þegar þau hafi borist hafi m.a. verið staðfest að umrætt slyshafi ekki orðið þ. 3.11.2013 heldur 4.6.2013 sbr. skriflega staðfestingu skipstjóra skipisins. Þá vísar V til læknisvottorðs þ. 4. 6. 2013, þar sem M kvartar yfir sárum verk í vinstri öxl sem hann hafi fengið, þegar hann var að henda til kössum upp fyrir axlarhæð í talsverðum veltingi. V segir að í læknisvottorði frá 11.11.2013 að M hafi verið slæmur í vinstri öxl í tvo og hálfan mánuð, en neiti áverka. V segir að á grundvelli þessara nýju upplýsinga hafi félagið tekið málið til endurskoðunar og ljóst sé að M hafi ekki lent í slysi þ. 3.11.2013 heldur sé krafist bóta vegna slyss sem varð 4. júní en hafi ranglega verið tilgreint að hafi orðið í nóvember 2013. Þá segir V að sú lýsing að M hafi orðið fyrir slysi þegar hann var að henda til beitu, sé ekki í samræmi við fyrstu skráningu á atvikinu og engin samtímaskráning liggja fyrir um slysið M. Yfirlýsing skipstjóra hafi verið lögð fram löngu síðar og samræmist hvorki fyrstu skráningu læknis né lýsingu M við fyrstu komu til læknis eða næstu komu þ.11.11.2013. V telur ósannað að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M.

**Álit.**

Fyrir liggja í málinu misvísandi lýsingar á því hvenær M varð fyrir áverka á vinstri öxl og með hvaða hætti það varð. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorðum og yfirlýsingu skipstjóra er tjónsatvikinu og afleiðingum þess lýst með ólíkum hætti. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ósannað að M hafi orðið fyrir áverkanum þ. 4.6.2013 vegna utanaðkomandi atviks. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna vegna atviksins þ. 4.6.2013.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna.

Reykjavík 10.11.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 364/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar N.**

**Kona datt niður stiga og slasaðist 26.7.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-24
2. Bréf V dags. 12. október 2015 ásamt myndum af vettvangi.

**Málsatvik.**

M var á ættarmóti í húsi í eigu N, sem er fyrrum býli sem nú er leigt út til hópa gegn greiðslu. M var að ganga um stiga sem er milli hæða í húsinu þegar hún datt og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu N og byggir á því að stiginn sem um ræðir sé hættulegur og vanbúinn og segir M að samskonar slys hafi orðið árið 2011 og það sem kom fyrir M og stiginn sé óbreyttur. Um er að ræða langan og mjög brattan stiga. M segir að stigi eins og þessi yrði aldrei samþykktur í dag þar sem hann brjóti í bág við núgildandi byggingarreglugerð. Af hálfu M er því haldið fram að ekki sé um eigin sök hennar að ræða og ekkert í gögnum málsins bendi til þess. V viðurkennir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um fjórðung vegna eigin sakar. V segir að húseigandi hafi gert ýmsar ráðstafanir m.a. sett handrið og handriðslista við umræddan stiga beggja vegna hans og þá hafi verið sett upp áberandi aðvörunarskilti á stigahurðina sem þurfi að fara um til að komast að stiganum. V segir að stiginn sé ekki frábrugðinn því sem almennt megi gera ráð fyrir í húsum sem hafi verið byggð á þeim tíma sem umrætt húsnæði var byggt. V segir að M hafi verið að drekka áfengi um kvöldið og því hafi hún átt að gæta sérstakrar varúðar þegar hún gekk um stigann. Þá liggi fyrir að hné M hafi gefið sig þegar hún gekk niður stigann og M hafi sögu um slíkt. Mál vegna slyss í sama stiga var til meðferðar hjá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum árið 212 sbr. úrskurð nr. 440/2012. Þar segir um stigann: „*Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu mun sá hluti hússins þar sem stiginn liggur hafa verið byggður árið 1946. Stiginn liggur af efri hæð hússins niður í kjallara og er steinsteyptur og teppalagður. Í honum eru 10 þrep frá efri hæð niður á stigapall. Þar beygir stiginn í 90° til hægri þegar gengið er niður og ein trappa er svo af stigapallinum niður á kjallaragólfíð. Á gangi á efri hæð eru dyr með hurð þar sem gengið er niður stigann. Þröskuldur er í dyragættinni og stiginn tekur við í beinu framhaldi af honum. Breidd stigans frá vegg að handriði er 80 cm og handlisti áfastur veggnum liggur meðfram stiganum frá efri hæð niður á stigapallinn. Af fyrirliggjandi ljósmyndum sést að hurðin í dyragættinni á efri hæðinni leggst að veggnum þegar dyrnar eru opnaðar. Það veldur því að handlistinn efst við dyrnar kemur ekki að notum. Ganghæð stigans er vel yfir 220 cm, en yfir neðsta stigaprepinu fyrir ofan stigapallinn lækkar lofthæðin niður í 168,5 cm, en veggur og gólfplata efri hæðarinnar gengur þar þvert yfir stigann. Á sjálfum stigapallinum er loftæðin svo 186 cm. Þá segir í skýrslu lögreglunnar að þó svo að ganghæðin sé lægri yfir neðsta þrepinu hefur hún áhrif á þá sem ganga niður stigann einu til þremur þrepum ofar þar sem viðkomandi þurfa að byrja að beygja sig niður áður til að sleppa undir vegg-/gólfbrúnina. Halli stigans mældist 45°. Halli þrepa í ganglínu er mismunandi. Mestur halli er 1,5% og minnstur 0%, en meðalhali þrepanna tíu er 0,6%. Hæð og breidd þrepanna hafi verið mismunandi. Breiddin sé á bilinu 22,1 til 23,9 cm. Niðurstigið (hæð) hafi mælst mest 18,3 cm og minnst 15,2, en að jafnaði rúmlega 18 cm. Framstig þrepa hafi mælst á bilinu 18-20 cm, auk 4 cm útskots. Ekkert ljós mun hafa verið yfir stiganum sjálfum eða pallinum.*”

Fyrir liggur að úrbætur hafa ekki verið gerðar á stiganum frá árinu 2012 en hins vegar var komið upp viðvörun áður en gengið var um stigann. Stiganum er samt sem áður ábótavant og hefur sömu hættueiginleika og að ofan getur.

Þá liggur fyrir að húsið sem um ræðir er leigt út til hópa og um það var að ræða í umrætt sinn. Sömu atriði eiga því við í þessu máli og því sem úrskurðað var um í máli 440/2012 sbr. það sem þar segir: „*Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og*

skemmtanahald eru gististaðir þeir staðir þar sem boðin er gisting til lengri eða skemmri tíma gegn endurgjaldi, svo sem á hótelum, gistiheimilum, í gistiskálum, íbúðum og sumarhúsum, með eða án veitinga. Í athugasemdum við 3. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 85/2007 segir að undir frumvarpið falli öll gisting sem boðin er til sölu á gististöðum eða sem heimagisting, gegn hvers kyns endurgjaldi og er þar með leyfisskyld. Einnig segir að með gistingu sé átt við hvers kyns gistingu, hvort sem er í sérstöku húsnæði sem hannað er til slíkrar starfsemi svo sem hótél, gistiheimili og gistiskálar eða á einkaheimilum sem afmarkast við lögheimili leyfishafa eins og það er skilgreint í lögum. Þá segir í athugasemdunum að undir lögum falli jafnframt útleiga íbúða, sumarhúsa og annars konar húsnæðis þar sem gisting er boðin gegn endurgjaldi. Af sjálfu lagaákvæðinu og hvernig það er skýrt í lagafrumvarpinu verður að telja að undir það falli hvers konar gisting gegn endurgjaldi í húsakynnum sem talin eru upp í lögnum. Ekki hefur verið andmælt þeirri staðhæfingu M að í umrætt hafi hún ásamt öðrum tekið íbúðarhúsið að A á leigu gegn endurgjaldi. Um gistinguna giltu því ákvæði laga nr. 85/2007, sbr. fyrrgreinda 1. mgr. 3. gr. laganna, svo og þau stjórnvaldsfyrirmæli sem af lögnum leiða.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald skal húsnæði og búnaður gististaða fullnægja kröfum laga og reglugerða á sviði hollustuhátta, byggingarmála, brunamála og um atvinnuhúsnæði. Af ákvæði þessu verður ekki talið að eiganda A hafi verið skylt að endurbæta húsnæðið þannig að það væri í fullu samræmi við gildandi byggingarreglugerð á hverjum tíma. Engu að síður bar honum að gæta þess að ekki væri í svo veigamiklum atvikið frá gildandi byggingarreglum að þeim sem hefðu leigt sér gistingu í húsinu væri sérstök hættu búin er þeir áttu leið um stigann á milli hæða. Eins og áður er lýst lækkaði ganghæð yfir stiganum verulega yfir neðsta þrepi fyrir ofan stigapallinn þar sem hún varð 168,5 cm. Þessi snögga lækkan ganghæðarinnar var ekki gefin til kynna með viðvörðunarkerkjum eða öðrum hætti. Þá var ekki ljós í stiganum. Gat það gert lækkanina enn hættulegri en ella fyrir þá sem leið áttu niður stigann, einkum eftir að skuggsýnt var orðið. Verður að telja þessa lækkan á ganghæðinni og að ekki hafi verið lýsing yfir stiganum sem vanbúnað á eigninni sem eigandi A ber ábyrgð á. Þá verður einnig að líta á það sem vanbúnað á eigninni að hurð við stigapallinn á efri hæðinni leggst upp að vegg og hylur handlista efst í stiganum. Af þeim sökum er lítil eða engin handfesta í efstu þrepunum þegar gengið er niður stigann.”

#### Álit.

Stiginn þar sem slysið varð er hættulegur og ekki er um fullnægjandi umbúnað hans að ræða miðað við ákvæði laga um 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að bera tjón sitt sjálf að fjórðungi vegna eigin sakar þar sem hún hafi neytt áfengis og ekki gætt eðlilegrar varúðar. V ber sönnunarbyrði um að slys M megi rekja til gáleysis hennar. Fyrir liggur og er viðurkennt að M hafði neytt áfengis, en ekki kemur fram í gögnum málsins að M hafi verið ölvuð þegar slysið varð. Þá liggur ekkert fyrir um það að veikleiki í hné M hafi verið orsakavaldur eða meðorsakavaldur að slysinu. Telst V því ekki hafa sannað að M hafi sýnt gáleysi í greint sinn þannig að hún eigi sjálf að bera hluta tjóns síns. M á því rétt á óskertum bótum.

#### Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum vegna slyssins.

Reykjavík 3.11. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 365/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem maður varð fyrir á skíðasvæði.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 29.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 14.10.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 19. janúar 2014 var M að renna sér á snjóbretti á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli við Akureyri sem rekið er af S er hann féll fram af snjóstalli niður á troðna skíðabraut og varð fyrir meiðslum á hrygg. Á þeim hluta skíðasvæðisins þar sem slysið varð eru þrjár troðnar brautir sem liggja u.b.b. þvert á hallann á svæðinu. Ein brautin liggur efst, önnur nokkuð fyrir neðan þá efstu og loks er þriðja brautin allnokkuð fyrir neðan þá í miðið. M mun hafa rennt sér frá efstu brautinni niður ótroðna brekkuna, yfir brautina í miðið og síðan áfram niður að neðstu brautinni. Er hann kom að henni féll hann fram af stallinum með fyrrgreindum afleiðingum. Stallurinn var ómerktur, hvorki voru girðingar sem hindruðu för fram af honum eða merkingar af öðru tagi. Ekki er ljóst hversu hár hann var. M telur að hann hafi verið rúmlega 4 m hár, en af hálfu fyrirsvarsmanna skíðasvæðisins er talið að hann hafi verið 2-2,5 m á hæð. M kveður skyggni hafa verið slæmt þegar slysið varð og mikil snjóblindu.

M kveður merkingum við stallinn hafa verið áfátt og til þess megi rekja slysið. Því beri S ábyrgð á slysinu sem rekstraraðili skíðasvæðisins. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins þykir mega slá föstu að M hafi rennt sér niður brekkuna utan merktrar og troðinnar brautar er hann kom að stalli þeim sem hann féll fram af. Í reglum um skíðaiðkun og skíðabrautir segir að öll skíðaiðkun utan merktra brauta sé alfarið á ábyrgð þeirra sem hana stunda. Ekki verður séð að vænta hafi mátt ferða fólks á skíðum eða snjóbretti þar sem M fór fram af stallinum og því hafi ekki verið nauðsyn að merkja stallinn sérstaklega. Verður því ekki talið að slys M megi rekja til atvika sem starfsmenn skíðasvæðisins beri ábyrgð á. Af því leiðir að S sem rekstraraðili svæðisins ber ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 366/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður féll í hálfu við starfsmannainngang á vinnustað.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 8.10.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Er málskotsaðili kom til vinnu sinnar hjá A að Óseyri 2 á Akureyri um kl. 8.00 að morgni 3. janúar 2013 rann hann á svelli og féll með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hægri hné. M leitaði samdægurs á slysideild og var meðhöndlaður með gífsi á fætinum. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði var M frá vinnu í rúman mánuð vegna meiðslanna.

Í tilkynningu A til Vinnueftirlits ríkisins (VER), sem var móttækin af VER á Akureyri 4. apríl 2013, kemur fram að M hafi fallið á svelli við inngang að vinnustað er hann kom til vinnu.

Í málskoti segir að M hafi runnið á svelli þegar hann steig upp á pall við innganginn og hafi því ekki verið í meira en eins metra fjarlægð frá útihurðinni. Vegna aðstæðna hafi hann stutt annarri hendi á húsvegginn svo hann ætti betra með að fóta sig á svellinu. Sú aðgæsla hafi ekki dugað til að forða slysi. M kveðst hafa tilkynnt yfirmanni sínum strax um slysið.

M kveður A hafa vitað af slyshættunni fyrir framan starfsmannainnganginn en engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að eyða hálfu þar áður en vinna hófst jafnvel þótt tveir starfsmenn hafi verið mættir til vinnu á undan M. A hafi því ekki gætt þess að tryggja öruggt starfsumhverfi á vinnustað, sbr. m.a. 13. gr., 1. mgr. 17. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu. Í því sambandi hefur V vísað til upplýsinga frá A um að vinna hafi hafist umræddan morgun kl. 8.00 og starfsmenn því verið nýkomnir þegar slysið varð. M hafi ætlað að fara inn um starfsmannainngang á hlið hússins en aðalinngangur sé að framanverðu. Aðstæður við starfsmannainngang geti orðið erfiðar, sérstaklega þegar hlánar skyndilega þar sem snjór falli niður af hallandi þakinu. Þessu sé ekki fyrir að fara við aðalinnganginn en þar halli þakinu frá brúninni og því falli þar enginn snjór af þakinu. Venja sé, þegar tilefni er til, að starfsmenn A moki, salti og sandi við innganga fyrirtækisins til að varna hálfu. Hálfu hafi ekki myndast fyrr en seint að kvöldi 2. janúar og aðfaranótt 3. janúar. Því hafi þeim tveimur starfsmönnum sem voru mættir á undan M ekki gefist ráðrúm til að grípa til ráðstafana þegar slysið varð. Líklega hafi snjóruðningur myndast fyrir neðan þakið við starfsmannainnganginn og allt bílaplanið við húsið. Rík ástæða hafi verið fyrir M, sem þekkti vel aðstæður, að gæta fyllstu varúðar og nota aðalinnganginn, því þar hefði að líkindum verið mun auðveldari aðkoma.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Ljóst þykir af gögnum málsins að M var óvinnufær strax í kjölfar slyssins það lengi að A bar að tilkynna um slysið án ástæðulausrar tafar. Það var hins vegar ekki gert fyrr en löngu síðar og af þeim sökum fór engin rannsókn fram á slysinu og tildrögum þess. Í ljósi dómafordæma hefur A sönnunarbyrði um þau atvik sem óljós eru og aðila greinir á um. Engar sjálfstæðar skýrslur liggja fyrir í málinu af þeim starfsmönnum sem mættir voru til vinnu á undan M. Engin haldbær gögn hafa heldur ekki verið lögð fram til stuðnings þeirri staðhæfingu A að ekki hafi gefist ráðrúm til að eyða hálfkunnri fyrir framan starfsmannainnganginn áður en M mætti til vinnu eða

að aðstæður hefðu verið betri við aðalinngang hússins. Ekkert liggur heldur fyrir sem sýnir fram á að M hafi við þær aðstæður sem þarna voru átt að nota aðalinnganginn og að hann hafi getað notað þann inngang. Ekki er um það deilt að mikil hálfka var við starfsmannainnganginn þegar slysið varð. Aðstæður voru því óforsvaranlegar og ekki í samræmi við þær kröfur sem gera mátti varðandi aðbúnað og öryggi á vinnustaðnum, sbr. m.a. 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt því sem áður getur er ósannað að A hafi ekki átt tók á að koma í veg fyrir þessar óforsvaranlegu aðstæður áður en M slasaðist. A ber því ábyrgð á líkamstjóni M. Ekkert liggur fyrir í málinu að M teljist meðábyrgur fyrir því tjóni sem hann varð fyrir þannig heimilt sé að skerða rétt hans til bóta, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. M á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 368/2015****M og  
váttryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála málskostnaðarliðar vegna ágreinings.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 29. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 2. október 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M á í ágreiningi við fjármálafyrirtæki sem hefur krafist fjárnáms vegna eftirstöðva fasteignaveðláns sem ekki fékkst uppgreitt við nauðungarsölu fasteignarinnar.

M telur að ágreiningur þessi falli undir gildissvið málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M bendir á að hann sé ekki eigandi fasteignar og því geti ágreiningur við fjármálafyrirtækið ekki varðað hann sem eiganda fasteignar heldur sé einfaldlega um eftirstöðvar skuldar sem M hafi stofnað til. M vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 366/2013

V telur að undanþáguákvæði gr. 25.9 í váttryggingarskilmálum eigi við þar sem félagið segir að það bæti ekki málskostnað í málum sem varði váttryggðan sem eiganda fasteignar. V telur að ágreiningur M vegna fjárnáms sé með beinum hætti hægt að rekja til fasteignaveðláns og breyti það ekki niðurstöðunni að M sé ekki eigandi umræddrar fasteignar í dag.

**Álit.**

Í váttryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í váttryggingarskilmálum kemur fram að váttryggingin taki til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í váttryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M varði eftirstöðvar láns sem veitt var út á veð í fasteign M. Samkvæmt mjög skýru undanþáguákvæði gr. 25.9 í váttryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði ekki málskostnað vegna mála sem varða váttryggðan sem eiganda fasteignar. Verður ágreiningurinn ekki skilinn öðruvísi en að veð í fasteign M hafi verið forsenda lánveitingar og ágreiningur stafi af atvikum sem tengjast nauðungarsölu á þeirri fasteign. Telst undanþáguákvæði gr. 25.9 í váttryggingarskilmálum því eiga við atvik.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

**Mál nr. 369/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar.**

**Líkamsárás. Handalögmál þ. 16.11.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 5.10.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Málsatvik í stuttu máli eru þau að M bað gamlan bekkjarféлага sinn um að aka sér heim og gerði hann það, en auk þeirra voru fleiri í bifreiðinni. M lenti í útistöðum við einn farþegann þegar hann var kominn nærri heimili sínu og lentu þeir í ryskingum og í framhaldi af því fór M og helti áfengi inn í bifreiðina yfir farþegann sem hann lenti í ryskingum við og samkvæmt framburðarskýrslu hans þá telur M að hann hafi líka slegið til þessa farþega um svipað leyti, en skömmu síðar hafi ökumaður bifreiðarinnar stigið út úr bifreiðinni og kýlt M í andlitið. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu vegna þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir við árás ökumanns bifreiðarinnar á sig. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi verið þáttakandi í handalögmálum í umrætt sinn og það að þriðji aðili hafi blandað sér í handalögmálin sem voru hafin þá hafi sá aðili þar með gerst þáttakandi í handalögmálunum. V telur því að M eigi ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu Fjölskyldutryggingar þar sem að samkvæmt f. lið 25. gr. vátryggingarskilmála tryggingarinnar bætir V ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða refsiverðum verknaði nema sannað sé að ekkert samband sé á milli ástands þessa og slyssins.

**Álit.**

Málsatvik liggja fyrir í öllum aðalatriðum og við heildarmat á atvikum og aðstæðum verður ekki annað séð en M hafi verið þáttakandi í handalögmálum óháð því hvort hann varð fyrir líkamsárás í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður þar helst litið til þess að háttsemi M var með þeim hætti að hann ögraði samferðamönnum sínum meðal annars með því að hella úr glasi og slá til farþega í bifreið sem hann hafði fengið far með rétt áður auk þess sem samskipti milli hans og samferðamanna hans í heild voru þess eðlis að í þeim aukin áhætta á tjóni og þar með handalögmál. Samkvæmt f. lið 25. gr. vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem hér ræðir um bætir V ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmálum. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingunni hjá V.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 370/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.**

**Skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns nemanda í grunnskóla 27. mars 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. október 2015.
3. Tölvupóstur M dags. 25. október 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir að M hlaut líkamstjón í átökum við samnemanda sinn þar sem hann var í skólastofu grunnskólans í X. Eftir samskipti M við umræddan samnemanda sinn virðist sem sá hafi fellt M í gólfíð með þeim afleiðinum að höfuðkúpa M brákaðist og hann missti sjón á öðru auga.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjónsins og vísar til þess að þegar M varð fyrir líkamstjóninu þá hafi hann verið í kennslustund í grunnskóla sem honum hafi verið skylt að sækja skv. 1. mgr. 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Einnig vísar M til þeirra skyldna sem hvíli á stjórnendum grunnskóla í sömu lögum og reglugerðum sem settar séu með stoð í þeim lögum varðandi öryggi nemenda og þess að bregðast sérstaklega við ef háttsemi annarra nemenda leiðir af sér hættu. Þessar skyldur telur M að X hafi brotið með því að kennari hafi farið út úr skólastofu og skilið nemendur eftir eftirlitslaus á meðan. Einnig heldur M því fram að það hafi verið alþekkt vandamál í tengslum við skapstjórnun og hvatvísi þess samnemanda M sem olli tjóninu og því hafi verið varhugavert að skilja þá eftir eftirlitslaus á lokuðu rými. Einnig vísar M til þess að X hafi á þeim tíma sem tjónið varð átt að útbúa handbók fyrir starfsfólk sitt um slysavarnir skv. 8.gr. reglugerðar nr. 657/2009. Þessi handbók hafi ekki legið fyrir þegar tjónið varð en síðar sama ár hafi ákvæðinu verið breytt þannig að menntamálaráðuneytið hafi átt að gefa slíka handbók út. Drög slíkrar handbókar hafi verið birt á vefsíðu ráðuneytisins í október 2014 og þar komi m.a. fram að starfsfólk þurfi að láta aðra starfsmenn vita ef það þurfi að bregða sér frá. Auk þess vísar M til aðgerðaráætlunar vegna eineltis í skóla X að allir starfsmenn þurfi að vera viðbúnir að grípa inn í slíka háttsemi nemenda. Þá bendir M á að hann hafi verið þolandi slíks lengi og hafi því verið enn brýnn að gæta að öryggi hans. Einnig vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 147/1996 en hafnar því að aðstæður í máli réttarins nr. 645/2011 hafi fordæmisgildi.

V telur að ekki sé sýnt að tjón M megi rekja til skaðabótaábyrgðar X. Ekki hafi verið um saknæma og ólögmeða háttsemi að ræða af hálfu kennara M við það að skilja nemendur sína eftir í skólastofunni en kennarinn hafi gert það til að sinna öðrum hópi nemenda sem hafi verið annars staðar við æfingar. Auk þess séu M og samnemendur hans á 14. aldursári og því ekki nauðsynlegt að hafa auga með þeim stanslaus. Einnig bendir V á að ekki liggi fyrir nokkrar upplýsingar í gögnum málsins um eineltismál eða að háttsemi samnemanda hans hafi verið þess eðlis að hún hafi getað skapað hættu fyrir M, ekkert hafi bent til þess að ágreiningur milli drengjanna hafi verið í uppsiglingu og því ekki verið hægt að koma í veg fyrir atvikið. Auk þessa vísar V til Hrd. 645/2011 þar sem ekki hafi verið fallist á skaðabótaábyrgð sveitarfélags vegna atviks þar sem hafi verið um að ræða þó yngri nemendur og þekktari hættu.

**Álit.**

Í íslenskum rétti telst sá bera sönnunarbyrði sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Í þessu máli verður að líta svo á að það sé M sem ber að sýna fram á að líkamstjón hans njóti verndar skaðabótareglna, reglna sem fella skaðabótaábyrgð á X, t.d. vegna reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, en sú regla gerir ráð fyrir því að vinnuveitandi beri ábyrgð á

skaðaverkum starfsmanna sinna. Við mat á því hvort einhver starfsmanna X hafi sýnt sagnæma háttsemi sem hafi svo leitt til líkamstjóns M verður að líta til þeirra skráðu fyrirmæla sem eru um starfsemi X. Í lögum um grunnskóla og reglugerð nr. 657/2009 (og eftir atvikum reglugerð nr. 599/2014), sem M hefur vísað til, koma fram fyrirmæli til stjórnenda grunnskóla um að skapa nemendum öruggt umhverfi og huga að slysavörnum. Verða þau fyrirmæli þó ekki skilin þannig að ekki sé hægt að skilja nemendur, sérstaklega þá sem eru á unglingsstigi, eftir í skólastofu án þess að kennari sé viðstaddur. Ekki er hægt að finna því stoð í gögnum málsins að sérstök ástæða hafi verið fyrir kennara eða skólastjórnendur að gera sérstakar ráðstafanir vegna þeirra nemenda sem átt hafi í hlut og skiptir þá ekki höfuðmáli hvort kennari var fjarri skólastofunni í nokkrar eða fleiri mínútur. M ber hallann af sönnunarskorti um slíkar aðstæður. Verður heldur ekki af öðrum ástæðum talið sýnt að skólastjórnendur hafi brugðist skyldum sínum þannig að X beri á því skaðabótaábyrgð. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V úr ábyrgðartryggingu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 371/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp á Vestfjarðarvegi þ. 7.7.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 7.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Bréf V-2 dags. 16.11.2015 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

Umferðaróhapp varð á Vestfjarðarvegi við bæinn Fell í Dýrafirði þegar hliðarspeglar bifreiða rákust saman þegar þær voru að mætast á þröngum veginum. Ökumaður A segist hafa farið eins langt út í kant og mögulegt var, en það hafi ekki dugað til að koma í veg fyrir óhappið. Ökumaður B segist hafa vikið vel út í kantinn áður en bifreiðarnar mættust, en A hafi verið ekið yfir miðlínu vegar og þess vegna hafi hliðarspeglar bifreiðanna rekist saman. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tl. 15 fyrir A “Fór inn á öfugan vegarhelming”.

**Álit.**

Á framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tl.15 fyrir bifreið A þ.e. ”fór inn á öfugan vegarhelming”. Ekkert í gögnum málsins sannar að staðhæfingin um að A hafi verið ekið inn á öfugan vegarhelming sé röng og verður hún því lögð til grundvallar. Ökumaður A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A (RE-Y22) ber alla sök.

Reykjavík 10.11.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 372/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ eignatryggingar lausafjár.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns í hjólhýsi.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 5.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 9.10.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hjólhýsi í eigu M sem stendur í grennd við Laugarvatn er vátryggt eignatryggingu lausafjár hjá V. Hinn 6.2.2015 var V tilkynnt um vatnsskemmdir í hjólhýsinu sem talið var að hefðu orðið af völdum snjópunga á þaki þess og vatn náð að leka inn. V hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum að vátryggingin tæki ekki til vatnstjóns sem yrði við þessar aðstæður.

Síðar taldi M að tjónið hefði orðið við það að eitthvað oddhvasst hefði fokið á hjólhýsið og við það hafi komið gat eða rifa á þakið og skemmdirnar orðið af þeim sökum. Var hjólhýsið skoðað af hálfu V með tilliti til þessa. Í skýrslu skoðunarmanns V segir að ekki hafi verið að sjá ummerki þess að eitthvað hafi fokið á hjólhýsið. Það sé komið aðeins við aldur og svo að sjá að lekið hafi inn um lengri tíma. Hins vegar sé brot í klæðningu og þar megi sjá út um klæðningu, en ólíklegt sé að þetta hafi orsakast af foktjóni. Taldi V að ósannað væri að tjónið mætti rekja til foktjóns af völdum óveðurs og hafnaði því á ný bótaskyldu úr vátryggingunni.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 9.1 í skilmálum eignatryggingar lausafjár hjá V, er varðar tjón vegna leka úr vatnsleiðslum, bætir félagið skemmdir af völdum þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns-hita-, og skolplögnum. Sama gildir um flód frá tækjum sem fasttengd eru lögnum þessum, svo sem salernisskálum, handlaugum, vöskum, baðkerum, þvottavélum eða uppþvottavélum. Ljóst er skemmdir þær sem urðu á hjólhýsi M verða ekki raktar til þeirra atvika sem lýst er í þessari grein skilmálans og þegar af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskyld með vísan til þessarar greinar skilmálanna.

Í gr. 9.3 er fjallað um tjón af völdum foks. Segir þar að félagið bæti foktjón af völdum óveðurs. Með óveðri sé átt við ofsaveður, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 m/s og hefur varað í að minnsta kosti 10 mínútur samfleytt samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skuli hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Bætur greiðast fyrir allar skemmdir á vátryggðum verðmætum er hljótast beinlínis af ofsaveðri, þ. á m. úrkomu sem fellur meðan veðrið varir eða strax í kjölfar þess. Greiðsluskylda félagsins sé þó bundin því skilyrði að unnt sé að sjá skaða á húsum af völdum ofsaveðurs og skemmdir á vátryggðu lausafé verði raktar til skaðans. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að óveður skilningi vátryggingarskilmálanna, eins og hér að ofan greinir, hafi geisað á svæðinu þar sem hjólhýsið er staðsett dagana áður en tjónið uppgötvaðist. Ekkert verður heldur ráðið, svo sem af fyrirliggjandi ljósmyndum, að eitthvað hafi fokið á hjólhýsið og valdið því að vatn tók að leka inn í það. Hefur því heldur ekki verið sýnt fram á tjónið megi rekja til foks þannig að bótaskylda hafi stofnast úr vátryggingunni.

Engin önnur ákvæði vátryggingarskilmálanna, að séð verður, geta komið hér til álita og leitt til bótaskyldu. Að öllu virtu verður því ekki talið að M eigi rétt til bóta úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 373/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/fjölskyldutryggingar.**

**Munir hurfu úr golfbíl á ferðalagi erlendis 2. október 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. október 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. október 2015 ásamt gögnum, rafrænni tjónstilkynningu, lögregluskýrslu, bréfi V dags. 15. október 2014 sem og vátryggingarskilmálum.
3. Tölvupóstur M dags. 14. október 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá M til V þar sem kemur fram að ýmsum persónulegum munum M hafi verið stolið þar sem hún var við golfíðkun á golfvelli á Spáni. Í tilkynningunni kemur fram að líklega hafi munirnir horfið við 23. braut golfvallarins og að þeir hafi horfið þaðan sem þeir voru geymdir „í sérstöku hólfi í golfbíl og úr golfstösku.“ Nánar tiltekið segir M „Yfirgáfu golfbílinn í stutta stund við golfflöt og litum augnablik af honum. Líklegt er að hinir týndu munir hafi verið gripnir þá.“ Í málinu liggur einnig fyrir lögregluskýrsla sem lýsir atvikum með svipuðum hætti.

M telur að greiða eigi bætur úr fjölskyldutrygging hjá V og telur að vörslur á þeim munum sem stolið var hafi verið fullnægjandi. Hún hafi verið inn á lokuðum golfvelli sem sé ekki almenningssvæði og hafi í mesta lagi litið um 2-3 mínútur af golfbílnum sem ekki hafi verið búinn geymslum sem hægt var að læsa.

V vísar til vátryggingaverndar M skv. farangurslið og innbúskaskólið fjölskyldutryggingar. Sú vátryggingavernd sé þó takmörkuð með annars vegar h.lið 51. gr. vátryggingarskilmála sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón á farangri þegar vátryggður „týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hóbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum.“ Einnig komi fram efnislega sambærilegt ákvæði í d.lið 10. gr. varðandi tjón á innbúi. V telur að M hafi brotið gegn ákvæðum þessum með því að skilja munina eftir á almannafæri, þ.e. á stað þar sem nokkur fjöldi fólks hefur aðgang að svæðinu og umferð þess um svæðið sé óhindruð og takmaralítill. Auk þess vísar V til 64. gr. vátryggingarskilmála þar sem V áskilur sér rétt til þess að takmarka bætur ef vátryggður sýnir stórkostlegt gáleysi við meðferð hins vátryggða.

**Álit.**

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort háttsemi M hafi verið með þeim hætti að V geti takmarkað ábyrgð sína úr farangurslið fjölskyldutryggingar eða innbúskaskólið hennar. Umrædd ákvæði í h.lið 51. gr. og d.lið 10. gr. fela bæði í raun í sér sér fyrirmæli til vátryggðs um hvernig hann á að fara með þá muni sem hann hefur vátryggt. Því er um að ræða varúðarreglu í skilningi 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Til þess að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína vegna þess að varúðarreglum er ekki fylgt verður það að hafa áskilið sér rétt til þess í vátryggingarskilmálum og það er gert í 60. gr. skilmálanna sem vísa með beinum hætti til 26. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þar kemur fram að vátryggingafélag getur ekki borið fyrir sig að varúðarreglum sé ekki fylgt ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Við mat á því hvort hér hafi verið brotið gegn varúðarreglu fyrrnefndra skilmálaákvæða verður að líta til þess að M skildi muni í sinni eigu eftir án eftirlits á svæði sem fleiri en hún sjálf höfðu aðgang að og munirnir voru ekki skildir eftir í læstri geymslu. Verður því að líta svo á að þeir sem höfðu almennt aðgang að golfvellinum hafi haft aðgang að mununum þegar þeir voru skildir eftir.

Telst M því hafa brotið gegn varúðarreglur váttryggingarskilmálanna með þeim hætti að sök telst ekki óveruleg og að V hafi því heimild til að takmarka ábyrgð sína.

Þegar litið er til þess að hve miklu leyti ábyrgð getur takmarkast verður að skoða hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti, sbr. orðalag 26. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í lýsingu M sjálfar af aðstæðum í tjónstilkynningu verður ekki annað ráðið en að hún hafi skilið umrædda muni eftir í golfbíl sem hún notaði til golfiðkunar og notað til þess geymsluhólf í golfbílnum. Hún hafi yfirgefið umræddan bíl og litið af honum í einhverja stund. Í ljósi þess að fleiri en M höfðu aðgang að umræddu svæði verður að telja það til nokkurs gáleysis af hálfu M að hafa skilið umrædda muni í ólæstu rými og að umfang þeirra hafi ekki verið með þeim hætti að útilokað hafi verið að taka þá með sér auk þess sem skýr orsakatengsl eru á milli þess að munirnir voru skildir eftir með þessum hætti og að þeir hurfu. Verða þessir þættir metnir þannig að V geti samanlagt takmarkað bótaábyrgð sína að fullu vegna brots á þeirri varúðarreglu sem vísað hefur verið til í h.lið 51. gr. og d.lið 10. gr. váttryggingarskilmála.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 375/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort drengur hafi fallið af hestbaki sökum þess að bílflauta var þeytt.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.10.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 13. júní 2013 var M meðal barna á reiðnámskeiði á vegum fyrirtækisins A. Er M var á hestbaki ásamt öðru barni og tveimur leiðbeinendum á leið yfir Vífilstaðaveg við Hattarvelli fældist hesturinn og féll M af baki og varð fyrir meiðslum. Kváðu leiðbeinendurnir að þau hafi verið á fjórum hestum og hver hestur verið einsetinn. Er þau voru á leið yfir veginn hafi jeppabifreið, B með eftirvagn stöðvað við gangbraut sem þarna er, en þá hafi dökkgrárrí fólksbifreið verið ekið fram úr jeppabifreiðinni á mikilli ferð og ökumaður þeirrar bifreiðar þeytt bílflautuna. Við þetta fældust hrossin, sem annars eiga að vera vel tamin og væn, og börnin dattu af baki.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir Vífilstaðavegi og numið staðar til að hleypa börnunum og leiðbeinendum þeirra yfir veginn. Hann kvað hestana hafa verið mjög rólega og verið að bíta gras við vegöxlina. Hafi hann þá séð í baksýnisspegli gráa bifreið nálgast mjög hratt, líklega á 80-90 km hraða á klst. Í þann mund sem fyrsti hesturinn hafi verið að ganga inn á veginn hafi þessari gráu bifreið verið ekið fram úr B á mikilli ferð og hefði hann því sjálfur flautað bílflautunni í um 1-2 sekúndur til að vara ökumann hennar við hættunni. Hann kvað gráu bifreiðinni hafa verið ekið áfram áleiðis í Kópavog, en hann hafi beðið meðan hestarnir fóru yfir veginn. Þeir hafi virst rólegir og þegar þeir voru komnir yfir veginn hafi hann ekið af stað. Hann kvaðst ekki hafa séð hestana fælast eða börnin detta af baki.

Við nánari rannsókn lögreglu á tildrögum slyssins var rætt að nýju við annan fyrrgreindra leiðbeinenda sem voru með börnunum. Staðfesti hann að börnin hefðu fallið af baki eftir að hafa farið yfir veginn og gengið í um 20 sekúndur.

Þess hefur verið krafist að líkamstjón sem M varð fyrir verði bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja nægilega í ljós leitt að hestur sá er M var á fældist ekki fyrr en hestarnir voru komnir yfir veginn og gengið síðan í um 20 sekúndur. Þá var nokkur tími liðinn síðan ökumaður B hafði þeytt bílflautuna. Að öllu athuguðu verður að telja ósannað að það verði rakið til bílflautunnar að hesturinn, sem M sat, fældist. Þegar af þeirri ástæðu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Í úrskurði þessum er ekki tekið til umfjöllunar hvort A eða ábyrgðartryggjandi hans kunni að bera ábyrgð á líkamstjóni M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum út ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 376/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Þingvallavegi 15. ágúst 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. október 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 15. október 2015 ásamt gögnum.
3. Bréf V2 dags. 21. október 2015 ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir ekki fyrir sameiginleg tjónstillkynning ökumanna um atvik árekstursins. M (ökumaður bifreiðar A) segist hafa ekið út af afleggjara við Mosskóga til vinstri inn á Þingvallaveg og talið sér óhætt að aka inn á veginn þar sem það hafi verið um 100 metrar í bifreið á Þingvallavegi. M telur að bifreið B hafi verið ekið á bifreið sína þegar hún var að taka hægri beygju inn á Mosfellskirkju og að það séu 58 metrar frá þeim stað sem bifreið A var ekið út á veginn að þeim afleggjara. Ökumaður bifreiðar B segir að hann hafi ekið eftir Þingvallavegi þegar bifreið A hafi verið ekið inn á veginn og fyrir bifreið B, hann hafi þá ætlað að aka til hægri inn að Mosfellskirkju til að forða árekstri við bifreið A en þá hafi þeirri bifreið verið ekið utan í hans bifreið.

V1 telur að sökum 55 metra fjarlægðar frá þeim stað sem bifreið A var ekið inn á Þingvallaveg að þeim stað sem árekstur varð hafi M sem ökumaður bifreiðar A verið búin að sinna biðskyldu sinni og að það megi rekja árekstur til þess að ökumaður B hafi ekið of hratt og ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig vísar V til dóms í máli Hæstaréttar í máli nr. 89/1976.

V2 telur að M sem ökumaður bifreiðar A hafi ekki sinnt biðskyldu skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og ekið þannig í veg fyrir ökumann bifreiðar B.

**Álit.**

Af skýrslum ökumanna í málinu má ráða að nokkur ágreiningur er á milli þeirra um atvik áður en árekstur varð. Ljóst er þó að M, sem ökumaður bifreiðar A, ók frá biðskyldu inn á Þingvallaveg, þar sem bifreið B var ekið. Ljóst er af því að M bar að veita umferð um Þingvallaveg forgang skv. fyrirmælum 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Þó árekstur hafi ekki orðið við þau gatnamót verður að líta til þess að í gögnum málsins kemur ekki annað fram um hámarkshraða en að hann hafi verið 70 km/klst. Verður, vegna skýrra fyrirmæla um biðskyldu, skv. fyrirnefndu ákvæði umferðarlaga, að leggja sönnunarbyrði á M um að ökumaður bifreiðar B hafi hagað akstri sínum þannig að hann beri sök á árekstrinum. Í gögnum málsins er ekki hægt að fullyrða um óvarlegan akstur ökumanns bifreiðar B og verður ekki af fjarlægð frá gatnamótum, þar sem hámarkshraði er þetta mikill, ályktað að hann hafi ekið óvarlega. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M sem ökumaður bifreiðar A og ber hún því alla sök á árekstrinum fyrir að virða ekki forgang.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 377/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.**

**Skip siglir í hlið annars skips og varð fyrir tjóni 25.1.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.1.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 26.10.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M segir að hann hafi verið að sigla bátnum KV rólega inn til löndunar og hafi ætlað að leggja utan á bát og þegar hann hafi ætlað að bakka bátnum þá hafi hann ekki tekið í afturábak gir og sigldi KV inn í hlið hins bátsins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V vegna skemmda á bátnum KV og telur að tjónið á bátnum verði rakið til þess að bilun hafi orðið þegar ætlunin var að bakka honum í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til 25. gr. vátryggingaskilmála. Þá vísar V til þess að ekkert liggi fyrir um að tjónið verði rakið til ólögðrtrar háttsemi eða eftir atvikum athafnaleysi skipstjóra skipsins eða annarra aðila sem vátryggingartaki beri ábyrgð á, en V segir að sök vátryggingaraðila þurfi að vera fyrir hendi til þess að skilyrði séu til að greiða bætur samkvæmt vátryggingarskilmálum.

**Álit.**

M byggir bótakröfu sína á að árekstur hafi orðið vegna þess að ekki hafi tekist að koma bátnum KV í afturábak gir. Ekkert er þó í gögnum málsins sem sýnir fram á að bilun hafi orðið í vél- eða tækjabúnaði skipsins þegar atvikið átti sér stað. Í málinu er ekki sýnt fram á sök skipstjóranda eða því haldið fram að árekstur skipanna hafi orðið vegna ásetnings eða gáleysis. Ekki verður því annað séð en að óhappatilviljun hafi valdið því að áreksturinn átti sér stað. Í 160 gr. siglingalaga nr. 34/1985 segir "Ef áreksturinn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki að annar hvor aðila hafi átt sök á honum fær hvorugt skipið bættan skaða sinn." M á því ekki rétt á bótum með vísan til 160. gr. siglingalaga.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 17.11.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 378/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.**

**Gildissvið vátryggingarskilmála málskostnaðarliðar vegna ágreinings.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. október 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 12. október 2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M á í ágreiningi við fjármálafyrirtæki sem hefur stefnt M til greiðslu yfirdráttarskuldar á bankareikningi fyrirtækis en M sé stefnt til greiðslu umræddrar skuldar þar sem hann er ábyrgðarmaður vegna skuldarinnar.

M telur að ágreiningur þessi falli undir gildissvið málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M kveðst vera sjómaður og tengist því fyrirtæki sem stofnaði til yfirdráttarskuldarinnar eingöngu með þeim hætti að hann sé fjárfestir, þ.e. hann eigi hlutafé í fyrirtækinu og ágreiningurinn varði eingöngu yfirdráttarskuldina en ekki atvinnu hans með nokkrum hætti.

V telur að undanþáguákvæði gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum eigi við þar sem félagið segir að það bæti ekki málskostnað í málum sem varði atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. V vísar til þess að M sé skráður eigandi, framkvæmdastjóri, prókúruhafi og stjórnarmaður í fyrirtæki því sem stofnaði til yfirdráttarskuldarinnar og hafi hann því gert það í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur í skilningi gr. 25.5 og vísar V til úrskurða nefndarinnar í málum 147/2014 og 3/2015 máli sínu til stuðnings. Einnig vísar V til þess að félagið undanskilji sig einnig ábyrgð vegna ágreinings í tengslum við ábyrgð sem vátryggður hefur gengist í, sbr. gr. 25.6 í vátryggingarskilmálum.

**Álit.**

Í vátryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M varði sjálfskuldarábyrgð hans á skuldbindingum fyrirtækis. Samkvæmt mjög skýru undanþáguákvæði gr. 25.6 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði ekki málskostnað vegna mála sem varða ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í. Þegar af þeirri ástæðu, að ágreiningur sá sem leiddi til stefnu á hendur M varðar sjálfskuldarábyrgð hans, fellur hann utan gildissviðs vátryggingarinnar þó V semji einhliða vátryggingarskilmála þá sem sem vísað er til.

Þess ber að geta að það liggur ekki ljóst fyrir í gögnum málsins, t.d. með útskrift úr fyrirtækjaskrá, að M sé jafnframt stjórnamaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en það mundi skv. orðanna hljóðan leiða til þess að undanþáguákvæði 25.5 í vátryggingarskilmálum ætti við.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

**Mál nr. 380/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.**

**Vatn lak frá rörum þegar verið var að gera við ofn þ. 15.10.2014**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 7.10 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13.10.2015
3. Bréf Varðar h.f. dags. 21.10.2015.
4. Yfirlýsing G dags. 21.10.2015.

**Málsatvik.**

M segir að vatn hafi lekið frá rörum þegar pípulagningamaður var að vinna við ofn í herbergi á efri hæð hússins. M segir að pípulagningamaðurinn hafi verið búinn að vinna við ofninn í eina klukkustund og búinn að taka hann frá svo allar lagnir verið opnar. Pípulagningamaðurinn hefði síðan brugðið sér frá í 3 klukkustundir, en eftir um 20 mínútur frá því að hann fór hafi M orðið vör við að vatn lak niður í stofu í gegnum gólfið á herberginu þar sem ofninn var og í gegn um loftið. M telur líklegt að vatn hafi lekið allan tímann frá því að pípulagningamaðurinn brá sér frá og hafi M rokið til að lokað fyrir vatnið og reynt að bjarga því sem bjargað varð. M krefst bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V og telur augljóst að tjónið verði rakið til sakar pípulagningamannsins, sem hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar við störf sín þar sem hann gerði ekki nægjanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir vatnsleka þegar hann fór frá verkinu með allar lagnir opnar. V hafnar bótaskyldu og segir að skv. upplýsingum frá S hafi lagnir verið búnar að vera opnar í 3 klst. og lokað hafi verið fyrir inntak hitaveitu og vatn ekki lekið þann tíma sem S vann við ofninn. S telur að ofn á heimili M hafi verið ranglega tengdur inn á neysluvatnslögn og þegar afrennslisloki á honum opnar þá hleypir hann vatni inn á kerfið og lekinn hafi orðið vegna þess. V segir að S hafi ekki getað vitað þetta fyrir fram og um mjög óvenjulegt verklag sé að ræða og beri S ekki ábyrgð á þessu tjóni M. V segir að aðilar séu sammála um að vatn hafi ekki lekið úr opnum lögnum þegar S var að vinna við ofninn. S hafi því ekki valdið tjóninu með saknæmri háttsemi þar sem hann hefði ekki vitað um þessa óvenjulegu tengingu. Í bréfi Varðar tryggingarfélags, sem tryggir hús M með húseigendatryggingu segir að verulega hafi skort á fagleg vinnubrögð starfsmanns S. Þá segir Vörður að jafnvel þó að lagnir í húsinu hafi verið með þeim hætti sem starfsmaður S lýsir þá leysi það hann ekki undan ábyrgð þar sem grandvar pípulagningamaður með þekkingu í sínu fagi viti að í einhverjum tilvikum séu lagnir rangt lagðar og það sé ávallt gáleysi af pípulagningafólki að skilja vatnsrör eftir opin og fara frá þeim. Í yfirlýsingu Gísla Gunnlaugssonar pípulagningameistara kemur fram að hann skilji aldrei vatnsrör eftir opin ef hann þarf að bregða sér frá verkstað.

**Álit.**

Aðila greinir á um málsatvik varðandi það hve lengi starfsmaður S hafði unnið við ofninn þangað til hann fór af verkstað og hversu lengi hann var frá verkinu. Það skiptir þó ekki máli miðað við það sem fyrir liggur í málinu. Aðilar eru sammála um að vatn hafi verið tekið af ofninum, sem starfsmaður S tók frá og var að vinna við. Meðan starfsmaður S var við þessa vinnu lak ekki vatn úr rörununum. Því er ekki mótmælt að skrufað hafi verið fyrir inntak að ofninum meðan á þessari vinnu stóð og meðan starfsmaður S brá sér frá. Þrátt fyrir þetta þá fór að leka frá rörum ofnsins meðan pípulagningamaðurinn var frá. Starfsmaður S telur að það hafi verið vegna óvenjulegrar og rangrar tengingar á rörum, þeirri staðhæfingu hans hefur ekki verið hnekkt. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ekki nægjanlega sannað að vatnsleki í íbúð M í umrætt sinn hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanns S við vinnu sína. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 10.11.2015.

Valgeir Pálsson hrl.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 381/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar til að bæta úr göllum á seldri fasteign.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.10.2015.

**Málsatvik.**

Með kaupsamningi, dags. 19. febrúar 2014, keyptu M fyrir milligöngu fasteignasalans A íbúð í fjöleignarhúsinu B í Reykjavík. Byggðust kaupin á kaupþilboði sem M gerðu í eignina sem virðist dagsett 5. desember 2013. Einhverju síðar varð þeim ljóst að eignin var haldin göllum sem fólust í því að halli var á gólfum íbúðarinnar og ójöfnur í gólffletinum, skemmd í vegg (kuldabru) og loks viðgerðir í nokkrum íbúðum í húsinu vegna leka sem hefðu kostnað í för með sér fyrir húseigendur. Kveða M að um ári fyrir fasteignakaupin hafi húsfélagið að B aflað matsgerðar þar sem lýst hafi verið meiri háttar göllum í sameign og vísbendingar verið um galla í mörgum séreignum. Þau hafi ekki vitað af þessum göllum og hvorki matsgerðarinnar né gallanna hafi verið getið í söluþilfirliti. Telja þau að söluþilfirlitinu hafi verið áfátt að þessu leyti, sbr. m.a. h-lið 2. mgr. 11. gr. þágildandi laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004, en fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluþilfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi og gáleysi hans sé um að kenna, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna. Enn fremur vísa M til 25. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, en samkvæmt því ákvæði skuli m.a. veita kaupanda eignarhluta í fjöleignarhúsi tæmandi upplýsingar um yfirstandandi eða fyrirhugaðar framkvæmdir og skuli fasteignasali, þegar hann annast sölu, sjá um að gögn og upplýsingar samkvæmt ákvæðinu liggi fyrir og rækilegar kynnt kaupanda. Yfirlýsing húsfélagsins hafi ekki legið fyrir fyrr en um tveimur mánuðum eftir að kaupþilboð var samþykkt.

Með því að A hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt framangreindu hafa M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í kaupþilboði M var svofellt ákvæði: „Seljandi skal leggja fram yfirlýsingu húsfélags innan 7 daga frá samþykkt kaupþilboðs þessa fyrir kaupanda að samþykkja eða hafna.“ Í málinu liggja fyrir tvær yfirlýsingar húsfélagsins að B. Er sú fyrri dagsett 29. október 2013. Þar kom fram að framkvæmdir væru fyrirhugaðar á vegum húsfélagsins er lutu að sprunguviðgerðum, lagfæringum á ilögn á göngusvölum og lagfæringum í bílskýli. Jafnframt væru framkvæmdirnar fyrirhugaðar „næsta og þarnaesta sumar“, þ.e. sumrin 2014 og 2015, og áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna væri um tíu milljónir króna. Einnig var þess getið í yfirlýsingunni að úttekt hefði farið fram á vegum húsfélagsins á ástandi hússins og væri úttektin dagsett 30. apríl 2013. Síðari yfirlýsing húsfélagsins er undirrituð af fyrirsvarsmanni húsfélagsins 6. febrúar 2014 og af öðrum seljanda eignarinnar 7. sama mánaðar. Þar kom fram að fyrirhuguð væri lagfæring á gangstéttum og viðgerð á leka í nokkrum íbúðum samkvæmt úttektarskýrslum og í því sambandi er vísað til fyrrnefndrar úttektarskýrslu frá apríl 2013. Þá kemur fram í yfirlýsingunni að kostnaður sem eiganda beri að greiða vegna þessara framkvæmda sé enginn („kr. 0“).

Ekki virðist um það deilt að báðar yfirlýsingar húsfélagsins hafi legið fyrir við kaupsamningsgerð og M verið kunnugt um efni þeirra. Í síðari yfirlýsingunni kemur fram að framkvæmdir væru ráðgerðar í nokkrum íbúðum til að ráða bót á leka, en þær hefðu ekki kostnað í för með sér fyrir húseigendur. Úttekt eða matsgerð sem mun hafa verið aflað í apríl 2013 virðist ekki hafa legið fyrir við kaupsamningsgerðina. Hún liggur heldur ekki fyrir í máli þessu. Við svo búið þykir varhugavert að fullyrða að í matsgerðinni hafi komið fram upplýsingar um þann kostnað sem M telja sig hafa orðið fyrir vegna viðgerðar á leka í íbúðum í húsinu. Samkvæmt þessu og með vísan

til þess að í síðari yfirlýsingu húsfélagsins sagði að kostnaður húseigenda vegna þessara framkvæmda væri enginn verður að telja ósannað að það megi rekja til gáleysis A að M urðu fyrir útgjöldum vegna þeirra. Þá verður heldur ekki talið sannað samkvæmt gögnum málsins að A hafi vitað eða mátt vita um þá galla sem voru í gólfi og í vegg í íbúð M eða að hann hafi mátt verða þeirra var við skoðun á íbúðinni. Að þessu virtu telst A ekki bera skaðabótaábyrgð í því tjóni sem M telja sig hafa orðið fyrir. Þau eiga því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 382/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.**

**Árekstur á hringtorgi í Garðabæ 8. september 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. október 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 21. október 2015.

**Málsatvik.**

Í sameiginlegri tjónstilkynningu sem ökumenn bifreiða A og B skrifa undir kemur fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið á hringtorgi þegar bifreið B var ekið aftan á bifreið A sem var kyrrstæð. Í frekari skýringum ökumanna kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, segist hafa ekið á hringtorginu í einhverja stund þegar hann þurfti að stöðva vegna umferðar fyrir fram hann og bifreið B hafi þá verið ekið aftan á hann. Ökumaður bifreiðar B segir að bifreið A hafi verið ekið af biðskyldu í veg fyrir bifreið B og síðan snarhemplað.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið of hratt m.v. rigningaraðstæður í hringtorginu og þannig ekið aftan á bifreið A. Einnig vísar M til þess að lýsingar ökumanns B á staðsetningum bifreiðanna standist ekki og hafi M ekið bifreið A lengur í hringtorginu en lýsingar ökumanns bifreiðar B beri með sér.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir við málskotið.

**Álit.**

Af skýrslum ökumanna í málinu má ráða að nokkur ágreiningur er á milli þeirra um atvik áður en árekstur varð. Verður þó að leggja til grundvallar m.v. gögn málsins að M, sem ökumaður bifreiðar A, ók frá biðskyldu inn í ytri hring hringtorgs þar sem bifreið B var ekið. Vegna biðskyldumerkis við akstur inn í hringtorgið verður að álykta að M sem ökumaður bifreiðar A hafi átt að veita umferð um hringtorgið forgang skv. fyrirmælum 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Í þeim forgangi felst að ökumenn sem eru við biðskyldu upptaki ekki eðlilega hemlunarvegalengd þeirra sem eru fyrir á akbrautinni. Þó árekstur hafi orðið með þeim hætti að bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A verður, vegna skýrra fyrirmæla um biðskyldu skv. fyrnefndu ákvæði umferðarlaga, að leggja sönnunarbyrði á M um að ökumaður bifreiðar B hafi hagað akstri sínum þannig að hann beri sök á árekstrinum. Í gögnum málsins er ekki hægt að fullyrða um óvarlegan akstur ökumanns bifreiðar B. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M sem ökumaður bifreiðar A og ber hann því alla sök á árekstrinum þar sem honum bar að veita umferð um hringtorgið forgang.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 383/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A,**  
**vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og**  
**vátryggingafélagið V3 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar C.**

**Árekstur á Skagfirðingabraut á Sauðárkróki 28. október 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10. október 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 16. október 2015.
3. Bréf V1 dags. 19. október 2015.
4. Tölvupóstur V3 dags. 5. nóvember 2015.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðum A og B var ekið suður Skagfirðingabraut og á milli þeirra hafi verið ekið fjórhjóli. Á sama tíma og bifreið A var ekið til vinstri inn að söluskálanum Ábæ var bifreið B ekið áleiðis fram úr bifreið A og fjórhjólinu sem var þar á milli. Varð árekstur með bifreiðunum með þeim afleiðingum að bifreið B rann á bifreið C sem var lagt í bifreiðastæði við fyrrnefndan söluskála.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið of hratt og fram úr tveimur ökutækjum á meðan M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði.

V1 telur að skipta eigi sök þannig að M beri 2/3 hluta sakar sem ökumaður bifreiðar A og ökumaður bifreiðar B beri 1/3 hluta sakar. V1 bendir á úrskurði nefndarinnar sínu máli til stuðnings og telur að stefnumerki M losi hann ekki undan aðgæsluskyldu gagnvart umferð sem á eftir kemur. V2 telur að bifreið B hafi verið ekið óvarlega fram úr bæði bifreið A og fjórhjóli sem þar var á milli og að slíkur framúrakstur hafi verið sérlega óvarlegur og eigi bifreið B því að bera alla sök. V3 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna sakarskiptingar í málinu.

**Álit.**

Í 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 16. gr. þeirra laga kemur fram að sá sem beygir til vinstri á akbraut skuli gefa sérstaklega gaum umferð sem á eftir kemur og gæta að hann geti beygt án hættu eða óþæginda fyrir umferð í sömu átt. Þess gætti M, sem ökumaður bifreiðar A, ekki nægilega vel áður en hann beygði til vinstri. Hins vegar hvíldi sú skylda á ökumanni bifreiðar B að sýna aðgæslu við framúrakstur, sbr. ákvæði 20.-22. gr. umferðarlaga, sem og 24. gr. reglugerðar nr. 289/1995. Þess gætti ökumaður bifreiðar B ekki nægilega vel og verður sérstaklega að líta til þess að hann ók fram úr tveimur ökutækjum í einu og bar því að sýna enn meiri varúð en ella. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum verður sök milli ökumanna skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli bifreiða A og B vegna tjóns á þeim báðum sem og tjóns á bifreið C.

Reykjavík 1. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 384/2015****M v. dóttur sinnar D  
og  
váttryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar.****Stúlka greindist með krabbamein skömmu eftir töku sjúkdómatryggingar 22.4.2015****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.9.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 2.11.2015

**Málsatvik.**

M tóku sjúkdómatryggingu hjá V í byrjun febrúar 2015. Dóttir (D) M greindist með krabbamein 22.4.2015. Ágreiningur í málinu varðar hvort veikindi D séu bótaskyld úr sjúkdómatryggingu M og hvort bótaréttur hafi stofnast úr umönnunartryggingu heimilstryggingar. M byggir á því að ósannað sé að undanþáguákvæði 2. mgr. 7. gr. váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingarinnar hafi verið við lýði þegar váttryggingarsamningur var gerður. Þá segir M að styðjast beri við meginreglu 13. gr. um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og líta framhjá ákvæði 2. mgr. 7. gr. skilmálanna. Einnig að 8. gr. skilmálanna gangi framur ákvæði 7. gr. skilmálanna. M segir að hafi V tilkynnt M að um váttryggðan atburð hafi verið að ræða og ekki gert fullnægjandi grein fyrir takmörkunum í váttryggingarsamningnum. Þá beri að víkja ákvæði 2. mgr. 7. gr. til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samninga, umboð og ólögmetna samningsskilmála og það fari gegn anda laga um váttryggingarsamninga að undanþiggja tilvik eins og þetta. V hafnar bótaskyldu og segir að undanþáguákvæði í 2. mgr. 7. gr. hafi verið í gildi þegar M tóku váttrygginguna. V segir að 13. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi ekki við um sjúkdómatryggingar þar sem þær séu ekki skaðatryggingar, en 13. gr. fjallar um skaðatryggingar, heldur persónutrygging og beri því að horfa frekar til 1. mgr. 74. gr. laganna. V segir ákvæði 2. mgr. 7. gr. skilmálanna eigi við og hafnar öðrum málsástæðum M. Varðandi bætur úr umönnunartryggingu bendir V á kafla IV váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar einkum 40. gr. þar sem rakin séu þau tilvik sem bætist ekki.

**Álit.**

D greindist með krabbamein 22.4.2015 og sjúklingatrygging M tók gildi í byrjun febrúar 2015, rúmum tveim og hálfum mánuði áður en D greindist. Í 8. gr. váttryggingarskilmála segir að V greiði bætur vegna váttryggingaratburðar sem börn váttryggðs 3 mánaða til 18 ára aldurs verða fyrir á gildistíma váttryggingarinnar. Í grein 7.2. váttryggingarskilmálanna sem voru í gildi þegar M tóku umrædda sjúkdómatryggingu segir "Bætur greiðast ekki vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku váttryggingarinnar né við endurupptöku hennar." Krabbamein D greindist innan þess tíma sem um ræðir í grein 7.2. váttryggingarskilmálanna. Hefur V með hlutlægum hætti takmarkað ábyrgð sína þannig að ef greining á krabbameini á sér stað á fyrstu þremur mánuðum gildistíma váttryggingarinnar þá greiðist ekki bætur. Verður ekki annað séð hér en að umrætt ákvæði eigi við og verður því ekki vikið til hliðar með hliðsjón af 36. gr. samningalaga. Ekki er sýnt fram á að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart M eða önnur þau sjónarmið sem vísað er til af hálfu M eigi við. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V vegna veikinda D.

Varðandi kröfu um bætur úr umönnunartryggingu hjá V, þá tók sú trygging ekki gildi fyrr en nokkrum mánuðum eftir að sjúkdómur D greindist. M á því ekki kröfu um bætur úr umönnunartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

**Niðurstaða.**

M eiga hvorki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V né úr umönnunartryggingu fjölskyldutryggingar vegna veikinda dóttur sinnar D.

Reykjavík 1.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 385/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ hálf-kaskótryggingar dráttarvéla til landbúnaðarstarfa.****Ágreiningur um hvort tjón á dráttarvél hafi orðið af völdum hrops.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 26.10.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningu mun dráttarvélin A, sem er í eigu M, hinn 31. ágúst 2015 hafa runnið fram af barði og út í garð og hafnaði á tré. Við það mun toppur stýrishúss og framrúða A hafa brotnað. M hefur lýst atvikum nánar á þann veg að A hafi runnið mannláus út úr vélageymslu á girðingu og fram af barði uns hún lenti á tré með fyrrgreindum afleiðingum.

M kveður hæðarmun frá gólfi vélageymslunnar að trénu sem A staðnæmdist við vera 1,5 m. Kveður hann A hafa fallið fram af barðinu og hefur krafist bóta úr hálf-kaskótryggingu vélarinnar hjá V. V hefur fallist á greiðslu bóta vegna framrúðunnar sem brotnaði, en hefur hafnað bótaskyldu vegna tjóns á toppi stýrishússins.

**Álit.**

Í 4. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um vátryggingu þá sem hér er til skoðunar er tilgreint bótasvið vátryggingar, þ.e. hvaða atvik geta leitt til greiðslu bóta úr vátryggingunni. Samkvæmt gr. 4.1 bætir vátryggingin tjón á vátryggðri dráttarvél vegna veltu og hrops. Þá segir í gr. 4.4 að vátryggingin bæti einnig m.a. brot á framrúðu. Greinir málsaðila á um það hvort tjón á A hafi orðið af völdum hrops í skilningi ákvæðisins í gr. 4.1. Í skilmálunum er hugtakið hrap ekki skilgreint sérstaklega. Verður því að horfa til þess hvað í því felst samkvæmt almennri málvenju. Í íslenskri orðabók er hrap sagt merkja hátt og þungt fall, hrun. Nokkrar ljósmyndir af aðstæðum á vettvangi liggja fyrir í málinu. Þar má sjá dyr vélageymslunnar og malarplan þar fyrir framan. Hinum megin við planið framundan dyrum vélageymslunnar má svo sjá niðurfallna vírnetsgirðingu og þar fyrir neðan barð þakið lágvöxnum gróðri og loks tréð sem A rakst á. Þótt greina megi nokkurn halla í barðinu verður á hinn bóginn ekki séð að barðið hafi myndað slíkt þverhnípi að unnt sé að fallast á með M að A hafi hrapað fram af barðinu og við það hafi tjónið orðið eins og áskilið er í skilmálaákvæðinu. Af gögnum málsins verður ekki betur séð en A hafi runnið undan hallanum úr vélageymslunni uns hún hafnaði á trénu án þess þó að hafa hrapað. Að þessu virtu telst tjón á toppi stýrishúss A ekki vera af völdum hrops í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í skilmálunum og er því ekki bótaskyld úr hálf-kaskótryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á toppi stýrishúss á A úr hálf-kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 386/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar.**

**Munum stolið úr íbúð á Spáni þ. 17.9.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 20.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

M segir að munum hafi verið stolið úr íbúð sem hún hafði á leigu á Spáni en engin merki séu um innbrot í húsið. M segir að hún og eiginmaður hennar hafi verið að bíða eftir að fara í flug heim. Þau hafi síðan farið í sólbað á 3. hæð og eiginmaðurinn hafi síðan ákveðið að fara niður og hafi hann þá gengið í flasið á manni sem hafi lokað hurðinni á hann, en eiginmaðurinn hafi elt manninn en ekki náð honum. M segir að þar sem hún hafi verið ásamt eiginmanni sínum á svölum hússins á þriðju hæð hafi svalahurðinni ekki verið læst, en engin utan á liggjandi stigi hafi verið niður við jörð á húsinu og svalatröppur hafi verið frá svalahurðinni niður á svalirnar. Við skoðun á aðstæðum í framhaldi af þessu hafi komið í ljós að ýmsum munum þeirra hjóna hafði verið stolið. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og telur að hún hafi gætt eðlilegra varúðarráðstafanna í umrætt sinn, en ekki hafi verið hægt að fá spænsku lögregluna til að ganga frá skýrslu um atvikið með eðlilegum hætti enda tíminn verið skammur. V hafnar bótaskyldu og vísar til 10. gr. vátryggingaskilmála þar sem segir í tl. e þar sem segir m.a. að tjón á munum sem stolið sé úr ólæstum híbýlum bætist ekki. V segir að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að híbýlunum hafi verið læst þegar þjófnaðurinn átti sér stað og engin ummerki hafi verið um innbrot. V segir að M hafi sönnunarbyrðina fyrir því að híbýlunum hafi verið læst og láta skýrslu staðarlögreglu fylgja tjónstilkynningu þegar þjófnaður verður erlendis sbr. 62. gr. vátryggingaskilmála, en engin lögregluskýrsla hafi fylgt.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um það að engin merki voru um innbrot í húsið þegar munum var stolið frá M og M telur líklegt að svalahurð hafi verið skilin eftir ólæst. V hafnar bótaskyldu og ber fyrir sig ákvæði í 10. gr. vátryggingaskilmála. Verður að líta svo á að það ákvæði feli í sér fyrirmæli til vátryggðs um að læsa híbýlum og skilja ekki hluti eftir á almannafæri. Við mat á því hvort hér hafi verið brotið gegn varúðarreglu fyrrnefndra skilmálaákvæða verður að líta til þess að M var á svölum á þriðju hæð hússins þar sem þjófnaðurinn átti sér stað, en skildi muni sína eftir á neðri hæðum hússins. Almennur aðgangur var ekki að húsinu í umrætt sinn en svaladyr á annarri hæð ólæstar. Telst M því hafa brotið gegn varúðarreglur vátryggingarskilmálanna með þeim hætti að sök telst ekki óveruleg og að V hafi því heimild til að takmarka ábyrgð sína. Þegar litið er til þess að hve miklu leyti ábyrgð getur takmarkast verður að skoða hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti, sbr. orðalag 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í lýsingu M sjálfar af aðstæðum í tjónstilkynningu verður ekki annað ráðið en að hún hafi skilið munina eftir í skamma stund inni í húsi sem hún hafði á leigu og var sjálf og eiginmaður hennar á svölum hússins. Miðað við aðstæður verður að telja það til nokkurs gáleysis af hálfu M að hafa ekki gætt að því að híbýlin þar sem munirnir voru væru læst og orsakatengsl eru á milli þess að munirnir voru skildir eftir með þessum hætti og að þeim var stolið. Verða þessir þættir metnir þannig að V geti takmarkað bótaábyrgð sína um helming vegna brots á þeirri varúðarreglu sem vísað hefur verið til í e. lið 10. gr. vátryggingarskilmála.

**Niðurstaða.**

M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en bótaréttur takmarkast um helming (50%).

Reykjavík 10.11.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 387/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/slysstryggingar launþega.**

**Gildissvið slysstryggingar launþega vegna líkamstjóns 10. september 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12. október 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. október 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir lýsing M í málskoti og í tjónstilkynningu til V að starfsmaður M hafi slasast þegar hún „Steig út úr jeppa og lendir illa á fæti“. Nánar tiltekið hafi starfsmaðurinn verið á leið úr vinnu þegar hún hlaut líkamstjón.

M telur að það eigi að greiða bætur úr slysstryggingu launþega þar sem starfsmaðurinn hafi verið á eðlilegri leið frá vinnustað sínum þegar líkamstjónið varð.

V telur í fyrsta lagi að ekki sé sýnt af gögnum málsins að starfsmaður M hafi orðið fyrir slysi í skilningi 1. gr. skilmála slysstryggingar launþega þar sem ekki liggi fyrir að nokkur utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns hans. Í lýsingum málsins komi einungis fram að starfsmaðurinn hafi stigið út úr bifreið og lent illa og þannig hafi líkamstjónið komið til og en ekki vegna utanaðkomandi atburðar. Í öðru lagi telur V að starfsmaður M hafi orðið fyrir líkamstjóninu þegar hann hafi stoppað í búð á leið heim úr vinnu og hafi þá ekki verið á beinni leið til eða frá vinnu eins og áskilið er varðandi vinnuslys.

**Álit.**

Í gr. 1.1 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði bætur vegna slyss og í gr. 1.2 kemur fram að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að starfsmaður M hafi orðið fyrir meiðslum á líkama þegar hann steig út úr bifreið og lenti illa á fæti. Í þeirri lýsingu kemur ekki fram að þau meiðsli megi rekja til utanaðkomandi atburðar. Verður því ekki séð að skilyrði í gr. 1.2 séu uppfyllt og þegar af þeirri ástæðu greiðast ekki bætur úr slysstryggingu launþega hjá V vegna líkamstjóns starfsmanns M.

Sú athugasemd er þó gerð við afgreiðslu málsins hjá V að sú ástæða kom ekki fram í höfnunarbréfi dags. 2. október sl. heldur fyrst í athugasemdum við málskot með bréfi dags. 28. október sl.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysstryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 17. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 388/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar læknis R.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu læknis vegna aðgerðar 25.5.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 25.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-11.

**Málsatvik.**

M gekkst undir svokallaða svuntuaðgerð hinn 25.5.2007 hjá lýtalækninum R eftir að hafa leitað til hans vegna óþæginda sem ör eftir keisaraskurð hafði valdið henni. Taldi R að M yrði að gangast undir tvær aðgerðir í því skyni og útskrifaðist M eftir þær 25.6.2007 og fékk eftir hana slæma sýkingu sem hún hefur haft óþægindi af síðan. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu læknisins R og byggir á því að R hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína gagnvart henni sem skyldi. M segir að milta hennar hafi verið tekið áður og hún hefði ekki verið upplýst um aukna áhættu vegna þess, t.d. sýkingarhættu, fyrir aðgerðina 25.5.2007. Af hálfu M er vísað til 4. tl. 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu auk 10. gr. þágildandi læknalaga nr. 74/1997 um upplýsingaskyldu lækna þegar aðgerð sé ekki lífsnauðsynleg. M segir að krafa sín sé ekki fyrnd en árið 2007 hafi verið í gildi fyrningarlög nr. 14/1905, en skv. þeim fyrnist skaðabótakröfur á 10 árum.

V hafnar bótaskyldu og segir að krafa úr sjúklingatryggingu R sé fyrnd sbr. 19. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. V bendir á að M hafi tilkynnt Tryggingarstofnun ríkisins um tjón sitt þ.29.9.2008 og telur V að á þeim tímapunkti hafi M verið kunnugt um tjón sitt í skilningi 19.gr. sjúklingatryggingarlaga og segir V að krafa M í tryggingar læknisins R hafi fyrst komið fram þann 20.3.2015 vegna aðgerðarinnar 25.5.2007. V segir að fylgikvilli sá sem M fékk sé ekki nægjanlega sjaldgæfur til að bótaréttur samkvæmt 4. tl. 2. gr. sjúklingatryggingarlaga stofnist, en miða beri við að um sé að ræða fylgikvilla þar sem hætta sé meiri en 1-2% miðað við læknisfræðilega þekkingu, en fylgikvillar við svuntuaðgerðir séu mun algengari. V hafnar því að R hafi ekki gætta þess að upplýsa M fyrir aðgerð um áhættu af aðgerðinni og atriði því tengd. Bent er á að M hafi undirritað sérstakt staðlað eyðublað um samþykki fyrir aðgerð og að R hafi kynnt henni tilgang og afleiðingar aðgerðarinnar og hættu á fylgikvillum og aðgerðin hafi verið framkvæmd þannig að sérstök gát hafi verið sýnd í öllu ferlinu bæði fyrir og í og eftir aðgerðina og líðan M í dag verði því ekki rakin til athafna eða athafnaleysis R. Þá segir V að orsakatengsl milli aðgerðar R og líðan M í dag sé ósönnuð. V segir að R hafi verið meðvitaður um fyrir sjúkrasögu M og gert sérstakar ráðstafanir vegna þess til að fyrirbyggja sýkingu.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 fyrnast kröfur samkvæmt þeim lögum þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt. M leitaði til Tryggingastofnunar ríkisins 29.9.2008 vegna tjóns síns. Krafa M um bætur vegna aðgerðarinnar þ.25.5.2007, sem R framkvæmdi, kom fyrst fram gagnvart V í mars 2015, en þá var fyrningarfrestur skv. ákvæði fyrrnefndrar 1. mgr. 19. gr. laga um sjúklingatryggingar liðinn. Krafa M úr starfsábyrgðartryggingu R er hins vegar ekki fyrnd í skilningi þágildandi fyrningarlaga.

M byggir kröfu sína á hendur R á því að hún hafi ekki fengið nægjanlega góðar upplýsingar um þá áhættu sem fylgdi því að fara í þá aðgerð sem hún fór í hjá R í maí 2007 sérstaklega með tilliti til þess að miltað hafði verið tekið úr henni og því aukin áhætta, sýkingarhætta, sem fylgdi aðgerðinni. Af hálfu R og váttryggingarfélags hans er vísað til þess að M hafi verið kynnt sú áhætta sem fólst í aðgerðinni og R hafi þekkt sjúkrasögu M og hagað kynningu og aðgerð miðað við þá þekkingu sína. Þessari staðhæfingu R hefur ekki verið hnekkkt. Þá er ekkert sem liggur fyrir sem sýnir eða bendir til að R hafi orðið á mistök við framkvæmd aðgerðarinnar sem slíkrar. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu R hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu eða starfsábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 15.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 389/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Ágreiningur um bótafjárhæð vegna tjóns á ökutæki 16.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ.8.10.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 2.11.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Bifreiðin A lenti í árekstri og er ekki ágreiningur um sök og sakarskiptingu þannig að ökumaður A var í fullum rétti og samþykkir V að greiða fullar bætur vegna þess tjóns sem varð á ökutækinu A. Ágreiningur er um hvað séu fullar bætur og hefur V samþykkt að úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum úrskurði í málinu. M segir að bifreiðinni A hafi verið breytt á árinu 2012 svo hún geti nýtt metangas og í tilboði V um bætur sé ekki tekið tillit til kostnaðar sem stafar af þeim breytingum. M krefst þess að V greiði kr. 1.400.000 í bætur vegna bifreiðarinnar eða útvegi sambærilega bifreið sem nýti metangas sem eldsneyti eða M láti breyta slíkri bifreið þannig að hún geti notað metangas sem eldsneyti og greiði V þá kostnaðinn af slíkri breytingu. V segir kröfu M vanreifaða en býður að greiða kr. 650.000 í bætur vegna tjóns á A og segir það tilboð miðað við raunverulegt verðmæti A á tjónsdegi. V fékk þrjú verðmöt í bifreið eins og A frá löggiltum bifreiðasölum miðað við staðgreiðsluviðskipti. Bílasalarnir þrír meta A til verðs á tjónsdegi fá 450.000-650.000 og engin telur að breyting bifreiðarinnar í að geta nýtt metangas sem eldsneyti skipti máli varðandi verðmæti bifreiðarinnar. V segist bjóða M í bætur það sem A var hæst metinn á tjónsdegi.

**Álit.**

V fellst á að greiða M í bætur verðmæti A á tjónsdegi. M hefur ekki getað sýnt fram á að A sé meira virði en kr. 650.000. V hefur lagt fram þrjú verðmöt löggiltra bifreiðasala og býður það sem A var hæst metin. Leggja verður þau verðmöt sem fyrir liggja til grundvallar og þar sem V býðst til að greiða það sem A er hæst metin þá teljast það vera fullnægjandi bætur til M. M á því ekki kröfu á greiðslu bóta umfram kr. 650.000.- vegna tjóns á A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótagreiðslu umfram kr. 650.000 vegna tjóns á A.

Reykjavík 1.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 390/2015****M og  
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B  
og  
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á bifreiðastæði við Leikskólann Efstahjalla í Kópavogi hinn 9.9.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 5.11.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, dags 9.11.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A var ekið aftur á bak eftir akleið á milli stöðureita á bifreiðastæði við Leikskólann Efstahjalla. Í sömu andrá var B ekið aftur á bak úr stöðureit. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og hægra afturhorn B.

Samkvæmt því sem fram kemur á sameiginlegri tjónstilkynningu, sem báðir ökumenn hafa undirritað, varð áreksturinn kl. 8:15. Einnig segir á hinni sameiginlegu tjónstilkynningu um tjónsatvik að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak.

Í síðari skýrslu um atvikið kvaðst ökumaður A hafa ekið aftur á bak áleiðis í stæði. Þegar hann hafi byrjað að bakka hafi ökumaður B ekki verið búinn að starta bifreið sinni og hann hafi bakkað mjög hratt úr stæðinu. Báðar bifreiðir hafi verið að bakka þegar árekstur varð. B hafi ekki verið kyrrstæð og ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekki flautað.

Ökumaður B kvaðst hafa séð autt stæði beint fyrir aftan sig og ætlað að bakka að því og taka svo vinstri beygju út af bifreiðastæðinu. Er hann hafi verið kominn hálf leið þá hafi hann séð hvar A var ekið í átt að B. Hann hafi því stöðvað A og flautað í 2-3 sekúndur áður en árekstur varð. Þá hafi A verið búin að vera kyrrstæð í jafnlangan tíma að minnsta kosti. Svo hafi virst sem ökumaður A hafi ekki orðið neins var og bakkaði á B án þess að stöðva.

Eftir ónafngreindu vitni er haft í tölvubréfi að það hafi verið að koma út úr bifreið sinni þegar það hafi séð blárri bifreið ekið á aðra bifreið („hvít previa“) sem hafi verið komin úr stöðureit.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki hjá því komist að leggja til grundvallar það sem fram kemur í sameiginlegri tjónstilkynningu að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í þeirri andrá sem áreksturinn varð. Síðari framburður ökumanns B um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð a.m.k. í 2-3 sekúndur fær ekki nægilega stoð í gögnum málsins. Framburður ónafngreinds vitnis er heldur ekki svo skýr og greinargóður að unnt sé að taka tillit til hans varðandi sönnun um tildrög þess að árekstur varð. Gegn andmælum ökumanns A verður að telja ósannað að B hafi verið kyrrstæð svo lengi áður en árekstur varð að áhrif geti haft á niðurstöðu um sakarskiptingu. Að öllu virtu og þar sem ekki verður annað talið sannað en báðir ökumenn hafi verið á ferð er árekstur varð verður sök skipt að jöfnu á milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumann ber helming sakar.

Reykjavík, 1. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 391/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona datt í hálum tröppum við vinnustað.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 14.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 12.11.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Um kl. 8 að morgni 14. desember 2011 var M á leið til vinnu sinnar í A í Reykjavík sem er í eigu B. Hún hafði lagt bifreið sinni á bifreiðastæði ofan við húsið og var á leið niður steinsteyptar tröppur í átt að starfsmannainngangi. Kvað M að um nóttina hafi snjór fennt yfir klaka sem hafi myndast í tröppunum. Þrátt fyrir ýtrustu varkárni, m.a. með því að halda sér í handrið, hafi hún dottið í hálku og runnið niður tröppurnar og hlaut meiðsl í mjóbacki.

M kveður myrkur hafa verið og ekki kveikt á ljósastaur ofan við tröppurnar sem er ætlað að lýsa þær upp. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að eyða hálkunni þegar slysið varð. Samkvæmt gr. 5.1 í leigusamningi vinnuveitanda síns við B beri B ábyrgð á almennu viðhaldi utanhúss, m.a. snjómokstri. Sú athafnaskylda hafi því hvílt á B að gera allar mögulegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að tjón gæti hlotist af hálku við inngang að A. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V kveður sérstakt rekstrarfélag hafa verið starfandi í A þegar slysið varð. Leigutakar í A hafi greitt mánaðarlegt gjald til rekstrarfélagsins til reksturs hússins og umhirðu lóðar. Rekstrarfélagið hafi samið við tiltekinn verktaka til að annast vöktun lóðarinnar og hafi sá verktaki m.a. séð um snjómokstur, söltun og söndun. Enn fremur hafi snjóbræðslulögn verið í tröppunum og ekki sé annað vitað en hún hafi verið í lagi er slysið varð. Hefur V hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Gögn eru takmörkuð um slysið og tildrög þess að öðru leyti en því sem fram kemur í málskoti og kröfubréfi M til B, dags. 22. október 2014. Engin samtímagögn liggja fyrir að frátöldu læknaþreffi frá bráðadeild Landspítalans, dags. 14. desember 2011. Leigusamningur milli B og vinnuveitanda M liggur ekki fyrir, né heldur gögn um þátt rekstrarfélagsins í umhirðu lóðarinnar og samning þess við verkataka í því sambandi. Eins og málið liggur fyrir verður ekki talið að M hafi sýnt fram á samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að B hafi borið umræddan morgun áður en M kom til vinnu að hafa gert ráðstafanir til að eyða hálku úr tröppunum eða slysið verði með einhverju móti rakið til vanbúnaðar fasteignarinnar. Verður því ekki talið að B hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir er hún féll í tröppunum. Af því leiðir að M á heldur ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.  
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 392/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.**

**Skaðabótaábyrgð vegna bilunar í rafmagni þann 20. júní 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. október 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur 27. nóvember 2015, ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Af gögnum málsins má ráða að M telur sig hafa orðið fyrir tjóni þegar rafmagn fór af eða var af skornum skammti inn í veitingastaðinn sem M rekur í Hveragerði. Mun M ekki hafa getað afgreitt viðskiptavinum í hádeginu og fram eftir degi að hans sögn, þar til fullur straumur var kominn á (þriggja fasa). Einnig þurfti M að kalla til rafvirkja og fá nýja kælipressu vegna straumbreytingarinnar og lenti í kostnaði vegna þess.

V, f.h. X, telur ágreiningslaust að tjónið sé að rekja til bilunar í rafmagni. Miðað við atvikalýsingu og gögn málsins telur V að tjónið sé að rekja til einfaldrar bilunar í rafmagni, þ.e. að rafmagn hafi slegið út.

**Álit.**

M telur að um vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu X þar sem að ekki hafi verið eðlilegt viðhald á rafmagnskassa þar sem postulínsbúnaður væri enn í notkun. Í rafmagnsbiluninni hafi falist að postulínsöryggið hafi brunnið í kassanum en haldið áfram að senda straum á hina tvo fasana með mismunandi riðum sem hafi valdið skemmdum á tækjum.

V telur að tjónið sé ekki að rekja til mistaka eða vanrækslu starfsmanna X, heldur, eins og áður segir, að það sé að rekja til einfaldrar bilunar.

Sönnunarbyrðin fyrir því að tjón M sé að rekja til ólögmætrar og saknæmrar háttsemi X hvílir á M. Til þess að tjónvaldur beri skaðabótaábyrgð þarf að sýna fram á það með sönnunargögnum að hann hafi valdið tjón með ólögmætum og saknæmum hætti. Slíkum sönnunargögnum er ekki fyrir að fara í þessu máli en einungis fullyrðingar málsaðila beggja liggja fyrir. Verður því að telja ósannað að X eigi að bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem M varð fyrir þann 20. júní 2015 í kjölfar bilunar í rafmagni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 15. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 393/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 og vátryggingafélagið V-2**  
**v. starfsábyrgðartryggingar fasteignasala F.**

**Krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala vegna ófullnægjandi upplýsinga um ástand eignar þ. 24.10.2011**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 13.10.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V-1 dags. 13.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 3.11.2015 ásamt fylgiskjali.
4. Athugasemdir lögmanns M dags. 7.12.2015.

**Málsatvik.**

M segir málsatvik vera að þau hafi keypt fasteign með kaupsamningi dags. 24.10.2011 og hafi F haft milligöngu sem fasteignasala um kaupin. M segir að í söluyfirliti hafi eigninni verið lýst sem mikið endurnýjuðu einbýlishúsi og hafi M ekki tekið eftir göllum við skoðun á eigninni áður en þeir keyptu eignina, en urðu varir við galla eftir að þeir höfðu fengið eignina afhenta m.a. halla á gólfi auk annars og létu dómkveðja matsmenn til að skoða og meta þá galla sem M töldu að eignin væri haldin og voru matsþolar Garðabær og seljandi eignarinnar. Niðurstaða matsins var að umtalsverðar skemmdir væru á hinni seldu eign, sem væru þess eðlis að M hefðu ekki gert sér grein fyrir þeim við skoðun hennar. Þá segir M að þegar beðið var um mat, þá hafi ekki verið vitað um ábyrgð fasteignasalans, en M gera kröfu í starfsábyrgðartryggingu hans og byggja á því að F hafi gefið rangar upplýsingar í söluyfirliti þar sem segir að eignin sé mikið endurnýjuð en það hafi ekki reynst rétt, þá byggir M á því að upplýsingar um galla á eigninni hefðu átt að koma fram í söluyfirliti og F hafi vanrækt skoðunarskyldu sína hvað eignina varðar og ekki upplýst M um það sem komið hefði fram í fyrri kaupsamningi um eignina að gólfplata væri sigin og með því m.a. brotið gegn 2. mgr. 12. gr. þágildandi laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. M telur tjónsdag vera 24.10.2011 og hin bótaskylda háttsemi hafi átt sér stað þann dag og beinir kröfum sínum aðallega gegn V-1 en til vara gegn V-2, en starfsábyrgðartryggingu F var hjá V-1 frá því í desember 2013 en fyrir þann tíma hjá V-2. V-1 hafnar bótaskyldu og telur að ekki sé um að ræða skaðabótaskyld mistök F. V-1 segir að upplýsingar í söluyfirliti hafi verið réttar og í samræmi við það sem þeir aðilar sem skoðuðu eignina hafi séð m.a. að eignin var mikið endurnýjuð og F hefði ekki gerst sekur um brot á ákvæðum 2. mgr. 12. gr. fyrrnefndra laga. V bendir á að í málskoti segir að M sem kaupendur hefðu ekki tekið eftir göllum á eigninni og hefðu ekki getað orðið varir við þá. V-1 segir þetta kjarna málsins og M eins og F hefðu ekki orðið vör við galla við skoðun eignarinnar. V-1 bendir á að matsgerð sem liggja fyrir hafi ekki verið beint að F og hafi hann því hvorki haft tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að í málinu eða gæta réttar síns og matsgerðin hafi því ekki sönnunargildi gagnvart F. V-2 hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki hafi verið gerð skrifleg bótakrafa á hendur F fyrr en 24.8.2015 eða rúmum 18 mánuðum eftir að trygging F hjá félaginu féll úr gildi og því ljóst miðað við gr. 8.2 vátryggingaskilmála að tjónið geti ekki fallið undir starfsábyrgðartrygginguna hjá V-2. Auk þess telur V-2 kröfuna of seint fram komna miðað við gr. 8.3. vátryggingarskilmála, en ljóst sé að trygging F hjá félaginu féll úr gildi 30.11.2013, en skaðabótakrafan hafi borist tæpum tveim árum síðar. Í athugasemdum lögmanns M kemur fram að eignin sem F seldi M hafi verið haldin mörgum göllum og F hefði mátt sjá galla við skoðun þar sem M sáu ekki enda F sérfróður sem fasteignasala.

**Álit.**

Í grein 8.2. í váttryggingaskilmálum V-2 segir að skaðabótakrafa teljist hafa stofnast þegar hið fyrra tilvik á við þ.e. annars vegar þegar þriðji maður geri skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum og hins vegar þegar váttryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kunni að verða rakið til gáleysis váttryggðs. Skrifleg skaðabótakrafa á hendur F var gerð þ. 24.8.2015, rúmum 18 mánuðum eftir að starfsábyrgðartrygging F hjá V-2 féll úr gildi og því hafði skaðabótakrafa ekki stofnast meðan starfsábyrgðartrygging F hjá V-2 var í gildi og þegar af þeirri ástæðu á M ekki kröfu á hendur V-2

Starfsábyrgðartrygging F hjá V-1 var í gildi þegar M settu fram skriflega skaðabótakröfu vegna tjóns sem M telja að F beri sakarábyrgð á. Byggt er á því af hálfu M að upplýsingar í söluþingliti séu ekki réttar sérstaklega varðandi það að húsið hafi verið mikið endurnýjað þá er kaup gerðust. Í söluþingliti er tekið fram að eignin sé mikið endurnýjuð og síðar er gerð grein fyrir ákveðnum atriðum sem varða fasteignina. Lýsing á eigninni í söluþingliti er knöpp, en þó ekki röng eða ófullnægjandi. Matsgerð sem liggur fyrir í málinu var beint að öðrum matsþolum en F og hafði hann hvorki tök á því að gera athugasemdir eða koma fram sínum sjónarmiðum við framkvæmd matsins og hefur matsgerðin ekki sönnunargildi gagnvart F, en jafnvel þó svo væri þá koma ekki fram nein þau atriði í matsgerðinni sem sýna fram á eða gera líklegt að F hafi ekki gefið fullnægjandi upplýsingar eða látið undir höfuð leggjast að afla fullnægjandi upplýsinga og/eða kynna M með venjubundnum hætti kosti og galla á eigninni þannig að F hafi bakað sér skaðabótaábyrgð. Þá hefur M ekki sýnt fram á að F hefði átt að sjá galla við skoðun sem M gat ekki gert sér grein fyrir við skoðun eignarinnar. M hefur því ekki sýnt fram á að F hafi gerst sekur um vanrækslu sem valdi því að hann beri skaðabótaábyrgð gagnvart M. M því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V-1

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V-1.

Reykjavík 18.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 394/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.**

**Árekstur á Suðurlandsbraut 29. júní 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13. október 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 5. nóvember 2015.

**Málsatvik.**

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá Aðstoð&Öryggi um árekstur milli bifreiða A og B á Suðurlandsbraut. Þar kemur fram að ökumaður bifreiðar A (M) segist hafa ekið frá Faxafeni inn á Suðurlandsbraut og hafi bifreið B þá komið á mikilli ferð og ekið á bifreið hennar. Ökumaður bifreiðar B segist í sömu skýrslu hafa ekið á vinstri akrein Suðurlandsbrautar þegar bifreið A hafi komið gegn biðskyldu frá Faxafeni og ekið í vinstri hlið bifreiðar B.

M telur að bifreið B hafi verið ekið allt of hratt og að hún, sem ökumaður bifreiðar A, hafi verið búin að virða biðskyldu og verið búin að aka í nokkra stund á Suðurlandsbraut þegar árekstur varð.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir varðandi sakarskiptingu.

**Álit.**

Í tjónstilkynningu kemur fram að áður en árekstur varð hafi ökumaður bifreiðar A (M) ekið frá Faxafeni inn á Suðurlandsbraut, en einnig kemur fram að þar sé biðskylda fyrir umferð sem kemur frá Faxafeni. Bar M því að veita umferð um Suðurlandsbraut forgang, en bifreið B var ekið um Suðurlandsbraut. M heldur því fram að hún hafi ekið nokkra stund á Suðurlandsbraut þegar árekstur varð. Vegna varúðarskyldu hennar vegna biðskyldunnar verður að leggja sönnunarbyrði á M, sem ökumann bifreiðar A, að hafa verið búin að virða biðskyldu þegar árekstur varð. Framburður ökumanns bifreiðar B er hins vegar nokkuð skýr um að bifreið A hafi verið ekið af biðskyldu og rakleiðis á bifreið B. Með hliðsjón af ofangreindri sönnunarstöðu telst M ekki hafa getað sýnt fram á að hún hafi virt biðskyldu gagnvart umferð um Suðurlandsbraut. Áreksturinn telst því hafa orðið vegna þess og ber M, sem ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 395/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar X.****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð umráðamanns húseignar vegna slyss 7. september 2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.11.2015, ásamt gögnum.
3. Bréf M, dags. 20.11.2015, ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið að gista í íbúð vinkonu sinnar (X) og aðfararnótt 7. september 2014 hafi hún verið að fara inn á baðherbergi í íbúðinni þegar hún hafi runnið í bleytu og fallið við. Í fallinu hafi M gripið í blöndunartæki sturtunnar til að forða sér frá falli en við það hafi skrúfast frá heita vatni sturtunnar og vegna þess að sturtuslangan á baðherberginu hafi verið án sturtuhausss hafi heita vatnið sprautast yfir M með þeim afleiðingum að hún brenndist á andliti og líkama. Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M hafi ekki getað gert grein fyrir atvikum þeim sem leiddu til líkamstjóns hennar þegar hún kom á slysadeild og kemur þar fram að lækna- og hjúkrunarfólk hafi talið hana vera undir nokkrum áfengis- eða lyfjaáhrifum við komu á slysadeildina. Í lögregluskýrslum kemur fram frásögn X um að hún hafi komið að M hvar hún lá á baðherbergisgólfi og hafi hún hjálpað M að leggjast til svefns en það hafi ekki verið fyrr en næsta dag sem vart hafi verið við áverka.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar með því að sýna af sér ólögmeta og saknæma háttsemi í aðdraganda slyss hennar. X hafi borið ábyrgð á því að viðhald fasteignar hennar væri viðunandi en ljóst sé að svo hafi ekki verið á baðherbergi, þar sem blöndunartæki láku og voru ekki örugg þar sem slanga var án sturtuhausss. M vísar til ljósmynda frá vettvangi sem sýni umbúnaðinn greinilega. M vísar einnig til þess að það sé ósamræmi í framburði X hjá lögreglu um hvort hún hafi orðið vör við þá atburði sem leiddu til líkamstjóns M þá nótt sem þeir urðu eða hvort það hafi ekki gerst fyrr en daginn eftir og hafi það verið vegna áfengis- og/eða lyfjaneyslu hennar. Einnig vísar M til þess að það liggi ekki fyrir með óyggjandi mælingum að M sjálf hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hún varð fyrir líkamstjóni og að það hafi haft áhrif á atburðarás þá sem leiddi til tjónsins og ástæða þess að hún hafi ekki getað tjáð sig um atvik strax hafi verið áfall vegna líkamstjónsins. M telur því að það eigi að greiða bætur til hennar úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V.

V telur í fyrsta lagi að ósannað sé hvað hafi leitt til líkamstjóns M, í öðru lagi ósannað að að umbúnaður á baðherbergi X hafi verið þannig að saknæmt hafi verið af hálfu X að gera ekki sérstakar ráðstafanir hans auk þess sem tjón M sé ekki sennileg afleiðing þessa umbúnaðar. Ef komist sé að þeirri niðurstöðu að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi telur V að tjóni M sé að mestu rakið til hennar eigin gáleysis þannig að hún eigi að bera 2/3 hluta tjóns síns sjálf. V bendir á að M hafi sönnunarbyrði um atvik sem leiddu til tjóns hennar og sé af gögnum málsins alls óljóst hver þau atvik hafi verið. Ekki hafi verið hægt að fá skýrslu frá M um þau þegar hún leitaði á slysadeild og ósamræmi sé í framburði X varðandi atvik. Hallann af þeim sönnunarskortri verði M að bera. Einnig bendir V á að húsráðendur hafi það í hendi sér hvernig umbúnaður húseignar þeirra sé og það að nota óvarða slöngu sem handsturtu sé ekki vanbúnaður eins og M heldur fram. Auk þess sé ósannað að það hafi verið bleyta á baðherbergisgólfi í íbúð X eins og M heldur nú fram. Einnig bendir V á að M sjálf hafi skrúfað frá heitu vatni í sturtunni og sé tjón hennar því ekki sennileg afleiðing af meintum vanbúnaði.

**Álit.**

Í gögnum málsins er nokkur óvissa um málsatvik og hvað leiddi nákvæmlega til þess að M hlaut líkamstjón í greint sinn. Það má þó af sömu gögnum ætla að M hafi hlotið líkamstjón vegna þess að heitt vatn rann á andlit hennar og líkama og það uppgötvaðist í íbúð X. Ekki liggur þó fyrir með óyggjandi hætti hvar það gerðist, vegna hvers eða hvernig en líkur eru leiddar að því að bæði M og X hafi verið undir nokkrum áhrifum áfengis eða lyfja.

Í íslenskum rétti ber sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna mögulegrar bótaábyrgðar þess sem hann krefur um skaðabætur. Í þessu máli liggur fyrir að M hefur krafist skaðabóta úr hendi X vegna ætlaðrar ólögætrar og saknæmrar háttsemi hennar sem húsráðanda í íbúð hvar M var stödd þegar líkamstjón hennar uppgötvaðist. Ekki liggja þó fyrir gögn sem sanna hvernig líkamstjónið kom til eða að það sé hægt með óyggjandi hætti að rekja til umbúnaðar húseignar X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Hallann af þessum sönnunarskorti ber M skv. ofansögðu. Verður því, þegar af þeirri ástæðu, ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 398/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Tjón á fasteign vegna skolpvatns 6. apríl 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 17.12.2015 ásamt höfnunarbréfi V dags. 15.5.2015.

**Málsatvik.**

Í tilkynningu M til V um tjón dags. 14. apríl 2015 kemur fram að tjón hafi orðið í tiltekinni fasteign í eigu M vegna skolpvatns. Nánar tiltekið höfðu skolplagnir í brunni götunnar sem fasteignin stendur við stíflast vegna róta trjáa á lóð nálægrar fasteignar.

M telur að X sem sveitarfélag hafi átt að sjá til þess að frárennsliskerfi þess væri í lagi og geti ekki verið ábyrgðarlaus gagnvart þeim sem hafi orðið fyrir tjóni vegna stíflu í því. Einnig telur M að stíflulosun hafi ekki verið í lagi af hálfu X þar sem ekki hafi verið fylgst með hvort skolp kæmi upp um niðurföll og ekki hafi heldur verið byrjað á því að dæla burt umframskolpvatni úr brunni í götu áður en stíflulosun hófst. Telur M því að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi og greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

V vísar til þess að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem rekja má til leka úr frárennslislögnum þess. X hafi ekki vitað um stíflu í brunninum fyrr en tilkynning barst frá M og ekkert bendi til þess að X hafi getað brugðist við áður en til stíflunnar kom. Einnig bendir V á að X hafi notað þá aðferð við stíflulosunina að hefjast handa í brunni í nálægri götu sem stóð neðar en stíflan og leiða þaðan fræsara með myndavél þannig að vatn rynni niður í brunninn. Sú aðferð hafi verið eðlileg og ekki saknæm háttsemi af hálfu starfsmanna X og hafnar V því bótaábyrgð.

**Álit.**

Þegar gerð er krafa í ábyrgðartryggingu X hjá V þarf að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á því tjóni sem varð. Ágreiningur málsins snýst fyrst og fremst um hvort sveitarfélagið X eigi að bera skaðabótaábyrgð á því að runnið hafi vatn inn í fasteign í sveitarfélaginu eftir að trjárætur höfðu stíflað skolplagnir, sem eru hluti af frárennsliskerfi sveitarfélagsins og þeim aðferðum sem notaðar voru til stíflulosunar. M ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt mat á þeim aðferðum sem notaðar voru til stíflulosunar, að þær hafi verið gáleysislegar eða þannig að X ætti að bera skaðabótaábyrgð vegna þeirra, eða að það séu lagaheimildir til að leggja hlutlæga ábyrgð á X vegna tjónsins. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 399/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. byggingarstjóratryggingar.**

**Krafa tryggingarfélags um að byggingarstjóri greiði eigin áhættu vegna tjóns 14.10.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.10.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Bréf V dags. 13.11.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-5.

**Málsatvik.**

M var byggingarstjóri á húsi og var með starfsábyrgðartryggingu hjá V. Krafa barst til V um greiðslu bóta vegna ágalla á húsinu sem raktir voru til smíði og frágang þess og var krafan studd mati dómkvadds matsmanns sem taldi frágang á fasteigninni ábótavant. M taldi sig ekki bera ábyrgð á þeim ágöllum. V greiddi samt sem áður bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra í samræmi við niðurstöðu matsgerðar og krafði M um greiðslu eigin áhættu vegna tjónsins. M hafnar því að honum beri að greiða eigin áhættu þar sem að V hafi tekið einhliða ákvörðun í andstöðu við sig og vísar til 2. mgr. 44. gr. laga um um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M segist ekki hafa átt þess kost að halda uppi vörnum í málinu vegna ásakana um mistök og af framangreindum ástæðum komi ekki til greina að V geti krafðið hann um greiðslu eigin áhættu vegna uppgjors V á meintu tjóni við byggingu hússins. V segir að félagið hafi í fyrstu hafnað kröfu húseigenda, en eftir að mat dómkvadds matsmanns lá fyrir hafi félagið ákveðið að greiða samkvæmt matinu, en þar hafi m.a. komið fram að frágangur á þaksvölum hafi ekki verið í samræmi við samþykktan uppdrátt og ekki í samræmi við leiðbeiningar framleiðenda. V vísar til 3. mgr. 33. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 um heimild til að áskilja sjálfsáhættu tryggingartaka, en slíkt megi ekki skerða rétt þriðja aðila. V bendir á að um lögboðna ábyrgðartryggingu sé að ræða og tilgangur 2. mgr. 44. gr. laga um vátryggingarsamninga geti tæplega verið sá að gefa vátryggingartaka heimild til að hafna ábyrgð jafnvel þó matsgerð eða önnur sönnunargögn sýni fram á hið gagnstæða, en þá væri vátryggingartaki alltaf óskuldbundinn til að greiða eigin áhættu.

**Álit.**

Krafa húseigenda í húsinu þar sem M var byggingarstjóri er byggð á því að V taldi M bera skaðabótaábyrgð á tjóni, sem staðfest var með niðurstöðu mats dómkvadds matsmanns samkvæmt matsgerð dags. 26.ágúst 201. M var viðstaddur matsfund og gerði engar athugasemdir við boðun fundarins, matsspurningar eða dómkvaðningu matsmanns. Matsgerð lá fyrir í lok ágúst 2013 og gat M þá leitað eftir því að hnekkja matinu þar sem hann var ósáttur við niðurstöðu þess eins og fram kemur í málskoti með því að fara fram á yfirmat, en það gerði M ekki. Ekkert liggur því fyrir í málinu sem hnekkir niðurstöðu matsins frá 26.8.2013. V bætti húseigendum tjón sitt samkvæmt niðurstöðu matsins rúmum einum og hálfum mánuði eftir að matið lá fyrir. Þá lágu ekki fyrir nein haldbær rök af hálfu M til þess að hnekkja ákvörðun V um skaðabótaábyrgð M eða til að hnekkja niðurstöðu þess mats sem þá lá fyrir. Verður því litið svo á að V hafi verið rétt og skylt að greiða þeim sem orðið höfðu fyrir tjóni vegna starfa M þær bætur sem niðurstæða dómkvadds matsmanns kvað á um. Getur V því krafðið M um greiðslu eigin áhættu vegna þess tjóns sem greitt var til tjónþola og er það í samræmi við vátryggingarsamning þann sem í gildi var vegna tjónsins.

**Niðurstaða.**

V er heimilt að krefja M um greiðslu eigin áhættu af tjóni sem V gerði upp í samræmi við niðurstöðu matgerðar 14.10.2013.

Reykjavík 1.12.2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 400/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.**

**Árekstur bifreiða á Linnetstíg í Hafnarfirði þ. 19.9.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29.10.2015 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V 11.11.2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Linnetstíg í Hafnarfirði milli bifreiðanna A og B. Ökumaður A segist hafa bakkað aðeins út úr bílastæði og stöðvað A þar sem hún hafi séð til ferða B og hafi B ekið utan í A kyrrstæða. Ökumaður B segist hafa ekið B á hægri ferð eftir Linnetstíg þegar A hafi verið bakkað úr bílastæði og í miðja hægri hlið B.

**Álit.**

Ákoma á B er á miðri hægri hlið. Gögn málsins og ákoma á B benda eindregið til þess að A hafi verið bakkað úr bifreiðastæði á B í umrætt sinn. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 1.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 401/2015**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðaverkstæðis.**

**Skemmdir á bifreið sem var til viðgerðar á bifreiðaverkstæði.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 30.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 19.11.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A, bifreið í eigu málskotsaðila, var til viðgerðar hjá B að D í Reykjavík. Er A var sótt á verkstæðið að lokinni viðgerð kom í ljós að iðnaðarmaður hafði verið að saga járnplötur á þaki D. Við það hafi agnir frá söguninni dreifst yfir A og valdið skemmdum á lakki.

Fram kemur í gögnum málsins að beðið hafi verið um að þrjár tilteknar bifreiðir, sem stóðu fyrir framan húsið yrðu færðar. Hins vegar hafi A ekki verið meðal bifreiðanna sem beðið var um að yrðu færðar, en hún hafi staðið við enda hússins. Af hálfu B er tekið fram að starfsmenn verkstæðisins hafi ekki haft hugmynd um hvaða framkvæmdir hafi verið í gangi á þessum tíma.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þeirra skemmda sem urðu á A. V kveður starfsmenn B hafa verið í góðri trú um að aðrar bifreiðir á svæðinu væru öruggar, þ. á m. A. Þá falli ábyrgð á tjóni, eins og hér um ræðir, ekki undir vátryggingu þá sem B hefur í gildi hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup ber seljanda þjónustu að bæta tjón sem verður á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljandanum glatast eða skemmist nema seljandinn sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu. Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins virðist ekki um það deilt að skemmdir urðu á lakki A meðan hún var til viðgerðar hjá B eins og að framan greinir. Starfsmenn B voru beðnir um að færa þrjár bifreiðir en þó ekki A. Þeir könnuðu ekki ástæður þess að færa þurfti bifreiðirnar. Létu þeir því hjá líða að færa A á öruggan stað. Hefur B ekki sýnt fram á að skemmdir á A verði ekki raktar til vanrækslu hans í þessum efnunum. Með vísan til 25. gr. laga nr. 42/2000 ber A ábyrgð á tjóninu.

Í gr. 4.1, sbr. gr. 4.1.1, í skilmálum V fyrir ábyrgðartryggingu þá sem B hafi gildi hjá V segir að vátryggingin bæti m.a. munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna þeirrar starfsemi sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Ekki fer á milli mála að skaðabótaábyrgð B á tjóni M byggist á íslenskum lögum og vegna þeirrar starfsemi sem getið er í fyrirliggjandi afriti af endurnýjunarkvittun, þ.e. bifreiðaverkstæði. Inngangsorð í vátryggingarskilmálunum, sem fjalla um skaðabótaábyrgð samkvæmt sakarreglu íslensks réttar og hlutverk ábyrgðartrygginga, haggja ekki þessari niðurstöðu. B nýtir því verndar samkvæmt ábyrgðartryggingunni vegna þeirrar skaðabótaábyrgðar sem hann ber gagnvart M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni vegna þess tjóns sem varð á A.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 402/2015****M  
og  
váttryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar X.****Ágreiningur um gildissvið laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.11.2015, ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins má sjá að M leitaði til X vegna fyrirferðar sem hún var með á vinstra handarbaki. Greining X var sú að um svokallað „Dorsal ganglion“ væri að ræða og fjarlægði X það með skurðaðgerð 4. mars 2013. Eftir þá aðgerð hefur M fundið fyrir verkjum og óþægindum í hendi með hreyfiskerðingu, auk þess sem hún telur að að nokkuð lýti hafi hlotist af aðgerðinni.

M telur að hún eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V fyrst og fremst vegna þess að aðgerðin sem X hafi framkvæmt hafi leitt til þess að hún hafi þurft að þola mun meiri fylgikvilla en svo að sanngjarnt sé að hún þoli bóttalaust í skilningi 4. t.l. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. M bendir einnig á að sönnunarkröfur í umræddum lögum séu vægar og það verði að túlka ákvæði laganna sjúklingum í vil.

V telur að ekki sé sýnt að ákvæði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé uppfyllt þannig að stofnast hafi greiðsluskylda úr sjúklingatryggingu X. Hvað varðar skilyrði 4. t.l. 2. gr. vísar V til þess að fylgikvilli, sá sem M lýsir og óþægindi og lýti sem lýst sé í læknisfræðilegum gögnum eftir aðgerð hjá X, séu ekki alvarleg í skilningi umrædds töluliðar. Hvað lýtið varðar sérstaklega bendir V á að fyrirferðin sem M lét fjarlægja hafi einnig verið einhvers konar lýti auk þess sem ekki sé fyllilega sannað að hreyfiskerðing sé varanleg. Að auki verði að líta svo á að það sé fyrst og fremst vegna þess að bein hafi verið stærra en hægt hafi verið að sjá fyrir aðgerðina og það séu ekki aðstæður sem X geti borið skaðabótaábyrgð á þó lítið sé til reglna laga um sjúklingatryggingu.

**Álit.**

Samkvæmt 4. t.l. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu skal greiða bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum hlýst af meðferð eða rannsókn og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem ekki sé sanngjarnt að sjúklingar þoli bóttalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjónið er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt sé að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Þegar umrædd skilyrði laga um sjúklingatryggingu eru metin verður einnig að líta til þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu um að slakað sé á almennum sönnunarkröfum skaðabótaréttarins og hvaða skilyrði þurfi þá að vera fyrir hendi.

Í umræddum lögskýringargögnum kemur einnig fram að ef fylgikvilli í skilningi 4. t.l. 2.gr. laganna sé algengur sé rétt að sjúklingur þoli hann bóttalaust, en ef hann er sjaldgæfur séu skilyrði 4. t.l. 2.gr. uppfyllt. Ekki liggur fyrir, t.d. í dómaframkvæmd eða annarri framkvæmd, hvaða hlutfallstölu er miðað við eða annars sem nákvæmlega er miðað við í þessu sambandi. Hvað sem því líður þá verður að ætla að þegar bein er fjarlægð úr handarbaki sjúklings sé ekki hægt að tryggja að virkni handar eða útlit verði með nákvæmlega sama hætti og áður. Ekki er varhugavert að ætla að óþægindi sem þau sem M hefur átt við að stríða séu algeng í skilningi 4. t.l. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu á meðan ekki liggja fyrir gögn um annað. Einnig kemur fram í lögskýringargögnum að fylgikvilli þurfi að vera alvarlegur til að skilyrði 4. t.l. séu uppfyllt. Ekki liggja heldur fyrir nægilega skýrar upplýsingar um alvarleika afleiðinga aðgerðar þeirrar sem M gekkst undir. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 403/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A.**

**Bifreið rakst niður og gat kom á oliúpönnu 26.8.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29.10.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 10.11.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M segir að ökumaður bifreiðar A hafi þurft að snögghemla og farið út í vegakant sem hafi orðið til þess að bifreiðin rakst niður og gat kom á oliúpönnu hennar. M segir að hvorki ökumaður né farþegi hafi orðið varir við skemmdir og haldið ferðinni áfram. Daginn eftir hafi A verið ekið stutta vegalengd en 28.8.2015, tveimur dögum síðar, hafi A drepíð á sér eftir að henni var ekið um einn kílómetra. M telur að tjón hafi orðið á bifreiðinni við útafakstur 26.8.2015 og gerir kröfu til að tjónið á A verði bætt úr kaskótryggingu sinni hjá V.

V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 4.1. í vátryggingarskilmálum og telur óumdeilt að um útafakstur hafi verið að ræða en andmælir því að tjón hafi orðið á vél við útafaksturinn enda hafi tjónið á vélinni ekki komið fram fyrir en tveim dögum síðar eftir talsverðan aksturs ökutækisins.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 4.1. í vátryggingarskilmálum kaskótryggingar M hjá V vegna A, bætir vátryggingin tjón á ökutæki vegna útafaksturs. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvað það var sem beinlínis varð til þess að vél A eyðilagðist. Hvað sem því líður þá liggur fyrir að vél A var gangfær strax eftir að útafaksturinn átti sér stað og A var ekið nokkra vegalengd þann dag og daginn eftir og skemmdir á vél urðu ekki fyrir en tveim dögum eftir útafaksturinn. Ekki telst sannað að þær skemmdir sem urðu á vél bifreiðarinnar A hafi orðið við útafaksturinn og falla því ekki undir bótasvið vátryggingarskilmála þeirra sem um ræðir í máli þessu. M á því ekki rétt á bótum úr vegna tjóns á vél A úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A vegna tjóns á vél bifreiðarinnar.

Reykjavík 1.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 404/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.****Kona varð fyrir meiðslum er miðstöðvarofn féll á fót hennar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 2.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.11.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 16. júní 2014 voru M og A, móðir hennar, að taka til í bílskúr í eigu M. Í málskoti kemur fram að á gólfí bílskúrsins hafi verið frístandandi ótengdur miðstöðvarofn úr pottjárnri í um eins metra fjarlægð frá bílskúrsvegg. Hafi A hallað sér upp að ofninum með þeim afleiðingum að ofninn féll fram og A með. Hafi ofninn lent á hægri fæti M sem ristarbrotnaði við það.

Kveður M að A beri ábyrgð á slysinu og hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem A hefur í gildi hjá V. V telur að slysið megi rekja til óhappatilviks eða eigin sakar M og hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Engin skýrsla liggur fyrir í málinu af hálfu A um slysið og tildrög þess. Af athugasemdum V verður á hinn bóginn ekki annað ráðið en ágreiningslaust sé með aðilum hvernig slysið varð eins og lýst er hér að ofan.

Ekki fór á milli mála að miðstöðvarofninn stóð frítt úti á gólfinu og hafði engan stuðning til að varna því að hann félli á gólfíð ef við honum var stjakað eða þungi lagðist á hann. A mátti vera þetta ljóst er hún hallaði sér upp að ofninum. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að það hafi verið vegna óviðráðanlegra atvika sem A hallaði sér á ofninn með þeim þunga að hann féll um koll. Verður að virða það A til gáleysis að hafa lagst á ofninn þannig að hann féll á fót M. A ber því ábyrgð á líkamstjóni sem M varð fyrir umrætt sinn. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvers vegna ofninn stóð frír úti á gólfinu. Þannig liggur ekki fyrir hvort það hafi gerst við tiltekt þeirra A og M í skúrnum eða áður. Hvað sem því líður eru ekki efni til að virða það M sérstaklega til sakar að fótur hennar hafi orðið undir ofninum er hann féll. A telst því bera fulla ábyrgð á líkamstjóni M. Af því leiðir að M á óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar A hjá V.

Reykjavík, 1. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 405/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar eiganda verslunarmiðstöðvar.****Kona féll á hálfu á leið frá dyrum verslunarmiðstöðvar að bifreið á bifreiðastæði.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 30.11.2015.

**Málsatvik.**

Um kl. 15 hinn 3. febrúar 2015 var M ásamt eiginmanni sínum á leið frá verslunarmiðstöðinni A í bifreið sem var staðsett á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina. Rann hún þá á hálfu og féll í jörðina. Hlaut hún skurðsár á höfði og brot á vinstri fæti rétt ofan við gervilið í hné. Í málskoti segir að M hafi runnið á svelli á gönguleið við inngang A.

Í dagbók lögreglu segir að M hafi verið á leið frá aðalinngangi A ásamt eiginmanni sínum að bifreið þeirra sem var staðsett á bifreiðastæðinu og fallið í mikilli hálfu. Rætt hafi verið við húsvörð í A og hafi hann ætlað að sjá til þess að sandborið yrði þar sem þurfa þótti í kringum húsið.

Samkvæmt fyrirbyggjandi vottorði um veður á Akureyri var snjókoma kl. 9 um morguninn þegar slysið varð og jörð alþakin jafnföllnum snjó. Kl. 12 á hádegi var enn snjókoma en kl. 15 var úrkoma í grennd. Hitastig um daginn var um frostmark.

M kveður engin ummerki hafa verið um að svæðið fyrir framan A hafi verið sandborið. Veðurfar umræddan dag hafi verið með þeim hætti að ríkt tilefni hafi verið að fylgjast með hálkuvörnum enda um að ræða fjölfarinn stað. Megi rekja slysið til vanbúnaðar eða vanrækslu af hálfu A. Hefur M krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu eiganda A hjá V.

V kveður slysið hafa orðið á bifreiðastæðinu. Í öryggismyndavél sjáist að það hafi gerst „ca. 6 bílastæðum frá inngangi á miðju plani. Ekki rétt við innganginn í verslunarmiðstöðina.“ Bræðslukerfi hafi verið bæði á bifreiðastæðinu og í gangstéttum við verslunarmiðstöðina. Hefur V hafnað bótaskyldu

**Álit.**

Engin gögn úr öryggismyndavél liggja fyrir í málinu. Þrátt fyrir það verður ekki talið nægilega sannað að slysið hafi orðið á gangstétt eða gangstíg fyrir framan inngang A. Við það verður að miða að slysið hafi orðið er M var komin út á sjálft bifreiðastæðið á leið í bifreið sína og eiginmanns hennar. Eins og veðurfarsaðstæðum hafði verið háttáð yfir daginn samkvæmt því sem greinir í vottorði um veður verður ekki talið að unnt sé að leggja þær skyldur á eiganda A að koma alfarið í veg fyrir að hálka myndist á þeim stað þar sem slysið varð. M mátti vita að hún var að fara um svæði þar sem snjór lá yfir og hált gat verið undir. Eins og hér stóð á eru ekki næg efni til að fella ábyrgð á eiganda A vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir umrætt sinn. Hún á því ekki rétt á bótum úr téðri ábyrgðartryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eiganda A hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 406/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar X.****Krafa um skaðabætur vegna afleiðinga aðgerðar 26. júní 2013.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 2.12.2015.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til læknisins X vorið 2013 vegna ótilgreindra einkenna og gekkst undir kviðslitsaðgerð hjá X þann 26. júní 2013. M lýsir því í málskoti að hann hafi haft veruleg óþægindi síðan hann gekkst undir þá aðgerð og vísar til þess að hann hafi leitað til fjölda lækna til þess að fá bót meina sinna án árangurs. Ekki þykir nauðsynlegt að tilgreina nákvæmlega upplýsingar úr læknisfræðilegum gögnum en þau lýsa einkennum M og því að hann reki þau einkenni til fyrrgreindrar aðgerðar hjá X.

M telur að hann eigi rétt til greiðslu bóta úr sjúklingatryggingu skv. lögum nr. 111/2000 og vísar til ákvæðis í þeim lögum sem tryggja bótarétt vegna fylgikvilla aðgerða og rökstyður kröfu sína með því að vísa til læknisfræðilegra gagna um einkenni sín eftir aðgerðina.

V telur ekki ljóst að bótaréttur skv. lögum um sjúklingatryggingu sé fyrir hendi. V telur í fyrsta lagi að krafa M sé ekki rökstudd og í öðru lagi að skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu ekki fyrir hendi. Hvorki sé sýnt fram á með læknisfræðilegum gögnum að meðferð X hefði átt að vera öðruvísi í skilningi 1. eða 3. tl. 2. gr. laganna eða að sýnt sé að M hafi fengið fylgikvilla eftir aðgerð sem uppfylli skilyrði 4. tl. 2. gr. um að vera alvarlegur og tiltölulega sjaldgæfur, eins og skýrt sé að hann þurfi að vera í dómaframkvæmd. V vísar til þess að M hafi sönnunarbyrði um að skilyrði laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt og telur hann ekki hafa uppfyllt hana.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að M gekkst undir aðgerð hjá X í lok júní 2013 og hefur eftir það lýst margvíslegum einkennum. Í gögnum málsins liggur ekki ljóst fyrir hvernig einkenni M voru áður en hann leitaði til X og m.v. þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu verður heldur ekki fullyrt að einkennum þau sem M lýsir megi að öllum líkindum rekja til einhverra þeirra atriða sem tilgreind eru í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Ekki verða heldur fullyrt að um sé að ræða sérstakan fylgikvilla þeirrar aðgerðar sem M gekkst undir hjá X þó hann sjálfur líti svo á en slík ályktun er ekki nægilega studd læknisfræðilegum gögnum og röksemdum eða matsgerð. Er því ekki hægt að fallast á bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 407/2015**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar verktaka.**

**Bifreið skemmdist er henni var ekið ofan í lítinn skurð við innkeyrslu.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 2.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 12.11.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Um kl. 18:30 hinn 30. september 2015 var A, bifreið í eigu M, ekið ofan í 20-25 cm djúpan skurð við innkeyrslu tiltekins húss við Miðhóp í Grindavík. Skurðurinn var endilangt meðfram brún götunnar til undirbúnings gangstéttargerðar á milli götunnar og lóðarmarka.

Kveður M að eiginkona hans hafi ekið A að heimili foreldra hennar, sem voru fjarverandi. Í sömu andrá og hún var að fara að beygja að húsinu hafi hún séð að útiljós var ekki kveikt og hafi það vakið athygli hennar. Í sömu andrá hafi hún ekið ofan í skurðinn og skemmdir orðið á A. Óhappið hafi gerst í ljósaskiptunum og mikil rigning verið þannig að malbik og jarðvegur hafi fallið dálítið saman í sjón.

Kveður M að engar merkingar hafa verið í götunni vegna þeirra framkvæmda sem þarna stóðu yfir, einungis keilur sem hafi sést illa þegar ekið var að fyrrgreindu húsi og þar hafi verið ein keila sem hafi verið um 1 m inni í innkeyrslunni.

Óhappið var tilkynnt lögreglu. Í skýrslu lögreglunnar kemur fram að vinnuvél hafi staðið við gatnamót Miðhóps og Austurhóps. Við botnlangann þar sem ekið er að fyrrgreindu húsi hafi mátt sjá röð af umferðarkeilum sem stóðu við grunnan skurð. Við húsið hafi einnig verið keila.

M kveður merkingum við framkvæmdirnar hafa verið ábótavant og verktakinn sem annaðist framkvæmdirnar beri á því ábyrgð. Hefur hann krafist bóta vegna skemmda á A úr ábyrgðartryggingu verktakans hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en umferðarkeilur í götunni hafi gefið til kynna að þarna hafi framkvæmdir verið í gangi meðfram brún götunnar. Fyllsta ástæða var fyrir vegfarendur sem þarna áttu leið um að gæta ýtrustu varúðar. Að gögnum málsins virtum verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á óhappið megi rekja til ófullnægjandi merkinga vegna framkvæmdanna. Verktaki sá sem þær annaðist verður því ekki gerður ábyrgur fyrir því tjóni sem varð á A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hans hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu verktaka hjá V

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 408/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá K.**

**Kona slasaðist við útreiðar. Tilkynningarfrestur vegna slyss 13.3.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 2.12.2015 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

M var í útreiðatúr þegar hestur sem hún reið datt og lenti M undir honum og slasaðist. M tilkynnti slysið til V með tjónstilkynningu dags. 23.9.2013. Í tilkynningunni kemur fram að M hafi slasast í frítíma. M var tryggt með fjölskylduþryggingu hjá V á slysdegi og féllst V á bótaskyldu og var tjónið gert upp með bótagreiðslu 18.8.2015 samkvæmt þeirri tryggingu. Hinn 9.9.2015 gerði M síðan V grein fyrir að hún væri starfsmaður K og ætti rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá K. M telur ljóst að hið bótaskylda tjón hafi verið tilkynnt V 23.9.2013 og hafi tilkynningin ekki verið einskorðuð við tiltekna tryggingu enda ekki gert ráð fyrir því á eyðublaði tryggingafélagsins. V sjálfst hefði ákveðið að einskorða tryggingu M við fjölskylduþryggingu hennar. V hafnar bótaskyldu og segir að tjónið hvað slysátryggingu launþega hjá K varðar, hafi ekki verið tilkynnt til V innan árs frá því að M fékk vitneskju um kröfu sína sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að M hafi mátt vera fullljóst um afleiðingar slyssins í síðasta lagi 13.3.2014 þegar heilsufar M var orðið stöðugt skv. mati læknis. V segir að skv. upprunalegu tilkynningu M komi einungis fram að hún sé grunnskólakennari, en það eitt gefi V ekki upplýsingar um vinnustað eða bótarétt.

**Álit.**

Í tilkynningu lögmanns M til V dags. 4.9.2014 segir að M hafi leitað til lögmannsins vegna frítímaslyss sem hún hafi orðið fyrir 13.3.2013 og þess óskað að V taki afstöðu til bótaskyldu. Í tjónstilkynningu er nafn M tilgreint sem vátryggingartaka en hún var með heimilistryggingu hjá V þegar slysið varð. Upplýsingar um bótakröfu M í slysátryggingu launþega hjá K komu hins vegar ekki fram fyrr en með tilkynningu M dags. 9.9.2015, en þá var ársfresturinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga liðinn. V fékk sannanlega tilkynningu um tjón M sem vátryggingartaka hjá félaginu með tjónstilkynningu dags. 23.9.2013 auk annarra upplýsinga síðar vegna uppgjörs úr fjölskylduþryggingu hennar. Félagið hafði ekki möguleika til að átta sig á að M gæti átt bótarétt úr slysátryggingu launþega hjá K með þeirri tilkynningu. Telst M hafa vitað um atvik sem krafa hennar er reist á í allra síðasta lagi 23.9.2013 og var því tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. liðinn þegar hún tilkynnti um tjón í slysátryggingu launþega hjá K í september 2015. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 18.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 410/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar T.**

**Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu tannlæknis 5.1.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 10.12.2015

**Málsatvik.**

M fór til tannlæknisins T 5.1.2015 og ákvað T að rótfylla tönn í neðri góm (tönn 36) og segir M að T hafi sett bómul með sótthreinsandi efni í tönnina ásamt bráðabirgðafyllingu og fékk M endurkomutíma til T 20.2.2015, en þá framkvæmdi T einungis almenna skoðun á M og fékk M endurkomutíma í byrjun apríl, en T frestaði þeim tíma síðar vegna aðgerða við tannlæknastofu T. Um miðjan apríl kveðst M hafa fengið hræðilega tannpínu og hafði samband við T, sem sagðist ætla að reyna að finna fyrir hann tíma, en þegar ekkert hafði heyrst frá T viku síðar hringdi M í T og vísaði T þá M á tannlæknavaktina og gerði M það og fékk tíma hjá öðrum tannlækni, sem fjarlægði bráðabirgðafyllinguna og bómul sem var orðinn mjög illa lyktandi úr tönninni og taldi tannlæknirinn tönnina ónýta og dró hana úr M daginn eftir eða 29. apríl 2015. M kveðst þá ekki hafa sofið í 3 sólarhringa vegna verkja og búinn að missa nokkra daga úr vinnu.

M krefst þess að bótaábyrgð T verið viðurkennd og vísar til laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu í því sambandi. M byggir á því að hann hafi ekki fengið þá meðferð hjá T sem best verður á kosið og hafi það leitt til að fjarlægja hafi þurft jaxlinn sem um ræðir. Af hálfu M er talið að þetta eigi undir 1. tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu og meðferð T hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið í samræmi við þekkingu og reynslu á sviði tannlækninga. M hafnar þeirri staðhæfingu V að T hafi tilkynnt M 20.febrúar 2015 að líklega þyrfti að draga tönnina úr honum. V hafnar bótaskyldu og segir málavexti vera þá að í sjúkraskrá T segi að tönn nr. 36 sé mjög illa farin og prógnósa sé slæm og grunur sé um sprungu í rót og að M vilji ekki fara til sérfræðings í rótfyllingum. Þá segir að ákveðið hafi verið í samráði við M að hreinsa út rótartanga tannarinnar og sjá hvernig tönninni reiddi af og M sagt að hafa samband ef einkenni væru frá tönninni. Síðan segir að M hafi verið tjáð 20.2.2015 að sennilega þyrfti að fjarlægja tönnina og þá hafi hann verið einkennalaus í tönninni og eftir það hafi M ekki komið til T, en þeir átt samskipti í síma. V segir að ekki liggi fyrir sérfræðiálit í málinu heldur eingöngu tölvupóstur tannlæknis þess sem M leitaði síðar til en T og dró umrædda tönn úr honum. Þá segir V að tannlæknirinn sem M leitaði síðar til hafi ekki haft afrit af sjúkraskrá og eingöngu getað stuðst við frásögn M. V segir að ekki hafi verið sýnt fram á bótaskyldu í málinu. Þá vísar V til þess að skilyrði bótaskyldu sbr. ákvæði laga um sjúklingatryggingu að tjón skuli hafa hlotist af meðferð og M hafi verið ljóst strax frá upphafi að tönnin var mjög illa farin.

**Álit.**

Ágreiningur er um málsatvik, þannig er lýsing sú sem kemur fram hjá M er að nokkru leyti með öðrum hætti en sú lýsing sem kemur fram í sjúkraskrá T. Til þess að til bótaskyldu geti komið skv. lögum um sjúklingatryggingu verður að öllum líkindum að vera hægt að rekja tjón til atvika sem falla undir töluliði 2. gr. laganna. Ekki liggur fyrir sérstakt mat á aðstæðum sem voru uppi við tannlæknismeðferð T á M. Af hálfu M hafa verið lagðir fram tölvupóstar frá tannlækni þeim sem dró umrædda tönn úr M og M snéri sér til eftir að hafa verið í meðferð hjá T. Þessir tölvupóstar geta ekki skoðast sem sérfræðiálit eða mat á þeirri meðferð sem M fékk hjá T. Verður M að bera

hallann af sönnunarskorti um að óþægindi hans verði að öllum líkindum rakin til atvika sem tilgreind eru í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur því ekki fyrir að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu T hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu T hjá V.

Reykjavík 12.1.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 412/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.**

**Bifreið ók ofan í hvarf á Þjóðvegi 61 og varð fyrir tjóni 8.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 26.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni suður Djúpveg yfir Steingrímsfjarðarheiði og ók skyndilega yfir mishæð á veginum sem hafði myndast vegna mikils vatnsrofs á veginum og varð bifreið M óökufær eftir slysið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur A sem veghaldara bera ábyrgð á tjóni sínu með vísan til 12. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 80/2007 og strangar reglur verði að gera til veghaldara. M bendir á að nokkrum klukkustundum áður hafi vegurinn um Staðardal farið í sundur, en engin tilraun hafi verið gerð til að aðvara ökumenn um að hætta væri á frekara vegrofi. M telur að tjón sitt megi rekja til gáleysis starfsmanna A. Í lögregluskýrslu segir að vegurinn hafi rofnað þar sem ræsi hafi gefið sig og A hafi verið tilkynnt um hvarfið í veginum og hafi A ætlað að senda menn á staðinn til að skoða hvað hægt væri að gera.

V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt upplýsingum frá A þá hafi ekki verið vitað um rofið á veginum fyrr en eftir slys M, en veður þennan dag hafi verið slæmt um alla Vestfirði þar sem saman hafi farið hláka og miklar rigningar. V segir að það hafi ekki verið tók á því fyrir A að kanna ástand allra vejræsa á umræddum vegi og þó að eitt vejræsi gæfi sig á þessum þjóðvegi þá væri ekki þar með sagt að annað eða önnur gerðu það líka. Þá segir V að A hafi gert ráðstafanir strax eftir að tilkynnt hefði verið um slys M.

**Álit.**

Upplýst er að mikil hláka var og vatnsveður þegar M varð fyrir því að aka ofan í hvarf á Þjóðvegi 61. A hafði verið tilkynnt um að vejræsi, í nokkurra kílómetra fjarlægð frá þeim stað þar sem M ók ofan í hvarfið, hefði gefið sig. A neitar því að hafa haft vitneskju um að vejræsið þar sem slys M varð hafi einnig gefið sig og þeirri staðhæfingu A hefur M ekki hnekkt. Þó vegur hafi gefið sig á einum stað þá er ekki sjálfgefið að A hafi vitneskju um rof á veginum á öðrum stað í nokkurra kílómetra fjarlægð. Ekkert bendir því til að starfsmenn A eða aðrir sem A ber ábyrgð á hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn hvað varðar það ágreiningsefni sem hér ræðir um og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík. 15.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 413/2015****M****og****vátryggingafélagið V v/ frítímaslysáttryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður meiddist á öxl í íshökkíleik.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 30.11.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu M, dags. 8. júlí 2015 og barst V sama dag, kveðst M hafa að kvöldi 29. janúar 2014 hafa verið í marki í íshökkí á skautasvelli í Egilshöll í Reykjavík. Hann hafi verið búinn að verja þökk og legið á svellinu. Þvaga af leikmönnum hafi verið í kringum hann þegar einn úr liði andstæðinganna („hinu liðinu“) hafi dottið á bak hans og öxl með þeim afleiðingum að hann hafi farið úr axlarlið. Í málskoti er atvikum lýst á svipaðan veg, en þar kemur einnig fram að hann hafi verið að spila íshökkí með félögum sínum.

Í læknisvottorði trúnaðarlæknis vinnuveitanda M, dags. 21. júlí 2015, er vottað að M hafi leitað til læknisins eftir að hann lenti í frítímaslysi á íshökkíæfingu 29. janúar 2014 þegar annar leikmaður lenti illa á honum þannig að hann hafi farið úr axlarlið. Hann hafi farið aftur úr axlarlið þremur dögum síðar þegar hann var að teygja sig. Skoðun hafi farið fram 3. febrúar 2014 og hafi hún verið eðlileg en M hafi verið stíður og aumur í öxlinni. Eftir þetta hafi hann haft viðvarandi óþægindi í öxlinni og farið úr lið einu sinni enn.

Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð bæklunarlæknis, dags. 2. nóvember 2015, er M talinn búa við endurtekinn liðhlaup í axlarlið sem leiði til 5% læknisfræðilegrar örorku.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu og hefur borið fyrir sig annars vegar að M hafi glatað rétti sínum til bóta þar sem hann hafi ekki krafist bóta innan árs eftir að hann fékk vitneskju um kröfu sína, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, og hins vegar að hann hafi orðið fyrir meiðslunum við þátttöku í íþróttakeppni en slysáttryggingin taki ekki til slysa sem verði við slíkar aðstæður.

**Álit.**

Til stuðnings synjun sinni á þeim grundvelli að M hafi slasast við þátttöku í íþróttakeppni hefur V lagt fram útprentun af frétt sem finna mátti á netinu um íshökkíkeppni sem fram fór í Skautahöllinni á Akureyri helgina 31. janúar til 2. febrúar 2014. Þar kemur fram að lið af vinnustað M hafi tekið þátt í mótinu og í mótslok hafi M verið valinn „verðmætasti leikmaðurinn“, en hann hafi farið úr axlarlið í síðasta leik liðsins.

Samkvæmt gr. 8.1 í þeim kafla skilmála V sem fjallar um frítímaslysáttrygginguna tekur vátryggingin til slysa sem verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings keppni í hvers konar íþróttum. Í fyrrgreindu læknisvottorði frá 21. júlí 2015 segir að M hafi verið á íshökkíæfingu þegar hann fór fyrst úr liði 29. janúar 2014, þ.e.a.s. tveimur dögum áður en íshökkíkeppnin á Akureyri hófst. Í ljósi þess sem fyrir liggur í málinu þykir því mega slá föstu að M hafi, þegar hann fór úr axlarliði 29. janúar 2014, verið á íshökkíæfingu með félögum sínum til undirbúnings fyrirhugaðri íshökkíkeppni á Akureyri helgina á eftir. Af því leiðir að meiðsl hans hafa orðið við aðstæður sem eru undanþegnar bótasviði vátryggingarinnar. Af þeim sökum telst tjón M ekki bótaskyldt úr slysáttryggingunni. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki talin þörf á að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu V að réttur M til bóta úr vátryggingunni væri fallinn niður þar sem krafa um bætur hafi ekki verið gerð innan þess ársfrests sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatriggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.  
Reykjavík, 15. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 414/2015**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið er önnur bifreið skipti um akrein.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 4.12.2015.
3. Bréf V2, dags 25.11.2015.

**Málsatvik.**

Að morgni 10. ágúst 2015 var A ekið suður Kringlumýrarbraut áleiðis áfram suður Hafnarfjarðarveg í Kópavogi. Til móts við afrein að Hamraborg var A ekið upp á kantstein með þeim afleiðingum að hægri afturdekk eyðilagðist.

Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst ökumaður B hafa ekið suður götuna þegar A hafi verið ekið inn á hans vegarhelming. Hann hafi þá ekið til hægri til að forðast árekstur með þeim afleiðingum að afturhjólbarði hafi farið upp á kant við afreinina að Hamraborg og hjólbarðinn skemmst. Við nánari rannsókn málsins, sem unnin var af fyrirtækinu Aðstoð & Öryggi (D), kom fram í skýrslu af ökumanni B að A og B verið ekið samsíða að Kópavogsbrú. Skyndilega hafi A verið ekið yfir á hans akrein í veg fyrir B. Til að afstýra árekstri hafi hann þurft að aka upp á kant svo dekkið eyðilagðist. Hann hafi gefið í og ekið upp að A til að ná bílnúmerinu.

Í skýrslu D er haft eftir ökumanni A að hann muni vel eftir atvikinu. Hann hafi ekið suður Kringlumýrarbraut og þurft að skipta um akrein. Hann hafi litið í hliðarspegil og séð að langt var í næsta bíl fyrir aftan. Hann hafi þá gefið stefnumerki og skipt um akrein. Þá hafi B verið ekið mjög hratt aftan að A og hafi ökumaður B ítrekað flautað á sig. Kvaðst ökumaðurinn hafa fylgst með B allan tímann og hefði séð ef ökumaður hennar hefði þurft að aka upp á kantinn en það hafi hann ekki gert. Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 70-75 km hraða á klst. og miðað við hversu stuttur tími hafi liðið frá því hann leit í hliðarspegilinn uns B var komin upp að A geri hann ráð fyrir að B hafi verið ekið allt of hratt.

**Álit.**

Samkvæmt því sem að framan greinir þykir mega slá föstu að ökumaður A hafi skipt um akrein og farið yfir á akrein sem B var ekið eftir. Ökumaður A kvað B hafa verið upp að A og hafi ökumaður B ítrekað flautað á hann. Þessum viðvörðunarkerkjum virðist ökumaður A ekki hafa sinnt sérstaklega. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ökumaður A sönnunarbyrði um það að hann hafi skipt um akrein án þess að hafa valdið hættu fyrir ökumann B. Sú sönnun hefur ekki tekist og verður því að fella ábyrgð á ökumann A vegna þess tjóns sem varð á B, en ekki þykir ástæða til að draga í efa að tjón sem varð á hjólbarða B hafi hlotist við umrætt atvik.

**Niðurstaða.**

Tjón á B bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.  
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 415/2015**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Áræktur á bifreiðastæði við verslun Bónuss í Mosfellsbæ þann 14.9.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 2.12.2015.
3. Bréf V2, dags 24.11.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Áræktur varð á milli A og B á bifreiðastæði að við verslun Bónuss í Mosfellsbæ. Mun A hafa verið beygt til suðurs eftir akleið á bifreiðastæðinu meðfram stöðureitum á hægri hönd sem lágu þvert á akleiðina. B hafi verið í einum þessara stöðureita og snéri framendi hennar í átt að akleiðinni. Um það leyti sem A var ekið meðfram þeim stöðureit, sem B var í, var B ekið af stað inn á akleiðina og beygt til hægri í suður, þ.e. í sömu átt og A var ekið. Rákust þá saman framanverð hægri hlið A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kveðst hafa ekið hægt og heyrt skell hægra megin við sig. Hann kvaðst aldrei hafa séð til ferða B fyrir en árækturinn varð.

Ökumaður B kveðst hafa ekið beint úr stöðureitnum inn á akleiðina samhliða stöðureitunum. Hafi A verið ekið fram úr B og hafi A verið beygt í veg fyrir B.

**Álit.**

Af því sem ráða má af gögnum málsins varð árækturinn á bifreiðastæði að austanverðu við verslun Bónuss. Samkvæmt því sem að framan greinir verður að miða við að árækturinn hafi orðið við það að B hafi verið ekið úr stöðureitnum í veg fyrir akstursleið A sem kom aðvifandi úr norðri. Áður en ökumaður ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með vísan til þessa lagaákvæðis bar ökumanni B að gæta þess að valda ekki óþægindum þeim sem leið áttu um akleið þá sem hann ók inn á. Á því varð misbrestur og á ökumaður B sök á árekstrinum. Ökumaður A vissi á hinn bóginn ekki af ferðum B fyrir en áræktur varð. Hefur ökumaðurinn því ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast er hann ók eftir bifreiðastæðinu. Hann á því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök að jöfnu á milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.  
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 416/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ slysáttryggingar launþega X.****Tómlætisfrestur vegna vinnuslyss 6. maí 2006.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 25.11.2015, ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að X tilkynnti með tjonstilkynningu dags. 10. september 2014 um slys sem starfsmaður hans, M, varð fyrir 6. maí 2006 þegar M datt af hestbaki í vinnu sinni við að reka nautgripi. Sams konar tilkynning, dagsett sama dag, liggur fyrir frá M sjálfum. Ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi váttryggingarskilmála heldur telur V að tilkynning um slysið hafi komið of seint í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, þ.e. að M hafi mátt vita um atvik sem krafa hans er reist á á árinu 2007 og hafi ársfrestur fyrrgreinds ákvæðis því verið löngu liðinn þegar V fékk tilkynningu um slysið í september 2014. V vísar til ummæla í matsgerð máli sínu til stuðnings þar sem kemur fram að matsmenn hafi talið tímabært að meta afleiðingar slyssins á árinu 2007. Auk þessa bendir V á að lækni-fræðileg gögn sýni að afleiðingar áverka hafi verið ljósir í heimsókn M til heimilislæknis á sama ári og hafi hann fengið tilvísun til sérfræðings í bæklunarlækningum í þeirri heimsókn sem styðji afstöðu V enn frekar. V vísar einnig til þess að krafa M geti verið fyrnd í skilningi 1. mgr. 125. gr. laga um váttryggingarsamninga.

M telur að honum hafi ekki verið ljóst að hann hafi hlotið varanlegar afleiðingar af afleiðingum líkamstjónsins 6. maí 2006 fyrr en matsgerð lá fyrir í desember 2014 og hafi ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingasamninga ekki byrjað að líða fyrr en þá. Einnig vísar M til þess að hann hafi stundað erfiðisvinnu og keppt í kraftlyftingum eftir slysið í maí 2006 og hafi því ekki áttað sig á alvarleika meiðslanna. Auk þess hafi hann ekki verið upplýstur um þá váttryggingavernd sem hann naut.

**Álit.**

Ágreiningslaust er að M slasaðist við vinnu sína þann 6. maí 2006 en ágreiningur er fyrst og fremst um hvenær hann vissi um atvik sem krafa hans um bætur fyrir varanlega örorku úr slysáttryggingu launþega er reist á, en í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að sá sem eigi rétti til bóta úr slysáttryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð til váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem hún er reist á. Í málinu liggur fyrir að í lækniheimsókn M til heimilislæknis á árinu 2007 kom fram ógróið liðhlaup á hægri axlarhrynnulið og að ytri viðbeinsendi væri laflaus auk þess sem M fékk tilvísun til bæklunarlæknis. Af matsgerð má einnig ráða að afleiðingar hafi verið komnar fram á því ári. Var ársfrestur því löngu liðinn við tilkynningu til V í september 2014 og á M því, þegar af þeirri ástæðu, ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 417/2015****M og  
váttryggingafélagið V. v/ greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um gildissvið greiðslukortatryggingar vegna ferðakostnaðar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.11.2015, ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M keypti ferð til Kaupmannahafnar sem átti að standa frá 26. febrúar til 1. mars 2015. Vegna veikinda lagðist M inn á sjúkrahús þar í borg 28. febrúar 2015 og þurfti að seinka heimferð sinni til 13. mars en þá kom dóttir M til Danmerkur og fylgdi föður sínum heim vegna veikinda hans. Af þessari breytingu hlaut kostnaður sem M krefur V um en ekki er ágreiningur um að M sé váttryggður í greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

M telur að V beri að greiða þann kostnað sem hann hafi haft af því að seinka heimferð sinni og þess að hann hafi þurft fylgd þar sem sá kostnaður sé í beinum tengslum við við veikindi hans. M kveðst hafa verið að öllu leyti ferðafær þegar hann keypti umrædda ferð og hafi þau veikindi sem hafi komið upp í ferðinni ekki verið fyrirsjáanleg í ljósi þess að hann hafi verið einkennalaus lengi.

V telur í fyrsta lagi að skilyrði sé í 7. gr. váttryggingarskilmála vegna sjúkrakostnaðar á ferðalagi erlendis um að váttryggður verði að hafa samband við tilgreinda neyðarþjónustu áður en hann stofnar til kostnaðar við samfylgd vegna veikinda. Það hafi M ekki gert og beri V því ekki að greiða bætur vegna tjóns hans. Einnig bendir V á c. lið 10. gr. í sömu skilmálum þar sem kemur fram að V bæti ekki kröfur vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma „sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlega eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfing ráðgjöf, viðtöl sérfæði, óhefðbundin lækningameðferð.“ V vísar til læknisvottorðs hvar komi fram að M hafi tekið lyf við sjúkdómi og leitað til læknis 26. janúar 2015 og það sé sami sjúkdómur og hann hafi veikst af í lok febrúar sama ár. Skilyrði undantekningarákvæðis x. liðar 10. gr. sé því uppfyllt.

**Álit.**

Staðfest er í gögnum málsins að M tók lyf vegna sjúkdóms og fór til læknis vegna sama sjúkdóms innan sex mánaða frá því að hann keypti ferð til Kaupmannahafnar sem hófst í lok febrúar 2015. Þó M hafi verið að mestu einkennalaus vegna þeirra veikinda síðustu árin er verður ekki annað sé en að umrædd lyfjagjöf og læknisheimsókn, sama hvers vegna hún átti sér stað, hafi verið þess eðlis að falla undir það sem talið er upp í undantekningarákvæði c.liðar 10. gr. váttryggingarskilmála greiðslukortatryggingar M hjá V. Verður því, þegar af þeirri ástæðu, ekki fallist á að skilyrði til greiðslu bóta séu fyrir hendi hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 418/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.****Gildissvið váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar vegna tjóns á árinu 2015.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 17.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 15.12.2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M, sem er byggingaverktakafyrirtæki, hafi tilkynnt um tjón í júní 2015 vegna verks sem fyrirtækið vann fyrir þriðja aðila. Um verkið var samið í verksamningi dags. 30. desember 2014 en á meðan verkið var unnið hafi komið upp að veggir hafi verið ranglega reistir og í ósamræmi við skráðar og samþykktar stefnur og teikningar skv. mati frá hlutlausum aðila.

M telur að greiða eigi skaðabætur vegna tjóns sem M olli af þessum sökum úr þeirra eigin ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur. M telur að tjónið falli undir gildissvið tryggingarinnar með þeim hætti að tjóninu sé valdið af saknæmri háttsemi starfsmanna M og að þó váttryggingarskilmálar undanskilji tjón á munum sem eru í vörslum váttryggingartaka (M) þá hafi umræddir veggir ekki verið „í vörslum“ í skilningi b. liðar gr. 7.1 í váttryggingarskilmálum V. Ekki sé hægt að túlka orðalag váttryggingarskilmála öðruvísi en að ef óvissa sé um gildissvið undanþáguákvæða, þá beri V sem váttryggingafélag hallann af því. Einnig vísar M til þess að V hafi ekki vísað til annarra undantekningarákvæða en ofangreinds „vörsluákvæðis“ og þar sem það eigi ekki við verði að líta svo á að tjónið falli undir gildissvið tryggingarinnar.

V vísar, í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 15. desember sl., til þess að gildissvið váttryggingar M takmarkist með tilteknum hætti. Í fyrsta lagi verði skv. gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum að líta til þess að váttryggingin taki einungis til tjóns sem verður á mönnum eða munum vegna skyndilegs og óvænts atburðar. V bendir á að M haldi því fram að umræddir veggir sem átti að reisa skv. verksamningi séu ekki munir og þegar af þeirri ástæðu eigi tjónið ekki undir gildissvið váttryggingarinnar, auk þess sem tjónið varð á lengri tíma en svo að hægt sé að líta á að það hafi orðið vegna skyndilegs og óvænts atburðar. Auk þess vísar V til áðurnefnds undanþáguákvæðis b. liðar gr. 7.1 og telur að veggir þeir sem reistir voru hafi verið í vörslum M og vísar einnig til c. liðar sömu greinar sem segir að váttrygging M taki ekki til skemmda á munum sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Aðstæður hafa alla vega verið með þeim hætti ef hægt sé að líta svo á að tjón hafi orðið á munum.

**Álit.**

Gildissvið ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur hjá V takmarkast við tjón sem verður á mönnum eða munum vegna skyndilegra og óvæntra atburða og váttryggingartaki ber skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á tjóni. Í málskoti er tjóni þannig lýst að kostnaður hafi hlotist af því að lagfæra ranga uppsetningu veggja og annað sem tengist verksamningi sem M gerði við þriðja aðila í desember 2014. Gildissvið váttryggingarinnar takmarkast síðan með undanþáguákvæðum í gr. 7.1 þar sem tilgreint er að váttryggingin greiði ekki bætur vegna tiltekinna aðstæðna þar sem verða skemmdir á munum, m.a. þegar þeir eru í vörslum váttryggingartaka eða tjón verður á þeim við það þegar váttryggingartaki tekur að sér að gera við þá, setja þá upp eða vinna við þá með einum eða öðrum hætti.

Í þessu máli er aðstæðum lýst með þeim hætti að M hafi haft nokkurn kostnað af því að leiðrétta að veggir hafi verið skakkir og annað sem tengist að því er virðist röngum vinnubrögðum af hálfu

M við verkið sem fyrirtækið var að vinna fyrir þriðja aðila. Ekki liggja fyrir óyggjandi upplýsingar um skaðabótaábyrgð af hálfu M en ekki virðist þó vera beinlínis ágreiningur um það milli aðila. Það er hins vegar ágreiningur um gildissvið váttryggingarinnar sjálfrar og þá sérstaklega hvernig eigi að túlka gildissviðsákvæði gr. 3.1 og undanþáguákvæði í gr. 7.1 í váttryggingarskilmálum.

Þó óvissa sé nokkur er ekki útilokað að tjón það sem þriðji aðili getur gert skaðabótakröfu út af sé þess eðlis að í því felist tjón á munum og óljóst sé hvort það hafi orðið vegna skyndilegs og óvænts atburðar í skilningi gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum. Allt að einu, þó slíkt væri ljóst, væri þá án vafa um að ræða skemmdir á munum sem verða þegar váttryggingartaki var að vinna við þá með einum eða öðrum hætti, eða við að setja þá upp í skilningi undanþáguákvæðis c. liðar gr. 7.1. í váttryggingarskilmálum. Þó heppilegra hefði verið að afstaða V m.t.t. þess ákvæðis hefði verið skýrari á fyrri stigum málsins verður ekki litið framhjá því við afstöðu nefndarinnar til málavaxta. Ekki verður því fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 420/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar R.**

**Dúfnakofi fauk af svölum fjölbýlishúss og olli tjóni á bifreið þ. 2.11.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 10.12.2015.

**Málsatvik.**

Fram kemur í lögregluskýrslu að M hafi kallað lögreglu til vegna þess að skemmdir urðu á bifreið M þegar stór kassi hafi fokið á hana. Á vettvangi var auk M annar maður, en bifreið hans hafði einnig orðið fyrir skemmdum af völdum sama kassa, sem lá á milli bifreiðanna. Lögregla segir að veður hafi verið mjög slæmt í umrætt sinn. Í ljós kom að umræddur kassi var dúfnakofi sem hafði verið upp á svölum íbúðar á fjórðu hæð og sögðu íbúar þeirrar íbúðar að þau væru með íbúðina á leigu og hefði dúfnakofinn verið þarna þegar hún tók íbúðina á leigu. M krefst bóta úr húseigendatryggingu R vegna tjóns á bifreiðinni X og telur augljóst að vítavert sé að laus dúfnakofi sé á svölum á fjórðu hæð fjölbýlishúss. V hafnar bótaskyldu og bendir á að engar upplýsingar liggi fyrir um dúfnakofann og hafi R ekki vitað af honum fyrr en 19. nóvember 2014. V hafnar því að tjóninu hafi verið valdið með sagnæmum og ólögum hætti eða eftir atvikum athafnaleyfi R. Þá segir V að ekki sé sýnt fram á að uppsetning eða viðhald dúfnakofans hafi verið ábótavant eða hann ekki festur með öðrum hætti en venjulega tíðkist.

**Álit.**

Engar upplýsingar eru fyrir hendi í málinu hvað varðar dúfnakofann, sem féll af 4. hæð fjölbýlishússins og olli tjóni á tveim bifreiðum. Fyrir liggur að veður var vont í umrætt sinn. Þá er ekki sýnt fram á að R hafi vitað af tilvist dúfnakofans þar sem hann var í íbúð hans, en íbúðin er í útleigu, fyrr en tjónið hafði orðið á bifreiðinni X. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu R hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu R hjá V.

Reykjavík 12.1.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 421/2015**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Miklubraut í Reykjavík við gatnamót Kringlumýrarbrautar þann 2.7.2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 9.12.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

B var ekið suður Kringlumýrarbraut og beygt til hægri áleiðis vestur Miklubraut. Bar þá að strætisvagninn A eftir Miklubraut úr austri og rakst A aftan á B. Virðist sem hægra framhorn A hafi rekist á vinstra afturhorn B. Bjart var af degi og gott færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að fara yfir gatnamótin þegar B var ekið inn á Miklubraut í veg fyrir sig með þeim afleiðingum að hann hafi ekið aftan á B.

Ökumaður B kvaðst ekki hafa séð A sem hafi verið ekið aftan á B er hann var kominn inn á Miklubraut.

**Álit.**

Umferð á Miklubraut nýtur forgangs gagnvart umferð sem beygt er af Kringlumýrarbraut úr suðri inn á Miklubraut til vesturs, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt þessu bar ökumanni B að víkja fyrir aðvífandi umferð á Miklubraut. Þegar til þessa er litið og ökumaður B sá ekki til ferða A áður en áreksturinn varð hefur hann sönnunarbyrði um það að áreksturinn verði að einhverju leyti eða öllu rakinn til aftanákeyrslu af hálfu ökumanns A. Af framburði ökumanna verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið í sömu andrá og B var ekið inn á Miklubraut. Verður áreksturinn því rakinn til þess að ökumaður B virti ekki forgangsrétt A um Miklubraut og telst ökumaður því eiga sök á árekstrinum. Hins vegar telst ósannað að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður A ber ábyrgð á. Eru því ekki efni til að leggja sök á hann.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar B.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 422/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ kaskótryggingar ökutækis.****Ekið í holu 30. október 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 26.11.2015 ásamt gögnum, tjónstilkynningu, lýsingu tjónþola á atviki, höfnunarbréfi V og myndum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á hjólbörðum og felgu á bifreið M þegar bifreiðinni var ekið í holu á malbikuðum Þrengslavegi þann 30. október sl. M krefst bóta úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar og telur að skilyrði séu til greiðslu bóta.

V vísar til undanþáguákvæða í gr. 3.5 og 3.6. í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar ökutækis þar sem komi annars vegar fram að V bæti ekki tjón sem verða á hjólbörðum og felgum þegar ökutæki rekst niður í akstri í holur í vegi eða götubrúnir. Tjón M falli því utan váttryggingaverndar kaskótryggingar hjá V.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningslaust að bifreið M var ekið ofan í holu malbiki í kanti Þrengslavegar og hlaust af því tjón á hjólbörðum og felgum bifreiðarinnar. Gildisvið kaskótryggingar V nær skv. gr. 2.4. í váttryggingarskilmálum til hvers kyns tjóna á hinu váttryggða ökutæki sem verða vegna skyndilegra og óvæntra, utanaðkomandi atvika en þó með þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálunum. Í grein 3.5. kemur fram að váttryggingin bæti ekki tjón á hjólbörðum og felgum þegar ökutæki rekst niður í akstri m.a. vegna hola í vegum. Í gr. 3.6. kemur síðan fram að váttryggingin bæti ekki skemmdir á dekkjum eða felgum sem stafí af því að reka dekk eða felgur í hvers kyns götubrúnir. Af lýsingum á tjónsatburði verður ekki annað ráðið en að tjón á bifreið M hafi átt sér stað með því að henni hafi verið ekið í holu í vegi og tjón hafi orðið á dekkjum og felgum. Telst V því hafa sýnt fram á að skilyrði umræddra undanþáguákvæða séu uppfyllt og á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 424/2015**  
**M og**  
**V v. óþekkts ökutækis.**

**Hjólreiðamaður hjólaði upp á umferðareyju og slasaðist þ. 15.10.2011**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 19.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags.1.12.2015

**Málsatvik.**

M segist hafa hjólað eftir Suðurlandsbraut og orðið fyrir slysi 15.10.2011 þegar hann segir óþekkta bifreið hafa ekið í veg fyrir reiðhjól hans. M kveðst hafa náð að sveigja frá en hjólaði þá upp á umferðareyju og féll fram fyrir sig og slasaðist. M leitaði til læknis sama dag. M sendi V fyrirspurn um málið en V hafnaði þá bótaskyldu og aðhafðist M þá ekki frekar í málinu og taldi að málinu væri lokið. Í kjölfar læknisskoðunar 5.10.2015 leitaði M til lögmanns vegna slyssins og í framhaldi af því var krafist að V viðurkendi bótaskyldu vegna slyssins og byggir á því að fyrir liggja fullnægjandi sönnun um að M hafi orðið fyrir slysi af völdum notkunar óþekkts ökutækis og því beri V að greiða bætur í samræmi við ákvæði 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. reglugerð um lögmaeltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008. Af hálfu M er bent á að fullnægjandi sönnun teljist vera fyrir hendi í málum sem þessum ef “ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis” sbr. 20. gr. ofangreindrar reglugerðar. Af hálfu M er bent á að M hafi farið á slysadeild strax í kjölfar slyssins og hafi þar lýst atvikum með sama hætti og hann hafi gert æ síðan sbr. málsatvikalýsingu hér að ofan. M byggir einnig á að slysið megi rekja til notkunar óþekkts ökutækis sem rakið verði m.a. til hraða þess og aksturslag ökutækisins hafi verið með þeim hætti að M hafi neyðst til að sveigja frá og þess vegna hafi slysið orðið.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að tveimur sögum fari af staðsetningu tjónsatburðar annars vegar í tilkynningu til vátryggingafélags og hins vegar í málskoti. V segir að engin gögn séu um að M hafi leitað til lögreglu og tilkynnt atburðinn. Þá segir V að ljóst sé að hið óþekkta ökutæki hafi ekki skv. lýsingu M verið ekið á M heldur í veg fyrir M þannig að honum fipaðist stjórn hjólsins. V bendir á að ekki hafi verið gerð tilraun til að leita eftir vitnum að atburðinum og sé M einn til frásagnar um hvað gerst hafi og telur V það ekki nægjanlega sönnun þess að tjón M hafi verið valdið af óþekktu ökutæki.

**Álit.**

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga sbr. 90.gr. sömu laga, hvílir hlutlæg bótaábyrgð á skráðum eiganda eða umráðamanni skráningarskylds vélknúins ökutækis vegna tjóns sem hlýst af notkun þess. Með stoð í 94. gr. umferðarlaga var sett reglugerð nr. 424/2008 um lögmaeltar ökutækjatrýggingar og þar er kveðið á um að V sé sem ábyrgðaraðila skylt að greiða bætur fyrir tjón sem hlýst af notkun óþekkts vátryggðs eða óvátryggðs skráningarskylds vélknúins ökutækis. M verður að færa sönnur á að skilyrðum sé fullnægt fyrir greiðsluskyldu. M hefur í öllum aðalatriðum verið staðfastur í frásögn sinni af tjónsatburðinum og hann leitaði til læknis sama dag og slysið var og lýsti þá atvikum með sama hætti og greinir í málskoti hans. M tilkynnti hins vegar ekki um slysið til lögreglu eða gerði reka að því miðað við gögn málsins að freista þess að afla sér sönnunar fyrir því að tjónsatvikið hefði orðið með þeim hætti sem hann heldur fram. Miðað við gögn málsins er ekki nægjanlega sannað að tjón M verði rakið til notkunar óþekkts ökutækis. M á því ekki rétt á bótum frá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum frá V.

Reykjavík 18.12.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 425/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.**

**Vinnuslys við fall í stiga 23. janúar 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 23.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 10.12.2015 ásamt gögnum, þ.á.m. tölvupóstsamskipti X og V og myndir af vettvangi.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 29. desember 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi dottið í stiga á vinnustað sínum skömmu eftir að hún kom til vinnu á hóteli X að morgni 23. janúar 2014 og hlotið af því líkamstjón. Í tjónstilkynningu X til V dags. 7. mars 2014 kemur fram að M hafi verið fjarverandi frá vinnu til 5. febrúar sama ár vegna slyssins. Einnig liggja fyrir tjónstilkynningar til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins á sama tíma. Í öllum þeim tilkynningum er slysinu þannig lýst af hálfu X að M hafi skrifað fótur í stiga inni í almennri aðstöðu hótelsins og við það slasast. Í málskoti kemur fram af hálfu M að hún hafi runnið í bleytu í stiganum. Einnig kemur fram að hún hafi horft á upptöku af atvikinu í öryggismyndavél hótelsins með öðrum starfsmanni og sá starfsmaður staðfestir að hafa horft á upptökuna með sérstakri yfirlýsingu sem liggur fyrir í málinu og dagsett er 20. nóvember 2015.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu. X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að bleyta væri í umræddum stiga og það hafi ekki verið gert í greint sinn. Það hafi verið hætt á bleytu vegna nálægðar við líkamsræktaraðstöðu og þess vegna hefði átt að gera sérstakar ráðstafanir til að fylgjast með ástandi stigans. Það hafi ekki verið gert og þess vegna beri X skaðabótaábyrgð á tjóni M. Einnig vísar M til þess að slys hennar hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þrátt fyrir skyldu X sem vinnuveitanda í skilningi 79. gr. laga nr. 46/1980, enda hafi hún verið óvinnufær í meira en einn dag og skyldan þannig vaknað. Það verði því að leggja framburð M um aðstæður í stiganum til grundvallar við sönnunarmat eins og dómaframkvæmd Hæstaréttar geri ráð fyrir þegar um vanrækslu er að ræða á tilkynningarskyldu skv. umræddri lagagrein.

V telur ósannað að M hafi runnið í bleytu í stiganum en slíkar skýringar hafi ekki komið fram af hennar hálfu fyrr en löngu eftir atvikið. Einnig telur V að þó slíkt sé sannað verði ekki séð að X eða starfsmenn þess hafi vanrækt skyldur sínar varðandi umbúnað stigans. Vinnueftirlitið hafi tekið aðstæður á hótelinu út í nóvember 2013 án athugasemda og verði því tjón M rakið til óhappatilviks frekar en skaðabótaábyrgðar af hálfu X. Einnig vísar V f.h. X á bug skýringum M á því að ætla mætti að bleyta gæti verið í stiganum vegna líkamsræktaraðstöðu á hótelinu við stigann þar sem gestir hennar notuðu almennt lyftu til að fara á milli en ekki stigann. Auk þess hafi verið mottur í anddyri hótelsins og ekki sé vitað til þess að það hafi verið óhapp í umræddum stiga þrátt fyrir umferð þúsunda um hann frá opnun hótelsins.

**Álit.**

Þegar gerð er krafa í ábyrgðartryggingu X hjá V þarf að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á því tjóni sem varð. Hvað varðar málsatvik er fallist á að leggja beri framburð M til grundvallar varðandi málsatvik vegna vanrækslu X á tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Þó lagt sé til grundvallar að M hafi runnið í bleytu í stiganum, eins og hún heldur sjálf fram, verður ekki talið sannað að sú bleyta hafi verið þar með vitneskju annarra starfsmanna X eða aðstæður hafi verið með þeim hætti óforsvaranlegar að sé metið X til sakar. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.



**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 426/2015**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.**

**Árekstur bifreiða við Flétturima 31.10.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V dags. 5.11.2015.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á bifreiðastæði við Flétturima. Ökumaður A segist hafa verið að beygja inn á bifreiðastæði við götuna og ekki séð B vegna ljósa frá annarri bifreið og rekist á framenda B. Ekki liggur fyrir frásögn ökumanns B

**Álit.**

Miðað við fyrirliggjandi gögn telst ökumaður A bera sök á árekstrinum, en henni bar að veita umferð frá hægri forgang í samræmi við 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 12.1.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 427/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ hundatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við fæðingu hvolpa með keisaraskurðaðgerð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.12.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 15. júlí 2015 sótti M um vátryggingu fyrir tíkina A hjá V. Sama dag mun V hafa veitt vátrygginguna. Hinn 28. ágúst 2015 eignaðist A hvolpa og voru þeir teknir með keisaraskurði.

Í máli þessu krefst M bóta vegna kostnaðar fyrir vinnu dýralæknis við keisaraskurðinn. V kveður meðgöngutíma tíkur vera 61 til 63 daga. Samkvæmt því hafi A verið hvolpafull við töku vátryggingarinnar, en kostnaður vegna keisaraskurðar við þær aðstæður fái ekki bættur úr vátryggingunni. Af þeim sökum hefur V hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 1.2 í sjúkrakostnaðarlið í vátryggingarskilmálum þeim sem hér eru til skoðunar bætir vátryggingin lækniskostnað vegna keisaraskurðar sem er talinn læknisfræðilega nauðsynlegur að álit dýralæknis. Þó bætir vátryggingin ekki bættur ef hin vátryggða tík er hvolpafull við töku vátryggingarinnar og til keisaraskurðar kemur í því tilviki. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu voru hvolpar A teknir með keisaraskurðaðgerð 28. ágúst 2015 eða 44 dögum eftir töku vátryggingarinnar. Fer því ekki á milli mála að A hafi því verið hvolpafull er vátryggingin var tekin. Vátryggingin bætir því ekki kostnað vegna keisaraskurðaðgerðarinnar sem gerð var 28. ágúst 2015. Skiptir í þessu sambandi ekki máli þótt það hafi ekki greinst við skoðun dýralæknis í tengslum við vátryggingartökuna að tíkin var hvolpafull né heldur hversu löngu fyrir töku vátryggingarinnar skoðun dýralæknisins fór fram. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni vegna umræddrar keisaraskurðaðgerðar.

**Niðurstaða.**

M, Gunnar Karl Ársælsson, á ekki rétt á bótum úr hundatryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 428/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á farsíma.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 8.12.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Athugasemdir M, dags. 13.12.2015.

**Málsatvik.**

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V. Með tjónstilkynningu til V, sem virðist hafa verið móttekin af félaginu 9. desember 2014, tilkynnti M um þjófnað á farsíma í hennar eigu. Lýsti hún atvikum svo að hún hafi aðfaranótt 7. desember 2014 verið að skemmta sér með vinnufélögum á veitingahúsi í Austurstræti í Reykjavík og haft farsíma sinn meðferðis. Hún hafi notað símann um kvöldið, einkum til myndatöku, en hún síðast haft símann á sér um kl. þrjú um nóttina en á milli kl. þrjú og fjögur hafi síminn horfið úr veski hennar þar sem hún hafi setið. Um fjögurleytið hafi hún orðið þess vör að síminn var horfinn úr veskinu. Veskið hafi verið lokað en ekki læst. Á téðu tímabili kvaðst M hafa setið við tvö borð. Við fyrra borðið hafi hún setið á bekk og allan tímann haft veskið við hægri hlið sér og alltaf fundið fyrir því við hægri mjöðm. Við síðara borðið hafi hún setið á stól og þá verið með veskið að mestum hluta í fanginu. En minnst þess að hafa lagt það á borðið einu sinni eða tvisvar er hún var að laga sig til á stólnum, en hafi ekki farið frá því þótt augun kunni að hafa hvarflað frá því í nokkrar sekúndur. M.ö.o. hafi hún verið með veskið við höndina allt kvöldið og einhver komist í það án þess að hún hafi tekið eftir því. Telur M líklegast að síminn hafi verið tekinn er hún fór á salerni eða á leið til baka.

V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að úr þjófnaðarlið innbútryggingarinnar bætist einungis þjófnaður úr grunnskóla eða ólæstri íbúð. Að auki kveður V að tjónið bætist heldur ekki úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingarinnar þar sem félagið bæti ekki tjón á munum sem stolið er á almannafæri, sbr. d-lið 10. gr. skilmála vátryggingarinnar um undanskildar áhættur í innbúskaskótryggingunni.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins er ekki ágreiningur með aðilum um að síma M hafi verið stolið umrætt sinn. Þá má á það fallast með V að þjófnaðarliður sjálfrar innbútryggingarinnar taki ekki til þjófnaðar eins og hér um ræðir.

Samkvæmt 10. gr. vátryggingarskilmálanna, sem fjallar um innbúskaskó, tekur vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjármunum þegar tjónið á rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Með þjófnaði felst að síminn var tekinn með launung úr vörslum M skyndilega og á ófyrirsjáanlegan hátt. Er því fullnægt bótaskilyrðum vátryggingarinnar. Kemur þá til skoðunar hvort fyrrgreindur d-liður 10. gr. skilmálanna eigi hér við, þ.e. að félagið bæti ekki tjón á munum sem eru skildir eftir á almannafæri. Hér er um undantekningarákvæði að ræða og verður V að sýna fram á að skilyrði þess séu uppfyllt. Af málgögnum verður ekki annað ráðið en M hafi á þeim tíma sem síminn hvarf verið með hann í veski sínu sem hún annað hvort bar á sér eða lagði á borð sem hún sat við. Orðið „almannafæri“ er ekki skilgreint sérstaklega í vátryggingarskilmálunum. Þegar litið er til almennrar merkingar þess verður ekki talið að tekist hafi að sýna fram á að síminn hafi verið skilinn eftir á almannafæri þegar hann hvarf úr fórum M. V verður því ekki leyst úr ábyrgð á grundvelli þessa undanþágúakvæðis. M á því rétt á að fá símann bættan úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingarinnar.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist úr innbúskaskótryggingarlið fjölskyldutryggingar hennar hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 429/2015****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við skófluskipti á vinnuvél 27. apríl 2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 14.12.2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þegar hann fékk stöng rakst í hægri hendi hans með þeim afleiðingum að hann hlaut slæmt brot á grunnkjúku hægri vísifingurs sem leiddi til þess að taka þurfti fingurinn af. Nánar tiltekið hafi M verið að skipta um skóflu á vinnuvél (gröfu) ásamt tveimur öðrum starfsmönnum X með járnstöng sem skófla annarrar gröfu var notuð til að þrýsta á. Þegar þrýst hafi verið á járnstöngina hafi myndast spenna, með þeim afleiðingum að hún slóst í hönd M, sem stóð á milli gröfunnar sem verið var að skipta um skóflu á og þeirrar sem notuð var til að þrýsta á umrædda járnstöng.

M telur að sú aðferð sem notuð hafi verið við að skipta um skóflu hafi verið ámælisverð og hafi samstarfsmaður hans, sem stjórnaði gröfunni sem notuð var til að þrýsta á stöngina, verið með skóflu gröfunnar of neðarlega og hafi það leitt til að bolti festist með þeim afleiðingum að spenna kom á stöngina sem leiddi til slyssins. Umrædd aðferð við að skipta um skóflu á gröfunni hafi verið í ósamræmi við ýmis ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem komi fram að vinnuveitandi skuli tryggja öryggi starfsmanna sinna í hvívetna. Auk þess bendir M á að X hafi vanrækt tilkynningaskyldu sína skv. 79. gr. sömu laga til Vinnueftirlitsins og vettvangur hafi því ekki verið rannsakaður til hlítar og verði X að bera hallann af því.

V telur að hefðbundin aðferð hafi verið notuð við skófluskiptin og verði þau ekki framkvæmd öðruvísi. Auk þess vísar X til þess að M sjálfur hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi, hann sé menntaður rennismiður og hafi hann því borið ábyrgð á því að samstarfsmaður hans hafi ekki verið með sína gröfu of neðarlega, eins og M haldi fram að hann hafi gert. V telur því ekki sýnt að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða annarra aðstæðna eða atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Þegar gerð er krafa í ábyrgðartryggingu X hjá V þarf að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á því tjóni sem varð. Hvað varðar málsatvik er fallist á að leggja beri framburð M til grundvallar varðandi málsatvik vegna vanrækslu X á tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í málinu liggur ekki fyrir að M hafi verið verkstjóri eða haft slíkar skyldur hjá X. Ekki liggur heldur fyrir með sannanlegum hætti í gögnum málsins að ljóst hafi verið hvernig ætti að framkvæma verk sem þetta með þeim hætti að það skapaði ekki mikla hættu fyrir starfsmenn eða að þetta hafi verið eina leiðin til skófluskipta. Það að starfsmaður standi í þessari nálægð við umrædda járnstöng þegar annar starfsmaður stýrir vinnuvél sem þrýstir á þá stöng er til þess fallið að skapa hættu. Það gerir kröfur til X skv. ákvæðum laga nr. 46/1980 að tryggja nægilega að ferill við slík skipti sé skýr og hlutverk þátttakenda sé eins hættulaust og hægt er. Miðað við þær aðstæður sem lýst er verður ekki séð að þess hafi verið gætt af hálfu X. Verður því slysið rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Hvað varðar tilvísun til háttsemi M við verkið verður með hliðsjón af 23.gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993 að líta til þess hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við verkið en þá getur bótaábyrgð fallið niður að hluta eða að öllu leyti. Í gögnum málsins er ekkert sem bendir til að vinnubrögð M hafi verið með þeim hætti. Það að M þekkti aðstæður, gerði ekki athugasemdir við framkvæmdina og stóð þar sem hann stóð er í besta falli gáleysi af hans hálfu en ekki stórkostlegt gáleysi. Verður því fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 433/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.**

**Starfskona rann í tveim tilvikum og meiddist þ. 7. og 21.1.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-24
2. Bréf V dags. 14.12.2015

**Málsatvik.**

M er leiðbeinandi á leikskóla á vegum K og segist hafa orðið fyrir tveim slysum í húsnæði skólans. Fyrri slysið hafi verið með þeim hætti að vatnspollur hafi verið á gólfi í matsal leikskólans og hafi M runnið í honum og skolið í gólfi og við þetta hafi M tognað illa á læri, hné og nára í vinstra fæti. M segir að ástæða þess að vatnspollur var á gólfinu hafi verið sú að barn hafi rekist í vatnsglas og hafi M gengið framhjá vatnspollinum og bent öðrum starfsmanni á að þurrka vatnið af gólfinu, en um 25 mínútum síðar hafi M stigið í umræddan vatnspoll með fyrrgreindum afleiðingum. Síðara slysið segir M að hafi orðið með svipuðum hætti að hún hafi runnið í vatnspoli og hafi undirliggjandi einkenni vegna fyrri slyssins versnað við þetta. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V og byggir á að um hafi verið að ræða óforsvaranlegar vinnuáðstæður og athafnaleysi starfsmanns leikskólans hvað fyrri slysið varðar að þurrka ekki vatnið af gólfinu. M vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og einnig til laga nr. 90/2008 um leikskóla einkum 12.gr. þeirra laga.

V hafnar bótaskyldu og segir að M haldi því fram að hún hafi bent samstarfskonu sinni sem var að sinna tveim börnum á að þurrka upp bleytuna á gólfinu í fyrri tilvikinu, en það hafi að mati V staðið M a.m.k. jafn nærri að þurrka upp bleytuna eins og samstarfskonunni auk þess sem M hafi ekki haft boðvald yfir samstarfskonunni. Í síðara tilvikinu segir V að það hafi orðið skömmu eftir að starfsfólk mætti til starfa og ekki sé ljóst af hverju bleyta var á gólfinu. V segir að M hafi verið búin að starfa í 6 mánuði á leikskólanum þegar hún varð fyrir slysunum og telur V að henni hljóti að hafa verið kunnugt um að bleyta gæti verið á gólfi í síðara tilvikinu. V telur að slys M megi rekja til óhappatilvika eða gáleysis M

**Álit.**

Samkvæmt lýsingu M á atvikum varðandi fyrri slysið, þá vissi hún af vatni á gólfi eldhúss skólans þegar hún gekk þar um nokkru áður en hún gekk síðan í þennan sama vatnspoll. Þrátt fyrir að M hafi bent samstarfskonu sinni á vatnspollinn þegar hún varð hans vör þá liggur ekki fyrir að það hafi verið í verkahring samstarfskonunnar umfram M að þurrka vatn af gólfi eldhússins. Þar sem M vissi af vatnspoli í matsal skólans og gat ekki gefið sér að buið væri að þurrka hann upp, þá sýndi hún ekki nægjanlega árvekni þegar hún gekk um gólf matsalarins í umrætt sinn og rann í umræddum polli. Í síðara tilvikinu varð M fyrir slysi skömmu eftir að starfsfólk mætti til starfa. Af hálfu M er ekki sýnt fram á að aðbúnaði á vinnustað hafi verið ábótavant eða að K hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart starfsfólki þannig að leiði til skaðabótaskyldu K vegna þeirra slysa sem M varð fyrir. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá M.

Reykjavík 12.1.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 438/2015

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar reiðskóla.**

**Ágreiningur um bótaskyldu er ungur drengur á reiðnámskeiði féll af hestbaki.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 1.12.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 16.12.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 13. júní 2013 var M meðal barna á reiðnámskeiði á vegum fyrirtækisins A sem heldur námskeið fyrir börn að sitja á hestum. M var á hestbaki ásamt tveimur leiðbeinendum og um það leyti sem farið var yfir Vífilstaðaveg við Hattarvelli fældist hesturinn sem M sat og féll hann af baki og varð fyrir meiðslum.

Í vettvangsskýrslu lögreglu um atvikið kváðu leiðbeinendurnir að þau hafi verið á fjórum hestum og hver hestur verið einsetinn. Er þau voru á leið yfir veginn hafi jeppabifreið (B) með eftirvagn stöðvað við gangbraut sem þarna er, en þá hafi dökkgrárrí fólksbifreið verið ekið fram úr B á mikilli ferð og ökumaður þeirrar bifreiðar þeytt bílflautuna. Við þetta hafi hrossin fælst, sem annars eiga að vera vel tamin og væn, og dattu M og annað barn af baki.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir Vífilstaðavegi og numið staðar til að hleypa börnunum og leiðbeinendum þeirra yfir veginn. Hann kvað hestana hafa verið mjög rólega og verið að bíta gras við vegöxlina. Hafi hann þá séð í baksýnisspegli gráa bifreið nálgast mjög hratt, líklega á 80-90 km hraða á klst. Í þann mund sem fyrsti hesturinn hafi verið að ganga inn á veginn hafi þessari gráu bifreið verið ekið fram úr B á mikilli ferð og hefði hann því sjálfur flautað bílflautunni í um 1-2 sekúndur til að vara ökumann hennar við hættunni. Hann kvað gráu bifreiðinni hafa verið ekið áfram áleiðis í Kópavog, en hann hafi beðið meðan hestarnir fóru yfir veginn. Þeir hafi vírst rólegir og þegar þeir voru komnir yfir veginn hafi hann ekið af stað. Hann kvaðst ekki hafa séð hestana fælast eða börnin detta af baki.

Við nánari rannsókn lögreglu á tildrögum slyssins var rætt að nýju við annan fyrrgreindra leiðbeinenda sem voru með börnunum. Staðfesti hann að börnin hefðu fallið af baki eftir að hafa farið yfir veginn og gengið í um 20 sekúndur.

Í málinu liggur fyrir tölvubréf frá ábyrgðartryggjanda B. Þar kemur fram að af hálfu félagsins hafi verið rætt við fyrrgreinda leiðbeinendur. Segir þar m.a. að tveir leiðbeinendur hafi verið með hópinn sem teymdu hesta og fór annar þeirra fremst en hinn hafi verið aftast. Ennfremur hafi í máli annars þeirra komið fram „að hesturinn sem fældist hafi verið tiltölulega nýkominn í hópinn og hafi verið búinn að vera „*eitthvað skritinn*“ í ferðinni. Hestarnir hafi þó verið rólegir þarna við veginn fram að því.“ Þá segir í téðu tölvubréfi að „[h]estar munu vera „flóttadýr“ og ómögulegt að sjá fyrir hegðun þeirra við allar aðstæður og geta jafnvel vel tamdir barnahestar fælst af óútskýrðum og jafnvel smávægilegum ástæðum. Einnig mun vel þekkt að hestar „verði fjörugri“ og óstýrilátari þegar þeir nálgast hesthúsið eftir reiðtúr.“

Af hálfu M er litið svo á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna A, annars vegar með því að hafa látið M, 5 ára gamlan, „sitja á hesti taum- og eftirlitslausan“ er gengið var yfir umferðargötu og skammt eftir að hesthúsunum og hins fyrir að nota hest sem hafi verið tiltölulega nýkominn í hópinn og hafi verið búinn að vera „*eitthvað skritinn*“. Einnig verði að hafa í huga að vel sé þekkt að hestar „verði fjörugri og óstýrilátari“ þegar þeir nálgast hesthús eftir reiðtúr eins og vikið var að í fyrrgreindu tölvubréfi ábyrgðartryggjanda B. Hefur þess verið krafist að líkamstjón sem M verði bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður félagið að tilhögun reiðtúrsins hafi verið með hefðbundnum hætti og alvanalegt sé að reiðmenn, ungir sem aldnir og vanir sem óvanir, riði yfir Vatnsendaveg þar sem farið var yfir veginn í umrætt sinn auk þess sem leiðbeinendurnir hafi farið af baki hestum sínum og teymt þá yfir veginn fremst og aftast. Þá hafi hesturinn sem M sat verið brúkaður sem barnahestur í mörg ár án vandræða og hafi verið brúkaður þannig á námskeiðum í nokkurn tíma áður en atvikið átti sér stað og sé enn notaður.

#### **Álit.**

Í máli nefndarinnar nr. 375/2015 var úrskurðað um rétt M til bóta úr ábyrgðartryggingu B. Var talið, eins og málið lá fyrir, að nægilega hafi verið í ljós leitt að hestur sá er M sat hafi ekki fælst fyrr en hestarnir voru komnir yfir veginn og gengið síðan í um 20 sekúndur. Þá hafi allnokkur tími verið liðinn síðan ökumaður B hafði þeytt bílflautuna. Að öllu athuguðu var talið ósannað að það væri rakið til bílflautunnar að hesturinn fældist. Þegar af þeirri ástæðu taldist líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu B. Engin ný gögnum hafa komið fram í máli því sem nú er til úrskurðar sem raskar þessari niðurstöðu. Í ljósi þessa verður ekki talið að slysið verði rakið til atvika þegar hestarnir fóru yfir Vatnsendaveg.

Það sem sagt er í tölvubrési ábyrgðartryggjanda B að sé haft eftir öðrum leiðbeinandanum, sem var með í för þegar slysið varð, um geðslag hestsins sem M mun hafa setið verður að skoða í því ljósi að það er sett fram sem rök fyrir því að leysa eigi félagið undan ábyrgð á líkamstjóni M. Sá leiðbeinandi sem þetta er haft eftir hefur ekki staðfest frásögn sína. Engin önnur gögn liggja fyrir í málinu um lundarfar hestsins. Verður samkvæmt þessu að telja ósannað að eitthvað hafi verið óeðlilegt við geðslag hans eða af öðrum ástæðum hafi verið varhugavert að nota hann á námskeiði því sem M var á. Ekkert hefur komið fram í málinu sem gefur tilefni til að ætla að M og önnur börn sem tóku þátt í reiðtúrnum hafi verið eftirlitslaus eða eftirlit með þeim hafi verið ófullnægjandi. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að slysið megi rekja til þess að einhver sú brotalöm hafi verið í framkvæmd námskeiðsins að leitt geti til ábyrgðar A á líkamstjóni M. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum út ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 439/2015****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ réttaraðstoðartryggingar.****Ágreiningur um rétt til bóta vegna málsóknar gegn Sjúkratryggingum Íslands (S).****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 2.12.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.12.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 16. maí 2012 varð M fyrir slysi í frítíma er hásin í fæti slitnaði er hann var að spila skvass. Hann leitaði á sjúkrahús þar sem gert var að hásinaslitinu. Sinin gréri hins vegar ekki eins og til var ætlast og viðurkenndu S rétt M til bóta úr sjúklingatryggingu skv. lögum nr. 111/2000. Voru M greiddar skaðabætur á grundvelli ákvörðunar S um þær afleiðingar sem M býr við af völdum læknismeðferðarinnar. M hafði enn fremur í gildi hjá V fjölskyldutryggingu sem m.a. felur í sér frítímaslysatryggingu og réttaraðstoðartryggingu. Fékk M einnig greiddar bætur úr frítímaslysatryggingunni vegna hásinaslitsins og virðist sem fyrrgreind ákvörðun S um mat á varanlegum miska hafi verið lögð til grundvallar við ákvörðun bóta. M tók við bótum úr hendi S og V með fyrirvara um að bætur skyldi ákveða á grundvelli matsgerðar sem hann hafði sjálfur aflað.

Með stefnu þingfestri 3. desember 2015 krefst hann í dómsmáli á hendur S bóta þar sem bótafjárhæðir eru reistar á mati því sem hann aflaði. Jafnframt hefur M krafist þess að kostnaður hans vegna málarekstursins gegn S verði greiddur úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V. V hefur hafnað greiðslu úr vátryggingunni þar eð vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varða málarekstur gegn félaginu. Orðalag ákvæðisins sé rúmt og markmið þess augljóslega að undanskilja öll mál sem á einhvern hátt tengjast málarekstri gegn félaginu sjálfu. Óvissa ríki um framvindu slysamáls M hjá V og því sé ómögulegt að samþykkja bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingunni.

**Álit.**

Samkvæmt 1. másl. gr. 2.1 í skilmálum V fyrir réttaraðstoðartryggingu tekur vátryggingin til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í 3. gr. skilmálanna eru tilgreind þau atvik sem vátryggingin tekur ekki til og samkvæmt gr. 3.10 tekur vátryggingin ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem varða málarekstur gegn félaginu sjálfu. Hér er um tilvik að ræða sem eru undanþegin bótasviði vátryggingarinnar sem lýst er í 1. gr. Undanþáguákvæðið verður að skýra í ljósi þessa. Það varðar einvörðungu takmörkun á greiðsluskyldu úr vátryggingunni þegar málareksturinn beinist að sjálfu félaginu. Málarekstur M gegn S beinist ekki gegn V. Skiptir engu máli í því sambandi þótt V eigi einnig hagsmuna að gæta vegna þeirra atvika sem málareksturinn á hendur S er sprottinn af. Þegar af þessari ástæðu getur V ekki synjað M um greiðslu úr réttaraðstoðartryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.  
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 440/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ húftryggingar smábáta.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna ásetnings í tengslum við bruna 9. júlí 2013.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.12.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.12.2015, ásamt váttryggingarskilmálum.

**Málsatvik.**

Í málinu er atvikum nokkuð ítarlega lýst í lögregluskýrslu þar sem kemur fram að eldur hafi komið upp í bátnum D að morgni 9. júlí 2013. M var einn um borð í bátnum þegar eldurinn kom upp og haft er eftir honum í rannsóknarskýrslu að eldur hafi komið upp í brú bátsins, bakborðsmegin við rafmagnstöflu og annan olíugeymi bátsins. M kveðst ekki hafa séð annað í stöðunni en að fara um borð í björgunarbát og kalla á hjálp. M gat ekki gefið skýringar á eldsupptökum en framburður hans á ýmsum stigum málsins er tilgreindur í ítarlegum lögregluskýrslum auk þess sem farið er yfir ýmsa þætti í rannsókn málsins, en það var rannsakað m.t.t. gruns um íkveikju M sjálfs. Ekki þykir nauðsynlegt að endursegja þau atvik hér. Í niðurstöðu rannsóknarskýrslunnar sjálfrar, sem undirrituð er 28. október 2014, kemur fram að ekki verði sýnt fram á með óyggjandi hætti að M hafi valdi brunanum um borð í bátnum þó ákveðnir þættir í rannsókn málsins hafi vakið slíkar grunsemdir. Einnig liggur fyrir skýrsla frá fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi í málinu, en hún bætir ekki efnislega við atriðum sem hnekkja niðurstöðu lögregluskýrslunnar.

V hefur hafnað bótaábyrgð með vísan til þess að M hafi valdið bruna í bátnum af ásetningi. Sönnun fyrir því megi sjá með því að horfa til þess að misræmi sé í framburði M um hvernig eldsupptök hafi verið og það sé ólíkindabragur á því að eldur hafi borist frá stýrishúsi yfir í skut bátsins á eins stuttum tíma og hafi liðið frá því að M hafi kallað á hjálp, þar til annar bátur kom að. Einnig vísar V til þess að samskipti við M árið áður um váttryggingar bátsins hafi vakið grunsemdir þar sem hann hafi ekki viljað tryggja bátinn fyrir níu milljónir vorið 2012 og þótt það tilboð V of hátt en hafi síðan keypt tryggingu fyrir 10,5 milljónir vorið 2013. V vísar til „sambærilegra mála“ og telur nægar líkur leiddar að því að M hafi sjálfur valdið eldsvoðanum og megi því rekja hann til ásetnings í skilningi gr. 4.1. í váttryggingarskilmálum og 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og beri félagið þegar af þeirri ástæðu ekki ábyrgð á tjóninu.

M telur að með vísan til gildandi váttryggingarsamnings milli sín og V eigi hann rétt á bótum vegna tjóns á bátnum D með vísan til 2. gr. váttryggingarskilmála, nánar tiltekið gr. 2.2. Óumdeilt sé að báturinn hafi brunnið og sokkið í kjölfarið og taki gildissvið váttryggingarinnar til slíkra atvika. M bendir á að til þess að V geti borið fyrir sig undanþáguákvæði um að M hafi valdið tjóni af ásetningi verði V að geta sannað slíkt. Það hafi V ekki gert og komi það skýrlega fram í lögregluskýrslu. Sönnunarbyrði um atvik undanþáguákvæða váttryggingarskilmála hvíli á váttryggingafélagi skv. meginreglum váttryggingaréttar. M vísar ástæðum höfnunar V á bótaskyldu á bug og telur að misræmi í framburði M breyti því ekki að eldur hafi komið upp í bátnum og til þess nái gildissvið váttryggingarinnar. Einnig vísar M því á bug að það sé grunsamlegt að báturinn hafi verið tryggður tveimur mánuðum fyrir tjónið í ljósi þess að hann var í breytingum og ekki tilbúinn til notkunar fyrr en þá. Einnig telur V að það sé engin tenging milli brunans og váttryggingarfjárhæðar og breytinga á henni milli ára. V hafi því engan veginn staðið undir sönnunarbyrði sinni um ætlaðan ásetning M.

**Álit.**

Í 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggingafélag beri ekki ábyrgð ef váttryggður hefur af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð. Í váttryggingarskilmálum V er áréttað í gr. 4.1. í 2. kafla váttryggingarskilmála V. Til þess að V geti borið fyrir sig umrædd ákvæði þarf V að sýna fram á með sönnunargögnum að váttryggður hafi af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð. Sönnunarbyrðin hvílir á váttryggingafélagi þegar ákvæðum sem þessum er beitt. Eins og fram kemur í málsatvikum var niðurstaða rannsóknarskýrslu lögreglu þannig að ekki væri með óyggjandi hætti hægt að fullyrða að M hafi af ásetningi lagt eld að bát sínum. Þessi niðurstaða liggur fyrir eftir ítarlega rannsókn lögreglu á atvikum máls og öðrum atvikum sem máli geta skipt eins og eignarhaldi, veiðiferðum o.fl. Ekki verður litið framhjá þeirri niðurstöðu lögreglunnar við mat á því hvort V hafi sýnt fram á ásetning M. Verður ekki séð að í lögregluskýrslum eða öðrum gögnum málsins sé því komin fram fullnægjandi sönnun um ásetning M. Gildissvið váttryggingarinnar tekur ótvírætt til þess þegar eldur kviknar í bát skv. 2. gr. 1. kafla váttryggingarskilmála. Verður því fallist á greiðsluskyldu V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr húftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 19. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 441/2015****M og  
váttryggingafélagið V v/ frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála varðandi frítíma og atvinnu  
vegna líkamstjóns 4. desember 2014.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 4.12.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 11.12.2015, ásamt gögnum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 17. desember 2015.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið var við það síðdegis 4. desember 2014 að girðingastaur á jörð hans hafi legið í jörðinni. Þegar hann hafi ætlað að taka staurinn upp hafi hann verið frosinn fastur við jörðu og hafi því þurft áttak til að ná honum upp og við það áttak hafi M hlotið líkamstjón á öxl.

M telur að afleiðingar líkamstjónsins falli undir gildissvið fjölskyldutryggingar hjá V. Þarna hafi M verið í frítíma sínum að laga girðingarstaur og hafi ekki verið við vinnu eða í arðbæru starfi sem atvinnuslysahætta fylgi. M bendir á að hann hafi atvinnu af því að sundþjálfa hesta í gegnum sérstakt fyrirtæki og hafi hann ekki verið í slíkri vinnu þegar hann hafi hlotið þau meiðsli sem hann telur að falli undir ákvæði váttryggingarskilmála hjá V. Einnig vísar M til þess að skýringar á mismunandi upplýsingum um tjónsdag séu fullnægjandi og eigi ekki að líta svo á að framburður M sé ótrúverðugur vegna mistaka sem hafi orðið í læknisvottorði um önnur eldri atvik sem leiddu til óþæginda hans mörgum árum áður.

V telur að ósamræmi sé í lýsingum M um slysdag og atvikalýsingu og M verði að bera hallann af þeirri óvissu. Ljóst sé af lýsingum á starfsemi fyrirtækis hans að hluti af starfsemi þess sé að selja hesta og sé ekki varhugavert að ætla að það að hafa girðingar í lagi fyrir hesta sé hluti af starfi hans.

**Álit.**

Gildissvið frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar V er skilgreint í gr. 27.1 þar sem kemur fram að váttryggingin gildi aðeins í frístundum váttryggðs, við heimilisstörf og við skólanám. Í gr. 27.3 kemur auk þess fram að váttryggingin nái ekki til slysa sem váttryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysahætta fylgir. Þegar litið er til þeirra aðstæðna sem uppi eru í máli M verður að ætla að hluti af því að reka fyrirtæki sem lýtur að þjálfun hesta sem og mögulega sölu þeirra, þó sá hluti starfseminnar hafi ekki verið virkur um sinn, feli í sér þannig störf að t.d. þurfi að hafa hesta í girðingu í lengri eða skemmri tíma. Verður að lesa gr. 27.1 og 27.3 saman sem gildissviðsákvæði váttryggingarinnar og verður að ætla að það að taka upp girðingarstaur með þeim hætti sem M gerði þegar hann hlaut líkamstjón sé hluti annað hvort hluti af starfi hans eða alla vega arðbært starf í hans þágu sem íbúa jarðarinnar og atvinnuslysahætta fylgi því þannig að ákvæði gr. 27.3 eigi við.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 442/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðarlið landbúnaðartryggingar G) vegna tjóns á A.**

**Ekið á sauðkind. Krafa bifreiðaeiganda um bætur þ. 5.11.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 25.11.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 23.12.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M kom á lögreglustöðina á Akranesi og tilkynnti, að hann hefði skömmu áður ekið á sauðkind á Vesturlandsvegi sunnan við Gufu. M sagðist hafa ekið á um 85 km. hraða í umrætt sinn og ekki séð sauðkindina fyrir en um 4 metrar voru í hana. Nokkuð tjón varð á bifreið M við áaksturinn. M krefst bóta úr ábyrgðarlið landbúnaðartryggingar G hjá V. og telur að útilokað hafi verið fyrir sig að koma í veg fyrir áaksturinn á sauðkindina. M bendir m.a. á að engin vegaskilti séu á þjóðveginum sem vari við að lausagöngu búfjár. V hafnar bótaskyldu og segir almenna lausagöngu búfjár heimila þar sem áaksturinn átti sér stað. Ekkert bann sé við lausagöngu búfjár utan þéttbýlismarka Borgarbyggðar og atvikið hafi orðið utan þéttbýlismarka og engar skyldur hvíli á G að tryggja að búfé í hennar eigu væri í tryggri vörslu. Þá bendir V á að M hafi ekki reynt að sýna fram á saknæma og ólögmæta háttsemi G við vörslur á búfé í hennar eigu

**Álit.**

Í 10.gr. samþykktu um búfjárhald í Borgarbyggð segir að lausaganga búfjár sé bönnuð innan þéttbýlismarka Borgarbyggðar samkvæmt gildandi aðalskipulagi hverju sinni. Áaksturinn á sauðkindina átti sér stað utan þéttbýlismarka Borgarbyggðar þar sem lausaganga búfjár er ekki bönnuð. Í 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 segir að lausaganga búfjár á stofnvegum og tengivegum þar sem girt er báðum megin vegar og lokað er fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði, er bönnuð. Ekki hefur verið sýnt fram á það í máli þessu að þannig hafi háttað til þar sem áaksturinn varð. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að G hafi gerst sek um saknæma eða ólögmæta háttsemi varðandi vörslur á búfé sínu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið landbúnaðartryggingar G hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið G hjá V.

Reykjavík. 19.1.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 445/2015****M  
og****vátryggingafélagið V v/ almennrar slysatryggingar.****Réttur tjónþola til að fá varanlega örorku endurmetna eftir að þrjú ár voru liðin frá slysdegi,****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.12.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 23.12.2015, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 14. nóvember 2010 brotnaði M á löngutöng vinstri handar er hún var að temja hest. M hafði í gildi almenna slysatryggingu hjá V. Með sameiginlegri matsbeiðni 29. desember 2012 óskuðu M og V eftir því að lækni, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, legði mat á varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyssins. Í framhaldi þess var aflað gagna um það hvort tiltekinn taugaskaða mætti rekja til ísetningar æðaleggs sem setja þurfti upp í tengslum við læknismeðferð eftir að grunur kom upp um að sýking væri í fingrinum. Með matsgerð læknisins 28. maí 2014 var komist að þeirri niðurstöðu að varanleg læknisfræðileg örorka af völdum slyssins væri 20%. M var ekki sátt við niðurstöðu matsgerðarinnar. Hinn 18. júní 2014 voru bætur greiddar á grundvelli matsgerðarinnar. Á skaðabótakvittun sem útbúin var vegna uppgjörsins var skráð að greiðslan væri „fullnaðar- og lokagreiðsla vegna þessa tjóns og allar kröfur vegna málsins eru að fullu greiddar.“ Jafnframt var skráður á kvittunina fyrirvari af hálfu M sem hljóðaði svo: „Samþykkt með fyrirvara um mat á varanlegum og tímabundnum afleiðingum slyssins en umbj. minn telur þær aðrar og/eða meiri.“

Með beiðni, dags. 11. desember 2014, var þess farið á leit af hálfu M að þrír nafngreindir matsmenn, lögfræðingur, geðlæknir og bæklunarlæknir, myndu m.a. meta að nýju varanlega læknisfræðilega örorku M af völdum slyssins 14. nóvember 2010. Kveður M að samkvæmt matsgerð matsmannanna, dags. 24. febrúar 2015, væri varanleg læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins 38% og hefur krafist frekari bóta á grundvelli hins nýja mats úr slysatryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til greinar 4.7. í I. kafla skilmála vátryggingarinnar þar sem meira en þrjú ár eru liðin frá því slysið varð.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 4.6 í I. kafla skilmála vátryggingarinnar skal örorkan í fyrsta lagi metin einu ári eftir slysið, annars síðar þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós. Þá segir í gr. 4.7. í sama kafla skilmálanna að telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst geti hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumat verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Segir þar einnig að örorkumat skuli undantekningalaust framkvæma þremur árum eftir slysið jafnvel þótt gera megí ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, en í slíku tilviki beri að ákveða örorkuna eins og gera megí ráð fyrir að hún verði endanleg.

Með dómi Hæstaréttar frá 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004 var í varakröfu tjónþola leyst úr ágreiningi um túlkun samsvarandi ákvæðis varðandi rétt tjónþolans til endurmats á örorku þegar meira en þrjú ár voru liðin frá slysi. Segir í dómi réttarins m.a.: „Ákvæði skilmálanna, sem hér um ræðir, geta hvorki talist óeðlileg né óvenjuleg á sínu sviði. Með því að ekki hafa verið færð fram haldbær rök fyrir því að áfrýjandi geti verið óbundin af þessum ákvæðum eru ekki efni til að verða við varakröfu hennar.“

Svo sem fyrr greinir gerði M fyrirvara við móttöku bóta samkvæmt hinu fyrra mati þar sem uppgjörið vari samþykkt en með fyrirvara um mat á varanlegum og tímabundnum afleiðingum slyssins sem M taldi „aðrar og/eða meiri.“ Verður að telja að í fyrirvara þessum komi skýrt fram að M hafi ekki fallist á að matsgerð sú sem uppgjörið byggðist á hafi með réttu endurspeglad þær varanlegu afleiðingar sem hún byggði við af völdum slyssins. Verður samkvæmt þessu einnig að líta svo á að í fyrirvaranum hafi falist áskilnaður um að fá örorkuna endurmetna og M sé því óbundin af því ákvæði vátryggingarskilmálans að örorkumat skuli undantekningalaust framkvæma þremur árum eftir slysið.



Dómur Hæstaréttar frá 20. febrúar 2014 í máli nr. 576/2013, þar sem fjallað var um skilning á fyrirvara sem gerður hafði verið við uppgjör bóta eftir umferðarslys, hefur ekki þýðingu hér. Innan sex mánaða eftir uppgjörið óskaði M, einhliða og án samráðs við V, endurmats á örorkunni. Í váttryggingarskilmálunum er ekki að finna ákvæði um það hvernig staðið skuli að framkvæmd mats á varanlegum afleiðingum af völdum slyss sem váttryggingin tekur til. Ekki er um skaðabótakröfu að ræða og verður ekki séð að M hafi verið bundin af fyrirmælum 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum um það hvernig afla skuli mats til að staðreyna örorkuna. Að þessu virtu verður talið M eigi rétt til frekari bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku þótt ekki sé tekin sérstök afstaða til niðurstöðu matsgerðarinnar frá 24. febrúar 2015 sem M aflaði.

**Niðurstaða.**

M á rétt á frekari bótum samkvæmt endurmati úr almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

